Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	8000.00		
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur ..	2263.00		
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	3124.00		
Trausti Á. Reykdal, fyrrv. fiskmatsm. ..	5073.00		
Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsm. .	5007.00		
Valdís Böðvarsdóttir, fyrrv. símstjóri og póstafgreiðslukona	7811.00		
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	2540.00		
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir ...	4006.00		
Wilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	15017.00		
Þórarinn Bjarnason, fyrrv. fiskmatsm. ..	5007.00		
Þórarinn Stefánsson, fyrrv. fiskmatsm. .	3828.00		
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fv. ljósmóðir .	6000.00		
Þórður Jónsson	6009.00		
Þórína Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir ...	6000.00		
Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðraskólastjóri	13585.00		
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsm. ..	5077.00		
Þorvaldur Þorvaldsson, fyrrv. fiskmatsm.	5077.00		
		1 906 761	

18. gr.

		kr.	kr.
b.	Ekkjur:		
	Aðalbjörg Sigurðardóttir	15232.00	
	Agnethe Kamban	14373.00	
	Ágústa Sigurðardóttir	10000.00	
	Anna Bjarnadóttir	3828.00	
	Anna Ólafsdóttir	6509.00	
	Anna Þuríður Sæmundsdóttir	8000.00	
	Árný Stígsdóttir	3828.00	
	Arnþrúður Daníelsdóttir	6509.00	
	Ásdís Þorgrímsdóttir	3828.00	
	Ásta Jónsdóttir, ekkja Bjarna Ásgeirssonar	34086.00	
	Ásta Ólafsdóttir	12000.00	
	Ásta Þorvaldsdóttir	3828.00	
	Ástríður Eggertsdóttir	17359.00	
	Ástríður Eggertsdóttir, ekkja Þórarins Víkings	10000.00	
	Ástríður Magnúsdóttir	2540.00	
	Björg Guðmundsdóttir	5077.00	
	Björg Jónasdóttir	8905.00	
	Bryndís Þórarinsdóttir	13585.00	
	Camilla Hallgrímsson	10189.00	
	Dagbjört Guðjónsdóttir	9538.00	
	Dorothea Guðmundsson	8905.00	
	Eleanor Sveinbjörnsson	15232.00	
	Elínborg Vigfúsdóttir	5077.00	
	Elísabet Jónsdóttir, ekkja Ríkharðs Kristmundssonar	11320.00	
	Elísabet Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Björnssonar, fiskmatsmanns	3815.00	
	Ellen Einarsson	51320.00	
	Emilía Benediktsdóttir Kofoed Hansen	30043.00	
	Fríða Hlíðdal	43352.00	
	Guðbjörg Þ. Eiríksdóttir	6000.00	
	Guðbjörg Guðmundsdóttir	7010.00	
	Guðbjörg Kristjánsdóttir	15232.00	
	Guðlaug Magnúsdóttir	25348.00	
	Guðný Halldórsdóttir	12000.00	
	Guðríður Sigurðardóttir	3000.00	
	Guðrún Guðnadóttir	10000.00	
	Guðrún Hálfdánardóttir	4528.00	
	Guðrún Jónsdóttir	15232.00	
	Guðrún Oddgeirsdóttir	9057.00	
	Guðrún Oddsdóttir	14717.00	
	Guðrún Ragúels	3828.00	
	Halldóra Þórðardóttir	7617.00	
	Helga Pétursdóttir	15000.00	
	Hildur Björnsdóttir	10014.00	
	Hildur Blöndal	20000.00	
	Hjaltlína Guðjónsdóttir	15000.00	
	Hlín Johnson	29853.00	

		18. gr.	
		kr.	kr.
Hólmfríður Guðmundsdóttir	24000.00		
Hulda Þ. Björnæs	12017.00		
Ingibjörg Björnsdóttir	7923.00		
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	15000.00		
Ingibjörg Högnadóttir	6000.00		
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	6249.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	3808.00		
Jóhanna Jónsdóttir	11320.00		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	10936.00		
Jónheiður Eggerz	20029.00		
Júlíana M. Jónsdóttir	10303.00		
Katrín Sveinsdóttir	7923.00		
Kristbjörg Sveinsdóttir	7000.00		
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertssonar	6009.00		
Kristín Pálsdóttir	6367.00		
Kristín Thorberg	4687.00		
Kristín Þórarinsdóttir	11320.00		
Kristólína Kragh	5077.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	9606.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	8000.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Þorkelssonar	7923.00		
Lilja Eyþórsdóttir	18026.00		
Lilja Steinsen	35000.00		
Lovísa Sveinbjörnsson	39759.00		
Lydia Einarsson	25000.00		
Magdalena Ásgeirsdóttir	6000.00		
Málfríður Bjarnadóttir	4000.00		
Málfríður Jónsdóttir	10129.00		
Margrét Árnadóttir	11012.00		
Margrét Ásmundsdóttir	5077.00		
Margrét Björnsdóttir	7630.00		
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	16604.00		
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	3828.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	5077.00		
María Guðlaugsson	9373.00		
María Thoroddsen	19528.00		
Melitta Urbancic	9538.00		
Ólafía Finnbogadóttir	2540.00		
Olga E. Jónsson	11320.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	8905.00		
Ólöf Sigvaldadóttir	10000.00		
Ragnhildur I. Bjarnadóttir	8012.00		
Rannveig Tómasdóttir	7617.00		
Rósa Jónsdóttir	6000.00		
Sigríður Arnljótsdóttir	12017.00		
Sigríður Bjarnason	25377.00		
Sigríður Einarsson	39056.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Sigríður Eiríksdóttir	8000.00		
Sigríður Finnbogadóttir	10155.00		
Sigríður Fjeldsted	10189.00		
Sigríður Gísladóttir	3828.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	3828.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	19137.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	6367.00		
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar	12000.00		
Sigrún Thorarensen	8000.00		
Sigurlaug Sigurðardóttir	12000.00		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	11320.00		
Sólveig Árnadóttir	8000.00		
Sólveig Eggerz	33456.00		
Sólveig Pétursdóttir	11320.00		
Stefanía Stefánsdóttir	12452.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	6748.00		
Súsanna Friðriksdóttir	11320.00		
Sveinbjörg Kristinsdóttir	10000.00		
Sveindís Hansdóttir	6000.00		
Torfhildur Magnúsdóttir	6000.00		
Unnur Skúladóttir	12694.00		
Valborg Einarsson	12694.00		
Valgerður Helgadóttir	10014.00		
Valgerður Ólafsdóttir	9057.00		
Vigdís G. Blöndal	6367.00		
Viktoría Bjarnadóttir	1915.00		
Þóra L. Björnsson	13585.00		
Þóra Magnúsdóttir	8000.00		
Þóra Sigfúsdóttir	5723.00		
Þóra Sigurðardóttir	3828.00		
Þóra Skaftason	3828.00		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	12694.00		
Þórunn Pálsdóttir	12694.00		
		1 472 849	
c. Barnastyrkur: Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1/7 1924, sjúklingur		3 828	
d. Uppbót á lífeyri skv. 18. gr. I. og II.		1 185 000	
			4 568 438
III. Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs barnakennara			32 000 000
IV. Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 65/1955			375 000
V. Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940			24 000

	18. gr.	
	kr.	kr.
VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri		21 000 000
Samtals ...	. . .	58 539 585

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir		393 000 000
2. Útgjöld samkv. 22. og 24. gr.		5 000 000
3. Fyrningar		8 000 000
4. Til óvissra útgjalda		14 000 000
Samtals ...	. . .	420 000 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn:		
I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		6 000 000
	Samtals ...	. . .	6 100 000
	Út:		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs		14 702 667
II.	Framlag til ríkisábyrgðasjóðs		46 000 000
III.	Til byggingar stjórnarráðshúss		2 000 000
IV.	Til bygginga á jörðum ríkisins		2 200 000
V.	Til ræktunar á jörðum ríkisins		250 000
VI.	1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	6 503 000	
	2. Til byggingar fávitahælis	427 500	
	3. Til byggingar hjúkrunarskóla	250 000	
	4. Til endurbóta á heilsuhælinu í Kristnesi	400 000	
			7 580 500
VII.	Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		3 000 000
VIII.	Til flugvallagerðar og flugöryggistækja		12 720 000
IX.	Til sjúkraflugvalla		492 100
X.	Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum		965 000
XI.	1. Til byggingar heimavistarhúss við menntaskólann á Akureyri	300 000	
	2. Til byggingar menntaskólans í Reykjavík	4 000 000	
	3. Til byggingar sjómannaskólans	600 000	
	4. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	67 500	
	5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	427 500	
	6. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	4 000 000	
	7. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum ..	450 000	
	8. Til kaupa á kennarabústað fyrir Garðyrkjuskólann á Reykjum	513 000	
	9. Til framkvæmda á Hvanneyri samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra	1 500 000	
	10. Til kaupa á kennarabústað á Hvanneyri	150 000	
	11. Til Íþróttakennaraskóla Íslands, byrjunarframlag	500 000	
			12 508 000
XII.	Til bygginga á prestssetrum		2 865 000
XIII.	Til greiðslu heimtaugagjalda á prestssetrum		194 000
XIV.	Til útihúsa á prestssetrum		734 000
XV.	Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara ...		1 400 000
XVI.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		3 000 000
XVII.	Til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla		2 000 000
XVIII.	Til að lána til rafstöðva á þeim svæðum, er ríkis-		

20. gr.

		kr.	kr.
	rafveitur ná ekki til, að fengnum tillögum raforkuráðs		705 000
XIX.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		500 000
XX.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Korpúlfsstöðum		95 000
XXI.	Framlag til atvinnubótasjóðs		10 000 000
XXII.	Til Byggingarsjóðs Listasafns ríkisins		500 000
XXIII.	Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna		900 000
XXIV.	Til aukningar landhelgisgæzlu		8 400 000
XXV.	Til endurbóta á starfsmannahúsi að Bessastöðum		300 000
XXVI.	Til endurbyggingar á Borg á Mýrum		300 000
XXVII.	Til byggingar prestsseturs í Odda		300 000
XXVIII.	Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti		200 000
XXIX.	Til byggingar íbúðarhúss fyrir ábúanda Eiða		85 000
XXX.	Til fyrningarsjóðs ríkisbifreiða		4 000 000
XXXI.	Til byggingar vitaskips		2 222 000
XXXII.	Til að byggja bókhlöðu að forsetasetrinu að Bessastöðum		500 000
XXXIII.	Til kaupa á Mógilsá í Kjalarneshreppi		1 700 000
XXXIV.	Til byggingar handritahúss		3 000 000
XXXV.	Framlag til skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna húsbyggingar		1 000 000
	Samtals	. . .	147 318 267

21. gr

I. Rekstrar·

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		2 110 500 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		401 000 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		75 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		2 000 000
5. gr.	Óvissar tekjur		20 000 000
	Samtals ...	. . .	2 533 575 000

II. Sjóðs·

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	2 533 575 000
	Aðrar innborganir:	
20. gr. I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	6 000 000
	Samtals ...	2 539 675 000

'firlit.

firlit.

21. gr.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		5 322 148
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		2 000 713
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		17 675 000
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		67 540 424
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	139 438 275	
—	B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	46 841 556	
—	C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	2 200 000	188 479 831
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		114 052 135
13. gr.	A.	Vegamál	139 326 810	
—	B.	Samgöngur á sjó	20 300 000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	52 591 884	
—	D.	Flugmál	15 172 223	
—	E.	Veðurþjónusta	7 124 935	
—	F.	Ýmis mál	8 499 129	243 014 981
14. gr.	A.	Kennslumál	389 189 372	
—	B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	22 598 026	411 787 398
15. gr.		Kirkjumál		29 518 160
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	117 198 782	
—	B.	Sjávarútvegsmál	44 999 406	
—	C.	Iðnaðarmál	6 718 000	
—	D.	Raforkumál	32 095 000	
—	E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	17 923 768	218 934 956
17. gr.		Til félagsmála		604 678 216
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		58 539 585
19. gr.		Til óvissra útgjalda o. fl.		420 000 000
		Rekstrarafgangur		152 031 453
		Samtals	. . .	2 533 575 000

yfirlit.

		Út:	kr.
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	2 381 543 547
		Aðrar útborganir:	
20. gr.		Afborganir lána og til eignaaukningar	147 318 267
		Greiðslujöfnuður	10 813 186
		Samtals	2 539 675 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1964 hjá allt að 25 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveitufram-kvæmda Hveragerðishrepps.

V. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VI. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar.

VII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

VIII. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi. (Endurveiting).

IX. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

X. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XI. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XII. Að verja rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða rekstrarhalla Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar.

XIII. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.

XIV. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar.

XV. Að taka allt að 28 millj. kr. lán til byggingar menntaskóla, kennaraskóla og hjúkrunarskóla.

XVI. Að taka allt að 5 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

XVII. Að taka allt að 3 millj. kr. lán til bygginga fyrir Rannsóknarstofu háskólans.

XVIII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 25 aura af hverjum seldum vindlingapakka.

XIX. Að taka allt að 2 millj. kr. lán til framkvæmda við korn- og grasfræræktun í Gunnarsholti.

XX. Að taka lán allt að 12 millj. kr. vegna Ennisvegar á Snæfellsnesi, allt að 6 millj. kr. lán vegna Siglufjarðarvegar ytri og allt að 1 millj. kr. lán vegna Múlavegar, eða jafnvirði framangreindra upphæða í erlendri mynt.

XXI. Að taka allt að 7 millj. kr. lán til að ljúka byggingu umferðarmiðstöðvar í Reykjavík fyrir sérleyfisbifreiðir.

XXII. Að ábyrgjast lán fyrir Þingvallahrepp, að fjárhæð allt að kr. 200 000, til kaupa á eyðijörðinni Selkoti í Þingvallahreppi, gegn þeim tryggingum, sem metnar verða gildar.

XXIII. Að taka lán, að fjárhæð allt að 515 þús. Bandaríkjadollara, til kaupa á tækjum fyrir Landssímann, Rafmagnsveitur ríkisins, Vegagerð ríkisins o. fl.

XXIV. Að taka lán allt að 3 millj. kr. til framkvæmda við Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði.

XXV. Að taka allt að 2.5 millj. kr. lán til byggingar tveggja kennarabústaða við Menntaskólann að Laugarvatni.

XXVI. Að greiða úr ríkissjóði það, sem á kann að skorta, til að 10% skemmtanaskattsálag og ⅔ hlutar af hagnaði Viðtækjaverzlunar ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 52/1962, hrökkvi til að greiða hluta ríkissjóðs af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands 1964.

23. gr.

Heimilt er að greiða á árinu 1964 uppbætur eins og þær, sem síðan 1. júní 1962 hafa verið greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóði barnakennara, lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, svo og á persónulegar greiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga á árinu 1964.

Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu uppbóta á lífeyrinn gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1964 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Miðað við fjárlög yfirstandandi árs hækka rekstrarútgjöld samkvæmt frumvarpi þessu um 329.2 millj. kr. (þ. e. bráttóhækkun gjalda að frádregnum lækkunum á fjárlagaliðum svo og aukningu tekna, sem dregnar eru frá gjöldum hjá ýmsum stofnunum). Gert er ráð fyrir, að útborganir á 20. gr. hækki um 10.2 millj. kr.

Launahækkanir til ríkisstarfsmanna á árinu samkv. Kjaradómi munu valda um 225 millj. kr. hækkun í heild, þar af eru um 50 millj. kr. hjá stofnunum á 3. gr. A, sem hækka tekjur á móti gjöldum, þannig að gjöld á rekstrarreikningi frv. hækka af þessum sökum um á að gizka 175 millj. kr. Aðrar hækkanir, sem verulegu máli skipta, eru á almannatryggingum 72.3 millj. kr., kennslumálum, auk launahækkana, 27.0 millj. kr., dómgæzlu og lögreglustjórn, auk launahækkana, 20 millj. kr., framlögum til lífeyrissjóða og uppbótum á lífeyri 15.5 millj. kr., framlögum til heilsuspillandi húsnæðis 14.4 millj. kr., ríkisframfærslu sjúkra manna 8.6 millj. kr. — Á hinn bóginn lækkar liðurinn framlög til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir um 37 millj. kr. og niður fellur til Aflatryggingarsjóðs vegna aflabrests togara 15 millj. kr.

Í frv. er gert ráð fyrir, að rekstrartekjur og tekjur á 20. gr. verði um 10.8 millj. kr. hærri en útgjöldin, án þess að grípa þurfi til að hækka skatta og tolla frá því sem nú er. Vísast nánar um það til greinargerðar um tekjuliði frv.

Svo sem kunnugt er hefur orðið gerbreyting á launakerfi ríkisins við tilkomu

laga nr. 55 frá 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Samkomulag varð um flokkun ríkisstarfsmanna í 28 launaflokka, en Kjaradómur ákvað laun í hverjum flokki og setti reglur um yfirvinnu o. fl. og ákvað greiðslur fyrir hana. Gengu hin nýju ákvæði í gildi 1. júlí s. l. Var þá eftir að skipa einstökum ríkisstarfsmönnum í launaflokka og kveða nánar á um framkvæmd ýmissa ákvæða Kjaradóms. Hefur þetta reynzt mjög mikið og tafsamt verk og á enn langt í land, að endanleg skipan sé komin á um þetta efni. Var því ákveðið, að útborgun launa 1. sept. s. l. færi fram eftir bráðabirgðatillögum, er samninganefnd ríkisstjórnarinnar um launamál hafði gert, og síðan unnið áfram að lausn ágreiningsatriða, en ef eigi gengur saman um launaflokkun einstakra manna, fellir Kjaranefnd lokaúrskurð í þeim málum. Þessar miklu breytingar á launakerfinu hafa mjög torveldað undirbúning fjárlagafrumvarps, þar eð óvíst er enn um fjölmarga starfsmenn hvar þeim verður að lokum skipað í launaflokk. Var horfið að því ráði, enda eigi annars kostur, að áætla launaliði í frumvarpinu í samræmi við þá bráðabirgðaflokkun, sem áður er getið. Ef í ljós kemur síðar, að þar skeikar einhverju, sem umtalsvert er, verður að lagfæra þá liði frumvarpsins í meðförum þingsins. Þar eð svo er ástatt, sem nú var rakið, hefur þótt rétt í þetta sinn að fella niður starfsmannaskrá þá, er undanfarið hefur fylgt fjárlagafrumvarpi, vegna þess að ekki eru nú fyrir hendi lokaniðurstöður um launaflokkun starfsfólks hjá einstökum stofnunum.

Gera verður ráð fyrir því, að sakir þeirra kauphækkana, sem orðið hafa síðan bætur almannatrygginga voru síðast ákveðnar, hækki bótagreiðslur frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Ekki lágu fyrir endanlegar tillögur um þetta efni, þegar ganga varð frá frv., en þær munu verða lagðar fram við meðferð málsins á Alþingi. Sama má segja um uppbætur á lífeyri þeirra, sem greiðslur fá skv. 18. gr. fjárlaga.

Ekki hefur þótt ástæða til að rekja sérstaklega launahækkanir við hvern einstakan lið í frv., slíkt hefði reynzt allt of löng upptalning. Í stað þess hefur verið farin sú leið að greina frá heildarhækkunum hér að framan.

Um 2. gr.

1. *Tekju- og eignarskattur* er áætlaður 210 millj. kr. eða 45 millj. kr. hærri en í gildandi fjárlögum. Höfð er hliðsjón af álögðum skatti 1963.
2. *Aðflutningsgjöld.* Með hinni nýju tollskrá, sem tók gildi 1. maí s. l., varð sú breyting á, að yfirleitt er einungis verðtollur á innfluttum vörum. Vörumagnstollur er að heita má úr sögunni (aðeins á örfáum vörum) og innflutningsgjaldið svonefnda er fellt niður. Er því horfið frá að greina í tekjuáætluninni milli vörumagns- og verðtolls, en í stað þess tekið upp heitið aðflutningsgjöld. Er þessi liður áætlaður 1 366 millj. kr. og er sú áætlun byggð á innflutningi þeim, sem þjóðhagsáætlunin gerir ráð fyrir á árinu 1964, svo og reynslu það sem af er þessu ári. Er það um 176 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú. Samkv. 1. gr. laga nr. 46 frá 19. apríl 1963 ber að greiða 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Kemur sú greiðsla í stað fimmta hluta af bráðabirgðainnflutningssöluskatti, sem niður féll við gildistöku hinna nýju tollskrárlaga. Er þessi fjárhæð áætluð 68 millj. kr.
3. *Innflutningsgjald af benzíni* er áætlað 72 millj. kr. í stað 63 millj. kr. í fjárlögum nú. Er þessi hækkun m. a. byggð á því, að bifreiðum hefur mjög fjölgað á þessu ári.
4. *Gjald af innlendum tollvörum* er áætlað 50 millj. kr. eða 8 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú. Er hér höfð hliðsjón af reynslu yfirstandandi árs.
5. *Lestagjald af skipum* er áætlað 1 millj. kr., sem er óbreytt frá fjárlögum nú.
6. *Bifreiðaskattur* er áætlaður 32 millj. kr. eða hækkar um 9 millj. kr. með tilliti til fjölgunar bifreiða.
7. *Aukatekjur* eru áætlaðar 36 millj. kr. eða 7 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú með hliðsjón af reynslu yfirstandandi árs.

8. *Stimpilgjald* er áætlað 54 millj. kr. eða 9 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú. Höfð er hliðsjón af reynslu yfirstandandi árs.
9. *Vitagjald* er áætlað 3.5 millj. kr. eða 500 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú.
10. *Söluskattur* 3% er áætlaður 262 millj. kr., að frádregnum hluta Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem er áætlaður 65 millj. kr. Er þá höfð hliðsjón af reynslu yfirstandandi árs svo og þeirri einkaneyzlu, sem þjóðhagsáætlunin gerir ráð fyrir á árinu 1964.
11. *Gjald af bifreiðum og bifhjólum samkv. 16. gr. laga nr. 4/1960* er áætlað 66 millj. kr. eða 1 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú.
12. *Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna* er áætlaður 26 millj. kr. eða 6 millj. kr. hærri en í fjárlögum nú.

Um 3. gr. A.

1. *Póstur og sími.* Áætlað er, að tekjur standi að öllu leyti undir gjöldum stofnunarinnar eins og gert er ráð fyrir í þessa árs fjárlögum. Heildarupphæð tekna og gjalda hækkar um 65 700 þús. kr. og valda þar mestu gjaldamegin launahækkanir starfsmanna, 44 300 þús. kr. Gert er ráð fyrir hækkun á gjaldskrá pósts og síma til að mæta auknum reksturskostnaði.

2. *Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Sala að frádregnum söluskatti og afslætti er áætluð 600 millj. kr. og hækkar um 131 millj. kr. frá fjárlögum nú. Framleiðslukostnaður hækkar um 50 millj. kr. og skrifstofukostnaður um 1.1 millj. kr. Útsvar hækkar um 4 262 þús. kr. Nettóhagnaður er áætlaður 400 millj. kr. og hækkar um 76 millj. kr. frá fjárlögum nú. Er þá bæði höfð hliðsjón af aukinni sölu og þeim verðhækkunum, sem urðu á áfengi og tóbaki á þessu ári.

3. *Ríkisútvarpið.* Tekjur af afnotagjöldum eru áætlaðar 19 millj. kr. og hækka um 2 700 þús. kr. frá fjárlögum. Aðrar tekjur hækka um 3 500 þús. kr. Gjöld hækka alls um 7 826 þús. kr., þar af laun um 4 millj. kr. Ekki er nú gert ráð fyrir fé til framkvæmdasjóðs, en í þessa árs fjárlögum er áætlað til hans 1 600 þús. kr.

4. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Tekjur af prentvinnu eru áætlaðar hækka um 2 millj. kr. Gjöld hækka alls um 1 650 þús. kr. Reksturshagnaður er áætlaður hækka um 350 þús. kr.

5. *Landssmiðjan.* Tekjur hækka um 935 þús. kr. og eru gjöld áætluð jafnhá tekjum.

6. *Tunnuverksmiðjur ríkisins.* Tekjur og gjöld eru áætluð jafnhá. Umsetning er áætluð hækka um 2 209 þús. kr.

7. *Innkaupastofnun ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Tekjur af vörusölu hækka um 1 181 þús. kr. vegna vaxandi umsetningar. Gjöld eru áætluð jöfn tekjum.

Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar 75 þús. kr., eða óbreyttar frá fjárlögum þessa árs.

Um 4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum og hlutafjáreign o. fl. eru áætlaðar 2 millj. króna, sem er óbreytt frá fjárlögum nú.

Um 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 20 millj. kr., eða óbreyttar frá fjárlögum nú.

Um 7. gr.

Vextir og afborganir af föstum lánum sundurliðast þannig:

Innlend lán.

Vextir: 7. gr. kr.	Afborganir: 20. gr. Út I. kr.	
54 000	400 000	Innanríkislán 1941.
10 500	150 000	Innanríkislán 1944.
933	8 483	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
33 674	374 160	Lán vegna eignakönnunar.
915	2 905	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis vegna Drápuhlíðar 4.
2 778	1 298	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna bústaðar sakadómara.
110 000	400 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins.
7 425	13 750	Lán hjá Útvegsbanka Íslands vegna jarðarinnar Drangsnes.
28 830	1 576 294	Lán hjá Seðlabanka Íslands vegna gullframlags til Alþjóðabankans 1960.
108 169	1 112 275	Lán hjá Landsbanka Íslands til greiðslu yfirdráttarskulda í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum
8 470	14 000	Lán hjá Brunabótafélagi Íslands vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
2 200	23 333	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
10 400	26 667	Lán hjá Gjafasjóði Sigurgeirs Einarssonar vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
32 500	250 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1957 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
56 063	287 500	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1957 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
32 500	125 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1959 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
180 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1960 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
1 312 626	2 343 976	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Lánadeildar smáíbúða.
187 500	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1961 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
166 250	250 000	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1961 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
83 125	125 000	Lán hjá Lífeyrissjóði barnakennara 1961 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
81 429	142 857	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1961 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
81 429	142 857	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1961 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
210 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1962 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
836 875	4 166 667	Lán hjá Almenna byggingarfélaginu 1962 vegna kaupa á Borgartúni 7.

7. gr. kr.	20. gr. Út I. kr.	
270 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1963 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
665 000	466 667	Lán hjá Útvegsbanka Íslands 1963 vegna byggingar Kennaraskóla.
218 500		Skuldabréfalán 1963 vegna byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík.
	5 000 000	Happdrættislán 1948 (A og B fl.).
1 500 000		Vextir af yfirdráttarskuldum.
6 292 091	18 903 689	
÷ 969 943	÷ 4 201 022	
5 322 148	14 702 667	

Til frádráttar þessari vaxtaskuld koma (á móti skuld við Landsbankann upphaflega kr. 24 565 000.00, vegna togara og Sviþjóðarbáta):

1. Vextir af stofnlánum vegna togara ..... kr. 73 738.00
2. Vextir af 8.7 millj. kr. stofnlánabréfum í eigu ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Sviþjóðarbáta .. — 37 175.00

Kr. 110 913.00

Enn fremur koma til frádráttar afborganir og vextir af lánum veittum vegna sölu byggingarsamvinnufélagshúsa á Seyðisfirði, afborganir kr. 34 355.00 og vextir kr. 22 155.00.

Þá er gert ráð fyrir því, að tekjur af húseigninni Borgartún 7 standi undir greiðslum afborgana og vaxta af láni vegna kaupa á henni og koma því til frádráttar vextir kr. 836 875.00 og afborganir kr. 4 166 667.00.

Frádráttarliðir samtals: Vextir ..... kr. 969 943.00
Afborganir .. — 4 201 022.00

Frá fjárlögum 1963 lækka vaxtagreiðslur ríkissjóðs um 5 294 þús. kr. og afborganir um 5 422 þús. kr.

Um 8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins hækkar alls um 389 þús. kr. Kostnaður við skrifstofu forseta í Reykjavík hækkar um 188 þús. kr., bifreiðakostnaður um 60 þús. kr. og kostnaður við forsetasetrið á Bessastöðum hækkar um 141 þús. kr.

Um 9. gr.

Til alþingiskostnaðar er nú áætlað 17 500 þús. kr. og er það hækkun um 5 millj. kr. Hér er farið eftir áætlun skrifstofustjóra Alþingis. Verður að gera ráð fyrir hækkun þingfararkaups til samræmis við aðrar launahækkanir hjá ríkinu. Til yfirskoðunar ríkisreikninga hækkar um 40 þús. kr.

Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið.* Bætt er við ritara í viðskiptamálaráðuneytinu og bókara til Þjóðskrárinnar. Gert er ráð fyrir launum nýs fulltrúa í fjármálaráðuneytinu, en bókurum fækkar um einn, þannig að ekki er um fjölgun að ræða. Framlag til Efnahagsstofnunar ríkisins hækkar um 233 þús. kr. Á Hagstofunni hækkar kostnaður við útgáfu hagskýrslna um 58 þús. kr., annar kostnaður um 151 þús. kr. og annar kostnaður Þjóðskrárinnar um 325 þús. kr. Símakostnaður og burðargjöld stjórnarráðsins hækka um 250 þús. kr. og annar kostnaður um 700 þús. kr. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins hækkar um 71 þús. kr. Annar kostnaður við ríkisbókhald hækkar um 200 þús. kr.

II. *Utanríkismál:*

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn.* Annar kostnaður hækkar um 3 þús. kr.
2. *Sendiráðið í Stokkhólmi.* Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.
3. *Sendiráðið í London.* Annar kostnaður hækkar um 42 þús. kr.
4. *Sendiráðið í Washington.* Annar kostnaður hækkar um 304 þús. kr.
5. *Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OECD.* Annar kostnaður hækkar um 140 þús. kr.
6. *Sendiráðið í Osló.* Annar kostnaður hækkar um 73 þús. kr.
7. *Sendiráðið í Bonn.* Annar kostnaður hækkar um 61 þús. kr.
8. *Sendiráðið í Moskva.* Annar kostnaður hækkar um 47 þús. kr.
10. *Ferðakostnaður* hækkar um 241 þús. kr.
11. *Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins* hækkar um 24 þús. kr.
16. *Til kaupa á ritinu „Scandinavian Past and Present“* er nýr liður, 250 þús. kr.

III. *Tillög til ýmissa alþjóðastofnana:*

1. *Til hjálpar flóttafólki í Evrópu og tillag til flóttamannaaðstoðar S. Þ.* hækkar um 86 þús. kr.
3. *Tillag til Sameinuðu þjóðanna* hækkar um 205 þús. kr.
4. *Tillag til starfsemi Sameinuðu þjóðanna í Kongó* er nýr liður, 1 032 þús. kr.
5. *Tillag til matvæla- og landbúnaðarstofnunar S. Þ. (FAO)* hækkar um 60 þús. kr.
6. *Tillag til efnahags- og framfarastofnunarinnar* hækkar um 160 þús. kr.
7. *Tillag til Evrópuráðsins* hækkar um 42 þús. kr.
9. *Tillag til Atlantshafsbandalagsins* hækkar um 113 þús. kr.
20. *Kostnaður vegna þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins* hækkar um 85 þús. kr.
22. *Tillag til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna* er nýr liður, 393 þús. kr. Utanríkisráðuneytið hefur talið rétt, að Ísland gerðist aðili að stofnun þessari, en árstillag Íslands til hennar er 335 þús. kr. og stofnframlag 58 þús. kr.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur.* Útgáfa hæstaréttardóma hækkar um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 40 þús. kr. Til ljósprentunar á II. bindi hæstaréttardóma hækkar um 20 þús. kr.
2. *Saksóknaraembætti ríkisins.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 55 þús. kr. og annar kostnaður um 70 þús. kr.
3. *Borgardómaraembættið.* Bætt er við einum ritara. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 85 þús. kr. og annar kostnaður um 45 þús. kr.
4. *Borgarfógetaembættið.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 42 þús. kr.
5. *Sakadómaraembættið.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 1 225 þús. kr., aðallega vegna flutnings embættisins í nýtt húsnæði og aukins húsrýmis þar. Annar kostnaður hækkar um 195 þús. kr.
6. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík.* Aukavinna hækkar um 73 þús. kr. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður hækkar um 140 þús. kr. og annar kostnaður um 35 þús. kr.
7. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli.* Ljós, hiti og ræsting hækkar um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 33 þús. kr.
8. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Fjölgað er um fulltrúa í Keflavík, sýsluskrifara á Seyðisfirði og í Vík í Mýrdal, innheimtumann á Eskifirði, ritara á Akranesi, Neskaupstað og Hafnarfirði. Annar kostnaður hækkar um 1.3 millj. kr. Endurgreiðsla frá

Tryggingastofnun ríkisins hækkar um 900 þús. kr. Viðhald embættisbústaða hækkar um 20 þús. kr.

9. *Laun hreppstjóra* hækka um 320 þús. kr.

10. *Lögreglukostnaður:*

a. *Ríkislögregla í Reykjavík.* Gert er ráð fyrir 50 lögreglumönnum í Reykjavík eða 10 lögreglumönnum fleira en á fjárlögum þessa árs, og er sú tala í samræmi við nýju lögreglumannalögin, nr. 56/1963. Enn fremur er gert ráð fyrir 5 sumarlögreglumönnum svo sem nokkur undanfarin ár. Vaktaálag, aukavinna o. fl. hækkar um 1 065 þús. kr. Einkennisfatnaður og tryggingar hækkar um 53 þús. kr. Bifreiðakostnaður hækkar um 169 þús. kr. Fjarskiptaþjónusta hækkar um 15 þús. kr. og lögregluskóli, áhöld o. fl. hækkar um 50 þús. kr.

b. *Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli.* Vaktaálag og helgidagauppbót hækkar um 499 þús. kr. Einkennisfatnaður lækkar um 60 þús. kr. Bifreiðakostnaður og tryggingar hækkar um 30 þús. kr.

Ríkislögregla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar, 958 þús. kr. í fjárlögum þessa árs, fellur niður.

c. *Til sumarlöggæzlu á Siglufirði* hækkar um 100 þús. kr.

d. *Til sumarlöggæzlu á Raufarhöfn* hækkar um 135 þús. kr.

o. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík* hækkar um 8.1 millj. kr., en hluti ríkissjóðs verður nú ⅓ af kostnaðinum, sbr. bráðabirgðaákvæði laga nr. 56/1963 um lögreglumenn, í stað ⅙ áður.

p. *Ýmis annar lögreglukostnaður* hækkar um 5 250 þús. kr. vegna tilkomu nýju lögreglumannalaganna og launahækkana lögreglumanna.

q. *Til löggæzlu í sveitum* hækkar um 350 þús. kr.

11. *Til hegningarhúsa og vinnuhæla:*

a. *Hegningarhúsið í Reykjavík.* Vaktaálag hækkar um 100 þús. kr. og annar kostnaður um 160 þús. kr.

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni.* Vaktaálag hækkar um 161 þús. kr. Aukavinna hækkar um 60 þús. kr. og annar kostnaður um 280 þús. kr.

c. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík.* Kostnaðarhluti ríkissjóðs vex um 104 þús. kr.

d. *Til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju.* Bætt er við tveimur gæzlumönnum og matreiðslumanni. Liðurinn hækkar um 400 þús. kr. af þessum sökum og vegna almennra kostnaðarhækkana.

13. *Málskostnaður* hækkar um 600 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar, en endurgreiddur málskostnaður hækkar um 200 þús. kr.

15. *Kostnaður við siglingadóm* hækkar um 50 þús. kr.

16. *Laun meðdómsmanna.* Þessi liður kemur í stað tveggja í núgildandi fjárlögum, þ. e. liðanna „laun sjó- og verzlunardómsmanna“ og „kostnaður við meðdómendur í einkamálum“ og hækkar samtals um 100 þús. kr.

17. *Kostnaður við störf setu- og varadómara* hækkar um 50 þús. kr.

20. *Til almannavarna.* Liðurinn hækkar úr 1 millj. kr. í 4 millj. kr. Starfsemi almannavarna hefur fram að þessu fyrst og fremst verið fólgin í undirbúningsathugunum. Áætlað er, að nú verði stofnaðar almannavarnanefndir, og að þær hefjist handa um uppsetningu aðvörunarkerfa, könnun á byrgjarými og öflun vista. Settar verði og upp stjórnstöðvar. Gefinn verði út fræðslubæklingur fyrir almenning. Enn fremur er gert ráð fyrir byrjunaraðgerðum á sviði heilbrigðismála.

21. *Kostnaður við landhelgisgæzlu* hækkar um 4 450 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 500 þús. kr. hærri en áður.

22. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Bætt er við bókara, eftirlitsmanni í Reykjavík og eftirlitsmanni á Vesturlandi. Annar kostnaður hækkar um 547 þús. kr.

24. *Til húsameistara ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 500 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 50 þús. kr. hærri en áður.

25. *Til bindindisstarfsemi.* Til áfengisvarnaráðs hækkar um 100 þús. kr. Til Stórstúku Íslands hækkar um 100 þús. kr.

Um 11. gr. B.

I. *Tollar:*

a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 50 þús. kr. Símakostnaður og burðargjöld lækkar um 50 þús. kr. vegna of hárrar áætlunar áður. Annar kostnaður hækkar um 380 þús. kr.

b. *Tollgæzla:*

1. *Í Reykjavík.* Vaktaálag hækkar um 325 þús. kr. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 160 þús. kr. Símakostnaður hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 1 050 þús. kr., einkum vegna hækkunar á aukavinnu vegna launahækkana og styttingar á vinnutíma tollvarða sbr. kjaradóm.

2. *Á Keflavíkurflugvelli.* Vaktaálag og helgidagauppbót hækkar um 244 þús. kr. Einkennisfatnaður hækkar um 25 þús. kr. Kostnaður við tolleftirlit á varnarsvæðum utan Keflavíkurflugvallar lækkar um 34 þús. kr.

3. *Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Annar kostnaður hækkar um 70 þús. kr.

II. *Kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur* hækkar um 7 021 þús. kr. vegna launahækkana, stofnkostnaðar og of lágrar áætlunar. Undanfarið hefur verið unnið að endurskipulagningu á framkvæmd skattamála í samræmi við ákvæði skattalaganna frá 1962 um það efni.

Eru þessi mál nú komin í fast form og virðist hið nýja fyrirkomulag horfa mjög til bóta. Er enginn vafi á því, að hækkun á álögðum skatti á yfirstandandi ári á, auk hækkaðra tekna, einnig rót sína að rekja til bættrar framkvæmdar.

V. *Kostnaður við embættiseftirlitsferðir* hækkar um 20 þús. kr.

VI. *Innheimtulaun* hækka um 100 þús. kr.

VII. *Innheimtustofnun* hækkar um 1 567 þús. kr. vegna launahækkana og of lágrar áætlunar áður.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið.* Auk launahækkana hækkar annar kostnaður um 21 þús. kr.

II. *Héraðslæknar.* Gert er ráð fyrir launum til 63 héraðslækna, þar af 6 aðstoðarlækna og eins staðgengils, og er það óbreytt tala frá því sem verið hefur. Símakostnaður og burðargjöld hækka um 18 þús. kr.

IV. *Ríkisspítalar.* Rekstrarhalli ríkisspítalanna hækkar um 42 311 þús. kr. Þessi mikla hækkun stafar fyrst og fremst af þeim hækkunum, sem orðið hafa á föstum launum og hvers konar aukavinnu samkvæmt ákvæðum kjaradóms.

A. *Landsspítali.* Gert er ráð fyrir, að starfsliði fjölgi eins og hér segir: Einn aðstoðarlækni II. og ritara við handlæknisdeild, einn svæfingahjúkrunarmann, einn aðstoðarlækni II. í 4 mánuði við rannsóknardeild og einn líffærafræðing við sömu deild frá 1. júní 1964. Gert er ráð fyrir eftirtöldu nýju starfsfólki við meinafræðiisotopastofu: 5 laborantar, 2 nemar, 1 ritari og ein starfsstúlka, en hér er um að ræða nýja deild, sem áætlað er að taki til starfa í ársbyrjun 1964. Þá er og bætt við eftirtöldu nýju starfsliði við eldhús Landsspítalans: 1 aðstoðaryfirmatráðskonu, 4 starfsstúlkum og 1 bakara. Loks er bætt við eftirtöldu starfsfólki við almenna þjónustu: 1 húsmóður (verkstjóri yfir ræstingu), 1 bifreiðarstjóra, 3 starfsstúlkum, 2 riturum og 1 bókasafnsverði. Matvörur hækka um 848 þús. kr. Kostnaður við Ljósmæðraskólann hækkar um 71 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 2 605 þús. kr. Tekjur hækka um 2 470 þús. kr. Rekstrarhalli Landsspítalans hækkar um 20 738 þús. kr.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans.* Bætt er við nýjum ritara við deildina. Matvörur hækka um 208 þús. kr. og annar kostnaður um 152 þús. kr. Tekjur hækka um 687 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 5 662 þús. kr.

C. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum.* Starfsliði er fjölgað um 1 ritara og símastúlku og 1 félagsmálaráðunaut í hálfu starfi. Matvörur hækka um 370 þús. kr. og annar kostnaður um 993 þús. kr. Inn kemur nýr liður til brunavatnsveitu 520 þús. kr., en niður fellur 300 þús. kr. fjárveiting til skólplagna. Tekjur hækka um 985 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 3 755 þús. kr.

D. *Heilsuhælið í Kristnesi.* Matvörur hækka um 190 þús. kr. og annar kostnaður um 270 þús. kr. Tekjur hækka um 920 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 717 þús. kr.

E. *Geðveikrahælið á Kleppi.* Starfsliði fjölgar um 2 hjúkrunarkonur, 1 vökukonu, 11 aðstoðarmenn á sjúkradeildum, 1 aðstoðarlækni, 1 sálfræðing, 1 félagsmálaráðunaut, 1 ritara, 1 talsímakonu og trésmið. Matvörur hækka um 627 þús. kr. og annar kostnaður um 953 þús. kr. Tekjur hækka um 2 075 þús. kr. og rekstrarhalli um 8 643 þús. kr.

F. *Fávitahælið í Kópavogi.* Áætlað er, að rekstur nýrrar sjúkradeildar hefjist við hælið 1. okt. 1964, og fjölgar starfsliði sem hér segir frá þeim tíma: 1 deildargæzlusystir, 1 gæzlusystir, 1 starfsstúlka, 3 aðstoðarmenn, 1 kennari, 2 starfsstúlkur í eldhúsi og 1 vélavörður. Matvörur hækka um 239 þús. kr. og annar kostnaður um 400 þús. kr. Tekjur hækka um 835 þús. kr. og rekstrarhalli hækkar um 2 330 þús. kr.

G. *Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.* Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

H. *Blóðbankinn.* Starfsfólki fjölgar um aðstoðarstúlku við blóðtöku og rannsóknir. Annar kostnaður hækkar um 105 þús. kr. Tekjur hækka um 60 þús. kr. og rekstrarhalli hækkar um 337 þús. kr.

V. *Rannsóknarstofa háskólans.* Starfsfólki fjölgar um aðstoðarlækni, rannsóknarkonu og ritara. Annar kostnaður hækkar um 548 þús. kr. Tekjur hækka um 20 þús. kr. og rekstrarhalli hækkar um 2 307 þús. kr.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum* hækkar um 250 þús. kr.

X. *Embætti skólayfirlæknis.* Auk hækkunar á launum hækkar annar kostnaður um 4 þús. kr.

XIII. *Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum farsóttarlaga* hækkar um 300 þús. kr.

XVI. *Til læknisvitjanasjóðs* hækkar um 10 þús. kr.

XXIV. *Til vírusrannsókna* lækkar um 15 þús. kr.

XXVII. *Tillag til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar* hækkar um 65 þús. kr.

XXVIII. *Útgjöld vegna framkvæmda lyfsölulaga* er nýr liður 100 þús. kr. Niður falla tveir liðir í gildandi fjárlögum, til héraðshjúkrunarkvenna 35 þús. kr. og byggingarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands 200 þús. kr.

Um 13. gr. A.

Endurskoðun á gildandi vegalögum er nú að ljúka og eru tillögur frumvarps þessa um fjárframlög til vegamála á árinu 1964 ekki endanlegar.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða.* Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga hækkar um 200 þús. kr. Fært á ýmis verk af ferðakostnaði og launum verkfræðinga hækkar um 550 þús. kr. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 190 þús. kr.

II. *Þjóðvegir.* Greiðslur af vegalánum er nýr liður. Hér er um að ræða vexti og afborganir af föstum lánum vegna fjögurra vega, Reykjanesbrautar, Siglufjarðarvegar ytri, Múlavegar og Hellissandsvegar um Ólafsvíkurenni. Vextir af lánum þessum nema 3 991 þús. kr. og afborganir 6 455 þús. kr. Lánin eru yfirleitt til 15 ára og vextir 8.5—9.5% p. a. Vegaviðhald hækkar um 7 millj. kr.

VI. *Til áhalda.* Til bókasafns verkamanna hækkar um 5 þús. kr.

XIII. *Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn* lækkar um 105 þús. kr.

XIV. *Til fyrrverandi verkstjóra og verkstjóraekkna* hækkar um 18 þús. kr.

XV. *Iðgjöld til slysatryggingar* hækka um 50 þús. kr.

XVI. *Gjöld samkv. lögum nr. 16/1943, um orlof verkamanna,* hækka um 500 þús. kr.

XVII. *Atvinnuleysistryggingagjöld* hækka um 20 þús. kr.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins.* Hallinn hækkar um 5 millj. kr. m. a. vegna kaup-hækkana og aukins rekstrarkostnaðar að öðru leyti.

III. *Til byggingar flóabáta fyrir farsvæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts* lækkar um 3 millj. kr. Er það í samræmi við þá áætlun, sem gerð var, er heitið var stuðningi við þessar framkvæmdir.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála.* Annar skrifstofukostnaður hækkar um 200 þús. kr. Ferðakostnaður og fæðispeningar hækkar um 15 þús. kr.

II. *Laun vitavarða* hækka um 165 þús. kr. Aukagæzla og aðstoð hækkar um 10 þús. kr.

III. *Rekstrarkostnaður vitanna.* Rekstur vitaskips hækkar um 500 þús. kr. og vitanna um 300 þús. kr.

X. *Greiðslur af hafnarlánum* er nýr liður. Undir þessum lið eru vextir og afborganir af erlendum framkvæmdalánum, þ. e. af 5 millj. kr. láni til Landshafnar í Keflavík—Njarðvík (644 þús.), af 17 millj. kr. láni til Landshafnar í Rifi (2 168 þús.) og einnig vegna nokkurra annarra smærri PL-480 lána til sömu hafnar (450 þús.) og loks af um 50 millj. kr. láni til hafnargerðar í Þorlákshöfn (6 605 þús.).

XI. *Ferjubryggjur* lækkar um 200 þús. kr.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Fjölgað er um einn gjaldkera. Aukavinna, 175 þús. kr. í fjárlögum þessa árs, fellur niður. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur:*

2. *Slökkviliðsdeild.* Fjölgað er um 4 slökkviliðsmenn. Aukavinna og vakta-álag hækkar um 896 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 250 þús. kr.

3. *Vélaverkstæði.* Aukavinna hækkar um 5 þús. kr. Laun vélvirkja og tíma-kaupsmanna hækka um 100 þús. kr. Efni og varahlutir hækka um 50 þús. kr. Benzín og olíur lækka um 100 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

4. *Trésmíðaverkstæði.* Aukavinna er nýr liður að upphæð 50 þús. kr. Laun trésmiða og aðstoðarmanna hækka um 94 þús. kr. Efni og verkfæri lækkar um 135 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

5. *Viðhald og varðveizla mannvirkja.* Aukavinna hækkar um 3 þús. kr. Laun verkamanna hækka um 175 þús. kr. Efni, aðkeypt vinna, viðgerðir o. fl. hækkar um 250 þús. kr.

6. *Rafmagnsverkstæði.* Seld vinna og efni hækkar um 25 þús. kr.

7. *Annar kostnaður* hækkar um 200 þús. kr.

III. *Keflavíkurflugvöllur:*

1. *Skrifstofukostnaður.* Annar kostnaður hækkar um 18 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn.* Vaktaálag og aukavinna hækkar um 510 þús. kr.

3. *Radíódeild.* Aukavinna hækkar um 20 þús. kr.

4. *Tryggingagjöld* hækka um 60 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir:*

1. *Framkvæmdastjórn* hækkar um 750 þús. kr. vegna launahækkana og of lágrar áætlunar. Fært á aðra liði hækkar um 650 þús. kr.

2. *Akureyrarflugvöllur* hækkar um 50 þús. kr.

3. *Egilsstaðaflugvöllur* hækkar um 50 þús. kr.

4. *Vestmannaeyjaflugvöllur* hækkar um 52 þús. kr.
5. *Sauðárkróksflugvöllur* lækkar um 35 þús. kr.

V. *Flugöryggisþjónusta:*

A. *Framkvæmdastjórn.* Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

B. *Flugumferðarstjórn:*

1. *Upplýsingaþjónustan.* Annar kostnaður lækkar um 10 þús. kr.
2. *Flugumferðarstjórn, Reykjavík.* Vaktaálag og aukavinna hækkar um 215 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 745 þús. kr. m. a. vegna of lágrar áætlunar.
3. *Flugumferðarstjórn, Akureyri.* Aukavinna lækkar um 15 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 134 þús. kr. m. a. vegna of lágrar áætlunar.
4. *Flugumferðarstjórn, Vestmannaeyjum.* Aukavinna hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr.
5. *Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum.* Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.
6. *Flugumferðarstjórn, Ísafirði,* er nýtt sem sérstakur liður á fjárlögum.
7. *Flugumferðarstjórn, Hornafirði,* er nýtt sem sérstakur liður á fjárlögum. Þessi liður og sá síðast taldi valda brottfalli á X. lið á 13. gr. D. í fjárlögum þessa árs, en þar eru veittar 400 þús. kr. til flugöryggiskerfis.

C. *Flugfjarskiptistöðvar og radíóvitar:*

2. *Viðhald stöðvanna.* Aðalbreytingin frá fjárlögum í ár er sú, að tekjur radíóverkstæðanna eru áætlaðar jafnháar gjöldum, en í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir kr. 422 574.00 halla samtals á verkstæðunum.
3. *Rekstur stöðvanna.* Hallinn lækkar um 125 þús. kr.

VI. *Kostnaður við alþjóðaflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur:*

3. *ICAO-deild.* Annar kostnaður lækkar um 40 þús. kr.

IX. *Loftferðaeftirlit.* Til flugskráningar hækkar um 31 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 10 þús. kr.

X. *Alþjóðaflugþjónustan.* Flugfjarskiptaþjónustan hækkar um 4.2 millj. kr. Flugveðurþjónustan hækkar um 2.3 millj. kr. Flugumferðarstjórn hækkar um 3.0 millj. kr. Alþjóðatillagið hækkar um 8.8 millj. kr. og innlenda framlagið um 745 þús. kr.

Tekjur af Reykjavíkurflugvelli hækka um 2.6 millj. kr. og tekjur af öðrum flugvöllum um 100 þús. kr.

Um 13. gr. E.

I. *Almenn veðurþjónusta:*

A. *Yfirstjórn og skrifstofa.* Aukavinna lækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

B. *Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli.* Aukavinna og vaktaálag hækkar um 100 þús. kr. Þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 120 þús. kr. Símakostnaður og annar kostnaður eru nú aðskildir og hækka um 192 þús. kr. samtals.

C. *Loftskeytadeild.* Aukavinna hækkar um 47 þús. kr.

D. *Veðurfarsdeild.* Aukavinna lækkar um 50 þús. kr. Þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 31 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr.

E. *Áhaldadeild.* Bætt er við áhaldasmið. Aukavinna hækkar um 8 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

F. *Jarðeðlisfræðideild.* Aukavinna lækkar um 11 þús. kr. Ný jarðskjálftastöð á Austurlandi er nýr liður að upphæð 10 þús. kr. Endurgreiðsla vegna flugveðurþjónustu hækkar um 206 þús. kr.

III. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs.* Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra óbreytta inn í frumvarpið, enda er hún í samræmi við áætlun þá, sem send er alþjóðaflugmálastofnuninni.

Um 13. gr. F.

I. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 60 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 160 þús. kr. Upplýsingaskrifstofa í London

er nýr liður að upphæð 220 þús. kr. Hér er um að ræða greiðslu á eftirstöðvum skuldar vegna rekstrar upplýsingaskrifstofu í London á árunum 1958—1961, sem rekin var í félagi við Flugfélag Íslands. Hóteleftirlit fellur niður, þar sem það hefur verið lagt undir embætti landlæknis, sjá 13. gr. F. XII. Tekjur hækka um 446 þús. kr.

II. *Skipaskoðun ríkisins.* Bætt er við rafmagnseftirlitsmanni og skipaverkfræðingi. Ferðakostnaður hækkar um 150 þús. kr. Til fræðslumyndar um notkun gúmmíbáta er nýr liður að upphæð 75 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Tekjur hækka um 1 millj. kr. og er gert ráð fyrir því, að þeim verði náð með hækkun gjaldskrár.

III. *Stýrimannaskólinn.* Stundakennsla og prófkostnaður hækkar um 275 þús. kr. Húsaleiga hækkar um 17 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 40 þús. kr. Til námskeiða utan Reykjavíkur hækkar um 10 þús. kr.

IV. *Sjómannaskólahúsið.* Annar kostnaður hækkar um 229 þús. kr. Tekjur hækka á móti og eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

V. *Til Matsveina- og veitingaþjónaskóla.* Stundakennsla hækkar um 42 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr.

VI. *Til landmælinga.* Prentun landabréfa hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr.

VII. *Til sjómælinga og sjókortagerðar:*

1. *Sjómælingar.* Mælingavinna hækkar um 60 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

2. *Sjókortagerð.* Prentun hækkar um 130 þús. kr. m. a. vegna of lágrar áætlunar. Efni hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 50 þús. kr. Tekjur hækka um 60 þús. kr.

X. *Til Ferðamálasjóðs.* Þessi liður kemur í stað liðarins til gistihúsasjóðs í núverandi fjárlögum, en væntanlega verður gengið formlega frá stofnun ferðamálasjóðs á þessu þingi.

XII. *Til gisti- og veitingastaðaeftirlits samkv. lögum nr. 53/1963* er nýr liður, en samkvæmt lögum þessum skal ráða sérfróðan mann til þess að hafa á hendi, undir stjórn landlæknis, eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða.

Um 14. gr. A.

I. a. *Háskóli Íslands.* Auk launahækkana hækka eftirtaldir liðir sem hér segir: Hiti, ljós og ræsting 200 þús., prófkostnaður 30 þús., til tannlækningastofu 170 þús., til kennslu í lyfjagerð 22 þús., til landmælinga 15 þús., heimsóknir erlendra vísindamanna 30 þús., til félagsstarfsemi stúdenta 10 þús., námskeið í uppeldisfræðum 17 þús. og óviss útgjöld 130 þús. kr. Til rannsókna í efnafræði 40 þús. kr. er nýr liður. Eftirtaldir liðir lækka: Fasteignagjöld og tryggingar 30 þús., íþróttakennsla 20 þús. og liðurinn húsaleiga rektors 24 þús. kr. er felldur niður. Auk hækkana á föstum launum og stundakennslu hækkar fjárveiting til Háskóla Íslands því um 590 þús. kr.

I. b. *Tilraunastofa háskólans á Keldum.* Fyrir utan launahækkanir, hækkar annar kostnaður um 856 þús. kr. og tekjur hækka um 1 millj. kr. Rekstursháll hækkar um 26 þús. kr.

II. *Handritastofnun Íslands.* Til handritastofnunarinnar hækkar um 1 274 þús. kr., þar af 1 millj. kr. til útgáfu handrita.

III. *Til styrktar íslenzkum námsmönnum* hækkar um 662 þús. kr., þar af til lánasjóðs ísl. námsmanna 296 þús. kr.

IV. *Fræðslumálastjóraembættið.* Annar kostnaður hækkar um 170 þús. kr. og inn kemur nýr liður til kaupa á húsgögnum, 133 þús. kr., vegna flutnings embættisins í nýtt húsnæði.

V. *Menntaskólinn í Reykjavík.* Kennurum fjölgar um sex og hækka laun af þeim sökum um 840 þús. kr. fyrir utan aðrar launahækkanir. Ljós, hiti og ræst-

ing hækkar um 125 þús. kr., viðhald um 250 þús. kr. og styrkur til bókasafns um 10 þús. kr. Styrkur til bókasafnsins Íþöku hækkar um 5 þús. kr., til námsferða um 7 þús. kr., til kennsluáhalda um 70 þús. kr. og húsaleiga um 150 þús. kr. Nýr liður er til brunavarna, 150 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 400 þús. kr., hefur verið of hátt áætlaður.

VI. *Menntaskólinn á Akureyri.* Tala kennara er óbreytt. Eftirtaldir liðir hækka: Hiti, ljós og ræsting 10 þús. kr. og viðhald 250 þús. kr.

VII. *Menntaskólinn á Laugarvatni.* Starfslið er óbreytt. Húsnæði, ljós, hiti og ræsting hækkar um 15 þús. kr., námsstyrkir um 4 þús. kr., til bókakaupa og áhalda um 15 þús. kr., annar kostnaður um 70 þús. kr. og viðhaldskostnaður um 35 þús. kr.

VIII. 1. *Kennaraskólinn.* Bætt er við fjórum nýjum kennurum og hækka laun af þeim sökum um 560 þús. kr. auk annarra launahækkana. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 270 þús. kr., til bóka og áhalda um 12 þús. kr., námsstyrkir um 10 þús. kr., viðhald um 25 þús. kr., annar kostnaður um 40 þús. kr. og til húsnæðis utan skólans hækkar um 80 þús. kr. Inn kemur nýr liður, til námsferða 10 þús. kr.

VIII. 2. *Handíðadeild.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr. Til áhaldakaupa lækkar um 10 þús. kr.

IX. *Vélskólinn.* Til verklegrar kennslu hækkar um 5 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 12 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 27 þús. kr.

X. *Iðnfræðsla.* Kennurum við iðnfræðsluna fjölgar um tvo. Stundakennsla og annar kostnaður er nú áætlaður 4 612 þús. kr. og hækka þessir liðir um 1 098 þús. kr.

XI. *Til undirbúnings tækninám á Akureyri og í Reykjavík* er nýr liður, 370 þús. kr. Er hér um að ræða kostnað vegna reksturs undirbúningsdeilda undir tækninám, en slík námskeið er ætlunin að halda bæði í Reykjavík og á Akureyri næstkomandi skólaár.

XII. *Almenn barnafræðsla.* Framlög til barnafræðslu hækka alls um 58 195 þús. kr. frá fjárlögum 1963. Laun kennara hækka um 43 609 þús. kr., en gert er ráð fyrir 28 nýjum kennurum. Stundakennsla hækkar um 681 þús. kr. og ljós, hiti, ræsting, prófkostnaður og annar kostnaður hækkar um 3 543 þús. kr. Viðhaldskostnaður og húsaleiga hækkar um 1 232 þús. kr. Til framkvæmdar sundskyldu í skólum hækkar um 492 þús. kr. og framlag til byggingar barnaskóla í smíðum hækkar um 8 637 þús. kr. Þá er og í frumv. gert ráð fyrir 8 500 þús. kr. til byggingar nýrra skóla og er það sama fjárhæð og er í fjárlögum nú.

XIII. *Gagnfræðamenntun.* Framlög til gagnfræðamenntunar hækka samtals um kr. 35 330 þús. Kennurum fjölgar um 36. Föst laun hækka um 23 659 þús., stundakennsla um 2 395 þús., hiti, ljós og ræsting um 485 þús., prófkostnaður um 110 þús., viðhaldskostnaður um 69 þús. og annar kostnaður um 1 484 þús. Framlag til bygginga skóla, sem eru í smíðum, hækkar um 4 706 þús. kr. Þá lækka tekjur héraðsskóla um 422 þús. kr., sem stafar af því að í fjárlögum 1963 er áætlun fyrir tvö ár, vegna yfirtöku ríkissjóðs á héraðsskólum.

XVII. *Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum:*

1. *Húsmæðrakennaraskóli Íslands.* Tala kennara er óbreytt. Laun hækka um 178 þús. kr., prófkostnaður um 2 400 kr., til kennsluáhalda hækkar um 10 þús. kr., viðhaldskostnaður um 10 þús. kr., og tveir nýir liðir eru æfingakennsla 35 þús. kr. og námsstyrkir 10 þús. kr. Kostnaður við námsdvöl að Laugarvatni 30 þús. kr. er felldur niður, enda er ekki um slíka námsdvöl að ræða nema annað hvort ár. Alls hækkar kostnaður við skólann um 215 þús. kr.

2.—5. *Húsmæðraskólar í kaupstöðum.* Tala kennara er óbreytt. Laun hækka um 515 þús. kr. og stundakennsla, ljós, hiti, ræsting, húsaleiga, viðhald og annar kostnaður um 205 þús. kr.

XVIII. *Hjúkrunarskóli Íslands.* Hér er um að ræða nýjan lið á þessari grein, en hefur áður verið á 12. gr. með heilbrigðismálum. Gert er ráð fyrir tveim nýj-

um kennurum. Fæðiskostnaður hækkar um 55 þús. kr. og annar kostnaður um 200 þús. kr. Tekjur hækka um 100 þús. kr. Reksturshalli hækkar um 1 413 þús. kr.

XIX. *Til íþróttamála.* Til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar hækkar um 10 þús. kr., en niður fellur 75 þús. kr. fjárveiting til stofnkostnaðar við íþróttaskólann í Reykjadal í Mosfellssveit.

XX. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja.* Fæðiskostnaður hækkar um 25 þús. kr. Nýir liðir eru til námsferða og bókasafns 3 500 kr. Viðhaldskostnaður lækkar um 10 þús. kr.

XXI. *Styrkur til náms eða hælisvistar stúlkna, sem lent hafa á glapstigum,* hækkar um 80 þús. kr.

XXII. *Kostnaður við barnaverndarráð* hækkar um 20 þús. kr.

XXX. *Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga* hækkar um 342 þús. kr.

XXXIV. Hér kemur inn nýr liður, til íslenzkunámskeiðs fyrir norska menntaskólakennara 75 þús. kr.

XXXIX. *Námsstjórar.* Annar kostnaður hækkar um 7 þús. kr. og annar kostnaður fræðslustjórans í Reykjavík hækkar um 120 þús. kr.

XL. *Endurskoðun skólakostnaðar.* Annar kostnaður hækkar um 180 þús. kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði.

XLI. Hér kemur inn nýr liður, 10 millj. kr., sem er áætlaður hluti ríkissjóðs af kostnaði vegna yfirvinnu fastra kennara, eftirvinnu og eyður í stundaskrá svo og hækkun stundakennarakaups við barna-, gagnfræða-, iðn- og húsmæðraskóla. Enn sem komið er liggur ekki ljóst fyrir, hver kostnaður verður á hvern skóla af þessum sökum, og hefur því verið horfið að því ráði að áætla laun hér í einu lagi að þessu sinni.

XLVII. *Framlag til lækkunar á skuldum stúdentagarðanna* 240 þús. kr. er nýr liður að þessu sinni, en fjárveiting til þessa féll niður af vangá í þessa árs fjárlögum.

Um 14. gr. B.

I. *Landsbókasafnið.* Starfsmönnum fjölgar um tvo. Til samningar og prentunar íslenzkrar bókaskrár hækkar um 45 þús. kr. og ýmisleg gjöld um 23 þús. kr. Tveir liðir falla niður frá fjárlögum 1963, til innréttingar hússins 200 þús. kr. og til skráningar íslenzkra kvæða 30 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Tala starfsmanna er óbreytt. Til bókbands, bóka- og handritakaupa og til umbúnaðar skjala hækkar um 10 þús. kr. og ýmisleg gjöld lækka um 5 þús. kr.

III. *Þjóðminjasafnið.* Tala starfsmanna er óbreytt. Til aðstoðar, tímavinnu o. fl. hækkar um 35 þús. kr., til rannsókna og ferðakostnaðar hækkar um 5 þús. kr., til viðhalds húss og lóðar hækkar um 6 þús. kr., til rekstrar hússins hækkar um 40 þús. kr., til byggðasafna hækkar um 200 þús. kr. og einn nýr liður er tekinn með, til þjóðháttadeildar 120 þús. kr. Þrír liðir falla niður úr gildandi fjárlögum, til þjóðfræðasöfnunar 30 þús. kr., til endurbóta á skrifstofu 50 þús. kr. og til að minnast 100 ára afmælis safnsins 125 þús. kr.

V. *Listasafn Íslands.* Auk launahækkana hækkar annar kostnaður um 16 þús. kr.

VI. *Náttúrugripasafnið.* Tala starfsmanna er óbreytt. Til fuglamerkinga hækkar um 4 þús. kr. og hiti, ljós, ræsting og önnur gjöld hækka um 10 þús. kr. Til útgáfu myndaskrár 50 þús. kr. er nýr liður, og er hér um að ræða fyrstu greiðslu af þremur.

XI. *Safnahúsið.* Til hita, ljósa og opinberra gjalda hækkar um 32 þús., til viðhalds, áhalda og ræstingar hækkar um 6 þús. kr. og ýmis gjöld um 2 þús. kr.

XII. a. *Framlag til bókasafna samkvæmt lögum nr. 22/1963, um almenn-*

ingsbókasöfn. Þessi liður hækkar um 2 508 þús. kr. frá gildandi fjárlögum, en á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um almenningsbókasöfn, sem taka gildi 1. jan. 1964, og valda ákvæði þeirra þessum kostnaðarauka.

b. *Styrkir til bókasafna og lesstofa.* Þessir liðir eru allir óbreyttir frá gildandi fjárlögum, nema fjárveiting til Fræðslumyndasafns ríkisins er hækkuð um 55 þús. kr.

XIII. *Styrkir til bókaútgáfu o. fl.* Þessi liður hækkar um 98 þús. kr. Helzta breytingin, sem gerð hefur verið á þessum lið, er sú, að eftirtaldir fimm styrkir eru felldir niður úr gildandi fjárlögum: Til greiðslu kostnaðar við norrænu menningarmálanefndina 50 þús. kr., til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 80 þús. kr., vegna þátttöku Íslands í útgáfu safnrita um menningarsögu Norðurlanda til 1550 75 þús. kr., til norræna sumarháskólans 30 þús. kr. og til norræns blaðamannanámskeiðs í Árósum 25 þús. kr. Samtals nema þessir liðir 260 þús. kr. Í stað þeirra er tekinn upp nýr liður, til norræns samstarfs 500 þús. kr., þannig að framlög til þessara mála hækka um 240 þús. kr.

LXXXVII. *Til Bridgesambands Íslands,* kr. 60 þús., er nýr liður.

Um 15. gr.

I. *Biskupsembættið.* Skrifstofukostnaður hækkar um 165 þús. kr. vegna flutnings embættisins í nýtt húsnæði, og ferðakostnaður biskups hækkar um 30 þús. kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.* Fjölgað er um sjö presta. Síma- og frímerkjakostnaður hækkar um 75 þús. kr. Húsaleigutekjur presta hækka um 40 þús. kr.

XII. *Árgjöld þjóðkirkjunnar til erlendra kirknasambanda* hækka um 25 þús. kr.

XV. *Umsjónarmaður með kirkjugörðum,* sbr. 4. gr. laga um kirkjugarða nr. 21/1963, er nýr liður að upphæð 125 þús. kr.

XVI. *Framlag til kirkjugarðasjóðs,* skv. 27. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, er nýr liður að upphæð 100 þús. kr.

XVIII. *Kostnaður við kirkjuþing* hækkar um 25 þús. kr.

XXI. *Kostnaður við Skálholtshátíð* er nýr liður að upphæð 725 þús. kr. Er hér um að ræða kostnað við hátíð þá, er haldin var s. l. sumar í tilefni af vígslu Skálholtskirkju.

XXII. *Eftirstöðvar af byggingarkostnaði við Skálholtskirkju.* Liðurinn hækkar um 700 þús. kr. Er hér um að ræða eftirstöðvar af áföllnum byggingarkostnaði Skálholtskirkju við afhendingu hennar til þjóðkirkjunnar 21. júlí s. l.

XXIII. *Til Skálholtsstaðar,* sbr. 2. gr. laga um heimild til afhendingar Skálholts, er nýr liður að upphæð 1 millj. kr.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands* hækkar um 1 766 þús. kr., þar af er launahækkun 1 356 þús. kr., en annar kostnaður um 410 þús. kr.

3. *Til greiðslu kostnaðar af starfi veiðistjóra* hækkar um 117 þús. kr.

4. *Til búreikningaskrifstofu* hækkar um 25 þús. kr.

5. *Gjöld samkvæmt jarðræktarlögum* eru áætluð óbreytt að öðru leyti en því, að lögboðinn hluti af kaupi héraðsráðunauta hækkar um 653 þús. kr. og til stjórnar vélasjóðs hækkar um 50 þús. kr.

9. *Til búfjárræktar samkvæmt lögum nr. 54/1957.* Almennur styrkur til nautgriparæktarfélaga lækkar um 27 þús. kr. og styrkur til sauðfjárkynbótabúa lækkar um 5 þús. kr. Styrkur til sauðfjárræktarfélaga hækkar um 35 þús. kr. og til afkvæmarannsóknarstöðva sauðfjár hækkar um 5 þús. kr. Til hrossakynbótabúsins á Hólum er nýr liður, 21 þús. kr. Til sæðingarstöðva hækkar um 76 þús. kr.

12. *Til jarðræktartilrauna* Rekstrarkostnaður hækkar um 200 þús. kr., til framkvæmda á áveitulandi í Flóa hækkar um 5 þús. kr. og til útgáfustarfsemi hækkar um 20 þús. kr.

20. *Til sandgræðslu.* Til nýrra sandgræðslugirðinga hækkar um 275 þús. kr. og skrifstofukostnaður hækkar um 8 þús. kr.

22. *Til skógræktar.* Skrifstofukostnaður hækkar um 30 þús. kr., til byggingar skógarvarðabústaða hækkar um 5 þús. kr., en vextir og afborganir af skuldum lækka um 27 þús. kr.

25. *Veiðimálaskrifstofan.* Útgáfukostnaður hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 120 þús. kr.

26. *Kostnaður við veiðimálanefnd og veiðieftirlit og styrkir til fiskræktar* hækkar um 95 þús. kr.

28. *Til dýralækna.* Gert er ráð fyrir launum til eins nýs dýralæknis umfram það, sem var árið 1963. Aðrir liðir en laun eru áætlaðir óbreyttir.

32. *Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir.* Kostnaður við sauðfjársjúkdómanefnd hækkar um 351 þús. kr. Bætur vegna fjárförgunar, uppeldisstyrkur og aðrar bætur og styrkir hækka um 8 650 þús. kr. og er þá miðað við, að fjárskipti fari fram í Suður-Dölum á næsta hausti. Er þar um að ræða 18 þús. fjár og nema afurðatjónsbætur á þá tölu 9 millj. kr. Auk þess þarf að greiða bætur vegna fjárskipta á nokkrum öðrum bæjum. Kostnaður við vörzlu hækkar um 100 þús. kr., en nýjar girðingar lækka um 50 þús. kr. Viðhald girðinga hækkar um 50 þús. kr. og til rannsókna um 150 þús. kr. Til greiðslu vaxtamismunar af lánum vegna fjárförgunar hækkar um 40 þús. kr.

39. *Til ráðningastofu landbúnaðarins* lækkar um 15 þús. kr.

40. *Búnaðarkennsla:*

a. *Bændaskólinn á Hólum:* Hiti, ljós og ræsting hækkar um 30 þús. kr. og til tilrauna um 5 þús. kr. Til kennsluáhalda hækkar um 5 þús. kr., annar kostnaður um 5 þús. kr. og inn kemur nýr liður, til bókasafns 10 þús. kr.

b. *Bændaskólinn á Hvanneyri.* Stundakennsla hækkar um 20 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 35 þús. kr., viðhald um 37 þús. kr. og til framhaldsdeildar um 11 þús. kr. Til undirbúnings framhaldsnáms hækkar um 10 þús. kr., annar kostnaður um 10 þús. kr. og kostnaður vegna 75 ára afmælis skólans 50 þús. kr. er nýr liður.

c. *Garðyrkjuskólinn á Reykjum.* Hiti, ljós og ræsting hækkar um 5 þús. kr., til kennsluáhalda og verkfærakaupa um 5 þús. kr. og viðhald skólahúss um 30 þús. kr. Til jarðborana hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr.

41. *Húsmæðraskólar utan kaupstaða.* Tala kennara er óbreytt, en laun hækka um 1 512 þús. kr. Stundakennsla, annar kostnaður og viðhaldskostnaður hækkar um 679 þús. kr.

46. *Mat á landbúnaðarafurðum.* Auk launahækkana hækkar ferðakostnaður um 10 þús. kr.

Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands* hækkar um 1 728 þús. kr. Þar af eru launahækkanir 1 498 þús. kr. og annar kostnaður um 230 þús. kr.

8. *Til aflatryggingarsjóðs samkvæmt lögum* hækkar um 3 millj. kr.

10. *Kostnaður við mat á sjávarafurðum:*

a. *Fiskmat.* Ferðakostnaður hækkar um 70 þús. kr. og tillag vegna starfsbindingar 34 fiskmatsmanna við skreiðar- og saltfiskmat á öllu landinu er nýr liður, 510 þús. kr., en niður fellur 90 þús. kr. fjárveiting, sem var aukavinna sex fiskmatsmanna.

b. *Síldarmat.* Tímakaup matsmanna hækkar um 142 þús. kr. og annar kostnaður um 19 þús. kr. Tekjur af síldarmati eru áætlaðar hækka um 250 þús. kr.

d. *Ferðakostnaður matsmanna* hækkar um 130 þús. kr.

Um 16. gr. C.

2. *Til Iðnaðarmálastofnunar Íslands* hækkar um 700 þús. kr., m. a. vegna launahækkana.

10. *Til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis* hækkar um 85 þús. kr.

11. *Til vörusýninga og vörukynningar erlendis* hækkar um 50 þús. kr.

12. *Öryggiseftirlit ríkisins.* Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 85 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.

14. *Kostnaður við vörumerkjaskráningu* hækkar um 6 þús. kr.

15. *Til verkstjóranámskeiða* hækkar um 50 þús. kr.

Um 16. gr. D.

Raforkumál. Nú fer fram heildarathugun á fjármálum Rafmagnsveitna ríkisins og Raforkusjóðs með það fyrir augum að finna leiðir til frambúðarlausnar á þeim málum og í því sambandi, hver áhrif þær leiðir, sem til greina koma, hafi á framtíðarþróun raforkumála hér, skipulag þeirra og stjórn. Verða tillögur um þetta efni væntanlega lagðar fyrir Alþingi það tímanlega að taka megi tillit til þeirra við afgreiðslu fjárlaga.

Um 16. gr. E.

I. *Atvinnudeild Háskólans:*

1. *Iðnaðardeild.* Starfsmönnum fjölgar um einn efnafræðing frá 1. júlí 1964 og einn aðstoðarmann allt árið. Til hagnýtra jarðfræðirannsókna og iðnaðarrannsókna hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 70 þús. kr. Tekjur hækka um 250 þús. kr.

2. *Fiskideild.* Bætt er við einum sérfræðingi frá 1. júlí og aðstoðarmanni á skrifstofu allt árið. Annar kostnaður hækkar um 200 þús. kr.

3. *Búnaðardeild.* Tala starfsmanna er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 200 þús. kr., kortlagning jarðvegs um 15 þús. kr., gróðurkortagerð afréttarlanda um 50 þús. kr. Annar kostnaður fjárræktarbúsins á Hesti hækkar um 90 þús. kr. og tekjur um 50 þús. kr. Annar kostnaður tilraunabúsins á Korpúlfsstöðum hækkar um 50 þús. kr.

4. *Sameiginlegur kostnaður.* Tala starfsmanna er óbreytt. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 50 þús. kr., til viðhalds húss um 10 þús. kr., húsaleiga um 70 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

II. *Til rannsóknarráðs.* Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr.

III. *Löggildingarstofan.* Annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr., en tekjur um 180 þús. kr.

Um 17. gr.

I. *Sveitarstjórnarmál:*

1. *Eftirlit með skipulagi bæja og sveitaþorpa.* Ferðakostnaður og eftirlit hækkar um 15 þús. kr. Mælingakostnaður hækkar um 72 þús. kr. Kostnaður við loftmyndatöku og útteiknun korta hækkar um 150 þús. kr. Kostnaður við samkeppni um skipulag miðbæjarins á Akureyri lækkar um 40 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 75 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

2. *Til Bjargráðasjóðs Íslands* hækkar um 15 þús. kr.

4. *Til aðstoðar ríkisins við landakaup kaupstaða og kauptúna* hækkar um 1 millj. kr. Þessi liður er á 20. gr. í fjárlögum nú.

5. *Til Egilsstaðakauptúns samkv. lögum nr. 58/1957* hækkar um 250 þús. kr. vegna lagningar skolpveitu í kauptúninu.

II. *Húsnæðismál:*

1. *Húsnæðismálastofnun ríkisins.* Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, sbr. 4. gr. laga nr. 56/1962, hækkar um 14.4 millj. kr., en með þeim lögum var af-

numin hámarksupphæð sú, 4 millj. kr., sem áður gilti um framlag ríkissjóðs á móti framlögum sveitarfélaga til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði.

3. *Húsaleigueftirlit* hækkar um 30 þús. kr.

III. *Vinnumál:*

1. *Félagsdómur.* Laun félagsdómsmanna hækka um 69 þús. kr. og annar kostnaður um 3 þús. kr.

3. *Vinnumiðlun* hækkar um 50 þús. kr.

11. *Framlag til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO)* hækkar um 98 þús. kr.

IV. *Almannatryggingar:*

1. *Framlag til lífeyristrygginga* hækkar um 53.6 millj. kr., þar af eru 34.5 millj. kr. vegna nýrra laga um almannatryggingar, sem ganga í gildi 1. janúar 1964, 11.1 millj. kr. vegna fjölgunar bótaþega, aukins kostnaðar o. fl., 2.6 millj. kr. vegna of lágs framlags 1963 og 5.4 millj. kr. vegna yfirfærslu á halla í árslok 1963, þar af eru 2.8 millj. kr. vegna ársins 1962 og 2.6 millj. kr. vegna ársins 1963.

2. *Framlag til sjúkratrygginga* hækkar um 13.3 millj. kr., þar af um 7.8 millj. kr. vegna hækkunar daggjalda á sjúkrahúsum og hælum, 3.0 millj. kr. vegna breytinga á almannatryggingalögunum, 1.5 millj. kr. vegna fjölgunar hinna tryggðu og 1.0 millj. kr. vegna hækkana á greiðslum til lækna samkv. samningum svo og öðrum kostnaði.

3. *Framlag til atvinnuleysistrygginga* hækkar um 5.4 millj. kr., þar af eru um 4.1 millj. kr. vegna kauphækkana og um 1.3 millj. kr. vegna fjölgunar vinnuvikna, veldur þar um bæði mikil atvinna í ár svo og að alltaf eru þorp að bætast við, þar sem tryggingarnar taka til.

V. *Önnur félagsmál:*

1. *Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla* hækkar um 8.7 millj. kr.

a. *Styrkur til berklasjúklinga* hækkar um 200 þús. kr.

d. *Berklaræktanir* hækka um 25 þús. kr.

f. *Styrkur til sjúklinga annarra en berklasjúklinga* hækkar um 8.4 millj. kr. aðallega vegna hækkunar daggjalda á sjúkrahúsum og hælum, en að öðru leyti vegna fjölgunar sjúklinga.

2. *Önnur ríkisframfærsla:*

a. Gjöldin eru áætluð 300 þús. kr. hærri en áður vegna of lágrar áætlunar og vaxandi útgjalda.

c. *Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis* hækkar um 50 þús. kr.

d. *Greiðsla með börnum erlendra manna* lækkar um 700 þús. kr.

11. *Til heimilishjálpar samkv. lögum nr. 10/1952* hækkar um 250 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar og vaxandi útgjalda vegna hækkaðs kaupgjalds og verðlags og einnig vegna þess, að ný sveitarfélög setja á stofn heimilishjálp.

12. *Til Kvenréttindafélags Íslands* hækkar um 10 þús. kr.

Um 18. gr.

Eins og kunnugt er öðlast gildi 1. janúar 1964 ný lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem fela í sér ýmsar gagngerðar breytingar frá núgildandi lögum um þetta efni, m. a. þær, að frá gildistíma laganna öðlast allir sjóðfélagar full réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Í 2. málsgr. 24. gr. umræddra laga segir svo: „Sjóðfélagar, sem fengið hafa lífeyri fyrir 1. janúar 1964, skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Þeim lífeyrisþegum, er fengu greiddan lífeyri samkvæmt 18. gr. fjárlaga og höfðu að honum meðtöldum hærri lífeyri eftir gömlu reglunum en hinar nýju mundu veita þeim, skal greidd uppbót þannig, að þeir haldi sama heildarlífeyri og þeir höfðu áður.“

Í greinargerð fyrir þessu ákvæði segir svo í frumvarpi að lögunum: „Síðari málsgreinin fjallar um framtíðarlífeyri núverandi lífeyrisþega. Hefðu þeir fengið almannatryggingalífeyri til viðbótar lífeyri þeim, er þeir hafa nú, með öllum uppbótum, þar með töldum uppbótum 18. gr. fjárlaga, mundu margir þeirra hafa fengið óeðlilega háan heildarlífeyri. Það er því gert að meginreglu, að þeir fái lífeyri eftir hinum nýju reglum. Flestir fá nokkra hækkun á heildarlífeyri við þessa breytingu, eins og fram kemur í almennu greinargerðinni. Nokkrir aðilar, sem fengið hafa hæstar uppbætur á 18. gr. fjárlaga, hafa þó meira nú en nýju reglurnar mundu gefa þeim. Gert er ráð fyrir, að þessir menn haldi óbreyttum heildarlífeyri. Nöfn þeirra ríkisstarfsmanna, sem verið hafa á 18. gr. fjárlaga hingað til, þurfa þá ekki að vera á henni framvegis, heldur fá þeir allan sinn lífeyri eftirleiðis frá sjóðum og almannatryggingum."

Með skírskotun til þess, sem hér á undan er rakið, hafa nöfn allra lífeyrisþega verið felld niður af 18. gr. og taka nú hlutaðeigandi sjóðir að öllu við þeim. Á hinn bóginn standa áfram á greininni nöfn þeirra aðila, sem ekki eru félagar í neinum lífeyrissjóði.

Við þær breytingar, sem hér var lýst, lækkar 18. gr. I og II um 4 352 þús. kr. Aftur á móti hækkar 18. gr. III. um 11.5 millj. kr. vegna þeirra launahækkana, sem orðið hafa, 18. gr. IV hækkar um 125 þús. kr. og 18. gr. VI um 8.2 millj. kr. af sömu ástæðu.

Um 19. gr.

Liðurinn til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir lækkar um 37 millj. kr. frá gildandi fjárlögum.

Niðurgreiðslur eru áætlaðar 278 millj. kr. eða 92 millj. kr. lægri en í fjárlögum þessa árs.

Útflutningsuppbætur eru áætlaðar 115 millj. kr. eða 55 millj. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs.

Óviss útgjöld hækka um 1 millj. kr. Liðurinn til launauppbóta, 65 millj. kr. í fjárlögum þessa árs, fellur niður. Greinin lækkar þannig í heild um 101 millj. kr.

Um 20. gr.

Inn: II. *Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna* hækkar um 3 millj. kr. vegna of lágrar áætlunar.

Út: I. *Afborganir lána ríkissjóðs* lækka um 5.4 millj. kr.

II. *Framlag til ríkisábyrgðasjóðs* hækkar um 8 millj. kr., eða sem nemur afborgunum og vöxtum af láni, er sjóðurinn tók árið 1962.

XI. 2. *Til byggingar menntaskólans í Reykjavík* hækkar um 1 millj. kr.

XI. 6. *Til byggingar Kennaraskóla Íslands* hækkar um 1 millj. kr.

XI. 8. *Til kaupa á kennarabústað fyrir Garðyrkjuskólann á Reykjum* er nýr liður að upphæð 513 þús. kr.

XXVIII. *Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti* lækkar um 250 þús. kr.

XXX. *Til fyrningarsjóðs ríkisbifreiða.* Þessi liður kemur í stað liðarins til endurnýjunar á bifreiðum ríkisstofnana og hækkar um 3 millj. kr.

XXXIII. *Til kaupa á Mógilsá í Kjalarneshreppi* er nýr liður að upphæð 1.7 millj. kr.

XXXIV. *Til byggingar handritahúss* er nýr liður að upphæð 3 millj. kr.

XXXV. *Framlag til skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna húsbyggingar* er nýr liður að upphæð 1 millj. kr.

Um 22. gr.

Liðir XIX.—XXV. eru nýir.

Um 23. gr.

Sú efnisbreyting er gerð á greininni, að úr upptalningunni er felldur niður Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, þar eð í hinum nýju lögum um sjóðinn, sem taka gildi 1. jan. 1964, eru ákvæði, sem gera óþarft að kveða sérstaklega á um þessar uppbætur. Meðan lögum um aðra lífeyrissjóði, sem í greininni eru nefndir, hefur ekki verið breytt í sama horf, þykir rétt að heimildarákvæðið standi óbreytt að því er til þeirra tekur.

Ed. 2. Frumvarp til laga [2. mál]

um þinglýsingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

I. KAFLI
Þinglýsingardómarar.

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli eru þinglýsingardómarar, hver í sínu umdæmi.

Í Reykjavík eru borgarfógetar þinglýsingardómarar, sbr. 3. gr. laga nr. 98/1961. Þó færir lögreglustjórinn í Reykjavík þinglýsingabækur um skjöl, er varða skrásettar bifreiðar þar í lögsagnarumdæmi, og er hann þinglýsingardómari í þeim efnum. Þurfi af þessum sökum að þinglýsa skjali í Reykjavík bæði hjá borgarfógeta og lögreglustjóra, skal þó aðeins greiða þinglýsingargjald þar, sem skjali var fyrr þinglýst, hafi fullt þinglýsingargjald verið tekið þar.

Nú er sérstakur lögreglustjóri í kauptúni, og getur þá dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli vera þinglýsingardómari að nokkru eða að öllu leyti, eftir atvikum.

2. gr.

Þinglýsingardómari skal ekki greiða úr, hvort skjali skuli þinglýst, ef það veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja eða jafnmægða. Sama er, ef þinglýsingin varðar hann eða greinda venzlamenn hans verulega fjárhagslega. Þó ber dómaranum jafnan að hlutast til um aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að varna réttarspjöllum.

Fulltrúi dómara getur leyst úr þinglýsingamáli, þótt dómara bagi þau atvik, er í 1. málsgr. greinir.

3. gr.

Úrlausn dómara á þinglýsingamáli eftir lögum þessum sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt meginreglum II. kafla laga nr. 57/1962. Rökstuddar ástæður dómarans fyrir úrlausninni skulu fylgja skjölum máls til Hæstaréttar. Úrlausn skal kærð innan fjögurra vikna frá því, að þinglýsingarbeiðanda var tilkynnt hún eða tilkynning um úrlausnina var send honum. Dómara er þó kostur á að setja aðila rýmri frest, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Nú kærir aðili úrlausn, og skal þá skrá athugasemd um það í þinglýsingabók.

II. KAFLI
Framkvæmd þinglýsinga og aflýsinga.

4. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda þar í umdæmi, sem þinglýsing á fram að fara, sbr. 20., 41., 43. og 47. gr.

5. gr.

Sá, sem beiðist þinglýsingar, skal afhenda dómara skjal í tvíriti, frumriti og samriti eða endurriti. Það eintak, sem dómara er ætlað, skal vera ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðuneytið hefur löggilt í þessu skyni.

Ákveða má í reglugerð, að skjali, sem snertir fleiri eign en eina, skuli fylgja fleiri en eitt samrit eða endurrit, ef það yrði talið hentugt vegna breytingar á vörzlu þinglýsingarskjala.

Ef skjal, sem þinglýsa á, er ritað á erlendu máli, getur dómari krafizt þess, að því fylgi íslenzk þýðing, rituð á löggiltan þinglýsingapappír og gerð af löggiltum skjalaþýðara, sé þess kostur.

6. gr.

Nú er skjal afhent til þinglýsingar í röngu þinglýsingarumdæmi, eða eigi er ótvírætt við hvaða eign skjal á, eða hvert efni þess sé að öðru leyti, eða skjalið skortir undirritun útgefanda og vitundarvotta, eða annarra þeirra, er skjal geta staðfest, sbr. 22. gr., sé þessa þörf, eða skjal er aðeins afhent í einu eintaki, eða samrit eða endurrit er ekki ritað á löggiltan þinglýsingapappír, og skal þá vísa því frá þinglýsingu. Einnig má vísa skjali frá þinglýsingu, ef þinglýsing er bersýnilega óþörf til verndar rétti.

Vísa skal skjali frá þinglýsingu, ef lesmál skjals eða aðrar áletranir eru ógreinilegar eða letri er svo farið, að sérstök hætta er á, að það máist, svo og ef eintökin eru í verulegum atriðum ósamhljóða eða skjalið hefur aðra svo verulega galla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og vörzlu.

Sömuleiðis skal vísa skjali frá þinglýsingu, ef útgefanda þess brestur heimild til eignar á þann veg, er skjalið greinir, sbr. þó 24., 25. og 52. gr., 3. málsgr.

Nú eru í skjali atriði, orðuð eða óorðuð, sem ekki eru í samræmi við efni þinglýsingabóka, en skjalið er þó tækt til þinglýsingar. Skal þá gerð athugasemd um það á skjölin, ef telja verður að ósamræmið geti skipt verulegu máli um rétt þann, sem skjalinu er ætlað að veita. Ef tvö eða fleiri skjöl um sömu eign eru afhent samtímis til þinglýsingar, sbr. 16. gr., og réttindunum, er þau mæla um, lýstur saman, skal og rituð athugasemd á skjölin um það atvik. Sama er, ef aðili, sem aðeins nýtur skilorðsbundinnar heimildar að eign, gefur út skjal án þess að greina skilorðið.

Nú verður skjali ekki þinglýst án athugasemdar, og skal þá þinglýsingabók bera með sér, að skjalinu hafi verið þinglýst með athugasemd.

7. gr.

Þegar þinglýsingardómara er afhent skjal til þinglýsingar, skal hann sannreyna, að eintök skjalsins séu samhljóða. Að því búnu ritar hann á skjalið móttökudag og stund og merkir eintök skjalsins á sama hátt. Frumritið skal afhent, ef endurrit fylgir, en ella það eintakið, sem stimplað kann að vera. Ef hvorugt er stimplað, afhendir hann það, er honum sýnist.

Þinglýsingardómari skal greiða úr því svo fljótt sem föng eru á og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því, er skjal barst til þinglýsingar, hvort það verði fært í þinglýsingabók. Skjal verður ekki afhent þinglýsingarbeiðanda, fyrr en þessari rannsókn er lokið. Sé þinglýsingar synjað, skal þinglýsingarbeiðanda þegar í stað tilkynnt um synjunina og rökstuddar ástæður fyrir henni í ábyrgðarbréfi eða á annan viðlíka tryggilegan hátt.

8. gr.

Þinglýsingardómarar færa þessar bækur:

1. Fasteignabók um skjöl, er varða fasteignir.
2. Skipabók um skjöl, er varða öll skip, sem skráningarskyld eru.
3. Loftfarabók um skjöl, er varða loftför.
4. Bifreiðabók um skjöl, er bifreiðir varða, og

5. Lausafjárbók um öll skjöl, er varða lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld, en skjöl um slík skip má þó einnig færa í skipabók samkvæmt 2. tölulið, ef dómara þykir það hentara.

Bækur þessar skulu allar vera lausblaðabækur, og skal dómsmálaráðuneytið ákveða nánari tilhögun þeirra.

Með heitinu þinglýsingabækur er í lögum þessum átt við bækur þessar, ef ekki er annars getið.

Í bókum þessum skal ætla hverri fasteign, skráningarskyldu skipi, loftfari og bifreið eitt eða fleiri blöð eftir þörfum. Enn fremur skal ætla þeim manni blað í lausafjárbók, sem stofnar til réttinda yfir lausafé, þ. á m. skipi, sem ekki er skráningarskylt. Þegar skjöl eru móttekin til þinglýsingar, skal þeirra getið á blaði hlutaðeigandi fasteignar, skips, loftfars, bifreiðar og réttsala almenns lausafjár, þannig að yfirleitt sé hægt að gefa eignar- og veðbókarvottorð eftir því, sem þar er skráð um fasteign, skip, loftfar og bifreið.

9. gr.

Þinglýsing fer fram með þeim hætti, að meginatriði úr skjali því, sem þinglýsa á, eru færð í þinglýsingabók rétta.

Þá er skjal hefur verið fært í þinglýsingabók, ritar þinglýsingardómari vottorð um þinglýsinguna á eintök skjalsins.

Vikulega skal gera skrá um þinglýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu þinglýsingardómara fulla viku. Í skrá þessari skal getið, hver sé útgefandi skjals, eigandi þess, tegundar og annars, sem þarf til þess að skjalinu sé lýst nægilega. Dómsmálaráðherra getur ákveðið birtingu slíkra skráa í opinberu blaði. Utan kaupstaða og staða, þar sem sérstakur lögreglustjóri er þinglýsingardómari, skal þinglýsingardómari enn fremur lesa á manntalsþingi ár hvert skrá um skjöl, sem færð hafa verið í þinglýsingabækur síðan síðasta manntalsþing var háð.

10. gr.

Þau eintök þinglýstra skjala, sem þinglýsingardómari heldur eftir, skulu geymd í sérstökum skjalahylkjum, og ákveður dómsmálaráðuneytið gerð þeirra.

Þegar skjali er aflýst, skal nema það úr skjalahylki og leggja það í skjalasafn dómara og síðar til annarra skjalasafna eftir því, sem lög mæla.

Með reglugerð getur dómsmálaráðherra ákveðið þann hátt um geymslu skjala, að hverri eign sé ætlað eitt hylki og séu þar lögð öll skjöl, er þá tilteknu eign varðar, og sé þessi háttur hafður annaðhvort í sumum þinglýsingaumdæmum eða öllum eftir því, sem henta þykir og fé verður til þess veitt.

11. gr.

Ef í einu og sama skjali er stofnað til fleiri réttinda en þeirra, sem skjalinu er aðallega ætlað að veita, skal athygli þinglýsingardómara sérstaklega vakin á því, annaðhvort með áritun á skjalið sjálft eða með undirstrikunum í texta skjalsins, til hvaða réttinda þinglýsingin eigi að taka.

12. gr.

Nú gefur veðhafi samkvæmt veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi eftir veðrétt sinn að nokkru eða öllu leyti (veðbandsleysing) eða hann samþykkir nýja veðsetningu eða tilfærslu á veðrétti sínum (veðleyfi) eða hann gefur einhverjar áþekkar yfirlýsingar vegna veðréttar síns. Verður þá slíkum yfirlýsingum ekki þinglýst, nema sjálft veðbréfið sé afhent með áritun um veðbreytinguna ásamt endurriti af henni, ritaðri á löggiltan skjalapappír, eða veðbréfið sé sýnt þinglýsingardómara um leið og slík yfirlýsing er afhent til þinglýsingar, svo að hann geti gengið úr skugga um, að hennar sé nægilega getið í veðbréfinu sjálfu.

Undanþegnir ákvæði 1. málsgr. eru bankar, sparisjóðir og opinberir aðilar.

13. gr.

Nú er kaupmáli, sem varðar skrásetta bifreið, afhentur til skrásetningar hjá borgarfógeta í Reykjavík, og skulu þá samrit og endurrit eða tvö endurrit, rituð á þinglýsingapappír, fylgja þeim kaupmála. Þegar slíkur kaupmáli hefur verið skrásettur, skal borgarfógeti senda lögreglustjóranum í Reykjavík samrit eða staðfest endurrit af kaupmálanum og skal lögreglustjóri geta hans í bifreiðabók, en samritið eða endurritið geymir hann í sérstöku skjalahylki fyrir kaupmála. Um greiðslu skrásetningargjalds fer eftir reglum 1. gr., 2. málsgr.

14. gr.

Aflýsing skjals fer fram með þeim hætti, að dregið er strik yfir færslu skjalsins í þinglýsingabók og ber að geta þess, hvenær slík útstrikun fór fram og vitna til þess skjals, er heimilaði aflýsinguna. Útstrikun skal þannig gerð, að eigi séu nein vandkvæði á að lesa það síðar, er áður var skráð. Yfir texta þess eintaks af skjalinu, sem þinglýsingardómari varðveitti, skal draga lóðrétt strik og lokakvittun eða samþykki til aflýsingar rituð á skjalið. Síðan skal rita vottorð um aflýsinguna á bæði eintök skjalsins og geta þess, hvenær hún fór fram og hvar hennar sé getið. Að svo vöxnu skal skila aðila sínu eintaki.

III. KAFLI

Um forgangsáhrif þinglýsingar og grandleysi.

15. gr.

Ekki telst skjal afhent til þinglýsingar, nema dómara séu jafnframt gefnar þær upplýsingar, sem hann óskar eftir, og lögmæt greiðsla sé innt af hendi fyrir meðferð skjalsins.

Nú sendir eða afhendir sami aðili svo mörg skjöl samtímis, að það tæki dómara eða það starfsfólk hans, sem um þinglýsingar fjallar, verulegan hluta af afgreiðslutíma þess dags að kynna sér skjöl þessi, og má þá líta svo á, að þau séu ekki afhent fyrr en í lok afgreiðslutíma þess dags, er þau bárust.

Skjöl, sem berast eftir skrifstofutíma, teljast afhent næsta dag, og eins getur dómsmálaráðuneytið ákveðið í reglugerð, að skjöl, sem ekki berast fyrr en ein klukkustund er eftir af skrifstofutíma, skuli einnig teljast afhent næsta dag.

16. gr.

Skjali er þinglýst, þegar það hefur verið fært í þinglýsingabók, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast frá því, að skjal er afhent til þinglýsingar, sbr. þó 15. gr., 2. og 3. mgr., enda sé skjalið tækt til þinglýsingar. Nú eru tvö skjöl eða fleiri, sem ekki geta samrýmzt, afhent samtímis til þinglýsingar, og eru þau þá jafnstæð að þinglýsingargildi. Þó ganga aðfarargerðir og kyrrsetningar fyrir rétti, sem stafar af öðrum atvikum. Ef skjöl um tvær aðfarargerðir (kyrrsetningargerðir) eða fleiri eru afhent samtímis, er hin elzta þeirra rétthæst. Nú afhendir eigandi öðrum manni eign sína og hefur áskilið sér jafnframt réttindi yfir eigninni, svo sem veðrétt eða forkaupsrétt, og gengur þá sá réttur fyrir réttindum, sem yngri eigandinn kann að stofna til handa öðrum mönnum, ef heimildarskjal yngra eigandans ber með sér áskilnaðinn um rétt eldra eigandans og skjalið, sem gefur þetta til kynna, er afhent í síðasta lagi samtímis skjali því, sem heitir viðsemjanda yngra eigandans réttindum.

Um rétthæð fjárnáms gagnvart kyrrsetningu fer eftir reglum 19. gr. laga nr. 18/1949.

17. gr.

Nú telur þinglýsingardómari sig ekki geta ákveðið, hvaða gjald eða gjöld eigi að taka fyrir skjal, sem afhent hefur verið til þinglýsingar, án samráða við fjármálaráðuneytið. Skal hann þá færa skjalið til bráðabirgða í þinglýsingabók og geta

þess, að færslan sé eigi endanleg. Jafnskjótt og svar ráðuneytisins hefur borizt dómara, tilkynnir hann þeim, er skjalið afhenti, með tryggilegum hætti um úrlausn ráðuneytisins um gjöld. Ef gjöldin eru greidd samkvæmt þessu innan tveggja vikna frá því, að tilkynning var send aðila, skal dómari bóka í þinglýsingabók, að færslan sé endanleg, enda teljast forgangsáhrif þinglýsingar þá frá því, er skjal var afhent til þinglýsingar. Að öðrum kosti dregur dómari strik yfir færslu skjals í þinglýsingabók, og falla þá brott áhrif þinglýsingarinnar.

18. gr.

Nú er efni skjals fært ranglega í þinglýsingabók, láðst hefur að færa skjalið í þinglýsingabók innan frests þess, er greinir í 7. gr., 2. málsgr., eða skjal, sem samrýmist ekki öðru skjali, er fyrr barst til þinglýsingar, er fært í þinglýsingabók á undan því. Er þá kostur að kveða svo á með dómi, að réttur sá, er skjal þetta veitir, skuli víkja fyrir rétti, sem síðar er þinglýst og styðst við samning, enda sé rétthafi grandlaus um þessi atvik. Skilyrði þessa eru:

a. að yngra rétthafanum væri bakað óverðskuldað tjón, ef hann hlyti að þoka, og
b. að tjónið yrði þeim rétthafa, ef hann þyrfti að vægja, miklum mun bagalegra en hinum eldra eða leiða mundi til verulegra raskana á síðar þinglýstum réttindum, ef réttur sá, er mistök urðu um, gengi fyrir.

19. gr.

Með grandleysi er í lögum þessum átt við það, að rétthafi eftir samningi eða löggerningi hvorki þekki eða ætti að þekkja hin óþinglýstu réttindi.

IV. KAFLI

Þinglýsing, er varðar fasteignir.

1. Skilyrði þess, að skjali verði þinglýst.

a. Efni þess og form.

20. gr.

Skjali, sem snertir fasteign, skal þinglýsa í umdæmi því, sem eignin er í.

21. gr.

Afsali verður ekki þinglýst sem eignarheimild, ef það er háð öðrum skilyrðum um yfirfærslu eignarréttar en greiðslu kaupverðs innan tiltekins frests.

22. gr.

Afsali eða veðbréfi, sem ekki er útgefið af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, verður ekki þinglýst, nema undirskriftin sé staðfest af notario publico, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasala, eða tveimur vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram, að útgefandi hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra, er undirskriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið fjárráða, er hann ritaði nafn sitt. Vitundarvottar skulu geta stöðu sinnar og heimilisfangs.

Ritun undir samþykki samkvæmt 24. gr. skal staðfesta með hliðstæðum hætti.

23. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, má vera bundið skilorði, en efni þess skal vera endanlega ákveðið. Tryggingarbréfum má samt þinglýsa, þótt eingöngu sé greind hámarksfjárhæð skuldar, er bréf á að tryggja.

b. Um þinglýsta heimild að réttindum.

24. gr.

Nú hvílir skjal á löggerningi, og verður það þá eigi fært í fasteignabók, ef útgefanda þess brestur þinglýsta heimild til að ráðstafa eign þann veg, er í skjali greinir, eða hann skortir skriflegt samþykki þess, er slíkrar heimildar nýtur, sbr. þó 52. gr., 3. málsgr.

Aðfarargerð og kyrrsetningargerð í eign verður samt þinglýst, þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild til eignarinnar. Afsal, er stafar frá nauðungaruppboði, verður og fært í fasteignabók, þótt grundvöllur uppboðs sé veðréttur, er stofnaður var með löggerningi af þeim, sem ekki hafði eða hefur þinglýsta heimild, eða eins var ástatt um þann, er aðför var gerð hjá.

Skiptaafsali fyrir eign verður ekki þinglýst, ef sá, er afsalið tjáir hafa átt eignina, er ekki þinglýstur eigandi hennar, en þetta gildir þó ekki um skiptaafsal samkvæmt nauðungaruppboði.

Dómi um réttindi til fasteignar verður ekki þinglýst, nema hann bindi þann, er nýtur þinglýstrar heimildar að eign, enda mæli lög ekki öðrum orðum.

25. gr.

Þinglýsta eignarheimild hefur sá, er þinglýsingabók nefnir eiganda á hverjum tíma. Sama er um þann, er færir sönnur á, að eignarréttur hafi flutzt til sín vegna andláts eiganda. Um þinglýsta heimild að öðrum réttindum gilda hliðstæðar reglur.

Nú skipta erfingjar búi einkaskiptum og þinglýsa skiptagjörð eða yfirlýsingu um, að fasteign hafi orðið eign þeirra eða einhvers þeirra, og er það nægileg eignarheimild fyrir þá, sbr. þó 3. málsgr. 24. gr. Ef maki situr í óskiptu búi, er nægilegt að þinglýsa leyfi skiptaráðanda til búsetu.

Nú er eign seld á nauðungaruppboði eða lögð út veðhöfum, og skal þá uppboðsráðandi gera ráðstafanir til þess, að um það sé getið á blaði fasteignar í fasteignabók. Hliðstæð skylda hvílir á skiptaráðanda við upphaf gjaldþrotaskipta og opinberra skipta á búi og við upphaf nauðasamninga. Fyrir færslu slíkra tilkynninga skal ekki greiða þinglýsingargjald.

26. gr.

Sá, sem hefur þinglýsta eignarheimild að eign, nýtur einnig slíkrar heimildar að einstökum hlutum hennar, þ. á m. byggingum, sem reistar hafa verið eða reistar verða á eigninni, nema fasteignabók nefni annan rétthafa.

Nú er þinglýst gögnum, er veita öðrum eignarrétt að byggingu en lóðareiganda, og skal þá ætla byggingu sérstakt blað í fasteignabók.

Erfðafesturétti og öðrum varanlegum afnotarétti skal velja sérstakt blað í fasteignabók. Sá, sem nýtur heimildar að slíkum rétti, telst einnig hafa heimild að byggingum, sem standa á landi því, er leiguréttur tekur til, nema annars sé getið.

2. Leiðrétting á röngum færslum. Bráðabirgðavernd réttinda.

27. gr.

Nú verður dómari þess áskynja, að færsla í fasteignabók er röng eða mistök hafa orðið um þinglýsinguna ella, og skal hann þá bæta úr. Ef ætla má, að tilteknir aðilar hafi hlotið rangar upplýsingar um eign sakir mistakanna, skal dómarinn skýra þeim frá málavöxtum, ef gerlegt er, í ábyrgðarbréfi eða með jafntryggilegum hætti.

Nú staðhæfir maður, að færsla í fasteignabók sé efnislega röng og horfi sér til réttarspjalla, og er honum þá kostur að fá þinglýst kröfu sinni um leiðréttingu, ef hann færir veigamikil rök fyrir staðhæfingu sinni, að mati dómara, eða setur tryggingu eftir því, sem dómari kveður á um. Ef hann færir ekki sönnur fyrir staðhæfingu sinni innan frests, sem dómari setur honum, skal athugasemdin strikuð út í fasteignabókinni.

28. gr.

Ef mál, sem varðar réttindi yfir fasteign, er sótt fyrir dómstóli, getur dómurinn ákveðið með úrskurði, að stefnunni eða útdrætti úr henni megi þinglýsa. Nú synjar dómari þessa, og má þá kæra þá úrlausn til Hæstaréttar samkv. reglum II. kafla laga nr. 57/1962.

Nú er málið hafið, eða dómur gengur sóknaraðila eigi í vil um heimt eða viðurkenningu réttinda yfir fasteigninni. Skal þá strika út athugasemd um stefnu í fasteignabókinni að beiðni varnaraðila eða annarra, er hagsmuna hafa að gæta, þá er mál hefur verið hafið, áfrýjunarfresti lýkur án áfrýjunar eða dómur æðsta dómstigs hefur gengið um málið.

3. Hvaða réttindi séu háð þinglýsingu og að hverju marki.

29. gr.

Réttindum yfir fasteign skal þinglýsa, til þess að þau haldi gildi gegn þeim, er reisa rétt sinn á samningum um eignina, og gegn skuldheimtumönnum eiganda eða annars rétthafa að eign.

Samningur eða réttargerð, er skuldheimtumenn byggja á, fá ekki hrundið eldri óþinglýstum rétti, sem háður er þinglýsingu, nema gögnum þessum sé þinglýst sjálfum, ef þinglýsingar er þörf, enda sé rétthafi eftir samningi grandlaus um rétt þann, er hrinda á.

30. gr.

Nú er veðbréfi þinglýst, og þarf þá ekki að þinglýsa framsali veðbréfs eða gerningi (gerð), sem varðar annars konar yfirfærslu á réttindum að því. Sama er um veðsetningu veðbréfs, þegar til hennar er stofnað með því að setja bréfið að handveði.

31. gr.

Stofnun afnotaréttar og framsal á afnotarétti er ekki háð þinglýsingu:

1. Ef afnotatími er 12 mánuðir hið lengsta eða fært er að segja upp samningi með fyrirvara, sem eigi sé lengri en 3 mánuðir, miðað við almennan fardag, enda varði samningur íbúðarhúsnæði.
2. Ef afnotatími er eigi lengri en 2 ár eða heimilt er að segja upp samningi með fyrirvara, er eigi sé lengri en 6 mánuðir, enda varði samningur atvinnuhúsnæði.

Afnotasamningar, er lúta ákvæðum lagasetningarinnar um ábúð jarða, eru ekki háðir þinglýsingu.

Fyrirframgreiðsla á leigu fyrir lengri tíma en eitt ár og lækkun á leigu frá því, er segir í þinglýstum samningi, eru háð þinglýsingu, enda sé þessara atvika ekki sérstaklega getið í þinglýstum samningi.

32. gr.

Réttarvernd lögveðréttinda er ekki háð þinglýsingu, nema lög skilji annað til. Réttarvernd eignarnámsgerða er hins vegar háð þinglýsingu. Sama er um réttindi, sem fengin eru fyrir hefð.

4. Réttaráhrif þinglýsingar.

a. Gildi þinglýstra gerninga. (Gildisáhrif þinglýsingar).

33. gr.

Sá, er hlýtur réttindi með samningi við þinglýstan eiganda að eign, þarf ekki að sæta þeirri mótbáru, að heimildarbréf fyrirrennara hans sé ógilt, ef hann er grandlaus um ógildisatvikið, er hann öðlaðist réttindin.

Mótbára, er lýtur að því, að skjal samkvæmt 1. málsgrein sé falsað eða fengið með beitingu slíkrar nauðungar, er í 28. gr. laga nr. 7/1936 greinir, glatast þó ekki. Sama er um þá mótbáru, að skjal sé ógilt vegna lögræðisskorts útgefanda fyrir æsku.

Nú er þinglýst skjali, sem ógilt er að lögum. Ef annmarkinn eyðist síðar, er ekki þörf nýrrar þinglýsingar, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast þá frá því, að annmarkanum létti.

b. Heimildaráhrif þinglýsingar.

34. gr.

Leiga, afgjöld og aðrar greiðslur verða inntar til þeirra, sem heimild hafa eftir þinglýsingabók til að veita þeim móttöku, svo að bindandi sé, enda sé greiðandi grandlaus um, að viðtökuheimild hafi síðar horfið á hönd öðrum manni. Hliðstæðu gegnir um uppsagnir og svipaðar aðgerðir.

Um afborgun af veðskuldabréfi og aðgerðir út af því fer samkvæmt sérreglum um viðskiptabréf.

5. Brottfall þinglýsingar.

a. Tímabundið gildi þinglýsingar.

35. gr.

Nú er þinglýst hafti eða kvöð á eign, og er þeim ekki ætlað að vera ævarandi. Falla þá brott þau áhrif, er greinir í 16. gr., þegar liðin eru 30 ár frá því, að haftinu var þinglýst, enda sé því ekki þinglýst að nýju, áður en frestur þessi er úti, sbr. þó 36. og 37. gr.

Þinglýsing áritunar á áður þinglýst skjal slítur ekki fresti þeim, er greinir í 1. málsgr., ef áritunin felur ekki í sér sérstaka viðurkenningu á tilvist haftsins. Í hækkun á fjárhæð veðbréfs telst fólgin slík viðurkenning.

36. gr.

Ef skjal tekur til ákveðið tímabil, sem því er ætlað að gilda um, eða er bundið við lífstíð rétthafa, eiga ákvæði 35. gr. ekki við.

Nú er lágmarkstími um gildi skjals nefndur, og falla þá réttaráhrif þinglýsingar aldrei brott, fyrr en þremur árum eftir lok þess tíma.

Um veðbréf eyðast áhrif þinglýsingar ekki fyrr en fimm ár hið skemmsta eru liðin frá þeim degi, er skuldin átti að vera greidd að fullu samkvæmt ákvæðum bréfsins eða skuldin gat fyrst orðið eindöguð fyrir uppsögn af hendi kröfuhafa, en gæta verður þó ávallt ákvæða 1. málsgr. 35. gr.

37. gr.

Áhrif þinglýsingar á veðrétt, er stofnast fyrir fjárnám, lögtak eða svipaðar réttargerðir, falla ekki brott, fyrr en full fimm ár eru liðin frá því, að réttargerðinni var þinglýst. Áhrif þinglýsingar um kyrrsetningargerð og lögbanns eyðast tveimur árum eftir að réttargerðinni eða dómsúrlausn um gildi hennar var þinglýst.

Ákvæði 1. málsgr. koma ekki til greina, ef þinglýst er tilkynningu frá rétthafa, áður en frestur er úti, um, að haftið sé eigi niður fallið. Frá þeirri tilkynningu eða nýrri þinglýsingu hefjast nýir frestir, jafnlangir hinum fyrsta, frá síðustu þinglýsingu á undan að telja.

38. gr.

Dómari fylgist með því eftir föngum, hvort réttaráhrif tiltekinnar þinglýsingar séu fallin brott, og ber honum að má haftið úr fasteignabók, ef því er að skipta, að eigin frumkvæði. Sama máli gegnir, ef rétti er bersýnilega lokið. Dómari skal þó jafnan senda rétthafa sérstaka tilkynningu um væntanlega afmáningu, svo að rétthafa sé kostur að varna því, að áhrif þinglýsingar eyðist.

Nú eru horfur á, að eignarhafti, sem þinglýst hefur verið fyrir tuttugu árum hið skemmsta, sé lokið, og getur þá dómari að beiðni eiganda gefið út áskorun, sem birta skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, til væntanlegra rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar. Ef

gerlegt er, skal sérstök tilkynning send í ábyrgðarbréfi þeim, er fasteignabók nefnir rétthafa. Gefi enginn sig fram, skal afmá eignarhaftið.

Nú er eignarhaft máð ranglega, og skal þá beita reglum 18. gr. eftir því sem við á.

Ef miða skal frest eftir 35.—37. gr. við þinglýsingu skjals, skal miða við færsludag í þinglýsingabók.

b. Aflýsingar.

39. gr.

Eignarhafti skal aflýsa, þegar þinglýst er sönnun fyrir brottfalli þess eða skjal er afhent með yfirlýsingu rétthafa um að því megi aflýsa.

Veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi verður þó ekki aflýst, nema kvittun eða samþykki til aflýsingar sé ritað á bréfið sjálft.

Þegar þinglýst skjal hefur verið ógilt með dómi, má þó aflýsa því, ef lagt er fram endurrit af dóminum með áritaðri beiðni dómhafa um aflýsingu.

Nú hefur manni, sem hefur íslenzkt ríkisfang eða íslenzkt heimilisfang, verið refsað erlendis fyrir atferli, sem leitt hefði samkvæmt grein þessari til sviptingar á rétti til að starfa í loftfari, ef mál hefði dæmt verið eftir lögum þessum, og er rétt að krefjast slíkrar sviptingar á réttindum í opinberu máli hér á landi. Ákvæðum greinar þessarar skal þá beita með samsvarandi hætti.

Ákvæðum 1.—8. mgr. skal með samsvarandi hætti beita um menn, sem starfa þann hafa á hendi, er í 80. gr. getur.

XIV. KAFLI
Sérreglur.

185. gr.

Flugmálaráðherra er rétt að undanþiggja ákvæðum laga þessara eða setja sérreglur um loftför, sem eigi hafa stjórnanda innan borðs eða eigi eru knúin fram af hreyfli eða eru annars sérstakrar tegundar, enda sé öryggi loftferða eigi teflt í tvísýnu né gildar ástæður standi í vegi. Þó verður eigi með þessum hætti gerð breyting á ákvæðum einkaréttarlegs eðlis né refsiákvæðum.

Flugmálaráðherra er og rétt að setja reglur um tæki, sem ætluð eru til að hreyfast um loftið, en eru eigi loftför.

186. gr.

Flugmálaráðherra er rétt að ákveða, að erlend loftför, sem íslenzkur aðili notar eða ræður yfir, skuli lúta tilteknum ákvæðum í lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, sem varða íslenzk loftför.

Rétt er ráðherra, þá er skilyrðum 1. mgr. er fullnægt, að ákveða, að loftfarið skuli teljast íslenzkt eftir 2. tl. 4. gr. laga nr. 19/1940.

187. gr.

Flugmálaráðherra ákveður, hverjir fari með vald flugmálastjórnar eftir lögum þessum, að því leyti sem sérlög skipa eigi því efni.

188. gr.

Flugmálaráðherra er rétt að setja reglugerð til nánari fyllingar lögum þessum.

XV. KAFLI

189. gr.

Ákvæði 136. gr. taka eigi til loftfara íslenzka ríkisins.

Flugmálaráðherra er rétt að undanþiggja loftför þessi öðrum ákvæðum laganna, þó hvorki ákvæðum einkaréttarlegs eðlis né refsiákvæðum.

190. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32/1929, að undanskildum 17. gr., 1. mgr. 27. gr., 30. gr., 36. gr. og 40. gr. og svo lög nr. 24/1945.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð eigi útrætt. Frumvarpinu fylgdu þá svo hljóðandi athugasemdir:

Skýringarrit.

Frumvarp þetta er samið að boði Ingólfs Jónssonar flugmálaráðherra og í samræmi við þingsályktun, er samþykkt var 1956 skv. tillögu Gunnars Thoroddsen ráðherra. Hefur það ráðizt þannig, að Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari hefur gert uppkast að frumvarpinu með skýringarriti, sem þeir Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari og Jónas Rafnar alþingismaður hafa síðan yfirfarið.

Helztu rit, sem notuð hafa verið:

Frumvörp til laga um loftferðir, dönsk, norsk og sænsk, er norrænar nefndir hafa samið ásamt skýringarritum.

Otto Riese: Luftrecht 1949, Stuttgart.

Alex Meyer: Internationale Luftrechtabkommen, I.—III. bindi, Köln—Berlín 1953—1957.

Schleicher-Reyman-Abraham: Das Recht der Luftfahrt, Kommentar und Quellensammlung. Dritte Auflage von Dr. jur. Hans Jürgen Abraham, Frankfuhrt Main 1960.

Max Litvine: Précis élémentaire de droit aérien, Bruxelles 1953.

Shawcross & Beaumont on air law, London 1951 and 1955.

Mc Nair: The law of the air, London 1953.

Marceel Le Goff: Manuel de droit aérien, Paris 1954.

R. Saint-Alary: Le droit aérien, Paris 1955.

Michel de Juglart: Traite élémentaire de droit aérien, Paris 1951.

Alfred Wegerdt: Deutsche Luftfahrtgesetzgebung, München 1948.

Wegerdt-Reuss: Deutsche Luftfahrtgesetzgebung, Mannheim 1959.

Forspjall.

Áður en loftför komu til sögunnar, voru skip ein helztu samgöngu- og flutningatæki milli landa og þjóða. Úthafið lýtur eigi drottinvaldi neins einstaks ríkis, en það er allt að einu undirorpið lagadrottnan. Hvert það skip, sem þar er á ferð, er sett undir lög heimaríkis síns, enda hafi það uppi að réttum lögum þess ríkis fána þess. Í skýrslum sín á milli lúta skip hinna ýmsu ríkja á úthafinu alþjóðalögum. Erlend skip eiga að alþjóðalögum á friðartímum frjálsa för um landhelgi ríkis. En hvernig er um rétt þeirra til að koma inn í hafnir annarra ríkja? Það

lætur að líkum, að notkun skipa til samgangna og flutninga um úthöfin myndi skerðast stórlega, ef slíkur réttur væri meinaður þeim. Skapazt hafa því alþjóðlegar reglur, sem miða að því að leyfa verzlunarskipum erlendum siglingu inn á hafnir landa og greiða þar fyrir þeim. Var um þessi efni gerður alþjóðlegur sáttmáli í Genf 9. desember 1923. Á friðartímum er og venja að veita erlendum herskipum að beiðni leyfi til að sigla inn á innsævi ríkja, en setja má slík leyfi ýmsum skilyrðum.

Loftför eru eðli sínu samkvæmt alþjóðleg samgöngu- og flutningatæki í ennþá ríkara mæli en skip. Skipin verða að halda sig við löginn, en loftförin fara yfir láð og lög á örskömmum tíma. Á einni stundu eru þau yfir yfirráðasvæði ríkisins A, á annarri stundu yfir úthafinu og á þeirri þriðju yfir yfirráðasvæði ríkisins B og svo koll af kolli. Þótt loftför hafi geysimiklu hlutverki að gegna í sínum heimalöndum sem samgöngutæki, til áburðardreifingar o. s. frv., þá er innanlandsflug einungis takmarkaður þáttur af starfsemi loftfara, ef rétt er á haldið. Af þessu leiðir, að innanlandslög, sem miðuðust aðallega við notkun loftfara innanlands, yrðu mjög ófullkomin og þung í framkvæmd, enda yrðu loftför þá að hlíta sí-breytilegum reglum, er þau fljúga yfir landamæri eins ríkis til annars. Markmiðið hlýtur því að vera að skapa alþjóðlegar reglur um loftferðir, bæði stjórnvaldsreglur og einkamálareglur, og samræma síðan innanlandslög hinna einstöku ríkja þessum reglum. Niðurstaðan er því sú að setja verður milliríkjasáttmála um þau efni, er loftferðir varða og veita þeim lagagildi í sáttmálaríkjunum. Verða slíkir milliríkjasáttmálar að ganga fyrir annarri innanlandslöggjöf, ef á milli ber. Eyður í sáttmálunum ber síðan að fylla með reglum alþjóðlegs valdsstjórnarréttar, alþjóðlegs einkamálaréttar og innanlandslögum samkvæmt þeim kennisetningum lögvísinda, sem þar um fjalla.

Rétt þykir hér að telja upp nokkra helztu alþjóðasáttmála, sem gerðir hafa verið um loftferðir bæði einkamálaréttareðlis og valdstjórnarréttareðlis.

1. Alþjóðasáttmáli um samræmingu reglna um loftflutninga milli landa, undirritaður í Varsjá 12. október 1929. Sáttmáli þessi, sem hefur verið fullgiltur af flestum ríkjum, kveður á um lágmarksábyrgð loftflytjanda milli ríkja. Sáttmálinn var fullgiltur af hendi Íslands hinn 21. ágúst 1948 og veitt lagagildi hér á landi með lögum nr. 41/1949. Með sáttmálaauka, gerðum í Haag 28. september 1955, var kveðið á um breytingu á framangreindum sáttmála. Var þessum sáttmálaauka veitt lagagildi á Íslandi með lögum nr. 46/1956.

Í XXII. gr. sáttmálaaukans frá Haag segir: Þegar þrjátíu ríki, sem undirritað hafa sáttmálann, hafa afhent fullgildingarskjöl sín á sáttmálaauka þessum, skal hann ganga í gildi þeirra í milli á nítugasta degi frá afhendingu þrítugasta fullgildingarskjalsins. Að því er snertir þau ríki, sem þaðan í frá fullgilda hann, skal hann ganga í gildi á nítugasta degi frá afhendingu fullgildingarskjals. Eigi er vitað, að sáttmáli þessi hafi enn verið fullgiltur af þrjátíu undirskriftarríkjum.

2. Sáttmáli um borgaralegar milliríkja loftferðir (Convention on International Civil Aviation), sem undirritaður var, m. a. af hendi Íslands, í Chicago 7. desember 1944, hinn svonefndi Chicago- eða ICAO-sáttmáli. Sáttmáli þessi var fullgiltur af hendi Íslands hinn 21. marz 1947 og gekk í gildi, að því er Ísland varðar, hinn 20. apríl 1947. Sjá auglýsingu nr. 45/1947. Hinn 5. júlí 1955 voru framkvæmdastjóra Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í Montreal (ICAO) afhent fullgildingarskjöl Íslands að sáttmálaauka, gerðum í Montreal 14. júní 1954, við milliríkjasáttmálann frá 7. desember 1944 um borgaralegar milliríkjaloftferðir. Sjá auglýsingu nr. 100/1955.

Hinn 21. marz 1947 fullgilti Ísland einnig milliríkjasáttmála um viðkomurétt loftfara (International Air Services Transit Agreement), sem undirritaður hafði verið af hendi Íslands 4. júní 1945. Sáttmálar þeir, sem undir tölulið þessum greinir, geyma stjórnvaldsreglur.

3. Milliríkjasáttmáli um samræmingu reglna um löghald loftfara, gerður í Róm 29. maí 1933. Öll Norðurlöndin, önnur en Ísland, virðast vera í hópi aðildarríkjanna.

4. Milliríkjasáttmáli um heilbrigðisháttu í loftferðum var gerður hinn 12. apríl 1933. Árið 1944 var sáttmálanum breytt, sáttmálaauki var gerður 1946, og loks voru hinn 25. maí 1951 settar alþjóðareglur um heilbrigðisháttu og heilsuvernd. Norðurlönd og Ísland eru aðildarríki.

5. Milliríkjasáttmáli, gerður í Genf 19. júní 1948, um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum. Svo virðist sem Ísland hafi verið eitt af undirskriftarlöndunum, en eigi fullgilt sáttmála þennan. Noregur og Svíþjóð virðast hafa fullgilt sáttmálann.

6. Sáttmáli um atvinnuréttindi við loftferðir í Evrópu, sem eigi hlíta áætlun, gerður 30. apríl 1956. Ísland virðist vera aðili.

7. Tveir sáttmálar, annar gerður í Róm 29. maí 1933 og hinn í Róm 7. október 1952, um samræming reglna um tjón, sem loftför valda þriðja aðilja á jörðu niðri. Bæði Danmörk og Noregur voru meðal undirskriftarlanda 1933 og Danmörk 1952, en hafa eigi fullgilt sáttmálann. Fáein ríki hafa fullgilt hann.

8. Milliríkjasáttmáli um samræming reglna um aðstoð og björgun loftfara úr sjávarháska eða slíka aðstoð og björgun framkvæmda af loftförum, gerður í Brüssel 29. september 1938. Þessi sáttmáli hefur eigi verið fullgiltur, svo að séð verði, af neinu ríki.

9. Á fundi réttarmáladeildar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) í München 18. ágúst til 4. september 1959 var samið uppkast að alþjóðasamningi um refsiverða hegðun og tilgreinda aðra hegðun í loftförum.

10. Ísland er aðili að mörgum tvíhliða loftferðasamningum. Má um þá vísa til Handbókar utanríkisráðuneytisins.

I.

Svo sem áður var greint, ber nauðsyn til þess, að ríkin samræmi, svo sem kostur er, innanlandslög sín hinum alþjóðlega loftferðarétti. Á Norðurlöndum hafa starfað nefndir að þessu verkefni allt frá árinu 1948. Hafa hinar norrænu nefndir unnið saman og gert uppköst að loftferðalögum, sem í flestum aðalefnum eru samhljóða og eru reist á alþjóða sjónarmiðum. Hafa nú verið lög sett á grundvelli samstarfsins í Svíþjóð og í Danmörku. Frumvarp til slíkra laga hefur verið til meðferðar í Noregi.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er lagað eftir hinum norrænu lögum og alþjóðareglum.

II.

Frumheimildir nútíma alþjóðastjórnvaldsreglna um loftferðir er að finna í sáttmála, sem gerður var á friðarráðstefnunni í París eftir fyrri heimsstyrjöld, undirritaður 13. október 1919 og bar nafnið: Convention portant reglementation de la navigation aerienne, þ. e. sáttmáli um skipan loftferða. Sáttmáli þessi ásamt breytingum 27. okt. 1922, 30. júní 1923, 15. júní 1929 og 11. desember 1929 er fyrirrennari Chicago-sáttmálans frá 7. desember 1944. Parísarsáttmálinn geymdi reglur um:

1. Drottinvald ríkis yfir lofthelginni (1. gr.).
2. Þjóðerni loftfara (6.—10. gr.).
3. Lofthæfisskírteini og hæfniskírteini áhafna (11.—14. gr.).
4. För loftfars inn í lofthelgi annars ríkis (15.—18. gr.).
5. Öryggisreglur flugs (19.—25. gr.).
6. Bannaða loftflutninga (26.—29. gr.).
7. Loftför ríkis.

Sáttmálinn kvað enn fremur á um stofnun Alþjóða loftferðanefndarinnar, Commission internationale de navigation aerienne (Cina).

Var Cina falið að bæta og breyta hinum tæknilegu reglum sáttmálans í samræmi við framfarir á sviði flugmála. Samdi Cina átta viðbæta við sáttmálann (A—H).

Auk Parísar-sáttmálans má hér nefna Spánsk-ameríkanska sáttmálann frá 1. nóvember 1926 og Alameríkanska sáttmálann frá 20. febrúar 1928.

Þessa sáttmála hefur Chicago-sáttmálinn leyst af hólmi, sbr. 80. gr. hans. Er hann í mörgum meginatriðum reistur á þeim grundvelli, sem lagður hafði verið með Parísarsáttmálanum. Flest ríki veraldar eru aðiljar að Chicago-sáttmálanum, þó að fráskildum Ráðstjórnarríkjum Rússlands. Aðildarríkjum er heimil aðild að öðrum alþjóða sáttmálum (tvíhliða- eða fjölhliða), er eigi fara í bága við meginreglur Chicago-sáttmálans, sjá 82. gr. hans. Ísland hefur eigi lögleitt ákvæði sáttmálans, sbr. auglýsingu nr. 45/1947, en úr því verður nú bætt, ef frumvarp það, sem hér liggur fyrir, verður lögfest.

III.

Rétt þykir að gefa stutt yfirlit yfir meginreglur Chicago-sáttmálans.

1. Sáttmálinn staðfestir meginreglu um drottinvald ríkis í lofti yfir landi og lofthelgi sinni (1. gr.).

2. Hann veitir réttindi til loftferða yfir land sáttmálaríkja og lendingar þar, öðrum loftförum en þeim, sem fljúga í áætlunarflugi (5. gr.).

3. Hann leggur grundvöll að alþjóða skipan loftferða (II. og VI. og XIV. til XVI. kafli).

4. Hann skapar Alþjóðaflugmálastofnun, International Civil Aviation Organization (ICAO), sem hefur það hlutverk að efla borgaralegar milliríkja loftferðir VIII.—X. kafli).

Alþjóðaflugmálastofnunin er samsett af þingi, ráði og öðrum nauðsynlegum starfsdeildum.

Þingið er skipað fulltrúum allra sáttmálaríkja, og hefur hvert ríki eitt atkvæði (48. gr.). Ráðið er fastanefnd og starfar á ábyrgð þingsins. Í því skulu 21 sáttmálaríki eiga fulltrúa, og kýs þingið þá til þriggja ára (50. gr.).

Samkvæmt 37. gr. sáttmálans skuldbinda sáttmálaríkin sig til að starfa saman að því að vinna að sem fyllstu samræmi reglna, vísireglna (standards), starfsháttа og skipunar um loftför, áhafnir, loftleiðir og aðstoðarstarfsemi í öllum efnum, þar sem slíkt samræmi auðveldar og stuðlar að framför í loftferðum, sbr. einnig 82. gr. Í þessu skyni skal ráðið, sbr. 54. gr., staflið 1, samþykkja og endurbæta, eftir því sem nauðsyn krefur á hverjum tíma, alþjóða vísireglur (standards). Sjá einnig 37. og 44. gr. sáttmálans.

Ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hefur m. a. samþykkt marga viðbæta (annexa). Þeir eru:

Viðbætir 1 um Starfsskírteini starfsliðs.
— 2 — Umferðarreglur í lofti.
— 3 — Veðurmerkjamál (Code).
— 4 — Loftferðakort.
— 5 — Mælieiningar, er nota skal við samband loftfara og flugvallar.
— 6 — Rekstrarreglur fyrir umferð í lofti.
— 7 — Þjóðernis- og skrásetningarmerki.
— 8 — Lofthæfi loftfara.
— 9 — Hagræði í alþjóða umferð í lofti.
— 10 — Fjarskiptastarfsemi í þágu loftferða.
— 11 — Skipan loftumferðarþjónustu.
— 12 — Eftirgrennslan og björgun vegna loftferða.
— 13 — Rannsókn á flugslysum.
— 14 — Flugstöðvar.
— 15 — Fréttaþjónusta loftferða.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Hin fyrri norrænu lög geyma skírgreiningu á þeim tækjum, sem töldust til loftfara. Hin nýju norrænu lög hafa fellt slíka skírgreiningu niður. Er talið, að

framfarir séu svo örar á sviði loftferða, að hvers konar skírgreining megi verða of þröng. Hin nýju svissnesku lög frá 21. desember 1948 geyma eigi heldur slíka skírgreiningu. Hin þýzka Verordnung über Luftverkehr frá 1937—1957 inniheldur hins vegar upptalningu á tækjum þessum. Frakknesku loftferðalögin frá 1924, 1. gr., segja: „tous les appareils capables de s'élever ou de circuler dans les airs." Eins og 1. gr. íslenzka frumvarpsins er orðuð, gefur hún réttarframkvæmdinni eins frjálsar hendur og þögn hinna norrænu laga. Flugmálaráðherra myndi vera rétt, ef því væri að skipta, að gefa nánari skírgreiningu á loftfari samkvæmt heimild í 188. gr. frumvarpsins.

Ákvæði frumvarpsins taka einungis til loftferða, þ. e. ferða innan lofthjúps jarðar. Tæki, er menn senda eða fara í út fyrir lofthjúpinn, eru eigi loftför í skilningi loftferðalaga. Talið er, að utan lofthjúps jarðar muni, er menn komast þangað, gilda sams konar reglur og á úthafinu. Geimurinn mun eigi lúta drottinvaldi einstakra ríkja, en hann verður eigi frekar en úthafið res nullius, þá er menn geta athafnað sig þar, heldur res communis, þ. e. undirorpinn samneyzlurétti og háður alþjóðalögum, að því er mannleg skipti varðar, en innan einstaks geimfars mun gilda réttur þess ríkis, sem geimfarið er gert út frá. Samkvæmt því, er nú var sagt, mega þeir, er fyrstir fljúga til mánans, eigi helga ríki sínu drottinvald þar, svo sem menn áður lögðu ónumin lönd undir yfirráð ríkis síns. En reynslan á eftir að skera úr, hvernig þetta verður í framkvæmd.

Um 2. og 3. gr.

I.

Þá er loftferðir tóku að tíðkast, kom upp það úrlausnarefni, hvort loftið væri frjálst öllum loftförum til umferðar eða hvort einstakt ríki hefði drottinvald í loftstólpanum yfir sína yfirráðasvæði. Í Parísarsáttmálanum frá 13. október 1919 bar drottinvaldsreglan hærri hlut. Kveðið er nú á um drottinvaldsregluna í 1. gr. Chicago-sáttmálans. Ákvæði 2. gr. frv. eru reist á sömu meginreglu.

Í 3. gr. frv. eru talin þau loftför, sem rétt er að fljúga yfir íslenzkt yfirráðasvæði. Koma þar fyrst til greina þau loftför, sem íslenzkt þjóðerni hafa samkvæmt ákvæðum 19.—23. gr. frumvarpsins, sbr. 17.—19. gr. Chicago-sáttmálans. Loftför erlends þjóðernis mega fljúga um íslenzkt yfirráðasvæði, enda hafi ríki því, sem þau teljast til, verið veittur réttur til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði. Þetta ákvæði ber að túlka í samræmi við ákvæði 2. gr. frumvarpsins um, að loftferðir um íslenzkt yfirráðasvæði séu háðar þeim takmörkunum og skilyrðum, er segir í lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim. Með 3. gr. Chicago-sáttmálans er loftfari sáttmálaríkis veittur nokkur réttur til flugs um yfirráðasvæði annars sáttmálaríkis, en loftfari, notuðu til stjórnvaldsstarfa, er eigi rétt yfirflug, nema samkvæmt sérstakri heimild hverju sinni. Samkvæmt 5. gr. sáttmálans er loftfari sáttmálaríkis, er eigi stundar áætlunarflug milli ríkja og hlítir þó fyrirmælum sáttmálans, rétt að fljúga inn á yfirráðasvæði annars sáttmálaríkis eða yfir það stanzlaust eða lenda þar í öðru skyni en fjárafla (to make stops for non-traffic purposes), þ. e. til annars en að taka eða skilja eftir farþega, flutning eða póst, sbr. 96. gr. d-lið sáttmálans, en hvert sáttmálaríki geymir sér rétt að krefjast þess, að loftför, sem halda vilja áfram yfir svæði, sem ólendandi er á eða hafa ófullkomin loftsiglingatæki, fari eftir settum leiðum eða fái sérstakt leyfi til slíks flugs, sbr. 88.—91. gr. frumvarpsins um umferð í lofti.

Það virðist leiða af 2. mgr. 5. gr. sáttmálans, að loftfar sáttmálaríkis megi taka eða skilja eftir farþega, flutning og póst í öðru sáttmálaríki, þá er eigi er um áætlunarflug að tefla og eigi er tekin þóknun fyrir.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. sáttmálans er loftfari sáttmálaríkis rétt að taka eða skilja eftir farþega, flutning eða póst fyrir þóknun á yfirráðasvæði annars sáttmálaríkis, enda stundi loftfarið flug, annað en áætlunarflug. En þó skal því ríki,

þar sem farþegar eru teknir, heimilt að setja þær reglur og skilmála eða takmarkanir, sem æskilegar kunna að þykja.

Vafi hefur verið talinn á því, hvort skilja eigi þetta síðastnefnda ákvæði þannig, að ríki geti sett það skilyrði, að leyfi sé veitt fyrirfram. Í framkvæmd hefur ákvæðið verið skilið þannig, en sá skilningur þykir hins vegar samrýmast illa anda sáttmálans.

II.

Hinn 30. apríl 1956 var í París gerður sáttmáli milli Evrópuríkja um loftferðir, sem eigi eru reglubundnar (Multilateral Agreement on Commercial Rights of non scheduled Air Services in Europe). Ísland er aðili að sáttmála þessum. Í upphafi hans segir, að sáttmálaríkin vilji veita loftförum, sem fljúga eigi reglubundið flug í öðru skyni en fjárafla og eigi skaða áætlunarflug í ríkjunum, leyfi til að ferma eða afferma farþega eða varning á yfirráðasvæðum sínum.

Samkvæmt 2. gr. skulu eftirtaldar loftferðir vera undanþegnar leyfi hverju sinni:

1. Flug í mannúðarskyni eða til björgunar úr neyð.
2. Mannflutningar í loftfari, sem eigi tekur meira en 6 farþega, enda sé loftfarið leigt til þeirrar ferðar sérstaklega og aflögurými eigi selt almenningi.
3. Farmsamningsflug, enda hafi einstaklingur eða félag tekið allt rými loftfarsins til flutnings á starfsfólki sínu eða varningi sínum og aflögurými eigi boðið öðrum.
4. Einstakar loftferðir, enda noti umráðendur loftfars það í mesta lagi einu sinni í mánuði til loftferða milli tveggja endastöðva.
5. og 6. Farm- og farþegaflug milli staða, þar sem áætlunarflug er eigi framkvæmt, svo að nægilegt sé, enda megi sáttmálaríki taka fyrir slíkar loftferðir, ef það telur áætlunarflug sitt bíða hnekki af.

III.

Loftfar sáttmálaríkis Chicago-sáttmálans má eigi stunda fast áætlunarflug til annars sáttmálaríkis né yfir því, nema sérstakt leyfi eða önnur heimild þess ríkis komi til, sbr. 6. og 96. gr. sáttmálans. Í 1. gr. milliríkja-sáttmála um viðkomuréttindi loftfara, sbr. auglýsingu nr. 45/1947, fylgiskjal II (International Air Services Transit Agreement) veita sáttmálaríki þau, er að sáttmála þessum standa, hvert öðru eftirtalin loftferðaréttindi í áætlunarbundnu millilandaflugi:

1. Réttindi til að fljúga yfir yfirráðasvæði sitt án þess að lenda.
2. Réttindi til viðkomu án viðskipta í fjáröflunarskyni, þ. e. til annars en að taka eða skilja eftir farþega, flutning eða póst, svo sem til að taka brennsli og láta fara fram viðgerðir, sbr. 96. gr. d. Chicago-sáttmálans.

Samkvæmt 2. gr. sáttmálans um viðkomuréttindi skal framkvæmd ofangreindra réttinda vera í samræmi við ákvæði Chicago-sáttmálans. Sáttmálaríki, sem veitir loftferðafyrirtæki annars sáttmálaríkis heimild í öðru skyni en fjárafla, er samkvæmt 3. gr. rétt að krefjast þess, að loftferðafyrirtækið taki að sér verzlunarflug í hæfilegum mæli til staða, þar sem slíkar loftferðir eiga sér stað. Eigi skal gera upp á milli flugfyrirtækja, sem fljúga á sömu leið, og taka skal tillit til burðarmagns loftfara, venjulegs og eðlilegs rekstrar á þeirri alþjóða loftleið, sem um er að tefla. Samkvæmt 4. gr. mega sáttmálaríkin setja ýmis skilyrði um flugleiðir og lendingarstaði. Loks áskilja sáttmálaríki sér með 5. gr. að afturkalla eða neita um leyfi til flugfyrirtækis annars ríkis, þá er eigi þykir sannað, að hinn raunverulegi eignarréttur og eftirlit með flugfyrirtækinu (substantial ownership and effective control) sé í höndum ríkisborgara í sáttmálaríki, eða flugfyrirtækið hlíti eigi lögum þess ríkis, þar sem það rekur loftferðir, eða fullnægir eigi skyldum sínum samkvæmt sáttmálanum.

Chicago-sáttmálinn og viðkomusáttmálinn veita loftförum þannig mjög takmörkuð réttindi. Hinn 7. desember 1944 var í Chicago undirritaður alþjóða loftflutningasáttmáli (International Air Transport Agreement). Samkvæmt honum veita sáttmálaríkin hvert öðru hin svonefndu fimm loftferðaréttindi til handa loftförum hvers annars, en þau eru:

1. Réttur til loftferða um yfirráðasvæði sáttmálaríkis.
2. Réttur til að lenda án viðskipta í fjáraflaskyni, t. d. til að taka brennsli o. s. frv.
3. Réttur til að flytja til annars sáttmálaríkis frá heimalandi sínu farþega, farm og póst.
4. Réttur til að flytja til heimalands síns frá öðru sáttmálaríki farþega, farm og póst.
5. Réttur til að flytja yfirleitt frá einu sáttmálaríki til annars farþega, farm og póst.

Einungis örfá ríki hafa fullgilt sáttmálann um alþjóða borgaralega loftflutninga, og er Ísland eigi í hópi þeirra. Svíþjóð hefur fullgilt hann, en eigi önnur Norðurlönd.

Hin einstöku ríki hafa enn mikinn beyg af því að leyfa loftförum annarra ríkja yfirleitt frjálsa för um yfirráðasvæði sitt. Beyg þessum veldur annars vegar ótti um öryggi sitt, sbr. 3. gr. Chicago-sáttmálans, og hins vegar óttinn við of mikla samkeppni. Bandaríki Norður-Ameríku óttuðust eigi samkeppnina fyrstu árin eftir heimsstyrjöldina og voru þá hlynnt frjálsum borgaralegum loftferðum, en Stóra-Bretland andstætt þeim. Síðar drógu Bandaríkin að sér höndina og höfnuðu sáttmálanum um alþjóða borgaralega loftflutninga. Ríkin hafa á síðari árum farið æ meira inn á þá braut að gera tvíhliða samninga um loftferðaréttindi, hvert handa öðru á yfirráðasvæðum sínum.

Ákvæði 83. gr. Chicago-sáttmálans veita sáttmálaríkjunum heimild til að gera slíka sáttmála, enda brjóti þeir í engu gegn Chicago-sáttmálanum. Í lokabókun við Chicago-sáttmálann er tekið upp uppkast að slíkum samningi (Form of standard agreement for provisional air routes). Bermuda-sáttmálinn, sem Bandaríkin og Bretland gerðu með sér 11. febrúar 1946, hefur haft mikil áhrif á slíka sáttmála. Veittu ríkin þar hvort öðru gagnkvæma heimild til að hefja milliríkjaloftferðir hvort um yfirráðasvæði hins með ýmsum skilyrðum og takmörkunum. Fyrirmynd að loftferðasáttmála, sem sniðinn var í mörgum greinum eftir uppkastinu frá Chicago- og Bermuda-sáttmálanum, var samþykkt á ráðstefnu í Genf 1947.

Hér er rétt að vekja athygli á 7. gr. Chicago-sáttmálans, en þar er kveðið svo á, að hvert sáttmálaríki hafi rétt til að synja loftförum annars ríkis um leyfi til að taka gegn endurgjaldi eða leigugjaldi innanlands þess farþega, farm eða póst, sem flytja skal á annan stað innanlands. Hvert sáttmálaríki skuldbindur sig til að gera eigi sáttmála, er veiti sérstaklega slík sérréttindi nokkru öðru ríki né að áskilja sér slík sérréttindi í öðru ríki. Um þetta efni gilda ákvæði 81.—83. gr. frumvarpsins.

Með 22. gr. Chicago-sáttmálans tekst hvert sáttmálaríki á hendur að gera allar framkvæmanlegar og haganlegar ráðstafanir með setningu reglna eða á annan hátt til að auðvelda loftferðir og flýta þeim milli landa sáttmálaríkjanna og afstýra töfum loftfara, farþega og farms, einkum með skjótri framkvæmd laga um innflutning fólks, sóttkvíum og afgreiðslu. Enn skuldbindur hvert sáttmálaríki sig með 37. gr. sama sáttmála til að beita alþjóða vísireglum (standards) og alþjóða úrræðum, er Ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar mælir með til eflingar greiðum loftferðum, sbr. 54. gr. 1 sáttmálans.

Samkvæmt 11. gr. Chicago-sáttmálans skal, með þeim takmörkunum, sem leiðir af sáttmálanum, beita lögum og reglugerðum hvers sáttmálaríkis, sem varða komu loftfara í millilandaflugi, stjórn þeirra og brottför, um öll loftför sáttmálaríkjanna, án mismunar vegna þjóðernis. Skulu loftför hlíta reglum þessum, og samkvæmt 13. gr. sáttmálans skal hlíta lögum og reglugerðum sáttmálaríkis um innflutning,

landtöku og útflutning farþega, áhafnar og farms, t. d. reglugerðum um innflutning, afgreiðslu, vegabréf, tollskoðun, sóttkvíun o. s. frv.

Í samræmi við það, er nú var sagt, skal beita íslenzkri löggjöf bæði um íslenzk og erlend loftför á íslenzku yfirráðasvæði. Þetta gildir t. d. um lofthæfi loftfars samkv. 24., 25. og 27. gr. frumvarpsins, en lofthæfisskírteini heimaríkis nægir hinu erlenda loftfari samkvæmt 31. og 33. gr. Chicago-sáttmálans. Íslenzk löggjöf tekur og hér á landi yfir erlend loftför, að því er varðar áhöfn þeirra samkvæmt 34. og 35. gr. frumvarpsins, umferð þeirra í lofti samkv. 89.—90. gr. frumvarpsins, lendingarskyldu samkv. 90. gr. frumvarpsins, flutning þeirra á hergögnum samkv. 91. gr. frumvarpsins, skaðabótaskyldu umráðenda þeirra samkv. 132. gr. frumvarpsins, vátryggingarskyldu samkv. 136. gr. frumvarpsins og hald á loftförum samkv. 147. og 148. gr. frumvarpsins. Erlend loftför hlíta V. kafla frumvarpsins, eftir því sem ráðherra ákveður.

Beita skal hér á landi íslenzkri löggjöf um vegabréf, sóttvarnir og tollgæzlu, að því er erlend loftför varðar.

Um merkingu erlendra loftfara gilda ákvæði 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins og 20. gr. Chicago-sáttmálans.

Ákvæði 68.—77. gr. Chicago-sáttmálans geyma reglur um loftleiðir þær, sem loftför eins sáttmálaríkis skulu fljúga eftir á för sinni inn á yfirráðasvæði annars sáttmálaríkis, og svo um flugstöðvar, sbr. 55. og 89.—90. gr. frumvarpsins.

IV.

Samkvæmt síðustu málsgrein 3. gr. myndi flugmálaráðherra vera rétt að veita loftfari, skrásettu í ríki, er eigi hefur gert sáttmála við Ísland, leyfi til loftferða á íslenzku yfirráðasvæði, svo og loftfari, sem hvergi er skrásett og hefur enn eigi þjóðerni, t. d. loftfari, er framkvæmir prófflug, og loks loftfari, er eigi hefur verið skrásett, sbr. 11. og 19. gr. frumvarpsins. En ganga verður ráðherra vitaskuld úr skugga um, að slíkt loftfar fullnægi öryggisreglum um lofthæfi, sbr. III. kafla og 37. gr., og um áhöfn, sbr. IV. kafla frumvarpsins og 38. gr. i. f. Um skilríki slíkra loftfara er vísað til 2. mgr. 22. gr. og 3. mgr. 23. gr.

V.

Rétt er að vekja athygli á refsiákvæðum 152. og 155. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í 9. gr. a-lið Chicago-sáttmálans er svo kveðið á, að hvert samningsríki geti af hernaðarnauðsyn eða vegna almenns öryggis takmarkað eða bannað algerlega loftförum annarra ríkja að fljúga yfir sérstök svæði, enda sé engin mismunun gerð að þessu leyti á loftförum í milliríkja áætlunarflugi, hvort sem þau eiga heima í því ríki, sem bannið setur, eða öðru sáttmálaríki. Slík bannsvæði skulu vera einungis hæfilega stór og svo í sveit sett, að þau trufli ekki loftferðir að óþörfu. Tilkynna skal Alþjóðaflugmálastofnuninni og öðrum sáttmálaríkjum um bannsvæðin og breyting á þeim. Ákvæði 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er í samræmi við þetta sáttmálaákvæði.

Rétt er sáttmálaríki samkvæmt 9. gr. b-lið nefnds sáttmála að takmarka eða banna loftferðir um hluta af eða allt yfirráðasvæði sitt án fyrirvara, enda sé það nauðsynlegt af öryggisástæðum, t. d. á styrjaldartímum, en bannið verður þá að taka til loftfara allra ríkja. Athuga ber einnig 89. gr. Chicago-sáttmálans, er veitir sáttmálaríki aukinn rétt til að banna loftferðir um yfirráðasvæði sitt á styrjaldar- og hættutímum. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er í samræmi við nefnt ákvæði sáttmálans.

Brot gegn 4. gr. varðar refsingu samkvæmt 166. gr.

Um 5. gr.

Ríki hvert hefur drottinvald á sínu yfirráðasvæði, en eðli máls samkvæmt beita ríki eigi lögum sínum gegn erlendum loftförum, nema hagsmunir þeirra séu í húfi. Alþjóðalög takmarka og nokkuð rétt þeirra í þessu efni, bæði sáttmálar og venjureglur. Var um þessi efni rætt nokkuð við 4. gr. frumvarpsins. Chicago-sáttmálinn geymir ýmsar reglur, er þessu lúta, að því er til sáttmálaríkjanna tekur, sbr. t. d. 11. og 12. gr. hans um loftferðareglur, er einnig taka til flughafna, og svo viðbætir (annex) við þær. Samkvæmt 12. gr. tekst sérhvert sáttmálaríki á hendur að gera ráðstafanir til tryggingar því, að hvert það loftfar, sem flýgur á yfirráðasvæði þess, og sérhvert loftfar, sem ber þjóðernismerki þess, skuli alls staðar fara eftir reglum og reglugerðum um loftferðir og stjórn loftfara, sem þar gilda. Einnig skuldbindur hvert sáttmálaríki sig til að laga heimalög sín um þessi efni eftir þeim reglum, sem settar eru samkvæmt sáttmálanum. Ýmis ákvæði sáttmálans setja heimaríki loftfars reglur, t. d. 20. gr. um þjóðernis- og skráningarmerki, 29. gr. um skjöl loftfara, 30. gr. um radíóútbúnað, 31. gr. um lofthæfisskírteini, 34. gr. um loftferðabækur. Önnur ákvæði veita sáttmálaríki heimild til að banna tiltekinn flutning um yfirráðasvæði sitt, svo sem hergögn, sbr. 35. gr. sáttmálans, ljósmyndatæki, sbr. 36. gr. hans. *Almenna regla alþjóðalaga er sú, að ríki hvert ber meginábyrgð á því, að loftför þess fullnægi, hvar sem þau eru, settum alþjóðareglum um flughæfi og öryggi.* Íslenzk loftför verða því t. d. að fullnægja, þá eru þau erlendis, ákvæðum III. kafla um lofthæfi, IV. kafla um áhöfn og V. kafla um flugstjóra og flugstarfa og svo ákvæði 136. gr. um vátryggingu. Í góðu samræmi við þetta eru ákvæði 26. gr. Chicago-sáttmálans, þar sem heimaríki loftfars er veittur réttur til að hafa trúnaðarmann við rannsókn út af slysi, sem loftfarið verður fyrir erlendis, eða út af tæknigöllum á því.

Ríki hafa vitaskuld rétt til að tryggja hagsmuni sína gagnvart erlendum loftförum. Um lofthæfi erlendra loftfara hér og áhöfn gilda 24., 25., 27., 34. og 35. gr. Í 53. gr. frumvarpsins segir, að flugmálaráðherra sé veitt heimild til að kveða á um, að hve miklu leyti ákvæði V. kafla um flugstjóra og flugstarfa skuli taka til erlends loftfars á íslenzku yfirráðasvæði, en það leiðir af öðrum ákvæðum frumvarpsins, að ákvæði sett samkv. 53. gr. mega eigi brjóta gegn löglega gerðum millirikjasáttmálum.

Ákvæði 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins taka til loftflutninga, sem samkvæmt reglum íslenzks alþjóðlegs einkamálaréttar hlíta íslenzkum lögum og eigi er skipað með Varsjársáttmálanum. Verður vikið að ákvæðinu í sambandi við IX. kafla frumvarpsins.

Um II. kafla.

Ákvæði III. kafla Chicago-sáttmálans varða þau efni, sem fjallað er um í II. kafla frumvarpsins. Samkvæmt 17. gr. sáttmálans skal loftfar hafa þjóðerni þess ríkis, þar sem það er skrásett. Í 18. gr. sáttmálans segir, að loftfar megi eigi að lögum skrásetja í fleiri ríkjum en einu, en fella má það af skrá í einu ríki og taka síðan á skrá í öðru ríki. Í 19. gr. sáttmálans er vísað til laga ríkja þeirra, sem í hlut eiga, um framkvæmd skrásetningar. Með 21. gr. sáttmálans er lögð skylda á samningsríki að veita Alþjóðaflugmálastofnuninni og öðrum sáttmálaríkjum vitneskju um skrásetningu og eignarrétt til loftfara, sem skrásett eru í ríkinu. Í sambandi við III. kafla sáttmálans er rétt að benda á viðbæti (annex) 7: Aircraft Nationality and Registration Marks (júlí 1949), er geymir reglur um merkingu loftfara og skráningu. Í 7. tl. viðbætisins er kveðið á, að skrásetningarvottorð skuli veita vitneskju um þjóðernis- og skrásetningarmerki framleiðanda loftfars, heiti það, er hann hefur gefið því, verksmiðjunúmer þess, nafn eiganda þess og heimilisfang. Töluliður 7, 2 fyrirskipar, að skráningarvottorðið skuli alltaf vera í loftfari.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins segir, að flugmálastjórnin skuli halda skrá um loftför (þjóðernisskráning). Hér er rétt að benda á ákvæði 187. gr., en þar segir, að flugmálaráðherra ákveði, hverjir fari með vald flugmálastjórnar eftir lögum þessum, að því leyti sem sérlög skipa eigi því efni. Lög nr. 119/1950 um stjórn flugmála eru nú í gildi og svo starfsreglur fyrir flugráð nr. 102/1955. Í núgildandi lögum nr. 32/1929 um loftferðir er svo kveðið á, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefi út skrásetningarvottorð og hafi skráninguna á hendi. Eftir frumvarpinu þarf engin breyting að verða á þessu, þótt flugmálaráðherra sé veitt meira frjálsræði um skipan þessara mála, en yfirstjórn þeirra ber undir hann. Hann á lokaorð stjórnsýsluvalds um, hvort loftfar megi skrásetja, en lagaleg atriði um það mundi mega bera undir dómstóla, þótt eigi sé það sagt berum orðum í frumvarpinu. Um skip er það berum orðum sagt í 11. gr. laga nr. 17/1948 um skráning skipa.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 17/1948 eru skráningarskyld öll skip 6 metrar á lengd eða stærri. Í 3. gr. laga nr. 32/1929 um loftferðir segir, að loftfar skuli skrásetja á Íslandi. ef það á að telja íslenzka eign. Í 6. gr. frumvarpsins segir, að flugmálastjórnin skuli halda skrá um loftför (þjóðernisskráning). Samkvæmt þessu er eigi skylt að skrásetja loftfar, sem er í eigu íslenzks aðilja og fullnægir skilyrðum til skrásetningar, sbr. 10. gr. frumvarpsins („skrásetja skal loftfar samkvæmt skriflegri umsókn eiganda þess") og 19. gr. frumvarpsins („Nú er loftfar skráð samkvæmt 11. gr. og hlýtur það íslenzkt þjóðerni"), sbr. 3. gr. a. og c. frumvarpsins: „Loftfari er rétt að fljúga yfir íslenzkt yfirráðasvæði, enda hafi það íslenzkt þjóðerni" eða fái til þess sérstakt leyfi, eftir 3. gr. c.

Um 7. gr.

Í Parísar-sáttmálanum frá 1919 var sáttmálaríki hverju lögð sú skylda á herðar að skrásetja eigi önnur loftför en þau, sem væru eign ríkis, borgara þess ríkis eða félaga, þar sem borgarar ríkisins hefðu tögl og hagldir. Þessi skylda var felld niður í viðaukasáttmála frá 1929. Slík kvöð hefur eigi verið tekin upp í Chicagosáttmálanum, og alþjóða skuldbinding slíks efnis er eigi fyrir hendi. Allt að einu hafa ríki reglu þessa í löggjöf, þar á meðal Norðurlönd í hinum nýju loftferðalögum sínum, Vestur-Þýzkaland í Luftverkehrsgesetz frá 10. janúar 1959, 3. gr. Samkvæmt 54. gr. svissnesku loftferðalaganna frá 21. desember 1948 er hins vegar rétt að skrásetja loftfar erlends ríkisborgara, sem búsettur er í Sviss, enda hafi loftfarið heimastöð í Sviss. Samkvæmt The Air Navigation Order nr. 972/1960, 2. gr., er skilyrði m. a. til skrásetningar loftfars í Bretlandi, að eigendur þess séu brezkir borgarar eða borgarar írska lýðríkisins, „British protected persons", eða lögaðili, sem skrásettur er einhvers staðar í Samveldinu, enda hafi hann aðalstöð sína einhvers staðar í Samveldinu.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 32/1929 er það skilyrði skrásetningar, að loftfar sé algerlega eign íslenzkra ríkisborgara eða í vörzlu íslenzkra ríkisborgara, ef nota á það um lengri tíma en þrjá mánuði. Erlendir menn, búsettir á Íslandi, hafa þannig eigi rétt til að skrásetja hér loftför sín. Ríki leyfa ríkisborgurum sínum einum að skrásetja loftför í því skyni að tryggja sig á ófriðar tímum og einnig til að tryggja sig gegn þeirri ábyrgð á loftförum, sem skrásetningarríki tekur á sig. Eigi virðist ástæða fyrir Íslendinga að ganga lengra en önnur Norðurlönd í því að heimila skrásetningu. Frumvarpið setur gleggri og strangari skilyrði en lög nr. 32/1929 fyrir skrásetningu loftfara, er félög eiga.

Skrásetjari verður að gæta fyllstu varúðar við skrásetningu, heimta skilríki fyrir ríkisborgararétti þeirra, sem í hlut eiga, krefjast samþykkta og skráningarskilríkja þeirra félaga, sem skrásetja vilja loftför o. s. frv. Er flugmálaráðherra rétt að setja um þetta nánari reglur, ef þurfa þykir, samkvæmt 188. gr. frumvarpsins.

Um e. Samtök táknar hér félagsskap, sem nefndur er á dönsku og norsku „foreninger og lignende sammenslutninger“. Hér er gerð krafa um, að stjórnarmenn séu íslenzkir ríkisborgarar og búsettir á Íslandi og ⅔ samtakamanna íslenzkir ríkisborgarar.

Um f. Í dönsku lögunum er gerð sú krafa, að hlutabréf þau, sem danskir ríkisborgarar verða að eiga, séu skráð á nafn. Þótt það sé eigi beinum orðum tekið fram í frumvarpinu, leiða sönnunarreglur, ef til vill, til þess, að rétt sé að krefjast þess. Flugmálaráðherra er rétt að kveða nánar á um þetta, sbr. 188. gr.

Þeir aðiljar, sem getur í a—b og d—e, eru settir á bekk með íslenzkum ríkisborgurum.

Um g. Hér koma til greina einkum samvinnufélög og félög áþekk þeim.

Um h. Nú eiga menn í félagi loftfar og bera allir fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsskaparins, og verða þeir þá allir að vera íslenzkir ríkisborgarar.

Loks ber að vekja athygli á síðustu málsgrein 7. gr., þar sem flugmálaráðherra er veitt heimild að veita undanþágu frá skilyrðum greinarinnar, þá er um er að tefla loftfar, er heimastöð hefur á Íslandi og er í stöðugri notkun. Hér gæti t. d. verið um að ræða loftfar, sem íslenzkir aðilar kaupa með áskildum eignarréttarfyrirvara erlends seljanda, unz greitt er að fullu, og loks sér í lagi loftfar erlends eiganda, sem er búsettur á Íslandi, sbr. 54. gr. svissnesku laganna.

Vitaskuld má slíkt loftfar þá eigi standa á skrá í öðru ríki, sbr. 8. gr.

Í b-lið 13. gr. frumvarpsins er flugmálaráðherra enn fremur veitt heimild til að láta skráningu haldast, þá er skilyrðum 7. gr. var fullnægt við skráningu, en þau eru eigi lengur fyrir hendi, t. d. þá er einn stjórnandi hlutafélags, sem rekur loftferðir, gerist erindreki félagsins erlendis.

Ákvæði 83. gr. frumvarpsins bindur leyfi til loftferða innanlands, reglubundinna eða í fjárafla skyni, því skilyrði, að leyfishafi fullnægi skilyrðum til skrásetningar á loftfari, þeim er í 7. gr. getur. Rétt er flugmálaráðherra þó að bregða af þessu, þá er alveg sérstaklega stendur á.

Sjá refsiákvæði 153. gr.

Um 8. gr.

Í 18. gr. Chicago-sáttmálans er svo kveðið á, að loftfar megi eigi standa á skrá, nema í einu ríki. Loftfar hlýtur þjóðerni þess ríkis, þar sem það stendur á skrá. Það og áhöfn þess hlítir fyrst og fremst lögum heimaríkisins.

Ákvæði 2. mgr. 8. gr. eru í samræmi við ákvæði 9. gr. sáttmála, sem gerður var í Genf 19. júní 1948 um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum. Ísland undirritaði sáttmála þenna á sínum tíma, en hefur eigi fullgilt hann. Ákvæði 2. mgr. 8. gr. geyma lagaheimild til framkvæmdar á 9. gr. Genfarsáttmálans eða öðru slíku sáttmálaákvæði, ef fullgilt verður.

Nú er beiðzt hér á landi skrásetningar á loftfari, er áður hefur verið skrásett í öðru ríki, og ber hinum íslenzka skrásetjara þá að krefjast embættisvottorðs frá hinum erlenda skrásetjara um, að loftfarið hafi verið fellt þar af skrá. Svo ber og að krefjast vottorðs hins erlenda skrásetjara eða annars bærs stjórnvalds erlendis um niðurfall réttinda, sem á loftfari hafi hvílt.

Um 9. gr.

Um ákvæði greinar þessarar þarf eigi að fjölyrða, en rétt er að benda á, að með 155. gr. frumvarpsins er lögð refsing við því að nota loftfar, sem eigi er lofthæft, og gildir sú regla, hvort sem loftfar er skrásett eða eigi, og skv. 157. gr. frumvarpsins varðar það refsingu að nota loftfar til loftferða, þá er eigi er fyrir hendi lögmælt trygging, er það varðar skv. 136. gr.

Um 10. gr.

Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins er eiganda loftfars einum rétt að æskja skráningar, enda ber honum að sanna eignarrétt sinn til loftfarsins. Frá valdstjórnar-

sjónarmiði skiptir það miklu, að loftför þau, sem skrásett eru sem eign íslenzkra aðilja, séu það í raun og veru, þar sem valdstjórninni ber að hafa sérstakt eftirlit með lofthæfi þeirra og áhöfn og hlýðni þeirra við settar reglur, bæði íslenzkar og alþjóðlegar. Frumvarpið geymir eigi reglur um, með hverjum hætti aðilja ber að sanna eignarrétt sinn til loftfars, en rétt er flugmálaráðherra samkvæmt 188. gr. frumvarpsins að setja reglur, er hér að lúta. Í 7. gr. laga nr. 32/1929 segir m. a.: Í skrásetningarbeiðni skal taka fram nafn og heimili eiganda, enn fremur starfsgrein loftfarsins og annað það, er ráðuneytið kann að krefjast. Skráningarbeiðni skal fylgja yfirlýsing um, hvort loftfarið hafi verið skrásett í öðru ríki. Reglur þessar má hafa til hliðsjónar. En nauðsyn ber til að rannsaka heimildir skráningarbeiðanda gaumgæfilega. Afla þarf t. d. vættis starfsmanna eiganda, ef hann hefur sjálfur staðið fyrir smíði loftfarsins, en annars kaupsamnings og smíðasamnings ásamt kvittunum fyrir greiðslu kaupverðs, ef eigandi hefur látið smíða loftfarið. Nú hefur ætlaður eigandi keypt loftfarið fullbúið, og verður þá að rannsaka heimildir seljenda eða sannindaskjöl þeirra (legitimation), ef því er að skipta. Ef loftfarið hefur áður verið skrásett erlendis, myndi oft nægja sönnun fyrir því, að sá, er síðast var skráður eigandi erlendis, hafi selt skrásetningarbeiðanda loftfarið. Stundum er skrásetningarbeiðanda eigi unnt að sanna eignarrétt sinn með framangreindum hætti, hann hefur t. d. keypt loftfarið úr úrgangsbirgðum erlendrar herstjórnar, og er skrásetjara þá rétt að birta opinberlega áskorun til þess, sem kann að telja sig eiganda, að gefa sig fram, áður en liðinn er frestur, sem eigi má vera styttri en tveir mánuðir. Nú gefur enginn sig fram, og er skrásetjara rétt að viðurkenna eignarheimild beiðanda, enda geri hann sennilegt, að hann sé eigandi.

Sú meðferð, sem nú var lýst, fellir í sjálfu sér eigi úr gildi rétt þriðja manns, sem kynni að eiga tilkall til loftfarsins, og kynni hann allt að einu að geta haft uppi brigða-kröfu, en hún getur síðar fallið niður, er skráður aðili ráðstafar loftfarinu.

Í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins er svo mælt, að geta skuli í skrásetningarbeiðni um eignarréttarfyrirvara og önnur slík höft, er hvíla kunna á loftfari. Ef eignarréttur er áskilinn, unz kaupverð er greitt til erlends aðilja, þarf beiðni hans um skrásetningu að liggja fyrir, og má þá skrásetja loftfarið samkvæmt undanþáguheimildinni í 7. gr. i. f. frumvarpsins, enda sé loftfarið fellt af skrá erlendis. Sjá 15. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana.

Ákvæði 153. gr. leggur refsingu við því að gefa rangar eða ófullnægjandi skýrslur, þá er loftfar er tilkynnt til skráningar.

Um 11. gr.

Í 8. gr. laga nr. 32/1929 eru rakin þau atriði, sem á skrá skal setja. Í 11. gr. frumvarpsins eru sams konar atriði talin upp. Eru þau mörg hin sömu í frumvarpinu og í lögunum. Nýtt er það í frumvarpinu, að flugmálaráðherra er veitt heimild til að láta skrásetja fleiri skýrslur en krafizt er beinum orðum. Fellt er niður það skilyrði, að tölumerki loftfars sé skrásett. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 32/1929 skal skrásetningarbeiðni fylgja sönnun fyrir, að vátryggt sé samkvæmt 34. gr. laganna, til tryggingar skaðabótagreiðslum, og samkvæmt 8. gr. þeirra laga skal skrásetja athugasemd um vátrygginguna. Þessi skilyrði hafa nú verið felld niður. Ákvæði um vátryggingu til tryggingar skaðabótum eru í 136. gr. frumvarpsins.

Vátrygging er samkvæmt því notkunarskilyrði, en eigi skrásetningar. Það varðar eiganda loftfars eða umráðanda refsingu samkvæmt 157. gr., ef hann notar loftfar til loftferða, þótt eigi sé fyrir hendi lögmælt trygging, er það varðar, samkvæmt 136. gr.

Um 12. gr.

Grein þessi kemur í stað 9. gr. laga nr. 32/1929. Svo sem sagt hefur verið, er eigi mælt í frumvarpinu, að loftför skuli skrásetja. En loftfar fær eigi íslenzkt þjóðerni fyrr en það er skrásett. Af því leiðir samkvæmt 3. gr. frumvarpsins, að óskrá-

sett loftfar má eigi fljúga yfir íslenzkt yfirráðasvæði nema samkvæmt sérstöku leyfi. Brot gegn þessari reglu varðar refsingu samkvæmt 152. gr.

Annað mál er það, að frumvarpið krefst þess, að það sem skráð er, sé rétt og satt, eigi einungis þá er skráning fer fram, heldur og síðar. Það skiptir valdstjórnina og einstaklinga meginmáli, að skrásetningarskírteini loftfars geymi hverju sinni sannar og glöggar skýrslur, sbr. einnig 29. gr. Chicago-sáttmálans. Er því í 12. gr. frumvarpsins lögð skylda á alla aðilja, bæði einkaaðilja og opinbera starfsmenn, að tilkynna skrásetjara breytingar, sem verða á eignarheimild að loftfari, þjóðerni eiganda þess, útliti loftfars, sem skiptir máli um kennsl á því, o. s. frv. Brot gegn þessu varðar refsingu samkvæmt 153. gr. frumvarpsins. Skrásetjara ber að rannsaka allt, sem að þessu lýtur.

Um 13. gr.

Grein þessi kemur í stað 10. gr. laga nr. 29/1932. Nýmæli er það, að loftfar skal strika af skrá samkvæmt beiðni eiganda þess. Er það í samræmi við þá stefnu frumvarpsins, að eigi er skylda að skrásetja loftför eftir frumvarpinu. En hér við eiga ákvæði 14. gr., að eigi skal fella loftfar af skrá, nema sá, sem veð eða annað haft á í loftfari, samþykki.

Beiðni um afskráningu verður að berast frá eiganda loftfars. Nú hefur loftfar verið keypt með áskildum eignarréttarfyrirvara, unz kaupverð er greitt, og skráning verið framkvæmd um það samkvæmt 7. gr., síðustu mgr,. 10. gr. og 15. gr., og ber þeim, er selur þannig, að standa að beiðninni með kaupanda.

Í b-lið 13. gr. er nýmæli þess efnis, að flugmálaráðherra er rétt að leyfa loftfari að haldast á skrá, þótt það fullnægi eigi lengur skilyrðum til að standa þar, t. d. þá er eigandi hefur misst íslenzkt ríkisfang, en heldur heimilisfesti sinni á Íslandi áfram, meira en ⅓ hlutafjár er eign útlendinga, o. fl. Rétt væri flugmálaráðherra að setja reglur um þessi efni skv. 188. gr. frumvarpsins.

Þá er tilvik þau, sem greinir í b—d, eru fyrir hendi, skal eigandi tilkynna það skráningaryfirvöldum, og ber þeim þá að strika loftfar af skrá.

Rétt er að geta þess, að skv. síðustu mgr. 13. gr. er aðilja veittur nokkur frestur til að gera loftfar lofthæft að nýju, þá er lofthæfisskírteini það, er fyrir hendi var við skráningu skv. 9. gr., er úr sér gengið.

Athuga ber ákvæði 20. gr. um skyldu eiganda eða fyrri eiganda, ef loftfar er selt úr landi, til að senda skrásetjara þjóðernis- og skrásetningarskíreini, þá er eigandaskipti hafa orðið að loftfari eða breytingar hafa orðið á skráðum atriðum. Sjá refsiákvæði 153. gr.

Um 14. gr.

Í 14. gr. segir, að eigi skuli fella loftfar niður af þjóðernisskrá, sé skráð haft á því, nema rétthafi samþykki. Með skráðu hafti er átt við veð fyrir fjárkröfu, afnotarétt, rétt kaupanda, er keypt hefur loftfarið að áskildum eignarréttarfyrirvara, enda séu réttindin skráð. Í stað niðurfellingar af skrá skal gera athugasemd um það tilvik, sem leiða hefði átt til niðurfellingar, og hefur athugasemdin sömu verkun sem afmáning af skrá að öðru en því, að haftið helzt. Þessar reglur eru settar með hliðsjón af ákvæðum 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. Genfar-sáttmálans frá 19. júní 1948, um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum. Athuga einnig ákvæði 20. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Ákvæði greinar þessarar fjallar fyrst og fremst um sölu íslenzks skrásetts loftfars, þá er það er selt með eignarréttarfyrirvara.

Nú er loftfar keypt að áskildum eignarrétti seljanda, unz kaupverð er greitt, og ber að líta á seljanda sem eiganda, að því er skrásetningu varðar. Ef loftfar er keypt af erlendum eiganda, að áskildum eignarrétti hans, er ráðherra rétt, fullnægi kaupandi ákvæðum 7. gr., að veita leyfi skv. 7. gr. i. f. til að skrásetja loftfarið hér á landi, en fella verður það þá af skrá erlendis, hafi það verið þar á skrá áður.

Flugmálastjórnin ber allvíðtæka ábyrgð á því, að íslenzk skrásett loftför fullnægi settum reglum um lofthæfi, áhöfn, umferð í lofti, vátryggingu o. fl. Umráðanda loftfars ber því samkv. frumvarpinu að gefa flugmálastjórninni margs konar skýrslur og hlíta fyrirmælum hennar. Mörg ákvæði frumvarpsins taka þannig til leigutaka loftfars, t. d. 30., 31., 34., 132., 136., 137., 143., 152., 155., 157., 165. og 182. gr., sjá einnig 22., 43., 91. og 92. gr.

Ákvæði 15. gr. um skrásetningu eignarréttarfyrirvara og leigu miða að því að tryggja, að flugmálastjórnin hafi glöggva vitneskju um, hver er umráðandi skrásetts loftfars.

Samkvæmt 3. gr. sáttmála, sem undirritaður var í Róm 7. október 1952, um tjón, sem erlend loftför valda þriðja aðila á jörðu niðri, ber leigusali eigi ábyrgð ásamt leigutaka, þá er leigutími er lengri en 14 dagar. Ákvæði 15. gr. frumvarpsins taka tillit til þessa ákvæðis sáttmálans, þótt Ísland sé enn eigi orðið aðili að honum.

Sjá refsiákvæði 153. gr.

Um 16. gr. — sbr. 21. gr.

Nú viðurkennir flytjandi, að varningur sé týndur eða glataður, eða varningur er eigi kominn á áætlunarstað í síðasta lagi 7 dögum eftir áætlun, og er þá viðtakanda rétt að leita réttar síns samkvæmt flutningssamningi gegn flytjanda, þ. e. hann getur krafizt:

a. efnda, ef flytjanda er unnt að hafa upp á varningi, og auk þess tafabóta samkvæmt 19. gr.;
b. bóta vegna glötunar varnings samkvæmt 18. gr. og auk þess tafabóta samkvæmt 19. gr., ef því er að skipta.

Ákvæði 12., 13. og 14. gr. varða eigi skipti sendanda og viðtakanda né skipti þriðja aðila, er leiðir rétt sinn frá öðrum hvorum hinna, t. d. lánardrottinn, sem hefur lánað fé gegn tryggingu í flugfarmbréfi.

Ákvæði 12. og 13. gr. eru samkvæmt 15. gr. hjákvæmileg, enda sé fráviks skilmerkilega getið í flugfarmbréfi.

IATA skilmálar geyma ýtarlegar reglur um flugfarmbréf. Að því leyti sem þær reglur eru frábrugðnar reglum sáttmálans, verður að geta þeirra í flugfarmbréfi samkvæmt 15. gr., eigi þær að koma til framkvæmda.

Samkvæmt sáttmálanum eru flugfarmbréf eigi traustnæm (negotiable) eins og farmskírteini sjóréttarins, en eigi bannar sáttmálinn að gera megi flugfarmbréf traustnæm með innanlandslögum. Í IX. gr. sáttmálaaukans er mælt, að ekkert ákvæði sáttmálans skuli girða fyrir útgáfu traustnæmra flugfarmbréfa, þ. e. að afhending flugfarmbréfs jafngildi afhendingu varningsins sjálfs, eftir því sem unnt er.

Um ábyrgð flytjanda.

Nr. 20. Varsjársáttmálinn geymir ákvæði um ábyrgð flytjanda á farþegum. Farþegi er sá, sem tekur sér far með loftfari samkvæmt samningi. Um skipti flytjanda og farþjófs eru engin ákvæði í sáttmálanum. Dæma ber þau skipti eftir lögum þess lands, sem málið ber undir samkvæmt reglum hins alþjóðlega einkamálaréttar. Starfsmenn flytjanda, svo sem flugverjar og aðrir, sem ferðast með í loftfari flytjanda í starfserindum fyrir hann, eru eigi farþegar, sem sáttmálinn tekur til.

Það leiðir af ákvæðum 24. gr. sáttmálans, að eigi má auka ábyrgð flytjanda með innanlandslögum fram yfir það, sem segir í sáttmálanum:

a. Flytjandi er samkvæmt 17. gr. sáttmálans ábyrgur fyrir líftjóni, líkamsmeiðslum eða heilsutjóni farþega, sem hljótast af slysi, sem verður í loftfari eða þá er farið er upp í loftfar eða úr því. Slys er utanaðkomandi skyndilegt áfall, ákoma eða áverki. Ábyrgðin tekur einnig til þess, er afleiðingar slyssins koma síðar fram, að öðrum skilyrðum fullnægðum. Deilt hefur verið um, hvort ákvæðið taki til þess, er einn farþegi skýtur eða smitar annan farþega. Oftast myndi flytjanda takast í slíku tilviki að sanna sakleysi sitt eða starfsmanna sinna. Flytjandi myndi bera ábyrgð á matareitrun farþega í loftfari sínu, enda sanni hann eigi sakleysi sitt og starfsmanna sinna. Talið er, að ábyrgðin nái til þess, er slys verður, þá er farþegar fara undir stjórn flytjanda eða starfsmanna hans frá flugstöð að loftfari eða frá því að flugstöðinni. Um niðurfall ábyrgðar, sjá 20. gr.

   Um þau efni, sem sáttmálinn lætur ósvarað, ber að dæma eftir heimalögum þess lands, sem málefnið er nánast tengt. Ef íslenzk lög taka til slyssins auk sáttmálans, ber að beita ákvæðum 264. gr. laga nr. 19/1940. Um dómstólslandið, sjá 28. gr. sáttmálans.
b. Flytjandi ber ábyrgð á tjóni, sem hlýzt af því, að skráður farangur eða varningur eyðileggst, spillist eða týnist, meðan á loftflutningi stendur, en það er tímabilið, meðan farangur eða varningur er í vörzlum flytjanda á flugvelli,

í loftfari eða við lendingu utan flugvallar, hvar sem er. Loftflutningur tekur eigi til flutnings á láði eða legi utan flugvallar, en fari slíkur flutningur fram til efnda á loftflutningssamningi með því markmiði að ferma, afhenda eða endurferma farangur eða varning, skal, unz annað sannast, við það miða, að tjónið sé afleiðing atburðar, sem gerðist, meðan á loftflutningi stóð, þ. e. líklíkur eru fyrir því, að tjónið hafi orðið í loftflutningnum.

Ábyrgð flytjanda er samkvæmt 18. gr. eigi takmörkuð við slys, svo sem þá er um flutning er að tefla, og tekur yfir víðtækara tímabil en ábyrgð á farþegum samkvæmt 17. gr. Um niðurfall ábyrgðar, sjá 20. og 21. gr.

c. Flytjandi ber samkvæmt 19. gr. ábyrgð á tjóni, sem hlýzt af drætti á loftflutningi farþega, farangurs eða varnings. Dráttur er, ef loftflutningstíminn í heild er lengri en gera mætti ráð fyrir. Óviðráðanleg atvik, svo sem veður, fella ábyrgð niður, sbr. 20. gr.

d. Um ábyrgð flytjanda á farangri, sem farþegi hefur í fórum sínum, fer að heimalögum þess lands, sem málið ber undir að alþjóðlegum einkamálarétti.

Nr. 21. Ábyrgð flytjanda samkvæmt 17.—19. gr. fellur niður:

a. ef hann sannar, að hann og starfsmenn hans hafa gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að afstýra tjóni eða þeim hafi eigi verið unnt að gera slíkar ráðstafanir. Starfsmenn flytjanda eru í þessu sambandi allir þeir, er hann lætur starfa á sínum vegum til framkvæmdar á flutningssamningi, hvort sem þeir annars eru í þjónustu hans eða eigi. Til þeirra teljast starfsmenn flugvallar, en tæplega starfsmenn valdstjórnarlegrar öryggisþjónustu né veðurþjónustu, sem eigi hlíta stjórn flytjanda.

b. Nú er vitað, hvernig tjón hefur að höndum borið, og nægir flytjanda sér til sýknu að sanna, að hann og starfsmenn hans hafi af gaumgæfni gætt allra þeirra reglna, sem settar eru til öryggis loftferðum, meðferð loftfars og um val á flugverjum, hlítt veðurfregnum o. s. frv.

c. Ef orsök slyss eða tjóns er eigi í ljós leidd, fellur ábyrgðin á flytjanda.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. fellur ábyrgð flytjanda á farangri og varningi niður, ef hann sannar, að tjónið hafi hlotizt af vanrækslu á stjórn loftfars (negligent pilotage or negligence in steering). Vanræksla flugstjóra og annarra flugverja við undirbúning flugs á jörðu niðri, áður en sjálft flugið hefst, falla eigi undir þetta undantekningarákvæði. Um þetta síðasta atriði er þó deilt. Ákvæði 2. mgr. 20. gr. taka eigi til slyss á farþegum.

Sáttmálaaukinn frá 1955 fellir niður undantekningarákvæði 2. mgr. 20. gr., þá er hann kemur til framkvæmda, sjá X. gr. hans.

Af samanburði á 20. gr. og 24. gr. sáttmálans er ljóst, að flytjandi ber eigi ábyrgð á slysi eða tjóni, sem hlýzt af leyndum lesti í loftfari, ef hann sannar að hann og starfsmenn hans hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir, svo sem að framan getur.

Nr. 22. Í 21. gr. eru ákvæði um ábyrgð tjónþolanda. Nú sannar flytjandi, að sá, sem fyrir tjóni varð, hafi sjálfur verið valdur eða samvaldur tjónsins, og er dómstóli þeim, sem málið ber undir samkvæmt ákvæðum 28. gr., rétt að færa niður eða fella niður skaðabætur úr hendi flytjanda, eftir þeim ákvæðum, sem um það gilda í heimalögum dómstólsins. Sum Bandaríkjanna fella skaðabætur alveg niður, ef tjónþolandi er samvaldur.

Nr. 23. Ábyrgð flytjanda fellur niður samkvæmt 26. gr. sáttmálans:

a. ef rétthafi kvartar eigi undan tjóni á farangri eða varningi, þegar hann verður tjónsins var, og í síðasta lagi, áður en þrír dagar eru liðnir frá viðtöku, ef um farangur er að tefla, og sjö dagar, ef um varning er að tefla. Með XV. gr. sáttmálaaukans eru frestir þessir lengdir í 7 daga og 14 daga, þá er hann kemur til framkvæmda. Ef farangur eða varningur glatast eða eyðileggst algerlega, heldur rétthafi bótarétti sínum, þótt eigi sé kvartað. Í slíku

tilviki á flytjandi að vita um, hvernig farið hefur. Rétt er að taka fram í kvörtun, ef gera á kröfu um skaðabætur og á hverjum tilvikum hún er reist. Ef viðtakandi hefur eigi gert áskilnað vegna tjóns á farangri eða varningi, er umráðin voru fengin honum, færist sönnunarbyrði fyrir því, að munirnir hafi verið spilltir við viðtöku, yfir á hann.

b. Ef dráttur verður á flutningi, skal kvarta áður en fjórtán dagar eru liðnir frá því farangur eða varningur var boðinn viðtakanda til umráða. Með XV. gr. sáttmálaaukans er fresturinn lengdur í 21 dag.

Sérhverja kvörtun skal gera með áritun á flutningsskjal eða senda hana bréflega, áður en frestur er liðinn.

Undandráttur á kvörtun fellir eigi niður rétt viðtakanda, ef flytjandi hefur svik í frammi. Fraus omnia corrumpit.

Nr. 24. Samkvæmt 29. gr. fellur réttur til skaðabóta niður, ef mál er eigi höfðað, áður en tvö ár eru liðin frá því er loftfar kom á ákvörðunarstað eða frá þeim degi, er loftfar skyldi koma þangað, eða frá þeim degi, er flutningur stöðvaðist. Ákvæði þetta tekur yfir skaðabætur vegna líkamstjóns eða algerrar eyðileggingar eða glötunar á farangri eða varningi.

Nr. 25. Samkvæmt 23. gr. er hvert ákvæði flutningssamnings ógilt, sem miðar að því að leysa flytjanda undan ábyrgð eða ákveða lægri fjárhæð en getur í sáttmálanum, en flutningssamningur er samt gildur að öðru leyti. Erlendir dómstólar hafa samt metið skilorð í flugfarseðli um, að tilkynna skuli flytjanda um líkamsmeiðsl, áður en 30 dagar eru liðnir frá slysi, samrýmanlegt 23. og 29. gr. sáttmálans, sbr. 33. gr.

Með XII. gr. sáttmálaaukans 1955 er bætt 2. mgr. við 23. gr., þar sem segir, að núverandi 23. gr., er telja beri 1. mgr., skuli eigi taka til ákvæðis í flutningssamningi, er varðar glötun eða tjón, er leiði af eðlislægum ágalla eða lesti varnings, sem fluttur er.

Nr. 26. Ákvæði 22. gr. sáttmálans varða hámarksfjárhæðir þær, sem flytjanda ber að greiða, ef ábyrgð hans verður raunkvæm, enda falli ábyrgð eigi niður samkvæmt undantekningarákvæðum sáttmálans.

Með XI. gr. sáttmálaaukans 1955 er gerð breyting á 22. gr. Ábyrgðarfjárhæðir eru miðaðar við franska franka, er séu 65½ milligramm gulls og $^{900}/_{1000}$ að skírleik. Breyta má fjárhæðunum í gullmynt eða heilar tölur hvaða gjaldmiðils sem er.

Ábyrgð flytjanda gagnvart hverjum einstökum farþega nemur 125 000 frönkum samkvæmt frumsáttmálanum og 250 000 frönkum samkvæmt sáttmálaaukanum.

Ef heimalög dómstólslandsins (28. gr.) mæla um, að skaðabætur skuli inna af hendi með millibilsgreiðslum, skal innstæða þeirra greiðslna nema ábyrgðarfjárhæð.

Farþega og flytjanda er rétt að semja fyrirfram um hærri ábyrgð. Einnig er talið, að semja megi um flutning með sérstökum hætti, t. d. flutning farþega í klefa með ákveðnum loftþrýstingi, og fer þá um ábyrgð flytjanda að heimalögum, ef hann efnir eigi. Leiðir þetta af 33. gr. sáttmálans.

Hámarksábyrgð er 250 frankar fyrir hvert kg farangurs og varnings. Ábyrgð hækkar, ef sendandi gefur yfirlýsingu um hærra verðmæti, er munir eru afhentir, og greiðir viðbótargjald, en komi til dómsmáls, er flytjanda rétt að sanna, að tjónið sé minna. Ef samið er, að flutningur skuli inntur af hendi á nákvæmlega tilteknum degi, getur ábyrgð orðið meiri skv. ákvæðum 33. gr. Sáttmálaaukinn hefur í XI. gr., 2 b, reglur um reikning bóta, er nokkur hluti farangurs eða varnings spillist, tefst eða glatast. Hámarksábyrgð á farangri, sem farþegi hefur í fórum sínum, eru 5 000 frankar, en heimalög dómstólslandsins (28. gr.) skera úr því, hvort bæta skuli slíkan farangur.

Í 4. tl. XI. gr. sáttmálaaukans eru ákvæði um málskostnað:

Nr. 27. Ábyrgð flytjanda getur orðið alger:

a. Samkvæmt ákvæðum 25. gr. Nú hefur flytjandi sjálfur valdið tjóninu af ásetningi eða gáleysi, sem samkvæmt heimalögum dómstólslandsins (28. gr.)

er talið jafngilda ásetningi, og er honum eigi rétt að bera fyrir sig ákvæði sáttmálans, sem ella myndu skjóta loku fyrir eða takmarka ábyrgð hans. Sama gildir, ef starfsmenn flytjanda valda tjóninu með nefndum hætti, er þeir voru innan verkahrings síns. Að íslenzkum lögum myndi ákvæðið taka til ásetnings, ásetningsígildis (Dolus eventualis) og stórkostlegs gáleysis, samfara vitneskju um, að skaði myndi sennilega af hljótast. Sáttmálaaukinn rýmkar orðalag 25. gr.

b. Ef hann flytur farþega án þess að gefa út flugfarseðil, 3. gr. 2. mgr. Sjá nr. 10—14 hér að framan.
c. Ef hann tekur við farangri, án þess að farangursmiði sé útgefinn, eða hann geymir eigi vissar upplýsingar, 4. gr., 4. mgr. Sjá nr. 10—14 hér að framan.
d. Ef hann tekur við varningi, án þess að gefa út flugfarmbréf, eða það geymir eigi skýrslur um tiltekin atriði, 9. gr. Sjá nr. 10—14 hér að framan.

Nú er tilætlun, að fleiri en einn flytjandi annist flutning farþega, og ber hver flytjandi þá einungis samkvæmt 2. mgr., 30. gr. ábyrgð gagnvart farþega á þeim hluta flutningsins, sem hann annast, nema öðruvísi semji.

Ef um flutning á farangri eða varningi er að tefla, getur sendandi auk þess gengið að fyrsta flytjanda og viðtakandi að síðasta flytjanda. Þessi sérregla um farangur og varning er sett vegna þess, að sendandi og viðtakandi eiga erfitt með að gera sér grein fyrir, í meðförum hvaða flytjanda tjón hefur orðið, 3. mgr., 30. gr.

Nr. 29. Höfða má mál samkvæmt 28. gr. gegn flytjanda til skaðabóta á yfirráðasvæði sáttmálaaðilja og fyrir dómstóli, sem lögsögu hefur:

a. á varnarþingi flytjanda,
b. á varnarþingi aðalstöðvar hans,
c. á varnarþingi stofnunar, er flutningssamning gerði,
d. á varnarþingi ákvörðunarstaðar.

Réttarfarsreglum dómstólslands skal beita.

Nr. 30. Varsjársáttmálinn frá 1929 tekur eigi yfir skaðabótaábyrgð starfsmanna flytjanda, en með XIV. gr. sáttmálaaukans er ábyrgð þeirra, þá er þeir vinna í þjónustu hans og innan verkahrings síns að þeim verkefnum, sem sáttmálinn tekur yfir, látin, ef hún er fyrir hendi að þeim heimalögum, sem taka yfir málið, hlíta sömu takmörkunum og ábyrgð flytjanda, og skal þá samanlögð bótafjárhæð, sem flytjandi, starfsmenn hans eða umboðsmenn eiga að inna af hendi, eigi fara fram úr hámarki því, sem í sáttmálanum segir. Þó gildir þetta eigi, ef það sannast, að tjónið hafi orðið af hegðun starfsmanns, viðhafðri í því skyni að valda tjóni eða af skeytingarleysi, samfara vitneskju um, að tjón gæti af hlotizt.

Um IX. kafla frumvarps til laga um loftferðir.

Kafli þessi er sniðinn eftir Varsjársáttmálanum og sáttmálaaukanum. Verða heimalög Íslands þannig samrýmd milliríkjareglum. Heimalögin munu gilda á Íslandi og einnig um milliríkjaflutninga, sem eigi falla beinlínis undir Varsjársáttmálann og nánari tengsl hafa við Ísland en önnur ríki. Einnig valda ákvæði 98. gr. c, 99. gr. c og 103. gr. c, að flutningssamningur megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans, því að aðiljar semja sig oft undir sams konar ákvæði og í sáttmálanum segir, þótt hann eða heimalögin taki annars eigi til flutningsins. Hér er og rétt að benda á, að 3. mgr. 5. gr. segir, að ákvæðum IX. kafla skuli einnig beita um loftferðir erlends loftfars utan íslenzks yfirráðasvæðis, að því leyti sem það leiðir af milliríkjasamningi eða almennum réttarreglum.

Rétt er að athuga, að hin ströngu ákvæði 2. tl. 3. gr., 4. tl. 4. gr. og 9. gr. Varsjársáttmálans virðast standa enn, um þau efni, er sáttmálinn tekur til, en frumvarpið er um þessi efni samið eftir III., IV., VI., og VII. gr. sáttmálaaukans.

Þá er rætt er um einstakar greinar frumvarpsins, er vísað til númera þeirra, sem tekin eru upp í ritgerðina um Varsjársáttmálann.

Um 96. gr.

Ákvæðið varðar gildisorð kaflans og er lagað eftir 1. gr., 1. tl., Varsjársamningsins, sbr. nr. 3, nr. 4 og nr. 8 að framan.

Um 97. gr.

Ákvæði 1. mgr. varðar einnig gildisorð kaflans og er lagað eftir ákvæði 2. gr., 2. tl., Varsjársáttmálans, eins og það hefur verið orðað með II gr. sáttmálaaukans frá 1955, sbr. nr. 3, a, hér að framan.

Ákvæði 2. mgr. 97. gr. frv. er sniðið eftir XVI. gr. sáttmálaaukans, er breytir 34. gr. sáttmálans. Sjá nr. 3, c, að framan.

Um 98. gr.

Greinin varðar farseðla og er sniðin eftir III. gr. sáttmálaaukans. Í samræmi við III. gr., 2, sáttmálaaukans, veitir farseðill samkvæmt ákvæðinu löglíkur fyrir flutningssamningi og efni hans. Í nr. 14 að framan er því lýst, hvernig sáttmálaaukinn gerir efni farseðils einfaldara en eftir frumsáttmálanum, sbr. 3. gr. hans, og mildar ábyrgð flytjanda, frá því sem er samkvæmt gildandi sáttmála. Frumvarpið fylgir sáttmálaaukanum. Sjá 128. gr. frv.

Um 99. gr.

Grein þessi fjallar um farangursmiða og er sniðin eftir IV. gr. sáttmálaaukans. Gerir hún efni farangursmiða einfaldara en það er eftir frumsáttmálanum, sjá 4. gr., 3. tl., hans, og mildar hlut flytjanda með sama hætti. Sjá nr. 14 og nr. 17, og svo 128. gr. frv.

Um 100. gr.

Greinin fjallar um flugfarmbréf og er sniðin eftir 6. gr. Varsjársáttmálans. Sjá nr. 14, nr. 19 og 128. gr. frv.

Um 101. gr.

Greinin fjallar um eintök flugfarmbréfs og er sniðin eftir 6. gr. Varsjársáttmálans með þeirri breytingu, sem gerð var á henni með V. gr. sáttmálaaukans. Sjá nr. 15.

Um 102. gr.

Ákvæði þetta er sett flytjanda til hægðarauka, ef hann kynni að flytja vöruhluti frá sama sendanda, hvern með sínu loftfari. Getur hann þá krafizt, að fyrir hverjum vöruhlut sé gefið út flugfarmbréf.

Um 103. gr.

Grein þessi kveður á um efni flugfarmbréfs og er sniðin eftir VI. gr. sáttmálaaukans. Gerir hún efni flugfarmbréfs miklu einfaldara en það er samkvæmt 8. og 9. gr. frumsáttmálans. Sjá nr. 14 og svo 128. gr. frv.

Um 104. gr.

Efni greinar þessarar er lagað eftir VII. gr. sáttmálaaukans, sem ætlað er að breyta 9. gr. Varsjársáttmálans og draga úr ábyrgð þeirri, sem 9. gr. hans leggur á flytjanda, er flugfarmbréf er eigi í lagi. Sjá nr. 14.

Um 105. gr.

Greinin kveður á um ábyrgð sendanda á efni flugfarmbréfs og er sniðin eftir 10. gr. Varsjársáttmálans með þeirri breytingu, sem VIII. gr. sáttmálaaukans er ætlað að gera um ábyrgð sendanda. Sjá nr. 16.

Um 106. gr.

Grein þessi er sniðin eftir 11. gr. Varsjársáttmálans og fjallar um skýrslur í flugfarmbréfi. Sjá nr. 17.

Um 107. gr.

Greinin er sniðin eftir 12. gr. Varsjársáttmálans og varðar ráðstöfun sendanda á varningi, sem fluttur er. Sjá nr. 18.

Um 108. gr.

Greinin er löguð eftir 1. og 2. mgr. 13. gr. Varsjársáttmálans og fjallar um rétt viðtakanda til varnings, sem fluttur er. Sjá nr. 19.

Um 109. gr.

Greinin er sniðin eftir 3. mgr. 13. gr. Varsjársáttmálans og varðar rétt viðtakanda á hendur flytjanda. Sjá nr. 19.

Um 110. gr.

Ákvæðið er sniðið eftir 2. mgr. 15. gr. Varsjársáttmálans og varðar hjákvæmilegar reglur um flugfarmbréf. Sjá nr. 19.

Um 111. gr.

Greinin er sniðin eftir 16. gr. Varsjársáttmálans og leggur á sendanda ábyrgð á því, að tilteknar skýrslur og skjöl séu efnislega réttar. Sjá nr. 16.

Um 112. gr.

Greinin er sniðin eftir 17. gr. Varsjársáttmálans og kveður á um ábyrgð flytjanda á tjóni, á lífi, limum og heilsu farþega af völdum slyss í loftfari, þá er farið er í það eða úr því. Sjá nr. 20, einkum 20 a.

Um 113. gr.

Greinin er sniðin eftir 18. gr. Varsjársáttmálans og kveður á um ábyrgð flytjanda á skráðum farangri og varningi. Sjá nr. 20, einkum 20 b.

Um 114. gr.

Greinin er sniðin eftir 19. gr. Varsjársáttmálans og leggur ábyrgð á flytjanda á drætti við flutning. Sjá nr. 20, einkum 20 c.

Um 115. gr.

Greinin varðar lausn flytjanda undan ábyrgð. Er hún sniðin eftir 20. gr. Varsjársáttmálans í þeirri mynd, sem hún hefur eftir breytingu, sem með X. gr. sáttmálaaukans er ætlazt til, að á henni verði. Sjá um þetta nr. 21.

Um 116. gr.

Greinin varðar sekt tjónþolanda. Er ákvæðið í samræmi við 21. gr. Varsjársáttmálans, sbr. nr. 22.

Um 117. gr.

Greinin kveður á um hámark ábyrgðar flytjanda. Eru ákvæðin sniðin eftir 22. gr. í þeirri mynd hennar, sem hún hefur fengið með XI. gr. sáttmálaaukans. Fjárhæðir ábyrgðar eru tilteknar í gullmynt samkvæmt XI. gr. Þykir það heppileg regla. Gæta verður og þess, að íslenzku lögin munu gilda að nokkru í milliríkjaflugi samkvæmt reglum hins alþjóðlega einkamálaréttar. Athuga í því sambandi ákvæði 3. mgr. 5. gr., 128. gr., 98. gr. c, 99. gr. c og 103. gr. c frv. Sjá og nr. 26.

Um 118 gr.

Greinin leggur bann við því, að flytjandi semji sig almennt undan ábyrgð þeirri, er lögin leggja á hann. Er ákvæðið sniðið eftir 23. gr. Varsjársáttmálans í þeirri mynd hennar, sem hún hefur fengið með XII. gr. sáttmálaaukans. Er flytjanda því heimilt að undanþiggja sig ábyrgð af tjóni eða spjöllum, sem hlýzt af eðlislægum eiginleika eða galla á varningi. Sjá nr. 9 og 25.

Um 119. gr.

Greinin kveður á um, hvenær ábyrgð flytjanda verður alger. Er ákvæðið sniðið eftir 25. gr. Varsjársáttmálans í þeirri mynd hennar, sem hún hefur hlotið með XIII. gr. sáttmálaaukans, en þó að nokkru endurbætt. Sjá nr. 27.

Um 120. gr.

Ákvæði greinar þessarar hvíla á þeim sjónarmiðum, sem rakin eru í nr. 30 að framan.

Um 121. gr.

Grein þessi er sniðin eftir 26. gr. Varsjársáttmálans í þeirri mynd hennar, sem hún hlaut með XV. gr. sáttmálaaukans. Er hér kveðið á um afleiðingar þess, er viðtakandi tekur við farangri og varningi án athugasemda og svo um kvörtun af hans hendi og kvörtunarfresti. Sjá nr. 23.

Um 122. gr.

Greinin er sniðin eftir 4. tl. 26. gr. Varsjársáttmálans. Ef svik eru framin af hendi flytjanda, helzt réttur viðtakanda, þótt hann kvarti eigi. Sjá nr. 23.

Um 123. gr.

Hin 1. mgr. greinarinnar varðar varnarþingsákvæði heimalaga, en 2. mgr. er sett til samræmis við 28. gr. Varsjársáttmálans. Sjá nr. 28.

Um 124. gr.

Greinin kveður á um fyrning skaðabótakröfu samkvæmt IX. kafla frv. Er ákvæði þetta sniðið eftir 29. gr. Varsjársáttmálans. Sjá nr. 24.

Um 125. gr.

Greinin kveður á um, að hvaða flytjanda megi ganga, er fleiri en einn annast flutning. Ákvæðið er sniðið eftir 30. gr. Varsjársáttmálans. Sjá nr. 27.

Um 126. gr.

Ákvæði þetta varðar flutning, sem fer að nokkru fram með loftfari og að nokkru með öðru flutningstæki. Er ákvæðið sniðið eftir 31. gr. Varsjársáttmálans.

Þá er loftflytjandi framkvæmir sjálfur þær greinar flutnings, sem lögin taka eigi til, t. d. flutning farþega til lofthafnar, er heppilegt að taka skilmála fyrir þeim flutningi upp í farseðil.

Um 127. gr.

Ákvæðið er sniðið eftir 32. gr. Varsjársáttmálans og ógildir samninga, er aðiljar gera fyrirfram, þar sem tilætlunin er að víkja frá ákvæðum sáttmálans um, hvaða lands lögum beita skuli eða um varnarþing. Heimilt er þó að semja um gerðardóm vegna tjóns, er verður við flutning á varningi, enda sé gerðardómur háður á einhverjum þeim stað, þar sem löglegt varnarþing er samkvæmt 123. gr. (28. gr. sáttmálans) og málið útkljáð skv. ákvæðum hans, að því leyti sem þau taka til þess.

Um 128. gr.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eru sett í því skyni, að loftflutningaskjöl, sem t. d. eru gerð utan Íslands og snerta Ísland, falli undir ákvæði laganna, þótt þau fullnægi eigi alveg skilyrðum 98. gr. 1 c, 99. 1 c og 103. 1 c.

Ákvæði 2 mgr. varðar milliríkjaloftflutning, sem eigi hlítir Varsjársáttmálanum og snertir Ísland. Ef flutningaskjölin eru gefin út í ríkjum, sem eigi eru aðiljar að Varsjársáttmálanum, er venjulega eigi vísað til sáttmálans í þeim. Flytjanda er allt að einu veitt heimild til að bera fyrir sig takmörkun ábyrgðar samkvæmt 117. gr.

Um 129. gr.

IX. kafli frumvarpsins er sniðinn eftir Varsjársáttmálanum frá 12. okt. 1929 og þeim breytingum, sem gerðar voru á honum með sáttmálaaukanum í Haag 28. september 1955. Er við það miðað, að ákvæðin hæfi milliríkja loftferðum. Undantekningarákvæði 129. gr. veita heimild til að beita einfaldari reglum um farseðla, farmiða og flugfarmbréf í loftferðum, sem einungis fara fram á íslenzku yfirráðasvæði.

Um 130. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast eigi skýringa.

Þar sem IX. kafli er, eins og áður segir, sniðinn eftir Varsjársáttmálanum og breytingum Haag-sáttmálans við hann, ber einnig að taka upp í hann heimild sáttmálaríkis samkvæmt viðbótarbókun við 2. gr. Varsjársáttmálans til að undanþiggja ákvæðum sáttmálans milliríkja loftferðir, sem ríki framkvæmir beinlínis sjálft, en slíka undanþágu hafa ýmis ríki áskilið sér. Einnig ber að taka upp í frumvarpið heimild ríkis samkvæmt XXVI. gr. sáttmálaaaukans (sjá lög nr. 46/1956) til að undanþiggja sáttmálaaukanum, ef til kemur, loftflutninga á vegum herstjórnar ríkisins.

Um 131. gr.

Varsjársáttmálinn er enn í gildi, en sáttmálaaukinn hefur eigi verið fullgiltur af 30 ríkjum, svo sem XXII. gr. ákveður honum til gildis. Verður því að beita Varsjársáttmálanum í skiptum sáttmálaríkja hans.

Um X. kafla.

Skaðabætur.

Milliríkjanefndir hafa unnið að því árum saman að semja reglur um skaðabætur vegna tjóns, sem verður af völdum loftfars á mannvirkjum eða hlutum á jörðu niðri. Á þriðju alþjóða ráðstefnunni um loftferðamál í Róm í maí 1933 var um efnið fjallað. Sáttmáli var þar samþykktur um nokkrar samræmdar reglur um tjón, sem loftför valda þriðja manni á jörðu niðri. Sáttmálinn var undirritaður af 20 ríkjum, þar á meðal Danmörku og Noregi. Hins vegar var sáttmálinn einungis fullgiltur af 5 ríkjum, þar á meðal voru Norðurlönd eigi. Sáttmálaauki var samþykktur í Brüssel 1938. Eftir stríðslok lét Alþjóðaflugmálastofnunin málið til sín taka. Málið var til meðferðar á þingi hennar í nefndum. Loks sátu fulltrúar 31 ríkis á ráðstefnu í Róm í september—október 1952. Þar undirrituðu 15 ríki nýjan sáttmála um efnið, og var Danmörk á meðal þeirra. Nú hafa a. m. k. 26 ríki undirritað hann, en tiltölulega fá fullgilt hann.

1. Báðir sáttmálarnir eru reistir á meginreglunni um hlutlæga ábyrgð, þ. e. ábyrgð, hvort sem um sök er að tefla eða eigi, en ábyrgðin er takmörkuð við hámarksfjárhæðir. Sáttmálarnir varða ábyrgð á loftfari frá einu sáttmálaríki, þá er það er í öðru sáttmálaríki. Loftfar, sem tjóni veldur, verður að hafa verið á flugi, en samkvæmt 3. tl. 2. mgr. sáttmálans 1933 er loftfar á flugi frá upphafi flugstjórntaka til loka lendingarstjórntaka. Í 2. tl. 1. gr. sáttmálans frá 1952 segir, að loftfar sé á flugi, frá þeirri stundu, er orku er beitt til hins raunverulega flugtaks, unz lendingarskeiði lýkur.

2. Samkvæmt báðum sáttmálunum verður að vera um að tefla tjón á jörðu niðri, þ. e. láði eða legi, er þriðji aðili hefur orðið fyrir, enda sé hann eigi við loftferðina riðinn sem flugverji, farþegi eða umráðandi loftfars. Sjá upphaf sáttmálanna, 22. gr. sáttmála 1933 og 25. gr. sáttmála 1952. Tjón, sem verður á loftförum, sem eru niðri á láði eða legi, og tjón á skipum falla undir ákvæði sáttmálanna. Hins vegar taka sáttmálarnir eigi til tjóns, sem verður í lofti, á öðrum loftförum, mönnum eða munum, sem í þeim eru. Nú rekast loftför saman í lofti og tjón á mönnum eða munum hlýzt af því á jörðu niðri, og bera umráðendur loftfaranna ábyrgð.

3. Ábyrgðin hvílir samkvæmt sáttmálunum fyrst og fremst á umráðanda loftfars, sjá 1. tl. 4. gr. sáttmála 1933 og 1. tl. 2. gr. sáttmála 1952. Umráðandi er samkvæmt 2. tl. 4. gr. sáttmála 1933 sá, sem umráðin hefur yfir loftfarinu og notar það á sinn kostnað, en 5. gr. fjallar um notanda, sem eigi hefur fengið umráðin með réttu. Samkvæmt 2. tl. 2. gr. sáttmálans 1952 er umráðandi sá, sem notar loftfarið, þá er slys verður, en hafi sá aðili, er hann leiddi notkunarrétt sinn til loftfarsins frá, beint eða óbeint, áskilið sér yfirstjórn loftferðarinnar, telst þessi síðarnefndi umráðandi þess. Notandi loftfars skv. sáttmálanum 1952 telst sá, sem notar það sjálfur, eða sá, er starfsmenn hans eða aðstoðarmenn nota það í starfa sínum, hvort sem þeir halda sig innan eða utan ákvæðisréttar síns. Í 3. gr. sáttmálans frá 1952 segir: Nú hefur sá, sem var umráðandi loftfars á þeim tíma, er tjón varð, eigi einkarétt til notkunar loftfarsins fyrir lengri tíma í einu en 14 daga alls, og ber þá sá, sem hann leiðir rétt sinn frá, samábyrgð með umráðanda. Hvor þeirra er ábyrgur samkvæmt ákvæðum og innan ábyrgðarmarka sáttmálans.

Samkvæmt báðum sáttmálunum eru löglíkur fyrir því, að skrásettur eigandi sé umráðandi, 3. tl. 4. gr. sáttmálans 1933 og 3. tl. 2. gr. sáttmálans 1952.

Nú er ábyrgð umráðanda loftfars takmörkuð, og er ábyrgð miðuð við þunga loftfars. Hámarksfjárhæðir eru mun hærri í sáttmálanum 1952 en sáttmálanum 1933.

Samkvæmt 11. gr. sáttmálans 1952 nemur ábyrgðin vegna loftfars að þyngd 1000 kg. eða minna 500.000 Poincaré frönkum. Hún hækkar með þyngd loftfars allt upp í 10.500.000 franka auk 100 franka fyrir kg. hvert. að því er varðar loftför, sem vega meira en 50.000 kg. Fyrir hvern mannskaða er hámarksábyrgð 500.000 Poincaré frankar, sem lækkar, ef svo margir verða fyrir tjóni, að hámarksábyrgð hrekkur eigi til að greiða hvern mannskaða, svo sem sagt var. Ef lækka þarf bætur af þessum sökum, eru rækilegar reglur, hvernig lækka skal hverja kröfu. Umráðanda ber að setja tryggingu fyrir ábyrgð sinni, vátryggingu, geymslugreiðslu eða bankaábyrgð.

Ef aðili notar loftfar án heimildar, ber hann venjulega takmarkaða ábyrgð samkvæmt 5. gr. sáttmála 1933. Umráðandi ber samábyrgð, ef hann hefur eigi gætt loftfars sem skyldi. Notandi ber einnig takmarkaða ábyrgð eftir sáttmála 1952, ef hanu hefur löglegar vörzlur loftfars, en ef notandi nær völdum loftfars á ólöglegan hátt, ber hann skv. 2. tl. 12. gr. ótakmarkaða ábyrgð. Umráðandi loftfars ber skv. 4. gr. sáttmálans takmarkaða ábyrgð á nefndu atferli notanda, enda sanni hann eigi, að hann hafi gætt fullrar ástundunar um gæzlu loftfarsins.

Samkvæmt 14. gr. sáttmálans 1933 ber umráðandi ótakmarkaða ábyrgð:

a. ef tjónþolandi sannar, að umráðandi loftfars eða starfsmenn hans hafi valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, enda sanni umráðandi eigi, að tjónið hafi orðið af skakkri stjórn loftfars eða, sé starfsmönnum umráðanda um að kenna, að hann hafi neytt allra tiltækra ráða til að afstýra tjóni;
b. þá er umráðandi loftfars hefur vanrækt að setja tryggingu eða næga tryggingu samkvæmt sáttmálanum eða trygging er óvirk.

Samkvæmt 1. tl. 12. gr. sáttmálans 1952 ber umráðandi ótakmarkaða ábyrgð, þá er tjónþolandi sannar, að umráðandi eða starfsmenn hans hafi valdið tjóninu með hegðun, drýgðri í því skyni að valda tjóni, og að starfsmenn umráðanda loftfars hafi starfað innan verkahrings síns, ef þeir eru valdir að slysinu.

Ábyrgð starfsmanna er samkvæmt 9. gr. sáttmálans 1952 háð ákvæðum og takmörkunum sáttmálans.

Hér hafa verið rakin í allra stærstu dráttum meginsjónarmið nefndra sáttmála. Það voru stórveldin, sem lögðu megináherzlu á að takmarka ábyrgð umráðanda loftfars. Þótt Danmörk hafi undirritað sáttmálann frá Róm 1952, hafa Danir enn ekki treyst sér til að semja lög eftir honum.

Alten hæstaréttardómari hefur í Noregi fengizt við að sníða frumvarp til laga eftir sáttmálanum, en hefur lagt til, að sjá, hvað setur, áður en ráðizt verður í nýja löggjöf um þessi efni, lagaða eftir sáttmálanum. Vera má, að sáttmálanum verði breytt, áður en til fullgildingar kemur af hendi stærstu ríkja. Að svo komnu máli eru meginsjónarmið VII. kafla laga nr. 32/1929 látin haldast. Ábyrgð er ótakmörkuð án tillits til saka. Þá er fastar alþjóða reglur hafa myndazt um þessa ábyrgð, verður að endurskoða þenna kafla laganna.

Um 132.—134. gr.

Vísast til þess, sem að framan er sagt.

Um 135. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við ákvæði 51. gr. sjómannalaga nr. 41/1930.

Um 136. gr.

Ákvæði 1. mgr. kemur í stað 34. gr. laga nr. 32/1929. Hámarksfjárhæðir þeirrar greinar eiga eigi lengur við.

Nýmæli er ákvæði 2. mgr. um, að ráðherra sé rétt að kveða á um, að loftflytjandi taki vátryggingu eða aðra tryggingu til bóta á tjóni, er hann ber ábyrgð á samkvæmt IX. kafla frv., og svo til bóta á öðru tjóni á mönnum og munum í loftfari, t. d. á slysum flugverja og tjóni á munum þeirra. Ef loftfar er notað, án þess að fyrir hendi sé lögmæt trygging, varðar það refsingu skv. 157. gr. frv. og hljótist mjög mikið tjón af, við 2. mgr. 180. gr.

Um XI. kafla.

Hinn 29. september 1938 undirrituðu fulltrúar nokkurra ríkja í Brüssel sáttmála um samræmingu reglna um aðstoð og björgun, sem loftför verða aðnjótandi eða inna af hendi á sjó. Danmörk ein Norðurlanda undirritaði. Ekkert ríki virðist hafa fullgilt sáttmála þenna, en með honum er flugstjórum loftfara og skipstjórum skipa gert að skyldu að koma mönnum til hjálpar, sem eru í lífshættu á sjó, en skylda flugstjórans er því háð, að honum sé unnt að inna hana af hendi án yfirvofandi hættu fyrir loftfarið, áhöfn þess, farþega eða aðra menn.

Unnið er að alþjóða sáttmála um björgun loftfara á landi að tilhlutan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Í 25. gr. Chicago-sáttmálans, nr. 45/1947, er svo mælt, að sáttmálaríki hvert tekst á hendur að gera þær ráðstafanir, sem það telur framkvæmanlegar til hjálpar loftförum, sem eru nauðstödd á yfirráðasvæði sínu og leyfa eiganda slíks loftfars eða yfirvöldum í skrásetningarlandi loftfarsins að gera þær ráðstafanir til hjálpar, sem nauðsynlegar eru samkvæmt atvikum. Þá er sáttmálaríki hefur leit að týndu loftfari, skal höfð samvinna um samræmd úrræði, sem á hverjum tíma eru ákveðin samkvæmt þessum sáttmála.

Í viðbæti (annex) 12, Search and Rescue, sem kom til framkvæmda 1. desember 1950, eru settar reglur um leitar- og bjargstarfsemi í sáttmálaríkjunum. Í tl. 2. 1 er mælt, að skyldan taki til slíkrar starfsemi út á haf og út fyrir landhelgi, neighbouring territories or seas, og samkvæmt tl. 2. 1. 1. er skyldan jafn rík, hvert sem er þjóðerni loftfars þess, sem koma þarf til hjálpar. Samkvæmt tl. 2. 1. 2 skal leyfa eiganda nauðstadds loftfars og ríki, þar sem það er skrásett að senda loftför, tæki og hjálparsveitir inn á yfirráðasvæði sáttmálaríkis til leitar að loftfarinu eða til bjargar mönnum úr því, er lífs kunna að vera, enda sé eigi farið inn á bannsvæði

og yfirvöldum í því ríki, sem um er að tefla, sé áskilinn eftirlitsréttur. Í tl. 2, 1. 3. er jafnvel mælt með leyfi til farar inn á bannsvæði til hjálpar, ef nauðsyn krefur.

Í 3.—6. kafla viðbætisins eru ýmsar reglur um bjargstarfsemi og í viðbæti nr. 11, Air traffic Services, tl. 5. 2. 1. o. áfr., eru fyrirmæli til flugumferðarstjórnar um samvinnu við bjargstöðvar, er stofna ber.

Sáttmáli frá 10. okt. 1948 um verndun mannslífa á sjó geymir í V. kafla, 10. reglu, ákvæði um skyldu skipstjóra að fara til hjálpar nauðstöddum mönnum á sjó, er skipi eða loftfari hefur hlekkzt á. Sjá lög nr. 56/1932 um ráðstafanir til öryggis við siglingar.

Samkvæmt IV. gr. sáttmála 19. júní 1948 um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum njóta bjarglaun forréttar fyrir öðrum réttindum í loftförum. Sáttmáli þessi var undirritaður af hendi Íslands. Bandaríkin hafa fullgilt hann.

Um 137. gr.

Flugmálaráðherra ber að setja reglur um hjálp til handa loftfari og mönnum í því, þá er brýna nauðsyn ber til. Honum ber að setja fyrirmæli um, hvenær einkaaðiljum ber að inna af hendi leitar- og hjálparstarfsemi. Skylda einstaklinga og fyrirtækja til leitar getur verið þungbær, þá er leita verður um stór landsvæði og hafsvæði. Er hér um að tefla miklu víðtækari skyldu en í 221. gr. laga nr. 19/1940 getur. Er þetta í samræmi við 25. gr. Chicago-sáttmálans.

Ráðherra ákveður þóknun fyrir hjálparstarfsemi, ef hennar er krafizt, úr hendi umráðanda eða eiganda loftfars. Ákvæði 1. mgr. 137. gr. eru við það miðuð, að einkaaðiljar eigi ekki lögkröfur til fulls endurgjalds fyrir kostnað sinn og fyrirhöfn, en 138 gr. fjallar um það, er fjárverðmætum er bjargað. Ef einkaaðiljar framkvæmdu hjálparstarfsemi samkvæmt beinni skipan yfirvalda, kæmi til mála, að ríkið greiddi þá þóknun, sem ráðherra ákveður, en framkrefði síðan umráðanda eða eiganda loftfars. Ástæða væri til að ákveða þóknun ríflegri, ef um sök umráðanda loftfars eða starfsmanna hans er að tefla. Sjálfu er ríkinu heimilað að heimta kostnað, sem það hefur haft af leit, en nokkur vafi hefur þótt vera á því, hvort 25. gr. Chicago-sáttmálans veitti ríkinu slíkan rétt, og er ákvæði 2. mgr. 137. gr. því orðað sem raun ber vitni.

Brot gegn skyldu skv. 137. gr. varðar við 175., 176. gr., sbr. 181. gr.

Um 138. gr.

Ákvæði þetta er sniðið eftir ákvæðum siglingalaga um björgun, en gildir bæði á láði og legi.

Ákvæði 2. mgr. tekur til loftfars, sem hlekkzt hefur á. Veitir það þeim, sem varðveitir það og afstýrir frekari spjöllum á því, t. d. með flutningi á því, húsaskjóli eða varðgæzlu við það, rétt til endurgjalds.

Um 139. gr.

Rétt er að benda á, að eigandi bjargaðs varnings ábyrgist eigi einungis með því, sem bjargað er, heldur einnig með verðmæti þess. Glötun bjargaðs varnings, sem bjargandi á eigi sök á, sviptir bjarganda eigi kröfu sinni.

Um rannsókn flugslysa.

Í 12. tl. 2. gr. laga nr. 82/1961 segir, að rannsókn og meðferð samkvæmt lögunum skuli sæta slys og aðrar ófarir lögum og venju samkvæmt eða eftir sérstöku boði dómsmálaráðherra.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. nefndra laga getur dómsmálaráðherra skipað dóm fleiri dómurum, er halda megi dómþing hvar sem er á landinu, ef málið þykir ofvaxið hinum reglulega dómara.

Þrátt fyrir þetta þykir rétt að setja nokkrar sérreglur um rannsókn flugslysa.

Í 26. gr. Chicago-sáttmálans segir, að verði loftfar frá sáttmálaríki fyrir slysi í öðru sáttmálaríki og hljótist af því mannsbani eða mikil meiðsl eða það bendi til mikils tæknilegs galla á loftfarinu eða loftferða-tilfæringum, skuli sáttmálaríki, þar sem slysið varð, hefja rannsókn á orsökum slyssins, og skuli rannsókn þessa framkvæma samkvæmt þeim reglum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin mælir með, eftir því sem samrýmt verður lögum ríkisins.

Veita skal ríki því, þar sem loftfarið er skráð, færi á því að skipa athugamenn, sem séu viðstaddir rannsóknina, og ríki það, sem rannsóknina framkvæmir, skal gefa hinu ríkinu skýrslu um rannsóknina og niðurstöður hennar.

Nefnd 26. gr. tekur einungis til slysa, er verða á loftfari eins sáttmálaríkis í öðru sáttmálaríki.

Samkvæmt skýrgreiningu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar er um flugslys að tefla, þá er slys verður í beinu sambandi við flug, og vávænt (adækvat) orsakasamband er auk þess milli slyssins og galla á loftfari, stjórn þess, flugvirki eða flugvallarþjónustu. Rétt er flugmálaráðherra að kveða nánar á, hvenær flug hefst og því lýkur í þessu sambandi.

Viðbætir 13, Accident aircraft Inquiry, sem í gildi gekk 1. september 1951, geymir ýmsar reglur um rannsókn flugslysa, tryggingu sönnunar, gæzlu og meðferð loftfars eftir slys og tilkynningu til skrásetningarríkis. Sáttmálaríki, þar sem slys verður, ber ábyrgð á rannsókn, en er þó rétt að veita skrásetningarríkinu færi á að framkvæma rannsóknina (tl. 5, 1).

Það ríki, sem rannsóknina hefur á hendi, skal afla þeirrar vitneskju, sem unnt er, skrásetja öll atriði, sem máli skiptir (tl. 5, 2). Slysstað skal kanna gaumgæfilega, skoða og rannsaka flak og afla vættis. Skrásetningarríki skal ætíð vera rétt og unnt að skipa fulltrúa sinn til þátttöku í rannsókninni (tl. 5, 3 og 5, 6). Rækilega greinargerð um rannsóknina skal senda skrásetningarríki (tl. 5, 4).

Um 140. gr.

Um skyldu flugstjóra til að tilkynna flugmálastjórninni flugslys og gefa skýrslu um það eru ákvæði í 50. gr.

Ákvæði 140. gr. er lagað eftir 26. gr. Chicago-sáttmálans, en gildir vitaskuld um hvers konar slys, sem verður hér á landi og verður með þeim hætti, er í greininni segir.

Þá er skilyrði greinarinnar eru fyrir hendi, er flugmálastjórninni skylt að láta fara fram rannsókn. Ef um meiri háttar slys er að tefla, er flugmálastjórninni rétt að kynna sér og gera þær ráðstafanir, sem hún telur við þurfa.

Tálmun á rannsókn varðar við 175. gr.

Um 141. gr.

Nauðsyn ber til, að yfirvöld fái, svo fljótt sem nokkur kostur er, vitneskju um flugslys. Er sú skylda því lögð á menn að tilkynna það tafarlaust réttum aðilum. Brot gegn ákvæði 141. gr. varðar við 177. gr.

Um 142. gr.

Ákvæði 142. gr. miðar að því að girða fyrir það, að sönnunargögnum sé spillt.

Sáttmálaríki Chicago-sáttmálans er samkvæmt viðbæti 13, tl. 3, 1 og 2, skylt, er loftfar annars sáttmálaríkis verður fyrir flugslysi á yfirráðasvæði þess, að tryggja sönnunargögn fyrir orsökum slyssins, eftir því sem verða má, og veita fulltrúum frá því ríki færi á því að kanna vettvang.

Ákvæði 2. mgr. veitir þó heimild til að fórna sönnunargögnum, að því leyti sem það er nauðsynlegt til að bjarga mannslífum eða varðveita enn stærri hagsmuni eða verðmæti en þau, sem fórnað er. Er þetta í samræmi við ákvæði viðbætis 13, tl. 3, 2.

Brot gegn ákvæði 142. gr. varðar við 175. gr.

Um 143. gr.

Grein þessi veitir starfsmönnum flugmálastjórnar ýmis hagræði við rannsókn flugslysa. Þeir eiga rétt til að fara um vettvang, taka skýrslur af mönnum, krefjast framlagningar á bókum og öðrum skjölum og krefjast aðstoðar lögreglu. Eigi takmarkar þess réttur flugmálastjórnar rétt og skyldu ákæruvalds samkvæmt lögum nr. 82/1961.

Rétt er að benda á lokaákvæði 143. gr. um, að eiganda eða umráðanda loftfars sé rétt að krefjast framhaldsrannsóknar.

Um 144. gr.

Flugmálastjórn framkvæmir rannsókn sína í því skyni að finna orsakir slyss og gera ráðstafanir til að afstýra framvegis slíkum slysum, ef þess er kostur. Rétt er henni og skylt að benda á, er brot hafa valdið eða stuðlað að slysinu, og gera tillögur um að svipta þá, sem brotið hafa í starfa sínum, starfsréttindum.

Um 145. gr.

Með ákvæðum 140.—144. gr. er á engan hátt dregið úr ákvæðum laga nr. 82/1961 um skyldu til að framkvæma réttarrannsókn út af flugslysum. Erfitt mun reynast að skipa fyrir fram loftferðadóm með þeim hætti, sem segir í 48. gr. laga nr. 68/1947. Er því lagt til, að sú leið sé farin, er í greininni segir.

Um 146. gr.

Ákvæðið þarfnast eigi sérstakra skýringa.

Um XII. kafla.

Um 147. gr.

Flugmálastjórninni eða fulltrúum hennar er rétt að banna, ef því er að skipta með aðstoð lögreglu, brottflug loftfars af flugvelli, ef ætla má að það sé eigi lofthæft, tilhlýðilega áhöfn skipað eða það mundi verða notað andstætt ákvæðum loftferðalaganna eða reglum, settum samkvæmt þeim, t. d. notað til flutnings á farþegum og varningi í fjáraflaskyni andstætt ákvæðum 7. kafla. Af ákvæðinu leiðir, að réttbær handhafi valds ber að hafa eftirlit á flugvöllum í þessu efni, t. d. loftumferðarstjórar. Ákvæðið er einnig talið eiga við, er til stendur að taka loftfar á bíl og flytja brott til flugs frá öðrum velli. Venjulega mundi nægja bann og hald réttbærs fulltrúa flugmálastjórnar á skilríkjum þeim, sem í loftfari á flugi eiga að vera, en kveðja verður lögreglu til, ef beita á aflrænu valdi, nema bráðum háska þurfi að afstýra.

Ákvæðinu má beita gegn erlendum loftförum, en samkvæmt viðbæti 8, Air worthiness of Aircraft, II, tl. 6,2 o. áfr. ber það undir yfirvöld í skrásetningarlandinu að kveða á um, hvort loftfar, sem bilað hefur, sé orðið lofthæft, en öðru sáttmálaríki er þó rétt, þá er loftfarið er á yfirráðasvæði þess, að banna því flug, enda sé yfirvöldum í skrásetningarríkinu strax tilkynnt þetta, en það ákveður síðan, hvort loftfarið sé lofthæft.

Ákvæði 147. gr. veita eigi heimild til að banna loftfari brottflug vegna brota á öðrum lögum en loftferðalögum, t. d. tollalögum, refsilögum o. fl. Um þessi efni koma til greina almenn ákvæði réttarfarslaga.

Brot gegn 147. gr. varðar við 174. gr.

Hér er rétt að geta sáttmála um samræmingu reglna um kyrrsetningu á loftförum til tryggingar, er undirritaður var í Róm 29. maí 1933. Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa fullgilt sáttmála þennan. Ísland er eigi enn aðili.

Sáttmálinn miðar að því að afstýra því, að kyrrsetning á loftförum trufli um of loftferðir. Hann undanþiggur því kyrrsetningu:

1. Ríkisloftför í valdstjórnarflugi, en eigi í verzlunarflugi.
2. Loftför, sem eru í áætlunarflugi og almenningi til afnota.

3. Öll önnur loftför, sem skrásett eru í sáttmálaríki og ætluð eru og notuð til flutnings á fólki og varningi í fjáraflaskyni, enda séu þau búin til flugs og eigi sé um að tefla skuld vegna ferðarinnar eða kröfu, er hafi orðið til á ferðinni.

Loftfar er eigi undanþegið haldi eða aðför samkvæmt:

1. aðfararhæfum dómi;
2. gjaldþrotalögum, tolla-, refsi- og lögreglulögum;
3. haldsrétti, er kröfuhafi hefur vörzlur þess landslögum samkvæmt.

Hvers konar kyrrsetningu má afstýra með nægilegri tryggingu, er ákveða skal með skjótri dómsúrlausn. Ákvæði 27. gr. Chicago-sáttmálans undanþiggur loftfar kyrrsetningu vegna einkaleyfiskröfu.

Um 148. gr.

Ákvæðið veitir umráðanda flugvallar, sem heimill er almenningi, rétt til að aftra för loftfars af flugvellinum, unz eftirgjald eftir notkun loftfarsins af flugvellinum er greitt eða tryggt, sbr. 77. gr. Það hefur verið rætt rækilega á Norðurlöndum, hvort ákvæði þetta væri samrýmanlegt ákvæðum sáttmála um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum, sem undirritaður var 19. júní 1948, en í sáttmálanum er eigi nefndur sá réttur flugvallareiganda, sem í 148. gr. getur. Eigi verður séð, að ákvæði 148. gr. rekist á sáttmálann þar sem flugvellir eru frumskilyrði þess, að loftför verði hagnýtt.

Um 149. gr.

Það hefur borið við erlendis, að vatn hefur komizt í flugvélabenzín og háski stafað af. Ákvæði 149. gr. miðar að því að tryggja, að ófarnaður verði eigi af völdum óhreins benzíns eða olíu, sem sett eru í loftför.

Brot gegn reglum, sem flugmálaráðherra setur samkvæmt 149. gr., varðar refsingu samkvæmt 179. gr., sbr. og 175. gr.,

Um 150. gr.

Með 21. gr. Chicago-sáttmálans er sáttmálaríki hverju gert að veita, þá er krafizt er, öðrum sáttmálaríkjum og Alþjóðaflugmálastofnuninni vitneskju um eignarrétt og skrásetningu loftfara, sem skrásett eru í því ríki, svo og að senda Alþjóðaflugmálastofnuninni samkvæmt þeim reglum, er hún setur, skýrslur, sem hægt er að afla um eignarrétt og umráð loftfara, sem skrásett eru í ríkinu og venjulega annast millilandaflug. Samkvæmt 67. gr. tekst sáttmálaríki hvert á hendur að sjá um, að milliríkjaflugfélög sendi ráði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samkvæmt þeim fyrirmælum, er það setur, loftferðaskýrslur, kostnaðarskýrslur og fjárhagsyfirlit, þar sem m. a. séu sýndar allar tekjur og stofnar þeirra.

Ákvæði 150. gr. frv. veita lagaheimild til fullnægju framangreindum skuldbindingum, sbr. upphaf 2. mgr.

Lagaboðið ætlast til, að skýrslur samkvæmt 67. gr sáttmálans fari um hendur flugmálastjórnarinnar áleiðis til Ráðsins.

En ákvæði 150. gr. eru eigi takmörkuð við nefndar milliríkjaskuldbindingar. Flugmálastjórn Íslands skiptir miklu að fylgjast með allri flugstarfsemi í landinu, og tilætlun ákvæðisins er að veita henni tæki til að rækja þá skyldu sína. Hún getur eftir greininni t. d. krafið skýrslna:

a. þá, sem stunda loftferðir í fjáraflaskyni;
b. þá, sem rækja einkaflug;
c. þá, sem reka flugskóla;
d. þá, sem taka loftmyndir;
e. þá, sem reka flugvelli eða flugvirki.

Vitaskuld ber að viðhafa orðvendni og varúð um öll huliðsmál viðskipta.

Um skýrslur, sem lofthæfi varðar, sjá 2. mgr. 30. gr.

Brot gegn ákvæði 150. gr. um skýrslur eða fullnægjandi skýrslur varðar við 177. gr.

Um XIII. kafla.

I.

Það er oft vandasamt viðfangsefni, hvaða ríki beri að veita dómsögu yfir mönnum, sem brot fremja í loftförum, sem eru á þeysingi á einni stundu á yfirráðasvæði ríkisins A, á næstu stundu yfir úthafi, því næst á yfirráðasvæði ríkisins B og svo koll af kolli, og hafa þess á milli viðkomu í heimalandi sínu eða á flugvöllum ýmissa ríkja. Erlent loftfar er að vísu háð drottinvaldi þess ríkis, þar sem það er á flugi eða statt hverju sinni, en það væri oft mjög óhentug tilhögun, að ríki, þar sem það hefur viðkomu, léti hvers konar brot til sín taka, er framin hefðu verið í loftfarinu, frá því það fór frá heimaflugstöð sinni. Nauðsyn ber til að tefja loftför sem allra minnst vegna refsimála. Er ákveða skal, undir hvaða ríki dómsaga ber, er rétt að líta á m. a.:

1. Þjóðerni þess, sem fyrir misgerð hefur orðið.
2. Þjóðerni sakamanns.
3. Stað þann, sem loftfar var statt á, þá er brotið var framið.
4. Eðli brots þess, sem um er að tefla, hvort það brýtur gegn hagsmunum einstaks ríkis eða hagsmunum, sem varðir eru alþjóðalögum.

Til greina kemur einkum dómsaga:

a. þess ríkis, sem flogið var yfir, er brotið var framið;
b. skráningarríkis loftfars þess, sem um var að tefla;
c. þess ríkis, þar sem afleiðingar brots koma niður;
d. þess ríkis, þar sem loftfar lendir, eftir að brot var framið, enda sé tilvikum þeim, er greinir í a—c eigi til að dreifa.

Svo sem áður var rakið, fékkst laganefnd Alþjóðaflugmálastofnunarinnar við þessi mál á þingi sínu frá 18. ágúst til 4. september 1959 og samdi uppkast að sáttmála. Hér þykir rétt að greina frá efni 1.—4. gr. þessa sáttmálauppkasts.

1. gr.

1. Sáttmáli þessi skal taka yfir brot og aðra hegðun, er hér verður greind, enda drýgi maður brotið í borgaralegu loftfari, er skrásett sé í samningsríki, þá er loftfarið
   a. er á flugi á yfirráðasvæði ríkis, annars en skráningarríkis þess;
   b. er á flugi milli tveggja staða, og annar þeirra er a. m. k. utan skráningarríkis þess;
   c. er á flugi á yfirráðasvæði skráningarríkis þess, ef lent er síðan í öðru sáttmálaríki og fremjandi brotsins er þá enn í loftfarinu;
   d. er á úthafi eða öðrum stað, sem eigi er undirorpinn drottinvaldi nefnds ríkis.
2. Loftfar er í sáttmála þessum talið vera á flugi frá þeirri stundu, er orku er beitt til flugtaks og þar til lendingarskeiði þess lýkur.
3. Sáttmáli þessi tekur eigi til ríkisloftfara. Loftför, sem her, tollyfirvöld og lögregla nota, skulu talin ríkisloftför, en samt skulu hvers konar loftför, sem eru í notkun við flutning á farþegum, farmi eða pósti gegn gagngjaldi eða leigugjaldi, lúta ákvæðum þessa sáttmála.

2. gr.

Í sáttmála þessum táknar brot þá hegðun, sem refsiverð er samkvæmt refsilögum sáttmálaríkis þess, sem dómsögu hefur eftir 3. gr.

3. gr.

1. Ríki, þar sem loftfar er skráð, er, hvort sem annað ríki hefur dómsögu eða eigi, bært til að framkvæma dómsögu vegna brota, sem framin eru í loftfarinu.
2. Nú er brot framið í loftfari í lofthelgi ríkis, annars en þess, þar sem loftfarið er skráð eða það lendir í eftir brotið, og skal refsidómsögu vettvangsríkis eigi beita, að því er varðar brot, framin, meðan loftfar var á flugi, nema í eftirtöldum tilvikum:
   a. ef afleiðingar brotsins verka á yfirráðasvæði slíks ríkis,
   b. ef ríkisborgari slíks ríkis hefur framið brotið eða það bitnar á honum,
   c. ef brotið er drýgt gegn þjóðlegu öryggi slíks ríkis,
   d. ef brotið er gegn lögum og reglugerðum um loftferðir og stjórn loftfara, sem í gildi eru í slíku ríki,
   e. ef framkvæmd dómsögu er nauðsynleg til að tryggja uppihald nokkurrar skyldu slíks ríkis að alþjóðalögum.

Íslenzka ríkinu er að þjóðarrétti einkum rétt og skylt að refsa fyrir brot, framin í erlendu loftfari, sem hér er statt:

a. ef Íslendingur, íslenzkur ríkisborgari eða maður, heimilisfastur á Íslandi, drýgir brotið, eða það bitnar á honum,
b. ef verkanir brotsins koma niður á Íslandi,
c. ef Íslandi ber skylda að alþjóðalögum að refsa fyrir brotið.

Í hegningarlögum nr. 19/1940 eru í 4. gr. reglur, er hér að lúta, og vísast til þeirra.

Hér skal þetta sagt:

Nú er brot framið af starfsmanni eða farþega erlends loftfars, sem hér er á ferð, gegn manni, sem með loftfarinu fylgist, eða hagsmunum, sem við það eru nátengdir, og skal því aðeins refsa hér, að dómsmálaráðherra fyrirskipi rannsókn og málshöfðun. Er honum þá rétt að líta á þau sjónarmið, sem að ofan eru rakin.

Reka skal mál hér á landi eftir íslenzkum hegningarlögum fyrir brot, framin á íslenzkum loftförum, hvar sem þau voru stödd. Á þetta við brot flugverja og farþega, og svo um brot annarra, með eftirtöldum takmörkunum.

Um erlent loftfar, sem íslenzkur aðili ræður yfir, er ákvæði í 2. mgr. 186. gr. frv.

Nú hefur brotið verið framið í íslenzku loftfari á stað, þar sem refsivald annars ríkis tekur til að þjóðarrétti og af manni, sem hvorki var fastur starfsmaður né farþegi í loftfarinu, og ber að refsa honum hér á landi:

a. ef brotið er framið af íslenzkum ríkisborgara eða manni, heimilisföstum á Íslandi, og það er jafnframt refsivert eftir lögum þess lands, þar sem það er framið (5. gr.),
b. ef brotið er framið, hver sem fremjandi er, gegn sjálfstæði íslenzka ríkisins, öryggi þess, stjórnskipan og stjórnvöldum á embættis- eða sýslunarskyldum við íslenzka ríkið og gegn hagsmunum, sem njóta íslenzkrar réttarverndar vegna náins sambands við íslenzka ríkið,
c. ef brotið er framið gegn skyldum, sem þeim, er verkið vann, bar samkvæmt íslenzkum lögum að rækja erlendis, svo og á skyldum samkvæmt ráðningu á íslenzkt loftfar (6. gr.),
d. ef afleiðingar koma fram eða er ætlað að koma fram á Íslandi, enda sé refsing að einhverju leyti bundin við afleiðingar verknaðar.

Fyrir verknað, er lýst var í stafliðum a—c hér á undan, skal einnig refsa, er verknaðurinn er framinn í erlendu loftfari. Ennfremur skal refsa fyrir brot, framið í erlendu loftfari, hver sem fremjandi er, enda sé brotið gegn hagsmunum íslenzkra ríkisborgara eða manna, búsettra á Íslandi og brotið drýgt á stað, þar sem refsivald annarra ríkja nær eigi til að þjóðarétti.

Í 8. gr. laga nr. 19/1940 er ákvæði um brot, er refsivald ber bæði undir íslenzkt og erlent ríki að þjóðarétti, refsiákvörðun, uppsögu dóma o. fl.

II.

Í 41. gr. laga nr. 32/1929 segir, að brot gegn lögunum eða reglugerðum, er gefnar eru út samkvæmt þeim, varði sektum, allt að 10.000 kr. eða fangelsi, ef eigi liggur þyngri refsing við samkvæmt hegningarlögunum. Lagaákvæði þetta lýsir eigi binni refsiverðu hegðun, heldur leggur það algerlega á vald dómstóla að meta, hvað séu refsiverð brot á lögunum. Hegningarákvæðið er óútfyllt (Blanketstraffebud).

Dönsku og norsku sérfræðinganefndirnar, sem unnu að samningu hinna norrænu loftferðalaga, urðu eigi sammála um það, hvort lögsetja skyldi útfyllt eða óútfyllt hegningarákvæði í loftferðalögunum. Danir hafa samkvæmt tillögum sinna sérfræðinga lögsett að nokkru óútfyllt refsiákvæði. Þeir telja eigi nægа reynslu fengna til þess, að rétt sé að telja upp til hlítar, hvaða hegðun sé refsiverð. Eru þeir hræddir um, að algerlega útfyllt refsiákvæði bindi um of hendur dómstóla til að ákveða makleg málagjöld hverju sinni. Hins vegar telja þeir upp þær greinar loftferðalaganna, er brot gegn þeim varða refsingu.

Norðmenn hafa hins vegar farið þá leið að setja útfyllt refsiákvæði. Þeir flokka hina refsiverðu hegðun í yfir 30 sérstæð brot, lýsa hegðunarinntaki hvers brots og ákveða því refsimörk. Þetta hefur þann kost, að þeir, sem starfa að loftferðum, geta í hegningarkafla laganna lesið og séð, hvaða hegðun er refsiverð og hvað þeim beri að varast. Þar sem loftferðalögin eiga vitaskuld að vera í hverju loftfari, skrásettu á Íslandi, virðast hin rækilegu hegningarákvæði geta stuðlað að því, að menn varist frekar hina refsiverðu hegðun. Enn fremur létta hin skýru refsiákvæði verk saksóknara og jafnvel verk dómara. Hefur af þessum sökum verið horfið að ráði Norðmanna, og er XIII. kafli frumvarpsins sniðinn eftir þeirra frumvarpi um þetta efni. Þó má segja, að ákvæði 170. gr. sé að nokkru óútfyllt refsiákvæði. Þá eru refsimörk víða víkkuð frá því sem er í norska frv. Tilætlunin með því er eigi sú, að refsað sé almennt þyngra hér en í Noregi, heldur einungis að gefa dómstólum meira svigrúm, ef sérstaklega stendur á.

Vitaskuld hrófla refsiákvæði loftferðalaga eigi við öðrum lögum, svo sem almennum hegningarlögum.

Það athugast, að lágmarksrefsing við brotum þeim, sem í XIII. kafla getur, er fésekt.

Þá er rætt er um umráðanda (notanda) í refsiákvæðunum, er átt við þann aðilja, sem raunverulega ræður yfir loftfarinu, án tillits til þess, hvort hann hefur öðlazt vörzlur þess með löglegum eða ólöglegum hætti.

Refsiábyrgð flugstjóra ber hver sá, sem hefur á hendi starf flugstjóra í loftfari.

Refsiskilyrði eru ásetningur eða gáleysi.

Tekið er fram, þá er tilraun er refsiverð.

Um 152. gr.

Hér er um að tefla brot gegn 3. gr. Sjá skýringar við þá grein. Um flugstjóra sjá 158. gr.

Um 153. gr.

Ákvæði þetta stendur í sambandi við ýmis ákvæði kaflans um skráningu loftfara, svo sem 7. gr., 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. a—b 13. gr. og 15.—18. gr.

Um 154. gr.

Um merkingu loftfara er vísað til 23. gr. Hart ber að taka á því, ef misferli er viðhaft um merkingu loftfara. Sjá 158. gr., um flugstjóra.

Um 155. gr.

III. kafli frv. varðar lofthæfi, IV. kafli fjallar um áhöfn og VIII. kafli er um umferð í lofti. Refsiákvæði 155. gr. eiga við brot gegn fyrirmælum, sem sett eru í

köflum þessum til eflingar á öryggi. Einnig á 155. gr. við, þá er brotið er gegn öryggisreglum, sem settar eru með heimild í lögunum, sbr. 88. gr. Þar sem segir í 155. gr.: „og eigi er veitt leyfi til notkunarinnar samkvæmt lögum þessum“, er vísað til ákvæða 32. og 42. gr.

Ef brot gegn 155. gr. hefur í för með sér tjón á lífi manna, heilsu eða eignum, koma ákvæði 180. gr. frv. og svo ákvæði hegningarlaga einnig til greina (samstaða refsiákvæða). Refsiákvæði 158. gr. beinast gegn flugstjóra.

Um 156. gr.

Vísað er til ákvæða 24., 28. og 33. gr. um skýringu 156. gr. Atferli það, sem greinir í 156. gr., verður að hafa haft í för með sér hættu á því, að loftfarið sé notað, án þess að kröfum um öryggi sé fullnægt.

Um 157. gr.

Vísað er til athugasemda við 136. gr. Sjá og refsiákvæði 2. mgr. 180. gr.

Um loftfarsskjöl er vísað til 22. og 27. gr. um þjóðernis- og skráningarskírteini og svo reglna, settra samkvæmt 21. og 92. gr. frv. Um flugstjóra, sjá 158. gr.

Um 158. gr.

Með ákvæði þessu er refsiábyrgð fyrir brot gegn 152. gr., 2. mgr. 154. gr., 155. gr. og 157. gr. einnig lögð á flugstjóra. Um refsiábyrgð flugstjóra, sjá einnig 167., 169., 170. og 180. gr.

Um 159. gr.

Vísað er til 36., 37. og 38. gr. frv. um skilyrði fyrir því að hafa á hendi starfa í loftfari.

Ákvæði 179. gr., sbr. 79. gr. taka til þeirra, sem starfa á flugvelli.

Brot flugstjóra á meðferð flugskjala varðar við 169. gr.

Um 160. og 161. gr.

Vísað er til ákvæða 43., 45., 46. og 51. gr. um skipunarvald flugstjóra og hlýðnisskyldu áhafnar.

Um 162. gr.

Með ákvæði þessu er lögð refsing við hegðun þeirri, sem greinir í 52. gr. og 80. gr. frv.

Um 163.—165. gr.

Vísað er til ákvæða VIII. kafla.

Í 1. mgr. 163. gr. eru viðurlög við broti gegn 88. gr.

Brot gegn 55. gr. varðar við 1. mgr. 164. gr.

Í 2. mgr. 163. gr. eru viðurlög við broti gegn 89. gr.

Viðurlög við broti á 90. gr. eru í 2. mgr., 164. gr.

Ákvæði 165. gr. geymir viðurlög við broti gegn 91. gr.

Ákvæði 1. mgr. 163. gr. leggja refsingu við brotum flugverja og starfsmanna flugvallar á umferðarreglum. Þó varða brot smiða, vélfræðinga og þeirra, sem hlaða og tygja loftfar, við 156. gr.

Brot stjórnvaldsmanna varða við almenn hegningarlög, sbr. 56. gr.

Ákvæði 1. mgr. 163. gr. leggur refsingu við brotum á almennum umferðarreglum í lofti, en 1. mgr. 164. gr. geymir heimild til að refsa fyrir brot gegn einstökum fyrirmælum, sem flugumferðarstjórnendur gefa loftförum um flug á loftgangi eða öðru svæði, þar sem flugumferð hlítir sérstakri skipan, sbr. 55. gr.

Samkvæmt 90. gr., sem 2. mgr. 164. gr. á við, er bæði um að tefla lendingu eftir skipan handhafa stjórnvalds á flugvelli og einnig lendingu, þá er tilgreind skilyrði eru fyrir hendi. Miklu skiptir, að slíkum skipunum sé hlítt, og eru viðurlögin því ströng.

Um 165. gr. er vísað til athugasemda við 91. gr.

Brot gegn reglum, sem flugmálaráðherra setur um meðferð og notkun ljósmynda í loftfari, varðar við 179. gr.

Um 166. gr.

Það kann að vera mikið í húfi, þá er forseti Íslands takmarkar eða bannar loftferðir um íslenzkt yfirráðasvæði samkvæmt 4. gr. Eru viðurlög fyrir brot á banninu í samræmi við það.

Um 167. gr.

Viðurlög ákvæðisins taka til flugstjóra. Viðurlög á hendur öðrum flugverjum eru í 161. gr., þá er þeir brjóta hlýðnisskyldu sína, og svo í 170. gr. Hér getur oft verið um samstöðu með almennum hegningarlögum að tefla.

Um 168. gr.

Smygl og annað slíkt athæfi getur valdið því, að áætlun loftfars truflast mjög.

Um 169. gr.

Í 1. mgr. 169. gr. eru viðurlög við brotum gegn reglum, settum samkvæmt 92. og 94. gr.

Ákvæði 2. mgr. 169. gr. varða fals. Ákvæði hegningarlaga standa óhreyfð.

Um 170. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að taka til stórkostlegrar vanrækslu flugverja í starfi, sem eigi verður refsað fyrir samkvæmt 152. til 160. gr.

Um 171. gr.

Ákvæði 1. mgr. 171. gr. geymir viðurlög við brotum gegn 54. og 62. gr.

Um 172. gr.

Hér er um að tefla viðurlög á hendur þeim, sem hlítir eigi nauðsynlegri forræðisskerðingu eigna vegna loftferða.

Um 173. gr.

Ýmis konar starfsemi er í frv. háð sérleyfi, leyfi eða staðfestingu eða frv. heimilar setningu reglna, er setji slík skilyrði. Hér skal nefna 33. gr. um smíð og leyfi til að hafa á hendi viðhald loftfara, 57. gr. um sérleyfi til að gera og starfrækja flugvöll, sem sé almenningi til afnota, 61. gr. um rétt flugmálaráðherra til að ákveða, að leyfi hans þurfi til gerðar og rekstrar á flugvelli, sem eigi er til almennrar notkunar, eða til almenns flugvirkis, 81. gr., 1. og 2. mgr. um leyfi flugmálaráðherra til rekstrar loftferða í fjáraflaskyni yfir íslenzku yfirráðasvæði, 81. gr., 3. mgr. um rétt flugmálaráðherra að gera ýmsa flugstarfsemi háða leyfi sínu, 87. gr. um heimild flugmálaráðherra til að setja reglur með hverju skilorði afhenda megi loftfar eða flugvirki þess eða aðra varahluti í hendur annars aðila.

Ákvæði 173. gr. geyma viðurlög við því, er nefnd starfsemi er stunduð án leyfis eða viðurkenningar.

Það athugast, að brot gegn 62. gr. varðar við 171. gr.

Um 174. gr.

Ákvæðið geymir viðurlög við broti gegn 147. gr., þ. e. för loftfars af flugvelli þrátt fyrir bann.

Um 175. gr.

Um skoðun, eftirlit og rannsókn er fjallað í þessum ákvæðum: 25. og 31. gr. um könnun á lofthæfi loftfara, 33. og 41. gr. könnun á starfshæfni, 95. gr. um rannsókn á loftförum og skjölum loftfars og flugverja, 140. gr. um rannsókn á flugslysi, 149. gr. um könnun á brenni (eldsneyti) loftfara.

Ákvæði 175. gr. leggur viðurlög við því, er framangreindar rannsóknir eru tálmaðar eða eigi veitt aðstoð við þær, þá er þess er krafizt með heimild í lögum eða reglum, settum samkvæmt þeim, sbr. 188. gr.

Um 176. gr.

Greinin geymir viðurlög við broti gegn 137. gr. og hróflar eigi við ákvæðum hegningarlaga.

Um 177. gr.

Skylda til að veita tilkynningu samkvæmt ákvæðum frv. eða reglum, settum eftir þeim, er m. a. að finna í 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 2. mgr. 44. gr., 50. gr. sbr. 53. gr., 4. mgr. 62. gr., 1. mgr. 141. gr. og 150. gr. Síðasta mgr. 50. gr., 87. gr. og 188. gr. eiga hér við einnig.

Ákvæði 177. gr. geymir viðurlög við brotum gegn nefndum skyldum.

Um 178. gr.

Hér er um að tefla viðurlög við brotum gegn skyldum þeim, sem greinir i 20. gr., 2. mgr. 21. gr., síðustu mgr. 28. gr., 29. gr., síðustu mgr. 39. gr. og 40. gr.

Um 179. gr.

Ákvæði 165., 166., 169. sbr. 159., 172., 176. og 177. gr. geyma viðurlög við brotum gegn reglum, settum með heimild í lögunum. Ákvæði 179. gr. eiga við um önnur brot gegn reglum, settum samkvæmt lögunum, en í hinum tilvitnuðu ákvæðum getur, sbr. 188. gr.

Um 180. gr.

Ákvæði þetta geymir heimild til að beita aukinni refsingu, ef mannslát, tjón á líkama manns, heilsu eða eign hlýzt af brotum, sem refsing er lögð við í tilteknum greinum kaflans. Það er refsiskilyrði samkvæmt viðeigandi ákvæðum, að brotin hafi verið framin af ásetningi, en hins vegar er það eigi refsiskilyrði, að tjón hafi af þeim hlotizt. Ef tjón verður af, kemur refsiþynging til framkvæmda.

Ef hin hugrænu skilyrði eru fyrir hendi, verður samstaða með þessu lagaboði og ákvæðum hegningarlaga.

Um 181. gr.

Ákvæðið geymir heimild til að refsa fyrir gáleysi.

Um 182. gr.

Talið er, að ákvæði almennra hegningarlaga um hlutdeild taki samkvæmt lögjöfnuði til hegðunar, sem refsing er lögð við í öðrum lögum. Hér er þetta einungis tekið fram til áherzlu, þar sem ákvæðið fjallar um þessi efni.

Um 183. gr.

Þar sem lögaðiljar (jurdiskar persónur) reka stærstu flugferðafyrirtækin, þykir eðlilegt og lögrökum samkvæmt að beita viðurlögum gegn lögaðiljanum sjálfum, er brot er drýgt honum til hagsbóta eða hann hefur ágóða af brotinu.

Um 184. gr.

Í 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 eru rækileg ákvæði um, að svipta skuli mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, er hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða telja verður, með hliðsjón af eðli brots hans eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðar, að hann hafi ökuleyfi. Akstur með áfengisáhrifum leiðir til sviptingar ökuleyfis, nema sérstakar málsbætur séu.

Stjórn loftfars er miklu vandasamara og áhættusamara starf en stjórn bifreiðar. Það er því nauðsynlegt að beita réttindasviptingu gegn flugstjóra og flugverjum, ef varhugavert er af öryggisástæðum, að þeir hafi áfram starfa sinn á hendi. Verður að meta það hverju sinni, hvort hegðun flugverja hafi verið með þeim hætti, að telja verði varhugavert vegna öryggis, að þeir haldi flugmannsréttindum eða starfa á flugvelli.

Um XIV. kafla.

Um 185. gr.

Grein þessi varðar einkum svifflugur, loftbelgi, fjarstýrð loftför o. fl. Rétt er í þessu sambandi að minna á ákvæði 8. gr. Chicago-sáttmálans þar sem segir, að ekkert fjarstýrt loftfar megi fljúga um yfirráðasvæði sáttmálaríkis nema sérstakt leyfi sé til þess og í samræmi við skilyrði leyfisins. Sérhvert sáttmálaríki tekst á hendur að tryggja, að flug slíks loftfars um svæði, sem heimil eru borgaralegum loftförum, skuli háð slíkri gæzlu, að hættu sé afstýrt. Í samræmi við þetta sáttmálaákvæði er ákvæði 185. gr. um, að sérreglur flugmálaráðherra um fjarstýrð loftför og önnur loftför sérstakrar tegundar skuli þannig úr garði gerðar, að öryggi loftferða sé eigi teflt í tvísýnu.

Efni kunna að vera til að víkja frá ákvæðum laganna um merkingu og loftferðaskjöl svifflugna, sem einungis er ætlað mjög takmarkað flugsvið. Undanþágu mætti veita einstöku loftfari, sem sérlega væri búið, þótt önnur loftför af sömu tegund fengju hana eigi.

Flugmálaráðherra er eigi rétt að veita undanþágur frá einkaréttarákvæðum og refsiákvæðum laganna. Á þetta einkum við um IX. og X. kafla og 132., 135. og 138. gr., og XIII. kafla.

Eigi má blanda saman undanþáguheimild 185. gr. og öðrum ákvæðum, sem veita heimild til undanþágna, t. d. 3. gr. c, 2. mgr. 22. gr., 2. mgr. 32. gr. og 42. gr.

Rétt væri flugmálaráðherra að setja með heimild í 185. gr. strangari reglur en lögin annars geyma um loftför, þá er sérstaklega stendur á, en eigi mættu slíkar reglur brjóta í bága við milliríkjasáttmála.

Ákvæði 2. mgr. 185. gr. taka einkum til eldflauga, skeyta, fallhlífa, fastra loftbelgja o. fl.

Um 186. gr.

Samkvæmt 31. gr. Chicago-sáttmálans skal loftfar hvert, sem milliríkjaflug stundar, hafa lofthæfisskírteini, útgefið eða staðfest af því ríki, þar sem það er skrásett. Samkvæmt 32. gr. sáttmálans skal flugstjóri og aðrir menn í flugáhöfn loftfars, er milliríkjaflug stundar, hafa starfhæfisskírteini og starfsskírteini, útgefin eða staðfest af því ríki, þar sem loftfarið er skrásett. Hvert sáttmálaríki áskilur sér að neita að taka til greina hæfnisvottorð og starfsskírteini, sem önnur ríki kunna að hafa gefið borgurum þess til loftferða yfir landi þess.

Enn segir í 33. gr. sáttmálans, að lofthæfisskírteini, starfshæfisskírteini, útgefin eða staðfest af sáttmálaríki, þar sem loftfar er skrásett, skuli vera tekin gild af öðrum sáttmálaríkjum, enda séu þau skilyrði, sem slík skírteini fullnægja, hin sömu eða strangari en lágmarksskilyrði þau, sem sett eru á hverjum tíma samkvæmt sáttmálanum.

Ísland er bundið við ákvæði sáttmálans. Verður því úrlausnarefni, að hve miklu leyti flugmálaráðherra getur beitt ákvæðum III. kafla um lofthæfi, IV. kafla um áhöfn og V. kafla um flugstjóra, að því er varðar erlend loftför, sem íslenzkur aðili, þ. e. aðili samkvæmt 7. gr., ræður yfir. Í 28. gr. og 2. mgr. 38. gr. ræðir einungis um íslenzk loftför. Ákvæði 43.—52. gr. eiga við um íslenzk loftför, en flugmálaráðherra er samkvæmt 53. gr. rétt að kveða á um beitingu þeirra um erlend loftför á íslenzku yfirráðasvæði. Samkvæmt 185. gr., samanborinni við 31., 32. og 33. gr. sáttmálans, ætti þá að vera heimilt að beita ákvæðum nefndra III., IV. og V. kafla um erlent loftfar í milliríkjaloftferðum, ef það er samþykkt af eiganda loft-

farsins og staðfest af skráningarríki loftfarsins. Ástæða gæti verið að leita slíkrar staðfestingar, þá er áhöfnin er íslenzk. Er og eðlilegt, að íslenzk refsilöggjöf taki til erlends loftfars, þá er íslenzkur aðili ræður yfir því og það er íslenzkri áhöfn skipað.

Um 187. gr.

Þótt flugmálaráðherra sé fengið vald til að ákveða, hverjir fari með vald flugmálastjórnar, er óeðlilegt, að hann framselji vald sitt til að setja reglur eða veita leyfi og undanþágur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Ed. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1964 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Gjöld samkvæmt lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal árinu 1964 innheimta þannig:

a. Bifreiðaskattur samkvæmt c—e liðum 1. gr. laganna fyrir árið 1963, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1964, skal innheimtur með 100% álagi, að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1964, er kann að verða greiddur á því ári vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
b. Innheimta skal innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laganna með 6 — sex krónum — af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar.

   Álögin á innflutningsgjöldin af hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1964 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár. Ákvæði um þetta er nú að finna í 1.—3. gr. laga nr. 90/1962. Rétt er að geta þess, að ákvæði 4. og 5. gr. framangreindra laga voru felld niður með nýju tollskrárlögunum á s. l. vori.

Sþ. 22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um framkvæmdir á vegum Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði.

Flm.: Ragnar Arnalds, Gils Guðmundsson, Alfreð Gíslason, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að gefnu tilefni að lýsa yfir því, að óheimilt er að gera nokkra samninga við Atlantshafsbandalagið um framkvæmdir í Hvalfirði, nema samþykki Alþingis komi til.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur herstjórn Bandaríkjamanna lengi haft áhuga á að reisa flota- og kafbátastöð í Hvalfirði. Nýlega hefur verið upplýst, að fyrir áratug fór Bandaríkjastjórn fram á það við íslenzku ríkisstjórnina að fá að grafa mikil kafbátabyrgi inn í Þyril, en þessari beiðni var þá hafnað. Í annað sinn árið 1957 komu fram óskir frá Bandaríkjastjórn um leyfi til að hefja framkvæmdir í Hvalfirði. Var þá ekki gert ráð fyrir kafbátabyrgjum, en áformað að reisa nýja olíustöð ásamt sökklum á hafsbotni og legufærum, sem hægt væri að nota fyrir herskip og kafbáta. Jafnframt var farið fram á lóranstöð á Snæfellsnesi og aðstöðu á Akranesi til fjarskiptaþjónustu. Ekkert varð af samningum í það sinn.

Atlantshafsbandalagið hefur á seinustu árum lagt vaxandi áherzlu á notkun svonefndra Polariskafbáta, sem skotið geta kjarnorkuhlöðnum eldflaugum. Að undanförnu hefur aðalbækistöð slíkra kafbáta á Norður-Atlantshafi verið í Clydefirði í Skotlandi, en líklegt er talið, að Atlantshafsbandalagið vilji flytja þessa bækistöð úr skozku milljónabyggðinni á öruggari og hentugri stað. Frá landfræðilegu og hernaðarlegu sjónarmiði munu aðstæður vera heppilegar í Hvalfirði; fjörðurinn er þröngur og djúpur, girtur háum fjöllum, en byggð er óveruleg, og fjarlægðin frá herstöð Bandaríkjamanna á Miðnesheiði er tiltölulega lítil.

Árið 1959 lét ríkisstjórnin í fyrsta sinn undan kröfum Bandaríkjamanna um Hvalfjörð, og það ár var Atlantshafsbandalaginu heimilað að reisa lóranstöð á Snæfellsnesi. Með þessari ákvörðun var stigið fyrsta sporið að því marki að koma upp flotastöð í Hvalfirði, enda er lóranstöðin, sem verða mun hæsta mannvirki í Evrópu, reist í þeim yfirlýsta tilgangi að auðvelda kafbátum miðanir.

Í fullu samræmi við þessi áform ákvað herstjórn Bandaríkjamanna árið 1960 að gera Keflavíkurflugvöll að stjórnarmiðstöð fyrir kafbátaflotann á norðanverðu Atlantshafi, og flotinn tók við yfirstjórn bandarískra herliðsins á Íslandi af landhernum. Rúmu ári síðar fengu Bandaríkjamenn leyfi íslenzku ríkisstjórnarinnar til að mæla upp og kortleggja botn Faxaflóa. Þessu verki er nú lokið, og munu Bandaríkjamenn óvíða eiga jafnnákvæm kort um kafbátaleiðir í landhelgi annarra þjóða.

Fram að þessu hefur ríkisstjórnin ekki haft neitt samráð við Alþingi um ákvarðanir sínar í þessum málum, og hvað eftir annað hefur því verið neitað opinberlega, að nokkur áform séu um hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði. Á sama tíma hefur þó margsinnis fengizt viðurkenning á þessum áformum, og má til viðbótar nefna, að í skýrslu Holtermanns hershöfðingja, sem lögð var fyrir Alþingi 1961 með frumvarpi um almannavarnir, var rætt um flotahöfn í Hvalfirði og svæðið umhverfis fjörðinn talið sérstakt hættusvæði á styrjaldartímum. Og í skýrslu dr. Ágústs Valfells til ríkisstjórnarinnar um áhrif kjarnorkuárásar á landið var Hvalfjörður tilnefndur sem sérstakt hættusvæði í framtíðinni.

Nú hefur það gerzt, að utanríkisráðherra hefur boðað nýjar og stórfelldar framkvæmdir á vegum Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði. Í viðtölum, sem fulltrúar Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins áttu við utanríkisráðherra í ágústmánuði, kom það fram, að áformað er að reisa 25—28 olíugeyma í Hvalfirði, byggja þar hafskipabryggju og koma fyrir múrningum á hafsbotni á fjórum til fimm stöðum, og verða þessar múrningar tengdar legufærum í landi. Utanríkisráðherra við-

urkenndi, að þessum útbúnaði yrði þannig háttað, að hvers konar herskip gætu athafnað sig þar og haft þar öruggt aðsetur, jafnvel kjarnorkukafbátar. Í viðtalinu sagði ráðherrann, að samningur þessi hefði sjálfstætt gildi og gæti staðið áfram, enda þótt herstöðvasamningurinn félli niður. Jafnframt lýsti ráðherrann yfir því, að samningurinn við Atlantshafsbandalagið yrði ekki lagður fyrir Alþingi.

Við, þingmenn Alþýðubandalagsins, teljum það furðulegt athæfi af ríkisstjórninni að leyfa stórfelldar hernaðarframkvæmdir í landinu á sama tíma og mjög hefur dregið úr stórveldaátökum og friðvænlegar horfir í heiminum. Við teljum, að áformin um flota- og kafbátastöð í Hvalfirði muni óhjákvæmilega kalla yfir landið gífurlega tortímingarhættu á stríðstímum. Jafnframt minnum við á, að samkvæmt stjórnarskránni hefur ríkisstjórnin enga heimild til að gera slíkan samning við Atlantshafsbandalagið, nema samþykki Alþingis komi til. Í 21. gr. stjórnarskrárinnar segir svo:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.“

Nd. 23. Frumvarp til laga [23. mál]

um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson, Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson.

I. KAFLI

Um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni fimm manna jafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara. Nefndinni er heimilt að ráða menn í þjónustu sína, eftir því sem nauðsyn krefur og ríkisstjórnin samþykkir. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Jafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þörf krefur.

4. gr.

Jafnvægisnefnd lætur gera áætlanir samkvæmt 7. gr. Hún stjórnar jafnvægissjóði og ráðstafar eignum hans samkvæmt II. kafla þessara laga.

5. gr.

Jafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur um þau atriði, sem þykja máli skipta í sambandi við verksvið hennar.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef jafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 5. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Jafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri. Lán og framlög úr jafnvægissjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI
Um jafnvægissjóð.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist jafnvægissjóður, og sé hann undir stjórn jafnvægisnefndar. Hlutverk jafnvægissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum jafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga jafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum ásamt skrá um lántakendur og upphæðir lána svo og um óafturkræf framlög á sama hátt.

9. gr.

Tekjur jafnvægissjóðs eru:

1. 1½% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1963.
2. Vaxtatekjur.

10. gr.

Úr jafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins samkv. 1. gr., þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda séu aðrir lánsmöguleikar fullnýttir. Skal áður leitað álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sé hún ekki sjálf umsækjandi. Veita má sveitarfélögum lán til að koma upp íbúðum. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborganaskilmála fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) hverju sinni.

11. gr.

Óafturkræf framlög má veita, ef sérstaklega stendur á og a. m. k. fjórir nefndarmenn samþykkja.

12. gr.

Sé sveitarfélögum veitt lán til íbúða, er jafnvægisnefnd heimilt að afla sjóðnum lánsfjár í því skyni, ef hún telur þess þörf, og endurlána það sjóðnum að skaðlausu, að því er lánskjör varðar.

13. gr.

Nú ákveður hreppsnefnd, bæjarstjórn eða sýslunefnd, ein eða fleiri saman, að koma upp sérstökum jafnvægissjóði til starfa í umdæmi sínu og að leggja fram fé til þess, og getur þá jafnvægisnefnd, ef stofnandi eða stofnendur óska, löggilt slíkan sjóð sem jafnvægissjóð þess svæðis, sem um er að ræða. Hafi sjóður fengið slíka löggildingu, er jafnvægisnefnd heimilt að veita honum lán, enda veiti hún þá yfirleitt ekki önnur lán til framkvæmda á starfssvæði hans. Stjórn slíks sjóðs ber

að fylgjast með áætlunum jafnvægisnefndar um framkvæmdir á hlutaðeigandi landssvæði, enda þarf, ef nefndin hefur veitt honum lán, samþykki hennar til lánveitingar úr honum samkvæmt reglum, er hún setur.

14. gr.

Heimilt er jafnvægisnefnd, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang þessara laga, enda séu a. m. k. 4 nefndarmenn því samþykkir og að þeirra dómi og hlutaðeigandi sveitarstjórnar ekki unnt að koma fyrirtækinu á fót á annan hátt.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal jafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi því, er setur lögin.

Ákvæði til bráðabirgða.

Jafnvægisnefnd skal þegar eftir gildistöku þessara laga, í samráði við Landnám ríkisins, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar að dómi Landnámsins vel viðunandi atvinnurekstrarskilyrði frá náttúrunnar hendi á landi eða sjó. Leita skal, eftir því sem þurfa þykir, álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands iðnaðarmanna um úrræði á hverjum stað. Til framkvæmdar bráðabirgðaáætluninni er nefndinni heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum, allt að þriðjungi tekna hans til ársloka 1966. Framlögin skulu veitt sveitar- eða sýslufélögum með fyrirmælum, sem nefndin setur um notkun þeirra.

Greinargerð.

Það mun almennt talið, að það sé jafnvægi í byggð landsins, ef íbúum einstakra landshluta fjölgar á tilteknum tíma um sama eða svipaðan hundraðshluta og þjóðinni í heild. Með landshluta er þá yfirleitt átt við landsfjórðung eða stóran hluta úr landsfjórðungi, sbr. mannfjöldaskýrsluna hér á eftir. Einnig mætti segja, að jafnvægi í byggð landsins sé sú dreifing þjóðarfjölgunarinnar, að öll lífvænleg byggð haldist og eflist um land allt, að þjóðin haldi áfram að byggja alla björgulega staði í landi sínu.

Árið 1940, við aðalmanntal, var mannfjöldinn á öllu landinu 121474. Hinn 1. des. 1962 var hann 183478. Fjölgun 62004, eða 51.05%. Í einstökum landshlutum var mannfjöldinn þessi 1940 og 1962:

	1940:	1962:		
Kjalarnesþing (vestan Fjalls) ...	47460	102810	Fjölgun	ca. 117%
Vesturland sunnan Gilsfjarðar ..	9936	12340	—	— 24%
Vestfirðir	12953	10530	Fækkun	— 19%
Norðurland	27406	30834	Fjölgun	— 12.5%
Austurland	10123	10664	—	— 5%
Suðurland (austan Fjalls)	13596	16300	—	— 20%
	121474	183478		

Þessar tölur bera glöggt vitni um hina gífurlegu röskun, sem enn hefur orðið síðustu áratugi á jafnvæginu í byggð landsins. Á Vestfjörðum var bein fólksfækkun um ca. 19%. Í fjórum landshlutum var fjölgunin aðeins 5%, 12%, 20% og 24%, á sama tíma sem þjóðinni fjölgaði um rúml. 51%, þ. e. hlutfallsleg fólksfækkun. Jafnvel í höfuðstað Norðurlands, Akureyri, var um hlutfallslega fólksfækkun að

ræða á síðasta áratug. En í Kjalarnesþingi (vestan Fjalls) hækkaði fólkstalan um ca. 117% á tímabilinu 1941—62. Í sex samliggjandi sveitarfélögum við innanverðan Faxaflóa hækkaði íbúatalan úr ca. 43400 upp í ca. 93000. Á því litla landsvæði á nú rúmlega helmingur þjóðarinnar heima.

Þessi þróun er mjög varhugaverð, svo að ekki sé meira sagt, fyrir land og þjóð, ekki aðeins þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega fólksfækkun að stríða, heldur einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar, sem á erfitt með að valda sumum þeim verkefnum, sem á hana hlaðast vegna of mikils vaxtarhraða, og getur af þeim sökum orðið örðugra en ella að byggja þar upp nægilega traust atvinnulíf í framtíðinni. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna að stuðla að því, að fólksfjölgunin dreifist meir um landið en hún hefur gert hingað til á þessari öld. En til þess að svo megi verða, þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf hinna einstöku landshluta og stuðla að því, að skortur á íbúðarhúsnæði hamli því ekki, að fólk setjist að í þessum landshlutum, t. d. faglærðir menn eða sérfróðir á einhverju sviði, sem víða vantar tilfinnanlega um þessar mundir.

Alllangt er nú síðan byrjað var að komast svo að orði á Alþingi og víðar á opinberum vettvangi, að nauðsyn bæri til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og hefja á vegum ríkisvaldsins sérstaka og sjálfstæða starfsemi í því skyni. Það var um það leyti kunnugt orðið, að Norðmenn höfðu gert framkvæmdaáætlun mikla fyrir Norður-Noreg, sem þá var orðinn hlutfallslega mun mannfærri en aðrir landshlutar þar og hafði dregizt aftur úr á ýmsum sviðum. Framkvæmd þessarar Norður-Noregs-áætlunar er nú lokið, en ráðstafanir af sama tagi hafa verið gerðar á breiðara grundvelli. Mikilvægi þessa máls virðist vera ráðamönnum Noregs vel ljóst, og sýna þeir það í verki.

Sú var á síðasta áratug framkvæmd þessara mála hér á landi, að tekin var upp sú regla að veita á fjárlögum sérstakt fjárframlag úr ríkissjóði til „atvinnu- og framleiðsluaukningar", sem aðallega var notað til lánveitinga í sambandi við uppbyggingu atvinnulífs í sjávarplássum á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Í sveitunum var að sjálfsögðu haldið áfram að framkvæma hina eldri löggjöf um nýbýli og aðstoð við ræktunarsambönd, svo og aðrar ráðstafanir, sem Landnám ríkisins hefur umsjón með og að því áttu að miða að koma í veg fyrir eyðingu býla, en af sjálfu atvinnuaukningarfénu hefur lítið runnið til sveitabyggðanna. Atvinnuaukningarfjárveitingin varð hæst árið 1957, þá 15 millj. kr., en var í fjárlögum fyrir árið 1962 aðeins 10 millj. kr. Stjórnskipaðar nefndar störfuðu um skeið að rannsóknum á aðstöðu einstakra landshluta og byggðarlaga, einkum á sviði atvinnumála, og gerðu skýrslur og áætlanir um þau efni. Jafnvægismálið hefur legið fyrir Alþingi í ýmsum myndum, um það verið rætt þar og stundum gerðar um það ályktanir. Af hálfu Framsóknarflokksins voru á Alþingi 1959—1960 og 1960—1961 flutt frv. um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en fengu ekki afgreiðslu. Á þingi 1961—62 voru sett lög um atvinnubótasjóð. Með þeim lögum var í rauninni ákveðið, að atvinnuaukningarféð skyldi vera 10 millj. kr. á ári í 10 ár, sem er mjög lág upphæð, miðað við það, sem áður var, og núverandi verðlag, og það lagt í sjóðinn ásamt útistandandi lánum af atvinnuaukningarfé frá öndverðu, en þau lán hafa a. m. k. til skamms tíma verið innheimt vægilega. Yfir sjóðinn var sett sérstök stjórn, er Alþingi kýs í upphafi kjörtímabils, en síðustu árin þar áður hafði þingið kosið nefnd ár hvert til þess að úthluta atvinnuaukningarfénu. Framkvæmdin mun vera á þá leið, að sjóðsstjórnin kemur saman nokkra daga ár hvert, lítur yfir þann mikla fjölda umsókna, sem borizt hefur — án þess að eftir þeim sé auglýst —, og úthlutar 10 milljónunum — aðallega í einni lotu. Um skipulagða jafnvægisstarfsemi, byggða á fyrirframgerðri áætlun, er varla að ræða. Tilgangur sjóðsins er ekki glöggt markaður í lögunum. Sum ákvæði þeirra benda til þess, að hér sé aðallega um að ræða ráðstafanir gegn atvinnuleysi — eins konar útibú frá atvinnuleysistryggingasjóðnum —, en reyndin virðist vera sú í bili,

að meiri hluti úthlutunarfjárins sé lánaður til fiskiskipa um land allt, út á síðari veðrétt, án sérstaks tillits til jafnvægissjónarmiðs. Er það út af fyrir sig gagnleg starfsemi, enda ekki við henni hróflað í þessu frumvarpi. En í lögunum um atvinnubótasjóð og framkvæmd þeirra felst engin ný skapandi lausn þessara mála, enda varla vakað fyrir stjórnarvöldum, að svo yrði, heldur aðeins lögfest aðferð til að úthluta atvinnuaukningarfénu og upphæð þess ákveðin 10 ár fram í tímann, á þann hátt, sem þarna er gert.

Frv. það, sem hér liggur fyrir í annað sinn, með litlum breytingum, en nýju ákvæði til bráðabirgða, er byggt á þeirri skoðun, að ekki megi lengur dragast að koma á fót sjálfstæðri og skipulagðri starfsemi til frambúðar í því skyni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að sú starfsemi verði að hafa við það fjárframlag að styðjast, að verulegs árangurs megi vænta. Hér er um svo stórt og umfangsmikið verkefni að ræða, að engin von er til þess, að venjuleg úthlutunarnefnd, sem kemur saman á 1—2 skyndifundi árlega og skortir aðstöðu til að afla sér þekkingar á högum byggðarlaganna víðs vegar um land, geti innt það af hendi, svo að viðhlítandi sé, með þeim takmörkuðu fjármunum, sem lögin um atvinnubótasjóð gera ráð fyrir. Hér þarf að koma til föst stofnun með starfsmanni eða starfsmönnum, sem geta helgað sig viðfangsefninu, og sjóðsstjórn, sem innir af hendi annars konar starf en nú er gert ráð fyrir. Nauðsynlegrar þekkingar verður að afla á hverjum tíma með því að ferðast um landið, ræða við sveitarstjórnir og aðra þá, er forustu hafa í atvinnulífinu á hverjum stað, gera skýrslur og semja áætlanir, sem úthlutun fjármagns byggist á. Ella er hætt við, að hún verði fálmkennd og atvikum háð og komi ekki að fullu gagni.

Gert er ráð fyrir, að jafnvægissjóður fái til umráða 1½% af tekjum ríkissjóðs ár hvert, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1962. Miðað við áætlun fjárlaga fyrir 1963 yrðu tekjur jafnvægissjóðs í fyrsta sinn um 33 millj. kr., en breytast síðan í hlutfalli við tekjur ríkissjóðs, sem á að tryggja það, að starfsgeta sjóðsins haldist, þótt verðlag breytist. Einhverjum kann að þykja þetta há upphæð við fyrstu sýn, en að vel athuguðu máli verður það varla talið frekt í sakirnar farið, þó að lagt sé til, að ríkið verji árlega þessum lága hundraðshluta af tekjum sínum til að skipuleggja á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, sókn gegn þeirri öfugþróun, sem tölurnar hér að framan bera vitni um, og tryggja framtíð þeirra byggða, sem alið hafa upp mikinn hluta þess fólks, sem starfað hefur að uppbyggingu landsins til þessa eða nú er á starfsaldri. Rétt er líka að hafa það í huga, að framlög ríkisins til verklegra framkvæmda víðs vegar um land hafa farið hlutfallslega lækkandi í seinni tíð, miðað við umsetningu fjárlaga.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í tveim köflum. Fjallar fyrri kaflinn, sem að miklu leyti er sniðinn eftir frv., er efri deild Alþingis samþykkti árið 1956, um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar, sem gert er ráð fyrir, að kjörin verði af Alþingi og haldi fund a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þurfa þykir. Nefndinni er heimilað að tryggja sér starfskrafta, eftir því sem nauðsyn krefur, enda komi til samþykki ríkisstjórnar. Yrði það sennilega gert í félagi við Framkvæmdabankann. Á það skal minnt, að sú ríkisstofnun þykir víst ekki stór í sniðum nú á tímum, sem engan fastan starfsmann fær að hafa í þjónustu sinni. Jafnvægisstofnunin á samkvæmt frumvarpinu að hafa með höndum rannsóknarstörf, áætlanagerð og ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Í því skyni eru henni fengin umráð yfir jafnvægissjóði, en um hann er II. kafli frumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að fjárframlög úr jafnvægissjóði verði aðallega veitt sem lán, þegar aðrir lánsmöguleikar hlutaðeigandi aðila eru fullnýttir, og að stjórn sjóðsins ákveði sjálf lánskjörin hverju sinni. Geta þau þá farið að verulegu leyti eftir greiðslugetu. Samkvæmt frumvarpinu má veita slík lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi jafnvægisnefndar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að sveitir landsins geti einnig notið þar góðs af, að því leyti sem stuðningur sá, sem veittur

er samkvæmt landbúnaðarlöggjöfinni, leysir ekki þau viðfangsefni, sem um er að ræða. Meðal annars er gert ráð fyrir, að jafnvægisnefnd geti aðstoðað sveitarfélög við að koma upp íbúðum, þar sem íbúðaskortur kemur í veg fyrir æskilega fólksfjölgun og það mál verður ekki leyst á annan hátt, — er áður að því efni vikið, — og að sjóðurinn megi afla sér lánsfjár í því skyni, sér að skaðlausu. Sjóðsstjórninni er heimilt að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtæki, ef sérstaklega stendur á og fullnægt er tilteknum skilyrðum.

Rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að einstakar sveitarstjórnir eða sýslunefndir, ein eða fleiri saman, kunni að hafa hug á og telja sér fært að leggja sjálfar fram fé til þeirrar uppbyggingar á sínu svæði, sem frumvarp þetta tekur til, og hafa þá sjálfar meiri forustu en yfirleitt er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Þykir þá sanngjarnt og eðlilegt, að þær geti, ef þannig er að farið, fengið til þess aðstoð jafnvægisnefndar á þann hátt, sem nánar er tiltekið, enda verði þá yfirleitt ekki um aðrar beinar lánveitingar úr jafnvægissjóði að ræða á því svæði, sem hér er um að ræða.

Lagt er til, að Framkvæmdabanki Íslands annist daglega afgreiðslu og reikningshald fyrir jafnvægissjóð.

Að svo stöddu er að dómi flm. ekki tímabært að setja með lögum nákvæmar reglur um þá starfsemi til stuðnings jafnvægi í byggð landsins, sem hér ræðir um. Í frv. eru ákvæði um tilgang hennar og meginatriði, en a. ö. l. verður hún að mótast smám saman af rannsóknum og reynslu og áætlunum þeim, sem gerðar verða á vegum jafnvægisnefndar. Hér er um að ræða ráðstafanir, sem verða munu allri þjóðinni til hagsbóta. — Einnig sá landshluti, sem fjölmennastur er eða verður, mun — eins og fyrr var að vikið — njóta hér góðs af í ríkum mæli, ef takast mætti að stöðva eða minnka fólksstrauminn þangað, því að hið mikla aðstreymi fólks, sem þar hefur átt sér stað áratugum saman, hefur skapað þessum landshluta ýmiss konar erfiðleika og ekki verið honum hentugt, enda á sumum sviðum haft í för með sér mikil fjárútlát fyrir borgarana. — Í öðrum landshlutum mundi jafnvægissjóður með beinum fjárframlögum og þá einkum útlánum styðja þá uppbyggingarstarfsemi, sem að undangenginni athugun telst til þess fallin á hverjum tíma að draga úr fólksstraumnum þaðan eða stöðva hann. Hér er ekki um það að ræða, að hvergi megi leggja niður byggt ból eða flytja á hagkvæmari stað. Uppbyggingunum ber að miða við það að hagnýta sem bezt gæði náttúrunnar til lands og sjávar, þar sem þau eru til staðar. Björgulega staði ætti ekki að yfirgefa, heldur stefna að því þar að gera mönnum kleift að koma atvinnurekstri sínum og aðstöðu í samræmi við það, sem hæfilegt má teljast og óhjákvæmilegt á hverjum tíma. En jafnframt ber að hafa það í huga, að ráðið til þess að hindra beina eða hlutfallslega fólksfækkun í einhverjum landshluta getur verið meðal annars í því fólgið að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún, sem fyrir eru, og ber þá jafnvægisstofnuninni að sjálfsögðu að greiða fyrir uppbyggingu og vexti slíkra staða, jafnhliða annarri uppbyggingu þar um slóðir. Aukning fólksfjölda á slíkum þéttbýlisstöðum, þótt hún í bili dragi til sín eitthvað af fólki úr umhverfi sínu, getur verið brýnt hagsmunamál hlutaðeigandi landshluta, ef hún ræður úrslitum um það, að hann sem heild haldi sínum hlut. Í bæjum og þorpum skapast líka markaður og ýmsir aðrir slíkir möguleikar fyrir nálægar sveitir. Af þessu leiðir, að jafnvægismálið verður ekki leyst, svo að vel sé, nema á það sé litið frá heildarsjónarmiði hinna stóru landshluta, en þá jafnframt haft í huga, að björgulegar byggðir, þótt nú séu af einhverjum ástæðum fámennar og eigi í vök að verjast, dragist ekki aftur úr í sókn þjóðarinnar til bættra atvinnuhátta og betri lífskjara. Jafnvægisstarfsemin á ekki að vera fólgin í „atvinnuleysisráðstöfunum“ eða örvun þjóðhagslega óhagkvæmrar framleiðslu með stuðningi við hana, heldur í því, að gera börnum landsins kleift — með aðstoð fjármagns og tækni — að grundvalla búsetu sína, lífsafkomu og menningu á náttúrgæðum til lands og sjávar, hvar á landinu sem þau eru, — að koma með skynsamlegum ráðum í veg fyrir, að lands-

byggðin eyðist eða dragist svo aftur úr, að framtíðarvonir hennar verði að engu gerðar. Koma þarf í veg fyrir þann misskilning, sem stundum ber á, að hin fámennari byggðarlög og atvinnurekstur þeirra sé yfirleitt byrði á þjóðarbúskapnum. Athuganir hafa leitt í ljós, að í sumum fámennum sjávarplássum t. d. skilar hver íbúi að meðaltali svo mikilli gjaldeyrisvöruframleiðslu í þjóðarbúið, að athygli vekur við samanburð. Víða í sveitum er framleiðslan líka án efa mjög mikil, ef reiknað er á þennan hátt. En þar sem fjármagn skortir og tækni er af skornum skammti, verður þetta á annan veg. Þess ber einnig að geta, að engin stétt í þjóðfélaginu mun leggja hlutfallslega eins mikið fram af eigin tekjum og með vinnu sinni til uppbyggingar í landinu og bændastéttin. Óhætt mun að gera ráð fyrir, að hagnýt þjóðarframleiðsla minnki ekki, heldur vaxi við aukið jafnvægi í byggð landsins.

Í ákvæði til bráðabirgða er svo fyrir mælt, að jafnvægisnefnd skuli þegar eftir gildistöku frv., ef að lögum verður, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fara í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar frá náttúrunnar hendi vel viðunandi skilyrði til atvinnurekstrar á landi eða sjó. Til þess er ætlazt, að bráðabirgðaáætlunin sé gerð í samráði við Landnám ríkisins, sem hefur þegar í höndum mikilsverðar upplýsingar á þessu sviði og þar með aðstöðu til að gera sér grein fyrir atvinnuskilyrðum frá náttúrunnar hendi í einstökum byggðarlögum. Lagt er til, að jafnvægisnefnd hafi heimild til að veita hlutaðeigandi sveitarfélögum óafturkræf framlög og verja til þess allt að þriðjungi af tekjum sjóðsins til ársloka 1966. Kæmi þá til álita að framlengja heimildina. Í ljós kemur, að sum byggðarlög eru nú þannig á vegi stödd, að hafa verður hraðan á, ef þær sérstöku ráðstafanir, sem þjóðfélagið kann að vilja gera þeim til aðstoðar, eiga ekki að verða um seinan. Í þessu sambandi skal minnzt á nýlegar fundarsamþykktir um þetta efni, er birtar hafa verið opinberlega, t. d. frá aðalfundi Stéttarsambands bænda, kjördæmaþingum framsóknarmanna og fjórðungsþingi Vestfirðinga. Á fundi á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði var og um þetta efni rætt í sumar, að viðstöddum ýmsum forustumönnum búnaðarmála. Samdráttur byggðar í Flatey á Skjálfanda hefur verið í sérstakri athugun á vegum stjórnarvalda. Fleiri dæmi mætti nefna, er sýna aðkallandi nauðsyn þessa máls.

Þótt hér virðist einkum um að ræða byggarlög, sem styðjast við landbúnað eingöngu eða mestmegnis, er það þó ekki alltaf svo, og gera verður ráð fyrir, að allir aðalatvinnuvegir landsins komi til greina, er leita skal úrræða til eflingar þessum byggðarlögum. Því þykir rétt, að leitað sé álits landssambanda aðalatvinnuveganna, eftir því sem þurfa þykir, áður en úrræði eru ákveðin.

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um endurskoðun laga um Bjargráðasjóð o. fl.

Flm.: Jónas Pétursson, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög um Bjargráðasjóð Íslands í því skyni, að komið verði á fót tryggingarkerfi fyrir landbúnaðinn í heild, sem geti að mestu leyti mætt tjónum, sem koma fyrir af náttúruhamförum og annarri óáran.

Ber þá að athuga, hvort Bjargráðasjóður í þeirri mynd eða svipaðri, sem hann er nú, er eðlilegasta formið á lausn allsherjartryggingarmála landbúnaðarins, eða sjálfstæð tryggingarstofnun, og á hvern hátt er fært og eðlilegt að afla aukinna tekna til þessara trygginga.

Þessari endurskoðun og athugun verði hraðað eftir föngum, enda verði kvaddar til undirbúnings málsins þær sérstofnanir, er telja má málið skyldast.

Greinargerð.

Þáltill. þessi var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu. Viljum við því flytja hana á ný, þar sem við teljum málið þýðingarmikið. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með þáltill. á síðasta þingi, er var svo hljóðandi:

„Tryggingar eru mál þess tíma, er við nú lifum á. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að öryggisleysið í fóðurbirgðamálum búpeningsins var á liðnum öldum eitt hið afdrifaríkasta, þar sem líf fólksins í landinu byggðist svo mjög á búpeningseigninni. Nú er þetta breytt. Aðrir atvinnuhættir tryggja nú líf fólksins að verulegu leyti. Ólíkt auðveldara er nú en áður að tryggja fóðurforða handa búpeningnum, en þó getur út af því brugðið, nema aðstoð komi til. En jafnframt hefur áhætta á öðrum sviðum eða á annan hátt farið vaxandi í landbúnaðinum. Orsök þess er í skemmstu máli ört vaxandi þáttur fjármagnsins í búrekstrinum. Með hinni miklu notkun fjármagns í byggingum, vélum og rekstrarvörum er tap á arði eða framleiðslu stórum afdrifaríkara en fyrr.

Saga undanfarinna ára sýnir glögglega þörfina fyrir fullkomnari tryggingar en Bjargráðasjóður veitir nú. Má minna á Heklugosið 1947, vorharðindin 1949, hallærissumarið norðan- og austanlands 1950 með fimbulvetur í kjölfarið, óþurrkasumarið 1955 sunnan- og vestanlands, kalið í ræktunarlöndunum eftir 1950 og aftur nú, 10 árum síðar. Enn má nefna einstök, staðbundin tjón, svo sem lambalát í ám eða fjárskaða í veðrum.

Segja má, að búfjártryggingar væru hið eðlilega form trygginga gegn slíkum áföllum á búfé, svo sem t. d. brunatjón er sérstakt svið trygginga. Búfjártryggingamálið var fyrir fáum árum tekið til gaumgæfilegrar athugunar af Búnaðarfélagi Íslands og búnaðarsamböndum landsins. Var það til meðferðar á búnaðarþingi árin 1957—1960, og í upphafi var lagt þar fyrir frv. til búfjártryggingalaga sent af landbúnaðarráðuneytinu. Við afgreiðslu málsins á búnaðarþingi 1960 segir svo m. a. í greinargerð frá allsherjarnefnd: „Nefndin hefur kynnt sér niðurstöður af skoðanakönnun þeirri, sem fram hefur farið á s. l. ári um viðhorf bænda til skyldutrygginga á búfé. Hafa þær leitt í ljós, að sáralítill hluti búnaðarfélaganna hefur fallizt á að æskja þeirra. Mikill hluti þeirra, sem svöruðu, sem raunar var ekki helmingur þeirra allra, var líka mótfallinn heimildarlögum um slíkar tryggingar.“ Og enn fremur segir: „Hins vegar vill nefndin taka undir þá hugmynd, er fram hefur komið hjá nokkrum félögum (búnaðarfél.) um, að stofnað verði til sjóðsmyndunar til að mæta að nokkru þeim stóráföllum, er henda kunna einstaka bændur og valdið geta miklu um afkomumöguleika þeirra.“

Mikill ágreiningur virðist hafa ríkt um málið á búnaðarþingi, en þar var samþ. ályktun um, að leitað skyldi tilboða hjá tryggingarfélögum í landinu um að tryggja allt búfé landsmanna. En ekkert mun hafa gerzt í málinu síðan. Er því ekki líklegt, að búfjártryggingar verði lögleiddar í bráð út af fyrir sig í einu eða öðru formi.

Þau náttúrufyrirbæri, sem valda rýrum fóðurafla og uppskeru, eru alvarlegasta tjónið, sem landbúnaðurinn verður fyrir, eins og rekstri hans og framleiðslumálum er nú háttað. Sú tilrauna- og vísindastarfsemi, sem í gangi er í atvinnumálum, hnígur m. a. að því að finna ráð og starfsaðferðir, sem fyrirbyggja sem mest, að slíkt tjón geti orðið. Má þar nefna rannsókn á heyverkunaraðferðum, áburðartilraunir o. fl. Má mikils vænta af þeirri starfsemi á næstu árum, sem gerir uppskeru og arð búskaparins öruggari en áður. M. a. má vænta þess, að unnt reynist að draga úr því tjóni, sem kalið í ræktunarlöndunum nú veldur. En það er of mikil bjartsýni að ætla, að tjón af misæri og náttúruhamförum verði yfirstigið með öllu í náinni framtíð. Þess vegna er þetta tryggingamál mjög tímabært og aðkallandi.

Búnaðarþing, sem nú er nýlokið, tók til meðferðar eflingu Bjargráðasjóðs. Þar var samþ. svofelld ályktun:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að beita sér fyrir breytingu á lögum Bjargráðasjóðs, er feli í sér aukningu á árlegum tekjum hans, t. d. með tvöföldun fastateknanna. Með því verði sjóðnum gert fært að bæta meira en verið hefur óviðráðanleg áföll, t. d. uppskerubrest af náttúruvöldum, þar á meðal af völdum kals, og stórfelld tjón vegna búfjársjúkdóma og annað þess háttar.“

Það hníga að því flest rök að taka þetta mál upp sem endurskoðun bjargráðasjóðslaga. Vandi málsins er ekki sá að finna, hvaða tjón þarf að bæta, heldur er vandinn að finna sanngjarna og örugga tekjuöflunarleið og sanngjarnt og öruggt form fyrir bótagreiðslum. Þessi endurskoðun er engan veginn áhlaupaverk, en hlýtur að taka nokkurn tíma og því nauðsynlegt, að það verk verði hafið sem fyrst.

Sjálfsagt er, að ýmsar sérstofnanir landbúnaðarins verði kvaddar til við undirbúning málsins.“

Nd. 25. Frumvarp til laga [26. mál]

um vaxtalækkun o. fl.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Björn Fr. Björnsson, Björn Pálsson, Einar Ágústsson, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Sigurvin Einarsson, Skúli Guðmundsson, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara mega útlánsvextir ekki vera hærri en þeir voru 1. janúar 1960.

2. gr.

Vextir af afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af Seðlabankanum, mega ekki vera hærri en þeir voru á árinu 1959 (5—5½%).

3. gr.

Vaxtakjör og lánstími á lánum skulu breytast og verða hin sömu og á árinu 1959 hjá eftirtöldum aðilum: Fiskveiðasjóði Íslands, Stofnlánadeild sjávarútvegsins, Stofnlánadeild landbúnaðarins, (sams konar lán og veitt voru úr Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði Íslands), Byggingarsjóði ríkisins (húsnæðismálastjórn), Byggingarsjóði verkamanna og Raforkusjóði.

4. gr.

Fjárhæðir þær, sem bundnar eru á reikningum banka og annarra innlánsstofnana hjá Seðlabankanum, samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, má ekki hækka frá því, sem þær eru við gildistöku þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, miðar að tvennu:

Vextir skulu færast í það horf, sem þeir voru fyrir vaxtahækkunina 1960. Reynslan hefur sýnt, svo að ekki verður um villzt, að með háum vöxtum hefur ekki tekizt að auka jafnvægi á peningamarkaðinum né tryggja hag sparfjáreigenda. Hins vegar hafa hinir háu vextir aukið mjög á dýrtíð og erfiðleika atvinnuveganna og stofnlánavextir reynzt óbærilega háir.

Sparifjárbinding sé afnumin í því formi, sem hún er og hefur verið, enda er auðséð, að hún hefur ekki náð tilgangi sínum. En á hinn bóginn er þjóðinni hin mesta nauðsyn að nota sparifé sitt til að efla atvinnuvegi sína.

Frysta sparifféð í Seðlabankanum, sem haldið hefur verið frá umferð, nemur um þessar mundir yfir 650 milljónum króna, en auk þess eru afurðalánin stórkostlega dregin saman.

Jafnhliða þessu hefur dýrtíðin verið mögnuð með endurteknum gengislækkunum og stórfelldum tollaálögum. Fer því þó fjarri, að öll áhrif síðari gengislækkunarinnar, 1961, og annarra ráðstafana ríkisstjórnarinnar á vöxt dýrtíðarinnar í landinu séu enn komin fram.

Sú stefna ríkisstjórnarinnar að leita sífellt þess, sem hún kallar „jafnvægi", með því að magna dýrtíðina og draga jafnframt inn sparifé til frystingar, jafnhliða því sem afurðalán eru minnkuð, veldur almenningi stórfelldum erfiðleikum við nauðsynlega uppbyggingu og atvinnurekstur. Hafa þessar ráðstafanir alveg tvímælalaust haft áhrif í þá átt að draga mjög úr framleiðslu og framleiðni frá því, sem ella hefði orðið.

Er það skoðun flutningsmanna, að nú riði einmitt mest á því að gera öflugar ráðstafanir til að auka afköst og framleiðni atvinnuveganna í öllum greinum og reyna með því að komast út úr þeim stórfellda vanda, sem búið er að efni til.

Einhvern tíma kemur að því — og vonandi fyrr en seinna, að það verður að færa vinnutíma verkafólks í eðlilegt horf. En til þess að það hafi ekki í för með sér tilfinnanlegan tekjumissi, verður að auka framleiðsluna með aukinni tækni, meiri hagræðingu og bættu skipulagi. Hér þarf margt að koma til: bætt tæknimenntun í landinu, efling leiðbeiningarstarfsemi á sviði iðnaðar- og framleiðslumála og mikið fjármagn til aukningar og endurbóta á tæknibúnaði þjóðarinnar. Hér er um að ræða endurbætur, sem að sjálfsögðu hljóta að taka alllangan tíma, en þeim mun meiri nauðsyn er að hefjast handa um skipulegar aðgerðir á þessu sviði án tafar. Í þessu skyni þarf þjóðin á öllu sínu fé að halda og meira til. Sjálfsagt er því að hætta að draga hluta af sparifjáraukningunni úr umferð, því að verði því ekki hætt, neyðast menn til að taka þeim mun meira fé að láni erlendis.

Á hinn bóginn er eðlilegt að gera ráðstafanir til að tryggja, að hæfilegur hluti af sparifé þjóðarinnar sé notaður til skipulegra ráðstafana til aukinnar verktækni og framleiðni atvinnuveganna í landinu. Munu þingmenn Framsóknarflokksins flytja á þessu Alþingi frumvörp og þingsályktunartillögur, sem ganga í þessa stefnu og munu sýna, hvernig þeir telja skynsamlegt að ráðstafa sparifénu í stað þess að safna því saman til frystingar í bankakerfinu. Mundi það sýna sig sem fyrr, ef sá háttur væri á hafður, hverju atorkumikið ráðdeildarfólk fær áorkað, ef því er trúað fyrir peningum.

Það er skoðun framsóknarmanna, að ráðstafanir þurfi að gera til að styðja einstaklingsframtak og félagsframtak hinna mörgu, sem vilja bjarga sér og vera efnalega sjálfstæðir, — nota í því skyni hiklaust það fjármagn, sem myndast í landinu. Það verður að snúa við og taka á nýjan leik að styðja uppbyggingu einstaklinga, almannafélaga og byggðarlaga, m. a. með framkvæmd eðlilegrar og heilbrigðrar lána- og vaxtastefnu, í stað þess að leggja stein í götu þessara aðila, eins og gert hefur verið undanfarið, m. a. með innilokun sparifjár og vaxtaokri og jafnvel skattheimtu frá atvinnuvegunum í lán handa þeim sjálfum.

Hinir háu vextir, sem tíðkazt hafa undanfarin ár, hafa haft í för með sér mikla erfiðleika fyrir atvinnuvegina, en jafnvægi á peningamarkaðinum hafa þeir ekki skapað. Allur þorri þjóðarinnar, þar á meðal margir þeirra, sem þó styðja stjórnarflokkana, hefur ekkert traust borið til þess, að efnahagsstefna stjórnarinnar mundi leiða til stöðugs verðlags, enda hefur dýrtíðarflóðið blasað við hvers manns augum óslitið frá því fyrsta, að þessi stefna var upp tekin.

Eftirspurn eftir lánsfé hefur farið vaxandi þrátt fyrir háa vexti, og sparifjáreigandinn hefur engan hag af háu vöxtunum, þegar verðbólgan magnast svo, að

hún brennir upp öllum vöxtunum og meira til. Fyrir sparifjáreigandann er stöðugt verðlag aðalatriðið. En verðhækkunaráhrif vaxtabyrðarinnar segja til sín og eiga sinn þátt í sjálfri dýrtíðarþróuninni. Þannig er búið að þvæla þjóðinni inn í vítahring, sem verður að brjótast út úr. Það verður að reyna að vinda ofan af verðhækkunarskrúfunni. Vaxtalækkun er eitt af fyrstu skrefunum á þeirri braut, að dómi framsóknarmanna. Jafnframt verður að gera öflugar ráðstafanir til að auka afköst og framleiðni atvinnuveganna, en í því sambandi þarf á sparifé þjóðarinnar að halda til að auka lánveitingar, sem valdið gætu straumhvörfum í þessum efnum, eða að minnsta kosti örari þróun í rétta átt en orðið hefur undanfarið.

Það hefur lengi verið ljóst, að lög nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál, hin svonefndu „viðreisnarlög", hafa alls ekki náð tilgangi sínum.

Þeim var ætlað að skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á peningamarkaðinum. Ófullnægð eftirspurn eftir lánsfé mun þó aldrei hafa verið meiri en nú.

Þeim var ætlað að koma í veg fyrir verðbólguþróun, skapa stöðugt verðlag og jafnvægi í efnahagsmálum. Engum dylst þó, að dýrtíðarflóðið fer sívaxandi og þó lang í frá, að öll kurl séu til grafar komin.

Þeim var ætlað að skapa grundvöll að viðskiptafrelsi. Að undanförnu hefur ríkisstjórnin þó verið að takmarka það viðskiptafrelsi, sem komið hafði verið á.

Þeim var ætlað að lækka skuldir landsins út á við, en þær hafa nú vaxið stórkostlega.

Það er því sýnilegt, að sú stefna, sem mörkuð var með „viðreisnarlöggjöfinni" svokölluðu, hefur beðið skipbrot.

Flutningsmenn telja brýna nauðsyn að breyta um stefnu í efnahagsmálunum, fikra sig í áföngum út úr þeim vítahring, sem „viðreisnin" hefur leitt þjóðina inn í, og leitast við að skapa eðlilegt ástand. Flutningsmönnum er ljóst, að þær ráðstafanir, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, eru ekki fullnægjandi einar út af fyrir sig. En þeir telja þær þó þýðingarmikil grundvallaratriði. En af samþykkt frumvarpsins mundi leiða:

1. Vextir færðust í eðlilegt horf, eins og þeir voru fyrir vaxtahækkunina 1960, og jafnframt stigið fyrsta skrefið til lækkunar á tilkostnaði, sem hér hefur verið stigið um 5 ára skeið.
2. Sparifjárfrystingunni yrði hætt, og jafnframt yrðu auknir að sama skapi möguleikar til útlána til nauðsynlegra umbóta á framleiðslukerfi þjóðarinnar.

Nd. 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Í stað orðanna „að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar" í 1. gr. laganna komi: að fengnu samþykki Alþingis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á seinasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu. Frv. fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Það er talin undirstaða heilbrigðs efnahagskerfis hjá siðmenntuðum þjóðum, að sem minnstar breytingar séu gerðar á verðgildi gjaldmiðilsins. Reynslan hefur líka orðið sú, að þar, sem gerðar hafa verið miklar og tíðar breytingar á skráningu gjaldmiðilsins, hefur skapazt mikil ringulreið og óvissa í efnahagsmálum og vandamálin orðið meiri og fleiri eftir en áður. Af þessum ástæðum er það mikil nauðsyn, að þannig sé háttað gengisskráningarvaldinu, að gengisbreytingar verði ekki gerðar að ófyrirsynju.

Með bráðabirgðalögum, sem sett voru sumarið 1961, var sú breyting gerð, að gengisskráningarvaldið var tekið af Alþingi og falið Seðlabankanum og ríkisstjórninni, sem í reynd er hið sama og fela það ríkisstjórninni einni, þar sem hún ræður alveg yfir Seðlabankanum. Það kom fljótt í ljós, að þetta ábyrgðarmikla vald var hér falið aðilum, sem kunnu ekki að fara með það. Í kjölfar þessarar breytingar fylgdi nær strax gengislækkun, sem gerð var fullkomlega að ástæðulausu. Sú gengislækkun hefur leitt af sér hina mestu dýrtíðarskriðu, sem enn er ekki séð fyrir endann á, og orsakað meiri ringulreið í efnahagsmálum en hér hefur áður verið, eins og sést á því, að flestir kaupsamningar hafa verið lausir um alllangt skeið.

Vegna þess, hvernig gengisskráningarvaldinu var beitt sumarið 1961, ríkir nú mikill ótti við nýja gengisfellingu, og veldur hann margvíslegri óreiðu og upplausn í efnahagsmálum.

Af þeim ástæðum, sem hér eru raktar, er það lagt til, að sú skipan verði tekin upp að nýju, að Seðlabankinn megi ekki breyta gengisskráningunni nema að fengnu samþykki Alþingis. Það er aukin trygging þess, að gengið verði ekki fellt að ófyrirsynju. Hins vegar nægir það eitt vitanlega ekki til þess að tryggja sem stöðugast gengi krónunnar, en það þarf jafnan að vera megintakmark efnahagsstefnunnar. Til þess að tryggja stöðugt gengi krónunnar þarf að koma á nýrri skipan efnahagsmálanna, er byggist ekki sízt á réttlátri skiptingu þjóðarteknanna og aukinni samvinnu stéttanna.

Sþ. 27. Fyrirspurn [27. mál]

til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar um afurðalán vegna garðávaxta.

Frá Páli Þorsteinssyni, Karli Kristjánssyni og Ingvari Gíslasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um afurðalán vegna garðávaxta?

Ed. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi.

Flm.: Karl Kristjánsson, Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhanni Skaptasyni, bæjarfógeta á Húsavík, sýslumanni Þingeyjarsýslu, eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en dagaði þá uppi í neðri deild. Er það þess vegna flutt á ný. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

„Með frumvarpi þessu er lagt til, að Jóhanni Skaptasyni, bæjarfógeta á Húsavík, sem einnig er sýslumaður í Þingeyjarsýslu, verði gefinn kostur á að kaupa eyðijörðina Litlagerði í Dalsmynni í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Þessi jarðeign ríkisins hefur verið í eyði síðustu ár, þrátt fyrir ræki lega viðleitni umboðsmanna ríkisins til þess að fá þangað ábúanda. Nokkrar veðskuldir hvíla á jörðinni vegna framkvæmda síðasta ábúanda.

Ástæðan til þess, að Jóhann Skaptason, bæjarfógeti og sýslumaður héraðsins, hefur hug á að kaupa þetta eyðibýli, er sú, að foreldrar hans bjuggu þar lengi og hann er þar fæddur og systkin hans flest.

Í bréfi, dags. 22. janúar 1963, til flutningsmanns, tekur Jóhann Skaptason fram, um leið og hann fer þess á leit, að frumvarp til laga um heimild á sölu eyðibýlisins til sín verði flutt á þessu þingi, að sér hafi dottið í hug:

> „að reyna að gera Litlagerði eitthvað til góða, ef það kynni í framtíðinni að verða til þess, að jörðin héldist fremur í byggð. En ég hef ekki“ (segir hann) „hug á að leggja þar í ræktunarkostnað, nema ég hefði fullan ráðstöfunarrétt á jörðinni (ekki ættaróðalsrétt)“.

Allir, sem þekkja Jóhann Skaptason, vita, að hann mun varla láta sitja við áformin ein.

Hér er á ferð sá lofsverði hugsunarháttur ræktarsemi og átthagatryggðar, sem er því miður of fágætur og verðskuldar sannarlega góðar undirtektir á Alþingi.“

Til viðbótar þessari greinargerð er rétt að geta þess, að landbúnaðarnefnd efri deildar leitaði undir meðferð málsins á síðasta þingi umsagnar um það frá: jarðeignadeild ríkisins, landnámsstjóra og hreppsnefnd Grýtubakkahrepps. Voru umsagnir allra þessara aðila jákvæðar.

Sþ. 29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

varðandi búfjártryggingar, tryggingar gegn uppskerubresti o. fl.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Gísli Guðmundsson, Ágúst Þorvaldsson, Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar, að skipuð skuli fimm manna milliþinganefnd til þess að endurskoða lög nr. 20 1943, um búfjártryggingar, svo og lög nr. 8 14. febr. 1961, um Bjargráðasjóð Íslands, og miðist endurskoðunin fyrst og fremst við rækilega athugun möguleika á því að koma á fót tryggingum gegn uppskerubresti og öðrum áföllum í landbúnaði, með hliðsjón af aflatryggingasjóði sjávarútvegsins.

Skipun nefndarinnar fer þannig fram, að sameinað Alþingi kýs með hlutbundinni kosningu þrjá menn í nefndina, en Búnaðarfélag Íslands tilnefnir einn manninn og Stéttarsamband bænda annan. Nefndin kýs sér formann.

Nefndin skili áliti og tillögum svo fljótt sem henni er unnt.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta Alþingi, en dagaði uppi. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með tillögu þessari til þingsályktunar er Alþingi ætlað að hafa frumkvæði um endurskoðun laganna um búfjártryggingar og laganna um Bjargráðasjóð Íslands, og að leitazt verði við að byggja upp á grundvelli þessara laga allsherjar trygg-

ingastofnun fyrir elzta atvinnuveg þjóðarinnar, landbúnaðinn, þar sem bótagreiðslur kæmu til bænda, ef þeir yrðu fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara, uppskerubrests vegna kals í túnum, óþurrka eða grasleysis, enn fremur vegna vanhalda í búpeningi.

Íslendingar munu hafa verið einna fyrstir þjóða til þess að stofna eins konar búfjártryggingar. Á því tímabili í sögu þjóðarinnar, sem nefnt er þjóðveldistímabilið, voru hreppsfélögin eins konar tryggingafélög. En reglurnar voru þær í sambandi við tjón á búfé, að ef bóndi missti ¼ hluta af einhverri búfjártegund sinni eða þar yfir, þá skyldu aðrir bændur í þeim hreppi bæta honum hálfan skaðann. Þetta var einn þáttur af fleirum, sem hin forna hreppaskipan gerði búendur samábyrga um, að bæta þeim skaðann, er urðu fyrir stórfelldum óhöppum.

Um margar aldir mun slík starfsemi hafa fallið niður hér á landi. Það er ekki fyrr en á þessari öld, að aftur er hafizt handa um samhjálp, þegar náttúruhamfarir eða stórskaðar verða á vissum svæðum eða sveitarfélögum, en það var með stofnun Bjargráðasjóðs Íslands 1913.

Árið 1928 beitti þáverandi forsætis- og atvinnumálaráðherra, Tryggvi Þórhallsson, sér fyrir setningu laga um búfjártryggingar. Þau lög voru síðan endurskoðuð árið 1943 og aftur 1952 og þá nokkuð breytt. Samkv. búfjártryggingalögunum er ekki skylt að tryggja búfé nema kynbótagripi, sem notaðir eru í kynbótafélögum, en hins vegar er heimilt að tryggja þar einstaka gripi, sem fengið hafa verðlaun á sýningum, og heil kúabú og sauðfjárbú gegn vanhöldum og slysum, er nema meira en 5% á ári.

Á árunum 1952, 1953 og 1954 greiddi ríkissjóður í búfjártryggingasjóð 100 þús. kr. á ári, alls 300 þús. kr.

Á fjárlögum yfirstandandi árs eru 160 þús. kr. til búfjártrygginga. Er sú þátttaka ríkisins allt of lítil, miðað við verðlag og gildi peninga nú. Bændum þykja iðgjöld til tryggingganna of há, og nota þeir því lítið heimild laganna um að tryggja bústofn sinn. Af þessum ástæðum bera búfjártryggingarnar sig illa og efnahagur þeirra er bágur.

Fyrir nokkrum árum var frv. til búfjártryggingalaga til meðferðar á búnaðarþingi. Málið var sent búnaðarsamböndunum til athugunar, en þau létu fara fram skoðanakönnun meðal bænda í búnaðarfélögunum um það, hvort þeir vildu skyldutryggingu á búfé. Það kom í ljós, að mjög fá búnaðarfélög óskuðu eftir slíku og voru mörg einnig á móti heimildarlögum um búfjártryggingar.

Þessi niðurstaða mun hafa verið sprottin af ótta bændanna við að bæta á sig nýjum útgjöldum. Eðlilegt er, að bændur óttist ný útgjöld. En þeir, sem verða fyrir áföllum, annaðhvort af völdum mikilla vanhalda í búfé eða af völdum óhagstæðs tíðarfars eða náttúruhamfara, bíða oft tjón, sem þeir fá ekki bætt, nema þeir hafi verið tryggðir fyrir slíku.

Það er auðvitað einnig hagsmunamál þjóðarinnar allrar, að menn þurfi ekki að flosna upp frá starfi sínu og verða ef til vill öreigar, ef óhöpp koma fyrir. Þess vegna er eðlilegt, að þjóðarheildin styðji með fjárframlögum af sameiginlegu fé ríkisins tryggingar, sem stofnaðar eru til öryggis afkomu þeirra, er eiga lífsbjörg sína að sækja í skaut náttúrunnar.

Sjávarútvegurinn, sem er einn höfuðatvinnuvegur Íslendinga, en verður að sækja afla sinn í greipar ægis og sæta bæði óstöðugri veðráttu og ótryggum fiskgöngum, hefur með stuðningi ríkisins tryggt sig að verulegu leyti vegna áfalla af aflabresti. Er það vissulega þjóðarnauðsyn. Við undirbúning að allsherjar tryggingastofnun fyrir landbúnaðinn væri eðlilegt að hafa hliðsjón af fyrirkomulagi þessara mála hjá sjávarútveginum.

Við endurskoðun laga þeirra, er tillagan gerir ráð fyrir, og við undirbúning að nýrri löggjöf um allsherjar tryggingar fyrir landbúnaðinn er sjálfsagt, að fulltrúar bænda eigi hlut að, og þess vegna er gert ráð fyrir því, að helztu félagssamtök þeirra tilnefni sinn manninn hvor í nefndina."

Ed. 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Alfreð Gíslason, Björn Jónsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Við 56. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Allar bótafjárhæðir laga þessara að viðbættri hækkun, er nemur 40%, skulu teljast grunnupphæðir og breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar í október 1963.

2. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða kemur ný málsgrein, er hljóðar svo:

Á tímabilinu 1. júlí til ársloka 1963 skulu allar bótafjárhæðir almannatrygginga greiddar með viðbót, er nemur 40%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að

1) allar bótafjárhæðir gildandi laga um almannatryggingar verði frá 1. júlí til ársloka 1963 greiddar með uppbót, er nemur 40%, og

2) bótafjárhæðir nýju laganna, sem öðlast gildi 1. jan. n. k., verði hækkaðar um sama hundraðshluta og með þeirri hækkun taldar grunnupphæðir, er síðan fylgja breytingum á vísitölu framfærslukostnaðar, miðað við október 1963.

Það gildir um bótaþega almannatrygginga svipað og launþegana, að þeir fá ekki leiðréttingu kjaramála sinna fyrr en seint og síðar meir. Dýrtíðin er í stanzlausum vexti, og með hverjum mánuði, sem líður, rýrna tryggingabæturnar. Þetta er bótaþegunum því tilfinnanlegra sem kjör þeirra eru krappari en annarra manna. Á missera eða ára fresti tekur löggjafinn sig til og hækkar bæturnar, en allajafna aðeins að nokkrum hluta þess, sem dýrtíðarvextinum nemur. Hækkunin kemur seint, og þegar hún kemur, er hún skorin við nögl.

Oft hefur hlutur bótaþega verið lítill gerður, en líklega þó aldrei sem nú, enda dýrtíðaraukningin örari en nokkru sinni áður. Skal nú farið um það nokkrum orðum.

Í marz 1960 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um almannatryggingar, og var hækkun bótafjárhæða meginefni þeirra. Sem leiðrétting á gömlu misræmi var þessi bótahækkun góðra gjalda verð, því að með henni þokaðist nokkuð í áttina til þess, sem gerist um tryggingabætur annars staðar á Norðurlöndum. Þannig mátti þó ekki líta á málið. Ríkisstjórnin tók það skilmerkilega fram þegar í upphafi, að hækkun þessi væri fyrst og fremst til þess gerð að mæta nýju dýrtíðarflóði, sem undirbúið var af kappi um þær mundir.

Þótt þessi ráðstöfun væri aldrei hugsuð sem endurbót, leit hún ekki illa út á pappírnum. Með henni skyldu börn, öryrkjar og gamalmenni tryggð fyrir skakkaföllum af völdum viðreisnarinnar. Síðar kom reynslan til skjalanna, og hún sýndi, að ráðstöfunin var ekki annað en kák og tryggingin svo gott sem haldlaus.

Árið 1960 og fyrri hluta árs 1961 hækkaði allt verðlag svo mjög, að ríkisstjórnin sá sig til knúða að auka tryggingabætur um 13.8% frá 1. júlí 1961. Þessi bragarbót reyndist þó skammgóður vermir, því að áfram geisaði dýrtíðin. Því neyddust stjórnvöldin enn til að fara á stúfana, og var ný bótahækkun ákveðin frá 1. júní 1962. Hún nam 7% og tók aðeins til elli- og örorkulífeyris. Aðrar bætur héldust óbreyttar í það sinn.

Þetta voru óverulegar kjarabætur, enda runnu þær jafnharðan út í dýrtíðarsandinn, og því standa bótaþegar berskjaldaðir nú, er haustdýrtíðin mikla skellur yfir. Tryggingalögin frá síðasta þingi verða þeim ekki nein brjóstvörn nú. Þau öðlast ekki gildi fyrr en 1. janúar n. k., og auk þess eru bótahækkanir þeirra mjög takmarkaðar, eins og sýnt skal fram á hér á eftir.

Kjararýrnun tryggingabóta má nokkuð marka af samanburði talna. Síðan í marz 1960 hafa ellilífeyrir og örorkulífeyrir hækkað um 27%, barnalífeyrir og mæðralaun um 18% og fjölskyldubætur um 15%. Á sama tíma hefur matvara hækkað um 75% samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar í október, fatnaður um 46% og hiti og rafmagn um 37%. Heildarvísitalan hefur hækkað um 54%, þrátt fyrir óeðlilega lágt reiknaðan húsnæðiskostnað.

Á meðan ellilaun hækka um ein 27%, hækkar vistgjald á elliheimili um 73%. Það var 75 kr. á dag snemma árs 1960, en er nú 130 kr.

Þessar tölur gefa bendingu um, hvert afhroð verst stæðu þegnar þjóðfélagsins hafa beðið síðustu fjögur ár, enda mun þeirra hlutur aldrei hafa verið jafnbágur og nú.

Vísitala vöru og þjónustu er nú 163 stig. Ef við hana er miðað, ætti elli- og örorkulífeyrir að hækka úr 18240 kr. í 23472 kr. eða um 29%. Sé hins vegar miðað við hækkun vistgjalda á stofnunum, þá þyrfti þessi lífeyrir að hækka um 36% frá því, sem nú er. Loks er ekki úr vegi að hafa í huga, að á þessu ári hafa laun opinberra starfsmanna hækkað verulega, og mun talið, að sú hækkun nemi að meðaltali 45%.

Með tilliti til þessa virðist ekki fært að bera fram tillögu um bótahækkun, er nemi minna en 40%.

Um aðrar tegundir bóta er svipað að segja og ellilífeyrinn. Mæðralaun og barnalífeyrir þurfa að hækka um 38% til þess að ná áðurnefndri vísitölu og fjölskyldubætur um 41%, svo að nefndar séu nokkrar mikilsverðar bótategundir.

Sú hækkun, sem hér er lagt til að gerð verði, er lágmark þess, sem gera þarf á þessu sviði, ef almannatryggingar eiga að halda gildi sínu og vera meira en nafnið eitt. Hér er ekki farið fram á raunverulega aukningu, heldur aðeins að reynt verði að halda í horfinu.

En hvað um nýju lögin um almannatryggingar? Er ekki þar að finna ríflegar hækkanir á öllum tryggingabótum, og er ekki rétt að þrauka, þangað til þau taka gildi?

Samkvæmt þessum nýju lögum, sem öðlast gildi eftir áramót, hækka að vísu sumar tegundir bóta. Á meðal þeirra eru fæðingarstyrkir, dánarbætur vegna slyss og ekkjulífeyrir. Þessum bótum öllum er það sameiginlegt, að þær höfðu dregizt mjög aftur úr, voru orðnar „lélegustu bætur, sem almannatryggingar veita, og vart nema nafnið tómt“, eins og höfundar lagafrumvarpsins komast að orði um ekkjulífeyrinn í greinargerð. Um sjúkradagpeninga, sem einnig eiga að hækka eftir áramót, komast sömu höfundar svo að orði: „Oft hafa sjúkradagpeningar verið undanskildir, þegar aðrar bætur hafa hækkað, og enn fremur hefur lágmarkið miðazt við bætur annars verðlagssvæðis.“

Þessi er skýringin á bótahækkun nýju laganna. Það er verið að bæta fyrir gamla vanrækslu, — hækka bætur, sem tæpast voru orðnar meira en nafnið tómt.

Þetta kemur heim við það, að ýmsar mikilsverðar bætur eiga ekkert að hækka samkvæmt þessum nýju lögum. Ellilífeyrir og örorkulífeyrir eiga að standa í stað. Dæmi eru og þess, að bætur eigi að lækka að krónutölu eftir áramót. Þannig skulu fjölskyldubætur lækka um kr. 6.43 og barnalífeyrir um kr. 10.11 á mánuði.

Það er ljóst, að nýju lögin um almannatryggingar bæta lítt úr kjaraskerðingunni, sem dýrtíð síðustu ára hefur valdið. Þar þarf meira að koma til, og því er hér lagt til, að 40% hækkunin nái einnig til þeirra bótafjárhæða, sem nefnd lög ákveða.

Loks gera flutningsmenn þessa frv. það að tillögu sinni, að allar bótafjárhæðir

tryggínganna verði frá 1. jan. n. k. verðtryggðar og miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í október 1963.

Framkoma stjórnvalda í garð öryrkja, einstæðinga og gamalmenna, eins og hún hefur verið að undanförnu, verður að teljast ósæmileg. Um versnandi lífskjör þeirra vegna vaxandi dýrtíðar er ekki skeytt langtímum saman, og þegar loks er brugðið við, er það gert með hangandi hendi og óblandinni tregðu.

Það er tími til kominn að breyta um í þessu efni, og eitt af því sjálfsagðasta nú er að hækka bæturnar til samræmis við verðlag og tryggja samtímis, að sú hækkun verði ekki þegar upp etin af dýrtíðarófreskjunni.

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um tryggingarsjóð landbúnaðarins.

Flm.: Björn Jónsson, Ragnar Arnalds, Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, löggjöf um tryggingarsjóð landbúnaðarins, er ætlað sé það hlutverk að bæta bændum tjón, er þeir verða fyrir, þegar uppskerubrest eða annað afurðatjón ber að höndum, svo sem vegna sérstaklega óhagstæðs tíðarfars, kalskemmda í túnum eða náttúruhamfara.

Við undirbúning þessarar löggjafar skal höfð hliðsjón af kjörum, sem sjávarvegurinn nýtur samkvæmt lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Greinargerð.

Samhljóða þingsályktunartillaga var flutt á síðasta Alþingi af Karli Guðjónssyni og Birni Jónssyni, en varð þá ekki útrædd. Till. fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að undirbúin verði löggjöf um stofnun sérstaks tryggingarsjóðs landbúnaðarins, er ætlað verði það hlutverk, að bæta bændum uppskerubrest eða afurðatap, er þeir verða fyrir af náttúrunnar völdum, á hliðstæðan hátt og aflatryggingasjóður sjávarútvegsins bætir aflabrest skipa og báta.

Flestir munu sammála um, að rekin sé með aðstoð ríkisins tryggingastarfsemi, sem jafni afkomumöguleika þeirra, sem sjávarútveg stunda, og fleyti þeim yfir ófyrirséða erfiðleika, er að höndum ber, þegar afli bregzt eða rýrnar mjög á einstökum veiðisvæðum.

Í búrekstri landsmanna steðja alltaf öðru hverju að erfiðleikar, sem telja verður alveg hliðstæða aflabresti útvegsins og eðlilegt er, að tryggðir séu á hliðstæðan hátt.

Enn er það svo, að árferði af náttúrunnar hendi ræður miklu um afkomu bænda og verulegar sveiflur geta orðið í uppskeru og afurðamagni þeirra ekki síður en á sjávarafla. Þannig eru þess dæmi, og þeirra er ekki langt að leita, að bændur hafi þurft vegna lélegs heyfengs að draga saman bústofn sinn eða verja miklum fjármunum til kaupa á kjarnfóðri eða heyjum, hafi þau verið föl í betur settum byggðarlögum. Þá hafa oft, og ekki sízt á síðari árum, orðið stórfelldar kalskemmdir í túnum og valdið þungum búsifjum í heilum sveitum. Enn geta og náttúruhamfarir af ýmsum toga kippt stoðunum undan afkomu einstakra bænda og jafnvel verulegs hluta heilla byggðarlaga.

Í landinu er nú enginn tryggingasjóður á vegum hins opinbera, sem mildað gæti afleiðingar af óhagstæðu árferði að því er afkomu bænda varðar. Aðeins í einstökum neyðartilfellum hefur af opinberri hálfu verið gripið inn í til hjálpar,

svo sem gert var með nokkrum lánveitingum til bænda á Norður- og Austurlandi vegna slæms árferðis 1949 og 1951 og til bænda á Suðurlandi vegna mikilla óþurrka sumarið 1955. Þeirri aðstoð verður þó á engan hátt jafnað við eðlilega tryggingastarfsemi, enda er reyndin sú, þrátt fyrir þessi dæmi, að bændur hafa miklu oftar orðið að bera tjón sitt án þess, að til móts við þá hafi verið komið á nokkurn hátt.

Það mun sannast mála, að þótt þróunin sé að ýmsu leyti í þá átt, að vaxandi tækni, t. d. að því er varðar heyverkun, tryggi bændum betur en áður jafnari fóðuröflun, sé hún að ýmsu öðru leyti á þá lund, að bændur þoli skakkaföll og framleiðslutap verr en áður, og er mál það, sem í tillögu þessari er fjallað um, því hin brýnasta nauðsyn.“

Nd. 32. Frumvarp til laga [32. mál]

um áfengisvarnasjóð.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Hlutverk áfengisvarnasjóðs er að styrkja áfengisvarnir, fræðslu um skaðsemi áfengis og bindindisstarf, einkum meðal ungs fólks. Sjóðurinn má styrkja önnur æskulýðssamtök en bindindisfélög, ef þau annast starfsemi, sem vinnur gegn áfengisnautn, og hindra fullkomlega alla áfengisneyzlu á samkomum sínum.

2. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins greiðir áfengisvarnasjóði árlega framlag, er nemur 3% af hagnaði hennar af áfengissölu næsta ár á undan.

3. gr.

Áfengisvarnaráð ríkisins stjórnar áfengisvarnasjóði og ákveður, hvernig tekjum hans skuli varið.

Reikningar áfengisvarnasjóðs skulu birtir opinberlega.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á seinasta þingi, en var þá ekki útrætt. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Það er kunnara en segja þurfi, að áfengisneyzla fer nú mjög vaxandi í landinu, einkum meðal ungs fólks. Óþarft á að vera að ræða það, hve mikil hætta er hér á ferðum.

Margar ástæður valda því að sjálfsögðu, að áfengisneyzla eykst. Tvímælalaust er þó, að ríkisvaldið á ekki minnstu sökina. Dregið hefur verið úr hömlum gegn áfengissölu, t. d. með fjölgun vínsöluhúsa, og löggæzla ekki nægilega efld til að framfylgja settum reglum. Reykjavík er t. d. að verða sú höfuðborg, þar sem mest ber á ölvuðum mönnum á skemmtistöðum og götum úti. Þá færist ölvun við akstur ískyggilega í vöxt.

Um það má vitanlega deila, hve heppilegar séu strangar áfengishömlur eða hvort unnt sé að framkvæma þær, meðan aðrar reglur gilda í nágrannalöndum okkar. Hitt er hins vegar augljóst, að það er hættulegt, eins og líka er komið á daginn, að slaka á hömlunum án þess að gera jafnhliða ráðstafanir til að vega á móti, t. d. með aukinni fræðslu og bindindisstarfi og strangri löggæzlu til þess að framfylgja þeim hömlum, sem allir hljóta að vera sammála um, eins og t. d. að hindra ölvun við

akstur og láta ekki ölvaða menn setja ómenningarsvip á samkvæmisstaði og götur höfuðborgarinnar.

Áhrifamesta vopnið gegn áfengisneyzlunni er tvímælalaust eindregið og vakandi almenningsálit, er byggir afstöðu sína á hleypidómalausum forsendum og glöggum rökum. Það er skylda ríkisvaldsins að efla og styrkja slíkt almenningsálit með aukinni bindindisfræðslu og auknu bindindisstarfi. Alveg sérstaklega er áríðandi, að slíkt álit skapist meðal hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Þetta var ljóst þeirri nefnd, sem vann að undirbúningi áfengislaganna frá 1954, en hana skipuðu: Gústaf A. Jónasson ráðuneytisstjóri, Brynleifur Tobíasson áfengisvarnaráðunautur, Jóhann G. Möller forstjóri, Ólafur Jóhannesson prófessor og Pétur Daníelsson hótelstjóri. Nefndin lagði til, að nokkuð yrði dregið úr ýmsum áfengishömlum, m. a. í sambandi við veitingahús, en það kæmi svo á móti, að bindindisfræðsla yrði stórlega aukin og nægilegt fjármagn tryggt til þeirrar starfsemi. Í frumvarpi nefndarinnar var lagt til, að stofnaður skyldi sérstakur áfengisvarnasjóður, er styrkti áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu, og skyldu árlega renna í hann 3% af hagnaði áfengisverzlunar ríkisins. Illu heilli felldi Alþingi þetta ákvæði úr frumvarpi nefndarinnar. Niðurstaðan við afgreiðslu áfengislaganna frá 1954 varð því sú, að dregið var úr áfengishömlum, en bindindisfræðsla skyldi aukin, en ekki tryggt neitt fjármagn til að tryggja hana. Ákvæði áfengislaganna frá 1954 um bindindisfræðslu í skólum og aðra bindindisstarfsemi hafa því að mestu orðið dauður bókstafur. Fé til starfseminnar hefur skort.

Það er af þessum ástæðum, sem hér er tekin upp tillaga nefndarinnar, sem undirbjó áfengislögin 1954, um stofnun sérstaks áfengisvarnasjóðs. Ef þetta frv. yrði að lögum, mundi það tryggja slíkum sjóði um 4½ millj. kr. tekjur árlega, miðað við hagnaðinn af áfengissölunni 1961 og 1962. Þessi fjárveiting er þó sízt of há, þar sem ætlazt er til samkv. frumvarpinu, að hún fari ekki aðeins til að styrkja hina beinu bindindisfræðslu og bindindisstarfsemi, heldur einnig ýmsa æskulýðsstarfsemi, er vinnur gegn áfengisneyzlu, eins og t. d. þá, sem Æskulýðsráð Reykjavíkur hefur með höndum, en það skortir mjög fé til hinnar merku starfsemi sinnar.

Það má öllum vera ljóst, að ekki má horfa aðgerðalaust á hina vaxandi áfengisneyzlu í landinu og hið mikla böl, sem af henni hlýzt. Það verður að hefja raunhæfa sókn gegn þessum háska. Slíkt verður ekki sízt gert með aukinni bindindisfræðslu og auknu bindindisstarfi. Þess vegna ætti að mega vænta þess, að tillögunni um áfengisvarnasjóð verði nú vel tekið.“

Nd. 33. Frumvarp til skipulagslaga. [33. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

I. KAFLI
Um stjórn skipulagsmála.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með stjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum.

Ráðuneytinu til aðstoðar eru skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri. Í skipulagsstjórn ríkisins eiga sæti 5 menn: Húsameistari ríkisins, vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri, svo og tveir menn skipaðir af ráðherra til fjögurra ára eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, annar eftir tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, en hinn án tilnefningar. Varamenn hinna tveggja síðasttöldu skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara til fjögurra ára í senn.

Verkefni skipulagsstjórnar er að ganga frá skipulagsuppdráttum, er berast til staðfestingar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu, þar sem hún telur þess þörf, vera opinberum aðilum til ráðuneytis um allt, sem skipulagsmál varðar, og fara að öðru leyti með stjórn skipulagsmála eftir því, sem segir í lögum þessum. Ef ágreiningur verður milli aðila, sem fara með stjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum, sker ráðherra úr, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið.

Ráðherra ákveður skipulagsstjórn laun, sem greiðast ásamt öllum kostnaði við störf hennar, úr ríkissjóði.

2. gr.

Ráðherra skipar skipulagsstjóra ríkisins að fengnum tillögum skipulagsstjórnar. Hann fer í umboði ráðuneytisins og skipulagsstjórnar með framkvæmdir í skipulagsmálum eftir því, sem lög þessi ákveða.

Skipulagsstjóri sér um mælingar, gerð skipulagsuppdrátta, svo og endurskoðun eldri uppdrátta. Hann getur þó leyft, að slíkar mælingar og gerð skipulagsuppdrátta séu falin sérmenntuðum mönnum, er starfi í samráði við hann. Hann ákveður í samráði við skipulagsstjórn að hvaða skipulagsverkefnum skuli unnið hverju sinni.

Skipulagsstjóri hefur umsjón með því, að hvarvetna sé farið eftir gildandi skipulagi. Hann skal fylgjast með störfum byggingarnefnda. Skipulagsstjóri skal sitja fundi skipulagsstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Honum er heimilt með sama hætti að sitja fundi byggingarnefnda.

Nú telur skipulagsstjóri, að byggingarleyfi brjóti í bága við samþykkt eða fyrirhugað skipulag, og getur hann þá leitað úrskurðar ráðherra um, hvort það skuli fellt úr gildi. Ef skipulagsstjóri notar heimild þessa, er óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum samkvæmt nefndu byggingarleyfi, unz úrskurður ráðherra liggur fyrir, en leita skal ráðherra áður umsagnar skipulagsstjórnar.

Skipulagsstjórn og skipulagsstjóri skulu árlega gefa ráðuneytinu skýrslu um störf sín.

Laun skipulagsstjóra, svo og annar kostnaður við störf hans, svo sem laun starfsmanna hans, skrifstofu- og ferðakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Nú hagar svo til, að skipulag í einu sveitarfélagi er, að dómi skipulagsstjórnar, svo háð skipulagi í nærliggjandi sveitarfélagi, eða í fleiri nærliggjandi sveitarfélögum, að nauðsyn beri til þess að gera að einhverju leyti sameiginlegt skipulag fyrir þessi sveitarfélög, og getur ráðherra þá ákveðið, að samvinnunefnd verði skipuð til þess að gera tillögur um skipulag, sem að þessu leyti er sameiginlegt fyrir sveitarfélögin.

Hlutaðeigandi sveitarstjórnir skipa hvor eða hver um sig tvo menn í samvinnunefnd, og skal skipulagsstjóri vera formaður hennar.

Skipulagsstjórn skal aðstoða nefndina við störf sín eftir þörfum.

Samvinnunefnd getur með samþykki skipulagsstjórnar leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar, sem þörf krefur.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur og ákveður kjörtíma hennar, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

II. KAFLI

Um skipulagsskyldu og eftirlit með framkvæmd hennar.

4. gr.

Skylt er að gera skipulagsuppdrætti að öllum kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem búa 100 íbúar eða fleiri.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, úrskurðað, að ákvæði laga þessara nái til annarra staða en um ræðir í 1. mgr., ef ætla má, að þar verði

samfelld byggð í náinni framtíð, svo sem til hafna, flugvalla, jarðhitasvæða, orkuvera, skólasetra, sumarbústaðahverfa, byggðar meðfram þjóðvegum o. s. frv.

Enn fremur getur hann ákveðið, að skipulagsskylda nái út fyrir mörk þeirra staða, sem um ræðir í 1. mgr., að svo miklu leyti, sem ætla má sennilegt, að byggð staðarins færist út um fyrirsjáanlega framtíð.

Úrskurður ráðherra um skipulagsskyldu er fullnaðarúrskurður. Úrskurð um skipulagsskyldu skal birta í Stjórnartíðindum og tilgreina þar mörk hins skipulagsskylda svæðis.

5. gr.

Á skipulagsskyldu svæði skulu allar byggingar og önnur mannvirki gerð í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt. Þess skal og gætt, að öllum lögnum rafmagnsveitna, síma, vatnsveitna o. s. frv. sé hagað í samræmi við hann. Sveitarstjórn (byggingarnefnd) ber að sjá um, að svo sé gert.

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi um skipulagsskyldan stað eða aðeins til um hluta hans, og getur þá skipulagsstjórn, að fengnum meðmælum sveitarstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt, enda telji hún, að þær geti samrýmzt væntanlegu skipulagi, sbr. og 2. mgr. 12. gr.

6. gr.

Nú er bygging eða gerð mannvirkis hafin á skipulagsskyldu svæði, án þess að tilskilin leyfi séu fengin, eða á annan hátt byggt en leyfi stendur til og skipulag gerir ráð fyrir, og skal sveitarstjórn (byggingarnefnd) þá hlutast til um, að framkvæmdir verði þegar stöðvaðar og fjarlægt það, sem byggt kann að hafa verið án leyfis. Gerist þess þörf, skal leitað til hlutaðeigandi yfirvalds, og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd yfirvalds, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Sveitarsjóður á forgangsveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í því efni, sem komið er í hina ólöglegu byggingu.

Nú kemur í ljós, að skipulagsákvæði eru brotin, og sveitarstjórn beitir ekki valdi sínu til að leiðrétta það, og skal þá ráðuneytið, að fengnum tillögum skipulagstjórnar, hlutast til um, að mannvirki, sem tvímælalaust brjóta í bág við gildandi skipulag, verði fjarlægð á kostnað sveitarsjóðs.

III. KAFLI

Um mælingar skipulagsskyldra staða.

7. gr.

Á öllum skipulagsskyldum stöðum skal mæla svæði það, sem byggð nær yfir og eigi minna land umhverfis en ætla má, að fullnægi eðlilegum vexti byggðarinnar næstu 25 ár.

Skipulagsstjóri ákveður í samráði við skipulagsstjórn, hvar mælingar og endurskoðun eldri mælinga skuli fram fara hverju sinni.

8. gr.

Eigendum (umráðamönnum) lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum umferð um lönd og lóðir eftir því, sem þörf krefur, vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki (hæðarmerki á hús og merki á jörðu), þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

9. gr.

Um gerð og frágang uppdrátta samkvæmt þessum kafla fer eftir reglugerð, sem ráðherra setur.

IV. KAFLI
Um gerð skipulagsuppdrátta.

10. gr.

Á skipulagsuppdrætti, samkvæmt 4. gr., skal sýna aðalumferðaræðar, skiptingu fyrirhugaðrar byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, hafnarhverfi og opin svæði, svo og staðsetningu nauðsynlegra bygginga til almenningsþarfa o. s. frv. Þar skal einnig gera grein fyrir nýtingarhlutfalli, sbr. 13. gr.

Heimilt er skipulagsstjórn með samþykki sveitarstjórnar að fresta ákvörðun um skipulagningu hluta af landssvæði skipulagsskylds staðar, og skal þá auðkenna slíkt svæði sérstaklega. Slík ákvörðun getur gilt allt að 10 ár í senn, en að loknum þeim tíma skal tekið til nýrrar athugunar, hvort ráðizt skuli í skipulagningu þessa svæðis að nokkru eða öllu leyti.

Ef ekki næst samkomulag milli skipulagsstjórnar og sveitarstjórnar um það, hvort nota skuli heimild til frestunar, samkvæmt 2. mgr., sker ráðherra úr, en leita skal hann áður umsagnar beggja aðila.

Sveitarstjórn skal láta þinglýsa slíkum ákvörðunum sem kvöðum á þær eignir, sem ákvarðanirnar taka til. Slík skjöl skulu undanþegin gjöldum í ríkissjóð og sveitarsjóð.

11. gr.

Þar sem gerður hefur verið skipulagsuppdráttur, samkvæmt 10. gr., skal, þar sem þörf krefur, einnig gera séruppdrætti að skipulagi einstakra bæjarhverfa.

Á séruppdrætti skal gerð nánari grein fyrir skipulaginu í einstökum atriðum, svo sem legu og breidd gatna, breidd akbrauta og gangstétta, lóðamörkum, staðsetningu bygginga, stærð þeirra og hæð. Þar má og kveða nánar á um gerð húsa og útlit eftir því, sem ástæða þykir til.

Á séruppdrætti er heimilt að víkja nokkuð frá meginreglum skipulagsuppdráttar, samkvæmt 10. gr., að því er varðar einstök atriði skipulags, þó því aðeins, að með því verði ekki raskað að verulegu leyti nýtingarhlutfalli því, sem ákveðið hefur verið í hverfinu, samkvæmt 13. gr.

12. gr.

Nú er ákveðið að beita ákvæðum 3. gr. um svæðaskipulagningu, og skal þá gera uppdrátt af því svæði, sem um er að ræða, svo sem fyrir er mælt í 10. gr., eftir því sem þörf krefur.

Ef talið er æskilegt að fresta um tiltekið árabil, þó ekki lengur en 10 ár í senn, ákvörðun um skipulagningu hluta af svæðinu, skal auðkenna það sérstaklega á uppdrætti. Er þá óheimilt að reisa á svæðinu nokkur varanleg mannvirki, nema sérstök heimild skipulagsstjórnar komi til. Heimilt er þó sveitarstjórn í samráði við skipulagsstjóra að leyfa byggingar á svæðinu, ef hún telur slíkt nauðsynlegt vegna atvinnurekstrar, sem þar er stundaður, þegar skipulagning er ákveðin. Binda má leyfi því skilyrði, að umrætt mannvirki verði fjarlægt sveitarsjóði að kostnaðarlausu, þegar þess verður krafizt.

Þinglýsa má slíkum ákvörðunum sem kvöðum á þeim eignum, sem ákvarðanir taka til. Skulu slík skjöl undanþegin gjöldum í ríkissjóð og sveitarsjóð.

Samvinnunefndin skal sérstaklega auðkenna þau svæði, sem hún telur heppilegast að skipulögð verði endanlega og gerð byggingarhæf á næstu 10 árum frá því, að uppdrátturinn tekur gildi.

Í reglugerð má kveða nánar á um gerð slíkra uppdrátta, sbr. og 13. gr.

13. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, setja reglugerð um gerð skipulagsuppdrátta, samkvæmt 10. og 11. gr.

Þar skal m. a. ákveðið um mælikvarða og frágang uppdrátta, og hver greinargerð fylgja skuli uppdrætti. Einnig skal þar ákveðið, hvaða lágmarkskröfur gera skuli um fjölda opinna bifreiðastæða, er fylgja hverju húsi eða byggingarreit, og skal í því efni miða við notkun þess, svo og um stærð leiksvæða fyrir börn á lóðum íbúðarhúsa og athafnasvæði fyrir íbúa að öðru leyti. Enn fremur skal þar kveðið á um lágmarksfjarlægð milli húsa, og skal í því efni við það miðað, að í íbúðarhverfum njóti fullnægjandi birtu á aðalsólarhlið húss. Þá skal og kveða þar á um nýtingarhlutfall í hinum ýmsu hverfum, en nýtingarhlutfall er hlutfallið milli samanlagðs gólffletar húss og lóðarstærðar. Ákveða má, að auðkenndir skuli sérstaklega á uppdrætti þeir staðir, sem eru áberandi, t. d. við torg og aðalgötur, og sé leyfi til byggingar þar bundið samþykki skipulagsstjórnar.

14. gr.

Skipulagsstjórn getur með samþykki ráðherra látið fram fara opinbera samkeppni um skipulag ákveðins sveitarfélags, hluta þess eða svæðis, sem nær að nokkru leyti eða öllu yfir tvö sveitarfélög eða fleiri. Áður en slík samkeppni er ákveðin, skal skipulagsstjórn leita umsagnar þeirra sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.

Um samkeppnina skal fara eftir þeim samkeppnisreglum, er skipulagsstjórn samþykkir, en að öðru leyti sker ráðherra úr vafaatriðum, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

15. gr.

Þegar skipulagsstjórn hefur lokið við tillögu að skipulagsuppdrætti, samkvæmt 10. gr. (svo og 11. gr. að því leyti, sem slíkt er nauðsynlegt), skal tillagan send viðkomandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum) til umsagnar. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn sína innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé settur. Ef umsögn berst ekki innan tiltekins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

Ef sveitarstjórn gerir breytingartillögu, ákveður skipulagsstjórn, hvort skipulagstillagan skuli lögð fram með breytingu sveitarstjórnar eða án hennar.

16. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur lokið tillögu um skipulag ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni, skal hún senda málið til meðferðar skipulagsstjórnar.

Nú fellst skipulagsstjórn á skipulagstillöguna og skal tillagan þá send til umsagnar þeirra sveitarfélaga, sem hún tekur til. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé veittur. Ef umsögn berst ekki innan tilskilins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

Ef sveitarstjórn gerir breytingartillögur og samvinnunefnd (skipulagsnefnd) getur ekki á þær fallizt, þá skal skipulagsstjóri boða til fundar samvinnunefndar og fulltrúa þeirra sveitarstjórna, sem um málið hafa fjallað að því leyti, sem málið geti varðað viðkomandi sveitarstjórn. Náist ekki samkomulag þar, ákveður skipulagsstjórn, hvort tillagan skuli lögð fram.

Nú hefur verið gerður skipulagsuppdráttur og ákveður skipulagsstjórn þá, hvort taka skuli athugasemdir sveitarstjórna til greina að einhverju eða öllu leyti.

V. KAFLI

Um framlagningu skipulagstillagna, samþykkt þeirra og staðfestingu.

17. gr.

Nú ákveður skipulagsstjórn að leggja skipulagstillögu, samkvæmt 20. og 21. gr., fram opinberlega, og skal hún þá auglýsa slíkt á þann hátt, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á umræddum stað. Skal þar tilgreint yfir hvaða svæði

tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hve lengi, en það má eigi vera skemur en 6 vikur, hvert skila skuli athugasemdum við tillöguna og innan hvers frests, en hann má eigi vera skemmri en 8 vikur frá birtingu auglýsingar, og jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem eigi geri athugasemdir innan tilskilins frests, teljist samþykkja tillöguna.

Skipulagsstjórn getur falið sveitarstjórn að annast framlagningu tillagna og auglýsinga, samkvæmt 1. mgr.

18. gr.

Athugasemdum við skipulagstillögu skal skilað til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal innan 4 vikna, nema skipulagsstjórn ákveði lengri frest, senda skipulagsstjórn athugasemdir þær, er borizt hafa, ásamt umsögn sinni um hverja athugasemd og endanlega umsögn um uppdráttinn.

Hafi samvinnunefnd fjallað um skipulagstillöguna, skal leitað umsagnar hennar um athugasemdirnar.

Skipulagsstjórn gengur síðan endanlega frá uppdrættinum og sendir hann ráðherra til staðfestingar.

Þegar ráðherra hefur staðfest uppdrátt, skal það birt í Stjórnartíðindum ásamt greinargerð skipulagsstjórnar um mörk hins skipulagða svæðis og annað, er hún telur máli skipta.

19. gr.

Nú telur skipulagsstjórn eða sveitarstjórn að endurskoða eða breyta þurfi staðfestum skipulagsuppdrætti, og fer þá um málsmeðferð, samkvæmt 15.—18. gr., eftir því, sem við á hverju sinni.

Byggingarframkvæmdir á þeim svæðum, sem óskað er breytingar skipulags á, eru þá háðar ákvæðum 2. mgr. 5. gr., sbr. 6. gr., unz endurskoðun eða breytingu skipulagsins er lokið.

Nú óskar sveitarstjórn, að gerðar verði breytingar á staðfestum skipulagsuppdrætti, er séu það óverulegar, að ekki sé talin ástæða til meðferðar, samkvæmt 1. mgr., og skal þá gera tillögu til skipulagsstjórnar um breytingarnar.

Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um það, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Ef skipulagsstjórn fellst á breytinguna, staðfestir hún hana, tilkynnir hana ráðuneytinu, sem sér um, að frá henni verði skýrt í Stjórnartíðindum.

20. gr.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar að fresta um ákveðið árabil, þó ekki lengur en 10 ár í senn, staðfestingu skipulagsuppdráttar ákveðins svæðis, samkvæmt 10. (og 11. gr.), enda sé land það, sem uppdrátturinn tekur til, að öllu leyti í eigu sveitarfélagsins eða aðila, sem samþykkja þá tilhögun.

Þá er sveitarstjórn með sama hætti heimilt að fresta staðfestingu, ef sérstök óvissa ríkir um þýðingarmikil atriði, sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

Þegar svo stendur á, sem í 1. mgr. segir, er heimilt að falla frá þeirri opinberu auglýsingu og birtingu skipulagstillagna, sem um ræðir í þessum kafla.

Þótt uppdráttur hljóti ekki staðfestingu, samkvæmt 1. mgr., er sveitarstjórn (byggingarnefnd) skylt að fara eftir honum, og verður honum ekki breytt, nema gætt sé reglna 19. gr., eftir því sem við á.

21. gr.

Nú hefur skipulag hlotið staðfestingu, en lóðaskipting á tilteknum byggingarreit eða hluta hans er að dómi skipulagsstjórnar svo óhentug, að miklum erfiðleikum er bundið eða ekki unnt að byggja samkvæmt því, nema breyting á lóðamörkum komi til, og skal hún þá gera tillögu um nýja lóðaskiptingu. Ef sveitarstjórn sam-

þykkir lóðaskiptinguna, skal hún leita samkomulags við lóðaeigendur um nauðsynlegar breytingar.

Ef ekki næst samkomulag, getur sveitarstjórn látið fram fara eignarnám í samræmi við ákvörðun sína.

22. gr.

Nú er lóð á skipulögðum reit að dómi skipulagsstjórnar svo óheppilega löguð eða svo lítil, að ekki megi nýta til bygginga samkvæmt skipulagi og má þá ákveða, að hún verði lögð við aðra lóð eða lóðir.

Ef eigendur verða ekki ásáttir um eignarhlutdeild í hinni nýju lóð, skal úr þeim ágreiningi skorið með mati dómkvaddra manna.

VI. KAFLI

Um framkvæmd skipulags eldri hverfa.

23. gr.

Nú telur sveitarstjórn rétt að beita sér fyrir því, að hafizt verði handa um endurbyggingu byggingarreits eða hluta af honum í samræmi við staðfest skipulag, og skal þá gerð um það sérstök ályktun.

Ályktun þessi skal tilkynnt skriflega eigendum (umráðamönnum) fasteigna á umræddu svæði. Nú telur sveitarstjórn vafa leika á því, hverjum tilkynna skuli, og skal þá jafnframt birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði einu sinni. Skulu aðilar innan frests, sem sveitarstjórn ákveður og eigi má vera skemmri en fjórar vikur, tilkynna skriflega, hvort þeir óski að taka að sínu leyti þátt í endurbyggingunni og hefjast handa innan þess tíma, sem sveitarstjórn tiltekur.

Þegar sveitarstjórn hefur kynnt sér, hverjar undirtektir ályktunin hefur fengið, ákveður hún, hvort málinu skuli haldið áfram að sinni.

Ef ákveðið verður að halda áfram, skal tilkynna aðilum þá ákvörðun og jafnframt boða til sameiginlegs fundar þeirra. Skal í þeirri tilkynningu tekið fram, að verði af félagsstofnun um málið, megi þeir, sem ekki gerast þátttakendur, vænta þess, að fasteign (fasteignir) þeirra á svæðinu verði tekin eignarnámi af sveitarstjórn.

Heimilt er sveitarstjórn að binda eignarnám því skilyrði, að þeir, sem eru aðilar, skuldbindi sig til að kaupa viðkomandi eignir fyrir það verð, er sveitarsjóður verður að hlíta, þannig að hann verði skaðlaus.

Skylt er sveitarstjórn að bjóða aðilum, sem tjáð hafa sig fylgjandi félagsstofnun, forkaupsrétt, Ef fleiri en einn óska að neyta forkaupsréttar, sker sveitarstjórn úr hverjum selja skuli. Ef forkaupsréttur er ekki notaður, getur sveitarsjóður selt hverjum þeim, sem gengst undir skuldbindingar um þátttöku í endurbyggingu með þeim skilmálum, sem sveitarstjórn setur.

24. gr.

Þegar þannig hefur verið gengið frá, að allir eigendur fasteigna á viðkomandi byggingarreit eða hluta byggingarreits hafa lýst sig reiðubúna að hefja byggingarframkvæmdir, skal fara fram mat, framkvæmt af dómkvöddum matsmönnum, ef eigendur verða ekki sammála um verð eignanna.

Kostnaður við matið skal greiddur úr sveitarsjóði, en heimilt er að endurkrefja eigendur viðkomandi fasteigna um helming kostnaðarins miðað við eignarhluta hvers um sig. Um framkvæmd mats fer eftir reglum laga nr. 61/1917.

25. gr.

Ef aðilar verða ekki ásáttir um annað félagsform, skal stofnað hlutafélag, og hefur sveitarstjórn forgöngu um þá stofnun.

Hlutdeild hvers um sig í hlutafélaginu skal miða við það lóðarandvirði (matsverð), sem hann leggur fram. Andvirði mannvirkja, sem á reitnum eru, og nauðsynlegt verður að fjarlægja, svo og niðurrifskostnað, skal telja til byggingarkostnaðar, nema öðruvísi semjist milli aðila.

VII. KAFLI
Um forkaupsrétt, eignarnám og skaðabætur.

26. gr.

Sveitarstjórn getur með sérstakri samþykkt áskilið sveitarfélagi forkaupsrétt að lóðum og öðrum fasteignum innan sveitarfélagsins, ef hún telur slíkt nauðsynlegt af skipulagsástæðum. Um meðferð slíkra mála fer eftir ákvæðum laga nr. 22/1932.

27. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki ráðherra, að taka eignarnámi landssvæði (fasteignir) innan sveitarfélagsins, ef skipulagsstjórn telur það nauðsynlegt vegna fyrirsjáanlegrar og eðlilegrar þróunar sveitarfélagsins.

28. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að taka einstakar fasteignir eða hluta fasteignar eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn vegna framkvæmda á staðfestu skipulagi.

29. gr.

Skaðabætur vegna framkvæmda á skipulagi skulu því aðeins greiddar, að um eignarnám sé að ræða, samkvæmt lögum þessum, eða svo sé ástatt, sem segir í grein þessari.

Nú gerir staðfest skipulag ráð fyrir því, að lóð rýrni svo mjög, að hún verði illa nothæf til byggingar, að dómi dómkvaddra manna, og skal þá greiða bætur, ef eigandi (umráðamaður) getur sýnt fram á, að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum. Bætur mega nema heildarandvirði eignarinnar, ef krafizt verður, að sveitarfélag taki við henni allri, en slíkt er þó því aðeins skylt, að sá hluti lóðar, sem eftir verður, sé að dómi dómkvaddra manna ónothæfur til byggingar.

Nú er ákveðin á staðfestum skipulagsuppdrætti tiltekin lega götu eða vegar eða að tiltekið svæði skuli tekið til almenningsnota, og slíkt veldur því, að dómi dómkvaddra manna, að eigandi fasteignar getur ekki nýtt hana eins og eðlilegt er miðað við allar aðstæður, m. a. hagnýtingu fasteigna í næsta nágrenni, og á hann þá rétt á bótum. Ef eigandi krefst, er sveitarstjórn skylt að kaupa eignina fullu verði.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða, skal taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem þær hafa í för með sér á viðkomandi eign. Ef talið er, að verðhækkunin sé jafnmikil eða meiri en bótaskylt tjón, skal engar bætur greiða. Enn fremur ber að miða við eftirtalin atriði í sambandi við ákvörðun bóta: Hvort nýtt skipulag hefur áhrif nú þegar eða síðar á verðmæti eignarinnar, hverjar kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna, opin svæði o. s. frv., að því er snertir sambærilegar eignir, enn fremur hvort skipulagið gerir viðhorf fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðara eða óhagstæðara en áður var o. s. frv. Þá ber og að miða við þann arð, sem telja má, að eðlileg notkun eignarinnar gefi af sér.

Sá, sem telur sig eiga rétt á bótum, samkvæmt þessari grein, skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar innan tilskilins frests, sem sveitarstjórn ber að auglýsa með þeim hætti, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á hverjum stað. Fresturinn má ekki vera skemmri en 8 vikur.

Sveitarstjórn annast um, að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur samkvæmt þessari grein. Allar bætur samkvæmt lögum þessum skulu greiddar úr sveitarsjóði. Um framkvæmd mats fer samkvæmt lögum nr. 61/1917.

30. gr.

Nú er land í einkaeign og eigandi óskar, að því eða hluta þess verði breytt í byggingarlóðir, samkvæmt gildandi skipulagi, og skal sveitarstjórn slíkt heimilt, enda láti landeigandi endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið til almennningsþarfa, t. d. gatna, leikvalla o. s. frv., sem svarar ⅓ af heildarflatarmáli þeirra byggingarlóða, sem heimild sveitarstjórnar nær til. Ef landeigandi ræður ekki yfir nægu landi umfram lóð eða lóðir, getur sveitarstjórn heimilað, að hann leysi sig undan kvöð þessari með því að greiða andvirði þess, sem á vantar, samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Sveitarstjórn getur frestað því að nota heimild, samkvæmt 1. mgr., þar til gerðar hafa verið fullnægjandi götur og holræsi, þannig að lóðir séu byggingarhæfar. Hún getur bundið slíka heimild því skilyrði, að greitt verði tiltekið gjald í sveitarsjóð, og fer um upphæð gjaldsins eftir gjaldskrá, er sveitarstjórn semur og ráðherra staðfestir. Skal upphæðin við það miðuð, að landeigandi greiði allt að ⅘ áætlaðs kostnaðar við gerð gatna og holræsa. Þegar þeir, sem hlut eiga að máli, hafa greitt gjaldið, er sveitarstjórn skylt að hefja framkvæmdir og ljúka þeim innan hæfilegs tíma. Greiðslur samkvæmt þessari gjaldskrá má innheimta með lögtaki, ef þörf krefur.

VIII. KAFLI
Um lóðaskrá o. fl.

31. gr.

Óheimilt er á skipulagsskyldum stöðum að skipta löndum og lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum, nema samþykki sveitarstjórnar komi til, og getur hún krafizt þess, að gerður sé fullnægjandi uppdráttur af landi, er skipta skal.

32. gr.

Ráðuneytið getur ákveðið, að sveitarstjórn á skipulagsskyldum stað láti á kostnað sveitarsjóðs gera lóðaskrá, þar sem tilgreind skulu öll lönd og lóðir innan sveitarfélagsins eða tiltekins hluta þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um gerð lóðaskrár.

IX. KAFLI
Um greiðslu kostnaðar o. fl.

33. gr.

Kostnaður við mælingar, sem skipulagsstjóri framkvæmir, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða helming slíks kostnaðar vegna mælinga, sem framkvæmdar eru í þess þágu.

Ef sveitarfélag annast mælingar, skal kostnaður við þær mælingar greiddur úr sveitarsjóði, en skylt er ríkissjóði að endurgreiða helming slíks kostnaðar, enda hafi skipulagsstjórn samþykkt, að sveitarfélagið annaðist mælingarnar. Ef ágreiningur verður um skiptingu kostnaðar, samkvæmt þessari grein, sker ráðherra úr.

34. gr.

Kostnaður við skipulagningu, sem skipulagsstjórn annast, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða helming slíks kostnaðar vegna skipulagningar, sem framkvæmd er í þess þágu. Sama gildir um kostnað samvinnunefndar, samkvæmt 3. gr. Verði ágreiningur á milli sveitarfélags um skiptingu kostnaðar, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

Nú hefur sveitarstjórn annast fyrir eigin reikning undirbúning og gerð skipulagsuppdrátta í sínu sveitarfélagi með samþykki skipulagsstjórnar og undir yfirstjórn hennar, og er þá ráðherra heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði helming

kostnaðar sveitarstjórnar við slíkar framkvæmdir, þó eigi hærri fjárhæð en nemur helmingi þeirra gjalda, sem greiðast af gjaldskyldum eignum í sveitarfélaginu, samkvæmt 35. gr. laga þessara.

35. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði ríkissjóðs af framkvæmd skipulagsmála, samkvæmt lögum þessum, er ráðherra heimilt að ákveða með sérstakri reglugerð, að innheimt skuli í ríkissjóð sérstakt gjald, skipulagsgjald, sem nema má allt að 3‰ af brunabótaverði hverrar nýbyggingar, sem reist verður á skipulagsskyldum stað, og fellur það í gjalddaga, þegar brunabótavirðing hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með lögtaki.

X. KAFLI
Refsiákvæði o. fl.

36. gr.

Brot gegn lögum þessum skulu varða sektum allt að 100000 krónum, sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem honum er skylt að vinna samkvæmt lögum þessum, eða það er unnið á annan hátt en fyrir er mælt, getur skipulagsstjórn lagt fyrir hann að vinna það á tilskilinn hátt að viðlögðum 1000 króna dagsektum, er renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með lögtaki.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, lög nr. 64 11. júní 1938 og lög nr. 18 14. febrúar 1951, um breyting á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er í aðalatriðum samhljóða frumvarpi því, sem skipulagsnefnd ríkisins samdi og lagt var fyrir Alþingi 1961—1962.

Allmiklar breytingar hafa þó verið gerðar á frumvarpi nefndarinnar, og skal nú gerð grein fyrir þessum breytingum:

1. Í frumvarpi nefndarinnar er gert ráð fyrir heimild til þess að skipta landinu í skipulagsumdæmi eftir kjördæmum með sjö manna skipulagsnefnd í hverju umdæmi, sbr. 2.—4. gr. í frumvarpi nefndarinnar. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er horfið frá þessari hugmynd. Hins vegar er gert ráð fyrir skipun samvinnunefndar, sjá 3. gr. frv., þar sem svo hagar til, að skipulag eins sveitarfélags verður ekki farsællega ákveðið án þess að tillit sé tekið til skipulagsins í nærliggjandi sveitarfélagi eða fleirum nærliggjandi sveitarfélögum. Í frumvarpi nefndarinnar, sjá 4. gr., var líka gert ráð fyrir sérstakri samvinnunefnd, þegar svona stendur á. Hér er gert ráð fyrir því, að hvert sveitarfélag, sem hlut á að máli, tilnefni tvo fulltrúa af sinni hálfu í þessa samvinnunefnd, og að skipulagsstjóri sé formaður nefndarinnar. Ekki er gert ráð fyrir, að ályktanir samvinnunefndar séu lokaákvarðanir um skipulagsmál, heldur verði skipulagsstjóri og hlutaðeigandi sveitarstjórn, hvor fyrir sig, að fjalla um málið áður en skipulagsuppdrættir samvinnunefndar geta hlotið staðfestingu ráðherra. Nefndin er því í eðli sínu ráðgefandi nefnd, en þó er ætlazt til, að hún eigi frumkvæði að gerð uppdrátta, sem vegna staðhátta eru ákvarðandi að einhverju leyti fyrir skipulag í fleirum en einu sveitarfélagi. Segja má, að ákvæði 3. gr. frumvarpsins séu í meginatriðum sama efnis og ákvæðin í 4., 6. og 7. gr. frumvarps skipulagsnefndar.

2. Ákvæði 2. gr. fjalla um skipulagsstjóra, verkahring hans og teiknistofu hans. Þessi ákvæði eru efnislega eins og ákvæðin í 5. gr. í frumvarpi nefndarinnar. Greininni er þó breytt í samræmi við þær breytingar, sem um er rætt í 1. hér að framan, og síðustu málsgrein er breytt til samræmis við önnur gildandi lagaákvæði.

3. Ákvæði II. og III. kafla 4.—9. gr. eru samhljóða ákvæðunum í II. og III. kafla í frumvarpi nefndarinnar að öðru leyti en því, að greinatölum er breytt og orðalagsbreyting er gerð á 2. mgr. 7. gr., sem ekki þarfnast skýringar.

4. Breytingarnar á ákvæðunum í IV. kafla eru sams konar og þær, sem um ræðir í 3. Þó ber að geta þess, að það leiðir af breytingum þeim, sem um ræðir í 1. hér að framan, að 17. gr. nefndarfrumvarpsins fellur niður og orðalagsbreytingar eru gerðar til samræmis við þær breytingar, þar sem við á. Ákvæði 15. gr. frv. svara til ákvæða 20. gr. nefndarfrumvarpsins. Orðalagsbreyting sú, sem gerð er á 2. mgr., þarfnast ekki skýringa. Sama er að segja um orðalagsbreytingu á 4. mgr. 16. gr., sem svarar til 4. mgr. 21. gr. í frumvarpi nefndarinnar.

5. Við V. kafla eiga yfirleitt sömu athugasemdir og við II.—III. kafla. Breyting er gerð á 1. mgr. 19. gr., sem svarar til 1. mgr. 24. gr. nefndarfrumvarpsins. Þessi breyting er í því fólgin, að lagt er til, að þegar skipulagsuppdráttur er í endurskoðun, skuli byggingarframkvæmdir háðar sams konar takmörkunum og þeim, sem gilda, þegar verið er að gera nýjan skipulagsuppdrátt, og þessar takmarkanir skuli gilda unz endurskoðun skipulagsins er lokið.

Þá er fellt niður ákvæði í 2. mgr. 21. gr., sbr. 2. mgr. 26. gr. nefndarfrumvarpsins um skyldu lóðareiganda til þess að kaupa viðbótarlóð, þar eð ákvæðið mundi varla standast fyrir dómi vegna stjórnarskrárákvæða.

6. Um VI.—VIII. kafla eiga við hinar sömu almennu athugasemdir og um hina kaflana, að því er varðar breytingar á greinatölum og orðalagsbreytingar. Í 1. mgr. 24. gr., sem svarar til 1. mgr. 29. gr. nefndarfrumvarpsins, eru felld niður orðin: „— skal fara fram mat á eignarhluta hvers um sig.“ Ákvæðin um matið í 2. mgr. virðast vera fullnægjandi. Þá er lagt til í frumvarpi þessu, að skylda ríkissjóðs til þess að endurgreiða sveitarfélagi kostnað við mælingar að helmingi, sé háð því, að skipulagsstjórn hafi samþykkt, að sveitarfélagið annaðist mælingarnar, sjá 2. mgr. 33. gr. frumvarpsins, sbr. 2. mgr. 38. gr. nefndarfrumvarpsins.

7. Loks er lagt til í 2. mgr. 34. gr. frumvarps þessa, að ráðherra sé heimilað að endurgreiða úr ríkissjóði helming kostnaðar, sem sveitarfélag hefur vegna undirbúnings og teikninga skipulagsuppdrátta, sem það hefur annazt fyrir eigin reikning, enda sé skipulagsvinna þessi framkvæmd með samþykki skipulagsstjórnar og undir yfirstjórn hennar. Endurgreiðslur þessar megi þó eigi nema hærri fjárhæð en nemur helmingi þeirra gjalda, sem greiðast af gjaldskyldum eignum í sveitarfélaginu, samkvæmt 35. gr. laga þessara. Eðlilegt má telja, að sveitarfélag, sem ræðst í að láta framkvæma skipulagningu á eigin kostnað í samráði við skipulagsstjórn og undir yfirstjórn hennar, eigi kost á þátttöku ríkissjóðs í þeim kostnaði, sem af slíkri vinnu stafar, enda verður að gera ráð fyrir, að þetta spari ríkissjóði veruleg útgjöld í sambandi við rekstur teiknistofu skipulagsstjóra ríkisins. Í frumvarpi nefndarinnar, 39. gr. 2. mgr., eru ákvæði, sem hníga í þessa átt, en í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að hámarksgreiðsla sé bundin við helming greiddra gjalda, samkvæmt 35. gr. Að sjálfsögðu er ekki eðlilegt, að sveitarfélag verði leyst undan hluttöku í þeim kostnaði, sem leiðir af yfirstjórn skipulagsmálanna, og því er gert ráð fyrir því, að endurgreiðsla megi ekki fara fram úr helmingi þeirra tekna, sem ríkissjóður fær af skattskyldum eignum í sveitarfélaginu. Ákvæði 34. gr. frumvarpsins svara annars til 39. gr. nefndarfrumvarpsins, en hefur að geyma nokkrar orðalagsbreytingar, sem ekki virðast þarfnast skýringa. Að öðru leyti eru einnig á greininni breytingar, sem leiða beint af þeim breytingum, sem um ræðir í 1. hér að framan.

Lagt er til, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, öðlist gildi þegar í stað.

Nd. **34. Frumvarp til laga** [38. mál]

um áætlunarráð ríkisins.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 9 manna ráð, er nefnist áætlunarráð ríkisins, samkvæmt tilnefningu svo sem hér segir: Fjórir menn skulu tilnefndir einn af hverjum núverandi þingflokka, en aðrir fjórir einn af hverju eftirgreindra samtaka: Alþýðusambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Félagi ísl. iðnrekenda. Einn skipar ríkisstjórn án tilnefningar, og skal hann að öðru jöfnu skipaður úr hópi þeirra sérfræðinga, sem eru vísindalega menntaðir um áætlanagerð, hagfræði eða í höfuðgreinum íslenzks þjóðarbúskapar. Ríkisstjórnin skipar formann ráðsins.

2. gr.

Hlutverk ráðsins er að semja heildaráætlanir um þjóðarbúskap Íslendinga, er gerðar skulu í samráði við ríkisstjórn.

Áætlanir þessar skulu vera tvenns konar:

1. Heildaráætlanir um þróun atvinnulífsins og fjárfestingu þjóðarinnar fyrir 5—10 ára tímabil.
2. Áætlanir fyrir eitt ár í senn um allan þjóðarbúskapinn.

3. gr.

Heildaráætlanir þær, sem um ræðir í 1. tölulið 2. gr., skulu miðaðar við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta landsmanna sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna og batnandi raunveruleg lífskjör á grundvelli aukinnar framleiðslu, betri skipulagningar þjóðarbúskaparins og réttlátari skiptingar verðmætanna.
2. Að auðlindir lands og þjóðar verði sem bezt hagnýttar í þágu þjóðarheildarinnar til þess að auka velmegun og tryggja afkomu þjóðar og einstaklinga og varðveita og efla sjálfstæði þjóðarinnar.
3. Að atvinnuvegir landsmanna verði efldir og nýir skapaðir, til þess að þjóðin eignist sem fjölbreytilegast atvinnulíf, en þó einbeitt að því að efla fyrst og fremst þær atvinnugreinar, er veita í senn beztu hagnýtingu á auðlindum þjóðarinnar, mestu afkastagetu landsmanna og beztu nýtingu fáanlegra markaða og skapa þannig forsendur fyrir sem beztum lífskjörum þjóðarinnar.

Í þessum heildaráætlunum skal áætluð þróun hverrar atvinnugreinar, eins og bezt samrýmist heildarhagsmunum þjóðarinnar, svo og hver höfuðatvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita til þess að tryggja, að þeim tilgangi, sem vinna skal að samkvæmt þessari grein, verði náð.

Áætlunarráðið skal og gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar, byggðaþróun og aðrar framkvæmdir í því sambandi.

4. gr.

Áætlanir þær, sem um ræðir í 2. tölulið 2. gr., skal gera um allan rekstur þjóðarbúskaparins fyrir ár hvert, bæði rekstur og þróun hinna einstöku atvinnugreina innanlands og viðskipti þjóðarinnar út á við.

Áætlanir þær, sem fjalla um tekjur og gjöld þjóðarinnar í viðskiptum við önnur lönd, skulu gerðar í samráði við ráðherra þann, sem fer með viðskiptamál, og skal síðan leggja þær til grundvallar fyrir viðskiptin á næsta ári. Þessar áætlanir skulu gerðar með það mark fyrir augum að ná sem hagstæðustum viðskiptum og greiðslujöfnuði við önnur lönd, skapa þjóðinni öruggt fjárhagslegt sjálfstæði út á

við og gera henni kleift að framfylgja heildaráætlunum um uppbyggingu atvinnulífsins og þeim fyrirætlunum um örugga og batnandi lífsafkomu almennings, sem unnið er að hverju sinni.

Á sama hátt skal áætlunarráð og við samningu áætlana sinna hafa samráð við hin einstöku ráðuneyti um hinar ýmsu atvinnugreinar, er undir þau heyra.

5. gr.

Til þess að ná þeim tilgangi, er lög þessi mæla fyrir um að stefna skuli að með framkvæmd áætlana þessara, skal áætlunarráð vinna að því að sameina og efla framtak jafnt einstaklinga, samvinnufélaga, sveitarfélaga og ríkisins.

Þá skal og áætlunarráð gera sér sem gleggsta grein fyrir þörf íslenzks atvinnulífs á sérmenntuðum mönnum á hverjum tíma og vinna að því í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir, að ráðstafanir séu gerðar til að sérmennta íslenzka menn og tryggja þjóðfélaginu starfskrafta þeirra.

Til þess að skapa sem bezta samstöðu meðal þjóðarinnar og hagnýta sem bezt þekkingu og hugvit einstaklinga, skal áætlunarráð a. m. k. ársfjórðungslega boða til fundar með fulltrúum, er kosnir séu af eftirfarandi samtökum og stofnunum eða stjórnum þeirra til þess að mæta í slíku fulltrúaráði: Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, atvinnudeild háskólans, raforkumálastjórn ríkisins og Fiskifélagi Íslands. Þá hefur og áætlunarráð rétt til að bjóða fleirum þátttöku. Á slíkum fundum skal áætlunarráð kynna hugmyndir og fyrirætlanir sínar og gefa fulltrúunum tækifæri til athugasemda, gagnrýni, tillagna og hvers konar ábendinga og leiðbeininga.

Höfuðmarkmiðið í öllu starfinu skal vera að reyna að sameina þjóðina sem bezt um að tryggja sem skynsamlegasta hagnýtinu á auðlindum landsins, framleiðslutækjum, vinnuafli og fjármagni þjóðarinnar í hennar eigin þágu á grundvelli beztu rannsókna á hinum ýmsu sviðum, sem hægt er að gera á hverjum tíma.

6. gr.

Í þeim hlutum áætlananna, sem fjalla um vinnuafl og fjármagn til atvinnurekstrar og nýrra framkvæmda, skal eigi aðeins gerð grein fyrir, hver nauðsyn sé á hvoru tveggja og í hve ríkum mæli, heldur og hvernig útvega skuli, ef fyrirsjáanlegur skortur er á vinnuafli eða fjármagni. Skal áætlunarráð um þessi efni kappkosta að hafa gott samráð við verkalýðssamtökin, samtök atvinnurekenda og fulltrúa atvinnurekstrar, bankana og önnur þau samtök og stofnanir, sem framkvæmd áætlananna í þjóðarbúskapnum kemur síðan sérstaklega til að byggjast á.

7. gr.

Áætlunarráð skal við gerð fyrstu 10 ára áætlunarinnar hafa þá höfuðstefnu, er hér segir:

Á fyrri hluta þessa tímabils skal einbeita sér að því að koma á sem mestri fullvinnslu sjávarafurða og landbúnaðarafurða og annarra hráefna og afurða íslenzkra með það fyrir augum, að þjóðin megi verða iðnaðarþjóð, er flytur framleiðslu sína fullunna úr landi. Samtímis skal efla þá atvinnuvegi, er fyrir eru, og stuðla að uppkomu nýrra atvinnutækja, er ætla má að hafi heilbrigðan grundvöll.

Á fyrri hluta tímabilsins skal undirbúa áætlanir um að framkvæma á síðari hluta tímabilsins stórvirkjun fallvatna og rannsaka til hlítar, hvers konar iðnaði í allstórum stíl yrði bezt upp komið á því skeiði til hagnýtingar raforkunnar, þannig að slík fyrirtæki séu í senn undir yfirráðum Íslendinga, hagnýti vinnuafl og fjármagn haganlegast í þágu þjóðar og einstaklinga og hægt sé um leið að tryggja sem allra mesta sölu á framleiðslu þeirra úr landi til langs tíma, svo að áhætta þjóðarinnar verði sem minnst.

8. gr.

Þegar áætlunarráð hefur lokið samningu þeirra áætlana, er um ræðir í 2. gr., skulu þær lagðar fyrir ríkisstjórnina til staðfestingar.

Ríkisstjórn skal kunngera Alþingi hina staðfestu áætlun, að jafnaði með því að láta eins árs áætlanir fylgja fjárlögum sem fylgiskjal, en áætlanir til lengri tíma séu lagðar fram með sérstakri þingsályktun til samþykktar.

Þegar áætlanir hafa hlotið endanlega samþykkt, er það síðan verkefni ríkisstjórnar, hinna einstöku ráðuneyta, Seðlabankans og allra annarra stofnana ríkisins undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar að sjá um framkvæmd á þessum áætlunum til fulls, og skal öll stjórn á lánsfjármálum og utanríkisviðskiptum þjóðarinnar og öll afskipti hins opinbera af atvinnu- og verzlunarlífinu við þetta miðuð.

9. gr.

Ríkisstjórnin skipar framkvæmdastjóra áætlunarráðs að fengnum tillögum þess.

Áætlunarráði er heimilt að ráða innlenda sem erlenda sérfræðinga að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk.

Fela skal áætlunarráði þau verkefni, sem Framkvæmdabanki Íslands nú hefur að lögum um áætlanir í fjárfestingarmálum og ráðleggingar til ríkisstjórnar í efnahagsmálum.

Fela má áætlunarráði starf þeirra milliþinganefnda, sem nú eru starfandi að svipuðum verkefnum: atvinnumálanefndar ríkisins og rannsóknarnefndar á milliliðagróða, og skulu þá nefndir þessar lagðar niður.

Kostnaður við störf áætlunarráðs greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Nánari fyrirmæli um starf áætlunarráðs skal setja í reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ástand það, sem nú blasir við í þjóðarbúskapnum, sýnir, að óhjákvæmilegt er að koma á heildarstjórn á þjóðarbúskapnum í eins víðtækum mæli og hægt er á grundvelli núverandi þjóðskipulags.

Það „frelsi“ eða réttara sagt stjórnleysi, sem ríkt hefur í þjóðarbúskapnum undanfarin ár, hefur haft þær afleiðingar, að þrátt fyrir mesta aflamagn Íslandssögunnar er verzlunarjöfnuður neikvæður, að verzlunarskuldir safnast fyrir erlendis, að fjárfesting landsmanna beinist í allt of ríkum mæli að eyðslu, — svo sem innflutningur 3000 bíla í ár sýnir, — að verzlunarauðvaldið hrifsar allt of mikinn hluta útlána bankanna til sín, en fjármagn skortir til heilbrigðustu framleiðslugreinanna, — og þannig mætti lengi telja. Ævintýri skólapiltanna úr ameríska fríverzlunarskólanum við að stjórna íslenzku efnahagslífi ætti því að vera á enda.

Íslandi verður ekki stjórnað, svo að vel fari og frelsi landsbúa og velferð sé tryggð, nema hugsað sé um land vort sem eitt þjóðarbú, þannig að þjóðin skipuleggi aðalsölu útflutningsafurðanna, stjórni innkaupum þjóðarbúsins í samræmi við nauðsyn útflutningsins og hagsmuni þjóðarheildarinnar, ráði í aðalatriðum stefnu fjárfestingarinnar til þess að tryggja undirstöðu framleiðslunnar og hraða og rétta þróun hennar. Innan slíks heildarskipulags verður svo að tryggja og hagnýta í þjóðarþágu jafnt framtak einstaklinga, félaga sem annarra heilda.

Það stjórnleysisástand, sem ríkt hefur undanfarin ár undir nafni verzlunarfrelsisins, hefur einkennzt af því að beygja allan þjóðarbúskapinn, allt efnahagslífið undir sérhagsmuni verzlunarauðvaldsins. Innflutningur bílþúsundanna 1963 og bygging bílaumboðshallanna við Suðurlandsbraut í Reykjavík, ásamt sölu nýjustu togaranna úr landi, munu verða minnisvarði efnahagsstefnu verzlunarauðvaldsins

og forsjár þess fyrir þjóðinni. Það hefur verið ógæfa Íslands, hve sterkt einmitt þetta auðvald hefur verið hér og hvernig það hvað eftir annað hefur komið efnahagslífi Íslands í öngþveiti með yfirdrottnun sinni.

Á meðan alþýðan tekur ekki sjálf um stjórnvölinn og tekur að leiða Ísland fram til þjóðnýtingar, samvinnu og sameignar sem aðaleinkenna þjóðarbúskaparins, þ. e. fram til þjóðfélags sósialismans, þá er aðeins um tvær höfuðstefnur að ræða í íslenzku efnahagslífi:

Önnur er sú stefna verzlunarauðvaldsins, sem nú ríkir og valdið hefur því öngþveiti, er við blasir. Sé henni haldið áfram rökrétt og hún framkvæmd út í yztu æsar, verður að innlima Ísland í einhverja stóra viðskiptaheild, leyfa frjálsan innflutning erlends auðmagns og ef með þarf erlends verkafólks og láta lögmál hins óhefta peningavalds fá að ráða á öllum sviðum þjóðarbúskaparins. Af því leiddi drottnun erlendra auðhringa yfir Íslandi. Afl fossanna, hiti jarðarinnar, auður fiskimiðanna, allt yrði þetta þá gert að auðsuppsprettu fyrir nokkra fáa fjármáladrottna erlenda, er hagnýttu framleiðslutækin og vinnuaflið einvörðungu í gróðaskyni. Þessi stefna er í rökréttri framkvæmd sinni **innlimunarstefna,** er jafngildir tortímingu íslenzks sjálfstæðis. Til lítils höfum vér þá endurreist lýðveldi á Íslandi eftir 600 ára nýlendukúgun, ef land vort og þjóð á aftur að verða erlendu auðvaldi að bráð, jafnvel með þeim afleiðingum að glata þjóðerninu, sem varðveittist þó gegnum allar aldir og þrengingar fornu nýlendukúgunarinnar.

Hin stefnan er að sameina þjóðina og þá fyrst og fremst höfuðstéttir hennar í framleiðslulífinu um að reka þjóðarbúskap vor Íslendinga sem fullkomnast og viturlegast í eigin þágu. Það er íslenzk **sjálfstæðisstefna.** Öld vor er öld hinna miklu samsteypna í efnahagslífinu. Hin hraða þróun tækninnar knýr fram vaxandi stórrekstur og aukna samvinnu hinna smærri í atvinnulífinu. Vér erum allt of fámennir til þess að hafa efni á þeim allsherjar glundroða brasksins, sem nú einkennir þjóðlífið. Allir íslenzkir verkamenn eru vart fleiri en þeir verkamenn, sem starfa hjá stærsta fyrirtæki Svíþjóðar, rafmagnsfyrirtækinu ASEA. Til þess að geta haldið sjálfstæði voru í þessum frumskógi risafyrirtækjanna, sem vér verðum að berjast í, verðum vér sjálfir að vera sterkir og sameinaðir, hafa heildarstjórn á efnahagslífi voru út á við: áætlunarbúskap. En innbyrðis geta öll hin gömlu, heðbundnu form íslenzks þjóðarbúskapar þrifizt: einstaklingsrekstur, samvinnurekstur, bæjarrekstur, ríkisrekstur o. s. frv. Slíkt er ekki aðeins íslenzkri alþýðu og þjóðarheildinni fyrir beztu, heldur og þeim íslenzkum atvinnurekendum, sem undanfarið hafa látið heillast af „viðskiptafrelsinu", því að þeir eru flestir það smáir á alþjóðamælikvarða, að þeir yrðu flestir troðnir undir járnhælum erlendu auðhringanna, ef Ísland yrði þeim að bráð.

Til þess að hægt sé að framkvæma þennan takmarkaða áætlunarbúskap, sem frv. þetta leggur til, þarf í þjóðfélagi voru, eins og það er nú, gagnkvæman skilning og helzt samstarf höfuðstéttanna í framleiðslunni: **verkalýðs** á sjó og landi, **atvinnurekenda** í sjávarútvegi og iðnaði og **bænda.** Alveg sérstaklega er það nauðsynlegt, að þær höfuðvaldsstéttirnar, sem andvígastar eru og andstæðastra hagsmuna hafa að gæta, verkalýðurinn og atvinnurekendur í framleiðslunni, geti lagzt á eitt um framkvæmd slíkra áætlana fyrir þjóðarbúskapinn sem hér er gert ráð fyrir. Það hefur verið mikil ógæfa Íslendingum, að á því tveggja áratuga tímabili, sem þetta valdajafnvægi hefur raunverulega verið á milli þessara höfuðstétta, hefur auðmannastéttin hvað eftir annað undir leiðsögn óraunsærra aðila og sumpart sakir óhollra erlendra áhrifa lagt út í dýrar, en árangurslausar tilraunir til þess að koma á harðstjórn auðvalds gegn verkalýð, allt frá gerðardómslögunum illræmdu 1942 og fram til hins ljóta „gengisfellingarleiks" og kúgunarlaga hinna síðustu ára. Það er orðin mikil nauðsyn þjóð vorri, að í stað þess að gera landið að vettvangi sífelldra hjaðningavíga og ríkisvaldið að ránstæki yfirstéttar til þess að ræna almenning kaupgjaldi hans, þá sé tekið höndum saman um skipulega eflingu fram-

leiðslulífsins samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum og ríkisvaldinu beitt til þess að skipuleggja framfarirnar og raunhæfar, varanlegar lífskjarabætur almennings, sem hljóta að vera höfuðtilgangur framleiðslustarfseminnar. Frv. þetta stefnir að því, að svo megi verða.

Frv. þetta hefur, í nokkuð breyttum myndum, verið flutt á flestum þingum síðasta hálfan annan áratug. Sjálft er þetta mál miklu eldra sem baráttumál íslenzkrar verkalýðshreyfingar, og rek ég það að nokkru í fskj. I. En um nokkrar af einstökum greinum frv. skulu fylgja eftirfarandi athugasemdir og skýringar. Í fskj. II er að finna yfirlit yfir þróun kaupmáttar lægsta Dagsbrúnarkaups á síðustu tveim áratugum.

Um einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Það þykir rétt, að í ráðinu eigi sæti bæði fulltrúar stjórnmálaflokkanna og þýðingarmestu stéttarsamtakanna í framleiðslulífinu.

Um 3. gr.

Tilgangurinn með öllum áætlunarbúskap, með allri framleiðsluaukningu á auðvitað að vera sá að bæta lífskjör þjóðarinnar, létta af henni þeim mikla vinnuþrældómi, sem hún nú býr við, en tryggja hana um leið gegn vágesti atvinnuleysisins. Af því leiðir, að auðvitað verður að stjórna svo, að eigi verði verðbólga, heldur aukist í sífellu kaupgeta launa eða þau hækki (nema hvort tveggja sé) og samtímis vaxi sá þáttur tekna almennings, sem fram kemur í auknum þjóðfélagsfríðindum. Undanfarna áratugi hefur hins vegar hluti af atvinnurekendastéttinni og verðbólguflokkarnir legið á því lúalagi að svipta með síaukinni verðbólgu launþega hluta þeirra kauphækkana, er þeir áunnu sér með baráttu sinni. Þess vegna hefur kaupgeta tímakaups í 18 ár hjakkað í sama farinu og svo lækkað að lokum nú niður í það lægsta, sem hún hefur komizt. (Kaupgeta lægstu tímakaups-Dagsbrúnarmanna var 100 árið 1945 og 100 aftur nóv.—des. 1958, en er í okt. 1963 komin niður í 82 stig.) Þetta hefur yfirstéttin og flokkar hennar getað gert, af því að þeir höfðu ríkisvaldið í sínum höndum. Á sama tíma sem alþýðan varð að bæta sér upp minnkaða kaupgetu dagkaups með þrotlausum eftirvinnuþrældómi, ef hann fékkst, eða skorta ella, hefur verðbólgugróðinn safnazt fyrir í höndum sérréttindamanna til bankalána.

Það leiðir af sjálfu sér, að slík beiting ríkisvaldsins til arðráns á alþýðustéttunum verður að hætta, en í staðinn sé tekinn upp sú stefna að beita ríkisvaldinu til eflingar þjóðarframleiðslunni og til þess að tryggja það, að vaxandi afköst og auðlegð þjóðarbúsins verði launþegum og alþýðu manna til aukinnar hagsældar.

Þá skal sérstaklega undirstrika gildi síðustu málsgreinarinnar um staðsetningu atvinnutækja, byggðaþróun o. s. frv. Það er mikil nauðsyn, eigi aðeins þjóðarbúskap vorum, heldur og þjóðerni voru og þjóðarerfðum, að breytt verði um frá því, sem nú er, að láta blint lögmál peninganna ráða byggðaþróun í landinu með þeim afleiðingum, að öll aukning þjóðarinnar safnast á einn stað: Reykjavík og nágrenni og Reykjanes. Með viturlegum áætlunarbúskap getur þjóðin sjálf stjórnað þessari þróun, látið allstóra bæi rísa í hinum ýmsu fjórðungum landsins, þar sem skilyrði eru hagstæðust, með því að beina þangað fjármagni og framleiðslutækjum. Án þess að þannig sé gripið í taumana, mun sú samþjöppun þjóðarinnar á einn stað, sem einkennt hefur alla 20. öldina hér, halda áfram skefjalaust. Er það jafnt íbúum Reykjavíkur sem öðrum landsmönnum hagsmunaatriði, að höfð sé viturleg stjórn og fyrirhyggja á um þessi mál, en blint samþjöppunarlögmál peningavalds ekki látið ráða.

Um 4. gr.

Vér Íslendingar flytjum út 40% allrar framleiðslu vorrar, og mun vart nokkur önnur þjóð í heiminum eiga afkomu sína í svo ríkum mæli undir utanríkisverzlun

sem vér. Oss er því lífsnauðsyn að geta útilokað alla hættu á viðskiptakreppum og markaðsvandræðum. Það gerum vér bezt með því annars vegar að tryggja útflutning vorn sem bezt með viðskiptum við hin sósíalistisku lönd, sem gera stóra fyrirframsamninga við oss, og hins vegar með því að skipuleggja sem bezt baráttu vora fyrir mörkuðum í auðvaldslöndunum. Það sýnir sig bezt í sambandi við freðfiskútflutninginn, hvílíkt öryggi það er framleiðslunni að geta selt t. d. meiri hluta hennar til landa sósíalismans fyrir fram gegn greiðslu við afskipun og geta svo með þessa tryggingu sem bakhjarl rutt vörunni til rúms, eins og þegar hefur gerzt í Bandaríkjum Norður-Ameríku. En til þess að geta stjórnað þessum viðskiptum í heild er sú yfirstjórn á utanríkisverzluninni, sem felst í þessu frv. um áætlunarráð, einkum 4. og 8. gr., alveg óhjákvæmileg.

Um 7. gr.

Það er nauðsynlegt, að Alþingi mæli fyrir um það í lögum, hver skuli vera höfuðstefnan í aukningu framleiðslunnar. Vitað er, að langsamlega mestu vinnuafköst á Íslandi eru í sjálfum aflabrögðunum. Vér Íslendingar eigum þar heimsmet, þannig að fiskimagn vort miðað við hvern sjómann er miklu hærra en nokkurrar annarrar þjóðar, jafnvel fjórfalt og stundum allt að sjöfalt meira en þeirrar þjóðar, er næst kemur. Það leiðir af sjálfu sér, að efling sjávarútvegsins hlýtur því áfram að vera höfuðstefnan. Bendir og allt til þess, að þörfin og markaðurinn fyrir matvæli, — ekki sízt svo ágæt sem vor, — fari hraðvaxandi og sé oss því að öllu leyti hentugast að einbeita oss að matvælaframleiðslunni. En jafnframt er hin brýnasta nauðsyn að margfalda fullvinnslu hennar og gera oss vöruna þannig dýrmætari. Vér höfum að miklu leyti verið hráefnaframleiðendur. **Iðnbylting í matvælaframleiðslu vorri** á að vera höfuðverkefni fyrstu fimm ára áætlunar Íslendinga. Fiskurinn, síldin, laxinn (sem margfalda má með klaki), allt bíður þetta enn í ríkum mæli verksmiðjuiðnaðar til fullvinnslu, þ. á m. niðursuðu og niðurlagningar. Sama gildir um ýmsar landbúnaðarafurðir, þ. á m. ullina, svo sem þegar er byrjað. — Hér er því megináherzla lögð á fullvinnslu hinna innlendu afurða og aukna framleiðslu þeirra til að byrja með.

Um 8. gr.

Það leiðir af sjálfu sér, að áætlunin, sem samin er í samráði við hin ýmsu ráðuneyti, leggst fyrir ríkisstjórn á eftir til þess að fá samþykki hennar. Síðan leggur ríkisstjórn áætlanirnar fyrir Alþingi. Þegar Alþingi hefur samþykkt þær, er litið á þær sem framkvæmdastefnu ríkisins á öllum sviðum efnahagslífsins og öllum stofnunum ríkisins falið það verkefni að sjá um framkvæmd þeirra undir yfirstjórn ríkisstjórnar.

Fylgiskjal I.

Saga þessa máls, sniðin upp úr eldri greinargerð um málið.

Frumvarpið um áætlunarráð felur í sér ákvörðun um að stíga eitt spor áfram til að koma á heildarstjórn á íslenzkum þjóðarbúskap samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum. Og til þess að það skiljist til fulls, hvað við er átt með þeirri skipulagsbreytingu, er rétt að líta nokkuð aftur í tímann til þess að sjá, hvernig efnahagsmálin hafa þróazt til þessa dags, einkum að því er varðar afstöðu ríkisins til atvinnulífsins — og þá fyrst og fremst afskiptin af sjávarútvegi og gjaldeyrisverzlun.

1. Kreppa auðvaldsskipulagsins knýr fram höftin.

Afskipti ríkisins af gjaldeyris- og atvinnumálum byrja fyrir alvöru, eftir að öldur heimskreppunnar bárust til Íslands eftir 1930. Kreppan mikla leiddi í ljós, hve ófært auðvaldsskipulagið var að sjá fólkinu fyrir öruggri atvinnu og sæmilegri afkomu. Verkamenn gengu hundruðum saman atvinnulausir, bændur og útvegsmenn

fengu ekki selt afurðir sínar og söfnuðu stórskuldum, heilum atvinnustéttum lá við gjaldþroti, markaðirnir hrundu, vöruverð útflutningsvaranna féll, útflutningurinn minnkaði stórum, og gjaldeyrisvandræðin margfölduðust.

Yfirvöldin gripu til hafta, því að gjaldeyrisframleiðslan varð miklu minni en eftirspurnin, og samtímis var gripið til þess ráðs að lögskipa útflytjendum að skila ríkinu gjaldeyrinum. Samtímis gripu bankar og ríkisstjórn til þess ráðs að veita stærstu útflutningsfyrirtækjunum eins konar ríkisverndaða einokun á saltfiskútflutningnum til þess að verja þau gjaldþroti.

Þessi „þjóðnýting" gjaldeyrisins hefur staðið síðan og stendur enn þrátt fyrir talið um viðskiptafrelsi. Það var gripið til hennar og gjaldeyrishaftanna sem neyðarráðstafana af borgaralegum yfirvöldum, þegar kreppan leiddi allt gjaldþrot auðvaldsskipulagsins í ljós og hin svokallaða „frjálsa samkeppni" hafði beðið sitt endanlega skipbrot. Höftin voru neikvæð ríkisafskipti, neyðarúrræði til að bjarga að einhverju leyti úr öngþveiti og hruni samkeppniskerfis auðvaldsskipulagsins. Hins vegar hafði verzlunarauðmagnið í landinu hagsmuni af að viðhalda þessum höftum, því að í framkvæmdinni þýddu þau að „þjóðnýta" gjaldeyrinn, er tekinn var af sjávarútveginum, fyrst og fremst í þágu verzlunarauðvaldsins.

2. Alþýðan krefst heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum.

Þegar þessi haftastefna var kerfisbundin frá 1934, reyndi Alþýðuflokkurinn, sem þá var stjórnarflokkur, að hafa áhrif í þá átt að stíga sporið til heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum. Í „4 ára áætlun" hans 1934—39, stefnuskrá hans í kosningunum 1934, var höfuðtillaga hans og stefna þessi:

„Að hrundið verði þegar í stað í framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera auknum atvinnurekstri og framleiðslu *eftir nákvæmri áætlun,* er gerð sé til ákveðins tíma (4 ára) og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar með aukinni kaupgetu og neyzlu hinna vinnandi stétta og auknum markaði innanlands.

Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, *hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn,* jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi).

Smáatvinnurekstur í framleiðslu, iðnaði og verzlun, sem starfar á samkeppnisgrundvelli eða með samvinnusniði og eigendur starfa að sjálfir, skal verndaður gegn einokunarhringum og að honum hlúð, enda sé haft með honum nauðsynlegt eftirlit."

Þótt sú nefnd, er skipuð var til að gera tillögur um skipulag atvinnulífsins — „Rauðka", ynni mjög merkilegt starf um skýrslusöfnun, varð ekkert úr framkvæmd áætlunarbúskapar. Framsóknarflokkurinn mun ekki hafa haft mikinn áhuga fyrir þessu höfuðmáli Alþýðuflokksins, sem þá var.

„Þjóðnýtingin" á gjaldeyrinum, þessum afrakstri sjávarútvegsins, hefði eðlilega átt að leiða til þess, að ráðamönnum þjóðfélagsins skildist, að nú varð framtak þjóðarheildarinnar um eflingu sjávarútvegsins, útvegun nýrra skipa, að taka við af því „framtaki" útvegsmanna, er kreppan hafði drepið niður og gjaldeyrishöftin síðan lamað á sinn hátt. Slíku framtaki hins opinbera var hins vegar ekki að fagna.

Það er ekki fyrr en með „nýsköpun" atvinnulífsins 1944, að ráðamenn þjóðfélagsins sýna það í verki, að þegar þjóðfélagið sjálft tekur til sín gjaldeyrinn af sjávarútveginum, þá verður líka þjóðfélagið sjálft að hafa fyrirhyggju og framtak um eflingu sjávarútvegsins, sem allt atvinnulífið byggist á.

Með lögum um nýbyggingarráð 27. nóv. 1944 var svo ákveðið í 2. gr. laganna: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð. — Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins. — Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi. Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska."

Með þessu framtaki hins opinbera var þeim ríkisafskiptum af atvinnulífinu, sem áður voru neikvæð, beitt á jákvæðan, skapandi hátt. Það var stigið skref til þess að reyna að tryggja öllum Íslendingum vinnu við sem arðbærastan rekstur, þjóðfélagið sjálft gert ábyrgt fyrir útvegun framleiðslutækja og fyrsta spor stigið til þess að koma heildarstjórn á íslenzkan þjóðarbúskap. Og þótt þessi tilraun stæði aðeins tæp þrjú ár, tókst á þeim tíma að kaupa mestallan togaraflotann, bátana og millilandaskipin, sem enn eru aðalundirstaða íslenzks atvinnulífs. — Jafnvel eftir að nýbyggingarráð var afnumið, voru sett inn í lögin um fjárhagsráð ákvæði um, að stefnt skyldi að áætlunarbúskap á Íslandi, en þau ákvæði urðu einungis pappírsákvæði, þegar áhrif ameríkskrar auðvaldsstefnu uxu á landi voru næstu árin.

Allar tillögur Sósíalistaflokksins veturinn og vorið 1946—47 um, að undirbúa skyldi 10 ára áætlun um þróun atvinnulífsins, voru felldar. Í þeim fólst að fullkomna nýsköpun sjávarútvegs og iðnaðar á grundvelli hans á næstu 5 árum, en undirbúa samtímis fimm ára áætlun um íslenzka stóriðju, er framkvæma skyldi á síðari hluta 10 ára áætlunarinnar. Ef þessum tillögum hefði verið sinnt, hefði verið búið að vinna mikið af því verki, sem nú er óunnið. En afturhald og þröngsýni varð þá ofan á í skjóli ameríkskra auðvaldsáhrifa.

Síðan nýsköpunin var stöðvuð og hugmyndin um áætlunarbúskap á Íslandi drepin í framkvæmd, hefur þó engin árætt aftur það glapræði að ætla að sleppa að öllu leyti eftirliti og afskiptum ríkisins af gjaldeyrismálum. Í áratug var búið við það millibilsástand, að ríkið tók að vísu til sín allan gjaldeyri af sjávarútveginum og neyddist því til þess að ábyrgjast rekstur hans að meira eða minna leyti, en hins vegar hafði lengst af verið vanrækt að efla svo sjávarútveginn eins og þjóðarnauðsyn bauð. Þvert á móti var farið að gera tilraunir með að láta framboð og eftirspurn, hin blindu, „eðlilegu lögmál viðskiptalífsins", ráða, hvaða tæki Íslendingar keyptu, með þeim afleiðingum, að á 8 árum (1948—56) voru keyptir 5000 bílar, en enginn togari.

Það hefur allan þennan tíma verið höfuðkrafa verkalýðshreyfingarinnar, að atvinna væri tryggð handa öllum Íslendingum með heildarstjórn á þjóðarbúskapnum.

3. Krafan um áætlunarbúskap á tímum vinstri stjórnarinnar.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð 24. júlí 1956, var svo ákveðið í stjórnarsáttmálanum:

„Ríkisstjórnin mun láta gera heildaráætlun um framkvæmdir á næstu árum og nýmæli í því sambandi og birta hana þjóðinni."

Var í því sambandi ákveðið að kaupa 15 nýja togara. — Hvorugt var efnt. Þrátt fyrir sífellda baráttu Alþýðubandalagsins og verkalýðshreyfingarinnar fyrir þessu hvoru tveggja fékkst hvorugt framkvæmt.

25. þing Alþýðusambands Íslands samþykkti í nóvember 1956 einróma eftirfarandi ákvörðun:

„Til þess að tryggja, að fjárfestingu þjóðarinnar verði fyrst og fremst varið til þess, sem þjóðhagslega séð er nauðsynlegast, og til þess að hægt verði að bæta kjör alþýðunnar, telur þingið, að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

1. Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þannig að gerðar verði heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil.“

Vorið 1957 lagði Einar Olgeirsson til, að við endurskipulagningu bankamálanna yrði áætlunarbúskapur tekinn upp og stjórn Seðlabankans yrði um leið áætlunarráð. Því var ekki sinnt.

Vorið 1958 var því heitið í sambandi við þau lög, er þá voru samþykkt um efnahagsmál, að koma á áætlunarráði. Það heit var ekki efnt.

Vinstri stjórnin sat að völdum frá 24. júlí 1956 til 4. des. 1958. Alþýðubandalagið og verkalýðshreyfingin höfðu lagt á það áherzlu að koma upp áætlunarráði, er gerði heildaráætlun um íslenzkan þjóðarbúskap, en það fékkst ekki fram. — Nýsköpunarstjórnin hafði setið frá 21. okt. 1944 til 5. okt. 1946, en framkvæmt ákvörðunina um nýbyggingarráð mánuði eftir valdatöku sína og unnið síðan að nýsköpun atvinnulífsins þannig, að tímamótum olli í Íslandssögunni.

1958—59 stóð þjóðin enn á vegamótum í atvinnusögu sinni.

Það hafði tekizt með baráttu og verkum Alþýðubandalagsins í vinstri stjórnarsamvinnunni að afnema atvinnuleysið að mestu um land allt, eins og sakir stóðu þá. En til þess að tryggja atvinnu handa öllum Íslendingum til frambúðar og það atvinnu, sem væri sem hagnýtust fyrir þjóðfélagið, þurfti að skipuleggja fjárfestingu þjóðarinnar í framtíðinni á grundvelli ýtarlegra rannsókna.

Fjárfesting Íslendinga hefur lengst af verið eins og mest er hjá öðrum þjóðum. 1955—57 var fjárfesting t. d. 30—34% af þjóðarframleiðslunni. En hlutfallið milli fjárfestingar til neyzlu og til framleiðslu er á Íslandi að því leyti frábrugðið öllum öðrum Vestur-Evrópulöndum, að þar sem framleiðslufjárfesting t. d. í Noregi og Danmörku er 75%, en neyzlufjárfesting 25% (miðað við árin 1950—54), þá er sama hlutfall á Íslandi 44% framleiðslufjárfesting (1956) og 56% neyzlufjárfesting.

Nauðsynin á skipulagningu fjárfestingarinnar á Íslandi er því svo brýn, að meðan ekki verður orðið við þeirri kröfu, fer allur þjóðarbúskapur vor á einn eða annan hátt úr skorðum.

Það er jafnnauðsynlegt fyrir þjóðina að ákveða fyrir fram á grundvelli ýtarlegra rannsókna, hvernig hún ver þeim fjármunum, sem hún festir í framleiðslutækjum og framkvæmdum, eins og að setja sér fjárlög um ríkisbúskap sinn.

4. Sporin aftur á bak 1959 til 1963.

Þegar ekki hafði tekizt að koma á áætlunarbúskap í tíð vinstri stjórnarinnar, notuðu afturhaldsöflin sér óþolinmæði og óánægju meðal þjóðarinnar með ríkisafskipti án jákvæðrar skipulagningar og lofuðu „frelsi“ á öllum sviðum efnahagslífsins.

Reynslan af því varð sú á árunum 1959—63, að að vísu varð nokkurt frelsi um innflutning vara — í krafti útlendra lána, sem urðu þjóðinni dýr, en einokunin á útflutningnum hélzt, — „þjóðnýtingin“ á gjaldeyri útvegsins hélzt, — og harðstjórn og kúgun var tekin upp gagnvart launþegum, ríkisvaldinu beitt með tveim gengislækkunum og vægðarlausri verðbólgu til þess að ræna verkamenn og aðra launþega með þeim árangri, að kaupgeta tímakaups var í október 1963 82.5 stig (miðað við 100 árið 1945), eða hin lægsta, sem hún hefur verið í 20 ár. Á fskj. II má sjá þróun kaupmáttarins.

Slík stjórnarstefna dæmir sig sjálf, enda virðist nú svo komið, að ýmsir fyrri formælendur hennar séu að gefast upp við að reyna að stjórna sjálfstæðu Íslandi samkvæmt henni og ætli sér nú að innlima Ísland sem hrepp í hið rísandi stórveldi auðhringanna í Vestur-Evrópu.

Fylgiskjal II.

Hér birtist tafla yfir kaupmátt lægsta dagvinnukaups Dagsbrúnarmanna árin 1945—1963 og enn fremur tafla um mánaðarlegar breytingar árin 1947, 1955 og 1958—1963.

Kaupmáttur dagvinnukaups Dagsbrúnarmanna.

Að meðaltali fyrir árið:	Dagvinnukaup, taxti I. Kr. (1)	Vísitala (2)	Vísitala neyzluvöru (3)	Kaupmáttur tímakaups (4)
1945	7.04	100.0	100.0	100.0
1946	7.92	112.5	112.5	100.0
1947	8.88	126.1	122.8	102.7
1948	8.74	124.1	125.9	98.6
1949	9.17	130.3	129.0	101.0
1950	10.39	147.6	159.8	92.4
1951	12.59	178.8	211.1	84.7
1952	14.30	203.1	239.1	84.9
1953	15.26	216.8	236.8	91.6
1954	15.34	217.9	239.7	90.0
1955	17.04	242.0	250.9	96.5
1956	19.12	271.6	279.3	97.2
1957	19.67	279.4	291.6	95.8
1958	21.31	302.7	312.5	96.9
1959	22.20	315.3	314.8	100.2
1960	21.91	311.2	344.7	90.3
1961	23.02	327.0	383.0	85.4
1962				84.5

Mánaðarlegar breytingar kaupmáttar dagvinnukaups árin 1947, 1955 og 1958 til 1962.

(1945 = 100.)

Í byrjun hvers mánaðar:	1947	1955	1958	1959	1960	1961	1962	1963
Janúar	100	90	97	109	99	85	83	82.1
Febrúar	99	90	97	97	99	85	83	86
Marz	103	91	96	99	98	85	83	84
Apríl	101	92	96	99	94	85	82	–
Maí	101	102	96	100	92	84	82	–
Júní	101	101	100	100	89	85	89	–
Júlí	107	100	97	99	89	92	88	–
Ágúst	106	100	95	99	88	91	86	88.5
September	107	102	97	99	88	89	87	86.4
Október	103	97	97	99	86	84	–	82.5
Nóvember	105	96	96	99	86	83	83.6	–
Desember	104	100	104	99	85	83	83.3	–

Skýringar:

Dagvinnukaup: Miðað við lægsta Dagsbrúnartaxta. Sjúkrapeningar og orlofsfé er innifalið.

Vísitala neyzluvöru: Miðað við gömlu vísitöluna án húsnæðisliðar til marz 1959, eftir þann tíma við A-lið nýju vísitölunnar, þ. e. a. s. *án* húsnæðisliðar og *án* beinna skatta og fjölskyldubóta.

Kaupmáttur dagvinnukaups: Með því að deila vísitölu verðlags í vísitölu kaups fæst mælikvarði á kaupmátt þess.

Töflur þessar fram til marz 1963 hefur gert Torfi Ásgeirsson hagfræðingur, fulltrúi Alþýðusambands Íslands í kauplagsnefnd.

Sþ. 35. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um lagningu Vesturlandsvegar.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar ákveða vegarstæði Vesturlandsvegar frá Elliðaám og inn fyrir Kollafjörð og vinna þau undirbúningsstörf önnur, sem nauðsynleg eru, til þess að endurbygging vegarins geti hafizt á næsta sumri.

Greinargerð.

Tillögu þessa flutti ég á síðasta þingi, en hún náði þá ekki fram að ganga. Svofelld greinargerð fylgdi þá tillögunni:

Vegurinn frá Reykjavík og inn fyrir Kollafjörð er annar af tveimur fjölförnustu þjóðvegum landsins. Öll umferð frá höfuðborginni til Vestur-, Norður- og Austurlands, svo og til Þingvalla, er um þennan veg. En auk þess er nærri því allt það byggingarefni, möl og sandur, sem Reykjavík og nálæg sveitarfélög þarfnast, flutt um þennan vegarspotta. Þeir flutningar fara fram á stórum og þungum bifreiðum, svo að vegurinn þolir ekki þetta mikla álag. Þetta er viðurkennt af öllum, er til þekkja, enda er akfæri þessa vegarkafla oftast þannig, að illt er að komast leiðar sinnar eftir honum með skaplegum hætti.

Auk framanritaðs kemur fleira til, er gerir bráðnauðsynlegt, að ákvörðuninni um sjálft vegarstæðið sé ekki lengur slegið á frest.

Í Mosfellshreppi fer byggð ört vaxandi, og ef svo heldur áfram sem horfir, munu rísa þar upp allstór íbúðahverfi og iðnaðarhverfi, áður en langt um líður. En slíkt krefst skipulags í hreppnum, sem ómögulegt er að láta gera, fyrr en vitað er, hvar aðalumferðaræðin á að liggja.

Þessi vöntun á skipulagi háir nú allri uppbyggingu í Mosfellssveit til stórtjóns fyrir hreppsbúa.

Hvort sem nýr vegur verður lagður á þessari leið eða gamli vegurinn endurbyggður, með óhjákvæmilegum breytingum á nokkrum köflum, er það aðkallandi, að annað hvort verði gert strax og vegarstæðið sjálft ákveðið, svo að uppbyggingin í Mosfellssveit þurfi ekki frekar að tefjast af þeirri ástæðu.

Nd. 36. Frumvarp til laga [36. mál]

um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum aðilum en ríkinu. Dómurinn skal einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu, hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu, samkvæmt launakerfi því, er gildir frá 1. júlí 1963.

Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu, skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955 og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar.

3. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stéttarfélags verkfræðinga, sem nú eru háð.

4. gr.

Ákvarðanir gerðadóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistökudegi laga þessara.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 46 13. apríl 1963, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að algert verkfall hafi staðið yfir hjá meðlimum Stéttarfélags verkfræðinga, frá 27. júní s. l. Frá 1. júlí þ. á. hafi tekið gildi nýtt launakerfi opinberra starfsmanna samkvæmt kjaradómsúrskurði, en launakröfur Stéttarfélags verkfræðinga, sem félagið hafi haldið fast við, séu almennt verulega hærri en laun sambærilegra starfsmanna, samkvæmt kjaradómi. Þannig sé öllu samræmi launakerfis ríkisins, sem komið var á með lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 55/1962, við laun fyrir sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu, stefnt í hættu og þannig unnið gegn efnahagskerfi landsins og hagsmunum almennigs. Beri því brýna nauðsyn til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka þróun mála.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum aðilum en ríkinu. Dómurinn skal einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einhtökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu, hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu, samkvæmt launakerfi því, er gildir frá 1. júlí 1963.

Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu, skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955 og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar.

3. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stéttarfélags verkfræðinga, sem nú eru háð.

4. gr.

Ákvarðanir gerðadóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistökudegi laga þessara.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðllast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 46 13. apríl 1963, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Gjört að Bessastöðum, 17. ágúst 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

Sþ. 37. Tillaga til þingsályktunar [37. mál]

um heyverkunarmál.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Pálsson, Björn Fr. Björnsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sex manna nefnd til þess að gera tillögur um almennar ráðstafanir með lögum eða á annan hátt, er að því miði að gera heyverkun bænda sem öruggasta og ódýrasta. Nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda, tilraunastöðvar háskólans í meinafræði á Keldum, tilraunaráðs búfjárræktar, verkfæranefndar ríkisins

og raforkumálaskrifstofunnar, einn tilnefndur af hverjum aðila. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Nefndin athugi sérstaklega, hvernig auka megi súgþurrkun og votheysgerð sem allra mest, t. d. með því að hækka ríkisframlag og veita lán til þess að koma upp súgþurrkunartækjum, lofthitun í sambandi við blástur, votheysgeymslum, færiböndum og saxblásurum. Enn fremur láti hún uppi, að fengnum sérfræðilegum upplýsingum, álit sitt á möguleikum til þess að koma í veg fyrir tjón á sauðfé vegna votheysgjafar.

Nefndin ljúki störfum svo fljótt sem frekast er unnt og skili tillögum um lánveitingar til ríkisstjórnarinnar svo tímanlega, að unnt sé að taka tillit til þeirra á árinu 1964.

Kostnaður við nefndarstörf, þar á meðal við fræðilega aðstoð, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Fylgdi henni þá eftirfarandi greinargerð:

Íslendingar hafa, svo sem kunnugt er, stundað kvikfjárrækt, frá því að land byggðist. Hefur þessi atvinnuvegur byggzt á því, að heyja hefur að sumrinu verið aflað til vetrarfóðurs, og á hagnýtingu landsins til beitar fyrir búfé. Afkoma bændanna og efnahagur hefur frá fyrstu tíð farið eftir því, hvort vel heyjaðist eða illa. Ef grasspretta var góð og þannig viðraði, að hey nýttust vel, gat bóndinn horft ókvíðinn móti vetri og harðindum. Ef hins vegar voru annaðhvort grasleysisár eða óþurrkatíð um sláttinn, mátti gera ráð fyrir búsveltu og bjargarskorti fyrir heimili bóndans.

Þær eru margar til hrakfalla- og sorgarsögurnar, sem gerzt hafa í þessu landi vegna þess, að heyskapurinn brást. Fyrsta sagan af landnámi hér er um það meðal annars, að landnámsmennirnir urðu að yfirgefa þetta fagra land aftur vegna þess, að þeir höfðu ekki aflað heyja handa búfé sínu, svo að það féll af bjargarskorti. Saga landsins hefst á þessari sorglegu og dýrkeyptu reynslu hinna fyrstu landnámsmanna, og svo hefur hún endurtekið sig í fleiri eða færri skipti á æviskeiði flestra eða allra kynslóða, er landið hafa byggt síðan, og oft legið við, að þjóðin yrði af þeim sökum hungurmorða.

Nú er svo komið vegna hinnar hraðstígu tækni, að grasspretta þarf varla að bregðast. Hið mikla undraefni, tilbúni áburðurinn, sér fyrir því, ef hann er borinn á jörðina í réttum skömmtum fyrir næringarþörf jurtanna. Að vísu getur kal í túnum rýrt mjög uppskeru einstöku sinnum, en í slíkum tilfellum er sá möguleiki fyrir hendi að brjóta land til sáningar fyrir fljótsprottnar jurtir, svo sem hafra, fóðurkál eða aðrar jurtir, og bæta sér þannig upp að nokkru eða öllu það tap, sem kal í einstökum tilfellum kann að valda.

Þá er tæknin einnig komin á það stig, að oftast eða jafnvel alltaf má með aðstoð véla verka góð hey, þó að tíðarfar sé votviðrasamt. Er þar átt við súgþurrkun og votheysgerð.

Almennt kosta bændur nú eftir getu kapps um að nota tilbúna áburðinn þannig á landið, að það gefi fulla uppskeru. En því miður eru þeir margir, sem hafa ekki enn getað tryggt hjá sér góða og árvissa heyverkun. Þetta er ekki af því, að bændur vanti áhuga í þessu efni, heldur er hér um að ræða svo gífurlega kostnaðarsamar framkvæmdir, að margir hafa orðið að vera án þeirra, enda hvergi neina hjálp til slíks að fá, hvorki í formi styrkja né lána, nema ef nefna skyldi þann lítilfjörlega styrk og lán, sem fæst út á súgþurrkunarkerfi og votheysgeymslur.

Vélakaupin, súgþurrkunarblásarar og mótorar til að knýja þá og færibönd eða blásarar til þess að koma grasi í votheysgeymslur, eru svo kostnaðarsöm, að allur fjöldi bænda getur ekki ráðizt í slíkar framkvæmdir, þegar hvergi er lán að fá eða stuðning með fjárframlagi til slíkra hluta.

Með því verðlagi, sem nú er, mun kosta að koma súgþurrkun í 1000—1200 hesta hlöðu ekki minna en um 70 þúsund krónur, og er þá miðað við rafmagnsmótor og að óupphituðu lofti sé blásið.

Eins og nú háttar til orðið í sveitum landsins um vinnukraft, þá þurfa bændur að láta vélar vinna helzt öll þau störf, þar sem þeim verður við komið. Ekki munu liggja fyrir skýrslur um fjölda þeirra bænda, sem hafa súgþurrkunartæki, en samkvæmt upplýsingum frá raforkumálaskrifstofunni höfðu 464 bændur súgþurrkun frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins 1961. Hvað þeir eru margir, sem nota aðra orku til súgþurrkunar, er ekki vitað. Þó er nokkurn veginn víst, að ekki er meira en þriðjungur bænda, sem hefur súgþurrkun. Mun þetta misjafnt eftir landshlutum og byggðarlögum.

Þá mun ekki liggja fyrir örugg vitneskja um það, hve margir bændur hafa votheysgeymslur, en vitað er, að á árunum 1950—1960 hafa verið byggðir 191689 m³, og að frá 1925 til 1948 voru 778634 m³ byggðir, en fróðir menn áætla, að ⅔ þeirra bygginga séu nú úr sögunni. Það er þannig í hæsta lagi hægt að gera ráð fyrir 100 m³ votheysgeymslurúmi hjá hverjum bónda í landinu að meðaltali.

Oft heyrist rætt um það, að heyskapinn sé hægt að tryggja með því að hafa nægar geymslur fyrir vothey. Vissulega er fengin reynsla fyrir því, að þessi heyverkunaraðferð getur bjargað miklu. En til þess að hún sé möguleg í stórum stíl, þarf aukinn vélakost hjá flestum bændum. Blautt hey er þungt í meðförum, og það er illframkvæmanlegt fyrir þá, sem eru liðfáir við heyskapinn, að moka miklu magni — ef til vill mörg hundruð hestum — af blautu grasi fyrst upp á vagna og síðan af þeim aftur í votheysgeymslurnar, oftast við óhæga aðstöðu. Hér þurfa því til að koma vélar og tæki: blásarar og færibönd. En það er eins um þessi tæki og þau, sem þarf til súgþurrkunar, að þau eru dýr og flesta bændur skortir fé til að leggja í þann kostnað.

Hin erfiða vinna við votheyið bæði sumar og vetur á vissulega mikinn þátt í því, hvað þessi heyverkunaraðferð er enn tiltölulega lítið notuð, en þar kemur það einnig til, að margir bændur óttast vanhöld í sauðfé, ef vothey er gefið.

Til þess því að bændur geti aukið þessa heyverkunaraðferð, þarf meiri véltækni en nú er og bættar aðferðir við votheysverkunina, annaðhvort með efnaíblöndun í votheyið eða á annan hátt, sem tilraunir eða reynsla kunna að uppgötva, svo að ekki þurfi að óttast óhollustu af þess völdum fyrir búfé. Enn fremur kemur til greina lækning eða ónæmisaðgerðir.

Á þessari miklu vísinda- og tækniöld er það bæði skaði og skömm fyrir þjóðina, að bændur skuli ekki vegna fjárskorts geta notað þá véltækni, sem mundi gera atvinnuveg þeirra að mestu leyti áfallalausan af völdum hinna miklu og tíðu votviðra, sem úthafsloftslagið á eylandi þessu eðlilega skapar.

Með þingsályktunartillögu þessari vilja flutningsmenn leggja áherzlu á, að það verði kannað til hlítar, hvort til séu færar leiðir fyrir ríkið á einhvern hátt að hjálpa bændum til að tryggja heyverkunina. Þetta er svo stórt mál, í fyrsta lagi fyrir bændastéttina og í öðru lagi fyrir þjóðfélagið í heild, að óhjákvæmilegt er, að ríkið láti það til sín taka.

Það hefur komið fyrir hvað eftir annað, að bæta hefur þurft úr yfirvofandi neyðarástandi vegna óþurrka með skyndihjálp hins opinbera, sem — þótt góð sé — kemur aldrei að fullum notum. Það væri því hyggilegt af hálfu þjóðfélagsins að aðstoða bændastéttina við að koma í veg fyrir, að vændræðaástand skapist vegna votviðra.

Okkur flutningsmönnum finnst, að mál þetta þurfi allvíðtækrar athugunar við, svo að raunhæfar tillögur sé hægt að gera um það, hvernig málefni þetta verði farsællegast leyst. Nauðsynlegt er, að sú athugun sé gerð af þeim aðilum, sem gera má ráð fyrir að bezta og víðtækasta þekkingu hafi á þessu sviði. Stofnanir þær, sem gert er ráð fyrir að tilnefni menn í nefndina, eru allar tengdar landbúnaðinum

sérstaklega nema raforkumálaskrifstofan, en hún er sjálfsagður aðili, þar sem raforka frá orkuveitum ríkisins er og verður í vaxandi mæli notuð til að knýja vélar við landbúnaðarstörf og ekki sízt til þeirra starfa, sem hér er um rætt.

Sþ. 38. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um samningu nýrrar þjóðhagsáætlunar fyrir árin 1964—1968.

Flm.: Helgi Bergs, Einar Ágústsson, Jón Skaftason, Skúli Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu í sameinuðu þingi 5 manna nefnd til að semja nýja þjóðhagsáætlun til næstu fimm ára.

Áætlunin skal miðuð við örari hagvöxt og meiri framleiðniaukningu í atvinnuvegunum en áætlun sú, sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi í aprílmánuði 1963.

Nefndin skal í starfi sínu njóta aðstoðar Efnahagsstofnunarinnar og annarra opinberra aðila eftir þörfum. Hún skal ljúka störfum svo snemma, að hún geti lagt niðurstöður sínar fyrir Alþingi það, sem nú situr.

Greinargerð.

Samkvæmt skýrslum Efnahagsstofnunarinnar og Framkvæmdabankans, sem birtar eru með þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar, hefur þjóðarframleiðsla Íslendinga vaxið á tímabilinu 1954—1962 um að meðaltali 4.1% á ári. Vegna fólksfjölgunarinnar svarar þessi aukning þjóðarframleiðslu til um 2% aukningar á mann á ári. Þetta er minni aukning en í flestum eða öllum löndum Vestur-Evrópu. Til samanburðar má geta þess, að á tímabilinu 1955—1960 óx þjóðarframleiðsla Þýzkalands og Austurríkis um rúmlega 4% á mann á ári, í Danmörku, Frakklandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg og Noregi um 3—4%, í Hollandi og Sviþjóð um tæp 3%, en aðeins Belgía og Bretland fylla sama flokk og Ísland með rúm 2%, en einmitt þessi tvö lönd hafa átt í sérstökum erfiðleikum, m. a. vegna þess, að þau hafa áður byggt efnahagslíf sitt að nokkru leyti á nýlendum, sem nú hafa fengið sjálfstæði, en þeirra eigin lönd eru þéttbýl og auðlindir að mestu fullnýttar.

Það hefur auðveldað okkur Íslendingum að una þessari rýru framleiðsluaukningu, að viðskiptakjörin við umheiminn hafa farið verulega batnandi á þessu tímabili, svo að þjóðartekjurnar hafa vaxið meira en framleiðslan eða um 4.6%.

Í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar um tímabilið 1963—1966, sem lögð var fyrir Alþingi 16. apríl s. l., er gert ráð fyrir 4% aukningu þjóðarframleiðslu, og þar sem óvarlegt er að gera ráð fyrir síbatnandi viðskiptakjörum út á við, má ekki gera ráð fyrir, að þjóðartekjur aukist nema að sama skapi, um 4%. Þannig gerir áætlun ríkisstjórnarinnar ráð fyrir, að vöxtur þjóðarteknanna verði 13% hægari en verið hefur undanfarinn áratug.

Hér á landi gera nú fleiri og fleiri sér ljóst, að með óbreyttum þjóðartekjum getur ein stétt ekki bætt kjör sín nema á kostnað annarrar. Aðeins með því að auka framleiðslu sína og þar með þjóðartekjur getur þjóðin sem heild bætt kjör sín. Í stað kjarabaráttunnar, sem hefur eytt kröftum þjóðarinnar um of á undanförnum árum, verður hún nú að einbeita kröftum sínum fyrst og fremst að því að koma til leiðar sem örustum hagvexti hér á landi.

Á næstu árum verður væntanlega meiri fjölgun starfandi fólks í landinu en áður hefur verið. Hinir fjölmennu árgangar eftirstríðsáranna eru nú að byrja að ná fullum starfsaldri. Þessi staðreynd gerir nauðsyn aukins hagvaxtar enn ríkari, en

um leið skapar þessi auking vinnuaflsins líka skilyrði fyrir því, að hærra mark náist í þessum efnum.

Þróun framleiðslunnar og efnahagsmála yfirleitt veltur ekki nema að nokkru leyti — og eftir því sem tækninni fleygir fram að síminnkandi leyti — á náttúruöflunum og öðrum aðstæðum, sem við ráðum ekki við. Að mestu leyti er hún árgangur þeirrar efnahagsmálastefnu, sem fylgt er á hverjum tíma. Þess vegna má ekki líta á þjóðhagsáætlun eins og spádóm eða útreikning á því, hvernig málin muni þróast, eins og t. d. veðurspá, heldur verður þjóðhagsáætlun að fela í sér það markmið, sem stefnt er að, og alhliða könnun á því, hvernig öllum þáttum efnahagslífsins skuli beitt, til þess að þróunin beinist inn á þá braut, sem að markinu liggur. Á þann hátt einan verður þjóðhagsáætlun „þýðingarmikið hjálpartæki við stjórn efnahagsmála", eins og réttilega segir í áætlun ríkisstjórnarinnar að slíkar áætlanir eigi að vera.

Það er skoðun flm., að það mark, sem ríkisstjórnin setur um hagvöxt á næstu árum, sé of lágt sett og að það sé þjóðinni mikil nauðsyn, að markið verði hækkað og stjórn efnahagsmála við það miðuð, að hærra mark náist. Leiðir það beinlínis af þeim samanburði við nágrannalöndin, sem getið er hér að framan, að verði hagvöxturinn ekki aukinn verulega, hljótum við að dragast aftur úr öðrum þjóðum í stað þess að vinna á. Þess vegna er hér lagt til, að samin verði ný þjóðhagsáætlun, sem geri ráð fyrir meiri aukningu þjóðarframleiðslunnar en áætlun ríkisstjórnarinnar gerir. Þó að fráleitt sé að gera ráð fyrir minni vexti en hjá þeim þjóðum, sem lengst eru komnar á sviði atvinnuuppbyggingar, getur það að sjálfsögðu alltaf verið álitamál, hversu mikið á að gera ráð fyrir að auka hagvöxtinn, þar sem slík aukning hefur væntanlega í för með sér einhverjar fórnir fyrir þjóðina, t. d. í formi neyzlutakmörkunar. Af þessum ástæðum hafa flm. ekki talið rétt að setja inn í þessa tillögu ákveðna tölu um þann hagvöxt, sem stefnt skuli að, og er lagt á vald þeirrar nefndar, sem kjörin verður, að ákveða þetta.

Þar sem slík áætlun á að marka stefnu í efnahags- og atvinnumálum, þykir eðlilegt, að Alþingi hafi hönd í bagga um samningu hennar, og er því gert ráð fyrir, að það kjósi nefnd til þess að sjá um þetta verk. Sérfræðileg aðstoð mundi veitt nefndinni af þeim opinberu stofnunum, sem til þess hafa skilyrði, og þær mundu einnig annast nauðsynlegar skýrslugerðir o. þ. h.

Gert er ráð fyrir, að nefndin geti lokið störfum fyrir þingslit. Vonir standa til, að svo naumur tími nægi, vegna þess að mjög ýtarleg undirbúningsvinna hefur þegar verið leyst af hendi af innlendum og erlendum sérfræðingum, og má því gera ráð fyrir, að nauðsynleg gögn og skýrslur séu fyrir hendi að mestu leyti.

Þegar nefndin hefur skilað störfum og lagt áætlun sína fyrir Alþingi, mun það væntanlega taka afstöðu til hennar, og fallist það á hana, lætur það væntanlega gera framkvæmdaáætlun á grundvelli hennar og markar að öðru leyti þá efnahagsstefnu, sem fylgt skuli á umræddu 5 ára tímabili.

Ed. 39. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

8. gr. 5. töluliður orðist svo:

Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, sbr. 2. tl. og 2 mgr. 3. tl. 10. gr.

2. gr.

10. gr. 2. töluliður orðist svo:

Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%. Nú hafa innlánsvextir sparisjóðsdeildar Landsbanka Íslands, viðskiptabanka, af sparifé á almennum innlánsbókum án sérstaks uppsagnarfrests, verið hærri en 4% yfir árið á því ári, sem arður er miðaður við, og er þá heimilt að greiða arð, er sé 2% — tveimur af hundraði — hærri en innlánsvextir voru.

10. gr. 2. málsgr. 3. töluliður orðist svo:

Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunarsjóði, getur stjórn félagsins ákveðið að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að arðurinn nái því hámarki, sem leyft er samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 12/1955, um breyting á lögum nr. 43/1947.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi, en náði ekki afgreiðslu. Frumvarpið er nú endurflutt óbreytt.

Starfsemi sú, sem lög nr. 43/1947 fjalla um, var fyrst mörkuð með lögum nr. 106/1943. Í þeim lögum var hámarksarður ákveðinn 6% af innborguðu áhættufé. Í lögum nr. 43/1947 var hámarksarður ákveðinn 5%. Hámarkið var aftur fært upp í 6% með lögum nr. 12/1955.

Það var sameiginlegt með þeim þremur ákvæðum um hámarksarð, sem vísað er til hér að framan, að hámarkið var nokkuð yfir innlánsvöxtum á almennum sparisjóðsbókum án sérstaks uppsagnarfrests hjá sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands. Nú hafa vextir almennt hækkað svo, að sparisjóðsvextir hafa um skeið verið hærri en hæsti leyfilegur arður hjá Íslenzkri endurtryggingu. Þar sem áhættufjáreigendur hafa mjög takmarkaðan umráðarétt yfir áhættufénu og starfsemi félagsins, vekur það nokkra óánægju, þegar vextir eru almennt svo háir sem nú, að ekki skuli vera heimilt að greiða nema 6% arð. Breytingin miðar að því, að heimila dálítið hærri arðgreiðslu, þegar sparisjóðsvextir eru yfir 4% p. a.

Ed. 40. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á verðbréfa- og víxlakaupum banka og annarra lánastofnana, sem verðbréf kaupa.

Flm.: Gils Guðmundsson, Björn Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa fjögurra manna nefnd, eins frá hverjum þingflokki, innandeildarmanna samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka:

1. hvort brögð séu að því, að bankar og aðrar lánastofnanir hafi á undanförnum árum átt einhver þau skipti við verðbréfa- og víxlasala, sem samrýmast ekki eðlilegum viðskiptareglum;
2. hvort eðlilegum viðskiptareglum sé almennt fylgt um kaup og sölu verðbréfa;
3. hvort á kunni að skorta fullnægjandi löggjöf um verðbréfasölu og eftirlit með henni.

Nefndinni heimilast að ráða í þjónustu sína sérfróðan mann um banka- og viðskiptamál, er vinni með henni að rannsókninni.

Nefndin skal hafa það vald, sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum.

Nefndin skal að rannsókn lokinni gefa deildinni ýtarlega skýrslu um störf sín og niðurstöður.

Greinargerð.

Það er alkunna, að á verðbólgutímum, þegar eftirspurn eftir fjármagni er stórum meiri en framboðið, gefst þeim, sem ákafir eru í kapphlaupinu um skjóttekinn gróða og lítt vandir að meðulum, sérstakt tækifæri til að koma ár sinni vel fyrir borð. Við þær aðstæður er hætt við, að viðskiptasiðferði hraki og margvísleg fjármálaspilling færist í aukana. Slíkrar þróunar gætir jafnvel í þeim löndum, þar sem beitt er af opinberri hálfu hvað virkustum og áhrifaríkustum aðgerðum til að hamla gegn óeðlilegum viðskiptaháttum. Er og ekki um að villast, hverjar afleiðingarnar verða í því þjóðfélagi, þar sem eftirlitið kann að vera slappt og látið undir höfuð leggjast að rannsaka til hlítar hæpna viðskiptahætti og hvers konar misferli, sem grunur leikur á að eigi sér stað.

Að undanförnu hafa komizt á dagskrá hér á landi nokkur mál viðskiptalegs eðlis, sem gefa fullt tilefni til, að fram fari gagnger rannsókn á víxla- og verðbréfakaupum banka og annarra lánastofnana. Sum þessara mála eru að vísu þegar komin til meðferðar dómstóla. En við teljum eigi að síður nauðsynlegt, að fram fari í þessum efnum miklu víðtækari rannsókn en dómstólarnir munu telja sér skylt að framkvæma. Verður að fást úr því skorið, hvort réttar séu eða rangar þær staðhæfingar, sem fram hafa komið á opinberum vettvangi, að menn hafi getað selt fullu verði í opinberum peningastofnunum víxla og önnur verðbréf, sem þeir höfðu keypt með miklum afföllum. Hafi slík viðskipti átt sér stað, er nauðsynlegt að upplýsa, í hve stórum stíl þau hafa verið.

Sú rannsókn á verðbréfaviðskiptum, sem hér er lagt til að framkvæmd verði af nefnd, er deildin skipi samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, á samkvæmt tillögunni að beinast að þrennu. Í fyrsta lagi er nefndinni ætlað að rannsaka, hvort opinberar lánastofnanir hafi keypt af einstaklingum fullu verði víxla og verðbréf, sem þeir höfðu tekið af stór afföll. Í öðru lagi skal hún kanna eftir föngum, hvort eðlilegum viðskiptareglum sé almennt fylgt við kaup og sölu verðbréfa. Loks er henni ætlað það hlutverk að gera sér grein fyrir því, hvort á kunni að skorta fullnægjandi löggjöf um sölu verðbréfa og eftirlit með verðbréfamarkaði. Væri í því sambandi eðlilegt, að kannað yrði, hvernig aðrar þjóðir skipa þessum málum og hvað af reynslu þeirra megi læra.

Að rannsókn þessari lokinni og fenginni greinagóðri skýrslu um hana væri síðan tímabært, að Alþingi tæki til meðferðar löggjafarhlið þessara mála.

Sþ. 41. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um ráðstafanir til að tryggja, að hlunnindajarðir haldist í ábúð, og athugun á því, hvers vegna góðar bújarðir fari í eyði.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Sigurður Ágústsson, Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd og sé hún þannig skipuð, að búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri séu sjálfkjörnir, en landbúnaðarráðherra skipi þriðja nefndarmanninn án tilnefningar.

Verkefni nefndarinnar séu:

1. Að kynna sér ástæður fyrir því, að jarðir fara í eyði, og sé einkum athugað, að hve miklu leyti þær fara í eyði vegna þess, að einstakir menn kaupi þær eða sleppi ekki eignarrétti sínum af þeim vegna laxveiði eða annarra hlunninda.

2. Að safna gögnum um áhrif slíkrar þróunar á landbúnað annarra þjóða og ráðstafanir þeirra þjóða til varnar gegn henni.
3. Að semja frumvarp til laga, sem tryggi það, svo sem auðið er, að komið sé í veg fyrir slíka þróun.

Í sambandi við undirbúning að lagafrumvarpi skal nefndin athuga eftirfarandi:

1. Hvort ekki sé eðlilegt, að jarðakaupasjóður ríkisins sé skyldaður til að kaupa slíkar jarðir, ef ekki fæst kaupandi, sem tryggir það, að þær séu í ábúð, og þá sé kveðið á í lögum um þessi jarðakaup jarðakaupasjóðs.
2. Hvort ekki sé jafnframt eðlilegt, að jarðakaupasjóður selji þessar jarðir aftur, þegar ábúandi fæst.
3. Hvort ekki sé eðlilegt og réttmætt, þar til lög þau taka gildi, er hér um ræðir, að gera eigendum þeirra laxveiðijarða, sem í eyði eru og síðar verða, að greiða til sveitarsjóða viðkomandi sveitarfélaga skatt, sem svarar meðalútsvari af viðkomandi jörð síðustu þrjú árin, sem hún var í byggð, þó með þeim hlutfallslegu breytingum, sem orðið hafa á útsvari til hækkunar eða lækkunar í sveitarfélaginu á því tímabili.

Nefndin hraði störfum, svo sem auðið er, og skili áliti og lagafrumvarpi eigi síðar en á árinu 1964.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á síðari árum hafa verið mikil brögð að því, að góðar bújarðir hafi verið keyptar eingöngu vegna hlunninda, fyrst og fremst vegna laxveiði. Jarðir þessar hafa oft og tíðum lagzt í eyði vegna þessa. Þessi þróun er hættuleg og er þegar farin að segja til sín jafnvel í blómlegum sveitum. Hér verður að spyrna við fótum og leita eftir úrræði, er að gagni megi koma, til að sporna við þessari þróun. Tillaga þessi er flutt í þeim tilgangi. Henni er einnig ætlað það hlutverk að rannsaka það yfirleitt, hver er ástæðan til þess, að jarðir, sem eðlilegt er að séu í byggð, fari í eyði, og hvernig sé hægt að koma í veg fyrir það.

Ed. 42. Frumvarp til laga [42. mál]

um bústofnslánasjóð.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Hermann Jónasson, Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Helgi Bergs.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist bústofnslánasjóður. Bústofnslánasjóður veitir lán frumbýlingum og öðrum bændum til bústofnsaukningar og vélakaupa, eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

2. gr.

Stofnfé bústofnslánasjóðs er:

a. 40 milljón króna óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal sjóðnum á næstu átta árum með 5 milljón króna framlagi á ári;
b. 60 milljón króna lán, er stjórn bústofnslánasjóðs heimilast að taka, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

3. gr.

Bústofnslánasjóður veitir frumbýlingum og öðrum bændum, sem fullnægja skilyrðum 4. gr., lán til að kaupa bústofn eða búvélar.

4. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingu úr bústofnslánasjóði eru:

a. að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg;
b. að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi eigi efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum;
c. að umsækjandi sé að dómi sjóðsstjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni;
d. að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda;
e. að umsækjandi geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið lán samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lán úr bústofnslánasjóði má veita gegn eftirtöldum tryggingum:

1. gegn veði í fasteign;
2. gegn veði í vélum og verkfærum;
3. gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, frá 4. nóv. 1887;
4. gegn hreppsábyrgð;
5. gegn sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila.

Sjóðsstjórnin metur, hverja tryggingu skuli taka gilda.

6. gr.

Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

7. gr.

Vextir af lánum úr bústofnslánasjóði mega ekki vera hærri en 5%. Lánstími fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 10 ár. Það skal og áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi sjóðsstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé sjóðsstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.

Heimilt er sjóðsstjórn að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.

Gjalddagi lánanna skal vera 1. nóvember ár hvert.

8. gr.

Umsóknir um lán samkvæmt lögum þessum skulu sendar sjóðsstjórninni eða þeim, sem hún vísar til. Umsóknum skulu fylgja þau gögn, er sjóðsstjórnin ákveður.

9. gr.

Stjórn bústofnslánasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 stjórnarmanna kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu, en sá fimmti, sem er formaður stjórnarinnar, skal skipaður af landbúnaðarráðherra samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

10. gr.

Bústofnslánasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum úr sjóðnum eru undanþegin stimpilgjaldi.

11. gr.

Bústofnslánasjóður skal vera í vörzlum Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarbankinn hefur á hendi reikningshald fyrir sjóðinn, annast afgreiðslu lána, innheimtur á þeim sem og önnur nauðsynleg skrifstofustörf í því sambandi gegn þóknun, er ráðherra ákveður.

12. gr.

Árlega skal semja reikning bústofnslánasjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðendum Búnaðarbankans.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

13. gr.

Kostnað af framkvæmd laga þessara, þar með talin þóknun til stjórnarnefndarmanna, greiðir ríkissjóður.

14. gr.

Í reglugerð fyrir bústofnslánasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja og eigi fara í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Fylgdi þá frumvarpinu svo hljóðandi greinargerð:

„Á tveim undanförnum þingum hafa framsóknarmenn flutt frumvarp um stofnun sérstaks bústofnslánasjóðs, er ætlað hefur verið það hlutverk að veita frumbýlingum og efnalitlum bændum hagstæð lán eða stuðning til bústofnsaukningar og vélakaupa eða til greiðslu þungbærra lausaskulda, sem efnahag þeirra eru ofviða og standa í vegi fyrir því, að búrekstur þeirra komist á heilbrigðan grundvöll. Frumvörp þessi hafa í bæði skiptin verið svæfð í nefnd.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gengur í svipaða átt og hin fyrri frumvörp. Þar sem síðasta Alþingi afgreiddi sérstök lög um lausaskuldalán bænda og sú löggjöf er nú komin til framkvæmda, er þó hér eigi gert ráð fyrir, að bústofnslánasjóður veiti lán til greiðslu lausaskulda. Samkvæmt hinum fyrri frumvörpum var í undantekningartilfellum gert ráð fyrir styrk til bústofnsaukningar auk hagstæðra lána. Hér er hins vegar aðeins gert ráð fyrir lánveitingum úr bústofnslánasjóði.

Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að settur sé á stofn sérstakur lánasjóður — bústofnslánasjóður — í vörzlu Búnaðarbankans, en undir sérstakri stjórn, er hafi það hlutverk að veita frumbýlingum og efnalitlum bændum hagstæð lán til bústofns- og vélakaupa. Vextir af lánum þessum skulu eigi vera hærri en 5%. Heimilt er að veita bústofnslán gegn öðrum tryggingum en þeim, sem nú er krafizt, þegar um er að ræða stofnlán til landbúnaðar. Hins vegar er gert ráð fyrir tiltölulega stuttum lánstíma.

Stofnfé bústofnslánasjóðs er ákveðið 100 millj kr., þar af 40 millj. kr. óendurkræft framlag ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir, að hinn hluti stofnfjárins sé tekinn að láni með ríkisábyrgð.

Fimm manna nefnd á að hafa á hendi stjórn sjóðsins og ákvörðunarvald um lánveitingar. Skulu fjórir nefndarmanna kjörnir af sameinuðu Alþingi með hlutfalls-

kosningu, en hinn fimmti, sem jafnframt er formaður, skal skipaður samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Til rökstuðnings þessu frumvarpi má að mestu vísa til þeirra greinargerða, sem fylgt hafa fyrri frumvörpum um sama efni. Til viðbótar skal þó þetta fram tekið:

Það er mikil og augljós þörf á sérstökum lánum til bústofnsaukningar og vélakaupa. Sú þörf er auðvitað sérstaklega brýn hjá frumbýlingum. En mörgum eldri bændum er einnig bráðnauðsynlegt að auka bústofn sinn, til þess að þeir geti komizt sæmilega af og staðið straum af þeim margvíslegu framkvæmdum, sem þeir hafa lagt í á jörðum sínum, en með jarðræktarframkvæmdum og aukinni vélanotkun hafa einmitt skapazt skilyrði fyrir að framfleyta stærra búi á hverri jörð. Um búvélarnar er svipaða sögu að segja. Flestir, sem nokkuð þekkja til, munu sammála um, að búskapur verði ekki stundaður með neinum verulegum árangri nú á dögum nema með nauðsynlegum búvélum. Aðstaða þeirra bænda, sem ekki hafa nauðsynleg tæki og vélar, má heita vonlaus. Auknar jarðræktarframkvæmdir kalla á aukna vélanotkun, og séu búin stækkuð, er margvísleg vélanotkun óhjákvæmileg, sérstaklega þegar um einyrkja er að ræða.

En bústofn og búvélar kosta mikið fé. Frumbýlingar og efnalitlir bændur hafa alls ekki það fé handa á milli, sem til þess þarf að festa kaup á bústofni eða hæfilegum búvélum, allra sízt eftir þá stórkostlegu dýrtíðaraukningu, sem átt hefur sér stað að undanförnu. Búvélarnar hafa t. d. stórhækkað í verði beinlínis vegna efnahagsaðgerða þess opinbera. Erfiðleikar frumbýlinga eru að sjálfsögðu sérstaklega augljósir. Kostnaður við bústofnun í sveit er mjög mikill og hefur einmitt stóraukizt á undanförnum þrem til fjórum árum, m. a. vegna gífurlegra verðhækkana og vaxtaokurs. Þeir munu því vera fáir frumbýlingarnir, sem hafa, eins og nú háttar til, ráð á nægilegu fjármagni til að festa kaup á jörð, nauðsynlegum áhöldum og vélum og hæfilegum bústofni.

Það er engum efa undirorpið, að það mundi verða mörgum frumbýlingum mikil lyftistöng, ef þeir ættu kost á föstum og hagstæðum lánum til bústofnsaukningar og vélakaupa. Slík frumbýlingslán gætu óefað stuðlað að því, að fleiri hjón en ella reistu bú í sveit. En slíkra lána hefur ekki verið kostur til þessa. Verði þetta frumvarp að lögum, verður mikil og nauðsynleg breyting í þeim efnum.

Í lögum nr. 75/1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins, er samþykkt voru á síðasta Alþingi, er að vísu heimild til lánveitinga til bústofnsaukningar og búvélakaupa, en slík heimildarákvæði eru auðvitað lítilsvirði, séu þau ekki notuð. Það má með sönnu segja, að ekki sé enn full reynd komin á um beitingu þessara laga, þar sem svo skammt er umliðið, frá því að þau voru sett. Þess er þó að gæta, að lögin eru að stofni til eldri, þar sem þau byggja á eldri lögum, þ. e. a. s. á l. nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, en í þeim lögum var ræktunarsjóði heimilað að veita lán til bústofnsauka. Sú heimild var hins vegar aldrei notuð, sem tæplega var heldur við að búast, þar sem ræktunarsjóðurinn átti jafnan fullt í fangi með að sinna þeim verkefnum, sem honum voru fyrst og fremst ætluð. Það er hætt við, að framkvæmdin verði að þessu leyti hin sama eftir hinum nýju lögum. Enn sem komið er bendir a. m. k. ekkert til þess, að heimildin til bústofnslána verði notuð. Hins vegar munu nú hafnar nokkrar lánveitingar úr stofnlánadeildinni til búvélakaupa, og er það góðra gjalda vert, svo langt sem það nær. En þær lánveitingar eru á engan hátt fullnægjandi, þar sem ekki mun lánað nema 30% af andvirði tiltekinna búvéla. Sérstaklega eru auðvitað slíkar lánveitingar ónógar flestum frumbýlingum. Í mörgum tilfellum er mönnum því nauðsynlegt að fá viðbótarlán. Það er því eftir sem áður full þörf á, að bústofnslánasjóður hafi heimild til að lána til vélakaupa.

Þörfin á sérstökum bústofnslánasjóði, er sinni þeim hlutverkum, sem honum eru ætluð í frumvarpi þessu, er því sú hin sama og áður, þrátt fyrir hin nýju stofn-

lánadeildarlög. Sú þörf er brýn, og má ekki dragast öllu lengur að koma slíkri lánastofnun á fót.

Einstakar frumvarpsgreinar þurfa ekki skýringar við.“

Nd. 43. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Í stað orðsins „þremur“ í 4. gr. laganna komi: fimm.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Hlutabréf annarra hluthafa, er hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f, er ríkissjóði skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum sparisjóðsvöxtum af upphæðinni, frá því þau voru keypt. Þó skal ríkisstjórninni heimilt að greiða hærra verð, ef hluthafar krefjast þess, enda hafi þá sérstök þingnefnd, skipuð einum manni frá hverjum þingflokki, rannsakað allt, sem varðar tæknilegt gildi og efnahagslegan rekstur verksmiðjunnar, jafnvel frá upphafi, ef þurfa þykir, og síðan samþykkt að greiða hærra en nafnverð mótatkvæðalaust.

Umboð núverandi stjórnar áburðarverksmiðjunnar fellur niður, enda sé kosin ný verksmiðjustjórn samkvæmt 4. gr. laganna á yfirstandandi þingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umræður um áburðarvinnslu á Íslandi hófust fyrst fyrir alvöru árin 1934—1937, þegar skipulagsnefnd atvinnumála var að störfum. Lét hún gera allmiklar rannsóknir á möguleikum til framleiðslu tilbúins áburðar hér á landi.

Stjórnarfrumvarp um byggingu lítillar verksmiðju til framleiðslu köfnunarefnis var flutt á Alþingi 1944. Var frumvarpinu vísað til nýbyggingarráðs og því falið málið til frekari rannsókna. Á grundvelli rannsókna þeirra, er það lét gera, var aftur flutt stjórnarfrumvarp um byggingu áburðarverksmiðju á þinginu 1947, sem ekki náði þó afgreiðslu. Haustið 1948 var þetta frumvarp aftur flutt á Alþingi nokkuð breytt og verður að lögum vorið 1949.

Í öllum þeim miklu umræðum og athugunum, sem fram höfðu farið í sambandi við alla meðferð málsins í hálfan annan áratug, hafði enginn maður svo mikið sem imprað á því, að nokkur annar en ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki, enda lá það ljóst fyrir öllum, að fjármagn til byggingar þess yrði ríkið að útvega annaðhvort með framlögum eða lánum. Það var fyrst á síðustu stigum málsins í önnum síðustu þingdaga vorið 1949, að flutt var í efri deild breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi vera rekin sem hlutafélag. Var breytingartillaga þessi samþykkt sem 13. gr. frumvarpsins.

Eins og lögin líta út núna, er svo ákveðið í 3. gr., að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. En í 13. gr. er ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., skuli ríkissjóður leggja fram það, sem

á vantar, til þess að hlutafé nemi 10 millj., og skuli þá verksmiðjan rekin sem hlutafélag.

Þannig standa ákvæði laganna, þar sem þessu síðara ákvæði hefur verið fylgt. Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, en rekin sem hlutafélag.

Nú veit það hver maður, sem eitthvað þekkir inn í venjulegan hlutafélagarekstur, að hluthafi er eigandi að jafnstórum hlut í viðkomandi hlutafélagi og hlutabréfaeign hans segir til um. Það virðist einnig sýnilegt, að þá reglu eigi að nota til þess að koma eignarrétti yfir áburðarverksmiðjunni í hendur þessa hlutafélags, þótt 3. gr. laganna kveði skýrt á um, að hún eigi að vera sjálfseignarstofnun.

Á næstu árum eftir samþykkt frv. í þessari mynd gerðust svo þau tíðindi, að tveir forustumenn Framsóknarflokksins, þeir Hermann Jónasson, er þá var um nokkurt skeið landbúnaðarráðherra, og Eysteinn Jónsson, er löngum var fjármálaráðherra, tóku að lýsa yfir því úr ráðherrastóli á Alþingi, að verksmiðjan væri eign hlutafélagsins, þótt skýrum orðum stæði í lögunum, að hún væri sjálfseignarstofnun. Var þessum yfirlýsingum strax harðlega mótmælt og átalið, að ráðherrar væru að reyna að breyta skýrum lagaákvæðum með yfirlýsingum á Alþingi, er bakað gætu ríkinu stórtjón.

Áburðarverksmiðjan mun hafa kostað um 130 millj. kr. Þar af nemur hlutafé 10 millj., og skulu aðrir hluthafar en ríkið eiga $^2/_5$ hluta þess, eða 4 millj. kr. Allt hitt fjármagnið verður ríkið að leggja fram sem hlutafé eða lán. Þessi lán, sem samkvæmt þessu mundu nema um 120 millj., eiga að greiðast af notendum áburðarins í áburðarverðinu. Það liggja einnig fyrir ráðherrayfirlýsingar um það. Fjármagn þetta, sem að nokkru leyti er fé mótvirðissjóðs, er ríkið lánar verksmiðjunni, eða lán, sem ríkið tekur erlendis og endurlánar fyrirtækinu, á að greiðast á 20 árum með 5—6% vöxtum.

Óhætt mun að fullyrða, að áburðarverksmiðjan sé nú um 350 milljón króna virði. Þeir menn, sem halda því fram, að einkahluthafar, sem á sínum tíma lögðu fram 4 millj. kr. í hlutafé, eigi verksmiðjuna, eru í huga sínum að gefa þessum einkahluthöfum 140 milljóna króna eign, þegar afskriftum er lokið.

Áburðarverksmiðjan er reikningslega gott fyrirtæki. Hreinar tekjur verksmiðjunnar 1961 eru, ef farið er að lagafyrirmælum, um 12 milljónir króna.

Það má því ekki seinna vera en nú, að Alþingi taki af öll tvímæli um, að ríkið eigi þessa miklu verksmiðju að fullu. Meðan núverandi 13. gr. er látin haldast, vofir meira að segja alltaf yfir sú hætta, að allri verksmiðjunni sé stolið úr eign ríkisins með því að selja einstökum einkahluthöfum einnig hlutabréf ríkisins. Má í því sambandi minna á þá yfirlýsingu, er núverandi bankastjóri Framkvæmdabankans gaf á fundi fjárhagsnefndar efri deildar á þingi 1952, að tilætlunin væri að selja hlutabréf ríkisins í áburðarverksmiðjunni síðar meir.

Ég dreg mjög í efa, að allir þeir þingmenn, er léðu breytingartillögu þeirri, er varð 13. gr., fylgi sitt á síðustu stigum málsins vorið 1949, hafi þá ætlazt til þess, að breytingin yrði notuð til þess að afhenda verksmiðjuna einkaaðilum til eignar að einhverju eða jafnvel öllu leyti. Miklu fremur er líklegt, að þeir hafi litið svo á, að ummæli 3. gr. um, að verksmiðjan væri sjálfseignarstofnun, yrðu hin raunverulega gildandi ákvæði um eignarrétt hennar.

Það er ekki fyrr en nokkru eftir að lögin voru samþykkt, að ráðherrar fara að lýsa yfir þeim skilningi, að verksmiðjan sé eign hlutafélagsins, þvert ofan í skýlaus ákvæði 3. gr.

Það er því sjálfsagt, að Alþingi breyti þessum lögum í það horf, sem ætíð var fyrirhugað þangað til á allra síðustu stundu málsins í þinginu, felli burt 13. gr. þeirra og sýni þar með ákveðið þann vilja, að þetta fyrirtæki eigi ekki að komast í eign einkaaðila.

Ég hef áður flutt frv. um þetta mál og flyt það nú í nokkuð nýrri mynd, og skulu ástæður til þess skýrðar nánar í framsögu.

Ed. 44. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. okt. 1963.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Helgi Bergs. Karl Kristjánsson. Magnús Jónsson.

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um nýja héraðsskóla o. fl.

Flm.: Ingvar Gíslason, Páll Þorsteinsson, Björn Fr. Björnsson, Halldór E. Sigurðsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd, er kanni aðstæður unglinga í sveitum og þorpum til gagnfræða- eða miðskólanáms og einkum hver þörf einstakra sýslna eða landshluta er fyrir nýja eða stærri héraðsskóla eða aðra gagnfræðaskóla.

Jafnframt skal nefndin athuga þörf dreifbýlisins fyrir heimavistarbarnaskóla eða heimangönguskóla eftir staðháttum og einnig með hverju móti megi tryggja á viðunandi hátt, að börn og unglingar í dreifbýli fái stundað skólanám til 15 ára aldurs.

Greinargerð.

Hlutverk umræddrar milliþinganefndar yrði aðallega:

a) að kanna þörfina fyrir nýja héraðsskóla eða aðra gagnfræðaskóla í sveitum og þorpum;
b) að athuga þörf dreifbýlisins fyrir nýja barnaskóla;
c) að athuga, hvernig hægt sé að tryggja, að börn og unglingar í sveitum fái stundað skólanám til 15 ára aldurs.

Svo sem alkunna er, hafa starfandi héraðsskólar í landinu, 8 að tölu, verið *meira en fullsetnir mörg undanfarin ár og hvergi nærri getað fullnægt umsóknum* um skólavist. Liggja upplýsingar fyrir um það, að hundruðum unglinga hefur verið vísað frá héraðsskólunum á ári hverju. Að vísu mun nokkur hluti umsækjenda um vist í héraðsskólum vera úr kaupstöðum, þar sem gagnfræða- eða miðskólar eru starfandi, en flestir eru þó úr sveitum eða þorpum, þar sem litlir eða alls engir möguleikar eru til framhaldsnáms. Nú ber að sjálfsögðu fyrst og fremst að miða fjölgun héraðsskóla við þarfir unglinga í sveitum og þorpum, en eigi ætti það að draga úr nauðsyn héraðsskólafjölgunar, ef svo er sem virðist, að margir kaupstaðaunglingar sækist fremur eftir vist í héraðsskólum en í gagnfræðaskólum síns heimakaupstaðar. Er full ástæða til að halda því fram, að fjölgun héraðsskóla ætti á næstu árum að sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum gagnfræðaskólabyggingum, og mundi því væntanlega ekki aðeins verða fagnað í sveitum og sjávarþorpum víðast hvar um landið, heldur er næsta líklegt, að það yrði fagnaðarefni mörgum kaupstaðarbúum.

Á það er vert að benda, að stöðvun er nú fyrir löngu komin í stofnun nýrra héraðsskóla og því eðlilegt, að skortur þeirra sé farinn að segja alvarlega til sín. Úrbætur í þessu máli hljóta fyrst og fremst að felast í því að fjölga héraðsskólum frá því, sem nú er. Flutningsmenn brestur gögn til þess að segja nákvæmlega fyrir um það á þessu stigi, hve margra nýrra héraðsskóla sé þörf, enda yrði hlutverk umræddrar milliþinganefndar að kanna það. Hins vegar má gera ráð fyrir, að nauðsynlegt sé að bæta við allmörgum nýjum skólum, ef vel á að vera. Núverandi ástand í framhaldsskólamálum dreifbýlisins er óviðunandi, vegna þess að engan veginn er hægt að tryggja áhugasömum nemendum eðlilega framhaldsmenntun. Er það tvímælalaust skylda þjóðfélagsheildarinnar að bæta úr þeim skorti og sjá til þess, að aðstaða unglinga til almennrar menntunar — bæði skyldunáms og framhaldsmenntunar — sé sambærileg, hvort sem þeir eiga heima í sveit eða kaupstað. Að áliti flutningsmanna vantar mikið á, að námsaðstaða sé jöfn í sveitum og bæjum, og sá ójöfnuður mun vaxa enn meira, ef ekki verður skjótlega úr bætt með viðunandi ráðstöfunum.

Af eðlilegum ástæðum er framkvæmd fræðslu- eða skólaskyldu barna með nokkuð ólíkum hætti eftir því, hvort um er að ræða dreifbýli eða þéttbýli, enda þótt fræðslulögin geri í sjálfu sér ráð fyrir því, að dreifbýlisbörn njóti sömu fræðslu og börn í þéttbýli. Staðhættir eru þó svo ólíkir, að skólafyrirkomulagi bæjanna sem slíku verður tæpast við komið í sveitum að öllu leyti. Í þéttbýlinu, a. m. k. í öllum kaupstöðum og stærri kauptúnum, annast fastir skólar alla barnafræðslu frá 7 ára aldri, og þar ljúka börn barnaprófi, svo sem fræðslulög mæla fyrir um, 13 ára gömul, en síðan er þeim skylt að sækja unglingaskóla næstu tvo vetur, og að því búnu ljúka þau unglingaprófi, þá 15 ára, og er þar með lokið skyldunámi, nema annað hafi sérstaklega verið ákveðið af viðkomandi bæjar- eða hreppsfélagi.

Í dreifbýlinu er fræðslu- og skólamálum yfirleitt ekki skipað með þessum hætti í reynd, og á það sér stoð í undanþáguákvæði í lögum um fræðslu barna, þar sem segir, að ef skólanefnd í skólahverfi í sveit sæki um, að skólaskylda hefjist ekki í skólahverfi hennar fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur, þá geti fræðsluráð veitt undanþágu að fengnum meðmælum námsstjóra. Þar sem þessi ráðstöfun hefur verið gerð, skulu heimilin annast fræðslu frá 7 ára aldri barnanna, unz skólaskylda hefst í hverfinu, en hlíta um hana eftirliti kennara skólahverfisins. Samkvæmt þessu hefja sveitabörn víða ekki skólagöngu fyrr en 10 ára, en njóta kennslu á heimilum frá 7 ára aldri undir eftirliti kennara skólahverfisins. Við þetta er því að bæta, að víðast mun skylduskólagöngu sveitabarna ljúka, þegar þau eru 14 ára, og taka þau þá svokallað fullnaðarpróf. Af þessu sést, að skólaganga sveitabarna er víðast hvar miklu styttri en í kaupstöðum og að skólanámi lýkur við lægri aldur, þ. e. 14 ár í stað 15, sem er almennast í þéttbýlinu og fræðslulögin gera enda ráð fyrir sem aðalreglu.

Flutningsmenn þessarar tillögu gera ekki ráð fyrir, að í náinni framtíð verði hægt að koma á sama skólaskipulagi í sveitum og bæjum í einu og öllu, en hitt telja þeir nauðsynlegt, að könnuð sé þörf dreifbýlisins fyrir nýja og fullkomnari barnaskóla, og mundu þar bæði koma til greina heimavistarskólar og heimangönguskólar eftir staðháttum. Sums staðar á landinu hafa tveir eða fleiri hreppar sameinazt um einn heimavistarbarnaskóla, og telja margir, að rétt sé að hverfa að slíku fyrirkomulagi víðar en orðið er. Mundi það verða annað höfuðatriðið í starfi umræddrar milliþinganefndar að kanna þörf dreifbýlisins fyrir slíka skóla eða heimangönguskóla, ef staðhættir og aðrar ástæður leyfðu.

En jafnframt slíkri könnun er nauðsynlegt að athuga möguleika á því að halda uppi unglingafræðslu í sambandi við barnaskóla sveitanna (eða á annan hátt), þannig að börnin í dreifbýlinu eigi þess kost að stunda skólanám (skyldunám skv. lögum) til 15 ára aldurs, helzt heima í sínu skólahverfi, hvort sem það nú væri einn hreppur eða fleiri saman. Ef slíkt fyrirkomulag kæmist á, mundu börnin og

unglingarnir geta lokið skólaskyldu sinni í barna- og unglingaskóla sinnar sveitar eða skólahverfis og þyrftu þá almennt ekki að vera nema eitt ár í héraðsskóla til þess að ljúka miðskólanámi, þ. e. hinu svokallaða „landsprófi“, sem veitir rétt til frekara framhaldsnáms, m. a. í menntaskóla og kennaraskóla.

Sþ. 46. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um undirbúning geðveikralaga.

Flm.: Alfreð Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til þess að undirbúa frumvarp til geðveikralaga og að láta leggja slíkt frumvarp fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Tillögur sama efnis og sú, er hér liggur fyrir, voru fluttar á tveimur síðustu þingum, en náðu ekki fullnaðarafgreiðslu. Þeim fylgdi svofelld greinargerð:

Sérstök geðveikralög hafa um langt skeið verið til í flestum, ef ekki öllum menningarlöndum heims, nema á Íslandi. Í Noregi hafa slíkt lög verið í gildi allar götur síðan 1848, en skemur annars staðar á Norðurlöndum. Virðast flestar þjóðir láta sér annt um þessa löggjöf og vilja til hennar vanda. Það má marka m. a. á því, að víða hefur á seinustu árum verið lögð mikil vinna í að endurskoða hana og færa í það horf, sem hæfir síðari tíma þróun í félags- og heilbrigðismálum. Standa Norðurlöndin hér framarlega, eins og í menningarmálum yfirleitt. Þannig hefur þessi löggjöf nýlega hlotið endurskoðun frá grunni bæði í Noregi og í Svíþjóð. Í Bretlandi voru sams konar lög síðast endurskoðuð árið 1959.

Árið 1905 voru sett lög um stofnun geðveikrahælis hér á landi. Þau voru afnumin 1932, og segir svo í lögum um afnámið: „Þangað til sett verða sérstök geðveikralög, skal daggjald á hvorri deild“ o. s. frv. Af þessum orðum má ráða, að fyrir 30 árum hafi setning sérstakra geðveikralaga verið talin sjálfsögð, þótt þá hafi ekki bráður bugur verið undinn að henni. Síðan hefur þörfin á þeirri lagasetningu ekki verið í hámæli höfð, svo að mér sé kunnugt.

Þótt hér hafi ekki verið komið á neinni heildarlöggjöf um geðveikramál, hafa þó lög verið sett um nokkra þætti þeirra. Lög um fávitahæli hafa verið í gildi síðan 1936 og lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra síðan 1949. Í lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla eru ákvæði um styrkveitingar til geðsjúklinga, og eru fávitar þar með taldir. Auk þess er í ýmsum lögum að finna ákvæði varðandi geðveikt fólk, og má þar nefna lög um lögræði, lög um stofnun og slit hjúskapar og refsilög.

Geðveikralög eru misjafnlega víðtæk í hinum ýmsu löndum, en sameiginleg þeim öllum eru ákvæði varðandi sjúklinga, sem geðveikir eru í þröngri merkingu þess orðs. Koma þar fyrst og fremst til greina reglur og fyrirmæli um vistun þessara sjúklinga í sjúkrahúsum og hælum og brottskráningu þaðan, um skyldur venzlamanna og yfirvalda gagnvart sjúklingum, um rannsóknir á geðheilsu manna o. fl. Yfirleitt er í þessum lögum safnað saman ákvæðum, er varða skerðingu persónufrelsis sökum geðveiki.

Slík geðveikralög vantar tilfinnanlega hér, og mun sá skortur einatt valda sjúklingum tjóni og venzlafólki þeirra og læknum ýmiss konar vandræðum. Hér þarf að setja fastari reglur að fara eftir en verið hafa til þessa og hafa þá að sjálfsögðu til fyrirmyndar það, sem bezt þekkist erlendis á þessu sviði og okkur hentar. Á síðari árum hafa nokkrum sinnum risið málaferli, sem eiga rót sína að

rekja til vantandi eða ófullnægjandi lagafyrirmæla um þessi efni. Hafa þau málaferli þegar bakað ríkissjóði nokkur útgjöld auk þeirra óþæginda, sem þau valda aðilum. Má gera ráð fyrir, að slíkum málaferlum fari frekar fjölgandi en fækkandi, ef ekkert verður að gert. Aðalatriðið er þó hitt, að sem tryggilegast sé í lögum kveðið á um allt, er varðar réttindaskerðingu þeirra, sem geðveikir teljast.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, er gilda um endurkaup framleiðslu-víxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Greinargerð.

Í marzmánuði 1958 flutti Sveinn Guðmundsson forstjóri, sem þá átti sæti á Alþingi sem varaþingmaður, svo hljóðandi tillögu í sameinuðu þingi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, sem nú gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.“

Í greinargerð, sem fylgdi tillögu Sveins, var hún ýtarlega rökstudd. Greinargerðinni lauk með þessum orðum:

„Iðnaðurinn er nú orðinn einn af þremur aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, og er eðlilegt, að hann sitji við sama borð sem landbúnaður og sjávarútvegur í þessu efni, enda fullvíst, að hann verði þjóðinni giftudrjúgur til bættrar lífsafkomu.“

Tillögu Sveins var að lokinni umræðu vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings, og gerði hún nokkrar breytingar á orðalagi tillögunnar, en ekki efni, og var hún þannig breytt afgreidd samhljóða sem ályktun Alþingis 3. júní 1958.

Þótt liðin séu nú meira en fimm ár, síðan þessi tillaga var samþykkt á Alþingi, hefur enn ekki verið gert neitt raunhæft til þess að framfylgja henni. Á þessum tíma hefur það hins vegar gerzt, að núverandi ríkisstjórn hefur tvívegis stórlækkað gengi íslenzkrar krónu og það aukið mjög rekstrarfjárþörf iðnaðarins. Því er enn meiri þörf fyrir það nú en fyrir fimm árum, að ráðstafanir séu gerðar til, að iðnaðurinn njóti jafnræðis við aðra atvinnuvegi að því er snertir endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum.

Iðnaðurinn er nú óumdeilanlega einn af þremur aðalatvinnuvegum landsmanna við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar. Þetta er nú líka almennt viðurkennt í orði, en enn skortir mikið á, að það sé gert í verki. Úr því misrétti verður að bæta og tryggja iðnaðinum fullkomlega jafnræði við aðra aðalatvinnuvegi landsins.

Í samræmi við þetta sjónarmið höfum við talið rétt að leggja fyrir Alþingi áðurnefnda tillögu Sveins Guðmundssonar, eins og hún var upphaflega orðuð af honum, og væntum þess, að hún njóti ekki minni stuðnings á Alþingi en fyrir fimm árum. Reynslan hefur sýnt, að ekki mun af veita, að Alþingi endurnýi viljayfirlýsingu sína í þessum efnum.

Sþ. 48. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um, að ríkisbankarnir sjái landbúnaðinum fyrir nauðsynlegum afurða- og rekstrarlánum.

Flm: Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason, Björn Fr. Björnsson, Ólafur Jóhannesson, Jón Skaftason, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að ríkisbankarnir láti landbúnaðinum í té nauðsynleg lán móts við aðra atvinnuvegi þjóðarinnar, m. a. með því að kaupa afurðalánavíxla vegna landbúnaðarafurða frá þeim fyrirtækjum, sem annast sölu þessara afurða, að því marki, að þessi fyrirtæki geti greitt bændum þegar við móttöku afurðanna það verð, sem gert er ráð fyrir í verðlagsgrundvelli á hverjum tíma.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu, enda var þinginu slitið stuttu eftir að hún var lögð fram. Eftirfarandi greinargerð, sem fylgdi tillögunni í fyrra, er óbreytt að öðru leyti en því, að tölur úr verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara eru úr núgildandi verðlagsgrundvelli.

Allar launþegastéttir í landinu munu fá kaup sitt greitt annaðhvort vikulega eða mánaðarlega. Það er samningsatriði við atvinnurekendur á hverjum stað, að þeir standi í skilum með kaupið á vissum útborgunardögum. Það er mjög eðlilegt, að hver maður verði að fá vinnu sína greidda svo að segja jafnharðan, svo að hann geti keypt lífsnauðsynjar sínar og staðið í skilum með opinber gjöld. Engum mun detta í hug, að þetta geti öðruvísi verið. Lánastofnanir munu því yfirleitt hjálpa þeim atvinnurekendum með lánum, er þeir þurfa, svo að þeir geti staðið í skilum við starfsfólk sitt á umsömdum útborgunardögum.

Bændur landsins hafa fyrir löngu verið viðurkenndir eins konar launþegar, þar sem lög gilda um afurðaverð þeirra og um kaup þeim til handa með þeim fyrirmælum, að það skuli vera í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Afurðaverðið er ákveðið samkvæmt áætlun um, hvað mikið þurfi til að borga rekstrarkostnað við meðalbúið, og er vinna bóndans ákveðinn hluti þar af. Til þess að geta rekið búið þarf bóndinn allmikið fjármagn. Hann þarf t. d. samkvæmt núgildandi verðgrundvelli að kaupa áburð og fóðurbæti fyrir um 40 þús. kr. Hann þarf til fyrningar og viðhalds húsum og girðingum rúmlega 10 þús. kr. Hann þarf til rekstrar og viðhalds véla rúmlega 20 þús. kr. Í flutningskostnað fara 9 þús. kr. Í vexti af skuldum þarf rúmlega 7 þús. kr. Í ýmsan rekstrarkostnað fara 7 þús. kr. Og svo þarf að borga út um 16 þús. kr. fyrir aðkeypta vinnu. Þetta gerir um 109 þús. kr., sem bóndinn þarf að svara út úr búi sínu. En auk þess á hann svo sjálfur að fá út úr búinu til eigin persónulegra þarfa fyrir vinnu sína 119 þús. kr. og vexti af eigin fé, 23880 kr. Þetta allt saman eru rúmlega 253 þús. kr. Það eru að mestu leyti afurðir af nautripum og sauðfé, sem eiga að standa undir þessum útgjöldum, eða tæplega 134 þús. kr. af nautgripum og 94 þús. kr. af sauðfé, en auk þess nokkrar tekjur af garðrækt o. fl.

Tekjurnar af nautgripunum, þ. e. a. s. mjólkin, eru greiddar mánaðarlega að rúmlega ⅔ hlutum, en tæplega ⅓ hluti verðsins kemur ekki í hendur bóndans fyrr en hér um bil hálfu öðru ári eftir að innlegg vörunnar hefst. Um sauðfjárafurðirnar er það að segja, að margir bændur munu fá ⅔ verðsins nokkru eftir afhendingu afurðanna, en ⅓ fá þeir ekki fyrr en 8—12 mánuðum síðar. Þetta orsakast af því, að stofnanir þær, sem taka þessar vörur af bændum til sölumeðferðar, skortir fjármagn til þess að geta borgað þær því verði við móttöku, sem gert er ráð fyrir að bændur eigi að fá, og engar peningastofnanir hafa viljað lána út á vörurnar fullnægjandi upphæðir.

Seðlabankinn hefur lánað rösklega helming af væntanlegu verði vörunnar, og hefur sú upphæð lækkað hlutfallslega hin síðari ár. Verzlanir og afurðasölufélög bænda hafa yfirleitt ekki átt aðgang að viðbótarlánum.

Í þeim löndum, þar sem frjáls viðskipti peningastofnana tíðkast, sækjast bankar eftir því að hafa viðskipti við afurðasölustofnanir bænda. Í Danmörku og Noregi fá bændur strax að lokinni afhendingu búsafurða útborgið það verð, sem þeim ber, og standa þeir af þeim sökum miklu betur að vígi við búskapinn en stéttarbræður þeirra hér á landi, sem verða að reka bú sín og heimilishald að verulegu leyti með lausaskuldum, enda í mörgum tilfellum undir hælinn lagt, hvort bændum tekst að útvega sér nauðsynleg rekstrarlán.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um, að ríkisbankarnir leysi þann vanda, sem er hér á ferðinni. Með ríkisbönkunum er átt við: Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Virðist sanngjarnt, að allir ríkisbankarnir taki þátt í að ráða bót á miklu vandamáli eins aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, enda þótt eðlilegt megi teljast, að hlutur Seðlabankans verði þar stærstur. Jafnframt verður að álíta, að ríkisstjórnin geti markað réttláta stefnu ríkisbankanna í þessu máli.

Sþ. 49. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur.

Flm.: Ingvar Gíslason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að gera tillögur um stofnun og starfrækslu opinberra listasafna utan Reykjavíkur. Jafnframt skal nefndin gera tillögur um það í samráði við samtök myndlistarmanna, hvernig helzt mætti stuðla að því, að haldnar verði fleiri myndlistarsýningar (samsýningar eða sérsýningar) utan höfuðborgarinnar. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Listasöfn eru hvergi til á Íslandi utan borgarmúra Reykjavíkur, en nýgefin gjöf frú Bjarnveigar Bjarnadóttur til Árnessýslu er hinn fyrsti vísir slíks safns. Þetta finnst sumum sjálfsagt ekki mikilvægt atriði í framfaraviðleitni landsbyggðarinnar, þar sem rafmagn og skóla vantar í margar sveitir, auk fleiri nútímaþarfa, en í annarra augum er tómlæti um listir og skyld menningarmál sízt vænlegt hinum svokölluðu almennu framförum. Þurfa verklegar og andlegar framfarir að haldast í hendur, ef vel á að vera. Mennta- og menningarmál eiga því ekki að gleymast, þegar rætt er um framfarir í landinu, því að án menntunar- og menningarframfara eru aðrar framfarir oft innihaldslitlar.

Það heyrir til algerra undantekninga, ef myndlistarmenn þjóðarinnar sýna verk sín á opinberum sýningum á stöðum utan Reykjavíkur. Jafnvel á Akureyri eru myndlistarsýningar fágætur viðburður. Þeir fáu listamenn, sem þar hafa sýnt, þurfa þó ekki að kvarta undan því, að sýningar þeirra hafi ekki verið vel sóttar. Áhugi er víða fyrir hendi og fullvíst, að áhugann má glæða, ef eftir væri leitað.

Stofnun listasafna utan Reykjavíkur þarf að undirbúa svo vel, að við verði unað um langa framtíð. Skiptir ekki höfuðmáli að hraða aðgerðum til þess eins að „gera eitthvað í málinu“, eins og stundum vill við brenna í undirbúningi mála, heldur ber að vanda undirbúning sem mest og þá fyrst og fremst fjárhags- og skipulagsgrundvöllinn, sem verður að vera traustur og veita svigrúm til eðlilegrar þróunar. Þótt listasöfn séu stofnuð í sýslu eða stærri landshluta, þá ber þeim eigi að síður

að vera á „landsmælikvarða“, þau eiga aðeins að sækjast eftir hinu bezta í listinni og umfram allt að gefa sem sannasta mynd af listmenningunni á hverum tíma. En æskilegt er og raunar sjálfsagt, að þau sinni einnig sérstaklega þeirri listsköpun, sem á sér stað innan hvers safnhverfis. Mundi þá væntanlega komi í ljós betur en ella, hvers virði slík list er í raun og veru.

Annað aðalatriði þessarar tillögu er, að ráð verði fundin til þess að fjölga myndlistarsýningum utan höfuðborgarinnar. Ef til vill er fjölgun listsýninga nauðsynlegur undanfari stærri aðgerða í listamálum landsbyggðarinnar. Virðist það og tiltölulega auðleyst verkefni. Víða eru sæmilegar aðstæður til myndlistarsýninga, og ef þær væru nýttar sem kostur er, mætti stórlega fjölga listsýningum úti um land án teljandi viðbúnaðar eða kostnaðar.

Sþ. 50. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um æskulýðsmálaráðstefnu.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Sigurvin Einarsson, Björn Fr. Björnsson, Karl Kristjánsson, Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson, Hermann Jónasson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kveðja til ráðstefnu, er hafi það verkefni að taka til rækilegrar athugunar hin margþættu vandamál í sambandi við skemmtanir, félagslíf og tómstundir æskufólks og gera tillögur til úrbóta.

Ríkisstjórnin skipar 25 fulltrúa til setu á ráðstefnunni. Skipan þeirra skal vera með þessum hætti:

Ríkisstjórnin skipar einn fulltrúa án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Aðrir fulltrúar séu skipaðir samkvæmt tillögum aðila, en þeir eru þessir:

I. Alþingi 4 fulltrúar, þ. e. 1 frá hverjum þingflokki.
II. Kvenfélagasamband Íslands 5 fulltrúar, þ. e. 1 úr Reykjavík og 1 úr hverjum landsfjórðungi.
III. Þessir aðilar tilnefna 1 fulltrúa hver:
Kirkjuráð.
Háskólaráð.
Samband framhaldsskólakennara.
Samband íslenzkra barnakennara.
Ungmennafélag Íslands.
Íþróttasamband Íslands.
Æskulýðsráð.
Stórstúka Íslands.
Rithöfundasamband Íslands
Alþýðusamband Íslands.
Stéttarsamband bænda.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.
Landssamband iðnaðarmanna.
Samband íslenzkra verzlunarmanna.
Lögreglustjórn Reykjavíkur.

Nú skorast aðili undan tilnefningu fulltrúa, og skipar þá ríkisstjórnin í það sæti.

Ráðstefnan skal fela 5 manna nefnd úr hópi fulltrúa að starfa milli funda.

Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með ráðstefnunni og sér henni fyrir hæfilegri aðstöðu til starfa.

Ráðstefnan skal hafa lokið störfum fyrir 1. október 1964 og sent tillögur sínar ríkisstjórninni, en hún leggur þær fyrir Alþingi.

Starf fulltrúa sé ólaunað, en þóknun til 5 manna nefndarinnar og annar kostnaður við ráðstefnuna, þar á meðal ferðakostnaður fulltrúa, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það, sem mestu máli skiptir með hverri þjóð, er manngildi þjófélagsþegnanna og að hver maður fái sem bezt notið hæfileika sinna til farsældar fyrir hann og eflingar þjóðinni.

Hjá fámennri þjóð eins og Íslendingum, þar sem nær óþrjótandi verkefni bíða úrlausnar, þarf að vera valinn maður í hverju rúmi.

Hverju góðu heimili er annt um þau ungmenni, sem þar alast upp. Á sama hátt þarf ríkisvaldið og þjóðarheildin að láta sér umhugað um æskufólkið, búa því góð skilyrði til menntunar og þroska, laða það að hollum viðfangsefnum og veita aðhald, ef það leggur út á óheillavænlega braut.

Á síðari árum hefur íslenzka þjóðin lagt mikið af mörkum til að búa æskunni góð skilyrði til menntunar og félagslífs. Skólar hafa verið reistir, félagsheimilum og öðrum samkomuhúsum komið á fót, íþróttamannvirki gerð og samgöngur bættar. Vissulega ber þetta mikinn árangur.

Hitt er þó einnig augljóst, að í sambandi við skemmtanir, félagslíf og tómstundir æskufólks eru margþætt vandamál og annmarkar, sem kosta þarf kapps um að ráða bót á. Nægilegrar hófsemi er ekki gætt, áfengisnautn er áberandi, og afbrot unglinga fara vaxandi.

Ríkisvaldinu ber skylda til að gefa þessu gaum og hafa forustu um, að leitað sé að sem flestum leiðum, sem færar eru, til að breyta hér um til bóta. Þær leiðir hljóta annars vegar að stefna að því marki að leiðbeina, laða æskufólk til hófsemi og menningarlegra hátta í félags- og skemmtanalífi og hins vegar með vissum ráðstöfunum draga úr áhrifum þess, er reynist viðsjált á vegum ungmenna, og veita nauðsynlegt aðhald með aukinni löggæzlu o. fl.

En til þess að ráðstafanir, sem gerðar eru á þessu sviði, beri góðan árangur, þarf almenningsálitið að standa að baki ríkisvaldinu. Hér þarf þjóðlegrar vakningar í þessum efnum.

Með tillögu þessari er stefnt að því að leita eftir uppástungum og áhrifum að þessu leyti sem víðast úr þjóðlífinu og skapa vettvang til skiplegs samstarfs á þessu sviði af hálfu margra áhrifamikilla stofnana og félagsheilda á landinu. Samkvæmt tillögunni skal ríkisstjórnin kveðja saman æskulýðsmálaráðstefnu, er skili áliti og tillögum fyrir 1. október 1964. Tillögur ráðstefnunnar geta síðar orðið grundvöllur að nýrri lagasetningu eða ályktunum Alþingis.

Ýmsir uppeldisfræðingar, æskulýðsleiðtogar og kennimenn hafa opinberlega vakið athygli á þeim vandamálum, sem hér er drepið á, m. a. nú fyrir skömmu hinn þjóðkunni æskulýðsleiðtogi Snorri Sigfússon fyrrverandi námsstjóri í skörulegu útvarpserindi, er vakti mikla athygli. Það er því án efa mikill og vaxandi vilji fyrir hendi um það, meðal þeirra, sem um þetta hugsa, að tekið sé á þessum vandamálum með röggsemi og festu og reynt að finna heppilegar leiðir til úrbóta. Má ætla, að margt gott gæti af því sprottið, að allmörgum mönnum, er sérstaklega yrðu til þess valdir, væri falið það verkefni, sem hér um ræðir.

Sþ. 51. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit í Borgarfjarðarhéraði og athugun á hitaveitu fyrir Borgarnes.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason, Sigurður Ágústsson, Jón Árnason, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að á vegum jarðhitasjóðs verði gerð rannsókn á jarðhitasvæðum Borgarfjarðarhéraðs og víðtæk jarðhitaleit gerð í héraðinu. Leitin verði m. a. við það miðuð að athuga möguleika á hitaveitu fyrir Borgarnes.

Greinargerð.

Á tveimur síðustu þingum fluttum við þingmenn Vesturlandskjördæmis tillögu þá til þingsályktunar, sem hér er nú endurflutt. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni, er hún var upphaflega flutt:

„Í Borgarfjarðarhéraði er mikill jarðhiti, svo sem kunnugt er. Notkun hans hefur farið vaxandi hin síðari ár. Nokkur hluti af skólum héraðsins er hitaður með jarðhita, og mikil gróðurhúsaframleiðsla á sér stað í héraðinu vegna jarðhitans. Mikill áhugi er fyrir því í Borgarfirði að auka notkun jarðhitans og fá vitneskju um það, hversu víðtæk jarðhitasvæðin í héraðinu eru.

Borgarnes er vaxandi kauptún, og áhugi er fyrir því þar að fá rannsakað, hvort jarðhiti er ekki svo nærri kauptúninu, að hagkvæmt reynist að hagnýta hann til hitaveitu fyrir Borgarnes. Nokkur ástæða er til að ætla, að svo sé, þar sem jarðhiti er vestur á Snæfellsnesi, að því er virðist í svipaðri línu og jarðhiti í Borgarfjarðarhéraði.

Möguleikar og þekking til skipulagðra jarðhitarannsókna og leitar eru nú mun meiri en fyrr og eðlilegt, að þetta verði eitt af fyrstu verkefnum jarðhitasjóðs."

Nd. 52. Frumvarp til laga [51. mál]

um breyting á lögum nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, aðaldreifiæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó aldrei meira en helmingi alls kostnaðar.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð gegn tryggingum, sem hún metur gildar, á nauðsynlegum lánum, sem sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu samkvæmt 2. og 3. gr. þessara laga. Má ábyrgðin og styrkur samkvæmt 4. gr. aldrei fara sameiginlega yfir 90% af stofnkostnaði allrar veitunnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 93 5. júní 1947 er kveðið á um efnahagslega aðstoð ríkissjóðs við sveitarfélög, sem koma sér upp vatnsveitum. Enn fremur eiga ákvæði laganna við um vatnsveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt vatnalögunum frá 1923. Heimilt er að veita úr ríkissjóði styrk, sem nema má allt að helmingi kostnaðar við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir.

Löggjöf þessi hefur um margt reynzt hin nýtasta og gert ýmsum sveitarfélögum fært að stofna til vatnsveitugerðar, sem að öðrum kosti hefði reynzt erfitt eða ókleift.

Að fenginni reynslu af framkvæmd laganna hefur þó komið í ljós, að eðlilegt má telja, að lögunum verði breytt til annars horfs um nokkur atriði. Skulu þau rakin nokkru nánar.

Styrkurinn úr ríkissjóði getur orðið æði takmarkaður og langt fram yfir það, sem ætla má, að löggjafinn hafi hugsað sér, þegar svokölluð stofnæð er einungis lítill hluti alls vatnsveitukerfisins. Þá koma aftur á móti svokallaðar aðaldreifiæðar snemma til og verða í rauninni höfuðhluti dreifilínukerfisins. Miðast þá styrkurinn aðeins við stofnæðina sjálfa, en hún er sá hluti vatnsæðar, sem liggur frá vatnsbóli eða upptökum vatns að fyrstu greiningu. Þannig er stofnæð skilgreind af hálfu þeirra aðila, sem styrkjum úthluta. Skal út af fyrir sig eigi dregið í efa, að þessi túlkun sé rétt. En auðséð er hins vegar, að þegar svo stendur á um stofnæð, er nauðsynlegt, að styrkurinn nái einnig til aðaldreifilínukerfisins, ef verulegt gagn á að verða að. Slík aðstaða getur hæglega komið til, og eru þess dæmi bæði í kauptúnum, þorpum og ekki hvað síst í sveitum, þar sem strjálbýlt er og dreifingarkerfið er víðáttumikið. Við þessar aðstæður getur framkvæmd vatnsveitugerðar stöðvazt eða orðið ónóg, nema ríflegur styrkur komi til. Skortir þannig heimild í lögunum til nauðsynlegrar aðstoðar þegar þörf hennar er hvað brýnust. Til þess að bæta nokkuð úr í þessu efni leggjum við flm. frv. til, að styrkur úr ríkissjóði skuli einnig ná til aðaldreifiæða.

Þá þykir okkur flm. rétt að setja inn í lögin ákvæði á þá leið, að ábyrgð sú, sem ríkissjóði er heimilt að veita sveitarstjórnum vegna vatnsveitugerðar, sé sjálfskuldarábyrgð. Nýlega samþykkt lög um ríkisábyrgðir gera ráð fyrir því, að ábyrgð ríkissjóðs sé einföld, nema sérstaklega sé fram tekið. Vatnsveitugerðir eru mikilsverðar framkvæmdir í þágu almennings. Er því ærin ástæða til þess, að ríkissjóður beri þyngri ábyrgð en ella.

Að lokum er lagt til í frv., að hækkuð verði ábyrgðar- og styrksfjárhæðin sameiginlega upp í allt að 90% af stofnkostnaði allrar vatnsveitunnar.

Að dómi okkar flm. er hér um eðlilegar breytingar að ræða og engan veginn þess eðlis, að ágreiningi geti valdið í aðalatriðum.

Sþ. 53. Fyrirspurn [52. mál]

til landbúnaðarráðherra um landþurrkun á Fljótsdalshéraði.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvað hefur verið gert til að framkvæma ályktun sameinaðs Alþingis frá 16. apríl 1962 varðandi landþurrkun á Fljótsdalshéraði?

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um staðsetningu og lagningu tvöfaldrar akbrautar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Sigurður Ingimundarson, Sverrir Júlíusson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta svo fljótt sem auðið er hefjast handa um undirbúning að staðsetningu og lagningu tvöfaldrar akbrautar frá Reykjavík um Kópavog og Garðahrepp til Hafnarfjarðar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, og fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

Sú akbraut, sem hér um ræðir, er ein fjölfarnasta hér á landi, og um hana fara miklir og ólíkir flutningar.

Um það bil 10 þús. bifreiðar aka þessa leið daglega, og er það mjög eðlilegt, þar sem hér er um að ræða tengibraut á milli þéttbýlustu byggðarlaga landsins.

Á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur eykst byggðin stöðugt, svo að segja má, að samfelld byggð sé orðin á öllu þessu svæði. Líklegt má telja, að á næstunni verði endanlega gengið frá skipulagi Fossvogssvæðisins og byggingar hafnar þar. Kópavogskaupstaður stækkar ört, og atvinnulíf og framkvæmdir verða þar væntanlega með miklum blóma í nálægri framtíð. Innan skamms hefjast byggingar á Arnarnesi, og skipulögð byggð á þeim svæðum Garðahrepps, sem nálægt þessari akbraut liggja, fer vaxandi. Ætlað er, að þar rísi og iðnaðarhverfi á næstunni, og þegar er tekinn til starfa skipaiðnaður við Arnarnesvog. Í Hafnarfirði er byggðin þéttust og fólksfjöldinn mestur. Þar eykst útgerð og fiskframleiðsla, og iðnaður fer þar vaxandi.

Notkun vegarins milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar er löngu komin í hámark. Hin öra fólksfjölgun á þessu umrædda svæði svo og aukið athafnalíf í þessum byggðarlögum kallar á skjótar aðgerðir í þessu máli, ella hafa þau mikinn skaða af, eins og t. d. Hafnarfjarðarkaupstaður, en þar er ekki hægt að nýta höfnina nema að litlu leyti vegna þess, að akbrautin milli þessara byggðarlaga getur á engan hátt annað þeirri umferð, sem því væri samfara.

Höfnin í Hafnarfirði er þegar orðin talsverð kaupskipahöfn, og um hana fara miklir olíuflutningar til olíudreifistöðvarinnar. Bæjaryfirvöldin í Hafnarfirði hafa í hyggju byggingu mikilla vöruskemma nærri höfninni, og má í því sambandi hugsa sér fríhafnarsvæði þar. Með byggingu vöruskemma í Hafnarfirði verður skipafélögunum sköpuð sú aðstaða, að trúlega verður eftirsótt af þeirra hálfu að ferma og afferma skipaflotann í Hafnarfirði, ef samgöngur byggðarlaganna væru þannig, að flutningur í stórum stíl gæti átt sér stað til og frá Hafnarfirði. En svo er ekki nú, eins og áður er fram tekið.

Það, sem hér hefur verið nefnt, og reyndar ótalmörg frekari rök hníga að því, að bráðnauðsynlegt er að hefja svo fljótt sem unnt er undirbúning að staðsetningu og lagningu tvöfaldrar akbrautar frá Reykjavík um Kópavog og Garðahrepp til Hafnarfjarðar. Þó skulu nefnd tvö atriði til viðbótar.

Vonir standa til, að hinni miklu framkvæmd byggingar Reykjanesbrautar verði lokið á næstu tveimur árum. Skapast þá stórkostlegir möguleikar til ýmiss konar nýjunga í atvinnurekstri byggðarlaganna suður með sjó, samfara því að miklar hafnarbætur verða væntanlega hafnar í hinum vel staðsettu höfnum við beztu fiskimið Suðvesturlands. Er þá líklegt, að í vaxandi mæli verði aukning á þeim fiskflutningi, sem þegar á sér stað frá höfnum suður á Reykjanesi til Hafnarfjarðar, Kópavogs og Reykjavíkur. En slíkir flutningar krefjast góðra vega og greiðfærra.

Hitt atriðið er slysahættan, sem óneitanlega er í hinni þröngu og erfiðu umferð vegna byggðarhverfanna sitt hvorum megin vegarins. Hefur áður verið á þá hættu bent hér á Alþingi og ályktun gerð til þess að draga úr slysahættu nú þegar. Hafa verið hafnar framkvæmdir í þeim efnum, og vonir standa til, að því verði haldið áfram. Hitt virðist auðsætt, verði tillaga þessi samþykkt, að vegamálastjórnin geri ráð fyrir margvíslegum öryggisútbúnaði til þess að tryggja sérstaklega ferðir gangandi fólks.

Ed. **55. Frumvarp til laga** [54. mál]

um breyting á lögum nr. 41 frá 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Nú fær héraðsdómari áreiðanlega vitneskju um, að ágreiningur, er hann telur máli skipta, sé um landamerki eða ítak, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður dómari þá aðila þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annað hvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðilar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal dómari leita sátta með aðilum. Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt.

Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður dómsmálaráðherra, í hvoru þeirra skuli farið með málið.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ef sáttatilraun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal héraðsdómari þegar nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðilar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með héraðsdómara, er stýrir dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sínum hluta, og skal þá héraðsdómari gera það í hans stað.

Nú kemur krafa um það, að dómandi víki úr dómsæti, eftir að dómruðning hefur farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu.

Nú missir meðdómanda við síðar, og skal héraðsdómari þá nefna 3 menn í hans stað í dóm, enda fer um ruðning sem áður greinir.

Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því, svo fljótt sem unnt er.

Hverjum manni, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sér ráðandi, heill og hraustur, er skylt að taka sæti í merkjadómi.

Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslunarmanna.

Kaup meðdómsmanna í merkjadómi og ferðakostnaður dómenda greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lagaákvæðum, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 7. og 8. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1919, greiða málsaðilar kaup og ferðakostnað merkjadómsmanna. Það er ósanngjörn regla, og í algeru ósamræmi við almennar reglur um dómgæzlu nú á dögum, en samkvæmt þeim eru laun dómenda greidd af almannafé. Í frumvarpi þessu er lagt til, að núgildandi skipan í landamerkjadómsmálum sé breytt og að ferðakostnaður og kaup merkjadómsmanna verði hér eftir greitt úr ríkissjóði. Ákvæði um kostnaðargreiðslu eru því felld niður úr 1. mgr. 8. gr. landamerkjalaganna, og í stað 7. og 8. mgr. 9. gr. laganna kemur 8. mgr. í 2. gr. frv., er mælir svo fyrir, að kaup meðdómsmanna í landamerkjadómi og ferðakostnaður dómenda greiðist úr ríkissjóði. Auk þess eru í frumvarpinu gerðar nokkrar smávægilegar breytingar, aðallega orðalagsbreytingar, á 8. og 9. gr. landamerkjalaganna. Verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Ed. 56. Frumvarp til laga [55. mál]

um framleiðnilánadeild við Framkvæmdabanka Íslands.

Flm.: Helgi Bergs, Karl Kristjánsson, Hermann Jónasson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Stofna skal við Framkvæmdabanka Íslands lánadeild, sem nefnist framleiðnilánadeild.

2. gr.

Tilgangur framleiðnilánadeildar er að veita framleiðsluatvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðunum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni og fullkomnara framleiðsluskipulagi.

3. gr.

Starfsfé deildarinnar er:

1. Framlag ríkissjóðs, sem skal vera 10 milljónir króna á ári næstu 10 ár, nema hærra framlag kunni að verða ákveðið í fjárlögum.
2. Seðlabanki Íslands skal tryggja sölu skuldabréfa, sem Framkvæmdabanki Íslands gefur út vegna deildarinnar, að upphæð 20 milljónir króna á ári næstu 10 ár. Bréfin séu til a. m. k. 15 ára, en vextir skulu ákveðnir af ráðherra. Bréfin séu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs. Ákvæði 2. málsliðar 6. gr. laga nr. 17 1952, um Framkvæmdabanka Íslands, taka ekki til skuldabréfa deildarinnar.
3. Framkvæmdabanki Íslands leggur deildinni til $\frac{1}{5}$ hluta tekjuafgangs síns ár hvert.
4. Lán umfram það, sem um ræðir í 2. tölulið, getur deildin tekið innanlands eða utan, eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa, allt að 100 milljónum króna. Ríkissjóður ábyrgist slík lán.

4. gr.

Umsóknir um lán úr framleiðnilánadeild skulu sendar Framkvæmdabankanum. Þeim skal fylgja:

1. Ýtarleg lýsing á því, hvernig verja eigi lánsfénu.
2. Upplýsingar um tryggingar þær, sem umsækjandi getur sett.
3. Rekstrar- og efnahagsreikningur umsækjanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
4. Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur máli skipta eða bankinn óskar eftir.

5. gr.

Þegar umsókn hefur borizt, skal leita umsagnar lðnaðarmálastofnunar Íslands og/eða Fiskifélags Íslands eða Búnaðarfélags Íslands, eftir því sem við á, um það, hvort tilgangur umsækjanda með lánsumsókninni sé í samræmi við tilgang þessara laga.

Að slíkri umsögn fenginni ákveður bankaráð, hvort lánið skuli veitt, enda hafi bankinn áður kannað hag umsækjanda og veðhæfni framboðinna trygginga.

6. gr.

Lán úr deildinni má ekki vera hærra en svo, að það að viðbættum stofnlánum nemi 80% kostnaðar við þær framkvæmdir og endurbætur, sem lánað er til. Lánstíma ákveður bankaráð.

7. gr.

Vextir af útlánum deildarinnar skulu ákveðnir af bankaráði með samþykki ráðherra. Höfð skal hliðsjón af vaxtakjörum stofnlánasjóða atvinnveganna.

8. gr.

Lánin skulu tryggð með veðum í fasteignum, vélum, skipum eða hliðstæðum eignum. Skulu þau veitt gegn 1. veðrétti. Þó er heimilt að veita lán gegn 2. veðrétti, ef á undan eru lán úr Iðnlánasjóði, Stofnlánadeild sjávarútvegsins, Stofnlánadeild landbúnaðarins og/eða Fiskveiðasjóði Íslands. Lán úr framleiðnilánadeild að viðbættum öðrum stofnlánum, sem hafa betri veðrétt, skulu aldrei nema meira en 75% af endurkaupsmatsverði veðsins að frádregnum eðlilegum fyrningum. Bankinn skal hafa eftirlit með því, að veðum sé vel við haldið og þau séu nægilega vátryggð.

9. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi framleiðnlánadeildar má setja með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er tilgangur flm. með frv. þessu að koma því til leiðar, að stofnuð verði sérstök lánadeild, sem hafi það hlutverk að stuðla að sem mestri aukningu á framleiðni atvinnuveganna.

Framleiðni er, eins og kunnugt er, skilgreind sem hlutfallið á milli nettóvinnsluvirðis og þeirrar vinnu, sem í viðfangsefnið er lögð. Framleiðnin er þannig mælikvarði á þau verðmæti, sem skapast fyrir hverja vinnueiningu.

Það er alkunna, að framleiðsluaukning þjóðarinnar á undanförnum árum á ekki nema að nokkru leyti rót sína að rekja til framleiðniaukningar og fólksfjölgunar. Þar kemur einnig til, að fólk hefur lagt á sig aukna vinnu, og er nú svo komið, að vinnutími er hjá mörgum orðinn svo langur, að ekki getur við svo búið staðið til frambúðar.

Vinnutímann verður að stytta, en til þess að það geti gerzt án tekjumissis, verður að leggja áherzlu á að auka framleiðnina.

Þær breytingar, sem hafa verið gerðar á tollalöggjöfinni undanfarin ár, hafa heldur stefnt í þá átt að minnka en auka tollvernd íslenzks iðnaðar. Um þessar breytingar hefur í grundvallaratriðum ekki verið ágreiningur á Alþingi, og með hliðsjón af þeirri þróun, sem á sér stað í tollamálum viðskiptalanda okkar, má eins vel gera ráð fyrir, að áfram verði haldið í þessa stefnu. Af því mundi leiða, að íslenzkur iðnaður yrði að glíma við vaxandi samkeppni einnig á innlendum markaði.

Undanfarið hafa farið fram víðtækar athuganir á vegum ríkisstjórnarinnar, hagsmunasamtaka iðnaðarins og annarra aðila á þeim vandmálum, sem þessi þróun skapar íslenzkum iðnaði. M. a. hefur starfað hér sérfræðingur frá Efnahags- og framfarastofnuninni að athugun á þessum málum ásamt innlendum sérfræðingum. Niðurstöður hans hafa ekki verið birtar opinberlega. Aðrir aðilar, sem fjallað hafa um þessi mál, munu vera sammála um það, að iðnaðurinn verði að aðlaga sig nýjum viðhorfum með því að gera öflugt átak til að auka framleiðni sína. Til þess að það megi takast sem bezt, þarf að fara fram umfangsmikil endurskipulagning iðngreina og fyrirtækja til þess að koma á fullkomnari framleiðsluaðferðum, aukinni véltækni og meiri vinnuhagræðingu.

Svipuð sjónarmið eiga einnig við um aðra atvinnuvegi, og hvað sem líður samkeppni við aðrar þjóðir, sem lengra eru komnar á sviði tækni og vélmenningar, þá er það auðvitað alltaf til hagsbóta fyrir þjóðina alla að bæta framleiðsluaðferðir sínar og auka framleiðni.

Til þess að verulegur árangur megi nást í þessu efni, þarf margt að koma til, eins og réttilega er bent á í grg. með frv. framsóknarmanna í Nd. um vaxtalækkun o. fl.: bætt tæknimenntun í landinu, stóraukin leiðbeiningastarfsemi í framleiðslumálum og mjög mikið fjármagn.

Frv. þetta lýtur að hinu síðastnefnda atriði og miðar að því að bæta fjárhagslegan grundvöll fyrir þeim stórfelldu endurbótum, sem óhjákvæmilegar eru.

Þegar Framkvæmdabanki Íslands var stofnaður árið 1953, vakti það fyrir Alþingi, að hann skyldi m. a. gegna svipuðu hlutverki og framleiðnilánadeildinni er ætlað. Í lögum nr. 17 1953 er hlutverk hans ákveðið allmiklu víðtækara, og svo hefur einnig reynzt í framkvæmd. Hefur því þótt rétt að leggja til, að stofnuð sé sérstök lánadeild, sem hafi þetta hlutverk. Eðlilegt þykir, að hún sé deild í Framkvæmdabankanum, sem hefur svo skylt hlutverk.

Gert er samkv. 3. gr. frv. ráð fyrir, að fjár til þessarar lánastarfsemi sé aflað með fernu móti:

1. Gert er ráð fyrir, að 100 millj. kr. verði lagðar fram úr ríkissjóði á næstu 10 árum. Hér er um að ræða svo þýðingarmikið verkefni fyrir þjóðarheildina alla, að rétt þykir, að fé sé lagt fram úr ríkissjóði, enda tæplega eðlilegt að byggja slíka lánastarfsemi eingöngu á lánsfé.
2. Þá er gert ráð fyrir, að Seðlabankinn tryggi sölu á skuldabréfum að upphæð 200 millj. kr. á næstu 10 árum. Möguleikar Seðlabankans til að tryggja slíka sölu eru margvíslegir. Hann hefur undir höndum mörg hundruð milljónir króna af sparifé landsmanna á bundnum reikningum banka og annarra innlánastofnana, og enn er í gildi heimild handa honum til að binda hluta sparifjáraukningarinnar. Framsóknarmenn í Nd. hafa í frv. sínu um vaxtalækkun o. fl. lagt til, að sú heimild falli niður að því er tekur til sparifjáraukningar eftir samþykkt þess frv. Eins og segir í greinargerð þess, er tilgangur þeirra að koma í veg fyrir tilgangslausa frystingu sparifjár þjóðarinnar, en jafnframt lýsa þeir þeim vilja sínum, að sparifénu sé beint inn í þá farvegi, þar sem nauðsyn þjóðarheildarinnar fyrir fé sé mest. Ákvæði 2. töluliðar 3. gr. er liður í þeirri viðleitni.
3. Þá er gert ráð fyrir, að Framkvæmdabankinn leggi deildinni til hluta af tekjuafgangi sínum.
4. Að endingu er gert ráð fyrir lántöku eftir ástæðum, allt að 100 millj. kr., með ábyrgð ríkissjóðs.

Nd. 57. Frumvarp til laga [56. mál]

um launamál o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Til 31. desember 1963 er óheimilt að hækka kaup, laun, þóknun, uppmælingar- og ákvæðisvinnutaxta eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf frá því, sem um var samið eða greitt, þá er frumvarp til þessara laga var lagt fram á Alþingi. Tekur þetta til kaupgreiðsluákvæða kjarasamninga stéttarfélaga og til auglýstra taxta þeirra, til ákvæða í launareglugerðum og launasamþykktum allra stofnana og fyrirtækja, og til ákvæða í ráðningarsamningum milli einstakra vinnuveitenda og einstaklinga. Þessi fyrirmæli taka enn fremur til launaákvæða samkvæmt I.—IV. kafla í lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og samkvæmt I.—IV. kafla í reglugerð nr. 159/1962, um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga.

Fyrirmæli 1. málsgr. þessarar gr. taka til kauptryggingar bátasjómanna svo og til hlutaskipta og hvers konar annarrar launagreiðslu, sem ákveðin er sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti.

Það telst launahækkun samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr., ef stéttarfélög ákveða breytingu á vinnutíma, sem felur í sér hækkun eða leiðir til hækkunar á launa-

kostnaði, og er óheimilt að ákveða slíkt á tímabilinu frá því að frumvarp til þessara laga er lagt fyrir Alþingi og til 31. desember 1963.

Fyrirmæli 1. málsgr. þessarar gr. taka til hvers konar aukagreiðslu til launþega, sem er hrein launaviðbót, en þau taka ekki til aukagreiðslu að því leyti sem hún fer til greiðslu raunverulegra útgjalda, sem fylgja starfi hlutaðeigandi launþega.

2. gr.

Nú hefur, á tímabilinu frá því að frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi og þar til þau öðluðust gildi, verið ákveðin launahækkun, sem óheimil er samkvæmt 1. gr., og er þá slík ákvörðun ógild, og hlutaðeigandi vinnuveitendum er óheimilt að hlíta henni.

3. gr.

Vinnustöðvanir til að knýja fram breytingar á launum eða breytingar á vinnutíma og öðru, er fela í sér launabreytingar, eru óheimilar meðan lög þessi eru í gildi. Þetta tekur einnig til vinnustöðvana, sem kunna að hafa byrjað á tímabilinu frá því að frumvarp til þessara laga var lagt fram á Alþingi og þar til þau öðluðust gildi.

4. gr.

Óheimilt er að hækka hundraðshluta álagningar á vörum í heildsölu og smásölu frá því, sem er, þá er frumvarp til þessara laga er lagt fyrir Alþingi. Sama gildir um álagningu á hvers konar selda vinnu og þjónustu, þar á meðal um meistaraálag.

Frá því að frumvarp til þessara laga er lagt fyrir Alþingi er óheimilt að hækka verð á öllum öðrum vörum en þeim, er um ræðir í 1. málsgr., nema með samþykki viðkomandi yfirvalda, og mega þau ekki leyfa meiri hækkun en svarar sannanlegri verðhækkun efnivara og annarra kostnaðarliða. Sama gildir um hvers konar selda þjónustu, þar á meðal um aksturstaxta vörubifreiða, fólksbifreiða og sendiferðabifreiða og um fargjöld og flutningsgjöld skipa og flugvéla.

5. gr.

Félagsdómur sker úr ágreiningsatriðum varðandi túlkun á fyrirmælum 1.—3. gr. þessara laga, og eru úrskurðir hans fullnaðarúrskurðir.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1963.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanförnu hefur skapazt misræmi í efnahagslífinu vegna launakapphlaups milli starfshópa og víxlhækkana kaupgjalds og verðlags. Ríkisstjórnin telur, að vinna megi bug á þessum vandamálum með samræmdum ráðstöfunum í launamálum, fjármálum og peningamálum, sem meðal annars feli í sér kjarabætur þeim til handa, sem verst eru settir. Mun ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi tillögur um slíkar ráðstafanir eins fljótt og aðstæður leyfa.

Nú hafa hins vegar á undanförnum dögum og vikum orðið þeir atburðir, að gerðar hafa verið kröfur um miklar kauphækkanir og vinnustöðvanir boðaðar. Ef ekki er nú þegar gripið til aðgerða í launa- og verðlagsmálum, er hætt við, að ókleift reynist að treysta á ný efnahag þjóðarinnar á grundvelli óbreytts gengis. Því er frumvarp þetta um launa- og verðlagsstöðvun lagt frram.

Lagt er til, að ákvæði frv. gildi til 31. desember næstkomandi, og er tilgangur þess að koma í veg fyrir yfirvofandi hækkanir verðlags og tilkostnaðar. Á meðan mun ríkisstjórn og Alþingi gefast tóm til að undirbúa þær aðgerðir í efnahagsmálum, sem nauðsynlegar eru til varanlegri lausnar vandamálanna. Jafnframt munu aðilar að kjaradeilum fá ráðrúm til að ræðast við og átta sig á afleiðingum þeirrar kröfugerðar, sem nú er uppi.

Frekari grein mun gerð fyrir efni og tilgangi frumvarpsins í framsögu.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frv.:

Um 1. gr.

Í þessari grein eru aðalákvæði frv., um að ekki megi verða nein hækkun á launum og hvers konar öðrum greiðslum fyrir unnin störf til 31. desember 1963. Gert er ráð fyrir, að þessi ákvæði gildi frá þeim degi, er frv. þetta var lagt fram á Alþingi. Er þetta talið óhjákvæmilegt til þess að megintilgangi frv. verði náð. Augljóst er, að launahækkanir, er ættu sér stað frá framlagningardegi frv. og þar til það yrði að lögum, mundi torvelda mjög og jafnvel hindra framgang þeirra ráðstafana, er felst í frv.

Í 2. málsgr. er kveðið svo á, að fyrirmæli 1. málsgr. skuli m. a. taka til hlutaskipta og hvers konar annarrar launagreiðslu, sem ákveðin er sem hundraðhluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti. Þetta ber að skilja svo, að ekki megi hækka hundraðshluta slíkrar launagreiðslu frá því, sem gildir, þá er frv. er lagt fyrir Alþingi.

Fyrirmæli 1. málsgr hindra ekki fyrirfram ákveðna stighækkun launa samkvæmt kjaraákvæðum um, að laun skuli hækka eftir lengd þess starfstíma, sem launþegi er í þjónustu vinnuveitenda. Hér er að sjálfsögðu aðeins átt við launaákvæði, sem í gildi eru, þá er ákvæði frv. koma til framkvæmda.

Samkvæmt eðli málsins er nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að fyrirmæli 1. málsgr. séu sniðgengin á þann hátt, að á stöðvunartímabilinu verði ákveðin breyting á vinnutíma, sem felur í sér hækkun eða leiðir til hækkunar á launakostnaði. Í 3. málsgr. eru fyrirmæli til varnar því, að slíkt eigi sér stað.

Um 2. gr.

Hér er tekið fram, að hver sú launahækkun, sem hefur verið ákveðin á tímabilinu frá því að frv. var lagt fram og þar til það var lögfest, sé ógild, og að hlutaðeigandi vinnuveitendum sé óheimilt að taka hana til greina.

Um 3. gr.

Það er eðlileg afleiðing stöðvunar þeirrar á launahækkunum, er um ræðir í 1. málsgr. 1. gr., að fram til næstu áramóta eigi sér ekki stað vinnustöðvanir til að knýja fram beinar eða óbeinar launabreytingar, og eru fyrirmæli þess efnis í fyrri málsgr. 3. gr.

Samkvæmt 2. málslið 3. gr. verða, við gildistöku laganna, þær vinnustöðvanir óheimilar, sem kunna að hafa byrjað á tímabilinu frá því að frv. til þessara laga var lagt fyrir Alþingi og þar til þau öðluðust gildi.

Um 4. gr.

Fyrirmæli þessarar gr. stefna að því, að á stöðvunartímabilinu verði ekki aðrar verðhækkanir en þær, sem óhjákvæmilega leiða af auknum tilkostnaði fyrirtækja vegna verðhækkana erlendis frá, svo og vegna innlendra verðhækkana á efnivörum og hvers kyns öðrum aðkeyptum rekstrarnauðsynjum. — Fyrirmæli 4. gr. taka til allra vara og hvers konar þjónustu. Í 1. málgr. er ákveðið, að ekki megi hækka hundraðshluta álagningar á vörum í heildsölu og smásölu og á hvers konar seldri vinnu og þjónustu. Hér er átt við verzlunarvörur og önnur verðmæti, sem verðákvörðuð eru á þann hátt, að við kostnaðarverð hverrar sölueiningar er lögð fjárupphæð, sem er reiknuð sem hundraðshluti af kostnaðarverði verðmætis, sem fyrir-

tæki kaupir til endursölu. Fyrirmæli 2. málsgr. eiga við allar aðrar vörur og aðra þjónustu en um ræðir í 1. málgr.

Yfirvöld þau, er mega leyfa óhjákvæmilegar verðhækkanir samkvæmt 2. málsgr., eru hin sömu og nú fara með verðlagsákvarðanir, hvert á sínu sviði, þ. e. verðlagsnefnd, samkvæmt lögum nr. 54/1960, sex manna nefnd, er ákveður verð landbúnaðarvara samkvæmt II. kafla laga nr. 59/1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., og lyfjaverðlagsnefnd, er ákveður verð á lyfjum til neytenda samkvæmt VII. kafla lyfsölulaga, nr. 30/1963. Loks eru einstaka verðlagsákvarðanir lögum samkvæmt í höndum viðkomandi ráðuneytis.

Um 5. gr.

Vegna starfssviðs og starfshátta félagsdóms liggur beinast við, að hann skeri úr ágreiningsatriðum varðandi túlkun á fyrirmælum 1.—3. gr., og er svo ákveðið í 5. gr.

Um 6. g 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 58. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Alfreð Gíslason, Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson, Gils Guðmundsson, Lúðvík Jósefsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Nd. 59. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum nr. 41 frá 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Flm.: Jónas G. Rafnar.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum þeim, sem um getur í 1. mgr., enn fremur af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, sem keypt eru eða keypt hafa verið með aðstoð ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 41 frá 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, er ákveðið, að ríkissjóður leggi árlega fram 3 millj. kr. á árunum 1963—1972, sem ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupstöðum og kauptúnum til þess að kaupa lönd og lóðir innan hlutaðeigandi sveitarfélags. Lánin mega nema allt að 60% af kostnaðarverði hins keypta lands, en jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 40% af verðinu. Tilgangur laganna er því sá að auðvelda sveitarfélögum að eignast lönd, er þau þurfa að hagnýta á einn eða annan hátt.

Í 2. mgr. 2. gr. laganna er tekið fram, að fjármálaráðuneytinu sé heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum þeim, sem um getur í 1. mgr. Heimild þessi nær ekki til afsalsbréfa, en stimpil- og þinglestursgjöld af þeim geta numið háum upphæðum.

Þar sem sanngjarnt má teljast, að undanþáguheimildin nái einnig til afsalsbréfa, er frumvarp þetta flutt, enda í samræmi við fyrrgreindan tilgang laganna.

Nd. 60. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til laga um launamál o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Meiri hl. nefndarinnar (AJ, DÓ og SI) mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en tveir nefndarmenn (EÁ og SkG) tjá sig andvíga frv. og munu skila séráliti.

Fram að árinu 1960 hafði um nokkurra ára skeið ríkt mikið og vaxandi jafnvægisleysi í efnahagsmálum hér á landi, sem m. a. kom fram í halla á greiðsluviðskiptum við útlönd. Þetta jafnvægisleysi, sem var afleiðing stöðugrar verðbólguþróunar, átti meginsök á því, að þrátt fyrir vaxandi framleiðslu útflutningsatvinnuveganna, sem við eðlilegar aðstæður hefði átt að leiða til verulegrar aukningar þjóðarteknanna og bættra lífsskilyrða alls almennings í landinu, þá varð niðurstaðan samt sem áður sú, að borið saman við flest nágrannalönd okkar höfðu lífskjörin hér á landi batnað mun hægar. Augljóst var, að það kerfi uppbóta og gjalda, sem verið hafði hér á landi um árabil, færði þjóðinni ekki það endurgjald fyrir erfiði hennar, sem hún átti kröfu til, heldur þvert á móti beindi það framleiðslunni æ meir í óheilbrigðar áttir og hindraði eðlilegan vöxt þjóðarteknanna.

Hámarki sínu náði þessi óheillaþróun undir lok ársins 1958 og er bezt lýst með orðum þáverandi forsætisráðherra, Hermanns Jónassonar, er hann sagði á Alþingi 4. des. það ár, þegar vísitalan hækkaði um 17 stig á einum mánuði, en áhrifum þess lýsti hann með þessum orðum: „Ný verðbólgualda er þar með skollin yfir.“

Ríkisstjórn Alþýðuflokksins gat með bráðabirgðaaðgerðum þegar um áramótin 1958 og 1959 stöðvað hina öru verðbólguþróun og skapað skilyrði fyrir þeirri stefnubreytingu í efnahagsmálum, sem lengi hafði verið nauðsynleg, en nú var orðin með öllu óhjákvæmileg.

Á undanförnum fjórum árum hefur þessi stefnubreyting, sem birtist í efnahagsmálaaðgerðum núverandi ríkisstjórnar, leitt til ótvíræðs árangurs. Í stað stöðugs halla á greiðsluviðskiptum við útlönd hefur bæði 1961 og 1962 verið hagstæður jöfnuður í þessum viðskiptum. Í stað aukningar gjaldeyrisskulda hefur myndazt gjaldeyrisforði. Verzlunin hefur að verulegu leyti verið gefin frjáls, í stað strangra innflutningshafta, sem áður voru, og létt hefur verið af margvíslegum hömlum á framkvæmdum. Hin breytta stefna leiddi til þess, að menn fengu aftur traust á hinu íslenzka efnahagskerfi, sem leiddi m. a. til stóraukinnar sparifjármyndunar, og út á við var traust þjóðarinnar endurvakið.

Það var hins vegar augljóst, að jafnvægi gat ekki skapazt og haldizt í efnahagsmálunum, nema fylgt væri þeirri stefnu í launamálum, að laun hækkuðu ekki meir en vöxtur þjóðarframleiðslunnar og hækkanir á verði útflutningsafurða leyfðu. Á þessa grundvallarstaðreynd var æ ofan í æ minnt af ríkisstjórninni og samtök launþega og atvinnurekenda hvött til þess að byggja stefnu sína í launamálum á henni.

Því miður hefur ekki verið farið að ráðum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, og þegar á árinu 1961 voru knúðar fram launahækkanir, sem voru langt umfram það,

sem vexti þjóðarteknanna nam. Þá var enn svo stuttur tími liðinn frá upphafi viðreisnaraðgerða ríkisstjórnarinnar, að árangur þeirra var ekki nema rétt að byrja að koma í ljós. Gjaldeyrisstaðan var enn mjög veik, og útflutningsatvinnuvegirnir höfðu ekki rétt við eftir verðfall þýðingarmikilla útflutningsafurða og slæma síldarvertíð á árinu 1960.

Fyrirsjáanlegt var því, að fyrr en varði mundu hinar miklu launahækkanir leiða til hallarekstrar útflutningsframleiðslunnar, minnkandi framleiðslu og gjaldeyrisöflunar og þannig myndast greiðsluhalli við útlönd á nýjan leik. Hér stefndi því til ófarnaðar, ef ekki yrði að gert í tæka tíð. Við þær aðstæður, sem voru ríkjandi hér á landi á árinu 1961, var gengislækkunin í ágúst það ár óumflýjanleg og aðeins viðurkenning á því, að með hinum ótímabæru kauphækkunum var raunverulega búið að fella gengi krónunnar.

Leiddi gengislækkunin og fljótlega til þess, að jafnvægisástand skapaðist á nýjan leik, og var augljósasta sönnun þess, að gjaldeyrisforðinn hélt áfram að vaxa.

En þróunin í launamálum á árinu 1962 og það sem af er þessu ári hefur hins vegar orðið hin sama og áður.

Vegna þess, hversu árið 1962 var í alla staði hagstætt fyrir þjóðarbúskapinn, komu hin óhagstæðu áhrif þessarar þróunar ekki svo mjög fram þegar á því ári, en á þessu ári hefur það hins vegar orðið, og af þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, er ljóst, að þróunin hefur orðið mun óhagstæðari en búizt hafði verið við.

Einkaneyzla hefur aukizt hér um bil helmingi meira en áætlað hafði verið, en þó virðist fjárfesting einkaaðila hafa aukizt enn þá örar. Á meðan þjóðartekjurnar hafa ekki aukizt nema um 4%, hefur samneyzla aukizt um a. m. k. 6% og fjárfestingin um 28%. Hin mikla aukning neyzlu og fjárfestingar hefur svo óhjákvæmilega komið fram í stórauknum innflutningi. Til loka septembermánaðar varð aukning á innflutningi — án skipa — um 27%, miðað við 1962, en á sama tíma hafði útflutningurinn aðeins aukizt um 6%. Þetta leiðir aftur óhjákvæmilega til þess, að niðurstaða á greiðslujöfnuði við útlönd verður óhagstæð á árinu í stað þess að vera hagstæð tvö undanfarin ár.

Þensla í efnahagslífinu hefur vaxið hröðum skrefum undanfarna mánuði, og eftirspurnin eftir vinnuafli hefur farið langt fram úr því, sem hægt hefur verið að sinna. Nýir samningar um launahækkanir hafa verið gerðir með stuttu millibili, en auk þess hafa launagreiðslur umfram samninga aukizt.

Í kjölfar launahækkananna hafa svo siglt miklar verðhækkanir, fyrst og fremst vegna hins nána samhengis, sem er á milli launa í landinu og verðlags landbúnaðarvara. Þannig hafa orðið víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags ásamt stórkostlegri kröfugerð af hálfu flestra hagsmunahópa þjóðfélagsins.

Slík þróun, sem hér hefur orðið, hlaut fyrr eða síðar að leiða til þess, að sverfa tæki að útflutningsframleiðslunni, þar sem hún verður að selja afurðir sínar í harðri samkeppni við erlenda framleiðendur, og hækki framleiðslukostnaður íslenzkra atvinnuvega örar en hjá keppinautunum í öðrum löndum, þá getur það ekki leitt til annars en þess, að þeir verði undir í samkeppninni, geti ekki selt framleiðslu sína og framleiðslustarfsemin stöðvist.

Í framsöguræðu sinni fyrir frumvarpi þessu gerði forsætisráðherra glögga grein fyrir þróuninni undanfarin ár og þeim athugunum, sem ríkisstjórnin hefur látið gera á efnahagsástandinu, en niðurstöður þeirra eru í stuttu máli, að útflutningsatvinnuvegirnir geti ekki staðið undir frekari kostnaðarhækkunum. Það jafnvægi, sem skapazt hafði í efnahagslífinu, hefur nú raskazt og misræmi skapazt vegna launakapphlaups milli starfshópa og víxlhækkana kaupgjalds og verðlags.

Forsætisráðherra gat þess, að athuganir ríkisstjórnarinnar hefðu beinzt að því fyrst og fremst, hvort hægt væri enn að leiðrétta misræmið án svo róttækra aðgerða sem launalækkun eða gengislækkun væri. Taldi hann niðurstöðuna vera þá, að svo væri. Stefna og aðgerðir ríkisstjórnarinnar miðast því við það að tryggja

gengi krónunnar og að slíkt sé framkvæmanlegt, ef takast mætti að stöðva þá þenslu, sem nú ríkir í efnahagslífinu. Kemur hér gleggst í ljós sá mikli árangur, sem náðist í efnahagsmálunum á árunum 1960—1962, en það er einmitt hann, sem skapar grundvöll fyrir því, að þetta geti tekizt.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir launa- og verðlagsstöðvun til 31. desember næstkomandi.

Undanfarið hafa þeir atburðir gerzt, að kröfur hafa komið fram um miklar kauphækkanir og vinnustöðvanir verið boðaðar. Augljóst er, að ef orðið yrði við þeim kröfum, þótt ekki væri nema að hluta, væri hætt við því, að ókleift reyndist að leiðrétta það misræmi, sem skapazt hefði, án þess að breyta genginu. Með frv. er gert ráð fyrir um tveggja mánaða tíma til gaumgæfilegrar athugunar á þessum málum, og verður það að teljast mjög eðlilegt, þegar svo mikið er í húfi fyrir allt efnahagslíf í landinu. Slíkar aðgerðir hafa áður verið gerðar, svo sem t. d. er vinstri stjórnin í ágúst 1956 bannaði með lögum greiðslu 6 stiga vísitöluhækkunar á laun og setti auk þess um fjögurra mánaða skeið launa- og verðlagsstöðvun.

Jafnframt því að nauðsynlegum athugunum verði haldið áfram, hefur af hálfu ríkisstjórnarinnar því verið yfir lýst, að væntanlegar aðgerðir í efnahagsmálunum feli í sér kjarabætur þeim til handa, sem verst eru settir. Mun ríkisstjórnin því nota frestinn til gaumgæfilegrar athugunar á því, hvaða leiðir séu færar til að bæta kjör þeirra, sem lægst eru launaðir, án þess að það leiði til hækkana á verðlagi eða ofþyngi útflutningsframleiðslunni, og verði þannig um raunhæfar kjarabætur að ræða.

Við lítum því svo á, að öll skynsamleg rök mæli með því, að Alþingi veiti þann frest, sem frv. gerir ráð fyrir, til athugunar á því, hvaða leiðir komi hér helzt til greina til hagsbóta fyrir þá, sem verst eru settir.

Alþingi, 4. nóv. 1963.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Axel Jónsson.

Nd. 61. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til laga um launamál o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á einum fundi, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar, þ. e. a. s. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, mælti með samþykkt þess, en undirritaðir eru andvígir frumvarpinu.

Aðalefni frumvarpsins er það, að til 31. desember 1963 skuli óheimilt að hækka kaup, laun, þóknun, uppmælingar- og ákvæðisvinnutaxta eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf frá því, sem um var samið eða greitt, þá er frumvarpið var lagt fram á Alþingi, og er því svo nánar lýst í 1. gr., til hvaða samninga og ákvæða fyrirmælin skuli taka. Sú upptalning er þann veg, að lögfesting frumvarpsins felur í sér raunverulegt bann við öllum launahækkunum, hverju nafni sem nefnast.

Þá er ákveðið, að vinnustöðvanir til að knýja fram breytingar á launum eða breytingar á vinnutíma og öðru, er fela í sér launabreytingar, skuli óheimilar, meðan lögin eru í gildi, og enn fremur, að launahækkanir, sem ákveðnar eru á

tímabilinu frá því frumvarpið er lagt fram og þar til lögin öðlast gildi, skuli vera ógildar og hlutaðeigandi vinnuveitendum óheimilt að hlíta þeim.

Loks eru í 4. gr. ákvæði um, að óheimilt sé að hækka hundraðshluta álagningar á vörum í heildsölu og smásölu og á hvers konar selda vinnu og þjónustu, með nokkrum takmörkunum í 2. málsgrein þeirrar greinar.

Lögbinding kaupsins snertir eigi aðeins launastéttirnar, heldur einnig bændur, því að tekjur þeirra miðast við tekjur annarra vinnandi stétta.

Þegar núverandi ríkisstjórn kom til valda í nóvembermánuði 1959, birti hún yfirlýsingu um þá stefnu, er hún mundi fylgja í stjórnartíð sinni.

Í athugasemdum með stjórnarfrumvarpi til laga um efnahagsmál, sem lagt var fyrir Alþingi 1959—1960, var þessari stefnu lýst og hún áréttuð. Þar segir meðal annars:

„Í stefnuyfirlýsingu þeirri, sem ríkisstjórnin birti, þegar hún tók við völdum í nóvember s. l., taldi hún það höfuðverkefni sitt að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll."

Enn fremur segir þar:

„Er það megintilgangur þeirrar stefnubreytingar, sem ríkisstjórnin leggur til, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna sé skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hafa átt við að búa undanfarin ár."

Og enn segir:

„Það er stefna ríkisstjórnarinnar, að það sé og eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör."

Í framsöguræðu um efnahagsmálafrumvarpið 1960 sagði forsætisráðherra m. a.: „Hins vegar eru engin ákvæði um að lögbinda grunnkaup, enda telur ríkisstjórnin, að það eigi að vera hlutverk samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör." Í sömu ræðu segir forsætisráðherra það vera höfuðtilgang allra þessara aðgerða: „að leitast við að krefjast þeirra einu fórna af þjóðinni, sem með öllu eru óumflýjanlegar til að sporna gegn atvinnuleysinu, og gæta þess jafnframt gaumgæfilega, að þeim verði alls ekki íþyngt, sem minnst hafa burðarþolið."

Viðskiptamálaráðherra sagði við sömu umræðu m. a.: „Meginefni heildartillagna ríkisstjórnarinnar er því annars vegar að leggja traustan grundvöll að heilbrigðu atvinnu- og viðskiptalífi og hins vegar að endurskipta þjóðartekjunum þannig, að byrðarnar, sem bera verður í bráð vegna endurskipulagningar efnahagskerfisins, dreifist af fyllsta réttlæti á þjóðfélagsþegnana. Þetta er sumpart alger þjóðarnauðsyn og sumpart fyllsta réttlætismál."

Framsögumaður meiri hl. fjárhagsnefndar sagði m. a. þetta:

„Okkar markmið er frelsi, þeirra (þ. e. stjórnarandstæðinga) markmið er ríkisafskipti. Milli þessara markmiða og leiða á þjóðin að velja."

Í tilefni af því, að ríkisstjórnin leggur nú fram frumvarp um kaupbindingu, eru þessi ummæli hér rifjuð upp, m. a. til þess að auðvelda samanburð þeirra við lýsingar þær, sem ríkisstjórnin gefur nú af efnahagsástandinu.

Lýsingar þeirra eru í höfuðatriðum á þessa leið:

Innflutningur hefur vaxið of mikið.
Greiðslujöfnuður versnandi.
Of mikil bankaútlán.
Óheillaþróun í launamálum.
Neyzla og fjárfesting meiri en framleiðslan.
Of miklar framkvæmdir.
Sparifjáraukning minnkandi.
Lánsfjáreftirspurn vaxandi.

Horfur á, að gjaldeyrisvarasjóður minnki, þrátt fyrir hækkandi verð á útflutningsvörum.

Þannig lýsir ríkisstjórnin ástandinu í efnahagsmálunum, þrátt fyrir það, að sjávarafli hefur verið meiri en nokkru sinni áður og verðlag á útflutningsvörum hækkandi.

Af þessu og mörgu fleiru, sem fram kom í ræðum ráðherranna við 1. umræðu þessa máls, sést, að jafnvel ríkisstjórnin lítur alvarlegum augum á ástandið, sem stefna hennar hefur skapað.

Ljóst er, að ríkisstjórninni hefur algerlega mistekizt það, sem hún taldi höfuðverkefni sitt, þegar hún kom til valda.

Stjórnin kvaðst ætla að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Það hefur henni ekki tekizt.

Hún kvaðst ætla að stöðva verðbólguna og halda dýrtíðinni í skefjum. Efndirnar hafa orðið þær, að dýrtíðin hefur aukizt stórkostlega og verðbólgan leikur lausum hala.

Hún sagðist ætla að hafa vextina þannig, að hægt væri að fullnægja eðlilegri eftirspurn eftir lánsfé án strangrar skömmtunar. En lánastofnanir hafa aldrei verið fjær því en nú að fullnægja eftirspurn þrátt fyrir háu vextina.

Hún sagði, að það skyldi vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör, en efndirnar eru þær, að nú er flutt frumvarp á Alþingi um lögbindingu kaups.

Hinn 3. júlí s. l. kvað kjaradómur upp úrskurð um laun opinberra starfsmanna. Þar var metið af hlutlausum dómurum, hvað væru hæfilegar launagreiðslur til ríkisstarfsmanna. Að sjálfsögðu hafa þeir ákveðið launin m. a. með hliðsjón af gildi krónunnar til kaupa á lífsnauðsynjum um þær mundir, sem dómurinn var kveðinn upp. En eftir að laun skrifstofumanna hjá ríkisstofnunum og verzlunarfólks hjá ríkisverzlunum hafa verið ákveðin með þessum hætti, flytur ríkisstjórnin frumvarp á Alþingi um að banna einkafyrirtækjum að greiða sínu verzlunar- og skrifstofufólki sömu laun og ríkisstarfsmenn fá fyrir sömu vinnu.

Hvar í veröldinni gæti þetta gerzt annars staðar en á Íslandi?

Ríkisstjórnin kveðst flytja frumvarp sitt um lögbindingu kaups til áramóta, til þess að frestur gefist til athugunar á þeim málum.

Um miðjan júní s. l. var gert samkomulag við verkalýðssamtökin, sem gilti til 15. okt. s. l. Þann 4½ mánuð, sem liðinn er síðan þeir bráðabirgðasamningar voru gerðir, hefði mátt nota betur en gert var til nýrrar samningagerðar. Og hætt er við, að lögbindingaraðferð stjórnarinnar verði síður en svo til að greiða fyrir samkomulagi um kjaramálin.

En hvað tekur við 31. des. n. k., þegar lögin eiga að falla úr gildi?

Við 1. umr. um frv. bar hv. 1. þm. Austurlands, Eysteinn Jónsson, fram áskorun til ríkisstjórnarinnar um, að hún lýsi því yfir, að um næstu áramót mundi hún hverfa frá lögbindingunni, en taka upp aftur þá stefnu að láta félög verkamanna og atvinnurekenda ákveða kaupgjaldið með samningum. Ríkisstjórnin neitaði að gefa yfirlýsingu um þetta. Svar hennar sýnir, að hún telur koma til mála að framlengja lagaákvæðin um bindingu á kaupi launafólks og bænda.

Verðgildi íslenzkra peninga hefur rýrnað ákaflega mikið á valdatíma núverandi ríkisstjórnar. Stjórnin byrjaði feril sinn með óhóflega mikilli gengislækkun snemma á árinu 1960. Til stuðnings þeirri framkvæmd flutti hún m. a. upplýsingar um hag útflutningssjóðs, sem reyndust rangar. Afleiðingar hinnar miklu gengisfellingar urðu gífurlegur vöxtur dýrtíðarinnar. Og stjórnin gerði fleira um þær mundir, sem varð til þess að kynda dýrtíðareldinn. Hún ákvað t. d. mikla vaxtahækkun, og háu vextirnir hafa síðan hvílt eins og mara á atvinnufyrirtækjum og öllum þeim, sem hafa þurft að nota lánsfé til nauðsynlegra framkvæmda. Gengislækkunin hafði í för með sér mikla hækkun á tollum til ríkissjóðs, og stjórnarflokkarnir lögðu á nýjan söluskatt, miklu hærri en þann, sem áður var innheimtur. Mikið af þeim álögum, sem áður fóru í útflutningssjóð til að mæta gjöldum hans,

tók stjórnin í ríkissjóð í stað þess að láta þær falla niður, um leið og lögin um sjóðinn voru felld úr gildi. Hækkun fjölskyldubóta sagði lítið á móti þessum ósköpum. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1964, sem nú liggur fyrir Alþingi, er áætlað, að skattar, tollar og önnur innflutningsgjöld verði meira en þrisvar sinnum hærri á næsta ári heldur en á árinu 1958. Þannig hafa álögurnar til ríkisins margfaldazt á valdatíma núverandi stjórnarflokka.

Í greinargerð með lagafrumvarpi sínu um efnahagsmál árið 1960 sagði ríkisstjórnin, að hækkun framfærslukostnaðar vegna gengisbreytingarinnar yrði aðeins 3%. Síðan þetta var útgefið, hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað, ekki aðeins um 3%, heldur um 44%. Hækkun framfærslukostnaðar er þó miklu meiri hjá öllum þeim, sem hafa keypt eða byggt hús yfir sig á síðustu árum, því að samkvæmt skýrslum hagstofunnar hefur byggingarkostnaður hækkað á tímabilinu frá í febrúar 1960 til júní 1963 um 38.6%, en á vísitölu framfærslukostnaðar er hækkun á húsnæðiskostnaði síðan í febrúar 1960 aðeins reiknuð 8.5%.

Til viðbótar gengislækkuninni miklu árið 1960 ákvað ríkisstjórnin nýja gengisfellingu árið 1961, algerlega að óþörfu. Það var stórkostlegt glappaskot, sem hefur haft mjög óheillavænlegar afleiðingar í efnahags- og atvinnulífinu.

Samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar eru heildarútgjöld „vísitölufjölskyldunnar“ að frádregnum fjölskyldubótum nú kr. 7958.07 á mánuði, og er þá aðeins reiknað með kr. 922.25 í húsnæðiskostnað. En ríkisstjórnin vill ákveða með lögum, að verkamaður fái aðeins 5600 kr. á mánuði fyrir 8 klst. vinnu alla virka daga.

Í októbermánuði 1958 var dagvinnukaup verkamanna í Reykjavík kr. 21.35 á klst. Í marz 1959 var tímakaupið hins vegar kr. 20.67, og hélzt það óbreytt í rúmlega tvö ár. Með þeim samningum við verkalýðsfélögin, sem samvinnufélögin höfðu forgöngu um í júní 1961, hækkaði tímakaupið upp í kr. 22.74 á klst. Það var tæplega 4.1% hærra en það kaup, sem greitt var í okt. 1958. Þannig var kauphækkuninni, sem samið var um í júní 1961, mjög í hóf stillt. Og í þeim samningum var lagður grundvöllur að vinnufriði næstu árin. En þá skeði það stóra óhapp, eins og áður segir, að ríkisstjórnin rauk í að lækka gengið og eyðilagði þessa samninga. Síðan hefur dýrtíðin aukizt með vaxandi hraða, og ríkisstjórnin kemur ekki auga á nein úrræði til lausnar vandanum, en leggur fyrir Alþingi frumvarp um að lögbinda kaup launafólks og bænda.

Eins og áður segir, hefur sjávarafli verið meiri hér á landi síðustu árin heldur en nokkru sinni áður. Sala á útflutningsvörunum gengur mjög greiðlega og verð þeirra hækkandi. Í slíku árferði ætti að vera hægt að borga fólki viðunandi laun. Sé það ekki mögulegt, hljóta menn að álykta, að stjórnin á málefnum þjóðarinnar sé öðruvísi en hún ætti að vera.

Í stað þeirrar lögfestingar á kaupi, sem ríkisstjórnin stefnir að, ber að fara samningaleiðina. Það er óhjákvæmilegt að bæta kjör verkamanna og annars láglaunafólks, og ráðstafanir þarf að gera til þess, að atvinnufyrirtækin geti borgað hærra kaup. Til þess eru ýmsar leiðir, og Framsóknarflokkurinn hefur bent á nokkrar þeirra, t. d. lækkun vaxta, afnám útflutningsgjalda og breytingar á tollum til hagsbóta fyrir framleiðslufyrirtækin. Með slíkum ráðstöfunum mætti bæta hag framleiðslunnar þegar í stað og gera fyrirtækjunum fært að borga hærra kaup. Þá er ákaflega þýðingarmikið að taka vísindin og tæknina í þjónustu atvinnuveganna í ríkara mæli en þegar hefur verið gert, til þess að auka framleiðsluna og hagkvæmni í atvinnurekstrinum. Á þennan hátt á að auka þjóðartekjurnar.

Við teljum, að mikill fjöldi manna sé rangindum beittur með ákvæðum frumvarpsins, ef lögfest verða, og að sú aðferð, sem þar er viðhöfð, muni torvelda og tefja fyrir sanngjarnri lausn í kaupgjaldsmálum. Við teljum ósæmilegt að beita slíkum aðferðum og hindra þannig allar lagfæringar á kaupi hjá mörgu láglaunafólki, sem hefur brýna þörf fyrir kjarabætur vegna mikillar og sívaxandi dýrtíðar.

Öllum má vera ljóst ranglætið, sem hér er framið, þegar litið er til þess, að margir tekjuháir menn hafa fengið verulegar launahækkanir á þessu ári.

Það er tillaga okkar, að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 4. nóv. 1963.

Einar Ágústsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um varnir byggðanna í Álftaveri og Vík í Mýrdal gegn hugsanlegu tjóni af völdum Kötluhlaups.

Flm.: Ragnar Jónsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta undirbúa og hefja þegar á næsta ári nauðsynlegar aðgerðir til varnar mannvirkjum og gróðurlöndum í Álftaveri og Vík í Mýrdal með tilliti til hugsanlegs Kötluhlaups, á grundvelli þeirra athugana, sem þegar hafa verið framkvæmdar og fyrir liggja.

Greinargerð.

Katla hefur gosið 16 sinnum eftir landnámstíð. Fyrsta gosið, sem vitað er um, varð árið 894, en hið síðasta haustið 1918, svo sem kunnugt er.

Oftast hefur Katla gosið tvisvar á öld, og hefur ætíð fylgt gosunum mikið öskufall og jökulhlaup.

Í Vestur-Skaftafellssýslu hafa Kötlugosin lagt fjölda jarða í eyði, grafið grónar lendur undir jökulaur og sandi, eitrað gróður og grandað búfé bænda.

Eftir því sem Katla hefur hagað sér um aldaraðir, má fara að búast við gosi hvenær sem er úr þessu. Hvert gos boðar mikla vá. Ávallt hafa Kötlugosin valdið miklu tjóni, en þó misjafnlega miklu. Þótt ekki sé hægt að spá um það, hvernig næsta gos muni haga sér, ef það brýzt út, er þó öruggt, að því fylgir jökulhlaup, sem ryðjast mun fram Mýrdalssand til sjávar. Álftaverið yrði að öllum líkindum umflotið og vegurinn yfir Mýrdalssand ófær yfirferðar um lengri eða skemmri tíma.

Fyrir nokkrum árum var gerður flugvöllur í Álftaveri, m. a. með tilliti til þessa. Gæti svo farið, að einu samgöngumöguleikar Álftveringa yrðu um þennan flugvöll um tíma. Það er því mikils um vert, að hann verði gerður svo öruggur gegn jökulhlaupi sem unnt er.

Að beiðni samgöngumálaráðherra hefur verkfræðingur frá vegamálaskrifstofunni gert þarna nokkrar athuganir. Þær athuganir benda til þess, að þarna megi með tiltölulega litlum kostnaði reisa þær varnir, sem að gagni megi verða. Er þar um að ræða varnargarða á tveim stöðum. Enn fremur virðist mega auka allverulega á öryggi Álftaversins með nýjum varnargarði við ána Skálm.

Meginhluti Víkurkauptúns í Mýrdal stendur, eins og kunnugt er, á lágri sléttu austan við Reynisfjall. Öll nýbyggðin, sem risið hefur upp hin síðustu ár, er að heita má á þessari sléttu, aðeins fáa metra ofan við sjávarmál. Er þetta eðlileg afleiðing þess, að landið hefur færzt mjög fram eftir síðasta Kötlugos, sandfokinu af fjörunni hefur að mestu verið bægt frá og gróðurlandið aukizt að mun.

En séu heimildir um Kötlugosin athugaðar, sést, að jökulhlaupin hafa mjög oft komizt alla leið vestur að Reynisfjalli og fært í kaf land það, sem kauptúnið í Vík stendur nú á. Þarf ekki að lýsa því, hver voði það væri, ef þetta ætti eftir að endurtaka sig. Þótt naumast sé gert ráð fyrir, að jökulhlaup komi svo skyndi-

lega, að mannslífum ætti beinlínis að vera hætt í þorpinu, geta mikil verðmæti verið í veði. Er því óhjákvæmilegt að gera allar þær ráðstafanir til varúðar, sem tiltækilegar þykja.

Að tilhlutan samgöngumálaráðherra gerði verkfræðingur frá vegamálaskrifstofunni, sá hinn sami sem gerði tillögur um varnir Álftaversins, athuganir á því síðastliðið sumar, hvað gera mætti til öryggis, ef hugsanlegt Kötluhlaup leitaði vestur með Víkurhömrum í átt til Víkurkauptúns. Leiddi þetta í ljós, að 320 metra garður, sem ýtt yrði upp í skarði því, sem þjóðleiðin liggur um milli Höfðabrekkuháls og svokallaðs Höfðabrekkujökuls, mundi veita mjög mikla vörn. Stuttur garður við Víkurklett, sem er skammt austan við kauptúnið, mundi og auka á vörnina, ef hann yrði byggður jafnframt. En um fyrrnefnt skarð hafa flóðin oftast farið á undanförnum öldum. Þó varð það ekki í gosinu 1918, en munaði mjög litlu að sögn kunnugra manna.

Okkur flutningsmönnum þáltill. þessarar hefur skilizt, að þegar farið var að byggja að ráði niðri á sléttunni í Vík, hafi þáverandi skipulagsstjóri lagt til, að sem fyrst yrði hafizt handa um varnir gegn Kötluhlaupum. Af framkvæmdum hefur ekki orðið til þessa. Er hér um stórmál að ræða, og getur heill og hamingja fjölda fólks oltið á því, hvernig framkvæmd þess verður.

Sþ. 63. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um athuganir og framkvæmdir til samgöngubóta á Fjallabaksleið hinni nyrðri.

Flm.: Ragnar Jónsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta ári undirbúa og hefja framkvæmdir til vegabóta og brúargerða á Fjallabaksleið hinni nyrðri.

Greinargerð.

Fjallabaksleið hin nyrðri hefur af mörgum verið talin ein fegursta öræfaleið á Íslandi. Er hún, sem kunnugt er, farin af miklum fjölda skemmtiferðafólks á ári hverju. Straumur innlendra og erlendra ferðamanna til hinna fögru staða, sem að Fjallabaksleið liggja, vex stöðugt. Þarna hefur vegur verið ruddur, og er hann lagfærður lítillega ár hvert. Er leiðin því nokkurn veginn greiðfær um sumartímann öllum bifreiðum með tvöföldu drifi.

En vegurinn að Fjallabaki þarf að verða meira en skemmtiferðaleið. Þarna var um aldir aðalsamgönguleiðin milli Rangárvallasýslu og austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu, og þannig var það allt fram á fyrstu áratugi þessarar aldar. Breyttist þetta fyrst, er vatnsföll sunnan fjalla voru brúuð og vegir lagðir þar.

Með tillögu þessari er til þess ætlazt, að þær umbætur verði gerðar á umræddri leið, að hún verði vel nothæf fyrir þyngri flutningstæki í neyðartilfellum, ef vegurinn vestur yfir Mýrdalssand skyldi lokast um tíma vegna náttúruhamfara. En það hefur oft gerzt.

Eins og búskap er nú háttað víðast hvar á landi hér, er öll afkoma fólksins háð því, að samgöngur geti verið greiðar. Komi truflanir þar á, veldur það miklum óþægindum og jafnvel stórtjóni.

Verði Fjallabaksleiðin lagfærð þannig, að hún þoli þungaflutninga um takmarkaðan tíma, getur hún án efa forðað frá vandræðum. Er því mikils um vert fyrir það fólk í Vestur-Skaftafellssýslu, sem á heima fyrir austan Mýrdalssand, að fljótlega verði hafizt handa um framkvæmdir á umræddri leið, m. a. með því að byggja brýr á Jökulkvísl nálægt Landmannalaugum og Ófæru á Skaftártunguafrétti. En báðar eru þessar brýr litlar.

Ed. 64. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til laga um launamál o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hélt einn fund til þess að ræða þetta stjórnarfrumvarp. Strax kom í ljós, að samkomulag gat ekki orðið í nefndinni um afgreiðslu þess. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar (ÓB, JÞ, MJ) héldu því fram, að efri deild eigi að samþykkja frumvarpið óbreytt. Undirritaðir töldu aftur á móti, að deildin eigi að fella það. Klofnaði þess vegna nefndin og skilar tveim álitum.

Við tveir, sem minni hlutann skipum, teljum afar ranglátt og mjög óheillavænlegt, að Alþingi setji slík þvingunarlög, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Frumvarpið felur í sér brot á samskiptareglum, sem þjóðfélagið hefur bæði hefðbundið í framkvæmd og löghelgað. Það leysir engan vanda, en skapar ófriðarástand innan þjóðfélagsins, eins og þegar er í ljós komið, enda griðrof gagnvart fjölmennustu stéttum þjóðarinnar: verkalýð, verzlunarfólki, bændum og sjómönnum.

Frumvarpið er um bindingu kaupgjalds, óhreyfanlega til hækkunar, tvo síðustu mánuði þessa árs og algert bann við vinnustöðvunum sama tíma.

Hvort tveggja er fordæmalaust í löggjöf landsins. Það, sem af stuðningsmönnum þess hefur helzt verið á bent til samanburðar, nær ekki samanburði og er villandi.

Til málamynda eru í frumvarpinu ákvæði gegn hækkun vöruverðs og þjónustugjalda, en með þannig fyrirvörum, að ekkert hald er í ákvæðunum: þau eru eins og teygjubönd, sbr. síðari málsgr. 4. gr.

Fólkinu, sem kaupbindingin bitnar á, skal fjötruðu kastað í ljónagryfju dýrtíðarinnar.

Aftur á móti eru þeir stóru starfsmannahópar, sem nýlega eru búnir að semja um kauphækkun fyrir sig, öðruvísi og betur settir, þó að þeir vafalaust gleðjist ekki yfir meðferðinni á hinum, sem í gryfjuna á að kasta.

Einn helzti rökstuðningur við framsögn fyrir frumvarpinu var á þessa leið: **Þegar allir krefjast kauphækkunar og fá hana, þá fær enginn kjarabót.**

Samkvæmt þessum rökstuðningi á að binda kaup þeirra, sem enn hafa ekki fengið hækkun, til þess að kauphækkun hinna verði fullkomnari kjarabót.

Misréttið eitt út af fyrir sig gerir frumvarpið óalandi, þótt ekki hefði annað verið líka.

Ákvæði frv. eiga skv. hljóðun þess að vera þegar búin að öðlast lagagildi. Þau eiga að hafa fengið það strax og frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Þetta er ein af furðum frumvarpsins. Menn geta orðið sekir skv. því, — og eru það þá líka einhverjir og ekki svo fáir eftir viðburði síðustu daga, — þó að frumvarpið hafi enn þá ekki verið afgreitt sem lög frá Alþingi — og farið hafi verið á þessum dögum að gildadi landslögum. Hvaða vit er þetta?

Í nefndaráliti flokksbræðra okkar, framsóknarmannanna Einars Ágústssonar og Skúla Guðmundssonar, minni hl. fjárhagsnefndar neðri deildar, á þskj. 61, er greinagóður rökstuðningur fyrir því, að núverandi stjórnarstefna á sök á því efnahagsástandi, sem skelfir nú orðið höfund sinn, ríkisstjórnina, svo að hún grípur í fáti til þess óráðs að bera fram þetta frumvarp, sem gerir vont verra.

Er í nefndarálitinu ýtarlega — og með tölulegum tilvitnunum — rakin sú staðreyndasaga, og leyfum við okkur að skírskota til hennar án þess að endurtaka hana hér.

Þótt ríkisstjórnin og baráttulið hennar segði fyrir alþingiskosningarnar s. l. vor, að stefna sín, Viðreisnarstefnan, sem stjórnin kallar, hefði lánazt mjög vel og allt væri í himnalagi hjá sér, — og fengi út á þær óskammfeilnu skýrslur sínar meiri hluta — nauman að vísu, — þá þarf enginn að efast um, að **nú** segir ríkisstjórnin satt, að hún er í miklum erfiðleikum. Hið sjálfvirka efnahagskerfi, sem hún upphaflega hugðist skapa, er að hrynja. Einstakt góðæri frá náttúrunnar hendi í afla-

brögðum og fleiru hrekkur ekki lengur til að halda kerfinu uppihangandi eða fela galla þess.

En hinir miklu erfiðleikar réttlæta samt engan veginn það frumvarp um kaupbindingu láglaunafólks og afnám samningafrelsis, sem hér liggur fyrir. Undirokun stétta á Íslandi er fjarstæða úr fortíð, þó að höfundar frumvarpsins virðist ekki telja, að svo sé. Þeir tala að vísu um bindingartímann — þessa tvo síðustu mánuði af árinu — sem einhvers konar umþóttunartíma. En aðspurðir um það, hvort treysta megi því, að kaup og kjör verði eftir 31. des. 1963 látin lúta frjálsum samningum, segja þeir, að ekkert vit sé í að lýsa því yfir, meðan málið sé í rannsókn, og óvarlegt að fullyrða nokkuð um það á þessu stigi. Er því allt í óvissu um þetta, að öðru leyti en því, að ljóst er, að framlenging bindingarinnar þykir geta komið til greina, enda er hún við nána athugun í samræmi við Viðreisnarstefnuna, sem miðar að misréttis- og misskiptingarþjóðfélagi.

Nú stendur þannig á, að verkalýðssamtökin veittu ríkisstjórninni umþóttunartíma í þessum efnum frá því um miðjan júní s. l. til 15. október. Þann tíma hagnýtti ríkisstjórnin ekki og hafði þó beðið um hann og nefnt veitingu hans til staðfestingar af sinni hálfu í viðhafnarstíl: **„Þjóðhátíðarsamkomulag“.**

Á þessum biðtíma verkalýðsins fengu aðrir, svo sem: starfsmenn ríkisins (með kjaradómi) stórhækkuð laun, starfsmenn Reykjavíkurborgar ekki minni hækkanir, svo og starfsmenn sumra annarra bæjarfélaga, blaðamenn, bankamenn o. fl.

Þegar 15. okt. var kominn, buðu forustumenn verkalýðssamtakanna ríkisstjórninni framlengingu á biðtímanum um 10—14 daga, ef hún vildi á þeim dögum, að loknu fjögra mánaða tóminu, beita sér fyrir frjálsum samningum um kjarabætur. Því boði hafnaði ríkisstjórnin, en lagði þess í stað fram á Alþingi frumvarp þetta um bann við frjálsum samningum um kjarabætur.

Augljóst er, að hér er freklegu ranglæti beitt, grið rofin á hinum lægra launuðu í þjóðfélaginu, stofnað til óþolandi misréttis innan þjóðfélagsins og ófriðarbál kveikt, sem enginn veit, hve miklu tjóni kann að valda þjóðhagslega og sambúðarlega.

Ríkisstjórnin, sem hefur þannig hafnað leið frjálsra samninga, líkist manni, er lent hefur í sjóinn, hrindir frá sér bjarghring, en reynir þess í stað að skríða upp á tundurdufl.

Væri henni þetta að vísu sjálfrar sín vegna frjálst, ef hún gerði það ekki í umboði þjóðarinnar og á hennar kostnað.

Við undirritaðir teljum, að þó að illa sé komið efnahagsmálunum, megi ekki eiga sér stað það ranglæti, sem með frumvarpi þessu á að fremja, enda ekkert úrræði.

Við teljum, að eftir leið hinna frjálsu samninga verði að skapa heildarsamræmi í launamálum, þ. e. rétt launahlutfall.

Við teljum, að einbeita verði kröftum þjóðarinnar og þjóðfélagsins til þess að gera atvinnuvegina þess megnuga að greiða það kaupgjald, sem samræmingin leiðir af sér.

Við teljum, að þetta hljóti að vera hægt í okkar að mörgu leyti mjög gjöfula landi, þrátt fyrir það, hvernig sakir standa nú, — hægt með því að leggja af alefli áherzlu á: **aukna framleiðslu og framleiðni og góða hagnýtingu þess, sem aflað er,** — svo og með lækkun innflutningsgjalda af vörum, sem þjóna þessum markmiðum, og með hagfelldri lánastarfsemi, afnámi útflutningsgjalda, afnámi launaskatts bænda o. fl. því líku.

Af framangreindum ástæðum og fleirum, sem getið verður í framsögu, leggjum við eindregið til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 7. nóv. 1963.

Karl Kristjánsson, frsm. Helgi Bergs.

Ed. 65. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um launamál o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggjum við undirritaðir til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en tveir nm., þeir HB og KK, tjá sig frv. andvíga og munu skila séráliti.

Að okkar áliti er vandi sá, sem við er að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar, einkum í tvennu fólginn. Í fyrsta lagi hafa orðið meiri verðhækkanir en æskilegt er frá sjónarmiði heilbrigðrar efnahagsþróunar, en orsök verðhækkananna er fyrst og fremst sú, að meiri almennar launahækkanir hafa átt sér stað en svarar vexti þjóðarframleiðslunnar, og því ekki getað leitt til samsvarandi kjarabóta.

Í öðru lagi hefur hin almenna launaþróun síðustu ára verið hinum lægst launuðu í óhag. Launakjör ófaglærðra verkamanna og annarra, er þeim eru hliðstæðir, hafa dregizt aftur úr miðað við launakjör annarra.

Að okkar áliti ber brýna nauðsyn til þess, að ráðstafanir verði sem fyrst til þess gerðar að rétta hlut þessara aðila. Stjórnarandstæðingar segja, að einfaldasta leiðin til þess sé sú að hækka til muna kaup þessara starfsstétta. En tvenns konar hængur er þar á að okkar áliti. Í fyrsta lagi mundi sú kauphækkun valda tilfinnanlegri hækkun tilkostnaðar í ýmsum greinum útflutningsframleiðslunnar, er höllum fæti standa. Er þá sú hætta yfirvofandi, að ekki yrði komizt hjá gengisbreytingu eða hliðstæðum ráðstöfunum, sem rýra mundu eða gera að engu þær kjarabætur, sem í kauphækkununum fælust. Í öðru lagi er síður en svo trygging fyrir því, að kauphækkanir þær, er um semdist, mundu rétta hlut láglaunafólksins miðað við aðra. Þvert á móti hefur reynslan því miður sýnt það og ekki sízt síðustu misseri, að í kjölfar kauphækkana til láglaunafólks hafa siglt enn meiri kauphækkanir til annarra.

Með tilliti til þeirrar bitru reynslu, sem í þessu efni er fengin af því, að með samningum atvinnurekenda og launþega hefur ekki reynzt unnt að rétta hag hinna lægst launuðu, teljum við óhjákvæmilegt, að leitað sé nýrra úrræða í því efni. Hér er þó um flókið vandamál að ræða, sem örugg lausn verður ekki á fundin, nema tími gefist til gaumgæfilegra athugana á því, hvaða ráðstafanir komi til greina og hvernig bezt verði tryggt, að þær nái tilgangi sínum. Ef samið yrði um óraunhæfar kauphækkanir, áður en tími vinnst til þess að framkvæma þessar athuganir, er hætta á, að gengisbreyting eða hliðstæðar ráðstafanir til hjálpar útflutningsatvinnuvegunum yrðu óumflýjanlegar.

Við teljum því óhjákvæmilegt, að gerðar verði þær ráðstafanir, sem í frv. felast, þannig að vinnast megi tóm til þess að undirbúa aðgerðir, er leiði til raunhæfra kjarabóta fyrir þá, er mesta þörf hafa fyrir það að fá efnahagslega afkomu sína bætta.

Alþingi, 7. nóv. 1963.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Nd. 66. Frumvarp til laga [61. mál]

um heftingu sandfoks og græðslu lands.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Gísli Guðmundsson.

I. KAFLI
Um markmið og stjórn Sandgræðslu Íslands.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að hindra eyðingu gróðurs og græða upp sanda, mela og aura til aukinna landsnytja í heimalöndum og afréttum, þar sem um er að ræða samfelld svæði, svo og að bæta vangróin beitilönd með þeim ræktunaraðgerðum, sem bezt reynast hverju sinni um framkvæmd og árangur.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar sandgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, enda lýtur sandgræðslustjóri yfirstjórn hennar við hlið búnaðarmálastjóra, en landbúnaðarráðherra hefur á hendi æðstu stjórn þessara mála. Sandgræðslustjóri skal auk venjulegs búnaðarnáms hafa lokið háskólaprófi í fræðum um gróðurvernd og græðslu lands. Landbúnaðarráðherra skipar enn fremur sandgræðsluverði eftir þörfum að fengnum tillögum sandgræðslustjóra. Sandgræðsluverðir skulu auk búfræðimenntunar hafa aflað sér starfsæfingar við þau verklegu störf, sem Sandgræðsla Íslands hefur með höndum. Sandgræðslustjóra sé heimilt að ráða eftirlitsmenn með þeim sandgræðslugirðingum, sem honum og sandgræðsluvörðunum er örðugt að hafa eftirlit með.

3. gr.

Aðsetur Sandgræðslu Íslands skal vera Gunnarsholt á Rangárvöllum, sem jafnframt er bústaður sandgræðslustjóra.

4. gr.

Sandgræðslustjóri skal með aðstoð sandgræðsluvarða hafa eftirlit með landi því, sem þegar hefur verið tekið til sandgræðslu, svo og eftirlit með því landi í byggð, sem komið er í sand eða hætta er á að eyðist, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til varnar.

Hann skal einnig ásamt sandgræðsluvörðum hafa eftirlit með öllum afréttarlöndum að því er varðar gróður og beit. Telji hann hættu á, að land kunni að fara í örtröð eða gróðri að hnigna til mikilla muna sökum ofbeitar, skal hann gera tillögur til varnar því og leggja þær fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands til umsagnar, en síðan sé þeim vísað til landbúnaðarráðuneytisins og hlutaðeigandi sýslunefndar.

5. gr.

Sandgræðslustjóri og sandgræðsluverðir taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi opinberra starfsmanna.

II. KAFLI
Um heftingu sandfoks og græðslu sanda.

6. gr.

Sandgræðslan skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem tekið er til græðslu til heftingar sandfoks:

1. Með því að landeigendur afsali sér landinu með samningi í hendur sandgræðslunnar til svo langs tíma sem þurfa þykir að áliti sandgræðslustjóra, en hafa

skulu landeigendur forgangsrétt að landsnytjum gegn sanngjörnu gjaldi, er svo fer fram um græðsluna, að sandgræðslustjóri telur slíkt ráðlegt.

2. Með eignarnámi, ef nauðsynlegur umráðaréttur á landi fæst ekki með öðru móti. Fer þá um eignarnám samkv. ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Við töku lands með eignarnámi eða á annan hátt skal ávallt leita samþykkis landbúnaðarráðuneytisins að fengnum rökstuddum tillögum sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands. Einnig skal afhenda ráðuneytinu samrit af öllum öðrum samningum, sem sandgræðslan gerir um umráð lands til græðslu.

7. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, leir, mel, fræ, þökur og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á.

8. gr.

Nú setur maður girðingu fast við sandgræðslugirðingu eða áfasta henni, og skulu þá hlið vera á henni eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunni og fara með henni til eftirlits.

9. gr.

Sandgræðslugirðingar skulu minnst vera sexfaldar gaddavírsgirðingar, eða úr öðru efni, jafntryggar til vörzlu. Þær skulu vera svo vandaðar að öllum frágangi, að þær séu vel fjárheldar að dómi hlutaðeigandi héraðsráðunautar.

Verði eigi hjá því komizt að leggja sandgræðslugirðingu yfir alfaraleið, skal vera hlið á girðingunni, og skal það vera ristarhlið, ef um verulega umferð er að ræða, nema hentara þyki að girða meðfram veginum. Skylt er vegfarendum að loka hliðum, er til þess eru gerð. Varðar sektum, ef út af er brugðið.

Að öðru leyti er umferð stranglega bönnuð um öll sandgræðslusvæði nema með leyfi sandgræðslustjóra og hlutaðeigandi sandgræðsluvarðar, og ef út af er brugðið, varðar það sektum. Ef girðing skaddast eða slaknar, svo að hætta er, að hún haldi eigi fé, skal sá, er þess verður var, gera hlutaðeigandi sandgræðsluverði aðvart um gallana.

10. gr.

Þegar land, sem Sandgræðsla Íslands hefur tekið til græðslu með frjálsu samkomulagi, er svo vel gróið að dómi sandgræðslustjóra, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi sandgræðslunnar, skal afhenda það aftur eigendum þeirra jarða, sem í hlut eiga, sbr. 6. gr. tölulið 1, en setja skal sandgræðslustjóri þá reglur um notkun landsins og hafa eftirlit með því, ef þurfa þykir.

Nú selur ríkissjóður land, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og skal þá eigandi jarðar þeirrar, er land hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt að því. Noti einhver eigi forkaupsrétt sinn, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, um forkaupsrétt á jörðum.

11. gr.

Nú á ríkið land það, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og getur Sandgræðsla Íslands þá afhent það ábúendum, ef landið hefur verið í notum einstakra bænda, eða sveitarfélögum, ef landið hefur verið í notum sveitarfélaga, enda skal sveitarfélögum skylt að taka við landinu með þeim kvöðum, sem því fylgja samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sem ekki hefur verið tekið til friðunar og græðslu samkv. 6. gr., og sendir hann þá Sandgræðslu Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlega skýrslu um aðstæður allar. Skýrslan sé staðfest af hlutaðeigandi héraðsráðunaut í jarðrækt. Lætur þá sandgræðslustjóri athuga landið og gerir tillögur um framkvæmd verksins, kostnaðaráætlun og annað, sem að því lýtur. Tekur hann síðan ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að ¾ greiddur úr ríkissjóði, en ¼ af landeigenda, og skal ábyrgð hrepps eða sýslu fengin fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna.

13. gr.

Falli niður greiðsla á gjaldi því, er landeiganda ber að greiða samkv. 12. gr., getur ráðherra látið taka foksvæðið eignarnámi samkv. 6. gr. ásamt eignarhluta landeiganda í þegar gerðum umbótum.

14. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefur aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkv. 10. eða 11. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

Vanræki hann nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur sandgræðslustjóri rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist.

15. gr.

Nú kemst búpeningur inn á sandgræðslusvæði, sem girt er fullgildri og ógallaðri girðingu, og er þá hlutaðeigandi sandgræðsluverði eða umsjónarmanni heimilt að reka peninginn í nærliggjandi land, enda sé um ógirtan bithaga að ræða. Hið sama gildir um óskipta bithaga, sem að sandgræðslusvæði liggja, þótt girtir séu, enda séu líkur til, að peningurinn sé þaðan kominn. Verði því eigi við komið að hreinsa sandgræðsluland af ágangspeningi á þennan hátt, skal kyrrsetja fénaðinn og tilkynna það eigendum.

Komist sömu skepnur þrásinnis inn á sandgræðslusvæði og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðsluvörður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga skepnunum á kostnað eiganda.

III. KAFLI

Um sandgræðslu á vegum hreppa og félaga.

16. gr.

Hreppsfélög og félög einstakra bænda geta efnt til sandgræðslu í samráði við Sandgræðslu Íslands. Skal þá sandgræðslustjóri eða hlutaðeigandi sandgræðsluvörður stjórna öllum framkvæmdum við græðsluna, og skal landið vera í vörzlu og forsjá sandgræðslunnar eins lengi og sandgræðslustjóri telur nauðsynlegt.

17. gr.

Girðingar um land, sem tekið er til græðslu samkvæmt 16. gr., hlíta sömu ákvæðum og sandgræðslugirðingar, sbr. 8. og 9. gr., og að öðru leyti gilda um slíka græðslu, eftir því sem við á, ákvæði í II. kafla þessara laga.

18. gr.

Um kostnað við sandgræðslu og um afhendingu lands að lokinni græðslu, sem framkvæmd er samkvæmt 16. og 17. gr., gildir hið sama og um sandgræðslu á löndum í einkaeign, sbr. II. kafla laga þessara, 12. og 13. gr.

IV. KAFLI

Um eflingu gróðurs í afréttum og úthögum.

19. gr.

Auk venjulegrar sandgræðslu, sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla laga þessara, skal Sandgræðsla Íslands á komandi árum vinna að því að efla gróður á samfelldum svæðum, í afréttum og úthögum. Skal það fyrst og fremst gert í samvinnu við þá aðila, sýslufélög, hreppsfélög, fjallskilafélög og félög einstakra bænda, er hafa sameiginlegra hagmuna að gæta um hagbeit og fénaðarferð, enda leggi slíkir aðilar fram eigi minna en ¼ kostnaðar við framkvæmdirnar.

Einnig skal sandgræðslan taka til friðunar og ræktunar samfelld stór sandsvæði og auðnir, þótt eigi sé um fokhættu að ræða, sem eru þannig í sveit sett, að ræktun þeirra getur orðið til varanlegra hagsbóta í framtíðinni.

20. gr.

Sandgræðsla Íslands skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og jarðvegsrannsóknardeild búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans gera fyrir árslok 1963 tíu ára áætlun um framkvæmdir samkvæmt 19. gr. Skulu í áætlun þessari valin og tilgreind þau svæði, sem nauðsynlegast telst að taka til bættrar græðslu og mestar líkur eru fyrir að skili góðum árangri.

Sandgræðslustjóri ákveður, hvaða svæði skuli tekin til græðslu árlega, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og eftir því, sem framlög fást frá þeim aðilum, er í hlut eiga og slíkra framkvæmda vilja njóta.

21. gr.

Fjár til framkvæmda samkvæmt 19. og 20. gr. skal aflað samkvæmt því, sem greint er í VIII. kafla þessara laga. Kostnað við slíkar hagabætur má eigi greiða af fé því, sem veitt er til sandgræðslu á fjárlögum ár hvert, til framkvæmda samkvæmt II. og III. kafla laganna.

V. KAFLI

Um athugun og eftirlit á afréttum.

22. gr.

Sandgræðslustjóri, hlutaðeigandi sandgræðsluvörður og héraðsráðunautur skulu fylgjast sem bezt með notkun afrétta í héraði hverju um land allt, með það fyrir augum sérstaklega, að hverju fer um gróður og beitarþol landsins.

Héraðsráðunautum í búfjárrækt er skylt að fylgjast með fjölda þess búfjár, sem í afréttum gengur, svo og vænleika þess og afurðum.

23. gr.

Ef eftirlit það, sem um getur í 22. gr., leiðir í ljós, að ofsett er á afréttarland, svo að hætta sé á gróðurfarsspillingu eða uppblæstri sökum ofbeitar, skulu þessir aðilar tilkynna það skjallega sýslunefnd þeirri, er í hlut á, og rökstyðja álit sitt og tillögur til úrbóta.

24. gr.

Nú gerir sandgræðslustjóri kröfu um ítölu, og fer þá um það samkvæmt ákvæðum laga um ítölu.

25. gr.

Nú hafa verið sett ákvæði um ítölu búfjár samkvæmt kröfu sandgræðslustjóra, og skal hann þá ásamt hlutaðeigandi hreppstjóra hafa eftirlit með, að ákvæðunum sé framfylgt, svo að til úrbóta verði.

VI. KAFLI

Um spjöll á gróðri og fokhættu.

26. gr.

Þegar mælt er fyrir og gerðar áætlanir um mannvirki, svo sem vegi, brýr, stíflugarða, hafnir og fyrirhleðslur, skal ávallt hafa hugfast að haga framkvæmdum þannig, að sem minnst sé spillt gróðri og losað um svörð, svo að valdið geti uppblæstri og grefti vatns.

27. gr.

Verði eigi komizt hjá jarðraski, sem ætla má að geti valdið frekari spjöllum af vindi og vatni, ef eigi er að gert, skal hafa samráð við sandgræðsluna um aðgerðir til að afstýra slíkum spjöllum, þegar að loknu verki, með því að græða sár jarðar á þann hátt, er sandgræðslustjóri eða hlutaðeigandi sandgræðsluvörður telur hyggilegt. Kostnaður við slíka græðslu telst með kostnaði við mannvirkjagerð þá, sem um er að ræða.

28. gr.

Nú hefur verið vanrækt að gera að jarðraski, sem orðið hefur við gerð mannvirkja, svo að veldur uppblæstri eða hætta af foki er fyrirsjáanleg, og skal þá sandgræðslustjóri fyrirskipa þær aðgerðir um græðslu, sem hann telur nauðsynlegar, en fáist ekki aðgert, skal hann láta girða og græða svo sem með þarf á kostnað þess aðila, er valdur var að jarðspjöllunum. Gilda um gerð girðinga og athafnir vegna slíkrar græðslu sömu ákvæði og um venjulegar sandgræðslugirðingar og sandgræðslusvæði, sbr. 7.—9. gr. laga þessara.

VII. KAFLI

Um tilraunastarfsemi og rannsóknir.

29. gr.

Rannsóknir og tilraunastarf í þágu Sandgræðslu Íslands heyrir undir tilraunaráð jarðræktar eins og önnur mál, er jarðrækt varða. Sandgræðslustjóri skal eiga sæti í tilraunaráði.

30. gr.

Tilraunir og athuganir í þágu sandgræðslu til þess að afla hagnýtrar fræðslu á því sviði skulu gerðar í Gunnarsholti og á öðrum þeim stöðum, er bezt henta, eftir því sem tilraunaráð ákveður.

VIII. KAFLI

Um öflun fjár til sandgræðslu.

31. gr.

Á allar vínvörur til drykkjar, sem seldar eru um hendur Áfengisverzlunar ríkisins, skal leggja gjald, er nemi 5 krónum á lítra af áfengi, í því formi, sem það er selt og afgreitt frá verzluninni. Gjaldið innheimtist með verði vínsins án kostnaðar fyrir Sandgræðslu Íslands, og stendur Áfengisverzlun ríkisins sandgræðslunni skil á gjaldinu ársfjórðungslega.

32. gr.

Fé því, sem innheimtist samkvæmt 31. gr. laga þessara, skal fyrst og fremst varið til græðslu og gróðurbóta samkvæmt IV. kafla laganna, þeirra sem fé er lagt til frá hlutaðeigandi aðilum, sbr. 19. gr., svo og til ræktunar á samfelldum sandsvæðum, sbr. sömu gr. Skulu þau svæði ganga fyrir, þar sem landþrengst er til beitar og búskapar, brjóti það eigi í bága við skipulagðar framkvæmdir sandgræðslunnar.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

33. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 500—10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið að hætti opinberra mála.

34. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sandgræðslu eða einstök atriði hennar samkvæmt lögum þessum.

35. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 15. febr. 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og sandgræðslu, lög nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og lög nr. 76 10. nóv. 1943, um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Greinargerð.

Flm. þessa frv. fluttu á næstsíðasta Alþingi (1961—1962) samhljóða frv. til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands. Var frv. þá nokkuð ýtarlega rætt við 1. umræðu. Síðan var því vísað til landbúnaðarnefndar neðri deildar. Minni hl. nefndarinnar mælti með frv., en meiri hl. skilaði ekki nefndaráliti. Málið komi ekki til 2. umræðu.

Frv. er samið af sandgræðslunefnd, sem skipuð var árið 1957 af þáv. landbúnaðarráðherra, Hermanni Jónassyni. Fyrir þrem árum gerði sandgræðslunefnd nokkra breytingu á frv. sínu, og er það hér flutt að mestu eins og nefndin gekk frá því. Þetta er í fimmta sinn, sem málið er flutt hér á Alþingi, og má þykja kominn tími til, að það hljóti afgreiðslu.

Við flm. gerðum í lengstu lög ráð fyrir, að ríkisstjórnin flytti málið, svo sem bezt hefði hæft, en sú von hefur brugðizt. En sakir þess, hversu þetta mál er gagnmerkt og nauðsyn brýn að knýja það fram til úrslita, telja flm. sér bæði rétt og skylt að flytja það enn á ný í von um, að samstaða náist á Alþingi um meginatriði þess.

Á undanförnum áratugum hefur verið að því unnið og með góðum árangri að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs af völdum sandfoks. Innan sandgræðslugirðinganna, sem eru nú um 60 talsins hér og þar um landið, er nokkuð yfir 1000 ferkm af landi, sem grætt hefur verið upp eða verður tekið til græðslu smám saman. Er eyðing lands þar með stöðvuð á hverjum stað og gróðurlendið tekið að stækka á ný. Sandgræðsla Íslands hefur þannig innt af höndum hið mesta þjóðnytjastarf.

Samkvæmt lauslegu mati, sem gert hefur verið á vegum sandgræðslunefndar, eru í landinu utan sandgræðslugirðinganna nálægt 3800 ferkm sandar og melar, lægri en 400 metra yfir sjávarmáli, „auðveldir til græðslu“, þannig að þeir geti a. m. k. komið að gagni sem beitilönd og að einhverju leyti til ræktunar, þar sem staðhættir leyfa og þess kynni að vera þörf. Hér er raunar ekki um að ræða nema lítinn hluta af

auðnum Íslands. Einnig á öðrum landssvæðum kunna að vera nokkrir möguleikar til þess að koma upp gróðri eða auka hann, að dómi nefndarmanna.

Hér er um það að ræða að snúa vörn í sókn, að efla og stækka gróðurríki landsins.

Þá sókn þarf að skipuleggja með nýrri löggjöf og nýjum stórátökum.

Með þessu frv. er einmitt gert ráð fyrir, að sandgræðslustarfsemin færist mjög í aukana og lagt verði inn á nýjar brautir, að skipulega verði að því unnið og til þess varið fjármunum, svo að verulega muni, að efla og auka gróður í úthögum og á afréttum. Tækni sú, sem nú er komin til sögunnar, hlýtur að gefa góðar vonir um árangur á þessu sviði. Er þegar nokkur reynsla fengin.

Til stuðnings málinu að öðru leyti skal látið nægja að vísa til skilmerkilegrar greinargerðar sandgræðslunefndar, sem fylgdi frv., er það var til meðferðar á Alþingi 1960—1961.

Þess skal getið, að sandgræðslunefndin gerði í fyrstu tillögu um, að sandgræðslufjár yrði aflað með sérstakri aukaálagninu á tóbaksvörur (1.5%), en tók síðar upp tillögu um aukaálagningu á áfengi. Áfengisverzlun ríkisins seldi á árinu 1962 rúmlega 920 þúsund lítra af áfengi. Tekjur sandgræðslunnar samkvæmt 31. gr. frv. (5 kr. pr. lítra) hefðu því numið 4.6 millj. kr. á því ári. Því fé á samkv. 19. gr. að verja til „að efla gróður á samfelldum svæðum, í afréttum og úthögum", gegn því, að aðrir aðilar leggi fram ¼ hluta kostnaðar, og til „friðunar og ræktunar" samfelldra stórra sandsvæða og auðna, „þótt eigi sé um fokhættu að ræða".

Samkv. 20. gr. frv. er ætlazt til, að gerð verði 10 ára áætlun um sandgræðsluna. Var upphaflega gert ráð fyrir, að þessari áætlun yrði lokið á árinu 1961, en vegna dráttar á afgreiðslu málsins á Alþingi er tímatalsákvæðinu breytt í frv. þessu.

31. gr. í frv. nefndarinnar er felld niður sakir breyttra aðstæðna. Einnig breytast ákvæði 5. gr. um launagreiðslur í samræmi við breytt horf í kjaramálum opinberra starfsmanna.

Sþ. 67. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um auknar framkvæmdir til heftingar sandfoks og uppblásturs við Þorlákshöfn.

Flm.: Sigurður Ó. Ólafsson, Ragnar Jónsson, Guðlaugur Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að auknar verði framkvæmdir til heftingar sandfoks og uppblásturs við Þorlákshöfn.

Greinargerð.

Sem kunnugt er, hefur Sandgræðsla ríkisins haft með höndum sandgræðslu og heftingu sandfoks á svæðinu frá Ölfusá til Selvogs um árabil. Er þetta landsvæði afgirt og algerlega friðað fyrir ágangi búfjár. Því er ekki að neita, að nokkuð hefur áunnizt þarna í baráttunni við sandinn, en þó ekki svo, að viðhlítandi geti talizt, því að ávallt er um mikið sandfok að ræða á þessum stað. Er vegurinn til Þorlákshafnar af þeim sökum oft illfær yfirferðar vegna sandágangsins.

Í Þorlákshöfn er nú ört vaxandi byggð og ýmsar stórframkvæmdir þar á döfinni, sem eðlilega skapast með bættum hafnarskilyrðum á staðnum. Fiskverkun fer vaxandi ár frá ári, frysting, söltun og skreiðarverkun. Fyrir alla þessa starfsemi er sandurinn hinn mesti skaðvaldur, sem nauðsynlegt er að útrýma. Hefting sandfoksins er því mjög aðkallandi, og er tillagan þess vegna fram borin.

Nd. 68. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

3. málsliður 1. mgr. 225. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni samgöngumálaráðuneytisins, og fylgdi því eftirfarandi athugasemd til skýringar frá ráðuneytinu:

„Í ljós hefur komið í sambandi við heildarútgáfu á nýjum siglingalögum samkvæmt 15. gr. laga nr. 15 20. apríl 1963, um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóvember 1914, að í 9. gr. fyrrnefndra laga, 2. tölulið, hefur láðst að fella niður 3. málslið 1. mgr. 225. gr. síðarnefndra laga, en aðeins felldur niður 2. málsliðurinn.

Enda þótt bætur þær, sem getið er í nefndum málslið, séu augljóslega úreltar vegna mikilla verðbreytinga, síðan lögin voru sett, árið 1914, og jafnvel dómur fallið gagnstætt ákvæði þessu, þykir rétt að afnema það formlega með lögum, áður en siglingalögin eru gefin út sem heildarlög með áorðnum breytingum.“

Nd. 69. Frumvarp til laga [64. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. Á eftir A. 68 komi nýr liður:
   Salthöfðavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.
2. Á eftir A. 69 komi nýr liður:
   Borgarvegur: Af Mýravegi hjá Árbæ, um Einholt, Baldurshaga, Nípugarða og Borg á Mýraveg hjá Hólmsárbrú.
3. Á eftir D. 2 komi nýir liðir:
   a. *Gunnarsstaðavegur:* Af Strandavegi austan við Hölknárbrú í Gunnarsstaði.
   b. *Eyjavegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Fögruhlíð, um Árteig og Eyjasel á sama veg hjá Bakkagerði.
   c. *Másselsvegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi milli Kaldár og Sauðár, um Grófarsel í Mássel og þaðan á þjóðveginn nálægt Hallgeirsstöðum.
4. Aftan við D. 5 bætist: með álmu frá Oddsgili í Hauksstaði.
5. Á eftir D. 5 komi nýr liður:
   Hlíðarvegur: Af Strandavegi hjá Torfastöðum um Ljótsstaði, Vakursstaði og Hlíðarbæi og þaðan á Vesturdalsveg sunnan ár.
6. D. 7 orðist svo:
   Sunnudalsvegur: Af Strandavegi austan við Hofsá, um Sunnudal í Borgir, yfir brúna á Sunnudalsá í Síreksstaði og þaðan yfir Hofsborgartungu um Þorbrandsstaði í Einarsstaði.

7. Við D. 7 bætist: og þaðan á Vopnafjarðarveg utan við Þorbrandsstaði.
8. D. 9 orðist svo:
   Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi í Dimmadal, í Heiðarenda inn Jökuldal að Merki.
9. Á eftir D. 11 komi nýr liður:
   Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi eystri um Litla-Steinsvað, Kleppjárnsstaði, Brekku, Lindarhól, á Kirkjubæjarveg, með álmu í Galtastaði fremri.
10. Aftan við D. 12 bætist: og þaðan á Hróarstunguveg nyrðri nálægt Geirastöðum.
11. Á eftir D. 12 komi nýir liðir:
    a. *Lagarfljótsvegur:* Af Úthéraðsvegi hjá Fljótskletti, um Tjarnarland og Steinsvað á Hróarstunguveg eystri hjá Lagarfossi.
    b. *Rauðholtsvegur:* Af Úthéraðsvegi um Hreimsstaði, Rauðholt og á Hjaltastaðaveg austan Selfljótsbrúar.
12. Í stað orðanna „að Hóli í Fljótsdal“ í D. 13 komi: að Kleif í Fljótsdal.
13. Á eftir D. 14 komi nýr liður:
    Skógargerðisvegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatnsfæti um Urriðavatn, Skógargerði, Rangá og á Hróarstunguveg eystri.
14. D. 17 orðist svo:
    Loðmundarfjarðarvegur: Frá Vestdalseyri um Brimnes, Stakkahlíð og Húsavík til Borgarfjarðar.
15. D. 20 orðist svo:
    Fjallabæjavegur: Af Úthéraðsvegi hjá Eiðum um Gilsárteig, Brennistaði, Hjartarstaði, Ánastaði, og þaðan á Hjaltastaðaveg nálægt Hjaltastöðum. Af Fjallabæjavegi um Ormsstaði, Ásgeirsstaði, Tókastaði og á Úthéraðsveg hjá Mýnesi.
16. D. 28 orðist þannig:
    Skóga- og Fljótsdalsvegur: Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um Skóga og Fljótsdal og á Upphéraðsveg nálægt Valþjófsstað með álmum að Víðivallagerði, um Keldárbrú að Glúmsstöðum.
17. Á eftir D. 28 komi nýr liður:
    Jaðarsvegur: Af Skógavegi í Víkingsstaðablá að Jaðri.
18. D. 29 orðist svo:
    Skriðdalsvegur: Af Skógavegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg, með álmu vestan Geitdalsárbrúar að Geitdal. Frá Múlaárbrú um Múlastekk, Birkihlíð og Borg að Hjarðarhlíð.
19. D. 36 orðist svo:
    Norðurdalsvegur: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum og af Norðurdalsvegi um Skarð í Tóarsel.
20. Á eftir D. 38 komi nýir liðir:
    a. *Kambsnesvegur:* Af Stöðvarfjarðarvegi að Heyklifi á Kambsnesi.
    b. *Hofsvegur:* Af Austurlandsvegi við Hofsárbrú í Álftafirði að Hofi.
    c. *Þvottárvegur:* Af Austurlandsvegi við Starmýri að Þvottá.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegalagafrumvarp þetta er endurflutt nær óbreytt frá síðasta þingi, en þá náði það ekki fram að ganga sökum þess, að ríkisstjórnin lét í veðri vaka, að hún mundi þá leggja fyrir Alþingi vegalagafrv., byggt á heildarendurskoðun vegalaganna, en reyndin varð sú, að það frumvarp kom aldrei fram.

Breytingartillögur okkar eru í 20 liðum, þar sem lagt er til að bæta víðs vegar við þjóðvegina eystra, og eru þær allar fluttar samkvæmt ítrekuðum óskum hlutað-

eigandi sveitarfélaga. Þolir það nú ekki lengri bið en orðið er að koma eitthvað til móts við sveitarfélögin í þessu efni. Veldur þar ekki sízt um, hversu öll vegagerð, sem fullnægt getur nútímakröfum, er vegna dýrtíðarinnar orðin ofboðslega kostnaðarsöm.

Alþingi og ríkisstjórnir hafa líka áður í framkvæmd viðurkennt að sveitar- og sýslufélögunum sé um megn að byggja upp nothæft akvegakerfi á hreppa- og sýsluvegum og því smátt og smátt tekið upp í þjóðvegatölu hluta af þeim. Má segja, að það sjónarmið hafi áður verið mikilsráðandi að framkvæma slíkt stig af stigi, sem næst einu sinni á venjulegu kjörtímabili, og verður að telja, að þar með hafi verið stefnt að því marki, að þjóðfélagið í heild tæki að sér að mestu uppbyggingu og viðhald hins nauðsynlega vegakerfis, hvar sem er á landinu. Þessi þróun hefur þó algarlega stöðvazt á síðustu árum og einmitt þegar verst gegndi, þ. e. á sama tíma og kröfur um traustari vegi og upphlaðna fara sívaxandi vegna meiri umferðarþarfa vetur sem sumar og stærri og þyngri vagna.

Það mun mega fullyrða, að gott vegasamband heim á hvert byggt ból sé ein af meginstoðum þess að varna því, að byggðin í landinu dragist meir saman en orðið er. Alls staðar er í þessu efni skjótra umbóta þörf. Það sýna m. a. þær tillögur um aukna þjóðvegi, sem á hverju ári eru lagðar fram á Alþingi, svo að segja úr hverju kjördæmi landsins. Lakasta og alvarlegasta ástandið í þessu efni mun þó vera á Austurlandi og á Vestfjörðum, og veldur þar miklu um, t. d. á Austurlandi, víðátta fjórðungsins og hversu byggðin er sundurskorin af fjöllum og stærri og smærri vatnsföllum. Samkvæmt skýrslu frá 1958 voru allir vegir á Austfirðingafjórðungi taldir 2113 km, — þar af sýsluvegir 354 km og hreppavegir 131 km, eða samtals 485 km, en það er meir en fimmti hluti af öllu vegakerfi fjórðungsins, og er allt þar í sama fari í þessu efni, þar sem engar vegalagabreytingar hafa síðan náð fram að ganga. Ástand þessara vega var samkvæmt fyrrgreindri skýrslu þannig: Um 100 km voru taldir óbílfærir, nál. 285 km ruddir vegir, sem töldust bílfærir sumarmánuðina, og um 100 km upphlaðnir vegir, sumir gamalgerðir, og margir þeirra þola ekki hina sívaxandi umferð hinna þungu bíla og aðrir ófærir í fyrstu snjóum sökum þess, hve þeir hafa verið lítið uppbyggðir.

Miklar umbætur í vegamálum austanlands eru því mjög aðkallandi og þola ekki lengri bið en orðið hefur nú um allmörg ár, og má öllum vera ljóst, að sveitar- og sýslufélögunum er það verkefni algerlega ofvaxið.

Munu tillögur þær, sem í þessu frv. felast, geta orðið til nokkurra bóta, sérstaklega ef aftur yrði horfið að hinni fyrri leið og henni hraðað frá því, sem áður var, að létta sem fyrst að mestu af sýslum og sveitarfélögum uppbyggingu á þeim leiðum, sem nú eru kallaðar sýslu- og hreppavegir. Má þá segja, að við væri brugðizt eins og vera ber, og verður því að vænta þess, að þetta frumvarp fái jákvæða afgreiðslu á þessu þingi.

Sþ. 70. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um endurskoðun laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ólafur Jóhannesson, Jón Skaftason, Helgi Bergs, Sigurvin Einarsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að endurskoða lög nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera tillögur um breytingar á þeim, eftir því sem henni þykir ástæða til. Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband íslenzkra útvegsmanna og Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Enn fremur skal hún sérstaklega gera

sér far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi hlutatryggingasjóðs og aflatryggingasjóðs.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Lög um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins voru sett árið 1949. Í stað þeirra voru sett lög um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins árið 1962. Þau höfðu í för með sér nokkrar breytingar á hinum eldri lagaákvæðum (um hlutatryggingasjóð), en aðalástæðan til hinnar nýju lagasetningar mun hafa verið sú, að veita þurfti togaraflotanum aðstoð og að þá þótti henta að veita hana að verulegu leyti sem aflatryggingu. Um heildarendurskoðun laganna var hins vegar varla að ræða í það sinn á þann hátt, sem æskilegt hefði verið.

Tekjur aflatryggingasjóðs eru nú samkvæmt lögunum 1¼% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (nema hval- og selaafurða) og framlag úr ríkissjóði, sem nemur helmingi útflutningsgjaldsins. Sjóðurinn skiptist í síldveiðideild, almenna deild bátaflotans, almenna deild togaraflotans og jöfnunardeild, sem hefur það hlutverk að „veita hinum deildunum lán eða styrki, er svo stendur á", eins og það er orðað í 3. gr. laganna.

Samkvæmt lögunum ber að skipta landinu í bótasvæði, veiðiskipum í flokka eftir stærð, veiðiútbúnaði o. fl. og árinu í bótatímabil. Reikna skal út meðalveiðimagn í hverjum flokki skipa á hverju bótasvæði á hverju veiðitímabili. Ef aflabrestur verður, skal skip, sem aflar 84% eða minna af meðalveiðimagni, fá bætur, sem nema 1—40% af því, sem á vantar, að það hafi meðalafla. Stjórn sjóðsins skipa 5 menn: fiskimálastjóri og 4 fulltrúar stéttasamtaka, og eru nú allir nema einn búsettir í Reykjavík og Hafnarfirði. Til að ákveða skiptingu í bótasvæði, skipaflokka og veiðitímabil þarf samþykki ráðherra og stéttasamtakanna.

Löggjöfin um þetta efni hefur oftar en einu sinni verið til umræðu á fiskiþingi og þar komið fram ýmsar tillögur til breytinga. Útgerðarmenn og sjómenn víðs vegar um land eiga talsvert erfitt með að fylgjast með starfsemi sjóðsins og starfsreglum. Stundum þykir afgreiðsla bóta ganga nokkuð seint, þótt fé sé fyrir hendi, og kann það að stafa að einhverju leyti af því, að útgerðarmenn geri sér ekki ljóst, að ætlazt sé til, að þeir sendi sjóðsstjórn eða umboðsmanni hennar aflaskýrslur, hvort sem sótt er um bætur eða ekki, og haldi, að skýrslur til annarra opinberra aðila nægi. Er það raunar vorkunarmál, því að skyldur til skýrslugjafar eru svo margar orðnar hér á landi, að leikmenn í skýrslugerð eiga fullt í fangi með að uppfylla þær allar. Á þessu ári hefur borið nokkuð á kvörtunum út af starfsemi sjóðsins, a. m. k. í sumum landshlutum. Þarf að athuga, hvort þær séu á rökum byggðar, og ef svo reynist, hvort göllum á lögunum sé þar um að kenna.

Það fyrirkomulag orkar tvímælis að láta bátaútgerð og togaraútgerð hafa sameiginlega aflatryggingu á þann hátt, sem lögin frá 1962 gera ráð fyrir.

Með tilliti til þess, sem sagt hefur verið hér að framan, þykir tímabært, að nú fari fram gaumgæfileg athugun á 14 ára reynslu aflatrygginga hér á landi og að sem flestum, er hlut eiga að máli, verði gefinn kostur á að láta uppi álit sitt og færa rök fyrir nýmælum, sem uppi hafa verið og uppi kunna að verða, þegar endurskoðun er hafin. Það er stórmál fyrir þjóðfélagið að draga úr áhættu fiskveiðanna, eftir því sem unnt er og á skynsamlegan hátt, og þá ekki síst með tilliti til þess, að hægt sé að hagnýta fiskimiðin sem víðast við landið, án þess að menn hljóti slík áföll, þegar illa árar á sjónum, að þeir bíði þess ekki bætur. Allmikið fjármagn er nú fengið aflatryggingasjóði í þessu skyni, en því meira sem það fjármagn er eða verður, því meira máli skiptir, að lagaákvæði um starfsemi hans séu sem raunhæfust og svo vel úr garði gerð sem unnt er.

Sþ. 71. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um rannsókn á kali í túnum o. fl.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við atvinnudeild Háskóla Íslands, landbúnaðardeild, að sérfræðingar hennar í jarðrækt einbeiti sér að rannsóknum á orsökum kals í túnum.

Rannsóknunum sé m. a. beint að eftirfarandi atriðum:

1. Að hve miklu leyti má rekja orsakir kals til veðurfarsáhrifa, svo sem snjóa- og svellalaga, og við hvaða aðstæður kal myndist af þeim sökum.
2. Hvort eðlisfræðilegt ástand jarðvegsins, jarðvinnsluaðferðir, þurrkunarásigkomulag ræktunar, haust- og vetrarvatnsstaða í jarðvegi hafa áhrif í sambandi við kalhættu.
3. Hvort misnotkun áburðar, svo sem stórir skammtar köfnunarefnis, og áburðartími, t. d. áburðargjöf seint á sumri milli slátta, eigi sinn þátt í auknum kalskemmdum.
4. Hvort notkun túnanna, svo sem haustbeit og sláttur síðsumars og á hausti, auki kalhættu.
5. Rannsókn á þoli stofna, sem notaðir eru í fræblöndur.

Jafnframt verði í tilraunastöðvum gerðar ræktunartilraunir til að leita að þeirri ræktunaraðferð, svo sem varðandi jarðvinnslu, grastegundir og meðferð landsins, sem bezt standist gegn kalinu.

Að framkvæmd lokinni, sem kostuð verði með sérstöku fjárframlagi til landbúnaðardeildarinnar, séu gefnar út niðurstöður rannsóknanna og leiðbeiningar byggðar á þeim.

Greinargerð.

Sumarið 1962 voru kalskemmdir með mesta móti víða um land. Kalið — ásamt lágu hitastigi á sprettutímanum — olli miklu um það, að heyfengur það ár var ekki meiri en raun var á, og bændur því ekki eins vel undir veturinn búnir og æskilegt var.

Kal í túnum er því miður ekki nýlunda. Hvað eftir annað hefur það valdið fjölda bænda þungum búsifjum. Þarf ekki að lýsa því nánar, hvílíkt áfall það er fyrir hvern þann bónda, sem fyrir því verður, að meiri eða minni hluti af túni, sem komið hefur verið upp með ærnum tilkostnaði, ber engan ávöxt það ár, sem kal verður, þótt borið hafi verið á það eins og annað ræktað land, og er stundum langan tíma að ná sér aftur. Yfirleitt standa menn uppi ráðalitlir gagnvart þessari plágu, þegar hún skellur á, enda vita menn ógerla, af hverju hún stafar, nema þá í sumum tilfellum, eða hvaða ráð sé til að hefta hana eða draga úr henni.

Þó er ljóst, að nýræktir, sem gerðar hafa verið á síðari árum, hafa minna þol gegn kali en eldri tún. Veldur þar nokkru um, að fræblöndur þær, sem notaðar hafa verið, eru af erlendum uppruna og þola ekki allar jafnvel íslenzkt veðurfar í köldum árum.

Stefna þarf að því að rækta fræ af innlendum grasstofnum með það fyrir augum, að á boðstólum verði grasfræ af harðgerðum jurtum, er væru í senn góðar fóðurjurtir og þolmeiri gegn kali.

Það er álit flm., að ekki megi dragast að leggja meiri áherzlu en verið hefur á ýtarlegar rannsóknir og tilraunir í því skyni að reyna að finna orsakir kalsins og þá um leið, ef unnt er, ráð til að koma í veg fyrir þær eða draga úr þeim.

Á það má jafnframt benda, að kal, jafnvel þótt lítils háttar sé, getur valdið því, að sveppir og bakteríur fái aðstöðu til sýkingar.

Gróður, sem verður fyrir kalskemmdum, hefur minna þol gegn sýkingu en hann ella hefði haft. Á þessu sviði er líka um rannsóknarefni að ræða.

Landbúnaðardeildin hefur á að skipa sérfræðingum, sem að rannsóknum þessum ættu að vinna. En þótt að þeim sé unnið þar, hlýtur að verða af þeim talsverður aukakostnaður, sem gert er ráð fyrir, að greiddur verði úr ríkissjóði.

Tillaga um þetta efni var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga.

Nd. 72. Frumvarp til laga [67. mál]

um smíði nýs strandferðaskips fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta byggja nýtt strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs.

Skipið skal vera 500—1000 rúmlestir að stærð, byggt til að vera í förum með fólk og farartæki. Einnig skal í skipinu vera farmrými og hluti þess búinn kælitækjum.

2. gr.

Skip það, er um ræðir í 1. gr., skal ríkissjóður reka, þannig að það verði í förum milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og fari jafnan eigi minna en eina ferð hvora leið milli þeirra staða á dag.

3. gr.

Rekstur skipsins getur ríkisstjórnin falið Skipaútgerð ríkisins, sveitar- eða sýslufélögum þeim, einu eða fleirum, sem hagsmuni eiga sérstaklega tengda við greiðar samgöngur á þessari siglingaleið, eða hverjum þeim aðila öðrum, sem treysta má til þess að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins með sem hagkvæmustum hætti.

4. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán allt að 10 millj. kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar er 3½ stundar sigling. Undanfarin sumur hefur strandferðaskipið Herjólfur haldið uppi siglingum á þeirri leið vikulega, en vegna ófullkominnar hafnar í Þorlákshöfn hafa þessar ferðir þó stundum fallið niður í óhagstæðum veðrum, og á vetrum hefur ekki þótt fært að halda uppi áætlunarferðum á þessari leið.

Þegar lokið er þeim áfanga hafnargerðar í Þorlákshöfn, sem nú stendur yfir, er hins vegar gert ráð fyrir því, að áætlunarsiglingar til Þorlákshafnar verði öruggar í flestum veðrum. Þar með opnast nýr möguleiki fyrir öruggum og þægilegum, daglegum samgöngum milli Vestmannaeyja og lands. Frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur er svo aðeins einnar klukkustundar ferð um Þrengslaveginn. Með þessum hætti styttist ferðatíminn milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja úr 10 klst. í 4½ klst.

Í Vestmannaeyjum eins og annars staðar á landinu verður það nú æ algengara, að menn eigi einkabíla, sem þeir vilja geta notað m. a. til skemmtiferða um landið

fyrir sig og fjölskyldur sínar, og annarra ferðalaga ýmiss konar erinda. Vestmanneyingar borga eins og aðrir landsmenn skatta og skyldur til þjóðvegakerfisins, þ. á m. á aðra milljón króna árlega í benzínskatta, en þeir hafa engin not af þjóðvegakerfinu, nema þeir séu tengdir því með öruggum áætlunarferðum á sjó. Það er því réttlætismál gagnvart þeim, að slíkum ferðum sé haldið uppi og aðflutningsmöguleikar fyrir bifreiðar nægir og góðir. Þá verður að leggja ríka áherzlu á góða aðbúð farþega í skipinu, og í því þarf einnig að vera nokkurt farmrými, og verður hluti þess að vera kældur, þannig að hentugt væri fyrir mjólkur- og matvælaflutninga.

Að undanförnu hafa verið uppi háværar raddir um það, að ný skipulagning þurfi fram að fara á rekstri Skipaútgerðar ríkisins og í samræmi við það væntanlega einhverjar breytingar á skipakosti hennar. Allar slíkar breytingar þurfa fyrst og fremst að miða að því að bæta þá þjónustu, sem Skipaútgerðin veitir landsmönnum. En það er mat flutningsmanna þessa frumvarps, að sú breyting á skipakosti og þjónustu, sem hér er stefnt að, muni miða í þá átt.

Þótt telja verði líklegast, að Skipaútgerð ríkisins yrði falin útgerð skips þess, er þetta frumvarp fjallar um, þá vilja flutningsmenn þó halda opnum þeim möguleika, að öðrum aðila eða aðilum verði falinn rekstur þess, ef það þætti hagkvæmara.

Lánsheimild sú, sem gert er ráð fyrir til byggingar skipsins, er auðvitað ekki fullnægjandi til endanlegra greiðslna á byggingarkostnaði, en hún er miðuð við hugsanlegar þarfir á fyrstu stigum málsins, en síðar yrði að taka málið upp í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Um nær tuttugu ára skeið bjuggu Vestmanneyingar við alveg ófullnægjandi samgöngur. Með tilkomu strandferðaskipsins Herjólfs, árið 1959, sem byggt var til að annast siglingar milli Reykjavíkur, Vestmannaeyja og Hornafjarðar, var mikil bót á ráðin, þó að Herjólfur anni nú ekki lengur að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til samgangna milli Vestmannaeyja og lands, ásamt Hornafjarðarsiglingum. Er því nauðsynlegt að gera enn úrbót í samgöngumálum Vestmanneyinga, og hafnarbætur í Þorlákshöfn opna, eins og áður segir, nýja möguleika til að gera það. Vöxtur Þorlákshafnar sem verstöðvar og fiskiðnaðarbæjar mun einnig leiða til margvíslegra viðskipta milli þessara tveggja útvegsbæja Suðurlands, sem munu kalla á auknar samgöngur milli þessara staða, auk þess sem Þorlákshöfn verður með þessum hætti í þjóðbraut milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi af núv. flm. ásamt Karli Guðjónssyni, þáv. 6. þm. Sunnl.

Nd. 73. Frumvarp til laga [68. mál]

um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

Flm.: Sveinn Guðmundsson, Jónas G. Rafnar.

1. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum iðnfyrirtækja, sem skylt er að greiða iðnlánasjóðsgjald, samkvæmt ákvæðum laga nr. 45 3. apríl 1963, og hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í á árunum 1957—1961, að báðum árum meðtöldum.

Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar, sem Iðnlánasjóður stofnar til samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og takmarkast ábyrgðin eigi af ákvæðum 1. mgr. 6. gr. laga um Iðnlánasjóð.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum og vélum iðnfyrirtækja. Hámarkslánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 15 ár og lán út á vélar 7 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn Iðnlánasjóðs, að höfðu samráði við ráðherra.

3. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 60% af matsverði veðsins.

4. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði laga nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af erfiðustu viðfangsefnum iðnfyrirtækja undanfarinn áratug hefur verið skortur á lánsfé. Hin þráláta verðbólga, sem ríkt hefur síðustu tvo áratugi, hefur haft í för með sér, að stöðugt fleiri krónur hefur þurft til þess að viðhalda ákveðinni framleiðslustarfsemi. Þau ákvæði, sem lengst af hafa gilt um skattlagningu fyrirtækja og verðlagningu á þessu tímabili, hafa komið í veg fyrir, að þau gætu aukið rekstrarfé sitt til samræmis við aukna rekstrarfjárþörf, vegna hækkunar á verðmæti hráefnabirgða og annars þess, sem til framleiðslunnar þarf. Við þetta hefur svo bætzt misræmi í útlánum bankanna til hinna einstöku atvinnuvega og getuleysi Iðnlánasjóðs til veitingar stofnlána. Úr því hefur að vísu rætzt á síðustu tveimur árum og þá fyrst og fremst er farið var að veita Iðnlánasjóði hluta af hinum svonefndu PL-480 lánum. Fyrsta lánið af því fé fékk sjóðurinn til umráða síðari hluta ársins 1961, 15 millj. kr. Með nýjum lögum um Iðnlánasjóð á þessu ári er einnig stuðlað mjög að eflingu útlánagetu hans í framtíðinni, m. a. með árvissum tekjum (iðnlánasjóðsgjaldi), sem iðnfyrirtækjum er gert að greiða til sjóðsins. Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er hins vegar ætlað að bæta úr þeim örðugleikum, sem skapazt hafa í iðnaðinum, áður en umræddar úrbætur koma til framkvæmda. Hliðstæðar aðgerðir hafa verið gerðar til þess að bæta fjárhagsaðstöðu sjávarútvegsins með lögum nr. 48 frá 1961 og landbúnaðarins með lögum nr. 15 frá 1962.

Hinn 29. sept. 1959 skipaði þáverandi iðnaðarmálaráðherra nefnd undir forsæti dr. Jóhannesar Nordals til að athuga lánamál iðnaðarins. Nefndin skilaði endanlegu áliti 10. apríl 1962, og var þar m. a. fjallað um breytingu lausaskulda iðnaðarins í föst lán. Í nefndarálitinu segir m. a.:

„Breyting á stuttum skuldum iðnaðarins í lengri lán gæti átt sér stað annaðhvort með því, að hver viðskiptabankanna um sig semdi við þá viðskiptamenn sína, sem þörf hefðu á slíkri fyrirgreiðslu, eða einn aðili, t. d. Iðnlánasjóður, tæki að sér þessar lánveitingar fyrir hönd viðskiptabankanna, sem síðan keyptu verðbréf sjóðsins til greiðslu á lausaskuldum við sig. Hvor leiðin verður valin, verður fyrst og fremst að fara eftir óskum viðskiptabankanna, enda verður framkvæmd málsins öll að vera í þeirra höndum. Nefndin telur þó margt mæla með því, að slíkar lánveitingar væru allar í höndum einnar stofnunar, en með því mundi fást betra heildaryfirlit og meira samræmi í fyrirgreiðslum.

Hitt atriðið, skipulagning fjárfestingarlána til iðnaðarins í framtíðinni, væri eðlilegt að skoða sem áframhald þeirra lána, er veitt væru til að breyta núverandi lausaskuldum í lengri lán. Og það er ekki sízt af þeim sökum, sem nefndin er þeirrar skoðunar, að heppilegt væri, að viðskiptabankarnir sameinuðu þessi lán að einhverju leyti hjá lánsstofnun, sem þeir ættu sameiginlega aðild að. Væri hægt í sambandi við hana að koma á fót skipulegri starfsemi með það fyrir augum að meta lánsumsóknir og leiðbeina bönkunum um veitingu fjárfestingarlána. Ef slík starfsemi væri í höndum Iðnlánasjóðs, yrði að setja um hana sérstakar reglur, þar sem viðskiptabankarnir mundu vilja hafa áhrif á ráðstöfun þess fjármagns, sem þeir sjálfir legðu til í þessu skyni, en til þessara lána gætu gengið á hverju ári í fyrsta lagi endurgreiðslur fyrri lána, þar á meðal lána, sem veitt yrðu til breytinga á lausaskuldum, og í öðru lagi, þ. e. viðskiptabankarnir hver um sig teldu sér fært að leggja í fjárfestingarlán til iðnaðar á hverju ári. Um þetta síðara þyrfti að sjálfsögðu að taka fullt tillit til ástandsins í peningamálum almennt, enda væru slíkar ákvarðanir teknar í fullu samráði við Seðlabankann."

Sú hugsun, sem kemur m. a. fram í áliti nefndarinnar um samræmd lán til iðnaðarins, var framkvæmd í Danmörku með stofnun Finansieringsinstitutet for Industri og Haandværk A/S árið 1958. En þeir, sem lögðu fram hlutafé til þessarar lánastofnunar, voru þjóðbankinn, einkabankar, sparisjóðir, tryggingafélög ásamt iðnaðinum og samtökum hans. Kemur ef til vill til álita síðar að athuga möguleika á slíkri samræmingu í útlánum til iðnaðarins af hálfu sambærilegra aðila hér samhliða Iðnlánasjóði.

Hinn 3. *júní* 1958 samþykkti Alþingi svo hljóðandi ályktun um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að því, að iðnaðurinn fái aukið rekstrarfé með því að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnfyrirtækja." Enda þótt endurkaup iðnaðarvíxla hafi enn eigi náð fram að ganga, varð samþykkt þessarar tillögu til þess, að iðnaðarmálaráðherra skipaði nefnd þá, er að framan getur, til athugunar á lánamálum iðnaðarins. Skilaði nefndin m. a. ýtarlegum tillögum um eflingu Iðnlánasjóðs, sem síðar urðu uppistaða í nýjum lögum um sjóðinn, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi. Að því ber að sjálfsögðu að stefna, að iðnaðurinn hljóti fyllsta jafnrétti við hina höfuðatvinnuvegina og að Seðlabankinn setji reglur þar að lútandi.

Engu að síður teljum við mest aðkallandi endurbót í lánamálum iðnaðarins í dag breytingu á lausaskuldum hans í föst lán.

Ed. 74. Frumvarp til laga [69. mál]

um Lífeyrissjóð barnakennara.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Lífeyrissjóður barnakennara starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir barnakennarar og námsstjórar barnafræðslustigsins, sem taka föst laun samkvæmt launakerfi ríkisstarfsmanna og skipaðir eru, settir eða ráðnir til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða upp-

sagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf og hlutaðeigandi taki ekki minna en hálf þau laun, er slíku starfi fylgja fyrir fullan vinnutíma.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni án sérstakrar þóknunar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

8. gr.

Iðgjöld sjóðfélaga skulu eigi vera lægri en 2¼% og eigi hærri en 4¼% af launum þeirra. Ráðherra skiptir starfandi sjóðfélögum í flokka eftir upphæð launa. Skiptingin í launaflokka skal gerð þannig, að iðgjald til sjóðsins og iðgjald til almannatrygginga fyrir ógiftan karlmann sé samanlagt sem næst 6% — sex hundruðustu — af launum í öllum flokkum. Skal flokkaskipting þessi vera hin sama og fyrir aðra starfsmenn ríkisins, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 29/1963. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn í iðgjöld til sjóðsins 6% af launum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, og skal greiða þau til sjóðsins samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 20 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

9. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar, áður en lög nr. 35 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 102 30. des. 1943, 10. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn, unz greindu tímamarki er náð.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og launaflokki samkvæmt 1. málsgrein 8. greinar. Hann er 1.6% fyrir hvert ár, ef sjóðfélaginn hefur greitt 2¼% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins, en hækkar um 0.02% fyrir hvert 0.1%, sem sjóðfélaginn hefur greitt umfram 2¼% af launum í iðgjald og getur hæst orðið 2% af launum fyrir hvert ár, ef sjóðfélaginn hefur greitt 4¼% iðgjald. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum í öllum flokkum, en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að fá ellilífeyri.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomanda að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

11. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfók sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 10. gr. að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Áunnin lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma.

Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50%, er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 10. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að

láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Upphæð makalífeyris ákvarðast þannig, að samanlagður makalífeyrir úr sjóðnum og maka- eða ellilífeyrir, sem makinn kann að eiga rétt á frá almannatryggingunum, er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélagans hefur verið 30 ár eða skemmri, er hundraðshluti þessi 20% af greiddum launum að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár, sem hinn látni hafði starfað eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum, en um 1% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.

Sé makalífeyrir samkvæmt næstu málsgrein hér á undan lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatryggingunum, það sem á vantar að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim, sem nefndir eru í 2. málsgrein þessarar greinar.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra, í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

13. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem hærra var launað.

Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um, er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

Nú hefur kennari áður gegnt skólastjórastarfi það lengi, að það hefði gefið hámarkslaun í viðkomandi launaflokki á þeim tíma, er hann lætur af störfum, og skal þá taka tillit til þess við ákvörðun lífeyris samkvæmt 10., 11. og 12. gr. Laun þau, sem lífeyrir reiknast af í þessum tilfellum, skulu ákveðin að hluta eftir þeim launum, er á hverjum tíma fylgja kennarastarfinu og að hluta eftir þeim launum, er á hverjum tíma fylgja skólastjórastarfinu. Skiptingin skal gerð í beinu hlutfalli við þann tíma, er hann gegndi hvoru starfinu um sig.

14. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

15. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Stjórn sjóðsins ákveður vextina með hliðsjón af ávöxtun sjóðsins. Hafi hann verið sjóðfélagi í 5 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 10. og 12. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 30 ár, skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 14. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 30 ár.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

16. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 33 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

17. gr.

Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í lífeyrissjóði barnakennara, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það

er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Á tilsvarandi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna manns, er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því, er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingarfélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum, að mælt sé með þeim af fræðslumálastjóra, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því kennarinn var ráðinn og að hann sé eldri en 35 ára, þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

Hafi kennari, sem gerist sjóðfélagi, áður stundað barnakennslu sem forfallakennari eða stundakennari, er honum heimilt, að fengnum meðmælum fræðslumálastjóra, að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, enda hafi starfið verið að minnsta kosti helmingur af fullu kennarastarfi við hlutaðeigandi skóla. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingafræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

18. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrirfram á hverjum mánuði.

19. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

20. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

21. gr.

Þeir, sem orðnir voru sjóðfélagar fyrir gildistöku laga þessara og eiga betri lífeyrisrétt samkvæmt eldri lögum um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, skulu halda honum.

22. gr.

Frá og með 1. janúar 1964 skulu allir sjóðfélagar öðlast full réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Allir sjóðfélagar, sem gjaldskyldir eru til almannatrygginganna, skulu frá sama tíma greiða fullt gjald til þeirra. Stjórn sjóðsins semur við Tryggingastofnun ríkisins um uppgjör fyrir liðinn tíma í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga um það atriði.

Sjóðfélagar, sem fengið hafa lífeyri fyrir 1. janúar 1964, skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Þeim lífeyrisþegum, er fengu greiddan lífeyri samkvæmt 18. gr. fjárlaga og höfðu að honum meðtöldum hærri lífeyri eftir gömlu reglunum en hinar nýju mundu veita þeim, skal greidd

uppbót þannig, að þeir haldi sama heildarlífeyri og þeir höfðu áður. Ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði barnakennara mismuninn á þeim lífeyri, sem þannig verður greiddur, og þeim lífeyri, er viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum.

23. gr.

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri, vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna, sbr. 10., 11. og 12. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður Lífeyrissjóði barnakennara þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964. Jafnframt eru þá úr gildi numin lög nr. 66/1955, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, 3. gr. laga nr. 111/1954 og 1. mgr. 53. gr. laga nr. 33/1958, báðar að því er varðar lífeyri úr Lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, svo og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við ákvæði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 28. júní 1963 fór stjórn Sambands íslenzkra barnakennara þess á leit við fjármálaráðuneytið, að það hlutaðist til um, að lög um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra væru endurskoðuð í samráði við stjórn sambandsins og samræmd hinum nýju lögum frá síðasta Alþingi um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og að frumvarp um þetta efni yrði lagt fyrir Alþingi strax á næsta hausti, svo að endurskoðuð lög fyrir sjóðinn geti tekið gildi á sama tíma og lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Fjármálaráðherra fól síðan með bréfi dags. 2. júlí 1963 Kr. Guðmundi Guðmundssyni, tryggingafræðingi, að semja nýtt frumvarp um Lífeyrissjóð barnakennara. Hefur hann nú lokið því og sent frumvarp sitt til umsagnar stjórnar Sambands ísl. barnakennara og stjórnar Lífeyrissjóðs barnakennara og hafa þeir aðiljar lýst sig samþykka frumvarpinu.

Frá hendi Kr. Guðmundar Guðmundssonar fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er samið að tilhlutan fjármálaráðherra og samkvæmt tilmælum Sambands íslenzkra barnakennara.

Með lögum nr. 40/1963 var sú breyting gerð á almannatryggingunum, að frá og með 1. janúar 1964 greiða sjóðfélagar lögboðinna lífeyrissjóða fullt persónugjald til almannatrygginganna og frá sama tíma njóta þeir fullra lífeyrisréttinda. Vegna þessara breytinga var endurskoðun á lögunum um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra nauðsynleg. Fleiri tilefni voru einnig til breytingarinnar, enda hefur reglum sjóðsins ekki verið breytt í neinu verulegu frá því á árinu 1943. Um það vísast til almennrar greinargerðar fyrir frumvarpi til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem lagt var fram og samþykkt á síðasta Alþingi (lög nr. 29 frá 29. apríl 1963).

Frá því Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (áður Lífeyrissjóður embættismanna) voru stofnaðir, hafa lög þeirra verið samhljóða, eftir því er við hefur getað átt. Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er þessari reglu haldið. Með því eru gerðar sams konar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð barnakennara og gerðar voru á síðasta Alþingi á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 29/1963.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Úr nafni sjóðsins eru felld niður orðin „og ekkna þeirra“. Þetta er gert vegna þess, að lögin gera ekki mun á því, hvort eftirlifandi maki látins barnakennara er karl eða kona. Að öðru leyti er þessi grein óbreytt.

Um 2. gr.

Óbreytt.

Um 3. gr.

Hér er í fyrsta lagi sú breyting, að vísað er til launakerfis ríkisstarfsmanna í stað launalaga. Í öðru lagi eru tekin upp ákvæðin um ráðningarkjör úr 3. gr. I. a. í lögum nr. 29/1963.

Um 4. gr.

Óbreytt.

Um 5. gr.

Grein þessi er óbreytt að öðru en því, að í stað orðanna „hinni umboðslegu endurskoðun“ í síðari málgrein kemur: „ríkisendurskoðuninni“.

Um 6. gr.

Óbreytt.

Um 7. gr.

Óbreytt.

Um 8. gr.

Hér er veruleg breyting á 1. mgr. Áður greiddu allir starfandi sjóðfélagar 4% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins og auk þess sem næst einn þriðja af fullu persónugjaldi til almannatrygginganna. Nú er hins vegar ákveðið, að gjöld sjóðfélaganna til sjóðsins verði mismunandi hundraðshluti af launum eftir upphæð launa, því hærri sem launin eru hærri. Hins vegar á samanlagt gjald til sjóðsins og iðgjald til almannatrygginganna fyrir ógiftan karlmann að vera sem næst 6% af launum í öllum launaflokkum. Breyting þessi er sá sama og gerð var á 1. mgr. 10. gr. í lögunum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Skipting barnakennara í launaflokka á einnig að vera hin sama og hjá öðrum ríkisstarfsmönnum, svo að þeir borgi sama hundraðshluta af launum sínum til sjóðs síns, eins og aðrir ríkisstarfsmenn, sem taka laun eftir sama launaflokki.

2. mgr. er óbreytt.

Síðari hluti 3. mgr. er felldur niður, enda ekki líklegt að hann hafi neina þýðingu hér eftir.

4. mgr. er óbreytt.

Í 5. mgr. er lágmarksaldur hækkaður úr 18 árum í 20 ár, enda geta menn að jafnaði ekki orðið barnakennarar yngri en það.

Efnislega er þessi grein samhljóða fimm fyrstu málsgreinum 10. gr. laga nr. 29/1963.

Um 9. gr.

Óbreytt.

Um 10. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 12. gr. laga nr. 29/1963. 1., 2. og 4. mgr. eru orðsrétt eins, nema tilvitnunin í eldri lög í 2. mgr. Í 3. mgr. er smávægileg orðalagsbreyting, vegna þess að félagar þessa sjóðs fylla ekki jafnmarga launaflokka og félagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

2. mgr. þessarar greinar hefur ekki áður verið tekin upp í lög um Lífeyrissjóð barnakennara. Hins vegar hefur hún verið í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins frá því lög nr. 11 frá 20. marz 1959 tóku gildi. Hún á að sjálfsögðu eins við í þessum sjóði.

Aðrar efnisbreytingar í þessari grein frá eldri reglum eru nákvæmlega þær sömu og efnisbreytingarnar í 12. gr. laga nr. 29/1963 voru frá eldri reglum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Fyrsta breytingin í þessari grein er, að réttur til lífeyris fæst eftir 5 ára iðgjaldagreiðslu, en áður var miðað við 10 ár. Tilefni breytingarinnar er, að nú kemur ellilífeyrir úr þessum sjóði til viðbótar ellilífeyri almannatrygginganna. Sem viðbót

við almannatryggingalífeyrinn getur lágur lífeyrir gert nokkurt gagn, þó að hann væri allsendis ófullnægjandi einsamall.

Tvær megin breytingar hafa verið gerðar á því, hvaða hundraðshluta af launum hvert iðgjaldagreiðsluár gefur í eftirlaun. Önnur er sú, að hvert iðgjaldagreiðsluár gefur nú sama hundraðshluta af launum í eftirlaun. Áður var hundraðshlutinn stighækkandi með lengingu iðgjaldsgreiðslutímans. Ástæðan til þess að horfið er frá þessu vátryggingarlega sjónarmiði er, að reynslan hefur sýnt, að lítt gerlegt er að byggja fullnægjandi eftirlaunakerfi á vátryggingalegum grundvelli eingöngu, þegar þróun kaupgjalds og verðlags er með þeim hætti, sem hér hefur verið síðustu tuttugu árin. Víðast hvar annars staðar er það líka venja að láta öll starfsárin gilda jafnt við ákvörðun eftirlauna. Hin breytingin er, að hundraðshluti sá, sem hvert iðgjaldagreiðsluár gefur, er mismunandi eftir launaflokkum. Hann er því hærri, því hærri sem launin eru, enda er sjóðfélögum ætlað að greiða því hærri hundraðshluta af launum í iðgjöld til sjóðsins, því hærri sem launin eru, sbr. 8. gr. Ástæðan fyrir þessu er sú, að ellilífeyrir úr þessum sjóði kemur framvegis til viðbótar ellilífeyri almannatrygginganna, sem er eins fyrir alla og þess vegna mismunandi hundraðshluti af launum eftir því, hve há þau eru, því lægri sem þau eru hærri. Miðað við núverandi laun og ellilífeyri almannatrygginga fyrir einstaklinga fyrir 1. júlí 1963 mundi 30 ára starfstími gefa sem næst 75% af launum þeim, er ellilífeyrir miðast við, í samanlagðan ellilífeyri sjóðsins og almannatrygginganna, í öllum launaflokkum. Þar sem makalífeyrir almannatrygginganna kemur til viðbótar, yrði hundraðshlutinn í flestum launaflokkum milli 85% og 95%. Á það skal bent, að hækki laun opinberra starfsmanna hlutfallslega meira en ellilífeyrir almannatrygginganna, lækka framangreindir hundraðshlutar nokkuð.

Veigamiklar breytingar frá gildandi lögum liggja í því, að hér er gert ráð fyrir að reikna ellilífeyri eftir launum í því starfi, er sjóðfélaginn gegndi síðast, í stað þess að reikna af meðaltali af launum síðustu tíu ára, og að gert er ráð fyrir, að ellilífeyrir breytist á tilsvarandi hátt og laun. Sjóðfélagar hafa margoft sett fram óskir um fyrra atriði, enda er það mikið tíðkað bæði hér á landi og víða erlendis.

Nokkur breyting er það frá eldri reglum, að sjóðfélagi, sem lokið hefur 30 ára iðgjaldagreiðslu en ekki náð þeim aldri að hann megi hætta störfum og fá ellilífeyri, fær 1% af launum í viðbótarlífeyri fyrir hvert ár, er hann gegnir starfi sínu á þessu tímabili. Gegni hann starfi, eftir að hann á rétt á að fara að taka ellilífeyri, fær hanns eins og verið hefur 2% fyrir hvert ár, sem hann gegnir starfi sínu eftir það. Samkvæmt þessu gæti maður, sem byrjaði starf hjá ríkinu 20 ára, náð 100% af síðustu launum í ellilífeyri, ef hann ynni til 70 ára aldurs, það er eftir 50 ára starfstíma. Fyrstu 30 árin gefa 75%, næstu 15 ár 15% og síðustu 5 árin 10%. Það getur vart talizt athugavert, þó að maður, sem gegnt hefur opinberri þjónustu svo lengi, haldi fullum launum, er hann lætur af störfum.

Síðasta málsgreinin er nýmæli, sem er sett vegna þess, að ellilífeyrir almannatrygginganna byrjar ekki fyrr en við 67 ára aldur.

Um 11. gr.

Þessi grein er, að öðru en tilvitnunum í aðrar frumvarpsgreinar, nákvæmlega eins og 13. gr. laga nr. 29/1963.

1. mgr. er óbreytt.

Breytingar á 2. málsgrein eru bein afleiðing af breytingunum á ellilífeyrisreglunum, og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Í 3. málsgrein er það nýmæli, að örorkulífeyrir er fleiri hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri en örorkan er metin, ef hún er yfir 50%. Tilefni þessarar breytingar er, að það virðist vera reynsla, bæði hér og erlendis, að mönnum með háa örorku gangi tiltölulega verr að nýta þá starfsorku, sem þeir eiga eftir, heldur en þeim, er hafa lítið skerta starfsgetu. Eftir reglunni mundi maður, sem væri 60% öryrki, fái örorkulífeyri, er næmi 70% af hámarksörorkulífeyri samkvæmt 2.

mgr. Sá, sem er metinn 75% öryrki eða meira, á samkvæmt þessu rétt á hámarks-örorkulífeyri. En hann á þá rétt á örorkulífeyri frá almannatryggingunum. Ef sá lífeyrir kæmi sem viðbót, yrði um stórt stökk að ræða í örorkulífeyrinum við 75% örorkustigið. Ekki er tilefni til slíks, og er því örorkulífeyrir sjóðsins lækkaður um leið og menn öðlast rétt til örorkulífeyris almannatrygginganna um þá upphæð, er honum nemur.

4., 5. og 6. mgr. eru óbreyttar.

Um 12. gr.

Þessi grein er samhljóða 14. gr. laga nr. 29/1963.

Meginbreytingarnar á þessari grein eru hækkun makalífeyrisins, niðurfelling á biðtímanum og að makalífeyririnn skuli fylgja launum í því starfi, er sjóðfélaginn gegndi síðast.

Eftir 30 ára starfstíma verður makalífeyrir nú 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni sjóðfélagi gegndi síðast. Það er sama hundraðshlutahækkun (25%) eins og á ellilífeyrinum. Hækkanir makalífeyris fyrir hvert starfsár umfram 30 eru helmingur af því, sem hækkun ellilífeyrisins nemur, sbr. 10. gr.

Makalífeyririnn er ákveðinn þannig, að samanlagður lífeyrir úr sjóðnum og maka- og ellilífeyrir frá almannatryggingunum sé ákveðinn hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni sjóðfélagi gegndi síðast, og fer sá hundraðshluti eftir því, hve starfstíminn var langur. Greiðslurnar úr sjóðnum verða því misjafnar eftir því, hvort hinn eftirlifandi maki á lífeyrisrétt hjá almannatryggingunum eða ekki. Þetta er tilsvarandi og gerist, þegar örorkulífeyrisþegi nær 67 ára aldri. Þá lækkar greiðsla sjóðsins. Það getur einnig komið fyrir með ellilífeyrisþega, sbr. síðustu málsgrein 10. gr.

Undantekning frá aðalreglunni er gerð í 3. mgr. fyrir þau tilvik, þar sem makalífeyririnn samkvæmt 2. mgr. nær ekki tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Það ákvæði leiðir til þess að eftirlátnir makar (ekkjur) með lágan makalífeyri, mundu fá nokkra hækkun við 67 ára aldur. Slíkt mundi helzt koma til hjá eftirlátnum mökum þeirra starfsmanna, sem hefðu verið stuttan tíma í opinberri þjónustu.

Tilefni þess, að biðtíminn er felldur niður, er sumpart óskir sjóðfélaganna um þetta og sumpart sú staðreynd, að oft hafa verið teknar á fjárlög greiðslur til ekkna sjóðfélaga, sem ekki höfðu náð 10 ára starfstíma. Með því að fella biðtímann niður, ætti slíkt ekki að koma til í framtíðinni.

Vegna niðurfellingar biðtímans, fellur 2. mgr., sem áður var, niður.

Við breytinguna á launagrundvelli þeim, sem makalífeyrir reiknast eftir, verður 5. mgr., sem áður var, óþörf.

Þá hefur 4. mgr., um lækkun á lífeyri vegna aldursmunar hjóna, verið felld niður. Hún hefur haft litla fjárhagslega þýðingu, en valdið verulegum leiðindum í framkvæmd.

4. mgr. er 6. mgr., sem áður var, óbreytt.

5. mgr. er 7. mgr., sem áður var, óbreytt.

6. mgr. er ný. Hún er tekin upp vegna eindreginna tilmæla 7. fulltrúaráðsfundar Kvenréttindafélags Íslands. Tilsvarandi reglur eru í gildi hjá grannþjóðum okkar.

Um 13. gr.

Tvær fyrstu málsgreinarnar eru samhljóða 15. gr. laga nr. 29/1963.

Fyrsta málsgrein er tekin úr síðustu málsgrein 12. gr. eldri laga.

2. mgr. hefur ekki áður verið í lögum um Lífeyrissjóð barnakennara. Hins vegar hefur efnislega samhljóða grein verið í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins síðan lög nr. 11/1959 voru sett.

3 mgr. er sett til að mæta kröfum Sambands íslenzkra barnakennara um þetta atriði. Tilsvarandi ákvæði er ekki í lögum nr. 29/1963.

Um 14. gr.

Þessi grein er samhljóða 16. gr. laga nr. 29/1963. Hún svarar til 13. gr. í eldri lögum. Í henni eru nokkrar efnisbreytingar.

Í fyrsta lagi er greiðsla lífeyris framlengd frá 16 til 18 ára aldurs. Um þetta hafa oft komið fram tilmæli frá sjóðfélögum. Það er einkum rökstutt með því, að engu sérnámi sé lokið við 16 ára aldur. Það er einnig reglan í grannlöndum okkar, að barnalífeyrir sé greiddur til 18 ára aldurs.

Árlegur barnalífeyrir var áður 25% hærri en barnalífeyrir almannatrygginganna, þegar barnið átti framfæranda á lífi, en verður nú 50% hærri. Af þessu greiðir sjóðurinn þó aðeins ⅓ þar til barnið nær 16 ára aldri, þar sem börn látinna sjóðfélaga fá eftirleiðis barnalífeyri almannatryggingarnanna. Þetta er sama regla og gildir í Lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum, sjá 17. gr. laga nr. 78/1962.

Þá er það nýmæli, að börn ellilífeyrisþega fá barnalífeyri. Þessi regla gildir í grannlöndum okkar.

Þá er síðasta málsgrein 13. gr., sem áður var felld niður, þar sem hún á ekki við lengur.

Um 15. gr.

Hér er sú breyting gerð, að reikna skuli vexti, í samræmi við ávöxtun sjóðsins, þegar sjóðfélaga, er fer úr sjóðnum, eru endurgreidd iðgjöld þau, sem hann hefur greitt í sjóðinn. Áður voru iðgjöldin endurgreidd vaxtalaus. Það hefur valdið talsverðri óánægju, einkum í seinni tíð, enda eru vextir nú miklu hærri en þeir voru, þegar ákvæðið var upphaflega sett, 1943. Það virðist líka vera að verða almenn regla hjá öðrum lífeyrissjóðum að endurgreiða iðgjöldin með vöxtum.

Þar sem sjóðurinn er nú orðinn viðbótarsjóður við almannatryggingarnar, getur lífeyrir komið að gagni, þótt lágur sé. Þess vegna er tími sá, sem menn þurfa að hafa verið í sjóðnum, til þess að mega láta iðgjöld sín standa inni og halda lífeyrisrétti fyrir sig og sína, lækkaða úr 10 árum í 5 ár, sbr. 10. gr.

Þessi grein er samhljóða 17. gr. laga nr. 29/1963.

Um 16. gr.

Óbreytt.

Um 17. gr.

1. og 2. mgr. eru 15. gr., sem áður var, óbreytt.

3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 19. gr. laga nr. 29/1963 og 4. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. sömu greinar. Þessar tvær málsgreinar eru sumpart settar inn í tilefni af umræðum um þetta efni á þingum B. S. R. B. sbr. ályktun 22. þings B. S. R. B. þar að lútandi. Auk þess er þeim ætlað að opna leið til að koma í veg fyrir, að síðar verði leitað á náðir Alþingis um sérstakar viðbótarlífeyrisgreiðslur fyrir þá kennara, sem hér eiga hlut að máli.

5. mgr. er sett inn eftir eindregnum tilmælum Sambands íslenzkra barnakennara. Hún er efnislega hliðstæð 5. gr. laga nr. 29/1963.

Um 18. gr.

17. gr., sem áður var, óbreytt.

Um 19. gr.

18. gr., sem áður var, óbreytt.

Um 20. gr.

19. gr., sem áður var, óbreyttt.

Um 21. gr.

Þessi grein er samhljóða 23. gr. laga nr. 29/1963. Hún er aðeins sett til öryggis. Eins og sakir standa mun ekki unnt að benda á neitt tilfelli, þar sem lífeyrisréttur sjóðfélaga yrði lakari eftir þessum lögum en eldri reglum.

Um 22. gr.

Þessi grein er samhljóða 24. gr. laga nr. 29/1963, nema hvað síðasta setning hennar er felld niður, þar sem hún á ekki við í þessum sjóði.

Fyrri málgrein þessarar greinar lýtur að því á hvern hátt sjóðfélagar þessa sjóðs öðlast aðilda að almannatryggingunum, og þarfnast hún ekki skýringa.

Síðari málsgreinin fjallar um framtíðarlífeyri núverandi lífeyrisþega. Hefðu þeir fengið almannatryggingalífeyri til viðbótar þeim, er þeir hafa nú, með öllum uppbótum, þar með töldum uppbótum á 18. gr. fjárlaga, mundu sumir þeirra hafa fengið óeðlilega háan heildarlífeyri. Það er því gert að meginreglu, að þeir fái lífeyri eftir hinum nýju reglum. Flestir fá nokkra hækkun á heildarlífeyri við þessa breytingu. Ef einhverjir hafa hærra eftir gömlu reglunum, að meðtalinni uppbót á 18. gr. fjárlaga, er gert ráð fyrir, að þeir haldi óbreyttum heildarlífeyri. Nöfn þeirra sjóðfélaga, sem verið hafa á 18. gr. fjárlaga hingað til, þurfa ekki að vera á henni framvegis, heldur fá þeir allan sinn lífeyri greiddan frá sjóðnum og almannatryggingunum. Ríkissjóður endurgreiðir sjóðnum þann hluta lífeyrisins, sem er umfram hluta sjóðsins samkvæmt eldri reglum.

Um 23. gr.

Enda þótt ætla megi, að sjóðurinn geti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum, sem honum ber, ef kauplag væri stöðugt, er þess engin von, að hann geti það til fullnustu, ef kauplag heldur áfram að hækka á svipaðan hátt og það hefur gert síðast liðin rösk tuttugu ár. Það má teljast nær ógerlegt að byggja upp sjóð, er væri fær um það.

Efnislega liggur ekki annað í þessari grein en það, sem svarar til þess, er gert hefur verið með ýmsum lagaákvæðum á undanförnum árum. Virðist heppilegra, að ákvæði um þetta séu tekin inn í lögin um Lífeyrissjóð barnakennara, heldur en að stöðugt þurfi nýja lagasetningu.

Þessi grein er samhljóða 25. gr. laga nr. 29/1963.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 75. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 frá 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. nóv. 1963.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.

Ágúst Þorvaldsson. Ragnar Jónsson.

Sþ. 76. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]

um tilraun til að hefja skipulagðar ferðir með skriðbíl yfir Skeiðarársand.

Flm.: Jónas Pétursson, Ragnar Jónsson, Páll Þorsteinsson, Sverrir Júlíusson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta sumri hefja skipulagðar tilraunaferðir með skriðbíl yfir Skeiðarársand milli Lómagnúps og Öræfa.

Greinargerð.

Við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi 20. des. 1962 var samþykkt að heimila ríkisstjórninni: „Að festa kaup á skriðbíl, sem hentað gæti til ferða um torleiði á landi og sem ferja yfir vötn, og reyna slíkt tæki á jökulvötnum og aurum Skaftafellssýslu til þess að fá úr því skorið, hvort á þann hátt yrði opnuð samgönguleið fyrir Skaftfellinga og ökufært yrði á léttum bílum umhverfis landið.“ Tilefni þessarar samþykktar var, að fyrir lá tilboð frá Bergi Lárussyni frá Kirkjubæjarklaustri um útvegun á vatnadreka frá Ameríku, sem hægt væri að fá með hagstæðum kjörum. Samgöngumálaráðherra ákvað að nota þessa heimild, og var Innkaupastofnun ríkisins falið að annast um kaup á tækinu. Vatnadrekinn kom til landsins 24. maí s. l. Nokkrar breytingar þurfti að gera á honum, og eftir það var hann síðan reyndur á Skeiðarársandi seint í ágúst og aftur farið á honum í september í reynsluferð.

Sú reynsla, er fékkst af vatnadrekanum í þessum ferðum, var í skemmstu máli mjög góð, hvað hina tæknilegu hlið snertir. En það er aðeins annar þáttur þessa máls. Hinn er sá fjárhagslegi. Nauðsynlegt er að fá hið fyrsta úr því skorið, hvort fjárhagsgrundvöllur er fyrir að reka slíkan vatnadreka á þessari leið til flutninga á vörum og til að flytja smærri fólksbíla, en til þess virðist vatnadrekinn mjög hentugur. Á því leikur tæpast vafi, að ef takast má að opna á þennan hátt hringleið um landið fyrir venjulega fólksbíla, mundi verða að sumrinu mjög mikill straumur ferðafólks þessa leið.

En enn eru þó fleiri þröskuldar á vegi, til þess að ökufært verði um Skaftafellssýslu. Er þar fyrst um að ræða Jökulsá á Breiðamerkursandi. En svo skammt virðist nú í, að sú torfæra verði brúuð, að það mál mun verða skjótlega leyst, ef Skeiðarársandur og vötnin þar verða yfirstigin. Fleiri ár en Jökulsá eru enn óbrúaðar austan Skeiðarársands. Unnið er að framkvæmdum við Steinavötn í Suðursveit, og verða þau brúuð á árinu 1964. Þrjár ár aðrar eru allmiklar torfærur í Öræfum, Svínafellsá, Kotá og Hrútá, og í Suðursveit er Fellsá, sem brú vantar á. Þessar ár eru þó oft færar tveggja drifa bílum. Nokkrar smærri ár er enn um að ræða, en þær eru fæstar nokkur farartálmi nema í vatnavöxtum. Engin þessi brú er mikið mannvirki. Teljum við flutningsmenn vafalaust, að sá þungi fjölmennisins, sem þrýsti á þetta mál vegna sumarferðalaganna, eftir að Skeiðarársandur væri sigraður, mundi á skömmum tíma leysa þær brúargerðir, sem óhjákvæmilegar eru austar í Skaftafellssýslu.

Öræfingar hafa nú um árabil notið flugtækninnar til lausnar á samgönguvanda sínum að verulegu leyti. Má þar einkum nefna, að sláturafurðir þeirra hafa verið fluttar með flugvélum. Í því fólst stórkostleg umbót og öryggi. Hinu ber ekki að neita, að sú lausn hlýtur að vera allkostnaðarsöm. Það er því hagsmunamál Öræfinga jafnt sem þjóðarinnar í heild, að tálmunarlitlar samgöngur á landi opnist við Öræfin. Öræfinga sjálfra vegna er meiri nauðsyn að opna landleiðina austur til Hafnar í Hornafirði. En engin framkvæmd mundi hrinda því máli örar áleiðis heldur en einmitt sú, sem opnaði þessa höfuðtorfæru í samgöngumálum landsins, sem vötnin á Skeiðarársandi eru. Sá möguleiki, sem nú virðist fyrir hendi með vatnadrekanum til lausnar á þeim vanda, getur verið úr sögunni fyrr en varir. Þess vegna teljum við flutningsmenn nauðsynlegt, að fast og örugglega sé fylgt eftir að gera til fulls þá tilraun, sem hafin var með vatnadrekanum s. l. sumar.

Nd. 77. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. nóv. 1963.

Davíð Ólafsson, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. Einar Ágústsson.
Skúli Guðmundsson. Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 78. Frumvarp til laga [71. mál]

um byggingu leiguhúsnæðis.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ragnar Arnalds, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að láta byggja á árinu 1964 500 íbúðir til þess að bæta úr skorti þeim á leiguhúsnæði, er nú ríkir í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Nú lýsir stjórn sveitarfélags yfir því, að mikill skortur sé þar á leiguhúsnæði og sé því þörf á aðstoð ríkisins við, að slík leiguhús séu byggð í umdæmi þess. Staðfesti húsnæðismálastofnun ríkisins þetta, skal ríkisstjórnin semja við slík sveitarfélög um byggingu leiguhúsnæðis í umdæmum þeirra. Skulu þessi sveitarfélög þá láta í té ríkinu að kostnaðarlausu lóðir, er séu heilar göturaðir, eins og ríkið óskar. Séu þær útbúnar með öllum leiðslum, er til þarf, þannig að hægt sé að reisa slík hús í húsaröðum á sem hagkvæmastan tæknilegan hátt, yfirleitt þriggja til fjögurra hæða hús og að öðru leyti eins og lög þessi og reglugerðir gera kröfu til. Íbúðir þessar skulu vera tveggja tegunda, önnur tegundin 60—70 fermetrar að stærð að innanmáli útveggja, en hin 70—80 fermetrar, skipt í 2—3 herbergi með eldhúsi og borðkrók.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við sveitarfélög um framlag af þeirra hálfu til slíkra bygginga og séu þau þá meðeigendur að þeim hluta, er þau leggja fram. Ríkisstjórnin má og fela sveitarfélögum stjórn á þessu leiguhúsnæði og eftirlit.

4. gr.

Allt þetta húsnæði skal leigt út með kostnaðarverði. Þó má leiga aldrei vera hærri en sem svarar 8% af verði íbúðanna. Félagsmálaráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um, hvernig það skuli reiknast, og um viðhald og viðhaldskostnað.

5. gr.

Ríkisstjórnin skal bjóða út smíði bygginga þessara og skal, þegar um Reykjavík er að ræða, bjóða út a. m. k. smíði 100 íbúða í einu lagi, svo að hægt sé að knýja fram sem ódýrasta smíði, og a. m. k. 24 íbúðir, þegar um önnur bæjarfélög er að ræða.

6. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán, allt að tvö hundruð milljónum króna, vegna þessara byggingarframkvæmda. Þá er og ríkisstjórninni heimilt að semja við einstaka sjóði um, að þeir leggi fram fé til slíkra bygginga, með þeim kjörum, að þeir eigi það húsnæði, sem samsvarar framlagi þeirra, og fái af því þær vaxtatekjur, er ríkið ætlaði sjálfu sér. Ríkið annast hins vegar alla stjórn á þessu og skuldbindur sig gagnvart þessum sjóðum til þess að kaupa af þeim þeirra húsnæði, hvenær sem sjóðir þessir æskja þess. Skal það þá greitt með sömu upphæð og fram var lögð. En að tíu árum liðnum mega sjóðir þessir láta selja íbúðir þessar á markaðsverði, ef þeir óska þess.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur falið húsnæðismálastjórn ríkisins framkvæmdir allar í þessum málum fyrir sína hönd.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður nánar með reglugerð um framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skortur á leiguhúsnæði, sérstaklega í Reykjavík og nágrenni, en einnig víðar á landinu, er nú orðinn svo mikill, að við neyðarástandi liggur. Er óhjákvæmilegt, að hið opinbera láti það til sín taka, þegar skortur þrengir að almenningi á brýnustu lífsnauðsynjum, eins og húsnæði.

Tillögur þær, sem felast í þessu frv., eiga því ekkert skylt við varanlega framtíðarlausn á húsnæðisvandamálunum. Slík framtíðarlausn þyrfti að vera byggð á félagslegu átaki almennings, er ríkið aðstoði með því að veita lán, er nemi helzt 75—90% byggingarkostnaðar, til langs tíma, 60—80 ára, og með lágum vöxtum, 2—4%, enda þyrfti þá að vera tryggt stöðugt verðgildi krónunnar og útrýming alls brasks með íbúðir. Tillögur um framtíðarlausn húsnæðisvandamála munu þingmenn Alþýðubandalagsins leggja fram óháð þessu frv.

Þetta frv. miðar að því að lina nokkuð neyðarástand, sem nú ríkir, með því að ríkið byggi sjálft eða láti húsnæðismálastofnun ríkisins annast það fyrir sig í samráði við viðkomandi bæjarfélög og leigi síðan þessar íbúðir með kostnaðarverði. Er þá nauðsynlegt, að ríkið kappkosti að komast að sem beztum kjörum um lán. Nauðsynlegt er að reyna að knýja það fram með einu eða öðru móti, að vextir verði ekki hærri en 4—6%. Jafnvel hefur ríkið í hendi sér að skylda bankana, þar með talinn Seðlabankann, með lögum til að lána ríkinu slíka upphæð með slíkum vöxtum, ef erfitt skyldi vera að semja við bankana um slíkt.

Í frv. eru allströng fyrirmæli um fyrirkomulag og byggingu þessa leiguhúsnæðis. Eru þau sett í því skyni, að íbúðir þessar megi verða sem ódýrastar, en þó hentugar og í samræmi við kröfur nútímans. Ætti kostnaðarverð slíkra íbúða að geta orðið 20—30% lægra en venjulegra einkaíbúða.

Ýmsum sjóðum er með 6. gr. gefinn kostur á að lána ríkinu fé og — ef það er fest til a. m. k. 10 ára — að fá rétt til að selja þær íbúðir, sem fé þeirra hefur farið í, að þessum tíma liðnum. Héldi verðbólga áfram, mundu þessir sjóðir þar með hafa tryggt sig gegn henni.

Þar sem frv. þetta miðast við að bæta úr brýnni þörf þessara ára og flutningsmenn hafa trú á, að að 10 árum liðnum yrði búið að koma á skynsamlegum ráðstöfunum til framtíðarlausnar húsnæðisvandamálsins, er lagt til, að selja megi nokkuð af þessum íbúðum þá. Er það máske einnig hentugt frá sjónarmiði hins

opinbera að ráðstafa þeim til einstaklinga, þegar viðhald fer að verða meira, því að eigendur mundu þá gæta slíks betur en ella yrði gert.

Tæknilega séð yrði svona bygging leiguhúsnæðis í stórum stíl einnig merkileg tilraun um, hvað spara megi með fullkominni verkhyggni á öllum sviðum.

Ákvarðanirnar um, að leiga megi ekki fara fram úr 8% af kostnaðarverði íbúðanna, ætti að geta orðið til þess að halda nokkuð niðri húsaleigu á nýjustu íbúðunum. Sökum skortsins á leiguhúsnæði er nú mánaðarleiga á 2—3 herbergja íbúðum orðin miklu hærri en samsvarar byggingarkostnaði, og eru þess dæmi í Reykjavík, að slíkar íbúðir séu leigðar á 5000 kr. á mánuði og jafnvel fríðindi, svo sem fyrirframborganir, að auki. En í þeim ríkisíbúðum, sem fyrirhugaðar eru samkv. þessu frv., ætti leiga að geta orðið allt að því helmingi lægri og er samt há miðað við kaupgjald þorra verkamanna. En lægri leigu eða lægri kostnað við eigin íbúð er hins vegar erfitt að knýja fram nema með róttækri breytingu á lánamálum hvað íbúðabyggingar snertir og þá fyrst og fremst lágum vöxtum, 2—4%, eins og fyrr er getið.

Nánar verður frv. þetta skýrt í framsögu.

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um nýja rafvæðingaráætlun.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson, Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela raforkumálastjóra og raforkuráði að gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun um rafvæðingu allra heimila á landinu, sem hafa ekki fengið eða fá rafmagn samkvæmt 10 ára áætluninni og hafa ekki raforku frá sérstökum vatnsaflsstöðvum. Skal áætlunin við það miðuð, að rafvæðingunni sé að fullu lokið á árinu 1968. Til undirbúnings ákvörðun um það, að hve miklu leyti raforkuþörf heimilanna verði fullnægt með línum frá samveitum, skal gert yfirlit um þau heimili í hverju sveitarfélagi, sem hafa ekki enn fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, eru utan þeirra framkvæmdaáætlana um raflínur, er raforkuráð hefur samþykkt, og þar sem meðalvegalengd milli býla er:

1) allt að 2.5 km,
2) allt að 3 km,

ásamt kostnaðaráætlun um raflínulögn til þeirra.

Þá skal og gerð kostnaðaráætlun um uppsetningu dísilstöðva fyrir heimili, eitt eða fleiri saman, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum, og ekki hafa hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar. Skal í þeirri áætlun gert ráð fyrir, að rafmagnsveitur ríkisins komi stöðvunum upp og eigi þær, en notendur borgi af þeim sanngjarna leigu. Stærð dísilstöðva sé við það miðuð, að næg orka fáist til suðu og ljósa, algengra heimilisvéla og súgþurrkunar. Einnig skal gerð áætlun um sambærilega aðstoð, t. d. með auknum og hagstæðum lánum, til þeirra, sem koma upp vatnsaflsstöðvum til heimilisnota.

Áætlunum þessum skal fylgja yfirlit um öll byggð býli (heimili) í hverju sveitarfélagi og hver þeirra hafi fengið eða fái rafmagn frá samveitum samkvæmt 10 ára áætluninni og hver hafi rafmagn frá sérstökum vatnsaflsstöðvum.

Hin nýja áætlun um raflínur frá samveitum sé þannig gerð, að tímaröð framkvæmda sé ákveðin með hliðsjón af meðalvegalengd milli bæja í sveitarfélögunum.

Raforkumálastjóri og raforkuráð skulu hafa lokið hinni nýju rafvæðingaráætlun fyrir 31. marz 1964, og skal ríkisstjórnin þá þegar leggja áætlunina fyrir Alþingi, ásamt frumvarpi til laga um framkvæmdir, þar sem ákveðið sé að ljúka rafvæðingunni fyrir árslok 1968.

Greinargerð.

Eftir nýjustu upplýsingum frá raforkumálaskrifstofunni höfðu 2458 sveitabýli fengið rafmagn frá almenningsveitum í árslok 1962. Þá var raforkuráð búið að gera samþykktir um raflínur til viðbótar sem hér segir:

Á framkvæmdaáætlun 1962, sem var ekki lokið á því ári	196 býli
Á framkvæmdaáætlun 1963	187 —
Á framkvæmdaáætlun 1964	195 —
Á framkvæmdaáætlun 1964—1965	114 —
Samtals	692 býli

Samkvæmt framansögðu má gera ráð fyrir, að þegar lokið verður þeim framkvæmdum við raflínulagnir um sveitirnar, sem búið er að samþykkja í raforkuráði, verði heildartala þeirra býla, sem njóta raforku frá samveitum, orðin 3150.

Raforkumálaskrifstofan telur, að í árslok 1962 hafi 489 sveitabýli haft rafmagn frá einkastöðvum, sem reknar eru með vatnsafli.

Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að mikið er óunnið við rafvæðingu sveitanna, þó að lokið verði á næstu 1—2 árum að leggja raflínur til þeirra bæja, sem eru á framkvæmdaáætlunum raforkuráðs. En það er ákaflega þýðingarmikið, að rafvæðingunni verði lokið á svo skömmum tíma sem mögulegt er.

Á næstliðnu sumri mun raforkumálaskrifstofan hafa sent ráðherra tvær nýjar áætlanir um rafmagnsveitur í sveitum, og eru þær nefndar bráðabirgðaáætlanir. Á annarri áætluninni er meðalvegalengd milli býla allt að 1.5 km, en á hinni 1.5—2 km. — Þessar bráðabirgðaáætlanir hafa ekki verið birtar, en samkvæmt upplýsingum, sem einstakir þingmenn hafa getað fengið, hver fyrir sitt kjördæmi, munu áætlanirnar ná til um það bil 740 býla, sem hafa ekki enn verið tekin á framkvæmdaáætlanir raforkuráðs.

Þó að ákveðið yrði að leggja raflínur frá aðalorkuveitum til þeirra ca. 740 býla, sem eru í hinum nýju bráðabirgðaáætlunum raforkumálaskrifstofunnar, yrðu enn eftir á annað þúsund sveitabýli, sem hvorki hefðu rafmagn frá samveitum né frá sérstökum vatnsaflsstöðvum. Það virðist því sjálfsagt, að það sé gaumgæfilega athugað, hvort mögulegt er að leggja raflínur um fleiri svæði en þau, sem hinar nýju áætlanir ná yfir, áður en fullnaðarákvörðun verður tekin um rafvæðinguna. Til þess þarf nýjar áætlanir, og í tillögunni, sem hér er flutt, er lagt til, að þær áætlanir verði gerðar á þessum vetri.

Í tillögunni, sem hér er flutt, er lagt til, að skorað verði á ríkisstjórnina að fela raforkumálastjóra og raforkuráði að gera áætlun um rafvæðingu allra þeirra heimila á landinu, sem hafa ekki fengið rafmagn samkvæmt 10 ára áætluninni eða frá sérstökum vatnsaflsstöðvum og hafa ekki enn verið tekin á framkvæmdaáætlanir um raflínur, sem raforkuráð hefur samþykkt. Sé áætlunin miðuð við, að framkvæmdinni sé að fullu lokið á árinu 1968. Þá er og lagt til, að gert verði yfirlit um öll þau heimili í hverju sveitarfélagi, sem hafa ekki enn fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, eru utan þeirra framkvæmdaáætlana um raflínur, er raforkuráð hefur samþykkt, og þar sem meðalvegalengd milli býla er, í fyrsta lagi allt að 2.5 km og í öðru lagi allt að 3 km, ásamt áætlunum um kostnað við raflínulögn til þeirra. Þetta yfirlit og áætlun er nauðsynlegt að gera til undirbúnings ákvörðun um það, að hve miklu leyti raforkuþörf sveitanna verður fullnægt með raflínum frá samveitum. En sjálfsagt er að fullnægja rafmagnsþörfinni með samveitum, að svo miklu leyti sem mögulegt er, því

að það veitir heimilunum miklu öruggari og fullkomnari þjónustu heldur en rafmagn frá litlum mótorstöðvum.

Þá er ákveðið í tillögunni, að gera skuli áætlun um uppsetningu dísilstöðva fyrir þau heimili, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja raflínur til þeirra frá samveitum, og hafa ekki skilyrði til vatnsaflsvirkjunar. Er lagt til, að áætlunin verði við það miðuð, að rafmagnsveitur ríkisins komi upp þessum dísilstöðvum og eigi þær, en notendur borgi af þeim hóflega leigu. Leiguna ætti að ákveða þannig, að notendur dísilstöðvanna njóti a. m. k. ekki minni stuðnings af opinberri hálfu heldur en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Enn fremur er lagt til, að þeir, sem koma upp sérstökum vatnsaflsstöðvum til heimilisnota, fái til þess meiri aðstoð en nú er veitt, t. d. með auknum og hagstæðari lánum.

Lagt er til, að áætlun raforkumálastjóra og raforkuráðs fylgi yfirlit um öll byggð býli á landinu, hver af þeim hafi fengið eða fái rafmagn samkvæmt 10 ára áætluninni og hver hafi rafmagn frá sérstökum vatnsaflsstöðvum.

Mikill meiri hluti landsmanna hefur þegar fengið raforku til heimilisþarfa og annarra nota, að langmestu leyti frá virkjunum og orkuveitum, sem komið hefur verið upp af ríkinu eða með stuðningi þess. Hinir, sem enn eru án raforkunnar, eiga einnig rétt á því, að bætt verði úr þörfum þeirra í þessu efni, svo fljótt sem mögulegt er, og þeir eiga rétt á að fá án óþarfrar tafar vitneskju um, hvers þeir megi vænta. Hefur þegar dregizt of lengi að taka ákvarðanir um áframhald rafvæðingarinnar, en sú framkvæmd er ein hin þýðingarmesta fyrir þau mörgu sveitaheimili, sem enn eru án þeirra miklu þæginda, er rafmagnið veitir.

Ed. 80. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson, Karl Kristjánsson, Hermann Jónasson, Helgi Bergs.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, 30 millj. kr.
2. Vaxtatekjur.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður skal greiða hækkun þá, sem orðið hefur vegna breyttrar skráningar íslenzkrar krónu eftir 1. janúar 1960 á þeim erlendu lánum, sem hvíla á Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Greiðsluskylda ríkissjóðs nái til afborgana og vaxta Stofnlánadeildar af lánunum og gildi þar til lánunum er lokið.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Vextir af lánum til íbúðarhúsa í sveitum skulu vera 3½% og af öðrum lánum Stofnlánadeildar 4%.

4. gr.

a. 2. málsgr. 12. gr. laganna falli burt.
b. Orðin „ákvæði 2. málsgr. og“ í 3. málsgr. 12. gr. laganna falli burt.

afurða. Skatturinn, sem lagður er á bændur í þessu skyni, nemur 1% af verði landbúnaðarafurða og samsvarar 2% kauplækkun hjá bónda á meðalbúi.

Ríkisvaldið ákvað hinar miklu gengisfellingar, sem röskuðu fjárhagsgrundvelli stofnlánasjóða landbúnaðarins. En samkvæmt lagaákvæðum þeim, sem hér um ræðir, eru bændur nú skattlagðir m. a. til að standa straum af tapi, sem gengisfellingarnar ollu, hjá Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði.

Með frv. þessu er stefnt að því, að á þessu verði gerð breyting, þannig að Stofnlánadeild landbúnaðarins fái árlega til starfsemi sinnar hluta af því fjármagni, sem til útlána er í þjóðfélaginu á hverjum tíma, og með þeim kjörum, að ríkissjóður leggi fram nægilega háa fjárhæð árlega til að greiða vaxtamun af því fé, sem þannig er fengið til stofnlána í landbúnaði. Hér er lagt til, að árlegt framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins nemi 30 millj. kr.

Mikið er af því látið um þessar mundir hve sparifjáraukning hafi orðið mikil að undanförnu. Umráðafé bankanna vex að sama skapi. Landbúnaðurinn er einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar. Réttmætt er, að hann njóti góðs af því veltufé, sem til umráða er, og fái þannig fjármagn til stofnlána.

Í 2. gr. frv. er kveðið svo á, að ríkissjóður skuli greiða hækkun þá, sem orðið hefur vegna breyttrar skráningar íslenzkrar krónu eftir 1. janúar 1960 á þeim erlendu lánum, sem hvíla á Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Hinir háu vextir, sem nú eru í gildi, eru þung byrði á atvinnuvegunum. Landbúnaðurinn getur, þegar sómasamlega er að honum búið, veitt þeim, er við hann starfa, sæmilega trygga afkomu, en ekki skjótfenginn gróða. Með ræktun og byggingum í sveitum er verið að bæta landið og búa í haginn fyrir þá, sem það erfa, jafnframt því að þeir, er framkvæmdirnar gera, bæta aðstöðu sína. Það er því hvorki réttmætt né fært að láta landbúnaðinn bera þunga vaxtabyrði af stofnlánum. Þjóðfélagið erfir að allmiklu leyti, handa seinni kynslóðum, framkvæmdir, sem bændastéttin gerir til umbóta og uppbyggingar í landinu, og er þess vegna skylt að taka þátt í þeim á hverri líðandi stund m. a. með því að sjá bændum fyrir vaxtalágum og löngum stofnlánum. Í frv. þessu segir, að vextir af lánum úr Stofnlánadeild skuli vera 3½—4%, en það er eins og vextir stofnlánasjóðanna voru, áður en lög nr. 4/1960, um efnahagsmál, tóku gildi.

Þá er og lagt til, að niður falli það lagaákvæði, að erlent lánsfé Stofnlánadeildar megi ekki endurlána til vinnslustöðva og vélakaupa, nema með gengisákvæði.

Því meiri framkvæmdir sem gerðar eru í sveitum, þeim mun meira fjármagn er bundið í fasteignum og búi hvers bónda. Þróun atvinnuvegarins að þessu leyti er óhjákvæmileg og má ekki stöðvast, en hún torveldar eðlileg eigendaskipti á jörðum, nema tryggt sé, að lánsstofnun hlaupi undir bagga, þannig að unga kynslóðin geti án þess að reisa sér hurðarás um öxl eignazt jarðir og hafið atvinnurekstur, þegar hinir eldri verða að hætta búskap fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum og vilja selja fasteignir.

Veðdeild Búnaðarbankans á að gegna því hlutverki að veita lán vegna jarðakaupa og greiða þannig fyrir slíkum viðskiptum. En um langt skeið hefur Veðdeildina skort mjög tilfinnanlega fjármagn til þessarar starfsemi.

Í frv. þessu er kveðið á um að auka fjármagn Veðdeildarinnar verulega frá því, sem nú er. Gera á Seðlabanka Íslands skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána Veðdeild Búnaðarbankans 50 millj. kr. Samkvæmt frv. skal Veðdeildinni enn fremur heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og séu bréfin eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa, þannig að nokkur hluti lánsfjárhæðarinnar sé greiddur í bankavaxtabréfum.

Samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum ber að skipa fimm manna nefnd, er hafi það verkefni í samvinnu við Teiknistofu landbúnaðarins að gefa sem ákveðnastar leiðbeiningar um hagkvæmustu gerð bygginga á sveitabýlum, sérstaklega peningshúsa. Til þessarar

5. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (14. gr.) Seðlabanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána Veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, þó eigi minna en 50 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.

b. (15. gr.) Veðdeild Búnaðarbankans er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Vextir af bankavaxabréfum þessum skulu vera jafnháir vöxtum af lánum, sem Veðdeild Búnaðarbankans veitir.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa.

Ákvæði 16. gr. 3. málsgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til þessa flokks bankavaxtabréfa.

c. (16. gr.) Heimilt er Veðdeild að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu vegna jarðakaupa, að allt að 40% lánsfjárhæðarinnar sé greitt í bankavaxtabréfum, sem út eru gefin samkvæmt 15. gr.

Afborgunum og endurgreiðslum lána, sem greidd eru í bankavaxtabréfum, skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna.

6. gr.

Í stað orðanna „eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum“ í 2. málsgr. 71. gr. laganna komi: minnst 350 þúsund krónur á ári.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Byggingarsjóður sveitabæja og Ræktunarsjóður Íslands gegndu mikilvægu hlutverki, allt frá því að Framsóknarflokkurinn kom því til leiðar, að þeir voru stofnaðir.

Sjóðir þessir hafa um rúmlega þrjátíu ára skeið veitt lán með hagkvæmum kjörum til bygginga og ræktunar í sveitum.

Starfsemi þessara sjóða fór vaxandi samhliða því, að framkvæmdir jukust í sveitum.

Á árunum 1950—1958 var sjóðum þeim, sem hér um ræðir, aflað fjár til lánveitinga — til viðbótar eigin fé þeirra — eftir ýmsum leiðum. Á þessu tímabili varð oft verulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, og ráðstafaði Alþingi honum með sérstökum lögum. Af því fé fengu þessir sjóðir 52 millj. kr. Ræktunarsjóði var tryggt allmikið fjármagn árlega af fé mótvirðissjóðs. Enn fremur voru af hálfu ríkisins tekin erlend lán til að endurlána þessum sjóðum Búnaðarbankans.

Til þess að efla þessa sjóði var sumum þeirra lána, sem sjóðirnir höfðu fengið af ríkisfé, breytt í óafturkræf framlög, enda var hrein eign þessara lánasjóða í árslok 1958 samtals 105 millj. kr. Við gengisbreytingar þær, sem gerðar hafa verið að undanförnu, hækkuðu svo stórkostlega í íslenzkum krónum hin erlendu lán, er tekin höfðu verið vegna Byggingarsjóðs og Ræktunarsjóðs og árlegar greiðslur af þeim, að fjárhagsgrundvöllur sjóðanna raskaðist.

Það var talinn tilgangurinn með lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, að vinna það upp aftur, sem tapazt hafði við gengisfellingarnar, og efla sjóðinn að nýju. Var sú leið farin að afla Stofnlánadeild landbúnaðarins fjár með sérstökum skatti á bændastétt landsins gegn jafnháu framlagi ríkissjóðs og með sérstöku álagi á útsöluverð landbúnaðar-

starfsemi hefur ekki verið veitt fé í fjárlögum, svo sem þörf krefur. Hér er lagt til, að lögfest verði fast framlag í þessu skyni, eigi minna en 350 þús. kr. á ári.

Landbúnaðurinn stendur höllum fæti eftir þær gífurlegu verðhækkanir, sem hin svokallaða „viðreisn“ hefur valdið. Framlagið til Stofnlánadeildarinnar á ekki að taka til greina, þegar landbúnaðarafurðir eru verðlagðar. Það er í reynd skattur af kaupi bóndans. Honum er gert skylt að afhenda Stofnlánadeildinni þennan tiltekna hluta af kaupi sínu í því skyni, að hann geti átt þess kost að fá þaðan lán vegna framkvæmda á býli sínu.

Framlag af hálfu iðnaðarins til iðnlánasjóðs og sjávarútvegsins til fiskveiðasjóðs — en það hefur verið haft til samanburðar — kemur inn í verðlag framleiðslunnar eins og söluskattur eða er tekið til greina, þegar metin er af hálfu ríkisvaldsins aðstaða sjávarútvegsins.

Ákvæðið um framlag landbúnaðarins til Stofnlánadeildarinnar var lögleitt gegn vilja félagssamtaka bændastéttarinnar, og af þeirra hálfu hefur þessum skatti verið kröftuglega mótmælt.

Háttvirt Alþingi ætti að taka þetta til greina, lögfesta nú frv. þetta og fella þar með niður þennan skatt.

Sþ. 81. Fyrirspurnir. [74. mál]

I. Til menntamálaráðherra um byggingamál Listasafns Íslands.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hve mikið fé er nú í byggingasjóði Listasafns Íslands?
2. Hefur verið aflað lóðar undir fyrirhugaða listasafnsbyggingu?
3. Hefur að öðru leyti farið fram undirbúningur að byggingu listasafnshúss?

II. Til ríkisstjórnarinnar um rannsóknarskip í þágu sjávarútvegsins.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hafa verið gerðir samningar um smíði rannsóknarskips í þágu sjávarútvegsins?

Hve mikið fé er fyrir hendi til smíði skipsins?

Hvað er talið, að vel búið rannsóknarskip kosti nú?

Ed. 82. Frumvarp til laga [75. mál]

um heimild fyrir ríkissjóð til lóðakaupa í Hveragerðishreppi.

Flm.: Helgi Bergs.

1. gr.

Ríkissjóði er heimilt að kaupa lóðir og landspildur í Hveragerði, þar sem þannig stendur á, að óhagstæð landamörk valda erfiðleikum við framkvæmd skipulags þorpsins og nýtingu lóða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Hveragerðis, sem hefur ritað flm. svo hljóðandi bréf:

„Á fundi hreppsnefndar Hveragerðishrepps þann 24. jan. 1963 var í einu hljóði samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Hreppsnefndin samþykkir að fara fram á, að ríkissjóður kaupi landspildur í Hveragerði, sem vegna óhagstæðra marka valda örðugleikum gagnvart skipulagi þorpsins, framkvæmdum og nýtingu lóða."

Ríkissjóður á mestallt land Hveragerðishrepps, þó eru nokkrar lóðir í þorpinu, sem einstaklingar eiga. Það vakti hins vegar ekki fyrir hreppsnefndinni að óska eftir, að ríkissjóður keypti öll lönd í eigu einstakra, heldur aðeins þær landspildur, sem vegna óhagstæðra marka koma í veg fyrir byggingu lóða í samræmi við skipulagsuppdrátt Hveragerðis og framkvæmdir í samræmi við hann. Hér er um að ræða óverulegar landstærðir, en allmargar lóðir illnýtanlegar af þessum sökum.

Þar sem ríkissjóður á mestallt landið, telur hreppsnefndin æskilegt, að hann kaupi þær spildur, sem koma í veg fyrir nýtingu ríkislandsins. Telur hreppsnefndin þetta allþýðingarmikið hagsmunamál sveitarfélagsins, þar sem um er að ræða að fá nýttar lóðir mitt í þorpinu, þar sem til staðar eru nú fyrir atbeina sveitarstjórnar möguleikar á almennri þjónustu, svo sem hita, rafmagni, holræsi og vegum, en dýrt fyrir sveitarfélagið, að byggðin dreifist meira en eðlilegri aukningu nemur.

Fyrir hönd hreppsnefndar er því hér með farið fram á við yður, að þér beitið yður fyrir því, að hið háa Alþingi heimili kaup á löndum hér, þar sem svo hagar til, er fyrr greinir.

Telur hreppsnefndin eðlilegast, að um heimild almenns eðlis væri að ræða, sem nota mætti í tilfellum, þar sem ástæður væru fyrir hendi, svo að ekki þyrfti að leita til Alþingis í hverju einstöku tilfelli."

Sþ. 83. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um endurskoðun laga um lánveitingar til íbúðabygginga.

Flm.: Einar Ágústsson, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson, Jón Skaftason, Halldór Ásgrímsson, Halldór E. Sigurðsson, Ólafur Jóhannesson, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd hlutbundinni kosningu til þess að endurskoða öll gildandi lög um lánveitingar til íbúðabygginga í landinu.

Nefndin skal gera tillögur að nýrri löggjöf í þessum efnum, er m. a. hafi það markmið:

að auka lánveitingar til byggingar nýrra íbúða, svo að unnt verði að lána til hverrar íbúðar af hóflegri stærð, hvar sem er á landinu, tvo þriðju hluta af byggingarkostnaði;

að jafna aðstöðu manna til lánsfjár þannig, að heildarlán geti orðið svipuð til hvers manns, miðað við sömu stærð íbúðar, hver sem hann er og hvar sem hann býr;

að greiða fyrir mönnum með lánveitingum til að endurbæta íbúðir svo og að kaupa íbúðir til eigin nota;

að lækka byggingarkostnað í landinu.

Nefndin leggi tillögur sínar, ef unnt reynist, fyrir Alþingi það, er nú situr, en að öðrum kosti fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Allir þurfa á húsnæði að halda, engu síður en fæði og klæði. Siðferðileg skylda ríkisvaldsins til að gera mönnum mögulegt að eignast þak yfir höfuðið er engu minni en að stuðla að nægilegri atvinnu og viðunandi lífskjörum að öðru leyti.

Það verður jafnan eitt af fyrstu viðfangsefnum þeirra, er stofna heimili, að reyna að eignast íbúð. Flestir eru ungir að árum, þegar þeir mynda eigið heimili, og fæstir þeirra eru miklum efnum búnir. Hins vegar kostar íbúð fyrir fjölskyldu mikið fé, eins og nú er komið.

Meðalstærð þeirra íbúða, er byggðar voru í landinu árið 1962, mun hafa verið 375 rúmmetrar. Slík íbúð kostar nú, samkv. vísitölu byggingarkostnaðar í okt. s. l., um 688 þús. kr. og hefur þá hækkað í verði um 227 þús. kr. eða um 49% á síðustu fjórum árum, þ. e. frá 1. okt. 1959. Á sama tíma hafa lán úr Byggingarsjóði ríkisins hækkað aðeins um 50 þús. kr. á íbúð. Af þessu leiðir, að eigið framlag hvers manns, sem byggir sér íbúð af fyrrnefndri stærð, þarf að vera um 538 þús. kr. Nærri má geta, hversu torvelt slíkt er ungu og efnalitlu fólki. Óhjákvæmilegt er því að stórhækka lán til hverrar íbúðar.

Eins og allir vita, eru möguleikar manna til lánsfjáröflunar misjafnir, en að því ber að stefna, að allir geti eignazt húsnæði til eigin nota.

Einnig er hagkvæmt að veita mönnum nokkurt lánsfé til endurbóta á gömlum húsum eða til að kaupa slík hús til eigin notkunar. Með því má hagnýta betur húsnæði, sem fyrir er, spara lánsfé, sem annars þyrfti í nýjar íbúðir, og koma í veg fyrir, að menn búi í óviðunandi íbúðum.

Byggingarkostnaður er nú orðinn óhæfilega hár hér á landi, og er því aðkallandi nauðsyn að fá hann lækkaðan. Í 2. gr. laga nr. 42 frá 1957, um húsnæðismálastofnun o. fl., eru ýtarleg ákvæði um ráðstafanir til lækkunar á byggingarkostnaði. Því miður hefur húsnæðismálastofnunin ekki haft fjárráð til þess að framkvæma lögin að þessu leyti.

Þróun þessara mála hefur vægast sagt farið alvarlega úrskeiðis síðustu árin. Sem dæmi um samdrátt í íbúðabyggingum fjögur síðustu árin, í samanburði við fjögur næstu ár þar á undan, má nefna eftirfarandi um tölu íbúða, sem byrjað hefur verið að byggja tilgreind ár:

	1955—1958	1959—1962	Fækkun
Sveitir	553	331	222 — 40%
Kauptún	1028	834	194 — 19%
Kaupstaðir	1852	1289	563 — 30%
Reykjavík	3549	2122	1427 — 40%
Samtals	6982	4576	2406 — 34%

Víða hefur húsnæðisleysi komið í veg fyrir stofnun heimila, einnig staðið í vegi fyrir því, að menn geti notið heppilegra atvinnuskilyrða, og augljóst er, að sívaxandi húsnæðiskostnaður gerir óhjákvæmilegar kröfur um hækkuð laun.

Hér er um þjóðfélagsvandamál að ræða, sem þolir ekki bið, en þarf að ráða bót á hið fyrsta, og í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Ed. **84. Frumvarp til laga** [77. mál]

um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra ákveður laun matsstjóra og matsmanna. Skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Síldarsaltandi skal greiða til síldarmats ríkisins tímakaup matsmanna fyrir þann tíma, sem þeir vinna við mat, eftirlit og annað í þágu síldarsaltanda. Til að standast kostnað við matið að öðru leyti, svo sem ferðakostnað matsmanna o. fl., skal heimilt að taka af hverri útflutningsmetinni tunnu matsgjald, er nemi kr. 6.00. Gjald þetta skal innheimt af lögreglustjóra, ásamt útflutningsgjaldi.

Síldarmatsmenn skulu starfa undir stjórn síldarmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Um kaup síldarmatsmanna, ferðakostnað, dagpeninga, vinnutíma o. fl., skal nánar ákveðið í erindisbréfi þeirra.

2. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Um kostnað við frjálst mat á síld fer samkvæmt 3. grein.

3. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 23 23. apríl 1957, um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er samhljóða lögum um sama efni, sem nú gilda, nr. 23/1957, að öðru leyti en því, að matsgjald af hverri útflutningsmetinni tunnu er ákveðið kr. 6.00 í stað kr. 0.50. Gjald þetta var upphaflega ákveðið með lögum nr. 53/1938, kr. 0.25 á tunnu.

Tilkostnaður við síldarmatið hefur stórhækkað á undanförnum árum, svo að tekjur þess af matsgjaldi og seldri tímavinnu eru orðnar óverulegur hluti gjaldanna. Auk almennra hækkana á tilkostnaði við síldarmatið, launum, ferðakostnaði o. s. frv., er þess að gæta, að saltsíldarverkun hefur hin síðustu ár hafizt á fjölmörgum stöðum, þar sem hún áður var óþekkt.

Í stað þess að síldarsöltun var lengi takmörkuð við Siglufjörð og Eyjafjarðarhafnir, var á s. l. sumri saltað á 21 stað á svæðinu frá Siglufirði til Djúpavogs, auk 13 staða á svæðinu frá Grindavík til Ísafjarðar að vetrinum. Þessi útþensla veldur að sjálfsögðu miklum kostnaðarauka, en ekki tekjuaukningu að sama skapi.

Telja verður eðlilegt, að mat á síld sé greitt af andvirði síldarinnar, fremur en þessi þjónusta sé greidd úr ríkissjóði.

Heildarútgjöld síldarmatsins eru áætluð 1964 kr. 1 480 000.00.

Gjaldið kr. 6.00 pr. tunnu mundi, miðað við 200 þús. metnar tunnur, gefa kr. 1 200 000.00 í tekjur og má ætla, að það hrökkvi til greiðslu kostnaðarins ásamt tímagjaldinu.

Vegna hugsanlegs samanburðar við aðrar greinar ríkismats á fiskafurðum, greiða framleiðendur freðfisks, skreiðar og saltfisks allan undirmatskostnað. Það kemur hins vegar ekki eins mikið til greiðslu ferðakostnaðar og dagpeninga eins og þegar síldarmat á í hlut.

Sþ. 85. Tillaga til þingsályktunar [78. mál]

um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga möguleika á því, að Skipaútgerð ríkisins, í samráði við hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélög, komi á fót á Akureyri útgerð strandferðaskips, er annist strandferðir norðanlands, enda séu ferðir þess í samræmi við ferðir strandferðaskipa úr Reykjavík til Austfjarða og Vestfjarða. Niðurstöður athugunarinnar verði lagðar fyrir Alþingi, svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Tími er til þess kominn að endurskipuleggja strandferðir hér við land með tilliti til breytinga, sem orðið hafa í seinni tíð á atvinnulífi og samgöngum í landinu. Kemur þá mjög til athugunar að taka upp verkaskiptingu á þá leið milli strandferðaskipa á hverjum tíma, að hvert skip veiti þjónustu afmörkuðum landshluta, og séu þá ferðir þess sérstaklega við þarfir þess landshluta miðaðar. Á Alþingi hafa verið uppi tillögur, sem miða í þessa átt, að því er varðar Suður-, Austur- og Vesturland. Er þá gert ráð fyrir, að strandferðaskip, sem sinni þörfum þessara landshluta, séu gerð út frá Reykjavík. Sams konar þörf og eigi minni er á sérstöku strandferðaskipi fyrir Norðurland, en engin þörf er á og miklu fremur óhagræði, að það skip sé staðsett í Reykjavík eða gert út þaðan. Eðlilegt er, að Norðurlandsskip sé gert út frá Akureyri, sem er höfuðstaður Norðurlands og svo mjög vaxandi iðnaðarbær, að þaðan er nú eða verður innan skamms hægt að fá flestar þær iðnaðarvörur, sem eru ekki keyptar frá útlöndum eða fluttar á sérstakan hátt utan strandferðaskipanna (áburður, sement). Útlendum vörum til norðurhafna, sem nú er umskipað í Reykjavík, ætti þá að umskipa á Akureyri, að því leyti sem þær verða ekki fluttar beint frá útlöndum til ákvörðunarstaðar, sem áður tíðkaðist í ríkara mæli en nú og er vitanlega æskilegt.

Vel mætti hugsa sér t. d. að Akureyrarskipið hefði endastöðvar á Ísafirði og Seyðisfirði, sneri við þar í hverri ferð vestur eða austur frá Akureyri. Mundu þá norðan- og sunnanskip væntanlega skiptast á vörum, farþegum og póstsendingum, án aukagjalds, þannig að um samtengt flutningakerfi væri að ræða. En það fyrirkomulag þarf auðvitað nánari athugunar við.

Akureyrarskipið gæti verið eign Skipaútgerðar ríkisins og útgerðin þar útibú frá skipaútgerðinni í Reykjavík. Einnig er hægt að hugsa sér, að stofnað yrði útgerðarfyrirtæki til strandferða norðanlands, t. d. með samvinnu hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélaga og S.R. og nyti það þá nauðsynlegs stuðnings frá ríkissjóði.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en kom þá ekki til umræðu.

Sþ. 86. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um ráðstafanir til eflingar byggðar á Reykhólum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Birgir Finnsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara nýjar athuganir á því, hvernig hagnýta megi hið forna höfuðból Reykhóla á Reykjanesi þannig, að byggð þar eflist og verði jafnframt nálægum sveitum til stuðnings.

Í þessu sambandi skal sérstaklega athuga möguleika á eftirfarandi:
1) Auknum stuðningi við hagnýtingu jarðhita á staðnum til gróðurhúsaræktunar.
2) Uppbyggingu iðnaðar, t. d. mjólkuriðnaðar og þangvinnslu.
3) Umbótum í skólamálum, t. d. með bættri aðstöðu til unglingafræðslu og stofnun héraðsskóla.
4) Lendingarbótum á Stað á Reykjanesi eða á öðrum þeim stað, sem hentugur yrði talinn.

Ríkisstjórnin skal skipa fimm manna nefnd til þess að gera tillögur um framkvæmdir á Reykhólum og hvernig stuðla megi að aukinni byggð þar. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af hreppsnefnd Reykhólahrepps, annar af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu, en þrír skipaðir án tilnefningar. Skal nefndin hafa lokið athugun sinni og skilað tillögum sínum fyrir 1. október 1964.

Greinargerð.

Reykhólar á Reykjanesi er fornt og merkilegt höfuðból. Þar eru landkostir miklir, hiti í jörðu og staðurinn liggur mitt í einni fegurstu og svipmestu sveit landsins. Á undanförnum árum hafa ýmsar tillögur verið uppi um hagnýtingu staðarins og eflingu byggðar þar. T. d. beitti Gísli Jónsson, þáverandi alþingsmaður Barðstrendinga, sér fyrir því árið 1943, að sett var á laggirnar sérstök nefnd til þess að „gera nákvæmar athuganir og tillögur um framtíðarnot jarðarinnar Reykhóla sem skólaseturs og tilraunastöðvar fyrir Vesturland". Þessi nefnd skilaði ýtarlegu áliti, og á grundvelli þess flutti Gísli Jónsson síðan frumvarp til laga um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

Árið 1944 voru í framhaldi af þessu frv. sett lög um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum. Var slík stofnun síðan sett þar á laggirnar. Jafnframt hefur landnám ríkisins unnið miklar ræktunarframkvæmdir á staðnum. Ýmsar aðrar umbætur hafa og verið unnar þar á seinni árum. Þar hafa verið reistir embættisbústaðir fyrir lækni og prest, byggð ný og glæsileg kirkja, heimavist fyrir barnaskóla og sundlaug. Má því segja, að á staðnum hafi orðið veruleg uppbygging og framfarir. Skipulagsuppdráttur hefur verið gerður af staðnum, og er þar gert ráð fyrir mjög aukinni byggð þar.

En aðalnáttúruauðæfi staðarins, jarðhitinn, hafa enn þá ekki verið hagnýtt nema til upphitunar nokkurra húsa. Mikill og vaxandi áhugi ríkir hins vegar á því meðal íbúa Reykhóla, sem nú munu vera um 60 talsins, og í nálægum sveitum, að haldið verði áfram umbótum á Reykhólum. Þar kemur fyrst og fremst til greina hagnýting jarðhitans til gróðurhúsaræktunar, sem hægt væri að reka þar í stórum stíl. Enn fremur uppbygging iðnaðar, og hefur nú þegar verið hafizt handa um byggingu mjólkurbús á staðnum. Þá hefur undanfarið verið unnið að rannsóknum á möguleikum þangvinnslu við norðanverðan Breiðafjörð, og telja sumir, að hún væri vel sett á Reykhólum.

Undanfarin ár hefur verið haldið uppi unglingafræðslu á staðnum við erfiðar aðstæður. Hafa nú komið fram óskir um, að stofnaður yrði héraðsskóli á staðnum, og er í því sambandi bent á, að aðsókn sé nú orðin svo mikil að þeim héraðsskólum, sem fyrir eru í landinu, að árlega verði að vísa frá fjölda nemenda.

Loks er talið, að samgöngum við norðanverðan Breiðafjörð og sambandinu við eyjarnar væri veruleg bót að ferjubryggju á Reykjanesi, og hefur þá helzt verið bent á Stað á Reykjanesi sem hentugan stað. Var á s. l. sumri lagður akvegur frá Stað niður að sjónum og hugsanlegu bryggjustæði.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að öll þessi atriði og ýmis fleiri verði tekin til athugunar. Er lagt til, að sú nefnd, sem gert er ráð fyrir að hana framkvæmi, hafi lokið störfum sínum og skilað tillögum fyrir 1. okt. 1964.

Það er skoðun flm. þessarar tillögu, að það sé mjög mikils virði fyrir strjálbýlið á Vestfjörðum, að mynduð verði ný þéttbýlishverfi á einstökum stöðum, sem

búa yfir miklum möguleikum og eru vel í sveit settir með tilliti til samgangna og viðskipta. Slík þéttbýlismyndun í strjálbýlinu getur á marga lund orðið því til ómetanlegs gagns og eflingar, t. d. á sviði menningar-, heilbrigðis-, fræðslu- og félagsmála. Uppbygging þróttmikils skólastaðar með mikilli gróðurhúsarækt, iðnaði og greiðum og öruggum samgöngum á öllum árstímum mundi hafa mikla þýðingu, ekki aðeins fyrir byggðina í Austur-Barðastrandarsýslu, heldur fyrir alla Vestfirði. Það er von flm. þessarar tillögu, að hún megi verða til þess að koma nýjum skriði á framkvæmdir á Reykhólum, stuðla að eflingu byggðar þar, sem jafnframt yrði til hagræðis fyrir aðliggjandi sveitir.

Þess má að lokum geta, að nú er hafin athugun á því, hvernig unnið verði að eflingu byggðar á Vestfjörðum yfirleitt. Fer sú athugun fram á grundvelli þingsályktunartillögu, sem samþykkt var á síðasta Alþingi. Er það von flm., að jákvæður árangur verði af þeirri athugun og að henni ljúki sem fyrst.

Nd. 87. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til laga um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til einróma, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við fyrirsögn II. kafla. Í stað „Fullnusta frelsisrefsinga“ komi: Fullnusta refsivistardóma o. fl.

Alþingi, 21. nóv. 1963.

Einar Ingimundarson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Ragnar Jónsson. Björn Fr. Björnsson.

Nd. 88. Frumvarp til laga [80. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Bætur samkv. lögum nr. 24/1956 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 13/1960, um breyting á þeim lögum, lög nr. 86/1960, um bráðabirgðabreyting sömu laga, lög nr. 95/1961, um hækkun á bótum almannatrygginganna og lög nr. 89/1962, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, að undanteknum fjölskyldubótum, skulu, eftir því sem við getur átt, hækka um 15% frá 1. júlí 1963.

Frá 1. janúar 1964 skulu bætur, samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, að undanteknum fjölskyldubótum, samkvæmt 15. gr. laganna, hækka um 15%.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða hækkun þá á bótum á árinu 1963, sem um ræðir í 1. mgr. 1. gr. til hvers bótaþega í einu lagi fyrir árslok 1963.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Svo sem kunnugt er hafa orðið almennar launahækkanir í landinu á yfirstandandi ári. Almenn verkalaun hækkuðu um 5% frá 23. janúar s. l. og aftur um 7.5% frá 23. júní s. l., eða launahækkun samtals 12.875% frá 23. júní s. l. Það verður ekki hjá því komizt að hækka bætur almannatrygginganna til samræmis við almennar launahækkanir, svo sem ætíð hefur tíðkazt þegar þær hafa orðið. Lagt er til í 1. gr., að bæturnar verði hækkaðar um 15% frá 1. júlí s. l., en það lætur nærri að bótaþegar fái þá hlutfallslega sömu hækkun á árinu eins og almennir launþegar hljóta. Í greininni eru fjölskyldubætur undanteknar þessari hækkun, Segja má, að fjölskyldubætur hafi lík áhrif og persónufrádráttur, sem veittur er vegna barna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Í því sambandi má benda á það, að í Danmörku og Svíþjóð er enginn persónufrádráttur veittur vegna barna, en þess í stað eru veittar jafnháar fjölskyldubætur með öllum börnum og eru ekki lagðir skattar á þær. Ákvæðin um persónufrádrátt eru nú í athugun hjá ríkisstjórninni. Með hliðsjón af því þykir ekki rétt að hækka upphæð fjölskyldubóta að svo stöddu, því síður sem gera má ráð fyrir að persónufrádráttur verði hækkaður allverulega.

Nýju lögin um almannatryggingar, nr. 40/1963, koma ekki til framkvæmda fyrr en um n.k. áramót. Verður því að miða hækkun bótanna á þessu ári við ákvæði þau, sem nú gilda, eins og gert er í fyrri málsgrein. Síðari málsgrein fjallar um hækkun bótanna frá áramótum og er þá miðað við lög nr. 40/1963, sem koma í gildi 1. janúar 1964.

Ef um frekari launahækkanir verður að ræða, verður að sjálfsögðu að endurskoða hækkun bótanna, þegar þær launahækkanir liggja fyrir.

Um kostnað vegna þeirra hækkana bóta, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, vísast til fylgiskjals, sem fylgir frumvarpinu.

Um 2.—3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Áætluð útgjaldaaukning almannatrygginga á tímabilinu 1/7 1963 til 31/12 1964, miðað við 15% hækkun bóta, annarra en fjölskyldubóta.

A. Lífeyristryggingar.

1. Ellilífeyrir	58.8	millj. kr.
2. Örorkulífeyrir og örorkustyrkur	15.5	— —
3. Aðrar bætur	14.7	— —
4. Tillag til varasjóðs	1.8	— —
Samtals	90.8	millj. kr.

Af ofangreindum útgjöldum mundu 27.8 millj. kr. vera vegna ársins 1963, en 63.0 millj. kr. vegna ársins 1964.

Útgjaldaaukning skiptist þannig á aðila:

Ríkissjóður	32.7	millj. kr.
Hinir tryggðu	29.1	— —
Sveitarsjóðir	16.3	— —
Atvinnurekendur	12.7	— —
Samtals	90.8	millj. kr.

B. Slysatryggingar.

Áætla má aukningu ársútgjalda slysatrygginga 3.5 millj. kr Þegar undan er skilin iðgjaldahækkun vegna hækkunar dánarbóta lögskráðra sjómanna árið 1959, hafa iðgjaldabreytingar ekki átt sér stað síðan í árslok 1957. Um þessar mundir er unnið að endurskoðun iðgjalda, og verður niðurstaða hennar án efa veruleg iðgjaldahækkun. Hefur 15% hækkun bóta í för með sér a. m. k. 15% hækkun iðgjalda umfram það, sem ella hefði orðið.

C. Sjúkratryggingar.

Miðað við 15% hækkun sjúkradagpeninga, má áætla útgjaldaaukningu sjúkrasamlaga árið 1964 2.3 millj. kr., er skiptast þannig á aðila:

Ríkissjóður	1.0	millj. kr.
Hinir tryggðu	0.9	— —
Sveitarsjóðir	0.4	— —
Samtals	2.3	mill. kr.

Nd. 89. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Á eftir VII. kafla laganna (52. gr.) kemur nýr kafli, er verður VIII. kafli, með fyrirsögninni: **Um félagsbúskap,** og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því:

a. (53. gr.) Nú vilja tveir eða fleiri bændur stofna til félagsbúskapar á jörð í stað þess að stofna á henni nýbýli eða reka félagsbúskap í byggðahverfi, sem landnám ríkisins hefur undirbúið, og skal það þá tilkynnt nýbýlastjórn, er veitir til þess samþykki sitt, að fullnægðum eftirtöldum skilyrðum:
   1. Landstærð og önnur skilyrði til búrekstrar séu að dómi nýbýlastjórnar nægilega góð til að fullnægja þeim fjölda heimila, sem til skal stofnað.
   2. Fyrirhuguð sé eigi minni bústærð en 20 kúgildi (400 ær) fyrir hvert heimili.
   3. Hver fjölskylda hafi sérbúð.
   4. Vélar allar og verkfæri til ræktunar, fóðuröflunar og annars, er tilheyrir hinum sameiginlega rekstri, séu sameign búsins.
   5. Gerður verði samningur um fyrirkomulag hins sameiginlega félagsrekstrar og sé hann þinglesinn. Skulu þar tilgreind eignarhlutföll aðila í jörð, húsum og búvélum, mannvirkjum jarðar og bústofni. Enn fremur sé tilgreint, hvernig reikningshaldi, arðskiptingu og áhættu sé fyrir komið. Í samningi skal og fram tekið, hvaða meðferð skal hafa, ef einn eða fleiri aðilar ganga úr félagsrekstrinum. Skylt er þó, ef nýr aðili tekur við réttindum og skyldum fráfaranda, að það sé tilkynnt nýbýlastjórn og leitað samþykkis hennar á breytingunni. Heimilt er þó þeim, sem eftir eru í félaginu, að kaupa hlut þess, er úr gengur, ef samkomulag verður um endurgreiðslu á framlögum landnáms ríkisins.

b. (54. gr.) Að fullnægðum skilyrðum 53. gr. skulu stofnendur félagsbúsins hafa rétt til hærri lána úr Stofnlánadeild landbúnaðarins til ræktunar og útihúsabygginga en gildir um einstaklingsbúskap. Nemi sú hækkun 20% af kostnaðar-

verði, þannig að til framkvæmda, er njóta ekki framlags samkvæmt jarðræktarlögum, sé hámarkslánsfjárhæð 80% af kostnaðarverði. Til þeirra framkvæmda, er framlags njóta samkvæmt jarðræktarlögum, skal einnig greiða 20% hærra framlag, svo að lán og framlag nemi samtals 80% af kostnaðarverði viðkomandi framkvæmdar.

Enn fremur skulu þau lán, sem veitt eru til framkvæmda í félagsbúskap samkvæmt þessum reglum, veitast til allt að þriðjungi lengri lánstíma en önnur sambærileg lán. Að öðru leyti skulu stofnendur félagsbúskapar njóta sömu réttinda og aðrir nýbýlastofnendur, þegar um fjölgum býla er að ræða.

c. (55. gr.) Auk nýbýlastjórnar skulu bæði Búnaðarfélag Íslands og búreikningaskrifstofa ríkisins aðstoða stofnendur félagsbúskapar í öllum þeim atriðum, er við koma starfsemi þessara stofnana.

d. (56. gr.) Önnur atriði, er mál þetta varðar, skulu fram tekin í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hefur mjög verið rætt um vandamál hins íslenzka landbúnaðar. Er það sízt að ástæðulausu, því að allmjög kreppir að honum, e. t. v. mest í þeim héruðum, sem styttra eru á veg komin hvað tækniframfarir snertir eða markaðsaðstöðu hafa lakari.

Sú staðreynd blasir þó við, að síðustu tvo áratugi hefur þessi atvinnuvegur tekið gagngerðum stakkaskiptum. Fólki, sem við hann vinnur, hefur mjög fækkað, en samt hefur framleiðslan mjög mikið vaxið. Nefnd skulu þau dæmi, að árið 1940 voru íbúar sveitanna taldir vera 37300, en allur fólksfjöldinn í landinu 121400. Hafa þá ca. 31% allrar þjóðarinnar átt heima í sveitum. Nú er hins vegar allur fólksfjöldinn kominn yfir 180000, en íbúar sveitanna örugglega komnir niður fyrir 30000 og líklega ekki orðnir nema 16—17% af þjóðarheildinni. Þannig hefur neytendafjöldinn, sem kaupa þarf landbúnaðarvörur, aukizt um 50% á ekki lengri tíma, en þeim, er við framleiðsluna vinna, fækkað a. m. k. um 25%.

Um framleiðsluaukninguna nægir að benda á það, að 1947 var innvegin mjólk til mjólkurbúanna 29 530 000 kg, en 1962 var hún 88 000 000 kg og hafði því vaxið um 58770 þús. eða þrefaldazt.

Kjötmagn sláturhúsanna nam 1947 ca. 5 664 000 kg, en var 1962 11 þús. tonn, eða nærri tvöfaldað.

Sú fullyrðing, sem áður er fram sett, að nú kreppi að landbúnaðinum, gæti verkað sem öfugmæli á hvern þann, er les þessar tölur án frekari athugunar. Þó er hún viðurkennd, og skal gerð grein fyrir helztu ástæðum.

Sem kunnugt er, hefur orðið mjög mikil tæknibylting á þessum árum. Stórvirkar framræsluvélar hafa þurrkað mikil landflæmi. Í kjölfar þeirra hafa komið ámóta stórvirkar jarðvinnsluvélar, sem unnið hafa landið til ræktunar í margföldum mæli við það, sem nokkru sinni hefur gerzt áður. Jafnframt þessari auknu ræktun hefur bændastéttin fengið mjög mikið magn af bæði heyvinnuvélum og öðrum tækjum, er nútímabúskap tilheyra. Allt hefur þetta valdið hinni miklu framleiðsluaukningu og komið í veg fyrir það, að skortur yrði á innlendum landbúnaðarvörum til neyzlu, en án hennar hefði áreiðanlega mátt eyða ósmáum gjaldeyrisfúlgum til að greiða innflutning slíkra vara.

Þessi tæknibylting hefur kostað mikið fé. Veðtryggt lánsfé í landbúnaðinum var hverfandi lítið fyrir tveim áratugum. En um s. l. áramót var útistandandi fé í lánadeildum landbúnaðarins 559.9 millj. kr. Eru þar saman taldar skuldir bændanna sjálfra við deildirnar og fyrirtækja, er úr afurðum hans vinna. Af þessu lánsfé greiðir landbúnaðurinn nú á þessu ári 56.1 millj. kr. í árgjöld, þ. e. samanlagðar greiðslur vaxta og afborgana.

Ýmsum, sem sjá þessar tölur, kann að þykja sem hér sé um óhæfilega háar fjárhæðir sé að ræða, er landbúnaðurinn hafi þannig fengið í lánsfé. Svo getur þó ekki talizt. Býlin á landinu eru talin milli fimm og sex þúsund. Væri um jafna skiptingu að ræða, næmi meðaltalið aðeins 100—120 þús. kr. á býli, þar með talið það, sem liggur í vinnslufyrirtækjum. En auðvitað er hér einnig um mjög mikla misskiptingu að ræða, eins og á stærð og framleiðslutækni hinna ýmsu búa. Er sá mismunur e. t. v. ein af meiri háttar vandkvæðum landbúnaðarins nú. T. d. mun því ekki verða neitað, að vegna þess, hve mörg búin eru of lítil, hefur hinn nýi vélakostur, er kostað hefur mikið fé, bæði í stofni og rekstri, ekki notazt alls staðar svo vel sem skyldi.

Skal þá vikið að fólksfækkuninni. Sú þróun, sem lýst hefur verið, hefur gert það að verkum, að vinnufólk á sveitaheimilum, eins og títt var í fyrri daga, er ekki lengur til. Sömuleiðis má alveg heita horfið aðkeypt verkafólk um vissa tíma ársins, hið svonefnda kaupafólk, er mjög var algengt um heyskapartímann víðast hvar um land. Sveitabúskapurinn er orðinn einyrkjabúskapur, þar sem hjónin hafa annaðhvort enga vinnuaðstoð eða börn sín misjafnlega stálpuð. Jafnframt þessu hafa störfin orðið margbrotnari, að sumu leyti vegna véltækninnar, og krefjast því raunverulega meiri verkaskiptingar í stað minni, sem verður í reynd. Einyrkjabóndinn þarf að vera jafnvígur á öll þau störf, sem nútímabúskapur krefst. Reynslan er líka sú, að þótt vélarnar hafi leyst vel það hlutverk að auka framleiðsluna, þá hafa þær ekki fækkað vinnustundum bændanna. Þvert á móti mun allur þorri íslenzkra bænda vinna nú fleiri vinnustundir árlega heldur en áður var. Kemur þar mjög til greina, að við ýmsar greinar landbúnaðarins, t. d. mjólkurframleiðsluna, er aldrei frídagur. Líklega má telja á fingrum sér þá bændur, sem geta tekið orlofsfrí, þótt ekki væri nema nokkra daga ár hvert.

Þetta ástand er að verða mjög mikið vandamál og vaxandi með ári hverju. Úr því verður ekki bætt nema með því að gera búin stærri, svo að þau þoli að greiða vinnukraft fleiri manna og þá jafnframt framfærslu fleiri fjölskyldna. Á þann eina hátt getur skapazt eðlileg verkaskipting og möguleiki á hvíldartíma og þannig losað nokkuð um þá vinnufjötra, sem einkenna einyrkjabúskapinn. Enn fremur mundi skapast grundvöllur fyrir bætta nýtingu véltækninnar. Í því sambandi skal á það bent, hve mjög hún færist í aukana á þann hátt, að vélar sömu tegundar verða sífellt stærri og jafnframt dýrari, bæði hvað snertir stofnkostnað og rekstur, og krefjast því meira verkefnis, ef notkun þeirra á að byggjast á hagrænum grunni.

Þetta tvennt, sem hér hefur verið bent á, kallar því beinlínis á stærri búseiningar en við rekum almennt nú.

Þá vaknar spurningin: Á hvern hátt getur þetta gerzt? Þar er í raun og veru ekki nema um tvær leiðir að velja. Ýmsir kynnu að vilja tiltölulega fá stórbú í eign einstaklinga, er eingöngu væru rekin með aðkeyptu verkafólki. Yrði þróunin slík, mundi hinum eiginlegu bændum fækka mjög mikið. Sterkar líkur eru til, að slíkt sé bændastéttinni ekki að skapi, auk þess sem litlar líkur eru til, að þessi leið sé framkvæmanleg við okkar þjóðfélagsaðstæður. Gerðar hafa verið tilraunir í þessa átt af örfáum einstaklingum, en yfirleitt ekki borið góðan árangur.

Þá er hin leiðin, sú sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, að beina þróuninni í átt til félagsbúskapar, þannig að hann leysi smátt og smátt einyrkjabúskapinn af hólmi. Auðvitað mundi það taka sinn tíma og máske seint gert að fullu.

Því hefur einatt verið haldið fram, ekki sízt af ýmsum stjórnmálaleiðtogum, að bændastéttin væri of rík af einstaklingshyggju til að vilja sætta sig við slíkan félagsrekstur. Um þetta má auðvitað endalaust deila. En margt bendir til, að vegna þeirra aðstæðna, sem hér hefur verið lýst, sé að skapast hið gagnstæða viðhorf. Á opinberum vettvangi, t. d. í blaðaviðtölum við bændur víðs vegar um land, heyrast nú ætíð fleiri raddir í þá átt, að einyrkjabúskapurinn sé ekki skipulag framtíðarinnar, heldur sé það að sýna sig betur og betur, að finna verði annað rekstrar-

form í samræmi við kröfur tækninnar. Og hefur niðurstaða flestra orðið sú, að félagsreksturinn einn komi til greina.

Með frumvarpi þessu er svo til ætlazt, að ríkið komi nokkuð til móts við þá aðila, er reyna vilja félagsrekstrarfyrirkomulagið. Sé það gert með því að veita bæði hærri lán og framlög og veita lánin til lengri tíma. Slík fyrirtæki þurfa að byggjast upp á tiltölulega skömmum tíma og krefjast því þess, að stofnfjármagn sé þegar fyrir hendi. Hins vegar má vænta þess, að nokkrir fjármunir geti sparazt, ekki sízt í rekstri, við þetta fyrirkomulag, og hagkvæmara búrekstrarform. Hér er svo mikið í húfi, að ríkisvaldið verður að styðja þá, sem vilja reyna nýjar leiðir, og hjálpa til að örva þróun í þá átt, sem hagkvæmust reynist.

Sþ. 90. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um eflingu útflutningsiðnaðar.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna milliþinganefnd, sem taki til athugunar, með hvaða hætti tiltækilegast sé að koma á fót nýjum framleiðslugreinum útflutningsiðnaðar og hvernig megi efla þann útflutningsiðnað, sem fyrir er.

Nefndin athugi sérstaklega þær framleiðslugreinar, sem miða að aukinni vinnslu sjávar- og landbúnaðarvara. Í þeim efnum verði athugað, hvernig hagkvæmast sé að auka verulega síldarniðurlagningu, síldarniðursuðu og reykingu síldar. Einnig verði athugað um byggingu verksmiðja til framleiðslu á tilbúnum fiskréttum. Þá verði einnig gerð athugun á aukningu ullar- og skinnaiðnaðar og um kjötiðnað.

Nefndin skal í störfum sínum hafa náið samstarf við sérfróða menn um öll þessi atriði. Að athugunum loknum skal nefndin skila tillögum með rökstuddri álitsgerð til Alþingis.

Allur kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Heildarverðmæti útfluttra vara er nú orðið um 4000 milljónir króna á ári. Um 90% þessa útflutnings eru sjávarafurðir, en um 10% eru landbúnaðarvörur og aðrar vörur. Flestar eru þessar útflutningsvörur lítið unnar, eða aðeins hálfunnar.

Oft er um það rætt, að mikil nauðsyn sé á að auka á fjölbreytni í starfsgreinum þjóðarinnar og draga á þann hátt úr áhættu, sem oft vill fylgja einhæfri framleiðslu.

Lítill vafi getur leikið á því, að eitt nærtækasta og þýðingarmesta verkefni, sem fyrir liggur að leysa í atvinnumálum landsins, er að koma upp fullkomnum útflutningsiðnaði, sem miði að því að fullvinna þau hráefni, sem til falla í landinu.

Útfluttar sjávarafurðir eru nú sumpart algerlega óunnar, eins og ísvarinn fiskur, sem út er fluttur með haus og sporði í fiskiskipunum sjálfum, eða hálfunnar vörur, yfirleitt á fyrsta verkunarstigi, þ. e. a. s. á því verkunarstigi, að þær þoli sæmilega óhjákvæmilega geymslu, þar til þær koma í markaðslöndin.

Hraðfryst íslenzk fiskflök þykja mikil gæðavara. Framleiðsla þeirra er líka ein af okkar fullkomnustu og beztu útflutningsframleiðslugreinum. En þó verður að játa, að í rauninni eru hraðfryst fiskflök aðeins á miðju framleiðslustigi. Í mörgum löndum hafa hin síðari ár risið upp fiskiðnaðarverksmiðjur, sem fyrst og fremst vinna tilbúna fiskrétti úr hraðfrystum fiskflökum. Í slíkum verksmiðjum

eru fiskflökin bútuð niður í hæfilegar stærðir, síðan steikt eða soðin og úr þeim framleiddir ýmiss konar fiskréttir, svo að segja tilbúnir til neyzlu. Fiskréttir þessir eru síðan frystir aftur í hæfilegum skömmtum í girnilegum umbúðum og þannig tilbúnir til þess að hitast upp á pönnu eða í potti, án allrar frekari matargerðar.

Hér á landi ætti að koma upp einni eða tveimur slíkum verksmiðjum fyrst til reynslu, en síðar mætti koma upp fleiri, ef rétt þætti.

Síldarframleiðsla hefur vaxið stórkostlega síðustu árin. Miklar líkur benda til þess, að hún muni enn aukast og að reikna megi með miklum, öruggum, árlegum síldarafla. Mestöll síldin, sem veiðist við Ísland, er mjög næringarrík og góð vara. En nýtingin á þessari ágætu matvöru er á mjög lágu stigi. Mikill meiri hluti síldaraflans fer í mjölverksmiðjur til framleiðslu á skepnufóðri. Sá hluti síldaraflans, sem fer í aðra vinnslu, þ. e. aðallega í söltun og frystingu, er ekki hálfunninn sem matvara.

Nauðsynlegt er að stórauka enn frystingu á síld, enda er aðstaða til þess þegar fyrir hendi án verulegs stofnkostnaðar. Markaðir fyrir frosna síld virðast vera að mjög miklir og hagstæðir.

Framleiðsla á frosinni síld til útflutnings nemur nú orðið um 30 þús. tonnum á ári, en ætti að komast upp í 70—80 þús. tonn fljótlega.

Sú síld, sem nú er flutt út frosin, fer svo að segja öll í framhaldsvinnslu í markaðslöndunum. Þar er síldin reykt, niðursoðin eða lögð niður í dósir. Hér á landi þurfum við að koma upp slíkri vinnslu á síld. Mikill markaður er í mörgum löndum fyrir reykta síld, ýmist flakaða eða heilreykta.

Mikill hluti þeirrar saltsíldar, sem hér er framleidd, er fullverkuð erlendis. Þannig munu t. d. Svíar leggja niður í dósir síld, sem hér hefur verið söltuð, sem nemur 100—130 þús. tunnum. Svíar leggja þó niður í dósir miklu meira magn af saltsíld, þar sem þeir kaupa einnig síld af Norðmönnum, auk eigin veiði heimamanna. Með bættri nýtingu síldaraflans mætti auka útflutningsverð síldarafurðanna um mörg hundruð milljónir króna á hverju ári.

Þá ber einnig að athuga möguleika á frekari vinnslu fiski- og síldarmjöls og lýsisframleiðslunnar. Allar eru þessar útflutningsvörur okkar unnar fullkomnari vinnslu erlendis, áður en þær eru settar á markað.

Auk þeirra tegunda sjávarafurða, sem hér hafa verið nefndar, eru margar aðrar, sem hentugar eru til aukinnar vinnslu og auðvelt er að gera að margfalt verðmætari útflutningsvöru en nú er. Þar má m. a. nefna humar, rækjur, ufsa- og karfaflök, síldarhrogn og þorskhrogn. Humarinn er hægt að flytja út sem tilreidda vöru og fá fyrir hann mjög hátt verð. Síldarhrogn eru mjög eftirsótt vara, og séu þau fullunnin, er hægt að fá fyrir þau gífurlega hátt verð.

Hér hefir verið vikið nokkuð að möguleikum, sem fyrir hendi eru til þess að gera verðmætari útflutningsvörur úr sjávaraflanum. Hliðstæðir möguleikar eru einnig fyrir hendi um aukna vinnslu ýmissa landbúnaðarvara.

Íslenzk ull er eftirsótt gæðavara. Úr henni er hægt að vinna verðmiklar útflutningsvörur. Stefna ber að því, að engin óunnin ull sé flutt út úr landinu, en þess í stað komið upp fjölbreytilegum ullariðnaði til útflutnings.

Hið sama er að segja um gærur og aðrar skinnavörur. Þær þarf að vinna sem mest í landinu sjálfu og auka þannig útflutningsverðmæti þeirra.

Kjötiðnað þarf einnig að efla með tilliti til útflutnings. Margt bendir til, að finna megi hagstæða markaði fyrir íslenzkt dilkakjöt í hentugum smápakkningum eða á annan hátt sem unna vöru.

Enginn vafi er á því, að hægt er að auka verðmæti útfluttra vara um mörg hundruð milljóna króna með aukinni vinnslu. Sennilega er auðvelt að tvöfalda útflutningsverðmæti þeirrar sjávar- og landbúnaðarframleiðslu, sem nú er flutt úr landi hálfunnin eða algerlega óunnin sem hráefni, með því að skipuleggja fullvinnslu þeirrar framleiðslu í sem flestum greinum. Uppbygging útflutningsiðnaðar, sem fyrst og fremst miðast við það að fullvinna þær framleiðsluvörur, sem til eru

í landinu, hlýtur því að vera eitt af brýnustu og stærstu verkefnum í íslenzku atvinnulífi.

Þjóð, sem framleiðir jafnmikið af fyrsta flokks matvöru og Íslendingar gera nú og á slíka möguleika til aukinnar verðmætasköpunar með fullkomnara vinnslustigi, ætti ekki að hugsa um fjarskyld og vafasöm verkefni eins og stóriðjurekstur á vegum útlendra auðhringa, en snúa sér þess í stað með einbeitni og áhuga að því verkefni að margfalda verðmæti þeirrar framleiðslu, sem hún hefur þegar aflað og hefur betri aðstöðu til að fullvinna en flestar eða allar aðrar þjóðir.

Mikill meiri hluti útflutningsvöru landsins nú eru matvörur. Reynslan hefur sýnt, að matvörur eru með beztu og öruggustu markaðsvörum. Allt bendir til þess, að á komandi árum verði fremur um skort á matvörum að ræða í heiminum en hið gagnstæða.

Framleiðsla og sala á ýmsum efnavörum er hins vegar miklu ótryggari. Örar framfarir í efnaframleiðslu hafa leitt til tíðra breytinga og óvissu um framtíðargildi ýmiss konar efnaframleiðslu. Það verður t. d. að teljast allsendis óvíst, að alúmíníum hafi eftir einn eða tvo áratugi það notagildi og verðgildi sem það hefur nú. Þannig er um fleiri efni. Stóriðnaður á sviði alúmíníums eða í öðrum hliðstæðum greinum í jafnlitlu efnahagskerfi og er hér á landi gæti því leitt til öryggisleysis og hættu. Aukin efling matvælaframleiðslu til útflutnings, framleiðslu, sem komin væri á hátt og fullkomið vinnslustig, væri hins vegar hið öruggasta fyrir framtíðina.

Með tillögu þessari er lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna milliþinganefnd, sem taki til sérstakrar athugunar nauðsynlegar framkvæmdir á þessu sviði. Gert er ráð fyrir, að nefndin leiti ráða og tillagna hjá sérfróðum mönnum um allt það, sem að gagni má verða um tillögugerð til þess að hrinda í framkvæmd eflingu fullkomins útflutningsiðnaðar. Leggja ber áherzlu á, að nefndin ljúki sem fyrst störfum og leggi tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir fyrir Alþingi.

Nd. 91. Frumvarp til laga [83. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Í stað 2. til 4. málsgreinar 11. greinar laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, komi eftirfarandi málsgreinar:

„Enn fremur skulu innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein, eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum svo sem fyrir er mælt í 3. til 5. málsgrein þessarar greinar. Megintilgangur innlánsbindingar er að afla fjár frá bankakerfinu í heild til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þar á meðal endurkaupum afurðavíxla.

Seðlabankinn getur ákveðið, að fyrrgreindar innlánsstofnanir skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð, er nemi tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubindingin má hæst nema 25% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem um ræðir í 3. málsgrein.

Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd innlánsbindingar samkvæmt 3. og 4. málsgr., en bindiskyldan skal vera sú sama fyrir allar stofnanir.“

2. gr.

Eftirfarandi viðbótarákvæði komi við 2. málsgrein 15. gr. sömu laga:

„Seðlabankanum er heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og/eða vextir sé bundið gengi erlends gjaldeyris. Skulu slík verðbréf og vextir af þeim undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 70 1962."

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu felast tillögur um tvær mikilvægar breytingar á gildandi lögum um Seðlabanka Íslands. Annars vegar er það, að heimild bankans til innlánsbindingar verði rýmkuð fyrst og fremst í þeim tilgangi, að Seðlabankinn geti aukið endurkaup afurðavíxla og þannig beint meira af sparifé þjóðarinnar til rekstrarlána í þágu undirstöðuatvinnuveganna. Hins vegar eru í frumvarpinu ákvæði um heimild til Seðlabankans að gefa út verðbréf eða aðrar skuldbindingar, er séu bundnar gengi erlends gjaldeyris, en ætlunin er sú, að Seðlabankinn gefi út nýja flokka verðbréfa, er hafi þann tilgang að örva sparifjármyndun í landinu og auka traust á gjaldmiðlinum. Verður hér á eftir gerð grein fyrir hvoru þessara atriða fyrir sig.

Um aukin endurkaup afurðavíxla og innlánsbindingu.

Endurkaup afurðavíxla af hálfu Seðlabankans hafa síðustu tvo áratugina orðið mikilvægur þáttur í útlánum bankakerfisins. Þessi lán urðu upphaflega til af þeirri nauðsyn, að meginatvinnuvegum þjóðarinnar, einkum útflutningsframleiðslunni, yrði séð fyrir viðunandi rekstrarlánum, þrátt fyrir almennan lánsfjárskort. Viðskiptabankar hafa ekki ætíð megnað að sjá fyrir þessum þörfum, svo að vel væri, enda nýtur t. d. sjávarútvegurinn svo að segja eingöngu rekstrarlánafyrirgreiðslu í tveimur bönkum, Landsbankanum og Útvegsbankanum, en hlutdeild þessara banka í heildarsparifé þjóðarinnar hefur farið minnkandi með tilkomu nýrra lánsstofnana. Þeir erfiðleikar, sem sjávarútvegurinn hefur löngum átt við að búa eftir síðustu styrjöld, hafa að sjálfsögðu átt meginþátt í því, að nauðsynlegt hefur reynzt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja honum fjármagn. Auk afurðavíxla sjávarútvegsins hefur Seðlabankinn um langt skeið einnig endurkeypt afurðavíxla landbúnaðar, en vaxandi framleiðsla samfara ört hækkandi verðlagi hefur aukið eftirspurn eftir lánum út á birgðir landbúnaðarafurða. Segja má, að núverandi endurkaupakerfi hafi verið komið í fast form á árinu 1954, en á næstu árum þar á eftir jukust endurkaupin hröðum skrefum og voru vaxandi þáttur í útlánaaukningu bankakerfisins.

Þótt endurkaupin væru þannig skiljanleg ráðstöfun til þess að tryggja rekstur meginatvinnuvega þjóðarinnar, hafði hin mikla aukning þeirra engu að síður mjög alvarlegar afleiðingar fyrir jafnvægi þjóðarbúskaparins. Þess var ekki gætt, þegar endurkaupafyrirkomulagið var upp tekið og síðan útfært stig af stigi, að Seðlabankinn hafði í raun og veru ekkert fjármagn, sem hann gat með eðlilegum hætti fest í lánum af þessu tagi. Endurkaupin urðu því til þess, að fé streymdi út úr Seðlabankanum, en afleiðingar þess komu svo á hinn bóginn einkum fram í rýrnandi gjaldeyrisstöðu. Það er því óhætt að segja, að á árunum 1954—1959 hafi aukning endurkaupanna verið mikilvæg orsök jafnvægisleysis í þjóðarbúskapnum, enda liggur nærri, að endurkaupin hafi þrefaldazt á þessu tímabili.

Það var eitt af meginatriðum þeirra peningalegu ráðstafana, sem gerðar voru í sambandi við efnahagsaðgerðirnar í febrúar 1960, að aukning endurkaupa yrði stöðvuð og þar með sú skuldasöfnun bankakerfisins við Seðlabankann, sem henni hafði fylgt. Þetta var framkvæmt þannig, að ákveðið var, að endurkaup sjávarafurðavíxla skyldu

óbreytt út á hverja framleiðslueiningu, þrátt fyrir þá hækkun verðs í krónum, sem gengisbreytingunni fylgdi. Varðandi endurkaup landbúnaðarafurða var hins vegar sú leið farin að binda upphæð endurkaupanna við þá hámarksupphæð, sem þau komust í á árinu 1959. Þessar mismunandi reglur fyrir sjávarafurðir og landbúnað voru eðlilegar miðað við aðstæður í hvorum atvinnuveginum fyrir sig.

Jafnframt þessu var í febrúar 1960 ákveðið að nota heimild Seðlabankans til þess að binda hluta af innstæðuaukningu banka, sparisjóða og innlánsdeilda. Vegna hinnar miku sparifjáraukningar, einkum á árunum 1961 og 1962, hafa hinar bundnu innstæður í Seðlabankanum vaxið hröðum skrefum, og námu þær í lok september síðastliðins 741 millj. kr. Þetta tvennt, annars vegar takmörkun útlánaaukningar Seðlabankans vegna endurkaupa og hins vegar innstæðubindingin, varð svo til þess, að Seðlabankinn gat aukið gjaldeyriseign sína stórlega og byggt upp þann gjaldeyrisforða, sem nú er fyrir hendi. Það má segja, að nú láti nærri, að innstæðubindingin nægi til þess að standa undir þeim útlánum Seðlabankans, sem í endurkaupunum felast. Annað ráðstöfunarfé Seðlabankans, en það er einkum seðlaveltan og eigið fé bankans, er þá til ráðstöfunar til að standa undir gjaldeyrisforðanum. Hefur því Seðlabankinn aftur getað fullnægt því meginhlutverki sínu að sjá þjóðarbúinu fyrir nauðsynlegum varasjóði í erlendum gjaldeyri, er sé undirstaða frjálsra viðskipta og trausts og öryggis þjóðarbúsins út á við.

Þróunin undanfarið ár hefur orðið þess valdandi, að nauðsynlegt hefur reynzt að taka til endurskoðunar þá stefnu, sem fylgt hefur verið í endurkaupamálum síðan 1960. Vaxandi rekstrarkostnaður hefur á ný aukið rekstrarfjárþörf sjávarútvegsins, en innlendar verðhækkanir ásamt vaxandi birgðum undanfarin ár hafa orðið þess valdandi, að afnumið hefur verið hámark á endurkaupum víxla með veði í landbúnaðarafurðum, svo að þau lán munu hækka á þessu hausti um um það bil hundrað millj. kr. Gildir þá nú sama regla um lán út á birgðir landbúnaðarafurða og sjávarafurða, að lánin nema 55% af skilaverði afurða. Það eru því fyrirsjáanlegar mjög miklar hækkanir í endurkaupum afurðavíxla á næstunni að óbreyttum reglum, en þar að auki er vaxandi þörf fyrir aukið rekstrarfé til útflutningsframleiðslunnar vegna aukins rekstrarkostnaðar, sem margir telja æskilegt að Seðlabankinn leysi úr. Jafnframt eru möguleikar Seðlabankans til þess að taka á sig frekari aukningu endurkaupa mjög takmarkaðir, þar sem nú liggur nærri, að náð sé í innlánsbindingu því hámarki, sem Seðlabankalögin nú leyfa, en það er 15% af sparifjárinnstæðum og 20% af innstæðum, sem ávísa má á með tékka. Sú leið að auka endurkaup afurðavíxla án þess að afla fjár á móti með aukinni innlánsbindingu eða á annan hátt, mundi leiða beint til rýrnunar gjaldeyrisforðans eða innlendrar peningaþenslu. Þessa leið vill ríkisstjórnin ekki fara, heldur vill hún leita lausnar á þessum vandamálum, er tryggi undirstöðuatvinnuvegunum eðlilegt rekstrarfé án þess að það þurfi að leiða til þenslu og rýrnunar gjaldeyrisforðans. Um tvær leiðir virðist vera að ræða, ef þessum markmiðum á að verða náð.

Fyrri leiðin er sú, að haldið sé áfram í aðalatriðum þeim takmörkunum endurkaupa af hálfu Seðlabankans, sem í gildi hafa verið undanfarin ár. Jafnframt verði um það séð með samningum við viðskiptabanka, að þeir hagi útlánastarfsemi sinni þannig, að tryggt sé, að undirstöðuatvinnuvegirnir fái eðlilegt rekstrarfé til starfsemi sinnar. Þegar hliðsjón er höfð af undanfarinni reynslu og ástandi því, sem nú ríkir í peningamálum, er mjög vafasamt, að viðskiptabankarnir einir geti leyst þau vandamál, sem nú eru framundan í þessum efnum. Ástæðan er sú, sem fyrr var nefnd, að sjávarútvegurinn hefur öll bankaviðskipti sín við tvo banka, Landsbankann og Útvegsbankann, en þessir bankar hafa ekki bolmagn til þess að sjá honum fyrir nægilegu rekstrarfé, ef þeir eiga jafnframt að geta staðizt samkeppni við aðra banka og sparisjóði um innstæðufé og almenn viðskipti. Hins vegar mundi það verða miklum erfiðleikum bundið að fá aðra banka til þess að hefja verulega útlánastarfsemi til sjávarútvegsins. Svipuðu máli gegnir um lán

til landbúnaðar. Þau eru á tiltölulega fáum höndum, en það veldur erfiðleikum, ef mikil aukning á sér stað í rekstrarfjárþörf. Niðurstaðan er því sú, að mjög erfitt mundi reynast að leysa á viðunandi hátt rekstrarfjárþörf undirstöðuatvinnuveganna með auknum rekstrarlánum frá viðskiptabönkunum.

Hin leiðin er fólgin í því, að Seðlabankinn taki að sér það hlutverk að sjá undirstöðuatvinnuvegunum fyrir verulegum hluta þess rekstrarfjár, sem þeir þurfa á að halda, en um leið fái Seðlabankinn aðstöðu til þess að afla fjár til þessarar starfsemi með aukinni innlánsbindingu. Þetta þýðir með öðrum orðum, að það yrði meginhlutverk innlánsbindingarinnar að afla fjár frá bankakerfinu í heild í því skyni að veita því aftur út til þeirra atvinnuvega, sem þurfa mest á því að halda. Seðlabankinn tæki þannig að sér að miðla hluta af sparnaði þjóðarbúsins til ákveðinna forgangsþarfa, án þess að þetta rekist á önnur meginhlutverk hans, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða þjóðarinnar.

Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar, að þessa síðari leið beri að fara, en í fyrstu grein þessa frumvarps felast þær breytingar, sem nauðsynlegt er að gera á 11. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands, ef þessi stefnubreyting á að ná fram að ganga.

Í greininni felast tvær efnisbreytingar á gildandi ákvæðum Seðlabankalaganna. Í fyrsta lagi er ákveðið, að það sé megintilgangur innlánsbindingar að standa undir innlendum lánveitingum Seðlabankans, þ. á m. endurkaupum afurðavíxla. Eins og nú standa sakir, mundi í þessu felast fyrst og fremst, að innlánsbindingin yrði notuð til að standa undir mikilli og vaxandi þörf fyrir endurkaup afurðavíxla af hálfu Seðlabankans. Er ætlunin, að sá háttur verði á hafður, að endurkaupin fari um hendur sérstakrar deildar í bankanum, er fengi hinar bundnu innstæður sem starfsfé. Þar sem deildin yrði hins vegar ekki bókhaldslega sjálfstæð, er ekki þörf ákvæða um hana í lögum. Hin meginbreytingin, sem í greininni felst, er að heimild Seðlabankans til innstæðubindingar hækki úr 15—20%, er nú gilda, í 25% af heildarinnstæðum innlánsstofnana. Með þessu ákvæði mundi Seðlabankanum verða kleift að auka innlánsbindinguna allverulega, en það mundi skapa tækifæri til þess að auka endurkaup afurðavíxla sjávarútvegsins og landbúnaðarins og jafnvel að auka hlutverk endurkaupanna með því að taka smám saman upp endurkaup afurðavíxla iðnaðarins, t. d. útflutningsiðnaðar og þess iðnaðar, sem engrar tollverndar nýtur.

Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar, að í þessum hluta frumvarpsins felist mikilvæg skipulagsbreyting, er geti orðið til þess, að bankakerfið í heild geti þjónað betur en verið hefur því mikilvæga hlutverki að sjá undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar fyrir nauðsynlegu rekstrarfé.

Um útgáfu verðbréfa með gengisákvæði.

Í 2. grein frumvarpsins er tillaga um viðbótarákvæði við 2. málsgrein 15. greinar laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands. Í þessu viðbótarákvæði felst heimild til Seðlabankans um að gefa út verðbréf hér innanlands með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og vextir sé bundið gengi erlends gjaldeyris. Tilgangurinn er sá, að Seðlabankanum verði gert kleift að gefa út nú á næstunni og selja verðbréf með gengisákvæði, er hafi þann tvíþætta tilgang að auka sparnað og auka traust manna á gjaldmiðlinum.

Hin þráláta verðbólguþróun hér á landi undanfarna tvo áratugi, ásamt endurteknum gengisbreytingum, sem af þessu hefur leitt, hefur aukið mjög vantrú manna á framtíðarverðgildi peninganna. Á móti þessu hefur það vegið undanfarin ár, að vextir af sparifé hafi verið háir, en auk þess skattfrjálsir. Örar launa- og verðhækkanir, eins og átt hafa sér stað að undanförnu, skapa hins vegar ótta við nýja gengisbreytingu og þá spákaupmennsku, sem því fylgir. Með því að gefa mönnum kost á því að kaupa verðbréf með gengisákvæði, er sparifjáreigendum opnaður möguleiki til að vernda hag sinn gegn hugsanlegri gengisbreytingu. Er það honum

miklu hagkvæmara en að leggja sparifé sitt í lítt hugsuð kaup á vörum eða fasteignum, eins og oft vill verða. Hins vegar er eðlilegt, að vaxtakjör og endurgreiðslutími þeirra verði ákveðinn þannig, að ekki leiti óeðlilega mikill hluti sparnaðar þjóðarinnar í þennan farveg.

Nú er það jafnframt meginstefna ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans, að komast hjá nýrri gengisbreytingu, en útgáfa verðbréfa með gengisákvæði er um leið tækifæri til þess fyrir Seðlabankann að lýsa yfir trausti sínu á núverandi gengisskráningu með því að taka á sig skuldbindingar með gengisákvæði. Verði frumvarp þetta að lögum, er það ætlun Seðlabankans að hefja útgáfu gengisbréfa, eins fljótt og aðstæður leyfa.

Í 2. grein frumvarpsins er enn fremur kveðið svo á, að eigendur verðbréfa, sem Seðlabankinn gefur út samkvæmt ákvæði þessarar greinar, skuli njóta sömu réttinda og sparifjáreigendur, að því er varðar skattlagningu bæði til ríkis og sveitarfélaga. Það er að sjálfsögðu bæði nauðsynlegt og réttlátt, að farið verði með það sparifé, sem menn leggja fram í þessu formi, á sama hátt og annað sparifé, að því er skattlagningu við kemur.

Nd. 92. Frumvarp til laga [84. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum brúttó að stærð, en 20000—40000 kr., ef skipið er 200 til 600 rúmlestir brúttó að stærð, og 40000—70000 kr., ef skipið er yfir 600 rúmlestir brúttó að stærð. Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk. Óheimilt skal að selja eða láta af hendi upptæk veiðarfæri fyrr en að minnsta kosti mánuður er liðinn frá uppkvaðningu dóms.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 4000—20000, ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó að stærð. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., ef um ítrekað brot er að ræða.

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum í landhelgi né undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 400—4000 kr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

Nú reynist ekki kleift að ná í skipstjóra þess skips, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum í landhelgi, eða hann neitar að mæta fyrir rétti, og er þá heimilt að stefna útgerðarfélagi skipsins, sem bera skal alla ábyrgð á brotinu.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 5 29. jan. 1951.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði þrjár breytingar á gildandi lögum um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi:

Í fyrsta lagi er lagt til, að sektir fyrir landhelgisbrot verði hækkaðar verulega.

Í öðru lagi er lagt til, að bannað verði að láta af hendi eða selja upptæk veiðarfæri þeirra, sem sekir hafa gerzt um botnvörpuveiðar í landhelgi, fyrr en í fyrsta lagi einum mánuði eftir að sektardómur hefur verið kveðinn upp.

Í þriðja lagi er lagt til, að sett verði ótvíræð ákvæði í lögin um það, að náist ekki í sekan skipstjóra á veiðiskipi, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum, sé heimilt að dæma útgerðarfyrirtæki skipsins og gera það á allan hátt ábyrgt fyrir landhelgisbrotinu.

Skal nú vikið nokkru nánar að hverri þessari breytingu um sig.

Ákvæði um sektir fyrir landhelgisbrot eru í lögum frá árinu 1951. Þau eru tvímælalaust orðin úrelt og ekki í samræmi við þær breytingar, sem orðið hafa á verðgildi fiskiskipa og verðmæti þess afla, sem skipin nú flytja á markað.

Þegar þær sektarupphæðir, sem nú eru í lögum, voru ákveðnar, voru flestir togarar, sem veiðar stunduðu hér við land, 300—500 rúmlesta skip. Nú er mikill hluti togaraflotans, sem hér stundar veiðar, 600—1000 rúmlesta skip og útbúin margfalt fullkomnari og dýrmætari fastatækjum til veiðanna en þá þekktust. Skip þau, sem aðallega leita til ólöglegra fiskveiða í íslenzkri landhelgi nú, eru því margfalt verðmeiri tæki en þau skip voru, sem hér stunduðu veiðar fyrir 12—15 árum og landhelgissektirnar þá voru miðaðar við. Svipað er að segja um verðmæti þess fiskafla, sem skipin nú hafa möguleika á að veiða.

Að vísu má segja, að sektir fyrir landhelgisbrot hafi hækkað allmikið á síðustu árum, þar sem sektirnar eru miðaðar við gullkrónur og hækka þannig í samræmi við breytt gengi krónunnar. En verðmæti aflans hefur hækkað um meir en sem nemur beinni verðbreytingu íslenzku krónunnar, og verðmæti skipanna hefur þó breytzt enn meir.

Nú eru algengustu landhelgissektir togara um 240—260 þús. kr., auk upptektar á afla og veiðarfærum. Sektarfjárhæð þessi er mjög lág, þegar þess er gætt, að verðmæti margra þeirra skipa, sem tekin eru að ólöglegum veiðum, er orðið 40—50 millj. kr., og þegar þess er gætt, að aflaverðmæti eins fiskitúrs er orðið 1.5—2 millj. kr.

Tökur brezkra togara að ólöglegum veiðum eru orðnar ótrúlega tíðar. Lítill vafi er þó á því, að eins margir togarar, sem verið hafa að ólöglegum veiðum, sleppa undan réttmætri refsingu landhelgisgæzlunnar eins og þeir, sem teknir eru. Landhelgisbrot erlendra togara eru því vafalítið orðin mjög algeng og valda þegar miklu tjóni á fiskimiðum bátanna. Sektarfjárhæðin er því tvímælalaust orðin of lág og refsingin sem heild orðin svo væg, að hún býður jafnvel upp á aukinn ágang veiðiþjófa.

Í gildandi lögum eru sektarákvæði miðuð við tvo stærðarflokka fiskiskipa, þ. e. a. s. skip undir 200 rúmlestum brúttó og skip yfir 200 rúmlestir brúttó. Í frumvarpi þessu er lagt til, að miðað verði við þrjá stærðarflokka: skip undir 200 rúmlestum, skip 200—600 rúmlestir að stærð brúttó og skip yfir 600 rúmlestir. Í frumvarpi þessu er lagt til, að sektir skipa 200—600 rúmlestir að stærð verði 20000—40000 gullkrónur, en fyrir skip yfir 600 rúmlestir að stærð verði sektir 40000—70000 gullkrónur. Hér er um verulega hækkun að ræða, þar sem í gildandi lögum er miðað við, að sektir skipa yfir 200 rúmlestir séu 10000—20000 gullkrónur. Samkvæmt frumvarpinu yrðu sektir togara, sem eru yfir 600 rúmlestir að stærð, miðað við núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, 780—1365 þús. kr. Sektir togara, sem eru 200—600 rúmlestir að stærð, yrðu samkv. frumv,. 390—780 þús. kr.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að sett verði skýrt bann við því, að upptæk veiðarfæri landhelgisbrjóts verði látin af hendi eða seld fyrr en í fyrsta lagi mánuði eftir

að dómur er uppkveðinn. Nú er sá háttur venjulega á hafður, að upptekt veiðarfæra og afla er í framkvæmd aðeins nafnið tómt. Hin upptæku veiðarfæri landhelgisbrjótsins eru metin til verðs, venjulega mjög lágt, og aflinn sömuleiðis, en síðan setur útgerðarfélag veiðiþjófsins tryggingu fyrir því, að verðmæti veiðarfæranna og aflans verði greitt, fari svo, að hæstiréttur staðfesti undirréttardóminn. Strax eftir að slík trygging hefur verið sett, heldur landhelgisbjóturinn út á miðin aftur með hin upptæku veiðarfæri og aflann og heldur fiskveiðunum áfram.

Með því að banna með öllu að láta af hendi upptæk veiðarfæri að minnsta kosti um mánaðartíma, verður hinn seki í flestum tilfellum að hætta öllum frekari veiðum að sinni og halda til heimahafnar sinnar á ný. Slík framkvæmd laganna væri hin þyngsta refsing fyrir veiðiþjófinn, og er ekki ósennilegt, að hún mundi hafa sín áhrif á að draga úr veiðiþjófnaði.

Þá er í frumvarpinu lagt til, að skýr ákvæði séu sett um ábyrgð útgerðarfélags skips í þeim tilfellum, þegar sekum skipstjóra tekst að komast undan ábyrgð, enda þótt skip hafi verið staðið að ólöglegum veiðum.

Enn er í fersku minni dæmið um skipstjórann á enska togaranum Milwood, sem brezkt herskip skaut á laun undan íslenzkri réttvísi. Togaranum var haldið hér um nokkurn tíma vegna sektarinnar, en síðan sleppt úr haldi, og enn er allt í óvissu um, hvernig réttarfarsleg lok þess máls verða. Enginn vafi er á, að svo getur farið oftar, að sekur skipstjóri komist á einn eða annan hátt undan, þó að fiskiskipið hafi verið tekið. Nauðsynlegt er því að hafa skýr lagaákvæði um það, að í slíkum tilfellum megi lögsækja útgerðarfélag skipsins og gera það ábyrgt fyrir lögbrotinu.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt að gera refsingar við því að brjóta lög og reglugerðir um bann við togveiðum í landhelgi þyngri en nú er. Þungar refsingar mundu tvímælalaust draga úr ásókn veiðiþjófa á fiskimið landhelginnar.

Fiskimiðin við strendur landsins eru dýrmætustu auðlindir þjóðarinnar. Þeirra verður því að gæta vel. Fyrsta og sjálfsagðasta skylda okkar er sú að haga refsingum við brotum á fiskveiðilöggjöfinni á þann hátt, að allir, sem hlut eiga að máli, forðist sem mest að hætta á að brjóta lögin.

Nd. 93. Breytingartillögur [64. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ingvari Gíslasyni og Gísla Guðmundssyni.

Á eftir 2. tölulið 1. gr. komi nýir liðir:

1. Fyrir orðin „til Akureyrar“ í C. 1 komi: um Akureyri.
2. C. 46 orðist svo:
   Hörgárdalsvegur innri: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá á Þelamörk um Hörgárbrú hjá Þúfnavöllum að Ásgerðarstaðaseli.
3. C. 47 orðist þannig:
   Hörgárdalsvegur ytri: Af Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum um brú á Hörgá á Helguhyl á Hörgárdalsveg innri, með álmu um Sörlatungu á Hörgárdalsveg innri utan við Þúfnavelli.
4. C. 49 orðist svo:
   Hauganesvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi, með álmu að Árskógssandi.
5. C. 51 orðist svo:
   Svarfaðardalsvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Skallá.

6. Á eftir C. 52 komi nýr liður:
   Skíðadalsvegur: Af Hrísavegi vestan Skíðadalsárbrúar að Skíðadalsárbrú norðan við Kóngsstaði.
7. Á eftir C. 53 komi tveir nýir liðir:
   a. *Ósvegur:* Af Hjalteyrarvegi á móti barnaskóla sveitarinnar um Búland og Ós á Dalvíkurveg norðan við Hof.
   b. *Brekkutorfuvegur:* Frá Hörgárbrú á Staðarhyl um Björg og Möðruvelli á þjóðveginn hjá Hofi.
8. C. 54 orðist svo:
   Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga að Dagverðareyri og ofan við tún á Gæsum og Skipalóni um Hlaðir á Dalvíkurveg sunnan Hörgárbrúar.
9. Á eftir C. 55 komi nýr liður:
   Efribyggðarvegur: Af Eyjafjarðarbraut við Hólshús, um Finnastaði, Möðrufell og Miklagarð á Djúpadalsveg við Litla-Garð.
10. C. 57 orðist svo:
    Vatnsendavegur: Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ austur yfir brú á Eyjafjarðará þar, um Hóla að Vatnsenda og vestur yfir Eyjafjarðará þar á Eyjafjarðarbraut.
11. Á eftir C. 57 komi nýr liður:
    Sölvadalsvegur: Af Vatnsendavegi hjá Gnúpufelli, fram Sölvadal að Þormóðsstöðum.
12. Á eftir C. 60 komi nýr liður:
    Vaglaskógarvegur: Af Norðurlandsvegi við Fnjóskárbrú að austan um Vaglaskóg að Lundi.
13. Á eftir C. 64 komi nýr liður:
    Fremstafellsvegur: Af Kinnarvegi hjá Landamóti um Fellsenda, Fremstafell og Hriflu á Norðurlandsveg hjá Kvíslarbrú.
14. Á eftir C. 65 komi tveir nýir liðir:
    a. *Hvammavegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárvirkjun um Hvamma að Yztahvammi og þaðan að Haga.
    b. *Sandsbæjavegur:* Af Þingeyjarsýslubraut nálægt Knútsstöðum um Hraunkot að Sandi.
15. Á eftir C. 66 komi nýr töluliður:
    Laxárdalsvegur eystri: Af Laxárdalsvegi hjá Birningsstöðum, yfir Laxá um Sog, suður dalinn að Hólum.
16. C. 67 orðist svo:
    Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú, vestan Skjálfandafljóts að Halldórsstöðum, með álmu frá Stóruvöllum yfir Skjálfandafljótsbrúna þar á Bárðardalsveg eystri sunnan Sandvíkur.
17. Á eftir C. 69 komi tveir nýir liðir:
    a. *Uppsveitarvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut norðan við Meiðavelli í Keldhverfi um Tóvegg og Hlíðargerði að Undirvegg.
    b. *Vestur-Sandsvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut hjá Lindarbrekku um Vestur-Sand að Bakkahlaupi.
18. Á eftir C. 72 komi nýir liðir:
    a. *Ljósavatnsvegur:* Af Norðurlandsvegi við Stórutjarnir, vestan og sunnan Ljósavatns, á Norðurlandsveg aftur hjá Krossi.
    b. *Stafnshverfisvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Narfastöðum að Fellshlíð.
19. C. 74 orðist svo:
    Austur-Sandsvegur: Af Kópaskersvegi nálægt Skinnastað um Sandárbrú og Austur-Sand að Bakka.

20. Á eftir C. 76 komi nýr liður:
Frambæjavegur: Af Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegi hjá Svalbarðsárbrú um Svalbarðssel og Fjallalækjarsel að Kúðá.
21. Á eftir C. 77 komi tveir nýir liðir:
a. *Tunguselsvegur:* Af Þistilfjarðarvegi við Hafralónsá um Hallgilsstaði að Tunguseli.
b. *Hvammsvegur:* Af Þistilfjarðarvegi rétt vestan við Hafralónsá um Brúarland að Hvammi.

Sþ. 94. Fyrirspurnir. [85. mál]

I. Til samgöngumálaráðherra um smíði Hofsárbrúar í Vopnafirði.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Hvenær er fyrirhugað að byggja Hofsárbrú í Vopnafirði, sem 1958 var ákveðið að byggð skyldi fyrir fé úr brúasjóði?

II. Til ríkisstjórnarinnar um rannsóknir á hafnargerð við Dyrhólaey.

Frá Ragnari Jónssyni.

1. Hvaða niðurstöður liggja fyrir varðandi þær rannsóknir, sem gerðar voru síðast liðið sumar á hafnargerð við Dyrhólaey?
2. Hvað líður rannsóknum á tilflutningi jarðefna annars staðar við suðurströnd landsins, t. d. í Þykkvabæ?

III. Til samgöngumálaráðherra um flóabátaferðir og endurskoðun á rekstri Skipaútgerðar ríkisins.

Frá Jónasi Péturssyni.

Hvað líður athugunum þeim á flóabátaferðum og endurskoðun á rekstri Skipaútgerðar ríkisins, er ráðherra boðaði í umræðum í sameinuðu þingi 19. apríl s. l. um till. til þál. um samgöngur á sjó við Vestfirði?

Sþ. 95. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um símagjöld á Suðurnesjum.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú þegar eða eigi síðar en um næstu áramót verði fyrirkomulag símtala á Suðurnesjum og gjald vegna þeirra samræmt þannig, að allar stöðvar í símasókn þeirri, er hefur leiðartöluna 92, — en þær eru sjálfvirku stöðvarnar í Keflavík, Njarðvík, Gerðum, Sandgerði, Grindavík og stöðvarnar í Höfnum og Vogum, sem báðar verða væntanlega sjálfvirkar á næsta ári, — verði eitt gjaldsvæði varðandi aðra landshluta, en innbyrðis komi ein greiðslueining fyrir hvert símtal án tillits til lengdar þess.

Greinargerð.

Fyrir fáum árum var hafin bylting í símamálum hér á landi. Sjálfvirknin látin vinna verk margra handa. Markvisst unnið að því að bæta og auka símaþjónustuna og gera hana jafnframt hagkvæmari.

Reykjanesskaginn — Suðurnes — er fyrsti landshlutinn, þar sem sjálfvirkni símans heldur innreið sína, eftir að hafa fengið góða reynslu í höfuðborginni og tveimur stærstu bæjum landsins.

Ýmsir byrjunar- og fyrirkomulagsörðugleikar hafa eðlilega átt sér stað, og telja Suðurnesjabúar sig hafa orðið fyrir þungum búsifjum af þeim sökum.

Tillaga þessi er því fram komin, ef verða mætti til þess að bæta hér nokkuð úr og leiðrétta misræmi.

Afnotagjöld og frísímtöl eru alls staðar hin sömu, hvort heldur notendafjöldi stöðvarinnar er mikill eða lítill.

Símanotkun við aðrar sjálfvirkar stöðvar er mjög aðgæzluverð, þar sem síminn gefur enga viðvörun um lengd símtals, svo sem áður var.

Þá má benda á sameiginlega viðskipta- og atvinnulega hagsmuni verstöðvanna á Suðurnesjum, með eina afskipunar- og útskipunarhöfn í Keflavík. Öll nýting sjávarafurða og þar með afkoma þessara fjölmennu byggða á mikið undir góðri og hagfelldri símaþjónustu.

Ed. 96. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um Lífeyrissjóð barnakennara.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. nóv. 1963.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Helgi Bergs.	Magnús Jónsson.

Karl Kristjánsson.

Nd. 97. Lög [21. mál]

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

(Afgreidd frá Nd. 26. nóv.)

Samhljóða þskj. 21.

Nd. 98. Frumvarp til laga [69. mál]

um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. nóv.)

Samhljóða þskj. 16 með þessari breytingu:

Fyrirsögn II. kafla orðist svo:
Fullnusta refsivistardóma o. fl.

Sþ. 99. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um opnun vegasambands milli Fljótshverfis og Suðursveitar, þannig að vegakerfið myndi órofa hringleið um landið.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort unnt sé og hvað kosta mundi að opna á tveimur næstu árum akvegasamband milli Fljótshverfis í Vestur-Skaftafellssýslu og Suðursveitar í Austur-Skaftafellssýslu, þannig að vegakerfið myndi órofa hringleið um landið.

Athugun þessi skal vera við það miðuð, að gerðar verði varanlegar brýr á þau fallvötn þessarar leiðar, sem enn eru óbrúuð, en ef slíkar brýr á Núpsvötn, Skeiðará og aðrar vatnakvíslar á Skeiðarársandi teljast bundnar miklum tæknilegum annmörkum eða vera sérlega kostnaðarsamar, má við það miða, að á þær ár verði byggðar trébrýr af tiltölulega ódýrri gerð, sem þá gæti þurft að endurbyggja eftir meiri háttar jökulhlaup.

Niðurstöður athugunar þessarar skulu lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem kostur er á.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga þessari var flutt á síðasta þingi. Flm. þeirrar tillögu voru Karl Guðjónsson og Lúðvík Jósefsson. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni þá:

Í vegalögum er gert ráð fyrir því, að Suðurlandsvegur nái frá Reykjavík til Lónsheiðar í Austur-Skaftafellssýslu. En svo sem kunnugt er, hefur þessi vegur enn ekki verið fullgerður. Eins og málum er nú komið, má segja, að um 120 km kafli þessarar leiðar sé ýmist í ófullnægjandi eða engum tengslum við það heildarþjóðvegakerfi landsins, sem Suðurlandsvegur ýmist er eða á að verða hluti af. Þetta er kaflinn frá Núpsvötnum við Lómagnúp til Steinavatna í Suðursveit.

Með því að ákveðið er, að Steinavötnin verði brúuð á þessu ári, má þó telja, að eftir næsta sumar styttist hinn sambandslausi kafli nefndrar leiðar í tæpa 100 km, því að þá muni samfelldur akvegur austan frá ná að Jökulsá á Breiðamerkursandi. Ekki er heldur talið neinum verulegum vandkvæðum bundið að brúa það vatnsfall, og mun nú ákveðið, að Jökulsárbrú á Breiðamerkursandi verði byggð fyrir fé úr brúasjóði rétt á næstunni. Í Öræfum og Suðursveit eru enn nokkrar minni ár óbrúaðar, en sem óleyst vandamál má ætla að ekki standi annað eftir af leið þessari að tveimur árum liðnum en spölurinn milli Lómagnúps og Öræfa, eða svo sem 30 km vegalengd, þótt ekki yrðu gerðar neinar sérstakar ráðstafanir til að flýta samgönguframkvæmdum á þessum slóðum umfram það, sem venjulegt er.

En þótt spölurinn úr Fljótshverfinu í Öræfum sé ekki langur, er hann þó ærið erfiður til vegagerðar. Þar er um að ræða Skeiðarársandssvæðið, með Núpsvötnum, Skeiðará og ýmsum fleiri vatnakvíslum. Þótt jafnaðarlega séu þetta engin ógnar vatnsföll, er hitt þó alkunna, að einmitt þarna verða öðru hverju mikil jökulhlaup. Það hefur því til þessa verið talið óvinnandi verk að brúa þetta vatnasvæði, svo að von væri til, að sú mannvirkjagerð gæti staðið af sér jökulhlaupin.

Nú hafa jöklar landsins minnkað á hinum síðustu árum, svo að nokkur ástæða er til að ætla, að jökulhlaup á þessum slóðum séu ekki orðin eins tröllaukin og þau áður voru, og eins mun nú orðið líða lengri tími milli þeirra. Það er því af þessum sökum eðlilegt, að sérfræðileg athugun sé látin fram fara á því, hvort nú muni ekki kleift að brúa vatnsföll þessa svæðis, þannig að varanlegt sé.

En jafnvel þótt til þess teldust ekki möguleikar með viðráðanlegum kostnaði, þá er hér um að ræða svo mikilvægan þátt í samgöngukerfi landsins, sem sé opnun

hringleiðar um landið, að vel hlýtur að koma til mála að brúa Núpsvötn, Skeiðará og aðrar vatnakvíslar þessa svæðis með tiltölulega ódýrum staurabrúm, sem þá yrði máske að endurbyggja eftir meiri háttar jökulhlaup að einhverju eða öllu leyti.

Ávinningurinn við það að gera Suðurlandsveg allan akfæran er svo mikill og margvíslegur, að engin ástæða er til að skera fjárveitingar til hans við nögl.

Má þar fyrst til nefna, að með opnun Suðurlandsleiðarinnar mundi heill landsfjórðungur, Austurland, komast í stöðugt vegasamband við Suðurlandsbyggðirnar og Reykjavík, en núverandi vegasamband Austurlands við aðrar byggðir getur vart talizt nothæft nema helming ársins. Akvegasamband allra syðri byggða Austfirðingafjórðungs við Reykjavík mundi og styttast til mikilla muna. Frá Höfn í Hornafirði mundi leiðin til Reykjavíkur t. d. styttast nærfellt um helming, eða úr 980 km í 500 km.

Næst mætti nefna það til, að ýmsar þær sveitir og byggðir, sem að þessari leið liggja og nú eru næsta afskekktar, mundu komast í þjóðbraut, en það sannar öll reynsla, að fátt er jafnlíklegt til að færa líf og blóma í byggðarlag og slík umskipti.

Þá er það ekki að efa, að sú leið, sem þarna opnaðist, yrði einkar vinsæl og fjölfarin bæði af innlendum og erlendum ferðamönnum.

Með tilliti til alls þess, sem hér hefur nefnt verið, og raunar af enn fleiri ástæðum verður að teljast fullkomlega tímabært, að sú athugun, sem tillaga þessi ráðgerir, verði látin fara fram á sumri komanda og í framhaldi af því verði gerðar ráðstafanir til þess að opna hringleiðina um Ísland á næstu tveimur árum, ef rannsóknir leiða í ljós, að möguleikar séu til þess.

Ed. 100. Frumvarp til laga [88. mál]

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Alfreð Gíslason.

1. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir „kr. 350.00“ í 1. málsgr. komi: kr. 550.00.
b. Fyrir „kr. 200.00“ í 2. málsgr. komi: kr. 350.00.

2. gr.

Fresta skal að framkvæma ákvæði 11. gr. laganna um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt er bannað að eitra fyrir þessi dýr á sama tímabili.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þau lög, sem nú eru í gildi um eyðingu refa og minka, eru frá 5. júní 1957. Voru þá gerðar veigamiklar breytingar á lögum um sama efni frá 25. maí 1949, þessar helztar: Breytt var lítils háttar kostnaðarhlutföllum. Í öðru lagi: Yfirumsjón refa- og minkaveiða var falin sérstökum manni, veiðistjóra, undir stjórn Búnaðarfélags Íslands og yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Í þriðja lagi: Lögboðin var eitrun á hverju ári til útrýmingar þessum meindýrum, og var breyting sú mjög umdeild, þegar lögin voru til umræðu á þingi, í blöðum og á meðal almennings.

Sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögunum, er aðeins við 9. og 11. grein.

Um 1. gr.

Breytingin er til samræmis við breytt kaupgjald, og er lagt til, að verðlaun fyrir unnin hlaupadýr hækki.

Um 2. gr.

Lagt er til, að eitrun fyrir refi og minka, sem nú er lögboðin, falli niður um 5 ár og verði um leið bönnuð um jafnlangan tíma. Samkvæmt lögum, er nú gilda, er nánar kveðið á um framkvæmd þessarar skyldu í reglugerð frá 28. nóv. 1958, í 7., 8., 9., 10. og 11. gr. Segir þar, að oddvitum og bæjarstjórum sé skylt, strax að loknum haustgöngum, að láta eitra og skuli þeirri iðju vera lokið í síðasta lagi í janúarlok ár hvert.

Frá því um 1890 hefur eitrun fyrir refi og fugla verið tíðkuð meira og minna hér á landi, mest þó fyrir og eftir aldamót. Reynsla af þeirri starfsemi er mjög óhugnanleg á marga grein. Kringum 1920 var þó þessi iðja mjög farin að leggjast niður, að minnsta kosti í mörgum landshlutum. Í lögum frá 1949 var svo fyrir mælt, að eitra skyldi fyrir refi þriðja hvert ár. En yfirleitt mun því ákvæði ekki hafa verið framfylgt.

Rök andstæðinga eitrunarskyldunnar 1957 voru einkum þessi: Eitrun er viðurstyggileg deyðingaraðferð og kvalafull. Hún er auk þess áhrifalítil aðferð til að fækka refum og líkast til áhrifalaus gagnvart minknum. Hún hittir fyrir spendýr og fugla, sem henni er ekki ætlað að ná til. Hún getur jafnvel orðið mönnum að skaða. Örninn, „konungur fuglanna“, er í stórhættu fyrir því að verða aldauða, og hefur reynsla frá því um 1890 staðfest það eftirminnilega.

Talsmenn eitrunarinnar héldu því hins vegar fram, að ógerlegt væri að halda þessum tveimur meindýrategundum í skefjum nema með aðstoð stryknínsins, þ. e. refnum og minknum.

Það skal höfundum eitrunarákvæðanna til hróss sagt, að viðleitni var sýnd af stjórnarvalda hálfu að draga úr þeirri hættu, sem lögin leiddu yfir örninn. Í reglugerð þeirri, sem ég nefndi, frá 28. nóv. 1958, er bannað að eitra fyrir refi í þessum sýslum: Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu. En í þessum landshluta var þá talið, og er enn talið, að fáeinir ernir verpi og haldi sig. Þessi undanþága var gerð til verndar þessum fuglum og er um leið játning á þeirri staðreynd, að örn getur aldrei varað sig á eitruðu hræi, þótt refnum lærist það miklu frekar fljótlega, hrafninum og jafnvel svartbaknum. Um minkinn er vart um að tala í þessu sambandi.

En „örninn flýgur fugla hæst í forsal vinda“, segir í gamalli vísu. Strax á fyrstu árum eitrunarskyldunnar fóru að finnast dauðir ernir af eitri, bæði norðanlands og sunnan, því að auðvitað fljúga þessir fáu fuglar, sem enn hjara á Vestfjarðakjálkanum aðallega, bæði austur um land, suður og norður, einkum ungfuglinn, og geta þá hitt þar fyrir eitruð hræ, sem ætluð eru refum. Um 1890, er refaeitrun fyrst hefst að ráði, var strjálingur af arnarhreiðrum um allt land, langmest þó á Vestfjörðum. Um aldamót er talið, að þau séu orðin innan við einn tug utan Vestfjarða, en allmörg þar. 1910 hefur þeim enn fækkað, og 1920 er talið, að þau hafi verið orðin aðeins 20. 1959 var gerð skipuleg talning, og fundust þá 10—12 hreiður. Og hefur þeim enn fækkað, svo að engu má muna, að þessi merkilega fuglategund verði með öllu aldauða. Bendir flest til, að ekki muni nú vera eftir nema 10—15 fuglar í mesta lagi.

Það skal viðurkennt, að örninn er enginn nytjafugl, og einnig hitt, að hann gerir nokkurn skaða í vörpum. En hinu neitar hins vegar enginn, að það verður að teljast þjóðarskömm að útrýma honum með öllu og svipta þar með okkar fáskrúðuga dýraríki einni sinni tilkomumestu tegund. Fyrir löngu er þetta viðurkennt af löggjafanum, því að ernir hafa verið alfriðaðir um áratugi.

Um áhrif eitrunar til fækkunar refum eru skiptar skoðanir. Ýmsir glöggir menn og nákunnugir háttum refa telja, að eitrunin ali beinlínis upp dýrbíti, en svo eru þau

dýr nefnd, er leggjast á sauðfé. Samkvæmt áliti þeirra er því eitrunin til ills eins og kennir vitrustu dýrunum að leggja sér einungis til munns það, sem þau veiða sjálf. En aðalfæða refa er annars hræ, sem þau finna á fjörum eða öðrum víðavangi, og svo fuglar, sem þeir veiða. Eitthvað á þessa leið mun og hafa vakað fyrir löggjafanum 1949, þegar fyrir var lagt að eitra aðeins þriðja hvert ár.

Í frumv. þessu er gert ráð fyrir að gera hlé á eitrun í 5 ár. Það hlé er hugsað sem reynslutími, sem allir eiga að geta sætt sig við, hverja skoðun sem þeir annars hafa á þessum málum. En framlenging eða ekki framlenging að 5 árum liðnum á að geta farið eftir því, hvernig til tekst þennan reynslutíma. Að áliti margra, sem annars aðhyllast þá skoðun, að refaeitrun sé ill nauðsyn, er því skynsamlegt að eitra ekki nema ár og ár, segja þeir.

Alþingi hefur borizt áskorun um að banna strykníneitrun frá sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu. Flutningsmönnum er og kunnugt um, að fjöldi sveitarstjórna telur eiturnotkun hina mestu óhæfu og framkvæmir skyldu sína í því efni þvernauðugur. Sömu skoðunar eru og flutningsmenn, en telja þó um leið, að 5 ár séu máske nauðsynlegur umhugsunartími fyrir menn að átta sig á hlutunum.

Sé ekkert að gert nú þegar í þessu efni, er það jafnvíst og 2 og 2 eru 4, að innan fárra ára verður svo komið, að síðasti Íslandsörn „flögrar á vinstri hlið“. Mætti það þá einnig verða, að það væri um leið hinzti haförn í veröldinni, líkt og gerðist um geirfuglinn okkar sællar minningar. Þessi fuglategund er að hverfa úr nágrannalöndum okkar — eða er horfin — af svipuðum ástæðum og hér. Þegar svo illa er komið, er um seinan að bæta ráð sitt, aðeins hægt að iðrast.

Þess skal að lokum getið, að bannað er í fuglafriðunarlögum frá 1954 að eitra fyrir fugla. En undanþágu má þó veita frá því, er varðar fugla, sem ræna eggjum annarra fugla. Er sú undanþága staðfest í reglugerð við þau lög og heyrir undir menntamálaráðuneytið. Viljum við í tengslum við þetta frumv. benda menntamálaráðherra og fuglafriðunarnefnd á, að nauðsynlegt er að endurskoða þá reglugerð, að því er varðar meðferð eiturs, afnema hana eða breyta. Til þess þarf ekki lagabreytingu.

Ed. 101. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu sjómanna o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Orðið „viðskiptabanka“ í 2. málslið 1. mgr. fellur niður.

Alþingi, 26. nóv. 1963.

Eggert G. Þorsteinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr., frsm. Magnús Jónsson.

Hermann Jónasson. Ólafur Jóhannesson.

Sþ. **102. Tillaga til þingsályktunar** [89. mál]

um endurskoðun raforkulaga.

Flm.: Björn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að endurskoða lög nr. 12 2. apríl 1946 (raforkulögin). Endurskoðunin miði sérstaklega að eftirfarandi:

1. Að verð raforku til sams konar nota verði hið sama eða sem jafnast um land allt.
2. Að athugað verði gaumgæfilega, hvort æskileg þróun á sviði rafvæðingar, bætt skilyrði atvinnurekstrar og almannahagur verði ekki bezt tryggt með því, að ríkið eigi og reki öll raforkuver og orkuveitur í landinu.
3. Að dregið verði úr misræmi verðlags annars vegar á raforku til heimilisnota og hins vegar á raforku til iðnaðar og annarra nota.
4. Að stefnt verði að því í sambandi við vatnsaflsvirkjanir næstu áratugi, að upphitun húsa fari í vaxandi mæli fram með raforku.
5. Að rafvæðing allra byggða landsins verði lokið á sem skemmstum tíma og tryggð sem fullkomnust nýting á framleiðslugetu orkuveranna, m. a. með því, að samtengingu þeirra verði hraðað.

Greinargerð.

Þingmenn Alþýðubandalagsins fluttu á síðasta Alþingi tvær þáltill. um raforkumál, aðra um endurskoðun raforkulaganna frá 1946 með sérstöku tilliti til þeirra efnisatriða, sem 1., 2., 3. og 5. töluliður þessarar þáltill. fela í sér, og í annan stað þáltill. um rannsókn á því, hvort hagkvæmt væri að stefna að því í sambandi við vatnsaflsvirkjanir næstu áratuga að hita hús með raforku.

Að meginefni felur sú þáltill., sem hér er flutt, í sér þá stefnu í raforkumálum, sem fram kom í fyrrgreindum þáltill. Lagt er til, að Alþingi kjósi 7 manna milliþinganefnd til að endurskoða raforkulögin, sem nú eru orðin rúml. 17 ára gömul og samsvara nú tæpast þeirri tiltölulega öru þróun, sem orðið hefur í orkumálum þjóðarinnar, og þeim nýju viðhorfum, sem þar hafa skapazt.

Gert er ráð fyrir, að við endurskoðunina verði sérstaklega höfð í huga eftirtalin atriði:

Verðjöfnun á raforku. Verð á raforku til sömu nota er og hefur verið mjög mismunandi, og gildir það jafnt um heildsölu- sem smásöluverð og hvort heldur um er að ræða orku til heimilisþarfa eða atvinnurekstrar. Er algengt, að þessi mismunur nemi allt að 100% eða jafnvel meira, og skapar þetta verulegan aðstöðumun í atvinnurekstri og misræmi í framfærslukostnaði heimila eftir því, hvar viðkomandi er í sveit settur. Þetta telja flm. óeðlilegt og vilja leita tiltækra ráða til, að verðlagið verði jafnað.

Ríkisrekstur á öllum orkuverum og dreifiveitum. Eignar- og rekstraraðild að orkuverum og dreifiveitum er mismunandi, eins og málum er nú háttað. Er þar bæði um að ræða ríkisrekstur og rekstur sveitarfélaga og blandaðan rekstur ríkis og sveitarfélaga. Þessi mismunandi eignar- og rekstraraðild leiðir svo m. a. af sér mismunandi verðlag raforkunnar, þar sem tekjuþarfir hinna mörgu fyrirtækja eru mjög misjafnar, og raunar fleiri annmarka. Virðast flest rök mæla með því, að komið verði á hreinum ríkisrekstri á öllum sviðum raforkuframleiðslu og raforkudreifingar, enda hafa sífellt fleiri þjóðir farið inn á þá braut á síðari tímum, m. a. í Vestur-Evrópu.

Lækkun raforkuverðs til heimilisnota. Nú er raforka til heimilisnota seld á nær tvöföldu meðalverði raforku. Telja flm., að hér mætti gera nokkra breytingu á,

þannig að um leið og verði til sömu nota yrði jafnað, yrði heimilisnotkun lækkuð hlutfallslega, þannig að verðjöfnunin leiddi a. m. k. ekki af sér hækkun á heimilistöxtum.

Aukin upphitun húsa með raforku. Sérfræðingar á sviði orkumála hafa leitt að því sterkar líkur, að upphitun húsa með raforku geti orðið hagkvæmust upphitunaraðferða, jafnvel ódýrari en varmaveitur. Skilyrði þess, að hér geti orðið um þjóðhagslega hagkvæma lausn á mikilvægum þætti í orkuþörf þjóðarinnar að ræða, er þó vafalaust, að um stórar virkjanir verði að ræða, enda mundi sú stefna að spara gjaldeyri og tilkostnað með þessum hætti leggja nýjan grundvöll að stórvirkjunum til innlendra þarfa. Þjóðin ver árlega hundruðum milljóna erlends gjaldeyris til kaupa á olíum til húsahitunar, og þessi kaup fara hraðvaxandi með hverju ári. Líklegt má telja, að olíuverð fari síhækkandi í framtíðinni og verði því æ óhagstæðara að flytja þennan hitagjafa um óravegu til landsins og halda auk þess uppi kostnaðarsömu dreifingarkerfi þess vegna. Þarf því ekki að efa, að í framtíðinni hljóti að reynast óhjákvæmilegt að leita hagkvæmari aðferða til þess að fullnægja orkuþörf til hitunar híbýla. Kemur þá hvort tveggja til greina nýting jarðhita, þar sem hann er fyrir hendi, og nýting þeirrar orku, sem við eigum í fallvötnum landsins, og bendir margt til þess, að þar sé um hagkvæmustu leiðina að ræða.

Að allsherjar rafvæðingu verði lokið á sem skemmstum tíma. Um leið og sett eru ný raforkulög, þykir flm. sjálfsagt, að sú stefna sé greinilega mörkuð, að rafvæðingu landsins sé lokið á sem skemmstum tíma og að nýting virkjaðrar orku geti á hverjum tíma orðið sem bezt.

Sþ. 103. Tillaga til þingsályktunar [90. mál]

um athugun á sem hagkvæmastri skipan og um aukningu stofnlánasjóða sjávarútvegsins.

Flm.: Sverrir Júlíusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka möguleika á auknum stofnlánum til sjávarútvegsins, til þess að tryggja eðlilega uppbyggingu og fjárfestingu í þessari mikilvægu framleiðslugrein landsmanna. Sé jafnframt látin fram fara athugun á sem hagkvæmastri skipan með samræmdri eða sameinaðri starfsemi stofnana þeirra, er veita stofnlán til sjávarútvegsins.

Ríkisstjórnin skipi 5 manna nefnd til að vinna að þessu verkefni. Verði niðurstöður nefndarinnar lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fjárþörf íslenzkra atvinnuvega hefur á þeim áratugum, er íslenzkt atvinnulíf hefur byggzt upp, verið mikil, og mun svo verða um ófyrirsjáanlega framtíð.

Sjávarútvegurinn hefur að vonum þarfnazt mjög mikils fjármagns til uppbyggingar að því er snertir byggingu veiðiskipa og byggingu fiskvinnslustöðva og iðjuvera.

Í verulegum mæli hefur sjávarútvegurinn orðið að byggja upp sína lánasjóði. Stofnlán hafa þó verið veitt af fleiri aðilum en þeim, er tekjur hafa beint frá sjávarútveginum. Hér á eftir mun verða greint frá þeim helztu og hve mikið fé var bundið hjá þeim í sjávarútveginum í árslok 1962.

Fiskveiðasjóður Íslands var stofnaður með lögum árið 1905. Hann hefur haft sínar aðaltekjur af útflutningsgjaldi sjávarafurða, eða rúmar 265 millj. kr. (1905—1962). Framlag ríkissjóðs þetta tímabil hefur numið 35.250 millj. kr. Vextir og aðrar tekjur hafa numið 73.8 millj. kr.

Í árslok 1962 á sjóður þessi útistandandi lán með veði í fiskiskipum og vegna skipa í smíðum um 507.9 millj. kr., en með veði í fiskvinnslustöðvum útvegsmanna um 37 millj. kr.

Eins og kunnugt er, er aðalhlutverk fiskveiðasjóðs að lána til nýbyggingar fiskiskipa. Ef skip eru smíðuð erlendis, lánar hann ⅔ hluta af kostnaðarverði, en ¾ hluta af kostnaðarverði fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands.

Fiskimálasjóður, sem stofnaður var með lögum 1947 (arftaki fiskimálanefndar), lánar viðbótarlán til uppbyggingar fiskvinnslustöðva sjávarútvegsins. Sjóður þessi gegnir að vísu fleiri hlutverkum, en útistandandi lán hjá honum vegna framleiðenda sjávarútvegsins námu í árslok 1962 37.7 millj. kr.

Framkvæmdabanki Íslands hefur, eins og kunnugt er, því hlutverki að gegna að veita lán til uppbyggingar atvinnuvega landsmanna. Stofnun þessi hefur, ef dæmt er eftir skiptingu lána á árunum 1953—1962, haft í mjög mörg horn að líta.

Lán til fiskveiða og vinnslu fiskafurða (munu aðallega vera lán til vinnslu fiskafurða) eru á nefndu tímabili um 161.3 millj. kr. Hve há fjárhæð var útistandandi hjá sjávarútveginum um síðustu áramót, verður eigi séð á reikningi bankans 1962.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins var upphaflega stofnsett á nýsköpunartímabilinu 1944—46, lánaði til fiskiskipakaupa, þar með taldir botnvörpungar, og til fiskvinnslustöðva með hóflegum vöxtum.

Núverandi ríkisstjórn setti ný lög um stofnlánadeildina í ársbyrjun 1961 vegna lánabreytinga, er þá áttu sér stað hjá sjávarútveginum.

Skuldir sjávarútvegsins við stofnlánadeildina námu í árslok 1962 um 383.4 millj. kr. Eigi verður séð af reikningi deildarinnar í árslok 1962, hvernig fjárhæð þessi skiptist á milli veiðiskipa og fiskvinnslustöðva.

Það má segja, að hér séu upp taldar þær stofnanir, er lagalega skyldu hafa til stofnlánaveitinga til sjávarútvegsins.

En stofnlán sjávarútvegsins liggja mun víðar, í viðskiptabönkum, ýmsum sjóðum, er lánað hafa gegn ríkisábyrgð, svo sem lífeyrissjóðir, atvinnuleysistryggingasjóður o. fl.

Ekki liggur fyrir, hve mikið fjármagn, er varið hefur verið til uppbyggingar sjávarútvegsins, er hjá öðrum stofnunum en hér hafa verið taldar, en þær upphæðir eru áreiðanlega háar.

Það, sem fyrir flutningsmanni þessarar tillögu vakir, er fyrst og fremst, að aukin verði eðlileg stofnlán til sjávarútvegsins og þannig stuðlað að heilbrigðri þróun þessa undirstöðuatvinnuvegar landsmanna og jafnframt girt fyrir, að óumsamdar lausaskuldir verði rekstri sjávarútvegsins fjötur um fót, eins og komið var, þegar lögin um heimild Stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka voru sett, eða lög nr. 48 29. marz 1961.

Samtímis þessu færi fram athugun á sem hagkvæmastri skipan þessara lánsfjármála með samræmdri eða sameinaðri starfsemi stofnana þeirra, er veita sjávarútveginum stofnlán. Með þeim hætti mundi fást betri yfirsýn yfir, hvað landsmenn hyggjast fyrir á hverjum tíma um framkvæmdir í þessum efnum. Þá mundu og fást möguleikar á að hafa betri stjórn á þessum málum en stundum hefur viljað við brenna. Þá skal og að sjálfsögðu meta það á hverjum tíma, hvaða framkvæmdir skuli ganga fyrir, því að betra er að fullgera t. d. tvær fiskvinnslustöðvar fyrir komandi vertíð en að hafa fjórar hálfgerðar, sem væru ekki tilbúnar til starfrækslu fyrr en fiskigangan væri gengin hjá í það sinn.

Ef í ljós kæmi, að tiltækilegt þætti að koma á þeirri samstjórn, er hér um ræðir, þyrfti það ekki að skerða sjálfstæði þeirra stofnana, sem hér hafa verið nefndar. Þær hefðu nokkuð aðskilin hlutverk, svo sem fiskveiðasjóður, er lánar fyrst og fremst til veiðiskipakaupa, svo og stofnlánasjóðir, er lána aðeins til fiskvinnslufyrirtækja.

Ekki mundi heldur breytast, að leitað yrði til annarra stofnana um lán til

uppbyggingar sjávarútvegsins, nema athuganir þessar leiddu í ljós, að tiltækilegt þætti að stofna „Fiskiskipa- og fasteignalánastofnun sjávarútvegsins", sem séð yrði fyrir nægu fjármagni til að svara eðlilegri lánaþörf sjávarútvegsins til bygginga og endurbóta.

Ef athuganir þær, sem hér er lagt til að fram fari, leiddu í ljós, að tiltækilegt yrði að auka stofnlánasjóðina, eins og hér er hugsað, og starfsemi þeirra samræmd, þá yrði án efa svo um allar stærri lánveitingar, hvort heldur væru frá öðrum opinberum sjóðum, svo og þegar erlend framkvæmdalán væru tekin, sem til sjávarútvegsins ættu að renna, að þeim mundi verða úthlutað af þeirri stofnun eða í samráði við hana. Að sama skapi mundi væntanlegum lántakendum verða mikill hægðarauki í að þurfa ekki að leita til eins margra aðila og verið hefur.

Nd. 104. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

Flm.: Gunnar Gíslason, Björn Pálsson.

1. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að láta stóðhesta ganga lausa, nema heimild felist til þess í lögum þessum, sbr. 39. gr.

Verði vart við slíkan hest, ber umráðamanni þess lands, þar sem hesturinn kemur fyrir, að láta handsama hann og flytja hann til hreppstjóra, sem næstur er í því lögsagnarumdæmi. Skal þá hreppstjóri taka hestinn í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við handsömun. Sömu ákvæði gilda um hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðargalla.

2. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Finnist stóðhestur utan vörzlu, sem merktur er með bókstöfunum K eða LK á hægri lend, skal umráðamaður þess lands, þar sem hesturinn finnst, gera eiganda hans viðvart og gefa honum kost á að sækja hestinn. Hirði eigandi ekki um það, eða ef ekki er vitað um eiganda, þá skal umráðamaður landsins láta handsama hestinn og flytja hann til hreppstjóra, sem næstur er í því lögsagnarumdæmi.

Hreppstjóri tilkynnir eiganda um hestinn, og á eigandi rétt til að fá hann afhentan gegn sanngjarnri greiðslu fyrir gæzlu og handsömun, enda geti eigandi sannað heimild sína til að merkja hestinn með kynbótahestsmerki. Finnist eigandi ekki, skal hreppstjóri auglýsa hestinn í útvarpi, og skal tekið fram um mark, merki og einkenni. Gefi eigandi sig fram innan hálfs mánaðar frá auglýsingardegi, skal afhenda honum hestinn gegn greiðslu á áföllnum kostnaði, geti hann sannað heimild sína til þess að merkja hestinn sem kynbótahest.

Nú hefur hreppstjóra verið afhentur ómerktur stóðhestur, eða stóðhestur, sem merktur hefur verið án heimildar, og skal hreppstjóri þá selja hann á opinberu uppboði. Vitji eigandi andvirðisins innan sex mánaða frá söludegi, skal honum greitt það að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, annars rennur andvirðið í fjallskilasjóð þess hrepps eða upprekstrarfélags, þar sem hesturinn var handsamaður. Sömu ákvæði gilda um merkta stóðhesta, sem er ekki vitjað á tilsettum tíma frá auglýsingardegi, sbr. 2. málsgr. þessarar greinar.

Verði ágreiningur um kostnað vegna handsömunar og gæzlu stóðhests samkv. þessari grein og 36. gr., skal hann metinn af tveimur dómkvöddum mönnum.

3. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Í sýslum, þar sem hrossabúskapur er að verulegu leyti rekinn til framleiðslu á kjöti, geta sýslunefndir gert samþykktir um að leyfa hrossaeigendum að láta stóðhesta ganga lausa í heimahögum á tímabilinu 20. maí til 20. júlí. Enn fremur geta sýslunefndir leyft hrossaeigendum í einu eða fleiri upprekstrarfélögum að sleppa stóðhestum með hryssum á afrétt, þar sem svo hagar til, að eigi er ástæða til þess að ætla, að um verulegan samgang hrossa milli afrétta sé að ræða. Hrossaræktarráðunautur skal fela einum manni í hverjum hreppi í samráði við hreppsnefnd að ákveða, hve mörgum stóðhestum má sleppa á afrétt. Enginn stóðhestur má ganga laus á afrétt, nema hann hefi fengið viðurkenningu hrossaræktarráðunautar eða manns í umboði hans. Slíka hesta skal merkja með LK á hægri lend, en bókstaf hrepps og númeri á vinstri.

Undanþágur þessar skulu því aðeins veittar, að fyrir liggi umsóknir um þær frá hlutaðeigandi hreppsnefndum, enda hafi þær áður verið ræddar á almennum hreppsfundum og hlotið meirahlutasamþykki búenda í viðkomandi hreppum og upprekstrarfélögum. Undanþágur þessar skulu aldrei veittar lengur en til fimm ára í senn, og leita skal álits hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands um þær.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á lögum nr. 54 1957, um búfjárrækt. Það er skoðun flm., að endurskoða þurfi búfjárræktarlögin í heild, og kunnugt er þeim um, að nú fer fram heildarendurskoðun laganna að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands í samræmi við ályktun síðasta búnaðarþings um það efni. Enda þótt slíkri heildarendurskoðun búfjárræktarlaganna verið lokið fyrir búnaðarþing í vetur, þá má telja nokkurn veginn víst, að ekki vinnist tími til þess, seint á Alþingi því, sem nú situr, að afgreiða ný búfjárræktarlög.

Flm. þessa frv. leggja hins vegar áherzlu á að fá lögfestar þegar á þessu þingi þær breytingar á núgildandi búfjárræktarlögum, sem hér er lagt til að gerðar verði. Þess vegna leyfa þeir sér að flytja frv., þrátt fyrir það að þeir viti um, að endurskoðun búfjárræktarlaganna er á döfinni.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögunum, eru við þann kafla laganna, sem fjallar um hrossarækt, og eru þær við 36., 37. og 39. gr.

Um 1. gr.

Breytingin er í því fólgin, að tekið er skýrt fram, hverjum beri skylda til að láta handsama stóðhesta, sem ólöglega kunna að ganga lausir, og tryggja, að hestarnir verði ekki fluttir í önnur lögsagnarumdæmi en þeir finnast í.

Um 2. gr.

Breytingin er til samræmis við ákvæði 1. gr. Enn fremur, að sé ekki vitjað um andvirði seldra stóðhesta innan tilskilins tíma, þá skuli andvirðið renna í fjallskilasjóð, en ekki í búnaðarfélagssjóð. Þá er lagt til, að verði ágreiningur um kostnað við handsömun stóðhesta og gæzlu þeirra, þá verði kostnaðurinn metinn af dómkvöddum mönnum.

Um 3. gr.

Hér er lagt til, að rýmkuð verði nokkuð heimildarákvæði laganna um að leyfa lausagöngu stóðhesta, og verði það lagt í vald sýslunefnda, hvort slíkar undanþágur verði veittar.

Sþ. 105. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um byggingasjóð fyrir ríkið og ríkisstofnanir.

Flm.: Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um byggingasjóð fyrir ríkið og ríkisstofnanir. Skal tilgangur sjóðsins vera sá að standa undir kostnaði við byggingar þær, sem ríkið sjálft og ríkisstofnanir þurfa að koma upp vegna starfsemi sinnar. Sé undirbúningi hraðað svo, að frv. til laga um þetta efni verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Þótt mikið hafi verið byggt á Íslandi undanfarin ár og áratugi, verður ekki sagt, að ríkið sjálft og ríkisstofnanir séu vel á vegi staddar í þeim efnum. Ástæðurnar eru margar. Fram á þessa öld mátti heita, að landið væri snautt af varanlegum byggingum, og þess er ekki að vænta, að ein til tvær kynslóðir hafi getað komið því í verk að reisa allt frá grunni og færa húsakost hvers konar í það horf, sem hæfa þykir og kröfur eru gerðar til í nútímaþjóðfélagi. Byggingaþörfin hefur verið mikil og vaxið stöðugt samfara fjölgun þjóðarinnar og sókn hennar til betra lífs, fjölbreyttari atvinnuhátta og aukinna menningarskilyrða.

Við þessar aðstæður hefur þróunin orðið sú, að byggingamál ríkisins sjálfs og margra ríkisstofnana hafa setið svo mjög á hakanum, að naumast má vansalaust telja. Hið opinbera greiðir árlega stórfé í húsaleigu. Eru þess ófá dæmi, að leiguliðastefna ríkisins og ríkisstofnana hafi gert einstaklingum kleift að byggja og eignast stórhýsi fyrir milljónir og milljónatugi á þann einfalda hátt, að þeir hafa leigt opinberum aðilum húsin eða hluta þeirra til langs tíma, stundum gegn álitlegri fyrirframgreiðslu. Virðist ólíkt búmannslegra, að ríkisvaldið stefni fremur að hinu, að auðvelda ríkisstofnunum byggingu eða kaup á nauðsynlegum húsakosti til eigin þarfa.

Áratuga tómlæti og aðgerðaleysi um byggingamál ríkisins sjálfs og ríkisstofnana hefur leitt til þess, að margar þessara stofnana búa við allsendis ófullnægjandi starfsskilyrði. Sumar hafast við í gömlu, þröngu og lítt nothæfu húsnæði, aðrar greiða miklar fúlgur í húsaleigu og geta jafnframt átt yfir höfði sér að vera vísað „út á götuna“ með næsta litlum fyrirvara.

Svo rík hefur verið sú stefna hins opinbera í byggingamálum, að nær allir skyldu hafa forgangsrétt í þeim efnum gagnvart ríkinu, að jafnvel þær opinberar stofnanir, sem gátu komið sér upp nauðsynlegum húsakosti fyrir eigið fé, hafa þráfaldlega fengið synjun um heimild til að bæta úr húsnæðisþörf sinni. Slíkt bann er skiljanlegt, þegar fjárfesting til byggingaframkvæmda er mjög takmörkuð með opinberum afskiptum sakir gjaldeyrisskorts, en sé hin sama regla látin gilda á tímum frjálsrar fjárfestingar, vaknar óneitanlega sú spurning, hvenær hinu opinbera sé þá ætlað að koma sér upp varanlegum húsakosti.

Afleiðing þessarar íhaldssömu stefnu um byggingamál ríkis og ríkisstofnana er sú, að fjölmörg verkefni bíða nú óleyst á þessu sviði, og krefjast sum þeirra skjótra aðgerða. — Viðhlítandi sjórnarráðsbygging er ekki risin af grunni. Alþingi býr við allsendis ófullnægjandi starfsskilyrði sakir þrengsla. Landsbókasafn og Þjóðskjalasafn starfa í húsakynnum, sem orðin eru allt of lítil og torvelda notkun safnanna um skör fram. Listasafnið er að verulegu leyti falinn fjársjóður, hefur fengið inni til bráðabirgða í allsendis ófullnægjandi leiguhúsnæði, sem eigandi byggingarinnar, Þjóðminjasafnið, þarf mjög á að halda til eigin nota. Náttúrugripasafnið hefur verið lokað árum saman sakir húsnæðisskorts, og nú er verið að koma því fyrir í þröngum húsakynnum um stundarsakir. Margar aðrar opinberar stofn-

anir búa ýmist við lélegt eigið húsnæði eða leiguhúsnæði, sem í mörgum tilfellum er óhentugt og naumast til frambúðar. Má í því sambandi nefna Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, Skipaútgerð ríkisins, Ferðaskrifstofu ríkisins, Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, Bókaútgáfu Menningarsjóðs, Fræðslumyndasafn ríkisins, Handritastofnun Íslands o. fl. Í leiguhúsnæði eru einnig saksóknaraembættið, sakadómaraembættið, borgarfógetaembættið, borgardómaraembættið, tollgæzlan og tollstjóraembættið að nokkru leyti. Greiða hinar sex síðastnefndu stofnanir um 4 milljónir króna í húsaleigu á ári.

Þegar Alþingi og ríkisstjórn hafa talið með öllu óhjákvæmilegt að hefja undirbúning að byggingu fyrir opinberar skrifstofur eða ríkisstofnanir, hefur sá háttur verið hafður á að veita á 20. gr. fjárlaga nokkra upphæð til byggingar viðkomandi stofnana, hverrar um sig. Er þar í fæstum tilfellum um að ræða nema lítið brot af byggingarkostnaði ár hvert. Síðan er til þess ætlazt, að eftir að lagt hefur verið fé í slíka byggingasjóði um nokkurra ára skeið, verði upphæðirnar orðnar það háar, að hægt sé að hefjast handa. En með þeirri verðlagsþróun, sem hér hefur verið um langt skeið, hafa hin tiltölulega litlu, dreifðu framlög til ýmissa byggingasjóða seint og illa komið að notum. Virðist í alla staði hagkvæmara, að stofnaður verði einn byggingasjóður fyrir ríki og ríkisstofnanir og til hans veitt á fjárlögum hvers árs þeirri fjárhæð óskiptri, sem fjárveitingavaldið ætlar til þessara framkvæmda. Með því eiga fjárveitingarnar að nýtast betur og auðveldara ætti að verða að tryggja, að árlega væri byggt svo mikið sem brýna nauðsyn bæri til og fjárhagur sjóðsins leyfði.

Við samningu löggjafar um slíkan sjóð þarf m. a. að taka ákvarðanir um eftirfarandi atriði:

1) Hve víðtækt verksvið hans eigi að vera, þ. e. hvaða stofnanir eigi að njóta fjárveitinga úr sjóðnum. Virðist liggja beint við, að það séu stjórnarskrifstofur hvers konar og þær opinberar stofnanir, sem ekki fá fé til byggingar samkvæmt sérstakri löggjöf (ekki t. d. skólar, sjúkrahús o. s. frv.).

2) Hvort rétt sé og hagkvæmt, að til sjóðsins renni það fé, sem þegar hefur verið veitt á fjárlögum í byggingasjóði ríkisstofnana, en eigi er farið að nota (fé til stjórnarráðshúss, listasafns o. s. frv.).

3) Hvort rétt sé, að þær ríkisstofnanir, er starfa í húsnæði, sem er ríkiseign, verði látnar greiða hóflega húsaleigu, og rynni hún til byggingasjóðsins. — Virðist það ekki óeðlilegt og mætti verða sjóðnum til verulegrar eflingar.

4) Hvort opinberar stofnanir, sem hafa sjálfstæða tekjustofna og þá e. t. v. nokkurt bolmagn til að standa straum af byggingu eigin húsnæðis, skuli eiga þess kost að fá annað tveggja hluta byggingarkostnaðar sem beinan styrk úr sjóðnum eða þær gætu fengið þar hagkvæm lán til hóflega langs tíma.

5) Þá þyrftu og að vera í lögunum ákvæði um það, hvaða aðili ákveður röð byggingaframkvæmda. Virðist einsætt, að Alþingi taki ákvarðanir um slíkt, t. d. á svipaðan hátt og á sér stað um vegalög. Væri þá framkvæmdavaldinu ekki heimilt að verja fé úr sjóðnum til annarra bygginga en þeirra, sem Alþingi hefði tekið á slíka skrá.

Hér er um stórt mál að ræða. Því verður naumast á móti mælt, að byggingamál ríkisins og ríkisstofnana hafa lengi setið svo mjög á hakanum, að hvorki má vansané vandræðalaust telja. Þar verður óhjákvæmilega að breyta um stefnu og vinna markvisst að lausn óhjákvæmilegra verkefna. Að sjálfsögðu mun uppbygging þessi kosta verulegt fjármagn. Um þá hlið málsins fjallar þessi tillaga þó ekki. Það verður eftir sem áður háð ákvörðun Alþingis hverju sinni, hversu miklu fé skal varið ár hvert til byggingaframkvæmdanna. Hér er fyrst og fremst bent á leið, sem á að geta stuðlað að bættu skipulagi byggingamála ríkisins og ríkisstofnana og aukið hagkvæmni í vinnubrögðum. Er þess að vænta, að Alþingi sjái sér fært að taka jákvæða afstöðu til hugmyndar þeirrar, sem hér er reifuð, og geti fallizt á tillöguna.

Sþ. 106. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]

um eflingu innlendra skipasmíða.

Flm.: Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að tryggja eðlileg stofnlán til smíði fiskiskipa innanlands, er stefni að því, að fiskiskipafloti landsmanna verði í vaxandi mæli smíðaður hérlendis, og skapi um leið stórum bætta aðstöðu innlendu skipasmíðastöðvanna til að framkvæma allt viðhald og endurbætur á fiskiskipaflotanum.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur orðið verulegur samdráttur í skipsmíðum innanlands, en á sama tíma hafa smíðar íslenzkra skipa erlendis aukizt verulega. Hér ræður mestu, að erlendar skipasmíðastöðvar bjóða almennt 70% af byggingarkostnaði fiskiskipa að láni til nokkurra ára, en innanlands er ekki fyrir hendi nægilegt fjármagn, og hafa því innlendar skipasmíðastöðvar orðið að lúta í lægra haldi í samkeppninni við hinar erlendu skipasmíðastöðvar.

Nokkrar skipasmíðastöðvar hér á landi hafa þrátt fyrir þetta haft næg verkefni við viðgerðir skipa, en aðrar hafa ekki haft nægileg verkefni allt árið, því að viðgerðir og slipptökur eru að langmestu leyti starfræktar vor og haust. Þetta hefur gert það að verkum, að á sumum stöðum hefur orðið verulegur samdráttur í skipasmíðaiðnaðinum, og ef þessi óheillaþróun heldur áfram, fer svo, að nauðsynlegt viðhald og endurbætur á skipum verður ekki framkvæmanlegt hér á landi á þeim stutta tíma á milli vertíða vor og haust, sem almennt er til þess ætlaður.

Til þess að koma í veg fyrir samdrátt í þessari iðn þurfa allar innlendar skipasmíðastöðvar að hafa næg verkefni árið um kring, og er það bezt tryggt með því að greiða fyrir skipasmíðum innanlands, til þess að nýbyggingar verði framkvæmdar á þeim tímum árs, sem vinna við viðhald skipa er minnst. Jafnframt er það metnaðarmál okkar Íslendinga, að sem mest verði smíðað af skipum í landinu, og skiptir það miklu máli framtíð og þróun fjölmargra annarra iðngreina en skipasmíði.

Með flutningi þessarar tillögu er stefnt að því að auka skipasmíði innanlands og koma í veg fyrir frekari samdrátt í þessari mikilvægu iðngrein.

Sþ. 107. Tillaga til þingsályktunar [94. mál]

um athugun á auknum iðnrekstri í kauptúnum og kaupstöðum, þar sem atvinna er ónóg.

Flm.: Björn Pálsson, Gunnar Gíslason, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela 5 manna nefnd að athuga, hvað hægt sé að gera til að auka iðnað í þeim kauptúnum og kaupstöðum úti á landi, þar sem ónóg er atvinna. Alþingi kýs tvo menn í þessa nefnd, en ríkisstjórnin skipar þrjá, og skulu þeir vera sérfróðir í iðnaðarmálum. Störf nefndarinnar skulu vera:

1. Athugun á því, hvar mest er þörf fyrir aukinn iðnað vegna ónógrar atvinnu.
2. Athugun á því, hvaða iðngreinar er hagkvæmast að starfrækja á hverjum stað.
3. Að gera tillögur um, á hvern hátt eigi að útvega fjármagn, svo að hægt sé að starfrækja iðnfyrirtækin.
4. Að gefa upplýsingar um þá faglegu þekkingu, sem nauðsynleg er, til þess að hægt sé að starfrækja þau iðnfyrirtæki, sem nefndin leggur til að stofnuð verði.

Greinargerð.

Þess hefur gætt nokkuð undanfarin ár, að atvinna hafi verið misjöfn hér á landi. Á Faxaflóasvæðinu hefur atvinna verið nægileg og jafnvel vantað vinnuafl. Hins vegar hefur ekki verið nægileg vinna allt árið í vissum kauptúnum og kaupstöðum úti á landi. Víða er aðalatvinnan sjósókn og vinna við sjávarafla í landi. Þegar afli bregzt, myndast meira eða minna atvinnuleysi. Atvinnuöryggið er of lítið. Til að bæta úr því verður að gera atvinnulífið fjölbreyttara, og yrði þá einkum um aukinn iðnað að ræða. Til þess að hægt sé að auka iðnaðinn, þarf fjármagn og tæknikunnáttu. Nauðsyn ber til, að undirbúningurinn sé sem beztur, svo að um sem minnst mistök verði að ræða. Þörf er því á, að skipuleg og fagleg athugun fari fram á því, hvaða iðngreinar sé hagkvæmast að starfrækja á hverjum stað og hvar þörf á aukinni atvinnu sé mest, til þess að vinnuafl þjóðarinnar nýtist sem bezt og atvinnuöryggi borgaranna sé sem jafnast og tryggast. Hráefnaframleiðsla íslenzku þjóðarinnar byggist á sjávarútvegi og landbúnaði. Iðnaðurinn er að minnsta kosti enn að mestu leyti miðaður við að vinna úr íslenzkum hráefnum. Sjávaraflinn er breytilegur. Síldin hefur einkum haldið sig úti fyrir Austfjörðum tvö síðastliðin sumur, en ekki er víst, að svo verði um alla framtíð.

Kauptún og kaupstaðir úti á landsbyggðinni hafa þýðingarmiklu hlutverki að gegna í lífsbaráttu þjóðarinnar, svo að hægt er að nýta auðlindir sjávar og sveita. Til þess að fólkið vilji og geti búið þar og unga fólkið flytjist ekki burt, um leið og það er vinnufært, þarf að auka atvinnuöryggið og gera atvinnulífið fjölbreyttara. Það tekst ekki, nema iðnaðurinn sé aukinn. Ýmiss konar iðngreinar geta komið til greina, svo sem skipasmíði, yfirbygging bíla, fatagerð, sælgætisgerð, ullariðnaður, sútun skinna, húsgagnasmíði, efnaiðnaður, smíði á síldartunnum, aukin nýting sjávarafurða o. fl. Meiri tilfærsla á fólki og fjármagni í landinu en þegar er orðin er meir en vafasöm. Frekari þróun í þá átt ber að hindra með því að efla atvinnulífið þar, sem þess er þörf. Það verður tæpast gert, nema þjóðfélagið í heild stuðli að því með útvegun fjármagns og tækniaðstoð.

Ed. 108. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. des.)

1. gr.

8. gr. 5. töluliður orðist svo:

Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, sbr. 2. tl. og 2. mgr. 3. tl. 10. gr.

2. gr.

10. gr. 2. töluliður orðist svo:

Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%. Nú hafa innlánsvextir sparisjóðsdeildar Landsbanka Íslands af sparifé á almennum innlánsbókum án sérstaks uppsagnarfrests verið hærri en 4% yfir árið á því ári, sem arður er miðaður við, og er þá heimilt að greiða arð, er sé 2% — tveimur af hundraði — hærri en innlánsvextirnir voru.

10. gr. 2. málsgr. 3. töluliður orðist svo:
Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunarsjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að arðurinn nái því hámarki, sem leyft er samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 12/1955, um breyting á lögum nr. 43/1947.

Nd. 109. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til laga um hækkun á bótum almannatryggingana.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið, og varð sammála um að mæla með afgreiðslu þess.
Nefndarmennirnir Jón Skaftason og Ágúst Þorvaldsson áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 3. des. 1963.

Guðl. Gíslason, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Matthías Bjarnason.
Ágúst Þorvaldsson. Jón Skaftason.

Nd. 110. Breytingartillaga [80. mál]

við frv. til l. um hækkun á bótum almannatryggingana.

Frá Þórarni Þórarinssyni, Einari Ágústssyni og Ágúst Þorvaldssyni.

Við 1. gr. Fyrir „15%“ á tveimur stöðum í greininni komi: 25%.

Nd. 111. Breytingartillögur [80. mál]

við frv til l. um hækkun á bótum almannatryggingana.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr.
1. Í stað „15%“ á tveimur stöðum í greininni komi: 40%.
2. Ný málsgrein svo hljóðandi bætist við greinina:
Allar bótafjárhæðir samkvæmt 2. málsgrein skulu teljast grunnupphæðir og breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar.

Nd. 112. Breytingartillaga [80. mál]

við frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginganna.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Á eftir 3. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Ef hækkun verður á kaupi verkamanna og verzlunarmanna vegna samninga þeirra, sem nú standa yfir, skulu uppbætur, sem greiddar eru samkvæmt lögum þessum, hækka strax hlutfallslega eins mikið.

Nd. 113. Frumvarp til vegalaga. [95. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Orðið vegur merkir í lögum þessum akbraut, land og mannvirki, sem að staðaldri eru nauðsynleg, til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

Til vegar teljast því, auk vegstæðis og vegar, vegbekkir, skurðir, sneiðingar, fyllingar, ræsi, öryggisgrindur, biðstæði, bifreiðastæði og umferðaljós.

Til vega teljast enn fremur brýr, jarðgöng og ferjubryggjur, í beinu sambandi við vegi, svo og vetrarvegir.

2. gr.

Opinber vegur er hver sá vegur, sem ætlaður er almenningi til frjálsrar umferðar og kostaður er af fé ríkis eða sýsluvegasjóðs.

3. gr.

Veghald merkir vegagerð og viðhald vega.

Veghaldari er sá aðili, er sér að öllu leyti um veghald.

4. gr.

Ákvæði laga þessara um vegagerð gilda einnig um breikkun, breytingar og umbætur vega, nema annað sé ákveðið í lögum eða leiði af eðli málsins.

5. gr.

Þegar vegagerð er ákveðin samkvæmt mældri veglínu og fé veitt til hennar, skulu ákvæði laga þessara taka gildi um vegalagninguna, að svo miklu leyti sem við á.

6. gr.

Lög þessi gilda ekki um götur í kaupstöðum eða kauptúnum, nema sérstaklega sé ákveðið í lögunum.

II. KAFLI
Um stjórn vegamála og veghald.

7. gr.

Ráðherra sá, er fer með samgöngumál, hefur yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar forseti Íslands vegamála-

stjóra, er veitir Vegagerð ríkisins forstöðu, en ráðherra skipar honum verkfræðinga og aðra starfsmenn eftir þörfum, að fengnum tillögum hans.

8. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari allra opinberra vega samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Heimilt er Vegagerð ríkisins að fela hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn að nokkru eða öllu leyti lagningu og viðhald þeirra gatna í borgum, kaupstöðum eða kauptúnum, sem teljast þjóðvegir, samkv. reglugerð, svo og sýslunefndum að annast sýsluvegi á sama hátt.

Nú er heimild 1. mgr. notuð, og skal þá Vegagerð ríkisins hafa eftirlit með, að lagning og viðhald vega þeirra eða gatna, sem um er að ræða, sé framkvæmt á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðar ríkisins, skal hún gefa bæjar- eða sveitarstjórn fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests.

III. KAFLI

Um vegáætlun.

10. gr.

Vegagerð ríkisins semur vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og fjallvegi til fimm ára í senn, til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.

11. gr.

Í vegáætlun skulu taldar nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda. Enn fremur áætlaður kostnaður við vegaviðhald og annar kostnaður Vegagerðar ríkisins á sama tímabili.

Í vegáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðuð áætlun um heildarkostnað hvers mannvirkis, kostnað þess á öllu áætlunartímabilinu og á hverju ári þess. Þegar um minniháttar framkvæmdir er að ræða, má áætlunin ná til flokka framkvæmda í stað einstakra verka.

12. gr.

Í vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Hraðbraut A: Vegur, þar sem innan 20 ára má búast við yfir 10 þúsund bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina. Skal stefnt að fjórfaldri akbraut með varanlegu slitlagi.

Hraðbraut B: Vegur, þar sem innan 10 ára má búast við 1000—10000 bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina. Skal stefnt að tvöfaldri akbraut með varanlegu slitlagi.

Þjóðbraut: Vegur, sem nær til 1000 íbúa svæðis. Skal stefnt að malarvegi með tvöfaldri akbraut.

Landsbraut: Vegur, sem er minnst 2 km langur og nær a. m. k. til fjögurra býla, þannig að hann nái að fjórða býli frá vegarenda. Víkja má frá þessari reglu, ef um er að ræða kirkjustað, opinberan skóla eða heilsuhæli. Sömuleiðis má, þar sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

13. gr.

Í reglugerð skulu settar reglur um gerð þjóðvega í hverjum flokki, svo sem um breidd vega, fjarlægð skurða og girðinga, burðarþol og önnur tæknileg efni.

14. gr.

Vegáætlun öðlast gildi, er Alþingi hefur samþykkt hana.

15. gr.

Vegáætlun skal endurskoðuð, er hún hefur gilt í þrjú ár.

Ráðherra á frumkvæði að endurskoðun og gerir Alþingi grein fyrir, hvort hann telur vegna breyttra aðstæðna nauðsynlegt að breyta vegáætlun eða ekki.

Nú er lagt til, að vegáætlun verði breytt, og skulu þær tillögur þá rökstuddar og sundurliðaðar á sama hátt og við samningu áætlunarinnar.

16. gr.

Heimilt skal ráðherra að ákveða, að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðizt skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, ef til hafa komið atvik, sem ekki voru fyrirsjáanleg, er áætlunin var samin, og ekki þykir unnt að bíða endurskoðunar eða nýrrar áætlunar.

17. gr.

Vegagerð ríkisins semur í samráði við sýslunefndir framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi, til fimm ára í senn, og skal sú áætlun endurskoðuð, er hún hefur gilt í þrjú ár.

Sýsluvegaáætlun öðlast gildi er sýslunefnd hefur samþykkt og samgöngumálaráðherra staðfest hana.

18. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda, eftir því sem við getur átt, um sýsluvegi.

IV. KAFLI
Um sýsluvegi.

19. gr.

Í hverri sýslu skal vera sýsluvegasjóður. Sýslunefndir gera samþykktir fyrir sýsluvegasjóði, og öðlast þær gildi, er ráðherra hefur staðfest þær.

Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Ekki má taka í tölu sýsluvega vegi, sem eru styttri en 200 m.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

20. gr.

Kostnaður við lagningu og viðhald sýsluvega greiðist af fé sýsluvegasjóðs, sbr. þó 52. gr.

21. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

22. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins, og skal hreppsnefndaroddviti eða sveitarstjóri greiða sýslumanni framlag það, sem hreppnum í heild ber að greiða samkvæmt 21. gr., á manntalsþingi.

23. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir

sömu reglum og aðrir, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

24. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

25. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu.

26. gr.

Í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

27. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt ákvörðun 17. gr. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

28. gr.

Af tekjum vegamála skv. XIV. kafla laga þessara skal árlega veita upphæð, sem sé eigi lægri en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan því ári, er fjárlög eru samin.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkissjóðsframlagið miðast við. Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd sýsluvega í hverri sýslu, en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti veganna er lagður, ruddur eða ekki akfær.

V. KAFLI

Um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

29. gr.

Í kaupstöðum skulu götur og vegir lagðir þar sem ákveðið er í skipulagsuppdrætti. Í kauptúnum gildir sama, ef skipulagsuppdráttur hefur verið gerður, ella ákveður hreppsnefnd, hvar götur og vegir skuli liggja innan kauptúnsins.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd ákveður um gerð gatna og vega.

30. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum vegamálastjóra, hvaða vegir í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, skuli teljast þjóðvegir. Við samningu tillagna sinna skal vegamálastjóri leita álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar og Skipulagsnefndar ríkisins.

Við ákvörðun á því, hvaða vegir skuli teljast þjóðvegir samkvæmt þessum kafla, skal miðað við eftirfarandi:

1) Eðlilegt samhengi vegakerfisins sé ekki rofið.
2) Um sé að ræða helztu umferðarleið um viðkomandi byggðarlag, sé um margar leiðir að velja.
3) Greið leið fáist að þeim stöðum byggðarlagsins, sem mikilvægastir eru fyrir athafnalíf staðarins, ef vegurinn endar þar.

31. gr.

Áður en vegagerð hefst, skal sveitarstjórn láta gera tæknilega og fjárhagslega áætlun um verkið, og er hún háð samþykki vegamálastjóra.

32. gr.

Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda. Skal árlegt framlag vera sem næst 11 af hundraði af heildartekjum vegamála það ár, samkvæmt XIV. kafla laga þessara.

Nú hefur verið ákveðið í reglugerð, hvaða götur teljist þjóðvegir innan kaupstaða eða kauptúna, og skal þá hluta viðkomandi sveitarfélags samkv. 1. mgr. eingöngu varið til lagningar þeirra og viðhalds.

Kostnað við holræsi, færslur á leiðslum, gangstéttir, umferðarljós, götulýsingu og því um líkt greiðir hlutaðeigandi sveitarfélag.

Þegar lagningu vega samkv. 2. mgr. er lokið að dómi vegamálastjóra, skal sveitarstjórn verja sínum hluta fjárframlags samkv. 1. mgr., að frádregnum viðhaldskostnaði þjóðveganna, til almennrar gatnagerðar.

33. gr.

Vegagerð ríkisins lítur eftir viðhaldi þjóðvega samkvæmt þessum kafla.

Nú telur vegagerðin, að viðhald þjóðvegar sé vanrækt, og ekki fæst úr því bætt, og getur þá vegagerðin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald, sem kostað skal af ríkisframlagi til byggðarlagsins.

34. gr.

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 10 af hundraði, og skal því fé ráðstafað eftir tillögu vegamálastjóra til að flýta framkvæmdum þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga, eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.

Þrátt fyrir aukaframlag samkv. 1. mgr., skal einstakt byggðarlag ekki bera meira úr býtum á 5 ára tímabili eftir fyrstu aukagreiðslu, af framlagi samkv. 32. gr., en því ber, miðað við íbúafjölda.

35. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um eftirlit með því, að fé því, sem sveitarfélögum er veitt samkv. 32. gr., sé varið á þann hátt, sem lögin gera ráð fyrir.

36. gr.

Kostnaður við vegagerð og vegaviðhald, annarra vega en þjóðvega, í kaupstöðum greiðist úr bæjarsjóði, en í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

VI. KAFLI
Um einkavegi.

37. gr.

Einkavegir eru þeir vegir, sem ekki teljast þjóðvegir, sýsluvegir eða fjallvegir, liggja utan skipulagsskyldra svæða og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

38. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna einkavega, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum X. kafla.

Ráðherra getur bundið eignarnámsheimild fyrir einkavegi samkv. 1. mgr. vissum skilyrðum, svo sem um gerð og frágang vegarins, umferðarrétt um hann, viðhald og tengingar við opinbera vegi.

39. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta samkv. 38. gr., en getur krafið þann, sem bætur á að greiða, um tryggingar, sem gildar eru metnar, þar á meðal fyrir matskostnaði.

40. gr.

Þegar einkavegur er notaður sem umferðarleið að fleiri eignum en einni, eru allir eigendurnir skyldir að halda veginum við, í hlutfalli við not þeirra af honum. Ákvæði þetta breytir í engu áunnum réttindum eða ákvörðunum um viðhald vegarins. Viðhaldsskyldu geta eigendur uppfyllt með því að láta í té efni eða vinnu eða með fjárframlögum.

Það, sem hér hefur verið ákveðið um viðhald einkavega, skal við sömu aðstæður gilda um endurbætur og endurbyggingu vegar.

41. gr.

Nú verða þeir, sem einkaveg nota, ekki á eitt sáttir um, hverjir hafi rétt til nota af veginum eða um greiðslu viðhaldskostnaðar, og getur þá hver þeirra krafizt mats samkvæmt reglum 60. gr.

Þegar ⅔ þeirra, sem afnotarétt hafa af veginum, eru sammála um, hvernig mæta skuli sameiginlegum útgjöldum, eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hina, þar á meðal að kostnaður skuli að einhverju eða öllu leyti greiðast af umferðargjaldi.

Þegar skipting kostnaðar hefur verið ákveðin með samkomulagi eða mati, getur endurskoðun ekki farið fram, fyrr en liðin eru 5 ár frá síðustu ákvörðun, nema rétthafar séu sammála um annað.

Útgjöldum, sem einn eða fleiri rétthafar hafa haft af viðhaldi og ekki hefur verið skipt, er ekki hægt að krefjast skipt með matsgjörð, eftir að liðin eru 3 ár frá því að stofnað var til þeirra.

42. gr.

Meiri hluti rétthafa getur ákveðið, að rétthafar velji stjórn eða eftirlitsmann með veginum, til þriggja ára í senn.

Stjórn vegarins eða eftirlitsmaður skal sjá um, að viðhaldsskyldu sé fullnægt, eins og til er tekið í mati eða samkomulagi, og sker úr ágreiningi í því sambandi.

Stjórn eða eftirlitsmaður getur bannað umferð um veginn til að forða veginum frá skemmdum. Vanræki einhver, sem til þess er skyldur, að halda veginum við að sínum hluta, getur stjórnin látið framkvæma viðhald á hans kostnað.

43. gr.

Einkavegir, sem opnir eru fyrir almenna umferð, eru háðir eftirliti Vegagerðar ríkisins, bæði að því er varðar gerð og viðhald. Virðist vegagerðinni vegi áfátt í því efni, þannig að hætta geti stafað af, skal tafarlaust tilkynna það viðkomandi lögreglustjóra og gera tillögur til úrbóta. Lögreglustjóri getur skyldað eiganda að framkvæma úrbætur og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn, þar til bót hefur verið á ráðin.

VII. KAFLI

Um fjallvegi, ferjuhald, sæluhús o. fl.

44. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem vegamálastjóri ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

Aðalfjallvegir, sem tengja saman landshluta, skulu taldir sérstaklega í vegáætlun samkv. 10. gr.

45. gr

Kostnaður við fjallvegi greiðist úr ríkissjóði, samkvæmt vegáætlun.

46. gr.

Vegagerð ríkisins er heimilt að aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum eða á annan hátt.

47. gr.

Kostnað við bifreiðaferjur til flutnings yfir vötn eða firði og við lendingarbætur og bryggjur í sambandi við þær er heimilt að greiða úr ríkissjóði og telja með öðrum kostnaði vegamála.

48. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er. Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum vel við og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Ekki má sýslunefnd hækka lögferjugjöld né afnema lögferju, nema með samþykki vegamálastjóra.

Nú samþykkir sýslunefnd að lækka lögferjugjöld, en lögferjumaður vill ekki hlíta samþykkt sýslunefndar, og skal þá málinu skotið til úrskurðar vegamálastjóra.

49. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafizt þess, að ferjan sé lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöld skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

50. gr.

Nú verða ábúendaskipti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sé metið álag á ferjuna.

51. gr.

Sæluhús skal gera á fjallvegum og annars staðar þar, er þurfa þykir, og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með viðhaldskostnaði.

VIII. KAFLI

Um greiðslu brúargerðarkostnaðar á sýslu-, einka- og fjallvegum.

52. gr.

Kostnaður við brýr á sýsluvegum greiðist þannig:

1) Kostnaður við brýr styttri en 4 m telst með vegagerðarkostnaði.
2) Kostnað við brýr yfir 4—10 m haf má greiða úr ríkissjóði að ¼ hluta og úr sýsluvegasjóði að ¾ hlutum.
3) Kostnað við brýr yfir 10 m haf eða lengra má greiða að fullu úr ríkissjóði.
4) Kostnað við viðhald brúa á sýsluvegum skal telja með viðhaldskostnaði sýsluvega.

53. gr.

Kostnað við brýr á einkavegum yfir 4 m haf og lengra má greiða allt að hálfu úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

54. gr.

Kostnað við brýr á fjallvegum má greiða að öllu leyti úr ríkissjóði.

IX. KAFLI

Um bráðabirgðaafnot lands.

55. gr.

Vegagerð ríkisins er heimilt að framkvæma rannsóknir og byrjunarathuganir, sem nauðsynlegar eru við undirbúning vegagerðar, á hvaða landi sem er. Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem vegagerðin hefur sett til að marka mælda veglínu, má ekki nema burt án leyfis hennar. Leit að efni til vegagerðar má vegagerðin gera hvar sem vera skal.

56. gr.

Vegagerð ríkisins eru heimil afnot lands fyrir geymslu efnis og fyrir bækistöðvar vinnuflokka við lagningu eða viðhald vegar.

57. gr.

Skylt er landeiganda að leyfa, að vatni, sem veita þarf frá vegi, sé gerð framrás um land hans.

Til framkvæmdar vetrarviðhaldi má vegagerðin ryðja snjó af vegi út fyrir veginn, ef með þarf.

58. gr.

Um bætur fyrir bráðabirgðaafnot lands fer eftir ákvæðum X. kafla, eftir því sem við á.

X. KAFLI

Um eignarnám, jarðrask, átroðning o. fl.

59. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa, að efni til

vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sé krafizt og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og eignarnám vegna vegar teljast með kostnaði vegarins.

60. gr.

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnað við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið, en því, sem hann hefur krafizt, ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annar hvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan mánaðar frá því matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meira en 10 af hundraði af matsupphæð undirmatsins, ella telst hann með öðrum skaðabótakostnaði.

61. gr.

Mat skal fara fram á vettvangi, þá er jörð er snjólaus. Við matið skal taka tillit til árlegs afrakstrar af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja, og athuga vandlega allt það, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal. Sérstaklega skal taka tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagerðina. Nú leggst eldri stígur eða vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir eignarnám lands fyrir hinn nýja veg eða jarðrask, er leiðir af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri vegi eða stíg.

62. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 5 af hundraði árlega af skaðabótaupphæðinni, meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var, þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemmdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sérstaklega.

63. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiðir, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

XI. KAFLI

Um viðhald og reglur fyrir umferð á opinberum vegum.

64. gr.

Þegar vegur er fullgerður eða almenn umferð hefur verið leyfð um hann, skal honum haldið við, eftir því sem aðstæður leyfa, þannig að hann gegni sem bezt hlutverki sínu.

65. gr.

Vegagerðin skal, svo fljótt sem við verður komið, eftir að hún hefur fengið vitneskju um vegaskemmdir, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði, þar til viðgerð hefur farið fram.

Vegagerð ríkisins er ekki ábyrg fyrir tjóni, sem hljótast kann af slysum á opinberum vegum, nema um sé að ræða stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna hennar og sannað sé, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, þótt ökumaður hefði sýnt ýtrustu varkárni.

66. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri að vetrarlagi, og skal þá telja þann kostnað með öðru viðhaldi vegarins. Heimilt er vegamálastjóra að binda slíkt vetrarviðhald því skilyrði, að allur slíkur kostnaður eða nokkur hluti hans verði endurgreiddur með framlagi úr héraði, sé um þjóðveg að ræða. Sömu heimild hefur sýslunefnd, að því er sýsluvegi snertir.

67. gr.

Vegamálastjóri getur sett þær reglur fyrir umferð, sem nauðsynlegar eru, til þess að girða fyrir skemmdir á vegum eða til þess að greiða fyrir umferð, svo sem um hámarksþunga bifreiða, er fara mega um ákveðna vegarkafla.

Vegamálastjóri getur enn fremur bannað umferð ökutækja þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á vegum. Einnig getur vegamálastjóri bannað alla umferð ökutækja um vegi, sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum, þar til viðgerð er lokið.

XII. KAFLI

Um öryggi vega o. fl.

68. gr.

Heimilt er vegamálastjóra að banna, að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar, sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi í allt að 3 árum hverju sinni.

69. gr.

Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu landsbrauta, 20 m frá miðlínu þjóðbrauta og 30 m frá miðlínu hraðbrauta. Verði ágreiningur um, hvar miðlína vegar muni verða, sker vegamálastjóri úr. Þar sem þjóðvegur liggur um skipulagt svæði, skal fjarlægð bygginga frá vegi ákveðin í samræmi við skipulag.

Vörupalla eða vöruskýli vegna mjólkurflutninga skal heimilt að setja nær vegi en um getur í 1. mgr., þó ekki nær en svo, að bifreið geti staðnæmzt við skýlið utan akbrautar.

Loftlínur má ekki strengja yfir veg, nema lægsti hluti línu sé a. m. k. 5 metra frá yfirborði vegar.

70. gr.

Vegamálastjóri getur ákveðið, að fjarlægð mannvirkja frá vegi, samkvæmt 69. gr., skuli aukin. Enn fremur getur vegamálastjóri leyft, að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda sé ekki um varanleg mannvirki að ræða, en slík leyfi eru þó ætíð afturkallanleg.

71. gr.

Óheimilt er að reisa mannvirki, nema með leyfi vegamálastjóra, við vegamót á svæði, sem takmarkast af beinum línum milli punkta á miðlínu vega, 40 m frá skurðpunkti þeirra. Vegamálastjóri getur, ef sérstaklega stendur á, fært út mörk þessi, allt að 150 m.

72. gr.

Óheimilt er að grafa framræsluskurði nær vegi en 15 m frá vegmiðju landsbrautar eða þjóðbrautar og 30 m frá miðju hraðbrautar. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi vegagerðarinnar.

73. gr.

Óheimilt er að gera skurði eða önnur mannvirki, sem aukið geta vatnsrennsli í vegskurðum, án leyfis vegagerðarinnar. Enn fremur er óheimilt að leiða holræsi úr íbúðarhúsum, verksmiðjum eða þess háttar í vegskurði. Bannað er og að kasta sorpi eða hvers konar úrgangi á vegi, í vegskurði eða svo nærri vegum, að til lýta sé eða óþæginda.

74. gr.

Girðingar má ekki setja nær vegi en ákveðið er í reglugerð samkvæmt 13. gr. laga þessara.

75. gr.

Um grjótgarða, torfgarða og skíðgarða gilda ákvæði 69. gr.

76. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á veginum án leyfis vegamálastjóra, nema um einkaveg sé að ræða. Sama bann gildir þar sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hefur verið.

77. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 4 metrar á breidd, þannig gerð, að hún haldist opin af sjálfu sér, meðan ekið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

Vegamálastjóra er heimilt að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum.

78. gr.

Skylt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt, er vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess, sem að réttu ber að halda girðingunni við.

Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður, ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri.

79. gr.

Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar, samkv. 1. mgr., má leggja undir úrskurð vegamálastjóra.

80. gr.

Nú er lagður vegur gegnum land manns, og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa í veginn, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og sé hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minnsta kosti 3 metra breiða. Landeigandi skal birta vegagerðinni kröfu sína í þessu efni, áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal aðgangur gerður þar eða svo nálægt, sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi vegagerðinni eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleiri stöðum í landi sínu en þeim eina, sbr. þó 81. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um hraðbrautir.

81. gr.

Óheimilt er að tengja einkavegi þjóðvegum, nema leyfi vegamálastjóra komi til.

XIII. KAFLI
Um skemmdir á mannvirkjum o. fl.

82. gr.

Enginn má stífla skurði meðfram vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það, er hindrað getur eða aukið eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi, eða veita vatni á veg.

83. gr.

Enginn má skemma af ásettu ráði nein mannvirki, sem til vegarins teljast, svo sem brýr, ferjur, háskamerki eða önnur leiðbeiningarmerki, vörður eða sæluhús.

Skemmist eitthvert slíkt mannvirki við árekstur bifreiðar, er bifreiðarstjóra skylt að tilkynna það þegar vegamálastjóra eða umsjónarmanni vegarins eða lögreglustjóra. Skal sá, er valdið hefur árekstrinum, skyldur að bæta áorðnar skemmdir.

84. gr.

Hver sá, sem notar sæluhús við alfaraveg, skal ganga þriflega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum, svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið á móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

XIV. KAFLI
Um fjáröflun til vega- og gatnagerðar o. fl.

85. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 2.77 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sbr. þó 92. gr.

86. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar, og skal gjaldið nema kr. 9.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.

87. gr.

Árlega skal greiða þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga og nota benzín að eldsneyti, kr. 72.00 af hverjum fullum 100 kg þunga þeirra.
b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín:

Þungi bifreiðar, kg	Þungaskattur, kr.
0—2000	8500
2000—2200	8650
2200—2400	8800
2400—2600	8950
2600—2800	9100
2800—3000	9250
3000—3200	9400
3200—3400	9550
3400—3600	9700
3600—3800	9850
3800—4000	10000
4000—4100	10100
4100—4200	10200

Þungi bifreiðar, kg	Þungaskattur, kr.
4200—4300	10300
4300—4400	10400
4400—4500	10500
4500—4600	10600
4600—4700	10700
4700—4800	10800
4800—4900	10900
4900—5000	11000
5000—5100	11100
5100—5200	11200
5200—5300	11300
5300—5400	11400
5400—5500	11500
5500—5600	11600
5600—5700	11700
5700—5800	11800
5800—5900	11900
5900—6000	12000

Fyrir hver 100 kg yfir 6000 kg greiðast kr. 200.00.

c. Af bifhjólum kr. 200.00.
Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

88. gr.

Undanþegnar gjaldi samkvæmt 87. gr. eru eftirtaldar bifreiðar:

a. Skólabifreiðar.
b. Bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar.
c. Slökkvibifreiðar.
d. Sjúkrabifreiðar.
e. Snjóbifreiðar.
f. Vagnar, sem renna á spori.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkv. a- og b-liðum 87. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

89. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt lögum þessum skal, auk þeirra gjalda, sem um getur í 85.—87. gr., veita árlega sérstakt framlag á fjárlögum.

90. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu gjalda samkvæmt 85.—87. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af benzíni, er miðist við sölu birgða.

91. gr.

Eindagi skatts þess, sem um ræðir í 87. gr., er 1. janúar ár hvert, og skal skatturinn innheimtast þar sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu skrásetningarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar næsta ár á undan, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, ef merki hefur verið afhent á skattárinu eða skattskyld bifreið hefur ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður,

en minna broti er sleppt. Lækka skal þó skattinn samkvæmt 87. gr. að réttri tiltölu, ef skrásetningarmerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga, eða síðast var það, ef bifreið er ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni bifreiðaskattur fyrir síðast liðið skattár, svo og skoðunargjald og vátryggingariðgjald ökumanns fyrir sama tímabil. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skrásetningarmerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöld af henni ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Bifreiðaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

92. gr.

Sama gjald af benzíni og segir í 85. gr. skal greiða af öllum benzínbirgðum innflytjenda, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sömuleiðis af birgðum einstakra manna eða félaga. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða, hvort heldur benzínið er í vörzlu eiganda sjálfs eða ekki.

Hver sá, er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af benzíni eða meiru þann dag, er lög þessi ganga í gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Skal hann skyldur að aðstoða við að kanna birgðir hans og mæla, ef til kemur.

Sama gjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar og segir í 86. gr. skulu innflytjendur og heildverzlanir greiða af öllum birgðum sínum, þá er lög þessi ganga í gildi.

Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzíninnflytjendum og benzínsölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna, áður en lög þessi ganga í gildi.

93. gr.

Innheimtu gjaldsins annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem fjármálaráðuneytið skipar fyrir.

94. gr.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð sett ákvæði um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni, er sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 250 lítrum hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

95. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr.

96. gr.

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið til vega- og gatnagerðar, að frádregnum hálfum hundraðshluta, er varið skal til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn vegamálastjóra.

XV. KAFLI

Um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

97. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða sektum allt að 100 þúsund krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

98. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

XVI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

99. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin lög: Vegalög, nr. 34 22. apríl 1947, með síðari breytingum, nr. 92 22. nóvember 1950, nr. 116 29. desember 1951 og nr. 36 14. maí 1955; brúalög, nr. 37 14. apríl 1954, og lög um samþykktir um sýsluvegasjóði, nr. 102 19. júní 1933, með áorðnum breytingum nr. 50 17. maí 1947 og nr. 37 23. maí 1959; lög um Austurveg, nr. 32 23. apríl 1946, l. nr. 68 25. maí 1949, um bifreiðaskatt o. fl., með áorðnum breytingum, nr. 65 5. desember 1958 og 17. gr. l. nr. 4 20. febrúar 1960, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

100. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Ákvæði til bráðabirgða.

Svo fljótt sem auðið er, eftir gildistöku laga þessara, skal leggja fyrir Alþingi bráðabirgða vegáætlun er gildi fyrir árið 1964.

Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi, samkv. 17. gr. laga þessara, skulu einnig gerðar til bráðabirgða fyrir árið 1964.

Fyrir reglulegt Alþingi haustið 1964 skal leggja vegáætlun samkvæmt III. kafla laga þessara og nái hún yfir árin 1965—1969.

Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1965—1969 skulu gerðar fyrir 1. júlí 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem samgöngumálaráðherra skipaði 10. maí 1961, samkvæmt þingsályktun 22. marz 1961.

Nefndin lét eftirfarandi greinargerð fylgja frumvarpinu:

Hinn 22. marz 1961 samþykkti Alþingi ályktunartillögu, þar sem ríkisstjórninni var falið að láta endurskoða gildandi lög um opinbera vegi og brýr og athuga möguleika á öflun fastra tekjustofna til vega- og brúagerða.

Hinn 10. maí sama ár skipaði Ingólfur Jónsson, samgöngumálaráðherra eftirtalda menn í nefnd til að annast endurskoðunina: Brynjólf Ingólfsson ráðuneytisstjóra, sem jafnframt var formaður nefndarinnar; Sigurð Jóhannsson, vegamála-

stjóra; Árna Snævarr, verkfræðing; Bjartmar Guðmundsson, alþingismann og Benedikt Gröndal, alþingismann.

Vegalaganefnd hóf starf sitt með því að afla margvíslegra gagna og upplýsinga um ástand vegakerfisins, umferð og skipulag vegaframkvæmda í landinu. Einnig aflaði nefndin gagna um vegamál annarra landa, sérstaklega nágrannalanda, sem hafa endurskoðað löggjöf um þessi mál á síðustu árum. Nefndin hefur notið aðstoðar starfsliðs vegamálaskrifstofunnar og annarra sérfróðra manna við störf sin, þ. á m. Snæbjarnar Jónassonar, verkfræðings, Björns Hermannssonar, deildarstjóra í fjármálaráðuneytinu og Steingríms Ingólfssonar, verkfræðinema.

Nefndin skilaði áliti í októbermánuði 1962. Var það álit síðan í athugun um hríð, m. a. hjá Efnahagsstofnuninni, en rétt þótti að hún fjallaði um málið, þar sem efni frumvarpsins snertir mjög gerð almennra framkvæmdaáætlana og fjáröflun til þeirra.

Með bréfi, dags. 28. febrúar 1963, fól samgöngumálaráðuneytið nefndinni að taka frumvarpið til athugunar á ný, með hliðsjón af ýmsum ábendingum, sem raktar voru í bréfinu.

Hefur nefndin síðan haft málið til meðferðar í samráði við ríkisstjórnina og orðið samkomulag í nefndinni um álit hennar og tillögur.

Vandamálið — og lausn þess.

Nefndin komst fljótt að þeirri niðurstöðu, að þjóðin stæði andspænis tvíþættum vanda í vegamálum:

Í fyrsta lagi fer bifreiðaeign landsmanna og þar með bifreiðaumferð svo ört vaxandi, að vegakerfið mun reynast algerlega ófullnægjandi og jafnvel bresta, þar sem álagið er mest, ef ekki verður gripið til stóraukinna framkvæmda þegar í stað.

Til lausnar leggur nefndin til veigamiklar breytingar á skipulagi vegaframkvæmda og flokkun vega, og enn fremur bendir nefndin á fasta tekjustofna, sem munu tryggja vegakerfinu mun meira fé til framkvæmda en undanfarið.

Í öðru lagi hefur varanleg gatnagerð reynzt kaupstöðum og kauptúnum ofviða, og er vegakerfið af þeim sökum oft veikast þar, sem sízt skyld.

Til lausnar leggur nefndin til, að ríkisvaldið taki þátt í kostnaði við aðalbrautir þéttbýlisins, sem skoðist hluti af vegakerfinu, og verði varið til þess sem næst 11 af hundraði af tekjum vegamála.

Sögulegt yfirlit.

Allt fram til 1861 má segja, að skipulag vegamála hér á landi sé það sama og verið hafði frá því á söguöld. Ekki er lagt til þeirra mála opinbert fé, heldur sú kvöð lögð á viðkomandi héraðsbúa að sjá um, að sæmilega greiðfært sé um byggðarlagið.

Í Réttarbót Eiríks konungs Magnússonar 1294 (sjá Jónsbók) segir svo: „Skylt skal bóndum at gera vegu færa um þver héruð ok endilöng, þar sem mestr er almannavegr, eptir ráði sýslumanna ok lögmanna, sekr eyri hverr er eigi vill gera ok leggiz þat til vegabóta."

Næsta ákvæði um vegagerð á Íslandi er Rescript frá 29. apríl 1776, um vegi, brýr og ferjur á Íslandi. Hér er allnákvæmlega lýst, á hvern hátt gera skuli vegi, brýr og ferjur. Sýslumönnum er ætlað að annast stjórn vegamála, en þeim bent á að setja á stofn 3—4 manna nefnd í hverri sveit til að hafa umsjón með gerð og viðhaldi veganna. Sjálft verkið skyldi enn sem fyrr innt af hendi með þegnskylduvinnu, sem sýslumenn áttu að skipuleggja. Var þeim heimilt að beita sektum til að knýja fram skil hinna ákveðnu dagsverka.

Með tsk. 15. marz 1861, um vegina á Íslandi, er fyrst tekin upp ný skipan þessara mála, sem stefnir í áttina að því, sem nú er lögfest. Samkvæmt tsk. 1861 skyldi vegum skipt í tvo flokka, þjóðvegi og aukavegi. Þjóðvegir voru þeir innanhéraða-

vegir, sem fleiri höfðu not af að jafnaði en innanhéraðsmenn. Skyldu þeir kostaðir af sérstöku vegagjaldi, sem lagt var á alla verkfæra karlmenn, 20—26 ára, og nam jafnvirði hálfs dagsverks samkvæmt verðlagsskrá. Gjaldið var innheimt á manntalsþingi af sýslumönnum.

Aðrir vegir en þjóðvegir töldust aukavegir, og voru þeir lagðir og þeim haldið við með þegnskylduvinnu eins og áður.

Vegamálin voru ofarlega á baugi þegar á fyrsta þingi, eftir að landið fékk stjórnarskrána 1874.

Með vegalögunum 1875 var vegum skipt í fjallvegi, sem kosta skyldi af fé landssjóðs, og byggðavegi, þ. e. sýsluvegi og hreppavegi. Sýsluvegir skyldu kostaðir af þjóðvegagjaldinu samkv. tsk. 15. marz 1861, en hreppavegir af hreppsbúum.

Með vegalögunum 1887 var ákveðið, að landssjóður skyldi, auk fjallvega, greiða kostnað við aðalpóstvegi.

Vegalögin frá 1893 marka tímamót í sögu vegamála á Íslandi. Þar er ákveðið, að samtals 375 km leið um þéttbýlustu héruð landsins skuli gerð akfær, en þjóðvegum, um 1500 km, skyldi haldið við sem reiðvegum.

Með vegalögunum 1907 var ákveðið, að þjóðvegirnir skyldu einnig gerðir akfærir. Þá var talið, að akfærir vegir væru 241 km, en einnig stuttir kaflar hingað og þangað, sem að litlum notum komu.

Síðan 1907 hefur vegakerfið þanizt mjög hratt út, einkum frá 1920 til þessa dags. Hefur vegalögum verið oft breytt síðan. Aðallega hefur þó verulegur hluti vega landsins smátt og smátt verið tekinn í tölu þjóðvega.

Af eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega og sýsluvega síðustu þrjá áratugi, talið í km:

	Þjóðvegir		Sýsluvegir	
Ár	Heildarlengd	Akfærir	Heildarlengd	Þar af akf.
1927		1 300		
1937	4 437	3 307	2 331	1 154
1947	6 215	5 215	2 557	1 527
1954	7 343	6 493	2 390	1 690
1958	8 268	7 535	2 300	1 960
1961	8 294	7 700	2 388	2 000

Hreppavegir voru 1958 taldir um 1 008 km, þar af um 660 km akfærir. Akfærir fjallvegir voru þá um 570 km.

Þróunin hefur einnig orðið mjög hröð í brúagerðum.

Fram til 1890 voru einungis byggðar trébrýr og flestar smáar, en 1891 kom Ölfusárbrúin í notkun og nokkrum árum síðar Þjórsárbrúin, hvort tveggja hengibrýr. Síðan hefur verið gerður mikill fjöldi brúa, svo sem sjá má af eftirfarandi töflu (aðeins taldar brýr 10 m og lengri, sem enn eru í notkun):

	Hengibrýr	Járnbrýr	Steyptar brýr	Samtals
1890—1910	2	6	3	11
1911—1920	0	4	36	40
1921—1930	0	21	85	106
1931—1940	1	23	82	106
1941—1950	2	42	96	140
1951—1961	3	67	177	247
			Alls	650

Ástand vegakerfisins.

Vegagerð hefur ávallt verið Íslendingum dýr, enda er þjóðin dreifð um stórt, torfarið land. Þjóðin hefur lagt mikið að sér í þessum efnum, enda hafa ýmis byggðarlög ekki aðrar samgöngur en vegina, og mörg bíða raunar enn eftir fullnægjandi vegasambandi.

Á síðasta áratug hefur þjóðinni fjölgað ört og lífskjör hennar batnað hröðum skrefum. Er nú svo komið hér eins og í nágrannalöndunum, að bifreiðar eru að verða almenningseign. Um 1960 átti að meðaltali nálega önnur hver fjölskylda í landinu einkabifreið, og fróðir menn áætla, að 1966 muni þrjár af hverjum fjórum fjölskyldum eiga bifreið.

Þessi stökkbreyting í bifreiðaeign landsmanna hlýtur að leiða til alvarlegra vandræða, ef ekki verður sambærileg breyting á vega- og gatnakerfi landsins. Er því óhjákvæmilegt að gera stórfelldar framkvæmdir á þessu sviði.

Því miður fer því fjarri, að þróun vegakerfisins hafi verið eins ör og nauðsynlegt er. Verður núverandi ástandi vegakerfisins bezt lýst með nokkrum dæmum, sem hér fara á eftir:

1) Bifreiðaeign landsmanna í heild jókst um 100% frá 1950 til 1960 og ekki er ólíklegt, að aukningin nemi öðrum 100% til 1966 (sjá mynd). Þar að auki hefur fjölgað stórum og þungum bifreiðum, sem slíta vegakerfinu mikið og krefjast breiðari vega.
2) Vegamálastjórnin telur, að tæplega þriðjungur af allri umferð um vegi á Íslandi sé á rúmlega 160 kílómetrum, sem eru aðeins 1,7% af heildarvegakerfinu (sjá mynd).
3) Umferðin hefur aukizt langmest um þá vegi, sem lagðir voru fyrst við frumstæðust skilyrði og þola álagið verst. Er feikilegt verkefni að endurbyggja þessa vegi, svo að þeir standist lágmarkskröfur tímans, hvað þá meira.
4) Þar sem umferðin er mest, er nú þegar svo komið, að illmögulegt er að halda gömlu malarvegunum sómasamlega við. Erlendis er byrjað að setja varanlegt slitlag á vegi, þegar umferð nær 200—300 bifreiðum á dag. Hér er rétt byrjað að gera varanlega vegi.
5) Nýjum vegum hefur verið bætt í þjóðvegatölu, án þess að unnt væri að leggja þá fyrr en seint og síðar meir. Eins og málum er nú komið, mundi taka um 25 ár að gera alla þjóðvegi í landinu að sæmilegum malarvegum með þeim fjárframlögum, sem verið hafa síðustu árin.
6) Enn eru ófullgerðir mikilvægir kaflar í vegakerfinu, jafnvel höfuðvegir milli landshluta, og mikið vantar á, að nægilega greitt samband sé milli ýmissa stórra landbúnaðarhéraða.
7) Enn eru óbrúaðar hátt á annað hundrað ár á þjóðvegum. Aðkallandi er að endurnýja margar stórar brýr. Aðeins á einum stað eru jarðgöng á vegi í notkun.

Þannig mætti lengi telja dæmi um óleyst verkefni, á sama tíma sem þörfin fyrir vegi stóreykst með hverju ári. Vegakerfið verður að vaxa með bættum lífskjörum fólksins, aukinni framleiðslu og alhliða framförum.

Breytt skipan vegaframkvæmda.

Vegalaganefnd leggur til, að gerðar verði veigamiklar breytingar á skipan vegaframkvæmda í þeim tilgangi að hagnýta sem bezt það fé, sem til þeirra er veitt, og tryggja sem skynsamlegust vinnubrögð. Eru þessar helztar:

Vegáætlun. Í framtíðinni skal vinna vegaframkvæmdir eftir fimm ára áætlunum, sem taki hver við af annarri. Hefur sá háttur þegar verið tekinn upp í nágrannalöndum. Skal hver áætlun öðlast gildi, er Alþingi hefur samþykkt hana, en gert er ráð fyrir endurskoðun áætlananna á þriðja ári þeirra. Eiga skipuleg vinnubrögð að verða mun hagkvæmari en það kerfi, sem ríkt hefur, með árlegum ákvörðunum um framkvæmdir, og íbúar hvers byggðarlags munu fá vitneskju um, hvað framundan er af vegagerð, sem beðið er eftir.

Ný flokkun vega. Gert er ráð fyrir miklum breytingum á flokkun vega. Verða þjóðvegir í fjórum mismunandi flokkum eftir því, hvers konar vegar er þörf á hverjum stað. Í vegalögum verða reglur um flokkana, og reglugerð kveður nánar

á um gerð vegar í hverjum flokki, hver breidd skuli vera, malarvegir eða varanlegt slitlag o. s. frv. Ekki verða einstakir þjóðvegir taldir upp í lögunum, eins og verið hefur, en verða að sjálfsögðu allir skráðir á vegáætlun, sem vegamálastjóri undirbýr og Alþingi fær til meðferðar.

Efling sýsluvegasjóða. Nefndin leggur til, að nýju lífi verði blásið í sýsluvegakerfið og fjárframlög til þess, bæði heimaframlag og ríkis hækki og heildarfjárráð sjóðanna nær þrefaldist. Hreppavegir verða lagðir niður sem slíkir og verða ýmist sýsluvegir eða einkavegir.


Þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum. Hingað til hafa þjóðvegir verið slitnir, þar sem þeir komu að mörkum kaupstaða eða kauptúna, og hefur verið til þess ætlazt, að viðkomandi byggðarlag kostaði vegina innan sinna endimarka. Þetta hefur víða reynzt óréttmæt krafa, t. d. þar sem höfuðbrautir liggja um fámenn kauptún. Eru dæmi þess, að vegir um þéttbýli eru mun verri en þjóðvegir báðum megin við.


Nefndin leggur til, að þessu verði breytt. Eiga þjóðvegir nú að teljast gegnum kaupstaði og kauptún eða inn í slíkar byggðir, svo að eðlilegt samhengi vegakerfisins rofni ekki eða greið leið sé að athafnamiðstöð hvers staðar, ef vegur endar þar. Er lagt til, að árlega verði veitt upphæð til þessara þarfa og henni skipt milli kaupstaða og kauptúna eftir íbúafjölda, nema hvað 10% fjárins megi ráðstafa til að flýta sérstökum verkefnum. Þegar byggðarlag hefur lagt þá vegi, sem teljast þjóðvegir innan marka þess, verður því frjálst að verja framlagi sínu til almennrar gatnagerðar eftir eigin vali.

Auk þessara höfuðatriða er fjöldi annarra breytinga lagður til í frumvarpinu, og verður þeirra getið í athugasemdum með einstökum greinum hér á eftir.

Breytingar þær, sem nefndin leggur til að gerðar verði, miða að hagkvæmari framkvæmdum við stórstíga uppbyggingu á vegakerfi landsins. Að sjálfsögðu er meginatriði, að mun meira fé verði veitt til þessara mála en hingað til hefur verið gert. Í XIV. kafla frumvarpsins eru tillögur um fasta tekjustofna, sem myndu, ef frv. nær fram að ganga, tryggja mikla hækkun á heildarframlögum til vegamála.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins, og er í því sambandi þess að gæta, að þar sem vitnað er í gildandi vegalög, er greinatalan miðuð við lög nr. 34/1947 með síðari breytingum, en með lögum nr. 36/1955 var bætt við tveimur greinum, 7. og 11. gr. nú, þannig að 7.—9. gr. laga nr. 34/1947 urðu 8.—10. gr. og 10. gr. l. nr. 34/1947 varð 12. gr. og greinatala þar fyrir aftan hækkar á sama hátt.


BIFREIÐAFJÖLDI Á ÍSLANDI
1950
10700
1955
15600
1960
21600
1965
35500
1970
44000


30% af allri umferð á Íslandi er á 1,7% af öllu vega-kerfinu
UMFERÐIN
VEGAKERFIÐ

Um I. kafla.

Almenn ákvæði.

Um 1. gr.

Í gildandi vegalögum er ekki að finna skilgreiningu á orðinu vegur. Nauðsynlegt þykir að ákvarða með lögum, hvað sé átt við með þessu grundvallarhugtaki. Í greininni er gerð tilraun til að afmarka hugtakið vegur, enda þótt ljóst sé, að ókleift er að finna tæmandi skilgreiningu, sem leyst geti öll hugsanleg vafatilvik. Ljóst er, að með orðinu vegur er í gildandi vegalögum átt við meira en sjálfa akbrautina, en hversu miklu meira, verður ekki fyllilega ráðið af lögunum.

Hin almenna skilgreining felst í 1. mgr., sem segir, að orðið vegur merki ekki eingöngu akbrautina sjálfa, heldur einnig land og mannvirki, sem að staðaldri eru nauðsynleg, til þess að vegurinn sé varanlegur og unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

Í 2. mgr. eru talin ýmis dæmi til fyllingar hinni almennu skilgreiningu í 1. mgr., á svipaðan hátt og gert er í sænskum og finnskum vegalögum. Leggja verður þó áherzlu á, að upptalning þessi er engan veginn tæmandi, enda liggur þungamiðja skilgreiningarinnar í 1. mgr. Til skýringar á því, hvað átt er við með orðunum vegbekkir, skurðir, sneiðingar o. s. frv., vísast til uppdráttar á fskj. 1.

Í 3. mgr. er að finna mikilsvert nýmæli í vegalögum. Allt frá þeim tíma, að nútíma brúarsmíði hófst, hafa gilt um það efni sérstök lög, ýmist brúalög eða lög um einstakar brýr. Að brú er hér talin hluti af vegi, byggist á því meginsjónarmiði, að vegur og brú þjóna sama tilgangi, þeim að skapa samfellda og greiða umferðaræð. Það virðist því hvorki rökrétt né hagkvæmt að aðskilja í lögum þessi tvö hugtök, sem eru svo náskyld í eðli sínu.

Enn fremur má benda á, að ef þau sjónarmið komast í framkvæmd, sem frumvarpið gerir ráð fyrir um vinnuaðferðir við vegalagningu, þ. e. a. s. að unnið verði samkvæmt 5 ára áætlunum, er enn frekari nauðsyn til að skipuleggja brúargerðir í nánu samræmi við fyrirhugaðar vegaframkvæmdir, þannig að hvort tveggja komi að tilætluðum notum.

Telja verður, að ekki sé um nýmæli að ræða, þó að jarðgöng séu talin hluti af vegi, eins og hér er gert. Hafa þær tilraunir, sem hér hafa verið gerðar með jarðgangagerð, verið kostaðar af nýbyggingarfé þjóðvega og ekki verið neinn vafi á, að þær tilheyrðu vegagerð. Telja verður eðlilegt, að um ferjubryggjur gegni sama máli að þessu leyti.

Vetrarvegir eru varavegir á stuttum köflum, sem notaðir eru, þegar aðalvegir eru ófærir vegna snjóa.

Um 2. gr.

Þessi skilgreining er nýmæli, enda eru ekki ákvæði um einkavegi í gildandi vegalögum. Í frumvarpinu er kafli um einkavegi, VI. kafli, og því rétt, að skýrt sé, hver eðlismunur er á einkavegum og opinberum vegum.

Samkvæmt þessari grein er ljóst, að opinberir vegir eru allir flokkar þjóðvega, sýsluvegir og fjallvegir.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er nýtt og komið til fyrst og fremst vegna þess, að það er handhægt að hafa sérstakt orð um þau atriði, sem fjallað er um í greininni.

Hliðstæð ákvæði eru í sænskum og finnskum vegalögum.

Um 4. gr.

Í gildandi vegalögum er ekki beinlínis kveðið á um það, að breikkun og breytingar teljist til vegagerðar. Í framkvæmd mun svo verið hafa og slíkar lagfæringar taldar nýbygging vegar og greiddar af nýbyggingarfé eða sérstakri fjárveitingu til endurbyggingar þjóðvega, en ekki af viðhaldsfé þjóðvega.

Um 5. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli, þótt skylt sé 27. gr. gildandi vegalaga og 68. gr. frumvarps þessa.

Þær greinar fjalla um rétt vegamálastjórnarinnar til að hindra mannvirkjagerð innan marka fyrirhugaðs vegar, sem mælt hefur verið fyrir og markað.

Þessi frumvarpsgrein tekur einnig til annarra ákvæða, svo sem eignarnáms, jarðvegsrannsókna, efnistöku o. þ. h.

Til þess að beita megi ákvæðum vegalaga, er þó lagt til, að vegagerðin sé ekki einungis ákveðin, heldur einnig fé veitt til hennar. Mundi það oftast vera opinbert fé, en einnig er hugsanlegt, að aðrir aðilar legðu til framlag, lán eða vinnu, og mundi þá, samkvæmt þessari grein, heimilt að beita ákvæðum vegalaga um vegarlagninguna í heild, eftir því sem með þyrfti, jafnvel þótt framlagið væri veitt aðeins til takmarkaðs hluta vegagerðarinnar.

Um 6. gr.

Í V. kafla frumvarpsins eru ákvæði um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum og að hve miklu leyti lagt er til, að vegalög taki til gatna þar.

Vísast til skýringa við V. kafla, 29.—36. gr.

Um II. kafla.

Um stjórn vegamála og veghald.

Um 7. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 8. gr. gildandi vegalaga.

Um 8. gr.

Hér er um nýmæli að ræða.

Samkvæmt gildandi vegalögum er hreppsfélag veghaldari fyrir hreppsvegi, sýslufélag fyrir sýsluvegi undir yfirumsjón vegamálastjóra, en Vegagerð ríkisins fyrir þjóðvegi og fjallvegi.

Í frumvarpinu er lagt til, að hreppavegir falli niður sem slíkir, en þeir munu yfirleitt færast í flokk sýsluvega, eða í einstöku tilfelli einkavega, ef um er að ræða vegi, sem ekki uppfylla skilyrði 3. mgr. 19. gr.

Eins og nánar verður að vikið í skýringum við 9. gr., er gert ráð fyrir að Vegagerð ríkisins hafi yfirumsjón með framkvæmdum við sýsluvegi. Hefur sú orðið reyndin undanfarið, að margar sýslur hafa talið hagkvæmt að fela Vegagerð ríkisins framkvæmdir við sýsluvegi, enda ljóst, að þannig má oft spara verulega flutningskostnað véla og vinnuflokka, en slíkur kostnaður nemur miklu fé og er því tilfinnanlegri sem minna fé er til ráðstöfunar.

Með því að fela þessar framkvæmdir vegagerðinni, er unnt að sinna þeim, meðan þeir flokkar vegagerðarinnar, sem starfa við þjóðvegi í byggðarlaginu, eru í næsta nágrenni með stórvirk tæki og hentugar bifreiðar. Eru því allar líkur til, að sýslan geti með þessu móti fengið meiri framkvæmdir en ella fyrir fé sitt.

Um 9. gr.

Svo sem að er vikið í skýringum við 8. gr. er vegagerðin veghaldari fyrir alla opinbera vegi, en í því felst, skv. 3. gr., að vegagerðin sér að öllu leyti um lagningu vegarins og viðhald.

Í skýringum við 8. gr. eru raktar orsakir þess, að talið er hagkvæmt að leggja yfirstjórn framkvæmda við sýsluvegi undir Vegagerð ríkisins. Þó er gert ráð fyrir, að vegagerðin geti falið sýslunefndum að annast stjórn þessara framkvæmda, og

kemur það vitaskuld oft til greina, ef heimamenn óska eftir og hafa yfir að ráða tækjum, sem geta leyst verkið af hendi á hagkvæman hátt, eða ef verkið er boðið út.

Lagt er til, að sama gildi um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, skv. 30. gr., að vegagerðin sé veghaldari fyrir þá, en geti falið framkvæmdir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn að nokkru eða öllu leyti.

Enda þótt ekki sé ætlazt til að Vegagerð ríkisins haldi fast í rétt sinn til afskipta af þessum málum í öllum tilfellum, ef sýslufélög, bæjar- eða sveitarstjórnir óska eftir og hafa bolmagn til að taka það að sér, svo sem stórir kaupstaðir, sem hafa í þjónustu sinni færa verkfræðinga og vélakost, er þó fráleitt að stefna að því, að allir þessir aðilar komi sér upp dýrum vélakosti, sem með þarf til nútíma vegagerðar, og bindi þar með fé sitt í tækjum, sem notuð eru aðeins lítinn hluta ársins.

Í 2. mgr. eru ákvæði um eftirlit Vegagerðar ríkisins með lagningu og viðhaldi þess hluta hins opinbera vegakerfis, sem heimamenn taka að sér.

Um III. kafla.
Um vegáætlun.

Í þessum kafla er eitt höfuðnýmæli frumvarpsins.

Eins og vikið er að í inngangi greinargerðarinnar, er lagt til, að tekin verði upp sú skipan á framkvæmdum, bæði við þjóðvega- og sýsluvegagerð, að unnið verði eftir áætlun, sem gerð er til fimm ára í senn, og ekki verði lengur bundið í vegalögum, hvaða vegir teljast þjóðvegir, heldur verði það ákveðið í vegáætlun hverju sinni, innan þeirra marka, sem sett eru í 12. gr. frumvarpsins.

Vart verður um það deilt, að öll vinnubrögð verða skynsamlegri og afköst drýgri, ef unnið er eftir áætlun, vinnustöðum fækkað og unnið meira á hverjum stað hverju sinni. Hefur verið leitazt við að fara þessa leið hin síðustu ár og Alþingi þar markað stefnuna sjálft með því að fækka framkvæmdaliðum við nýbyggingar þjóðvega og veita því meira til hvers vegar.

Með vinnu eftir vegáætlun ætti að skapast meiri festa í framkvæmdunum. Þeir, sem þeirra eiga að njóta, ættu þá að geta séð með nokkrum fyrirvara, hvenær röðin kemur að þeim, og miðað aðrar framkvæmdir við það.

Um hitt atriðið, að fella niður úr lögunum upptalningu þjóðvega, verður nánar rætt í sambandi við skýringar á 12. gr.

Um 10. gr.

Lagt er til, að Vegagerð ríkisins eigi frumkvæði að samningu vegáætlunar fyrir þjóðvegi og aðalfjallvegi. Hvað átt er við með aðalfjallvegum, er skýrt í 2. mgr. 44 gr.

Frumkvæði vegagerðarinnar að samningu vegáætlunar er sjálfsagt og ekki um annað að ræða, enda er þar fyrir hendi verkfræðileg þekking og reynsla, sem slík áætlun verður að hvíla á.

Um 11. gr.

Eins og hér er rakið, er ætlazt til þess, að þær upplýsingar, sem vegáætlun fylgja, séu allýtarlegar, og verða þær miklum mun nákvæmari en nú er í fjárlagatillögum.

Teikningar og uppdrættir munu fylgja, eftir því sem þurfa þykir, svo og upplýsingar um umferðarþunga á vegum og rökstuðningur fyrir færslu vega milli flokka, sbr. 12. gr.

Með 2. málsl. 2. mgr. er átt við t. d. fjallvegi, sem ekki eru aðalfjallvegir og framlög til brúa á sýsluvegum og einkavegum. Nauðsynlegt er, að gerð sé grein fyrir heildarkostnað mannvirkis, en ekki aðeins þeim kostnaði, sem á áætlunartímabilið fellur. Myndi þannig vera hægt að bera saman kostnað mismunandi mannvirkja.

Enda þótt áætlunin væri þannig mjög sundurliðuð eftir mannvirkjum og árum, myndi framkvæmdavaldið að sjálfsögðu verða að hnika framkvæmdum til, eftir því sem fjárhagsástæður, breytt verðlag, aðrar breyttar aðstæður eða nýjar upplýsingar krefðust, án þess að þurfa í hvert sinn að leita til Alþingis um samþykki slíkra breytinga. Því aðeins, að um gagngerar breytingar áætlunar væri að ræða, myndi formleg endurskoðun fara fram (sbr. 14. gr.). Ráðherra myndi árlega gefa Alþingi skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar.

Um 12. gr.

Vegalögum verður ekki breytt með vegáætlun og myndi því þurfa sjálfstæða lagabreytingu. Yrði Alþingi því við flokkun vega bundið við hinar almennu takmarkanir 12. gr. Ætti slíkt fyrirkomulag að skapa æskilega festu í þessum málum.

Lagt er til, að orðið þjóðvegur haldist áfram sem samheiti fyrir alla vegi samkvæmt 12. gr., sem aftur flokkast í fjóra flokka: landsbrautir, þjóðbrautir og hraðbrautir A og B.

Í 12. gr. er í niðurlagi kveðið á um, hvaða lágmarksskilyrðum vegur þarf að fullnægja til að geta komizt í tölu þjóðvega, en það er að vera minnst 2 km langur og þjóna a. m. k. fjórum býlum. Fyrra skilyrðið er ótvírætt, en hið síðara er oft matsatriði. Í útreikningi á vegakerfinu, eins og það yrði samkvæmt frumvarpinu, er miðað við, að þar sem tveir búendur eru á sama bæ, teljist það tvö býli. Ef fjórbýlt væri á bæ við vegarenda, gæti þjóðvegur náð þangað, meðan búendur eru fjórir. Ef í ljós kemur við samningu vegáætlunar, að þeim hefur fækkað um einn, telst þjóðvegur aðeins að næsta bæ. Þótt hér sé notað orðið „býli", er ekki átt við lögbýli í skilningi ábúðarlaga, heldur heimili.

Vegalaganefnd gerði ýtarlegar athuganir varðandi skilgreiningu á landsbraut og kannaði ýmsar mismunandi leiðir. Reyndist reglan um 4 býli og 2 kílómetra raunhæfust, og fer hún mjög nærri þeirri stefnu, sem Alþingi hefur markað við ákvörðun þjóðvega undanfarin ár.

Lagt er til, að víkja megi frá þessari reglu í ákveðnum tilfellum, sem talin eru upp, og er sú upptalning tæmandi. Vegur eða vegarkafli, sem fellur úr tölu þjóðvega, myndi oftast verða sýsluvegur.

Hvort vegur er þjóðvegur eða sýsluvegur, hefur fyrst og fremst fjárhagslega þýðingu. Vegáætlun er tvenns konar, eftir þessum meginflokkum, og einnig má ætla, að nokkuð aðrar reglur verði um gerð sýsluvega en þjóðvega, þótt vart verði mikill munur á sýsluvegi og landsbraut.

Samkvæmt gildandi vegalögum eru þjóðvegir samtals 8294 km, en vegakerfið alls, að fjallvegum meðtöldum, milli 12 og 13 þús. km.

Gildandi vegalög gera engan mun á þjóðvegum eftir umferð um þá, þéttbýli eða öðru, sem hér er lagt til að ráði skipan þjóðvega í flokka innbyrðis. Að nafninu til er þannig þjóðvegur, sem nær að einum afskekktum bæ, með 100 bifreiða umferð árlega, jafn rétthár og t. d. Hafnarfjarðarvegur (13 000 bifreiðar daglega), Keflavíkurvegur (um 1000 bifreiðar daglega), vegurinn austur Hellisheiði (nær 1000 bifreiðar daglega sumarmánuðina) og Norðurlandsvegur nálægt Akureyri (um 1000 bifreiðar daglega sumarmánuðina). Sýnir það bezt, hve úrelt núverandi skipulag er, að sjálfsagt hefur þótt að láta umferðarþunga og þéttbýli ráða skiptingu fjár til þjóðvega, og hefur Alþingi, sem rétt er, skipt fénu eftir þessu aðallega, að því er bezt verður séð, þótt um frávik séu einnig dæmi.

Á fskj. 2 er sýnt, hvernig þjóðvegakerfið yrði samkvæmt frumvarpinu.

Þjóðvegakerfið í heild mundi lengjast um 139 km. Úr þjóðvegatölu falla alls 654,4 km, sem flestir verða sýsluvegir, eða falla alveg úr vegakerfinu, vegna þess, að öll byggð og umferð er horfin, t. d. Aðalvíkurvegur, Viðfjarðarvegur og Mýrdalssandsvegur syðri. Í þjóðvegatölu bætast aftur á móti 793,6 km af nýjum vegum, sem flestir voru áður sýsluvegir.

Á fskj. 3 eru sýndar þær tegundir vega, sem gert er ráð fyrir í þessari grein. Skipting þjóðvega í flokka má ætla að verði til að byrja með sem hér segir:

Hraðbraut A	15	km
Hraðbraut B	120	—
Þjóðbrautir	2 620	—
Landsbrautir	5 676	—

Af þessu er ljóst, að landsbrautirnar verða lengstar, en flokkarnir stigminnkandi og hraðbrautir A aðeins lítill hluti vegakerfisins.

Samkvæmt greininni á vegur að færast úr þjóðbrautarflokki í hraðbrautarflokk B, þegar rökstudd ástæða er til að búast við, að umferð um hann nái a.m.k. 1000 bifreiðum daglega á næstu 10 árum, og úr þessum flokki í hraðbrautarflokk A, þegar búast má við, að umferð nái 10 þús. bifreiðum daglega innan 20 ára.

Undanfarin ár hefur Vegagerð ríkisins framkvæmt umferðartalningar bifreiða á ýmsum aðalþjóðvegum, á svipaðan hátt og tíðkast erlendis. Með því að auka þessa starfsemi nokkuð, er ekki ástæða til að efa, að Vegagerð ríkisins geti, með hliðsjón af reynslu annarra þjóða í þessum efnum, gert alláreiðanlegar áætlanir nokkuð langt fram í tímann um fjölgun bifreiða og aukningu umferðar.

Leggja verður áherzlu á, að höfuð-nauðsyn er að gera sér sem gleggsta mynd af því, hvert stefnir í þessum málum, m. a. til að geta tímanlega tryggt nægilegt land undir væntanlegar hraðbrautir, áður en það er tekið undir byggingar, eða ráðstafað á annan hátt varanlega.

Að sjálfsögðu er rétt að gera sér ljóst, að langur tími hlýtur að líða, þar til unnt reynist vegna kostnaðar að leggja varanlegt slitlag á allar hraðbrautir, a.m.k. í B-flokki, en hins vegar er mikilsvert, að við frágang slíkra vega og undirbyggingu sé að þessu stefnt, þannig að ekki þurfi að byrja frá grunni eða velja nýtt vegstæði og leggja nýjan veg, þegar að því kemur að leggja varanlegt slitlag.

Um 13. gr.

Í reglugerð þeirri, sem hér er gert ráð fyrir, myndu auk þess, sem þar er talið upp, verða ákvæði um mesta halla, radíus í beygjum, fláa á sneiðingum o. s. frv.

Um 14. gr.

Hér er lagt til, að vegáætlun verði lögð fyrir Alþingi og öðlist gildi, er það hefur samþykkt hana. Verður að líta á vegáætlun sem stefnuyfirlýsingu Alþingis um það, hvað það telji réttast og skynsamlegast að framkvæma í vegamálum, ef unnt reynist.

Um 15. gr.

Rétt þykir að halda opinni leið til að endurskoða vegáætlun og talið hæfilegt að miða við þrjú ár. Er ráðherra skylt að gera Alþingi grein fyrir því, hvort hann telur endurskoðun nauðsynlega eða ekki.

Undirbúningur endurskoðunar yrði sami og um heildaráætlun væri að ræða.

Um 16. gr.

Ekki þykir rétt annað en gera ráð fyrir, að óviðráðanleg atvik kunni að valda því, að ráðast verði í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, enda sé ekki unnt að bíða endurskoðunar vegáætlunar né nýrrar áætlunar.

Þó verður að leggja áherzlu á, að ætlazt er til, að hér sé um undantekningar að ræða, t. d. ef mannvirki skaðast af völdum vatnavaxta, eldgosa o. þ. h., eða nauðsynlegt reynist að leggja vegi vegna nýrra stórframkvæmda við virkjanir. Slíkir vegir mundu þó oft gerðir sem einkavegir og síðan teknir í þjóðvegatölu í næstu vegáætlun, ef þeir uppfylla skilyrði 12. gr.

Um 17. gr.

Lagt er til, að framkvæmdaáætlun verði einnig gerð fyrir sýsluvegi og staðfesti ráðherra hana, að fengnu samþykki sýslunefndar. Má gera ráð fyrir, að enda þótt ráðherra staðfesti sýsluvegaáætlun, verði virtur vilji sýslunefnda um það, í hvaða röð verkefni eru tekin, ef skynsamlegt er og framkvæmanlegt, miðað við það fé, sem til umráða er, og aðrar aðstæður.

Um 18. gr.

Hér er átt við ákvæði 11. gr. um frágang vegáætlunar sem einnig eiga við sýsluvegaáætlun, svo og 13. gr. og 16. gr.

Um IV. kafla.

Um sýsluvegi.

Kafli þessi kemur í stað gildandi laga um samþykktir um sýsluvegasjóði, nr. 102 19. júní 1933, með breytingum nr. 50/1947 og 37/1959.

Samkvæmt gildandi sýsluvegasjóðslögum myndast heimaframlag sjóðanna af fasteignaskatti, sem lagður er á samkvæmt ákveðinni hlutfallstölu, sem sýslunefnd ákveður árlega, og má, samkvæmt lögunum, nema allt að 6‰ af fasteignamatsverði húsa og 12‰ af fasteignamatsverði lóða og landa.

Allt til 1959 fór mótframlag ríkissjóðs eftir heimaframlagi, þannig að þeir sýsluvegasjóðir, sem innheimtu heimaframlag samkvæmt hámarki lögleyfðrar hlutfallstölu, fengu allt að því þrefalt mótframlag á móti hluta heimaframlagsins og síðan stiglækkandi.

Er nýtt fasteignamat tók gildi, 1. janúar 1958, raskaðist skattmatsgrunnur sýsluvegasjóðanna svo, að ekki var unnt að fylgja hinum gömlu reglum óbreyttum, þar sem fasteignamat í sumum sýslum hækkaði margfalt á við aðrar.

Alþingi ákvað því á þinginu 1958, sbr. lög nr. 37/1959, að heildarframlag ríkissjóðs til sýsluvegasjóða skyldi ekki vera hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan. Vegamálastjóra voru fengnar óbundnar hendur um skiptingu hluta fjárins milli einstakra sjóða, eftir stærð vegakerfis hverrar sýslu og ástandi, svo og hundraðshluta þeim af fasteignamati, sem hver sýsla innheimti heimaframlag eftir.

Við hið nýja fasteignamat hækkaði matsverð, svo sem við var að búast, mest í þéttbýlum byggðarlögum og kaupstöðum, en margfalt minna í strjálbýli. Nú hafði þróun einnig orðið sú, sem ekki er óeðlilegt, að stærri hluti vegakerfis þéttbýlla sýslna var tekinn í þjóðvegatölu en hinna strjálbýlu. Þrátt fyrir lagfæringuna, sem fékkst með lögum 37/1959, varð þó tilfinnanlegur fjárskortur til framkvæmda og viðhalds sýsluvega hjá þeim sýslum, sem höfðu langa sýsluvegi, en lágt fasteignamat.

Fjárskortur sýsluvegasjóða víða um land hefur aftur á móti valdið stöðugri ásókn um að fá sýsluvegi tekna í tölu þjóðvega, og hefur Alþingi oft ekki talið annað unnt en verða við slíkum óskum og taka þannig í tölu þjóðvega ýmsa vegi, sem eðli sínu samkvæmt hefðu átt heima í flokki sýsluvega.

Í frumvarpinu er lagt til, að heimaframlagið verði lagt á eftir sömu reglum og útsvar, sbr. 22. gr.

Á fskj. 4 er sýnt, hver fjárráð sýsluvegasjóðanna nú eru til að byggja og halda við við 2 388 km sýsluvegum, um 6.5 millj. krónur árið 1963, eða um 2 700 kr. á km.

Á fskj. 5 er sýnt, hver heildarfjárráð sjóðanna yrðu samkvæmt því, sem hér er lagt til, og yrðu það alls um 15.2 millj. króna, miðað við árið 1963, (þ. e. manntal og kaup 1. des. 1962, sbr. 21. gr.), en kerfið (sbr. fskj. 6) alls 2 704 km. Samsvarar þetta um 5 600 kr. á km eða liðlega 107% hærra en nú.

Vegagerð ríkisins telur, að til þess að halda sýsluvegi sæmilega við, þurfi um 2 000 kr. á km. árlega.

Er ljóst af framansögðu, að með þeirri skipan, sem frumvarpið felur í sér, myndu sýsluvegasjóðirnir hafa árlega til nýbygginga tæpar 10 millj. króna umfram viðhaldskostnað.

Að vísu er hér reiknað eftir heildarfjárráðum og heildarvegakerfi, en ljóst, að málið horfir nokkuð misjafnlega við eftir sýslum, þar sem fólksfjöldi þeirra og sýsluvegakerfi er misjafnt. Þó ætti þessi heildarmynd að gefa nokkra bendingu um hvílíka úrbót hér er um að ræða fyrir sýsluvegasjóðina.

Í framangreindri athugun á væntanlegum tekjum sýsluvegasjóða, miðað við tillögur frumvarpsins, er ekki reiknað með vegaskatti samkvæmt 23. gr. frumvarpsins, þar sem ekki er á þessu stigi unnt að áætla hann með neinni vissu.

Er ekki ólíklegt, ef frumvarpið nær fram að ganga, að sýslunefndum þyki þær allvel mega við una, því að bæði aukast fjárráð sýsluvegasjóðanna stórlega og auk þess hafa sýslunefndir mikil áhrif á samningu framkvæmdaáætlana sýsluvega, en engin afskipti af þjóðvegum. Má því fastlega gera ráð fyrir, að áhugi fyrir að fá sýsluvegi tekna í tölu þjóðvega minnki, enda lagt til, að um það gildi hinar föstu reglur 12. gr.

Um 19. gr.

Eftir gildandi sýsluvegalögum er ekki skylt að gera samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. 1. gr. laganna, enda þótt allar sýslur hafi þá nú, að einni undanskilinni.

Talið er sjálfsagt að lögfesta skyldu þessa, og er það gert með þessari grein, ef að lögum verður.

Samkvæmt gildandi lögum eru ekki bein ákvæði um það, hve nærri býli sýsluvegur skuli ná, né heldur um lágmarkslengd sýsluvega, nema ef vera skyldi það ákvæði í 11. gr. laganna, að ein synjunarástæða ráðherra á staðfestingu sýsluvegasjóðssamþykktar sé, ef hún þykir fela í sér óeðlilega lengingu sýsluvegakerfisins, miðað við þá venju, sem myndazt hefur í hverri sýslu. Með hliðsjón af þessu ákvæði hefur undanfarin ár ekki verið á það fallizt að taka í tölu sýsluvega ýmsa smávegi og vegarspotta heim á bæi, þótt sýslunefndir hafi oft farið fram á slíkt.

Hér er lagt til, að ekki verði heimilt að taka í tölu sýsluvega vegi, sem skemmri eru en 200 m (2. mgr.), og sýsluvegur, sem endar við býli, skuli teljast enda 200 m frá býlinu, og verður þá vegurinn heim einkavegur.

Hugsanlegt er að vísu, að vegur þennan 200 m kafla geti orðið landeiganda dýr, eða þeim, sem kostar hann, t. d. ef mjög eru erfiðar aðstæður til vegagerðar eða byggja þarf brú.

Rétt er þó að minna á, að í 53. gr. er lagt til, að greiða megi úr ríkissjóði að hálfu, gegn framlögum frá hlutaðeigendum, kostnað við brýr á einkavegum yfir 4 metra haf eða lengra.

Um 20. gr.

Efnislega samhljóða 2. gr. gildandi sýsluvegasjóðslaga.

Um 21. gr.

Áður er rætt um hið nýja fyrirkomulag á ákvörðun og innheimtu sýsluvegagjalds.

Gangur málsins yrði sá samkvæmt 21. gr., að sýslumaður tilkynnir oddvita fyrir 1. marz, hvaða gjaldi hreppurinn eigi að standa skil á á næsta manntalsþingi, samkvæmt reglu 1. mgr. 21. gr., en hreppsnefnd jafnar síðan heildarupphæð þessari niður sem öðrum útgjöldum hreppsins með útsvörum, sbr. 22. gr.

Um 22. gr.

Í þessu felst, að lagt er til, að sýsluvegagjaldið verði lagt á eftir sömu reglum og útsvör.

Hreppsnefnd hefur fengið frá sýslumanni tilkynningu um það fyrir 1. marz, hve miklu heildargjaldi hreppurinn á að skila sýsluvegasjóði. Er þessi upphæð síðan tekin með í gjaldaáætlun þá, sem útsvarsálagning miðast við.

Af þessu er ljóst, að hér er ekki um nefskatt að ræða, heldur fer álagningin eftir efnum manna og gjaldþoli.

Um 23. gr.

Ekki þykir rétt, að þeir, sem eiga fasteignir innan sýslu, en eru þar ekki útsvarsskyldir eftir sömu reglum og aðrir, eru búsettir og eiga lögheimili utan sýslunnar og greiða því ekki sýsluvegasjóðsgjald, komist hjá að leggja nokkuð af mörkum til vega þeirrar sýslu, sem fasteign þeirra er í. Er þá vart um aðra handhægari leið að ræða til ákvörðunar gjaldsins en þá, sem farin er í gildandi lögum, að miða við fasteignamat.

Grein þessi er að efni til svipuð síðari hluta 4. gr. gildandi laga og hundraðshlutfall miðað við hámark það, sem nú er lögfest.

Um 24. gr.

Grein þessi er að efni til svipuð 7. gr. gildandi laga, en gengur nokkru skemmra.

Vitum hefur verið bætt í tölu fasteigna, sem undanþegnar eru gjaldi, enda verður vitamálastjórnin oftast nær að sjá um lagningu vega að vitum eða koma þeim í samband við vegakerfið.

Ekki þykir rétt né sanngjarnt, að eyjahreppar séu skyldir til að greiða framlag til sýsluvegasjóða, ef þeir annast sjálfir sína vegi. Á þetta við t. d. um Flatey á Skjálfanda, Grímsey, Hrísey og Flatey á Breiðafirði. Er því lagt til, að ráðherra geti, að fengnum tillögum sýslunefndar, undanþegið slíka eyjahreppa greiðsluskyldu.

Um 25. gr.

Hugsanlegt er, að sýslufélag hafi af einhverjum orsökum mikið þjóðvegakerfi og hafi því takmarkaðan áhuga á lagningu sýsluvega.

Tilgangurinn með ákvæði þessarar greinar er að sjá um að slíkar sýslur komist ekki hjá að leggja á sýsluvegagjald og nota það fé, sem sýsluvegasjóður þeirra fær, til almennra þarfa þjóðvegakerfis sýslunnar eða til að auka sýsluvegakerfi sitt, því að seint mun skorta verkefni.

Um 26. gr.

Grein þessi er efnislega í samræmi við 5. gr. gildandi laga, með þeim breytingum, sem fylgja skipulagi því, er frumvarpið gerir ráð fyrir.

Með orðunum „hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar“, er að sjálfsögðu ekki átt við þá vegi í kauptúninu, sem eru þjóðvegir samkvæmt 30. gr. og fá framlag samkvæmt 32. gr., heldur það fé, sem hreppsfélagið leggur fram til annarra vega eða gatna á árinu.

Um 27. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Ákvæðin um reikningshald eru samhljóða 8. gr. gildandi laga.

Um 28. gr.

Um efni 1. mgr. er áður rætt, í sambandi við IV. kafla í heild.

Er ljóst, að kostnaður ríkissjóðs við sýsluvegi eykst að mun, jafnframt því sem heimamenn leggja meira af mörkum, og vísast um rökstuðning nauðsynjar þessa fjár til kaflans um ástand vegakerfisins í upphafi greinargerðar þessarar.

Segja má, að 2. mgr. sé efnislega samhljóða 3. mgr. 9. gr. gildandi sýsluvegasjóðslaga, en þar segir: „Skal framlag sýslu aldrei vera lægra en hún leggur til sýsluvegasjóðs miðað við 6‰ fasteignamatsverðs landa og lóða og 3‰ fasteignamatsverðs húsa.“ Með þessu ákvæði er sýsluvegasjóðum raunverulega aðeins

tryggt lágmarksframlag, er samsvarar helmingi af hámarki heimaframlags, því leyfilegt er að innheimta sýsluvegasjóðsgjald allt að 12‰ af fasteignamatsverði landa og lóða og 6‰ af fasteignamatsverði húsa, en flest sýslufélög hafa á undanförnum árum notað þá heimild.

Um V. kafla.

Um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

Í 1. mgr. 3. gr. gildandi vegalaga segir: „Þar sem þjóðvegur liggur um kaupstað eða kauptún, telst þjóðvegurinn að mörkum kaupstaðarlóðar eða verzlunarlóðar.“

Er þetta aðalreglan, þótt frávik geti komið til samkvæmt 2. og 3. mgr. sömu greinar.

Svo sem að er vikið áður í greinargerð þessari er til þess ætlazt, að kaupstaðir og kauptún sjái að öllu leyti um vegi og götur innan þeirra marka, sem 3. gr. gildandi vegalaga setur.

Þetta hefur reynzt flestum þeirra ofviða. Á þessum köflum sameinast bæði umferð bifreiða innan staðar og milli þjóðvega beggja vegna eða að miðstöðvum athafnalífs staðarins, svo sem hafna eða verzlunarmiðstöð. Auk þess sem vegirnir eru oft slæmir, veldur þetta bagalegum töfum í umferð og jafnvel slysahættu.

Undanfarið hafa sveitarfélög haft uppi kröfur um framlög frá ríkissjóði til gatnagerðar, og gerði samband íslenzkra sveitarfélaga um það ýtarlega ályktun á 7. landsþingi sínu, 22.—24. ágúst 1963.

Nefndin kynnti sér ályktun þessa og ræddi við formann sambandsins. Taldi nefndin, að með tillögum hennar í frumvarpi þessu væri hlut sveitarfélaganna vel borgið, enda þótt með nokkuð öðru sniði sé en gert er ráð fyrir í fyrrnefndri ályktun landsþings Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Með hliðsjón af því, að ekki mun unnt að koma upp samfelldu og greiðfæru vegakerfi með því að halda við þá stefnu að slíta þjóðvegina sundur við mörk kaupstaða og kauptúna, er hér lagt til, að tekin verði upp sú stefna að veita árlega af ríkisfé ákveðna fjárhæð til lagningar og viðhalds þeirra vega í kaupstöðum og kauptúnum, sem ráðherra ákveður með reglugerð að teljast skuli þjóðvegir.

Um 29. gr.

Grein þessi er samhljóða 48. gr. gildandi vegalaga.

Um 30. gr.

Við samningu reglugerðar þeirrar, sem hér er gert ráð fyrir, skal hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn og Skipulagsnefnd ríkisins, en að öðru leyti eru í 1.—3. tl. 2. mgr. nefnd ákveðin atriði, sem einkum á að fara eftir. Fyrir almenna umferð er 1. tl. að sjálfsögðu mikilvægastur. Má í því sambandi nefna Kópavogskaupstað, Selfoss og Blönduós sem ágæt dæmi. Þar fer mestur hluti umferðarinnar áfram, og veltur því á miklu fyrir eðlilegt samhengi vegakerfisins, að höfuðvegir séu góðir og umferð greið.

Um 31. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Lagt er til, að ríkisframlag til þjóðvega samkvæmt þessum kafla verði í ákveðnu hlutfalli við það fé, sem veitt er úr ríkissjóði til vegamálanna. Gera má ráð fyrir, að framlag þetta nemi um 27 millj. króna, sbr. skýringar við 96. gr.

Þar sem lagt er til, að fé þetta skiptist eftir íbúatölu, og hinir væntanlegu þjóðvegir eru mjög mislangir og misdýrir, verða byggðarlögin afar misjafnlega lengi að fullgera þessa vegi með framlagi því, er þau fá.

Ákvæði síðustu mgr. ætti að tryggja það, að ekki yrði sótt fast að fá sem mest af götum í flokk þjóðvega, þar sem sveitarstjórn heldur framlaginu, að frádregnum viðhaldskostnaði þjóðveganna, til almennrar gatnagerðar, er lagningu þjóðveganna er lokið.

Um 33. gr.

Þar sem tilgangurinn með framlögum til þjóðvega samkvæmt þessum kafla er fyrst og fremst sá að greiða fyrir almennri umferð, virðist eðlilegt, að Vegagerð ríkisins hafi eftirlit með viðhaldi þjóðvega þessara.

Um 34. gr.

Tilgangur þessa ákvæðis er að opna leið til að hraða framkvæmdum, sem bráðnauðsynlegar eru, en ekki unnt að ljúka á nægilega skömmum tíma með eðlilegum hluta viðkomandi staðar, og einnig að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum með því að gera kleift að láta vinna í einu lagi fyrir meira en eins árs framlagshluta, einkum ef um fámennt byggðarlag er að ræða, sem fær lága upphæð árlega.

Um 35. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 36. gr.

Grein þessi er samhljóða 49. gr. gildandi vegalaga.

Um VI. kafla

Um einkavegi.

Í gildandi vegalögum eru ekki ákvæði um einkavegi.

Þó er nokkuð um slíka vegi, og hefur óvissa um lögskyldu til viðhalds þeirra valdið nokkrum vanda, einkum ef eigendur eru margir, svo sem þegar um vegi um garðlönd eða að sumarbústöðum er að ræða. Þar sem einkavegir eru utan vegalaga nú, er ekki unnt að beita hinni almennu eignarnámsheimild vegalaga, er fara þarf með einkavegi um lönd annarra en vegeigenda, né heldur til efnistöku fyrir lagningu eða viðhald einkavega.

Þar sem búast má við, að einkavegir aukist, m. a. vegna ákvæða 2.—3. mgr. 19. gr., ef frumvarp þetta nær fram að ganga, hefur þótt rétt að freista þess að setja reglur um einkavegi í vegalög.

Um 37. gr.

Til þess að vegur teljist í flokki einkavega samkvæmt skilgreiningu þessarar greinar og njóti réttinda samkvæmt VI. kafla, eru þessi skilyrði:

1) Að vegurinn sé ekki í öðrum vegaflokki, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.
2) Að vegurinn liggi utan skipulagsskyldra svæða, þ. e. sé ekki gata í kaupstað eða kauptúni.
3) Að vegurinn sé kostaður af einstaklingi, fyrirtæki eða opinberum aðila.

Samkvæmt þessu myndi falla hér undir allir heimreiðarkaflar að bæjum, sem ekki komast í tölu sýsluvega eða þjóðvega, svo og vegir að verksmiðjum, iðjuverum og raforkuverum, og nýbýlavegir, meðan þeir hafa ekki verið teknir í tölu sýsluvega eða þjóðvega. Sama er um reiðvegi að segja.

Um 38. gr.

Hér er lagt til, að ráðherra geti, að fengnum tillögum vegamálastjóra, heimilað eignarnám lands vegna lagningar tiltekinna einkavega.

Rétt er að skýra þetta ákvæði þröngt, þannig að heimild þurfi hverju sinni samkvæmt framlögðum teikningum, sbr. orðið „tiltekinna“, en ekki sé unnt að veita neinum aðila rúma heimild til að leggja vegi að verksmiðju sinni eða öðru, eftir því sem hann bezt telur henta síðar, við nánari athugun.

Samkvæmt 2. mgr. getur ráðherra bundið heimild samkvæmt 1. mgr. vissum skilyrðum í almennings þágu (umferðarréttur) og í öryggisskyni (tenging við opinbera vegi).

Um 39. gr.

Rökrétt afleiðing þess, að ríkisvaldið heimilar eignarnám lands vegna einkavega, er að sjálfsögðu, að það ábyrgist eignarnámsþola greiðslu bóta, og er þá einnig sjálfsagt, að ríkissjóður krefjist af eignarnámsbeiðanda nægilegra trygginga, til að ríkissjóður verði skaðlaus, þótt bótagreiðsla falli á hann.

Um 40. gr.

Hér eru settar reglur um skiptingu kostnaðar, þar sem notendur vegarins eru fleiri en einn. Á þetta sérstaklega við um vegi í garðlöndum og að sumarbústöðum.

Orðalagið „í hlutfalli við not þeirra af veginum“ er ekki svo skýrt sem æskilegt væri og getur einatt orðið álitamál, en ekki er gott að koma við jafn hreinum útreikningi og þegar um viðhaldsskyldu fjölbýlishúsa er að ræða og unnt að miða við hundraðshluta hvers eiganda af sameigninni allri.

Verði ágreiningur, má krefjast mats, sbr. 1. mgr. 41. gr.

Um 41. gr.

2. mgr. er í samræmi við það, sem lögfest er með l. nr. 19 24. apríl 1959, um sameign fjölbýlishúsa, að meiri hluti rétthafa geti tekið ákvarðanir, sem bindandi eru fyrir hina. Fleiri hliðstæð dæmi er að finna í lögum.

3. mgr. er ætlað að koma í veg fyrir sífelldar breytingar og deilur, sem af þeim kunna að spinnast. Virðist ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir, að aðstæður haldist óbreyttar í fimm ár, þannig að ekki sé á þeim tíma ástæða til endurskoðunar samkomulags eða mats.

4. mgr. er ætlað að herða á skilum reikninga fyrir þann kostnað, sem hver rétthafi kann að hafa haft og greiðast ætti sameiginlega. Vegna tíðra eigendaskipta, t. d. á garðlöndum og sumarbústöðum, eru allir bakreikningar fyrir slíkan kostnað óheppilegir og geta valdið óþörfum deilum.

Um 42. gr.

Rétt þykir að gera ráð fyrir kosningu stjórnar eða eftirlitsmanns. Þetta ákvæði er í samræmi við vegalög á Norðurlöndum.

Eins og málum er nú háttað, mundi þessi grein mjög sjaldan verða notuð, þar sem langflestir einkavegir eru eign eins aðila.

Um 43. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 38. gr. getur ráðherra bundið heimild til eignarnáms því skilyrði, að almenningi verði frjáls umferð um veginn. Verður því að teljast eðlilegt, að Vegagerð ríkisins líti eftir, að slíkir vegir séu ekki hættulegir umferð.

Um VII. kafla.

Um fjallvegi, ferjuhald, sæluhús o. fl.

Um 44. gr.

1. mgr. er samhljóða 4. gr. gildandi vegalaga.

Með aðalfjallvegum er átt við leiðir milli landshluta, sem ekki hafa verið teknar í flokk sýsluvega eða þjóðvega, svo sem Kaldadal, Kjalveg, Sprengisandsveg og Fjallabaksveg.

Samkvæmt 10. gr. er gert ráð fyrir, að framkvæmdir við aðalfjallvegi verði teknar sérstaklega í vegáætlun. Verður því vart á móti mælt, að höfuðleiðir eins og þær fjórar, sem nefndar eru hér að framan, hafa sérstöðu meðal fjallvega. Með

lagningu þeirra má vera, að unnt reynist að gera sumarfæra akvegi milli landshluta, og auk þess myndu þeir auðvelda ferðafólki að kynnast stórfelldri náttúrufegurð óbyggða Íslands.

Hins vegar er hér um svo stór og kostnaðarsöm mannvirki að ræða, að eðlilegt virðist, að um þau sé fjallað sérstaklega í vegáætlun, á ýtarlegri hátt en um almenna fjallvegi.

Um 45. gr.

Grein þessi er í samræmi við gildandi vegalög, sbr. t. d. 14. gr. þeirra.

Um 46. gr.

Nýbýlavegir eru samkvæmt 7. gr. vegalaga „aðalvegir um lönd, sem nýbýlastjórn hefur tekið að sér að koma í byggð".

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. vegalaga kemur gerð nýbýlavega „til framkvæmda jafnóðum og fé er veitt til hennar í fjárlögum", og er henni er lokið, að dómi vegamálastjóra, er sýslunefnd skylt að taka veginn í tölu sýsluvega.

Því er hér ekki um efnisbreytingu að ræða, og virðist óþarft að lögfesta sérstaklega, að slíkum vegum skuli skipað í ákveðinn flokk opinberra vega. Það myndi talið sjálfsagt, og oft myndi slíkur vegur verða þjóðvegur, þ. e. landsbraut, sbr. 12. gr.

Nefnd þeirri, er samdi þetta frumvarp, bárust tilmæli um það frá Landssambandi hestamanna, að reiðvegir væru teknir upp í ákveðinn vegaflokk.

Í fskj. 7 eru óskir landssambands hestamanna sundurliðaðar, og er af því ljóst, að hér er um alllanga vegi að ræða.

Í gildandi vegalögum er minnzt á reiðvegi, t. d. í 40. gr., en þeir þó ekki teknir með í hið opinbera vegakerfi.

Enda þótt málefni hestamanna séu alls góðs makleg, verður þó ekki sagt, að hestar eða hestvagnar séu nú orðið sá þáttur í flutningakerfi Íslendinga, að stefna beri þess vegna að lagningu sérstaks veganets víða um land fyrir hesta. Telja verður, að með vegalögum eigi fyrst og fremst að reyna að tryggja sem greiðastar umferðarleiðir fyrir vélknúin ökutæki.

Rétt er þó að benda á, að kostnaður við lagningu reiðvega er hverfandi í samanburði við akvegi. Er ekki vafi á því, að ef Alþingi veitti árlega nokkra fjárhæð til reiðvega, í samráði við heildarsamtök hestamanna, mætti með tækjum Vegagerðar ríkisins smátt og smátt ryðja viðunandi reiðvegi víða um land.

Vita- og hafnamálastjóri fór þess og á leit, að vitavegir væru teknir í vegalög sérstaklega. Á það verður ekki fallizt, að slíkir vegir hafi sérstöðu umfram vegi að virkjunum eða iðjuverum, og verður því að fara um það eftir almennum reglum vegalaga, hvort og að hve miklu leyti slíkir vegir komast í flokk opinberra vega eða hvort þeir verða einkavegir.

Um 47.—51. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 33.—37. gr. gildandi vegalaga.

Um VIII. kafla.

Um greiðslu brúagerðarkostnaðar á sýslu-, einka- og fjallvegum.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki gerður munur á vegi og brú (sbr. 1. gr.), þar sem brú telst hluti vegar. Aðalreglan hlýtur því að verða sú, að kostnaður við brúagerðir greiðist á sama hátt og kostnaður við veg. Sama er um viðhald brúa að segja. Á þetta undantekningarlaust við um þjóðvegi. En lagt er til, að ríkissjóður leggi fram nokkru meira til brúa á sýsluvegum en til sjálfra veganna, svo sem nú er, sbr. gildandi brúalög, nr. 37 14. apríl 1954, 2. gr. A, II. a. og 2. mgr. B-liðar sömu greinar.

Um 52. gr.

Samkvæmt gildandi brúalögum má greiða úr ríkissjóði allt að helmingi brúagerðarkostnaðar við brýr 4—10 metra, en allan kostnað, ef brúin er lengri en 10 metrar. Sé brúin aftur á móti styttri en 4 metrar, greiðist kostnaður allur úr sýsluvegasjóði, sbr. brúalög, 2. gr. C-lið.

Hér er lagt til, að greiðsluhlutföll við brýr á sýsluvegum verði hin sömu og nú, nema ríkisframlag til 4—10 m brúa verði ¼ hluti kostnaðar í stað helmings nú.

Samkvæmt gildandi brúalögum má ekki greiða heimaframlag til 4—10 m brúa á sýsluvegum af fé sýsluvegasjóðs, enda myndi slík brú þá byggð að meira en hálfu fyrir ríkisfé, þar sem sýsluvegasjóðirnir myndast bæði af sýsluvegasjóðsgjaldinu og mótframlagi ríkissjóðs. Hefur verið haldið fast við þessa reglu, sbr. orðalag 2. mgr. B-liðar 2. gr. brúalaga.

Í þessu frumvarpi er aftur á móti lagt til, að heimilt verði að greiða þá ¾ hluta byggingarkostnaðar 4—10 m brúa á sýsluvegum, sem ríkissjóður ekki greiðir, úr sýsluvegasjóðunum sjálfum, sem hvern annan vegagerðarkostnað, og er það rökrétt afleiðing af þeirri stefnu frumvarpsins að telja brú sem hluta af vegi.

Af þessu er ljóst, að þrátt fyrir breytinguna á greiðsluhlutfallinu ber ríkissjóður raunverulega ekki minni hluta kostnaðar við umræddar brýr, eftir því sem hér er lagt til, en samkvæmt gildandi lögum.

Um 53. gr.

Í 2. gr. A, IV. b og 2. gr. B, 2. mgr., er heimild til að greiða úr ríkissjóði helming kostnaðar við brýr á einkavegum, og er hér því ekki um nýmæli að ræða.

Um. 54. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um IX. kafla.

Um bráðabirgðaafnot lands.

Í gildandi vegalögum er ekki sérstakur kafli um ýmiss konar bráðabirgðaafnot Vegagerðar ríkisins af landi í sambandi við vegaframkvæmdir, en dreifð ákvæði um sumt af því, sem hér hefur þótt fara betur á að sameina í einn kafla.

Um 55. gr.

Fyrsti og þriðji málsliður greinarinnar eru í samræmi við það, sem verið hefur í framkvæmd, en 2. málsliður er í samræmi við 1. mgr. 27. gr. gildandi vegalaga.

Um 56. og 57. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

Að sjálfsögðu er Vegagerð ríkisins skylt að bæta það tjón, sem bráðabirgðaafnot samkvæmt þessum kafla kunna að valda, og ber þá að beita ákvæðum X. kafla, eftir því sem við á.

Um X. kafla.

Um eignarnám, jarðrask, átroðning o. fl.

Um 59. gr.

Grein þessi er að mestu eins og 26. gr. gildandi vegalaga.

Um 60. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 28. gr. vegalaga.

Um 61. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 29. gr. vegalaga.

Um 62. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 30. gr. vegalaga.

Um 63. gr.

Grein þessi er samhljóða 31. gr. vegalaga.

Um XI. kafla.

Um viðhald og reglur fyrir umferð á opinberum vegum.

Um 64. gr.

Grein þessi fjallar um nokkuð svipað efni og 12. og 44. gr. gildandi vegalaga.

Viðhaldsskyldan hefst, þegar vegur er fullgerður eða er almenn umferð um hann hefur verið leyfð.

Ekki er unnt að setja tæmandi reglur um viðhald vega, og hér er viðhaldsskyldan bundin við það, „sem aðstæður leyfa“. Getur þar verið bæði um að ræða fé, tíma, vitneskju um skemmdir eða hættu o. fl.

Með „viðhaldi“, í þessari grein, er ekki einungis átt við viðgerðir á skemmdum, sem hættulegar geta orðið umferð, og eftirlit með því, hvort slíkar skemmdir séu yfirvofandi, sbr. 65. gr., heldur einnig hið almenna viðhald, svo sem heflun vega, ofaníburð o. fl.

Um 65. gr.

1. mgr. er svipuð 1. mgr. 45. gr. gildandi vegalaga. Þar stendur þó, að framkvæma skuli allar viðgerðir „tafarlaust“, en hér „svo fljótt sem við verður komið“, eftir að vegagerðinni hefur borizt vitneskja um nauðsyn þeirra.

Krafan um tafarlausa viðgerð, þegar er tjón verður, hvort sem umboðsmönnum vegagerðarinnar er kunnugt um það eða ekki, eða hefði átt að vera um það kunnugt, verður ekki skilin bókstaflega. Vart er með nokkurri sanngirni hægt að ganga lengra að þessu leyti en gert er í frumvarpinu.

Sé ekki unnt að gera nægilega fljótt við vegaskemmdir og umferð hættuleg, mundi heimild 2. mgr. 67. gr. til umferðarbanns beitt.

Í gildandi vegalögum er ekki vikið að skaðabótaábyrgð vegagerðarinnar vegna slysa á vegum. Undanfarið hefur í vaxandi mæli gætt tilhneigingar til að koma slíkri bótaskyldu á vegagerðina af hálfu þeirra, sem fyrir tjóni urðu. Hér er lagt til, að ábyrgð vegagerðarinnar komi því aðeins til, að starfsmenn hennar hafi sýnt „stórkostlegt gáleysi“ og ökumenn hefðu ekki getað afstýrt slysi, þótt beitt hefði verið ýtrustu varkárni.

Ætti að vera ljóst, að ekki er unnt að hafa svo stöðugt og vakandi eftirlit með yfir 10 þús. km malarvegakerfi landsins, jafnvel þótt viðhaldsfé væri ríflegra en verið hefur, að ekki verði af og til allvíða varasamir kaflar, sé ekki farið með ýtrustu varkárni.

Um 66. gr.

Grein þessi er samhljóða 46. gr. gildandi vegalaga.

Um 67. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 47. gr. gildandi vegalaga, nema síðari hluti 2. mgr., sem er nýr, en staðfesting á því, sem sjálfsagt hefur þótt í framkvæmd. Í 56. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958 er og heimild til að takmarka leyfilegan öxulþunga bifreiða við burðarþol vega og brúa.

Um XII. kafla.
Um öryggi vega o. fl.

Um 68. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í 2. mgr. 27. gr. gildandi vegalaga. Er talið nauðsynlegt, að tímabundin heimild til takmörkunar mannvirkjagerð verði áfram í vegalögum.

Í sambandi við takmörkun byggingarframkvæmda við þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum myndi vegamálastjórnin verða að hafa fullt samráð við viðkomandi skipulagsyfirvöld.

Um 69. gr.

Hér er um að ræða sama ákvæði og í 6. mgr. 38. gr. vegalaga nú, þar miðað við 10 m frá brún vegar, þ. e. sjálfrar akbrautarinnar, en hér 15 m frá miðlínu vegar, sem mun svipað, nema um mjóa vegi sé að ræða.

Óhætt er að fullyrða, að það er bæði veghaldara og eiganda mannvirkis fyrir beztu, að hæfileg fjarlægð sé milli mannvirkis og vegar, bæði vegna slysahættu og einnig sakir þess, að viðhald vegar er afar erfitt og tafsamt, snjóþyngsli meiri, heflun og snjóruðningur dýrari og hætt við skemmdum, ef mannvirki standa þétt við veg eða jafnvel á vegi, eins og hann er skilgreindur í 1. gr.

Með miðlínu vegar er hér átt við veginn í víðtækustu merkingu, sbr. 1. gr.

Ekki þótti þó annað fært en víkja nokkuð frá hinu almenna ákvæði, er um mjólkurbrúsapalla er að ræða, en staðsetningu þeirra, sem nú er víða ábótavant, eru sett sömu takmörk og í 5. mgr. 38. gr. vegalaga nú.

Ákvæði 3. mgr. er nýtt í vegalögum, sett með hliðsjón af 55. gr. umferðarlaga. Lágir strengir yfir veg valda hættu í umferð, og er nauðsynlegt að hafa hið almenna lágmark svo hátt, að ekki sé brýn hætta á ferðum, þótt strengur kunni að slakna, t. d. í ofviðri eða vegna ísingar.

Um 70. gr.

Hér er lagt til, að vegagerðin geti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, vikið frá ákvæðum 68. gr., bæði gert meiri kröfur til fjarlægðar mannvirkja frá vegi og einnig slakað nokkuð á kröfum 68. gr., ef ekki er um varanleg mannvirki að ræða.

Virðist slík heimild til fráviks ekki óeðlileg, þar sem hér á landi eru aðstæður mjög margbreytilegar og ólíkar og því erfitt að finna eina almenna reglu, sem hæfir í öllum tilfellum. Sanngjarnt er að miða framkvæmd nokkuð við flokk vegar, umferð og líklega umferðaraukningu í framtíðinni, aðstöðu til að reisa mannvirkið í venjulegri fjarlægð frá vegi og annað slíkt.

Í öllum vafatilfellum er þó rétt að halda við hina almennu reglu 68. greinar.

Um 71. gr.

Hér er lagt til, að sérstök ákvæði gildi um fjarlægð mannvirkja við vegamót, þannig að komizt verði, eftir því sem unnt er, hjá „blindum“ hornum eða beygjum.

Þetta ákvæði er nýmæli og miðar að því að draga úr slysahættu.

Heimildin til að færa mörkin út í allt að 150 metra frá skurðpunkti miðlína veganna myndi einkum notuð, ef um væri að ræða hraðbraut, fjölfarinn veg eða hættulegar aðstæður við vegamótin.

Um 72. gr.

Enda þótt segja mætti, að skurðir þeir, sem hér ræðir um, geti talizt „mannvirki“ samkvæmt 69. gr. og þessi grein því óþörf, þótti rétt að undirstrika þetta atriði sérstaklega, þar sem hér er um að ræða mjög algengt tilefni til árekstra og deilna.

Í gildandi vegalögum eru ekki bein ákvæði um fjarlægð framræsluskurða frá vegi, því að með orðinu „skurður“ í 4. mgr. 38. gr. virðist átt við vegskurði. Vega-

gerð ríkisins hefur reynt með samkomulagi við aðila og þátttöku í graftarkostnaði framræsluskurða að hafa áhrif á staðsetningu þeirra og tryggja, að þeir séu í hæfilegri fjarlægð frá vegum, eftir því sem unnt er, svo og að ekki séu gerðar girðingar á vegbekkjum, milli skurða og vega. Slíkar girðingar eru bæði hættulegar skepnum, sem hrekjast á þær undan umferð, og einnig til trafala við snjóruðning á vetrum.

Að öllu athuguðu þykir rétt að setja um þetta beint lagaákvæði, til að enginn vafi sé lengur.

Um 73. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu leyti nýmæli í vegalögum, tekin upp í frumvarpið að marggefnu tilefni.

Um 74. gr.

Í 38. gr. gildandi vegalaga eru reglur um fjarlægð girðinga frá vegum.

Hér er lagt til, að um girðingar verði ákveðið í reglugerð, enda óeðlilegt að binda slíkt ófrávíkjanlega með lagaákvæði.

Skiptingu þjóðveganna í flokka, sem gert er ráð fyrir í 12. gr. frumvarpsins, hljóta að fylgja mismunandi kröfur um fjarlægð girðinga frá vegum.

Reglur um það atriði eru svo margvíslegar, að hentugra þykir að setja slík ákvæði í formi reglugerðar heldur en að lögfesta þau, enda þá hægara um vik að gera á þeim breytingar og frávik, ef reynslan sýnir, að nauðsyn ber til.

Um 75. gr.

Hliðstæð regla er í 3. mgr. 38. gr. gildandi vegalaga, en þar miðað við 10 m fjarlægð frá vegarbrún, en samkvæmt þessari grein er lagt til, að lágmarksfjarlægð grjótgarða, torfgarða og skíðgarða frá vegi verði samkvæmt reglum 69. gr., þ. e. 15 m frá miðlínu landsbrautar, 20 m frá miðlínu þjóðbrauta og 30 m frá miðlínu hraðbrauta.

Um 76. gr.

Grein þessi er að efni til samhljóða 39. gr. gildandi vegalaga, með þeim breytingum, sem fylgja skipulagi því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 77. gr.

Grein þessi er sniðin eftir 40. gr. gildandi vegalaga, með smábreytingum.

Fellt er niður ákvæði 40. gr. vegalaga um hlið á reiðvegum, enda ekki lagt til, að reiðvegir verði í flokki opinberra vega.

Um 78. gr.

1. mgr. er efnislega í samræmi við 41. gr. gildandi vegalaga.

Í 2. mgr. er lagt til, að Vegagerð ríkisins fái sérstaka heimild til að fjarlægja girðingar og trjágróður, ef slíkt er nauðsynlegt til framkvæmdar viðhalds vegar.

Um 79. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 42. gr. gildandi vegalaga. Þó er lagt til, enda eðlilegra, að afgreiðslu sveitarstjórnar megi ávallt skjóta undir úrskurð vegamálastjóra, hvort sem hún er jákvæð eða neikvæð, en ekki aðeins neitun, sbr. 42. gr. gildandi vegalaga.

Um 80. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 43. gr. gildandi vegalaga.

Síðasta mgr. er þó nýmæli. Er augljóst, hver hætta getur af því stafað, ef hliðarvegir eru tengdir hraðbrautum, nema á sem allra fæstum stöðum, þar sem gera má ráð fyrir, að á slíkum brautum, a. m. k. á hraðbraut A, verði, er til kemur, leyfður meiri hámarkshraði en umferðarlög nú heimila.

Þar sem slíkar brautir hafa verið gerðar erlendis, er reynt eftir megni að hafa sem fæsta hliðarvegi við þær tengda af öryggisástæðum.

Um 81. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um XIII. kafla.
Um skemmdir á mannvirkjum o. fl.

Um 82.—84. gr.

Greinar þessar eru efnislega samhljóða 51—53. gr. gildandi vegalaga.

Um XIV. kafla.
Um fjáröflun til vega- og gatnagerðar.

Höfuðatriði þessa kafla er, að tekjur ríkisins af benzínskatti, þungaskatti og gúmmígjaldi renni til vegamála, samkv. nánari ákvæðum í frumvarpinu, en hingað til hefur mest af þessum tekjum runnið til almennra þarfa ríkissjóðs. Með þessu móti fæst fastur tekjustofn til framkvæmda í vegamálum, sem á að aukast nokkuð í samræmi við auknar þarfir vegna vaxandi bílakosts og umferðar.

Til þess að auka verulega framlög til þjóðvega og sýsluvega, svo og afla fjár til styrktar gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum, þá er lagt til, að benzínskattur, þungaskattur og gúmmígjald hækki það mikið, að þessir þrír skattar ásamt framlagi skv. 89. gr. gefi um 245 millj. kr. tekjur 1964, miðað við heilt ár, sbr. skýringar við 96. gr. Með þessu móti hækka framlög til vegamála í heild um 56 af hundraði, miðað við fjárlagafrumvarp 1964, er nú liggur fyrir Alþingi.

Um 85. gr.

Lagt er til, að sérstakt innflutningsgjald af benzíni verði kr. 2.77 af hverjum lítra. Samkvæmt gildandi lögum er gjald þetta kr. 1.47 af hverjum lítra, og er því um 130 aura hækkun að ræða. Af gjaldi þessu er kr. 0.31 innheimt samkvæmt lögum nr. 68/1949, en kr. 1.16 samkvæmt lögum nr. 4/1960. Renna beint til brúasjóðs 19 aurar og til vega milli byggðarlaga (vegasjóðs) 14 aurar af hverjum lítra.

Á eftirfarandi yfirliti er sýnt, hvernig fjölgun bifreiða hefur verið undanfarin 2 ár, sala á benzíni og tekjur af benzínskatti. Enn fremur áætlun fyrir yfirstandandi ár og næsta ár:

Ár	Bifr.fj. pr. 1. jan.	Aukn. %	Benzínsala í millj. l. Brúttó	Endurgr.	Nettó	Aukn. %	Benzínskattur af nettó sölu í millj. kr. 1,47 kr. /l.	2,77 kr. /l.
1961	21 630	6.8	54.4	6.0	48.4	–	71.1	134.0
1962	23 300	7.2	57.7	6.5	51.2	5.8	75.3	141.7
1963	25 485	9.4	–	–	53.8	5.1	79.2	149.0
1964 (áætl.) ...	29 000	13.7	–	–	56.5	5.0	83.0	156.5

Af ofangreindu yfirliti sést, að sala á benzíni vex mun hægar en fjölgun bifreiða nemur. Stafar það af því, að allar stórar bifreiðar, og einnig nokkuð af litlum bifreiðum, sem fluttar hafa verið til landsins hin síðari ár, hafa verið með dieselvélum. Einnig hefur nokkuð verið gert af því að setja dieselvélar í stað benzínvéla í gamlar bifreiðar.

Á fylgiskjali VIII er sýnd benzínsala hér á landi undanfarin 13 ár. Kemur þar í ljós, að árin 1951—1961 stendur benzínsalan nær alveg í stað þrátt fyrir það, að bifreiðaeign landsmanna jókst á sama tíma úr 17 800 í 23 300 bifreiðar, eða um 31%.

Af 2800 bifreiðum, sem fluttar voru til landsins á s. l. ári, voru um 700 dieselbifreiðar og líklegt er, að svipað hlutfall verði milli diesel- og benzínbifreiða, sem fluttar hafa verið inn í ár, en til 1. nóv. höfðu alls verið fluttar til landsins og toll-

afgreiddar 4157 bifreiðar. Verði lagður niður á árinu svipaður fjöldi bifreiða og á s. l. ári, eða um 660, má búast við, að skráðar bifreiðar um næstu áramót verði um 29 000.

Hinn mikli innflutningur dieselbifreiða stafar af því, að dieselolía er nær alveg skattfrjáls og að þungaskattur af dieselbifreiðum, sem kemur í stað innflutningsgjalds af benzíni, hefur ekki hækkað nærri eins mikið á undanförnum árum og innflutningsgjöld af benzíni.

Benzínsala á yfirstandandi ári var fram til 1. október 5.2% meiri en á s. l. ári og er hér reiknað með, að heildarsalan í ár verði 5.1% meiri en s. l. ár.

Þar sem gera má ráð fyrir, að eitthvað dragi hlutfallslega úr benzínnotkun á næsta ári, ef benzínverð hækkar, þó að bifreiðainnflutningur verði verulegur, þá þykir ekki varlegt að reikna með meiri aukningu á benzínsölu á því ári en 5%. Yrði þá nettósalan um 56.5 millj. lítra og tekjur af 2.77 kr. gjaldinu um 156.5 millj. kr. miðað við heilt ár, eða 73.5 millj. kr. af 130 aura hækkuninni.

Um 86. gr.

Lagt er til, að gúmmígjald verði kr. 9.00 af hverju kg. Samkvæmt lögum nr. 65/1958 er gjald þetta nú kr. 6.00 af hverju kg, og er því um 50% hækkun að ræða. Tekjur af þessum lið hafa hafa orðið svo sem hér segir:

1961	3.7	millj. kr.
1962	5.5	— —
1963 (áætl.)	6.0	— —
1964 (áætl.)	6.7	— —

Þessi áætlun er miðuð við reynslu s. l. árs og innflutning það sem af er þessu ári. Með 50% hækkun á gúmmígjaldinu má gera ráð fyrir, að tekjur af þessum lið á næsta ári geti orðið um 10 millj. kr.

Um 87. gr.

a) Lagt er til, að þungaskattur af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga og nota benzín að eldsneyti, verði óbreyttur frá því, sem er, samkv. lögum nr. 65/1958, eða kr. 72.00 af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.

b) Lagt er til, að skattur af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, verði samkv. töflu þeirri, er sýnd er í 87. gr., b-lið. Er þar um verulega hækkun á þungaskatti að ræða, og er gert ráð fyrir, að þungaskattur af bifreiðum til fólksflutninga verði hinn sami og til vöruflutninga. Sú regla gilti allt frá árinu 1949 til 1. jan. 1959, er lög nr. 65/1958 tóku gildi.

Samkv. þessari grein breytist þungaskattur eins og eftirfarandi yfirlit sýnir:

	Samkvæmt lögum nr. 65/1958		Samkvæmt frumvarpi			
Þyngd	Fólksbifr.	Vörubifr.	Fólksbifr.	Hækkun	Vörubifr.	Hækkun
kg	kr.	kr.	kr.	%	kr.	%
1500	2700	2025	8500	215	8500	318
2000	3600	2700	8500	136	8500	215
3000		4050	9250		9250	120
4000		5400	10000		10000	85
5000		6750	11000		11000	63
6000		8100	12000		12000	48
7000		9450	14000		14000	48
8000		10800	16000		16000	48

Að sjálfsögðu hefði verið æskilegast að geta skattlagt þær bifreiðar, er nota annað eldsneyti en benzín, á sama hátt og benzínbifreiðarnar, þ. e. með skatti á

eldsneytið. Það hefur þó, að vel athuguðu máli, verið talið óframkvæmanlegt, þar sem flestar þessara bifreiða nota dieselolíu sem eldsneyti, en þessi olía er einnig notuð til fiskibáta og upphitunar húsa. Yrði því í framkvæmd ógerlegt að hafa eftirlit með því, að olía til húsa og fiskiskipa yrði ekki notuð á bifreiðar, ef sú olía yrði skattlögð sérstaklega. Með því fyrirkomulagi, sem hér er lagt til, er það ósamræmi í skattlagningu benzínbifreiða og dieselbifreiða, að þær fyrrnefndu eru raunverulega skattlagðar miðað við notkun þeirra, en þær síðarnefndu skattlagðar óháð því, hve mikið þær eru notaðar. Hjá þessu verður þó trauðla komizt af þeim ástæðum, sem greindar eru hér að framan.

Á árinu 1949 var skattur af dieselbifreiðum kr. 90.00 á hver 100 kg af fullum þunga þeirra. Með lögum nr. 65/1958 var skattur þessi hækkaður um 100% á dieselbifreiðum, en undanþegnar voru þó sérleyfisbifreiðar og vörubifreiðar knúnar dieselvélum, en á þeim var skatturinn hækkaður um 50%. Nú er lagt til, að bifreiðar allt að 2000 kg að þyngd greiði jafnháan þungaskatt, kr. 8500.00.

Á línuriti því, sem er á fskj. X, er sýndur samanburður á þungaskatti af dieselbifreiðum og benzín- og þungaskatti af benzínbifreiðum, miðað við gildandi lög og frumvarpið. Af línuriti þessu má sjá, að dieselfólksbifreið, 1.5 tonn að þyngd, borin saman við jafnþunga benzínfólksbifreið, hefur aðeins þurft að aka 7500 km til þess að vinna upp þungaskattinn á móti innflutningsgjaldi af benzíni. Með hækkun þeirri á þungaskatti og innflutningsgjaldi af benzíni, sem lögð er til hér, þarf dieselbifreiðin að aka um 18 000 km, til þess að þungaskatturinn af henni jafnist á við innflutningsgjaldið af benzíni til benzínbifreiðarinnar.

Séu hins vegar bornar saman 5 tonna benzín- og dieselvörubifreiðar, þá þarf nú að aka dieselvörubifreiðinni 11 500 km til þess að vinna upp þungaskattinn, en samkv. frumvarpinu aðeins 10500 km. Má því segja, að það sé síður en svo hallað á hinar þungu dieselbifreiðar með frv.

Í raun og veru felur þessi lága sköttun dieselbifreiða í sér niðurgreiðslu á kostnaði við þungavöruflutninga. Þungar dieselbifreiðar slíta vegum meira en aðrar bifreiðar, en greiða minna fyrir notkun þeirra. Lágur flutningskostnaður með dieselbifreiðum leiðir svo aftur til þess, að flutningar á landi aukast á kostnað sjóflutninga. Halla á strandsiglingum verður síðan að greiða af almannafé. Allt flutningakerfið verður með þessu móti óhagkvæmara en ella mundi. Ef þungaskattur væri hins vegar hækkaður með það fyrir augum, að dieselbifreiðar bæru sinn hluta af vegakostnaði til samræmis við benzínbifreiðar, mundi þetta hafa veruleg áhrif á verðlag landbúnaðarafurða og þar með á almennt verðlag í landinu. Hér er því um mjög alvarlegt vandamál að ræða, sem þarfnast nákvæmrar athugunar. Í þessu frumvarpi er ekki lagt til, að vikið verði frá þeirri stefnu, sem áður hefur verið fylgt.

Ef athugað er, hvaða áhrif hækkun þungaskattsins á stórar dieselbifreiðar muni hafa á flutningsgjöld almennt, þá kemur í ljós, að af 5 tonna dieselbifreið eru greiddar í þungaskatt 6750.00 kr. á ári, en munu verða 11 000.00 kr. Hækkunin nemur 4250.00 kr. Aki slík bifreið um 40 000 km á ári, sem samkv. upplýsingum Mjólkurbús Flóamanna mun vera algeng vegalengd fyrir bifreiðar, sem flytja mjólk frá Suðurlandsundirlendinu til mjólkurbúsins á Selfossi, nemur þessi hækkun á þungaskatti um 10.6 aurum á ekinn km, eða um 2.1 aurum á tonnkm. Miðað við gildandi taxta Landssambands vörubifreiðastjóra fyrir 5 tonna bifreiðar, nemur þessi hækkun á gjaldinu um 1.0%. Er því ljóst, að þessi hækkun á þungaskatti muni ekki geta haft nein teljandi áhrif á flutningsgjöld almennt. Hins vegar munu þær samgöngubætur, sem frv. stefnir að, hafa víðtæk áhrif til sparnaðar í rekstri fyrir þungaflutninga á landi, þegar fram líða tímar.

c) Skattur af bifhjólum er áætlaður óbreyttur.

Tekjur samkv. 87. gr. a—c eru áætlaðar samkv. frumvarpinu alls 31 millj. kr. árið 1964. Samkvæmt gildandi lögum yrðu tekjur af þungaskatti á næsta ári um 21.0 millj. kr., en tekjur af hækkun þungaskatts um 10.0 millj. kr. Erfitt er að

áætla hækkun þessa nákvæmlega, þar sem ekki er vitað, hve margar bifreiðar fá undanþágur frá þungaskatti nú eða fá þær samkv. 88. gr. frv.

Hinsvegar voru 1460 dieselbifreiðar skráðar í júlí 1962, en voru hinn 25. nóvember í ár orðnar 2407. Nær 700 þessara bifreiða eru 1.2—1.4 tonn að þyngd og mestur hluti þeirra jeppabifreiðar, sem búast má við að fái undanþágu skv. 88. gr.

Um 88. gr.

Undanþágur frá gjöldum samkv. 87. gr. eru hinar sömu og í gildandi lögum, nr. 68/1949.

Þó þykir rétt, að eigendur diesel-jeppa njóti sömu réttinda um endurgreiðslu þungaskatts og eigendur benzín-jeppa njóta nú skv. gildandi lögum, enda mun svo hafa verið í framkvæmd.

Um 89. gr.

Sjá skýringar við 96. gr., lið B.

Um 90.—94. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 95. gr.

Rétt þykir að hafa í lögum heimild til að leggja á umferðargjald, sem greitt er af hverri bifreið í hvert skipti sem hún fer um veg eða brú.

Hafa verður í huga, að litlar líkur eru til, að hagkvæmt þyki í náinni framtíð að nota slíka heimild, en það kæmi aðeins til greina, vegna innheimtukostnaðar, er umferð nemur þúsundum bifreiða daglega að staðaldri.

Erlendis er slíkt fyrirkomulag algengt, einkum er vegir eru lagðir fyrir lánsfé, sem síðan er greitt með umferðargjaldi.

Um 96. gr.

Tekjur samkv. 85.—90. gr. áætlast þannig árið 1964:

A. Tekjur:

1.	Tekjur af núv. innflutningsgjaldi af benzíni, er rennur til ríkissjóðs (114 aurar á l)	64.5	millj. kr.
2.	Tekjur af núv. gjaldi til vega- og brúasjóðs (33 aurar á l)	18.5	— —
3.	Tekjur af hækkun á innflutningsgjaldi á benzíni (130 aurar á l)	73.5	— —
4.	Tekjur af núverandi gúmmígjaldi	6.7	— —
5.	Tekjur af 50% hækkun á gúmmígjaldi	3.3	— —
6.	Tekjur af núverandi þungaskatti	21.0	— —
7.	Tekjur af hækkun á þungaskatti	10.0	— —
8.	Fjárveiting á 13. gr. A fjárlaga, skv. 89. gr.	47.1	— —
	Samtals	244.6	millj. kr.

B. Áhrif á ríkissjóð:

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, missir ríkissjóður nokkra tekjustofna, en losnar á móti við útgjöld, sem því nemur á 13. gr. A fjárlaga. Gert er ráð fyrir, að hagnaður ríkissjóðs af breytingunni miðað við frv. til fjárlaga fyrir 1964 komi sem sérstakt framlag á 13. gr. A fjárlaga, skv. 89. gr. frv. þessa.

Áhrifin á útgjöld ríkissjóðs miðað við tekjuáætlun undir lið A og frv. til fjárlaga fyrir 1964 verða svo sem hér segir:

1.	Lækkun útgjalda, sbr. lið C	139.3	millj. kr.
2.	Lækkun tekna, liður A (1+4+6)	92.2	— —
3.	Hagnaður ríkissjóðs af breytingunni	47.1	millj. kr.

C. Samanburður á framlagi til vegamála samkv. fjárlagafrv. fyrir 1964 og lauslegri hugmynd vegalaganefndar um skiptingu á tekjum samkv. frumvarpi þessu.

(Upphæðir í millj. króna.)

		I.		II.
		Frumv. til fjárl. 1964:		Tillaga skv. frumv.:
1. Stjórn og undirbúningur (I)			5.138	5.50
2. a. Fjárv. til vega (II, a, d, f, V)	28.055			
Millibyggðafé (vegasjóður II, e) ..	7.100			
		35.155		
b. Fjárveit. til brúa (III og IV)	14.705			
Brúasjóður	10.000			
		24.705		
c. Slysatrygging, orlof o. fl. (½ XV—XVII)		1.635		
			61.495	107.60
3. Viðhald þjóðvega (II, c og ½ XV—XVII)			71.635	75.00
4. Framlag til sýsluvegasjóða (VII) ...			3.300	11.00
5. Til vega í kaupst. og kauptúnum			0.000	27.00
6. Ýmsir liðir, vélakaup o. fl. (VI, XI, XII, XIII, XIV)			3.945	8.00
7. Ýmsir liðir, sem ekki verða gr. skv. frv. þessu (VIII, IX og X)			0.468	0.00
8. Afborganir og vextir af föstum lánum vegna nokkurra vega (II, b)			10.446	10.50
Samtals			156.427	244.60
÷ Tekjur vega- og brúasjóðs, 13. gr. A, frv. fjárl. 1964			17.100	
			139.327	

(Tölur innan sviga hér að ofan, eiga við liði á 13. gr. A í fjárlagafrv. fyrir 1964.)

Samkv. yfirliti undir lið A verða heildartekjur skv. frv. árið 1964 um 244.6 millj. kr. og þar af eru tekjur af benzínskatti áætlaðar 156.5 millj. kr. Taki ákvæði þessi gildi 1. jan. 1964 og verði sama fyrirkomulag á innheimtu benzínskatts og nú er, þá verða handbærar tekjur af benzínskatti eins og hér segir:

1.	Af núv.	114	aura	gjaldi	til	ríkissjóðs	100%	af 64.5	millj. kr.	=	64.5 millj. kr.
2.	— —	19	—	—	—	brúasjóðs	175%	— 10.7	— —	=	18.7 — —
3.	— —	14	—	—	—	vegasjóðs	125%	— 7.9	— —	=	9.9 — —
4.	— nýju	130	—	—	skv. frv.		75%	— 73.5	— —	=	55.0 — —
											Samtals 148.1 millj. kr.

Verða því handbærar tekjur 8.4 millj. kr. lægri en gert er ráð fyrir undir lið A.

Á yfirliti undir lið B sést, að útgjöld ríkissjóðs lækka við þessa breytingu um 47.1 millj. kr. og er gert ráð fyrir að a. m. k. þessi upphæð verði tekin í fjárlög 1964, sem sérstakt framlag á 13. gr. A.

Á yfirliti undir lið C er sýndur samanburður á skiptingu útgjalda til vegamála skv. 13. gr. A í frv. til fjárlaga fyrir 1964 og skiptingu útgjalda samkv. frumvarpi þessu. Er þar til glöggvunar á samanburði miðað við heildartekjur skv. frv., 244.6 millj. kr. Hins vegar verða handbærar tekjur ekki nema 236.2 millj. kr. og yrði þá að lækka liði C 2 og C 5 sem því næmi.

1. Stjórn og undirbúningur er hækkaður um 7% með tilliti til þess, að framkvæmd hinna nýju laga krefst meira starfsliðs en nú er, við samningu vegaáætlunar og eftirlit og undirbúning aukinna framkvæmda.
2. Framlög til nýrra vega og brúa að meðtöldum tekjum vega- og brúasjóðs af benzínskatti skv. gildandi lögum (33 aurar) hækka úr 61.5 millj. kr. í 107.6 millj. kr. eða um 75%. Ef talin eru með útgjöld til afborgana og vaxta af föstum lánum vegna nokkurra vega undir lið C 8, verður hækkunin úr 72 millj. kr. í 118.1 millj. kr. eða 64%.

   Með útgjöldum á þessum lið er talinn helmingur af gjöldum vegna slysatrygginga, orlofs og atvinnuleysistrygginga í frv. til fjárl. 1964 (½ XV—XVII).

   Sízt mun veita af þessari hækkun ef koma á vegakerfi landsins í viðunandi horf.
3. Í þessum lið er með fjárv. til viðhalds þjóðvega í frv. til fjárl. fyrir 1964 talinn helmingur af fjárveitingum til slysatrygginga, orlofs og atvinnuleysistrygginga alls 1,635 millj. kr. (½ XV—XVII). Í viðhaldskostnaði þjóðvega 1964 er gert ráð fyrir nokkurri hækkun vegna aukins vegakerfis samkv. frumvarpinu og hækkunar á benzíni, gúmmígjaldi og þungaskatti.
4. Framlög til sýsluvegasjóða hækka úr 3.3 millj. kr. í 11.0 millj. kr. eða um 233%. Er hér raunar um áætlunarupphæð að ræða, þar sem miðað er við manntal 1. des. 1962 og núgildandi kaup fullgildra verkamanna við vega- og brúagerð, sem er kr. 28.34 á klst. Gert er einnig ráð fyrir nokkrum tekjum skv. 23. gr. frv. þessa, en örðugt hefur reynzt að fá yfirlit um þær tekjur. Munu þær þó í einstökum sýslum nema nokkrum fjárhæðum.

   Á árinu 1963 var alls varið til sýsluvega 6.5 millj. kr., en yrði skv. frv. um 16 millj. kr. og er það hækkun um 9.5 millj. kr. eða 146%. Samkv. frumvarpinu yrðu sýsluvegir um 2700 km. Sæmilega ætti að vera séð fyrir viðhaldi þessara vega með um 2000 kr. á km eða um 5.4 millj. kr., þar sem hér er um fáfarna vegi að ræða. Verða þá liðlega 10 millj. kr. til nýlagningar þessara vega, og verður að telja, að ekki sé verr að þessum vegum búið með frv. en þjóðvegunum.
5. Fjárveiting til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum hefur undanfarin ár verið 95 þús. kr. í fjárl., en hefur verið felld niður í frv. til fjárl. 1964, þar sem þessi upphæð hefur enga raunhæfa þýðingu.

   Framlagið til vegagerðar í kaupstöðum og kauptúnum í frumvarpi þessu má heita algjört nýmæli. Nemur sú upphæð 11% af heildartekjum samkv. frumvarpinu.

   Stórfellt verkefni er enn óleyst í sambandi við vega- og gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum. Þó að margir kaupstaðir og kauptún hafi af eigin rammleik lagt mikið á sig til lausnar þessum vanda, þá er það skoðun nefndarinnar, að með þessu framlagi, svo og verulegum framlögum á móti, verði stigið stórt skref í áttina til þess að leysa þessi mál til frambúðar.
6. Gert er ráð fyrir, að útgjöld skv. þessum lið hækki verulega og þá aðallega fjárveiting til vélakaupa.
7. Í þessum lið eru ýmis gjöld skv. fjárlagafrv., sem ekki falla undir útgjöld samkv. frumvarpinu, liðir VIII og IX, eða koma til greiðslu eftir nýjum reglum í frumvarpi þessu, liður X.

   Á yfirliti undir lið C má sjá, að öll fjárframlög ríkisins til vegamála á 13. gr. A í frv. til fjárl. 1964, að viðbættum tekjum vega- og brúasjóðs af benzínskatti, nema alls 156.4 millj. kr. Þetta framlag hækkar samkv. frumvarpinu í 244.6 millj. kr., miðað við heilt ár, eða um 56%. Sé miðað við það fé, sem handbært verður 1964, nemur hækkunin 80 millj. kr. eða 51%.

   Að lokum er það nýmæli í þessari grein, að ½% af tekjum skv. frv. skuli varið til rannsókna og tilrauna í vega- og gatnagerð. Engin föst fjárveiting hefur verið í þessu skyni í fjárlögum undanfarin ár. Þær fáu tilraunir í þessu efni,

sem gerðar hafa verið, hafa verið kostaðar af viðhaldsfé þjóðvega, að undanskildum byrjunartilraunum með olíuborna möl, sem veitt var til fé í fjárl. 1962 og 1963.

Staðhættir hér á landi eru svo ólíkir erlendum aðstæðum á margan hátt, að ógerlegt má teljast að nota, nema að takmörkuðu leyti, erlenda reynslu við vega- og gatnagerð hér á landi. Með fjárframlagi þessu ætti að vera hægt að halda uppi nokkrum tilraunum með nýjungar í vega- og gatnagerð.

Um XV. kafla.

Niðurlagsákvæði.

Um 97.—99. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 100. gr.


Hér er gert ráð fyrir gildistöku 1. janúar 1964, en að sjálfsögðu verður það ákvæði að fara eftir því, hvenær Alþingi afgreiðir málið, og þarf því að endurskoða þetta atriði í meðferð málsins á Alþingi.

Um ákvæði til bráðabirgða:


Enda þótt margt þeirra athugana, skýrslna og uppdrátta, sem gert hefur verið í sambandi við störf vegalaganefndar, geti komið að góðum notum við samningu vegáætlunar, er þó mikið verk að ljúka slíkri áætlun í því formi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hefur ekki þótt rétt að leggja vinnu í að fullgera slíka áætlun, fyrr en séð yrði, hverja afgreiðslu frumvarp vegalaganefndar fengi.

Fylgiskjal I.

Vegur með varanlegu slitlagi



Malarvegur



Fylgiskjal II.

Þjóðvegir samkv. reglum í tillögum vegalaganefndar.

Yfirlit yfir allt landið.

Sýslur	Núv. þjóðv. í km	Tillaga vegalaganefndar stytting í km	lenging í km	vegur skv. till. í km
Gullbringusýsla	174,9	4,0	10,2	181,1
Kjósarsýsla	184,8	—	—	184,8
Borgarfjarðarsýsla	352,4	11,8	27,0	367,6
Mýrasýsla	322,5	24,9	32,0	329,6
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	434,0	50,7	11,9	395,2
Dalasýsla	296,5	14,2	22,8	305,1
Barðastrandarsýsla	508,4	54,1	68,5	522,8
V.-Ísafjarðarsýsla	195,7	3,5	9,0	201,2
N.-Ísafjarðarsýsla	397,3	49,1	—	348,2
Strandasýsla	328,5	15,0	30,0	343,5
V.-Húnavatnssýsla	254,8	12,0	35,6	278,4
A.-Húnavatnssýsla	296,4	11,5	2,0	286,9
Skagafjarðarsýsla	410,2	14,6	64,1	459,7
Eyjafjarðarsýsla	320,3	12,2	79,7	387,8
S.-Þingeyjarsýsla	495,2	42,4	39,0	491,8
N.-Þingeyjarsýsla	369,7	51,4	13,8	332,1
N.-Múlasýsla	743,2	40,4	67,2	770,0
S.-Múlasýsla	606,8	50,5	36,0	592,3
A.-Skaftafellssýsla	280,7	95,7	43,0	228,0
V.-Skaftafellssýsla	296,4	38,0	10,3	268,7
Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar	434,2	38,2	62,5	458,5
Árnessýsla	590,8	20,2	129,0	699,6
	8293,7	654,4	793,6	8432,9

Gullbringusýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga vegalaganefndar stytting í km	lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Reykjanesbraut	66,6	2,0	—	64,6	að Hvalnesi
Grindavíkurvegur	30,4	—	—	30,4	
Miðnesheiðarvegur	6,3	—	—	6,3	
Hafnavegur	24,4	—	—	24,4	
Garðskagavegur	2,0	2,0	—	0,0	
Álftanesvegur	4,2	—	7,8	12,0	
Vífilsstaðavegur	2,2	—	—	2,2	
Elliðavatnsvegur	7,4	—	—	7,4	
Krýsuvíkur- og Selvogsv.	31,4	—	—	31,4	
Þórkötlustaðavegur	0,0	—	2,4	2,4	
	174,9	4,0	10,2	181,1	

Kjósarsýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Suðurlandsvegur	19,9	—	—	19,9	
Reykjanesbraut	3,4	—	—	3,4	
Útvarpsstöðvarvegur	3,5	—	—	3,5	
Elliðavatnsvegur	4,1	—	—	4,1	
Þingvallavegur	15,7	—	—	15,7	
Vesturlandsvegur	63,5	—	—	63,5	
Heiðmerkurvegur	2,9	—	—	2,9	
Keldnavegur	0,6	—	—	0,6	
Úlfarsárvegur	4,5	—	—	4,5	
Gufunesvegur	3,7	—	—	3,7	
Reykjavegur	13,2	—	—	13,2	
Kjalarnesvegur innri	9,5	—	—	9,5	
Eyrarfjallsvegur	10,7	—	—	10,7	
Kjósarskarðsvegur	18,8	—	—	18,8	
Reynivallavegur	10,8	—	—	10,8	
	184,8	—	—	184,8	

Borgarfjarðarsýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Vesturlandsvegur	64,0	—	—	64,0	
Draghálsvegur	31,0	—	—	31,0	
Skorradalsvegur	39,5	—	9,0	48,5	
Leirársveitarvegur	10,6	—	—	10,6	
Svínadalsvegur	12,0	—	—	12,0	
Akranesvegur	14,0	—	—	14,0	
Akrafjallsvegur	20,0	—	—	20,0	
Melasveitarvegur	15,5	—	—	15,5	
Mófellsstaðavegur	6,8	—	—	6,8	
Lundarreykjadalsvegur	25,5	—	—	25,5	
Skálpastaðavegur	15,2	—	—	15,2	
Bæjarsveitarvegur	22,8	5,8	—	17,0	
Flókadalsvegur	13,5	—	—	13,5	
Reykdælavegur	23,0	6,0	7,0	24,0	
Borgarfjarðarbraut	39,0	—	—	39,0	
Uxahryggjav. (áður fjallv.)	0,0	—	10,0	10,0	
Hvanneyrarvegur	0,0	—	1,0	1,0	
	352,4	11,8	27,0	367,6	

Mýrasýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Vesturlandsvegur	40,0	—	—	40,0	
Borgarnesbraut	11,0	—	—	11,0	
Ferjubakkavegur	5,7	—	—	5,7	
Borgarfjarðarbraut	15,0	—	—	15,0	
Varmalandsvegur	5,5	—	22,0	27,5	

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga vegalaganefndar: stytting í km	lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Stafholtsvegur	5,6	2,6	—	3,0	að Stafholti
Þverárhlíðarvegur	20,0	—	—	20,0	
Álma að Hermundarst.	6,6	—	10,0	16,6	
Hvítársíðuvegur	35,0	—	—	35,0	
Glitstaðavegur	2,1	—	—	2,1	
Króksvegur	2,0	—	—	2,0	
Valbjarnarvallavegur	6,0	6,0	—	0,0	
Álftaneshreppsvegur	22,0	2,0	—	20,0	
Álftanesvegur	6,3	2,3	—	4,0	að Miðhúsum
Grímsstaðavegur	12,0	12,0	—	0,0	
Hraunhreppsvegur	40,0	—	—	40,0	
Sauravegur	11,5	—	—	11,5	
Þverholtavegur	8,3	—	—	8,3	
Staðarhraunsvegur	6,9	—	—	6,9	
Stykkishólmsvegur	27,0	—	—	27,0	
Norðurlandsvegur	34,0	—	—	34,0	
	322,5	24,9	32,0	329,6	

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga vegalaganefndar: stytting í km	lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Skógavegur	4,0	4,0	—	0,0	
Hnappadalsvegur	32,0	3,0	—	29,0	
Stykkishólmsvegur	71,0	—	—	71,0	
Kolviðarnesvegur	5,8	2,0	—	3,8	að skóla
Hítarnesvegur	6,8	3,8	—	3,0	
Skógarnesvegur	8,3	—	7,7	16,0	
Stakkhamarsvegur	5,0	5,0	—	0,0	
Krossavegur	7,0	7,0	—	0,0	
Ölkelduvegur	5,0	3,0	—	2,0	
Lýsuhólsvegur	5,1	5,1	—	0,0	
Ólafsvíkurvegur	57,0	—	—	57,0	
Útnesvegur	53,0	—	—	53,0	
Búðavegur	2,4	—	—	2,4	
Hellnavegur	2,0	—	—	2,0	
Rifsvegur	3,0	—	2,0	5,0	
Hellissandsvegur	9,0	—	—	9,0	
Eyrarsv.- og Fróðárhreppsv.	60,0	—	—	60,0	
Framsveitarvegur	17,5	—	—	17,5	
Bjarnarhafnarvegur	10,0	10,0	—	0,0	
Helgafellssveitarvegur	11,3	—	—	11,3	
Borgarlandsvegur	3,3	3,3	—	0,0	
Skógarstrandarvegur	51,0	—	—	51,0	
Langadalsvegur	4,5	4,5	—	0,0	
Kvíabryggjuvegur	0,0	—	2,2	2,2	
	434,0	50,7	11,9	395,2	

Dalasýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Vesturlandsvegur	85,0	—	—	85,0	
Skógarstrandarvegur	16,0	—	—	16,0	
Miðdalavegur	9,0	—	—	9,0	
Haukadalsvegur	21,0	6,0	—	15,0	að Smyrlahóli
Hörðudalsvegur	10,0	—	5,0	15,0	
Laxárdalsvegur	29,0	—	—	29,0	
Sælingsdalsvegur	6,2	4,2	—	2,0	að skóla
Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	89,0	—	—	89,0	
Efribyggðarvegur	16,0	—	—	16,0	
Salthólmavíkurvegur	2,0	—	—	2,0	
Staðarhólsvegur	8,8	4,0	—	4,8	
Hjarðarholtsvegur	4,5	—	—	4,5	
Laxárdalsvegur nyrðri	0,0	—	17,8	17,8	
	296,5	14,2	22,8	305,1	

Barðastrandarsýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Vesturlandsvegur	47,0	—	—	47,0	
Króksfjarðarnesvegur	1,4	0,0	—	1,4	
Gautsdalsvegur	3,6	3,6	—	0,0	
Reykhólasveitarvegur	28,3	—	6,5	34,8	
Gufudalsvegur	52,0	—	—	52,0	
Bæjarnes- og Svínanesvegur	28,0	25,0	—	3,0	
Fjarðarhlíðarvegur	13,5	4,5	—	9,0	að Deildará
Litlanesvegur	14,0	—	36,0	50,0	
Steinadalsvegur	6,0	—	—	6,0	
Barðastrandarvegur	33,0	—	—	33,0	
Vestfjarðavegur (Arnarfjarðarvegur)	19,0	—	—	19,0	
Bíldudals- og Patreksfjarðarv.	27,5	—	—	27,5	
Dalahr.v. (Ketildala-)	24,0	6,0	—	18,0	
Suðurfjarðavegur	35,6	—	—	35,6	
Tálknafjarðarvegur	15,0	6,0	—	9,0	að L.-Laugard.
Hvammseyrarvegur	4,5	—	—	4,5	
Barðastrandarvegur	80,0	—	—	80,0	
Rauðasandsvegur	25,0	5,0	—	20,0	að vegamótum neðan sneiðings
Örlygshafnarvegur	39,0	4,0	—	35,0	
Kollsvíkurvegur	12,0	—	14,0	26,0	
Tröllatunguheiðarvegur	0,0	—	12,0	12,0	
	508,4	54,1	68,5	522,8	

Ísafjarðarsýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
V.-Ís.					
Ísafjarðarvegur	30,0	—	—	30,0	
Flateyrarvegur	6,5	—	—	6,5	
Hjarðardalsvegur	9,0	—	—	9,0	
Núpsvegur	9,0	1,0	—	8,0	
Ingjaldssandsvegur	21,0	2,5	—	18,5	
Dýrafjarðarvegur	30,2	—	—	30,2	
Þingeyrarvegur	17,0	—	—	17,0	
Arnarfj.vegur (Vestfjarðav.)	32,0	—	—	32,0	
Haukadalsvegur	28,0	—	—	28,0	
Álftamýrarvegur	13,0	—	9,0	22,0	að Lokinhömrum
	195,7	3,5	9,0	201,2	
N.-Is.					
Vesturlandsvegur	37,0	—	—	37,0	
Ármúlavegur	24,0	—	—	24,0	
Snæfjallastr.vegur	34,0	14,0	—	20,0	að Unaðsdal
Ögurvegur	74,0	—	—	74,0	
Vatnsfjarðarvegur	52,7	3,7	—	49,0	að skóla
Jökulfjarðavegur	13,5	13,5	—	0,0	
Aðalvíkurvegur	11,0	11,0	—	0,0	
Hnífsd.- og Bolungarv.v.	12,0	—	—	12,0	
Tungudalsvegur	1,5	1,5	—	0,0	
Engidalsvegur	2,4	2,4	—	0,0	
Ísafjarðarvegur	9,4	—	—	9,4	
Súðavíkurvegur	19,7	—	—	19,7	
Fjarðavegur	87,8	—	—	87,8	
Suðureyrarvegur	18,3	3,0	—	15,3	
	397,3	49,1	—	348,2	

Strandasýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Laxárdalsvegur	8,0	—	—	8,0	
Steinadalsvegur	10,0	—	—	10,0	
Strandavegur	147,0	—	16,0	131,0	
Kaldrananesvegur	8,0	—	—	8,0	
Reykjarfjarðarvegur	103,0	15,0	—	118,0	
Gjögurvegur	11,0	—	—	11,0	
Selstrandarvegur	26,5	—	—	26,5	
Norðurlandsvegur	15,0	—	—	15,0	
Tröllatunguheiðarvegur	0,0	—	14,0	14,0	
	328,5	15,0	30,0	343,5	

Vestur-Húnavatnssýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	Tillaga lenging í km	vegalaganefndar vegur skv. till. í km	Athugas.
Norðurlandsvegur	66,0	—	—	66,0	
Reykjaskólavegur	1,0	—	—	1,0	
Miðfjarðarvegur	21,0	—	3,0	24,0	
Heggstaðanesvegur	8,6	—	—	8,6	
Bessastaðavegur	0,0	—	11,0	11,0	
Hvammstangabraut	5,0	—	—	5,0	
Vatnsnesvegur	38,0	—	—	38,0	
Hlíðardalsvegur	3,7	3,7	—	0,0	
Þorgrímst.dalsvegur	3,8	3,8	—	0,0	
Vesturhópsvegur	38,0	—	—	38,0	
Vesturárdalsvegur	12,0	4,5	6,0	13,5	
Austursíðuvegur	19,0	—	—	19,0	
Austurárdalsvegur	6,4	—	2,6	9,0	
Borgarvegur —	16,9	—	—	16,9	
Fitjavegur	11,0	—	—	11,0	
Fremri-Fitjavegur	0,0	—	5,0	5,0	
Víðidalsvegur	4,4	—	—	4,4	
Ásgeirsárvegur	0,0	—	8,0	8,0	
	254,8	12,0	35,6	278,4	

Austur-Húnavatnssýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	Tillaga lenging í km	vegalaganefndar vegur skv. till. í km	Athugas.
Norðurlandsvegur	64,0	—	—	64,0	
Vatnsdalsvegur	46,4	—	—	46,4	
Reykjabraut	13,0	—	—	13,0	
Svínvetningabraut	33,0	—	—	33,0	
Bugsvegur	10,0	—	2,0	12,0	að Eldjárnsst.
Blöndudalsvegur	4,0	1,0	—	3,0	að Brandsst.
Svínadalsvegur	15,0	—	—	15,0	
Svartárdalsvegur	23,0	10,5	—	12,5	að Leifsstöðum
Skagastrandarvegur	66,0	—	—	66,0	
Laxárdalsvegur	4,8	—	—	4,8	
Þverárfjalls- og Göngu-skarðsvegur	15,0	—	—	15,0	
Flugvallarvegur	2,2	—	—	2,2	
	296,4	11,5	2,0	286,9	

Skagafjarðarsýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga vegalaganefndar stytting í km	lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Norðurlandsvegur	56,2	—	—	56,2	
Þverárfjalls- og Göngu-skarðsvegur	24,5	—	—	24,5	
Skagavegur	41,6	—	—	41,6	
Reykjastrandarvegur	16,0	4,0	—	12,0	að Hólakoti
Sauðárkróksbraut	25,8	—	—	25,8	
Sæmundarhlíðarvegur	6,6	—	8,4	15,0	
Skagafjarðarvegur	38,3	—	—	38,3	
Efribyggðarvegur	13,4	—	—	13,4	
Vesturdalsvegur	9,7	—	—	9,7	
Austurdalsvegur	8,3	8,3	—	0,0	
Út-Blönduhlíðarvegur	19,2	—	—	19,2	
Hofsósvegur	33,8	—	—	33,8	
Álma í Deildardal	8,9	—	7,0	15,9	
Hegranesvegur	6,9	—	12,1	19,0	
Hólavegur	11,1	—	—	11,1	
Siglufjarðarvegur	53,2	—	—	53,2	
Flókadalsvegur vestri	6,7	2,0	—	4,7	að V.-Hól
Siglufjarðarvegur ytri	4,8	—	—	4,8	
Flókadalsvegur eystri	4,8	0,3	—	4,5	að laug
Ólafsfjarðarvegur	20,4	—	—	20,4	
Selvíkurvegur	0,0	—	6,4	6,4	
Héraðsdalsvegur	0,0	—	12,0	12,0	
Bakkavegur	0,0	—	8,2	8,2	
Hrolleifsdals- og Sléttu-hlíðarvegur	0,0	—	10,0	10,0	
	410,2	14,6	64,1	459,7	

Eyjafjarðarsýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga vegalaganefndar stytting í km	lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Hrauns- og Hálsavegur	0,0	—	13,7	13,7	
Siglufjarðarvegur	7,2	—	—	7,2	
Siglufjarðarvegur ytri	10,6	—	—	10,6	
Norðurlandsvegur	61,2	—	—	61,2	
Ólafsfjarðarvegur	18,7	—	—	18,7	
Ólafsfjarðarvegur eystri	9,0	—	—	9,0	
Múlavegur	18,0	—	—	18,0	
Hörgárdalsvegur innri	12,6	2,0	—	10,6	að Myrká
Hörgárdalsvegur ytri	14,5	—	—	14,5	
Álma að Sörlatungu	4,2	4,2	—	0,0	
Dalvíkurvegur	34,5	—	—	34,5	
Hauganesvegur	2,1	—	3,0	7,2	
Árskógssandsvegur	2,1				
Svarfaðardalsvegur	14,3	—	7,5	21,8	að Atlast. og álma yfir á
Hrísavegur	14,6	—	13,0	27,6	

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Hjalteyrarvegur	3,5	—	—	3,5	
Brekkutorfuvegur	0,0	—	12,5	12,5	
Dagverðareyrarvegur	4,0	—	—	4,0	
Gásavegur	0,0	—	7,5	7,5	
Eyjafjarðarbraut	40,3	—	1,7	42,0	að Tjörnum
Álma í Kristnes	1,8	—	—	1,8	
Álma í Djúpadal	9,0	6,0	—	3,0	að Hvassafelli
Finnsst.- og Gilsbakkavegur	0,0	—	6,8	6,8	
Laugalandsvegur	25,9	—	—	25,9	
Vatnsendavegur	12,2	—	4,0	16,2	að Tjörnum
Sölvadalsvegur	0,0	—	10,0	10,0	að Þormóðsst.
	320,3	12,2	79,7	387,8	

Suður-Þingeyjarsýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Norðurlandsvegur	137,6	—	—	137,6	
Svalbarðsstrandarvegur	27,7	—	—	27,7	
Fnjóskadalsvegur eystri	33,5	—	—	33,5	
Fnjóskadalsvegur vestri N	10,3	2,3	—	8,0	að Dæli
Fnjóskadalsvegur vestri S	13,7	—	—	13,7	
Kljástrandarvegur	5,1	5,1	—	0,0	
Svalbarðseyrarvegur	5,3	—	—	5,3	
Kinnarvegur	26,7	—	—	26,7	
Út-Kinnarvegur	9,6	—	—	9,6	
Reykjahverfisvegur	26,9	—	—	26,9	
Laxárdalsvegur	22,0	13,0	—	9,0	að Halldórsst.
Bárðardalsvegur vestri	26,1	—	15,0	41,1	að Mýri
Bárðardalsvegur eystri	36,7	—	—	36,7	
Þingeyjarsýslubraut	68,5	—	—	68,5	
Mývatnssveitarvegur N	16,9	—	—	16,9	
Austurhlíðarvegur	6,6	—	—	6,6	
Reykjaheiðarvegur	22,0	22,0	—	0,0	
Látrastrandarvegur	0,0	—	2,5	2,5	að Finnast.
Baldursheimsvegur	0,0	—	4,0	4,0	að Litluströnd
Hvammavegur	0,0	—	4,0	4,0	
Stafnsvegur	0,0	—	6,0	6,0	
Sandsvegur	0,0	—	7,5	7,5	
	495,2	42,4	39,0	491,8	

Norður-Þingeyjarsýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga vegalaganefndar stytting í km	lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Norðurlandsvegur	4,2	—	—	4,2	
Þingeyjarsýslubraut	38,5	—	—	38,5	
Kópaskers- og Raufarhafnarvegur	120,0	—	—	120,0	
Sandsvegur	2,2	—	4,0	6,2	að vegamótum hjá Víðibakka
Hólsfjallavegur	56,1	—	—	56,1	
Hafursstaðavegur	2,6	2,6	—	0,0	
Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegur	77,0	—	—	77,0	
Holtsvegur	3,5	3,5	—	0,0	
Langanesvegur	42,0	27,0	—	15,0	að vegamótum hjá Krossósi
Eiðisvegur	4,6	4,6	—	0,0	
Ytralónsvegur	5,4	5,4	—	0,0	
Álma að Ártúni	1,3	1,3	—	0,0	
Hólsvegur	7,0	7,0	—	0,0	
Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur	5,3	—	—	5,3	
Gilhaga- og Leifsstaðavegur	0,0	—	9,8	9,8	
	369,7	51,4	13,8	332,1	

Norður-Múlasýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga vegalaganefndar stytting í km	lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Austurlandsvegur	134,9	—	—	134,9	
Stranda- og Jökulsárhl.vegur	141,8	—	—	141,8	
Hafnarvegur	8,1	3,0	—	5,1	að Bakkafj.
Vopnafjarðarvegur	74,0	—	—	74,0	
Vesturdalsvegur	17,0	—	—	17,0	
Strandhafnarvegur	12,0	9,0	—	3,0	að Hámundarst.
Sunnudalsvegur í Vopnafirði	15,8	1,8	3,0	17,0	
Jökuldalsvegur	43,3	12,0	—	31,3	að Brú
Jökuldalsvegur eystri	23,8	—	—	23,8	
Hróarstunguvegur nyrðri	29,5	5,0	—	24,5	að Geirastöðum
Hróarstunguvegur eystri	32,4	—	—	32,4	
Kirkjubæjarvegur	15,6	—	—	15,6	
Upphéraðsvegur	46,9	—	—	46,9	
Fellavegur efri	16,8	—	—	16,8	
Fjarðarheiðarvegur	13,3	—	—	13,3	
Seyðisfjarðarvegur nyrðri	13,9	—	—	13,9	
Seyðisfjarðarvegur syðri	13,1	6,1	—	7,0	að Hánefsst.
Úthéraðs- og Borgarfj.vegur	48,2	—	—	48,2	
Hólalandsvegur í Borgarfirði	8,5	2,5	—	6,0	að Grund
Fjallabæjavegur	4,0	—	6,5	10,5	
Hjaltastaðavegur	15,0	—	—	15,0	
Skóga- og Fljótsdalsvegur	15,3	1,0	—	14,3	

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Þjóðvegurinn hjá Hólmatungu og Árteigi	0,0	—	15,0	15,0	
Steinsvaðsvegur	0,0	—	6,7	6,7	
Húsavíkurvegur	0,0	—	36,0	36,0	
	743,2	40,4	67,2	770,0	

Suður-Múlasýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Austurlandsvegur	201,8	—	—	201,8	
Fjarðarheiðarvegur	12,0	—	—	12,0	
Úthéraðs- og Borgarfj.vegur	21,0	—	—	21,0	
Fjallabæjavegur	9,4	—	10,0	19,4	
Fagradalsbraut	33,5	—	—	33,5	
Eskifjarðarvegur	13,3	—	—	13,3	
Norðfjarðarvegur	21,9	—	—	21,9	
Hólavegur í Norðfirði	3,9	3,9	—	0,0	
Viðfjarðarvegur	23,2	7,0	—	16,2	
Vaðlavíkurvegur	5,7	2,7	—	3,0	
Skóga- og Fljótsdalsvegur	25,0	—	—	25,0	
Skriðdalsvegur	24,4	6,4	—	18,0	
Þórdalsheiðarvegur	19,0	—	—	19,0	
Mjóafjarðarvegur	49,0	16,0	—	33,0	
Fáskrúðsfjarðarvegur	42,5	—	—	42,5	
Vattarnesvegur	15,6	—	—	15,6	
Dalavegur í Fáskrúðsfirði	6,3	2,3	—	4,0	
Breiðdalsvíkurvegur	7,7	—	—	7,7	
Norðurdalsvegur	13,0	5,0	—	8,0	
Breiðdalsvegur nyrðri	14,2	7,2	—	7,0	
Stöðvarfjarðarvegur	44,4	—	—	44,4	
Suðurdalsvegur	0,0	—	5,0	5,0	
Axarvegur	0,0	—	20,0	20,0	
Vegur í Djúpavogi	0,0	—	1,0	1,0	
	606,8	50,5	36,0	592,3	

Austur-Skaftafellssýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Suðurlandsvegur	202,2	25,0	35,0	212,2	
Innnesja- og Mýravegur	50,2	46,2	—	4,0	
Hornsvegur	5,9	5,9	—	0,0	
Bæjarvegur í Lóni	12,0	12,0	—	0,0	
Hvalnesvegur í Lóni	6,6	6,6	—	0,0	
Austurlandsvegur	3,8	—	—	3,8	
Hafnarvegur	0,0	—	4,5	4,5	

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Flateyjarvegur	0,0	—	3,0	3,0	
Óslandsvegur	0,0	—	0,5	0,5	
	280,7	95,7	43,0	228,0	

Vestur-Skaftafellssýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Suðurlandsvegur	159,0	5,0	—	154,0	
Dyrhólavegur	4,2	1,7	—	2,5	að Dyrhólahv.
Reynishverfisvegur	5,8	1,8	—	4,0	að Reyni
Heiðardalsvegur	3,5	3,5	—	0,0	
Mýrdalsvegur syðri	20,0	20,0	—	0,0	
Álftaversvegur	15,2	—	—	15,2	
Búlandsvegur	12,5	—	—	12,5	að Búlandi
Meðallands- og Landbr.vegur	67,5	—	—	67,5	
Holtsvegur	5,0	3,4	—	1,6	að Heiði
Kirkjubæjarklaustursvegur	1,1	—	—	1,1	
Prestbakkavegur	2,6	2,6	—	0,0	
Péturseyjarvegur	0,0	—	4,1	4,1	
Suður-Meðallandsvegur	0,0	—	6,2	6,2	
	296,4	38,0	10,3	268,7	

Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Suðurlandsvegur	97,0	—	—	97,0	
Ás- og Háfshverfisvegur	24,9	—	—	24,9	
Hamravegur	2,7	2,7	—	0,0	
Vetleifsholtsvegur	5,2	—	—	5,2	
Heiðarvegur	13,8	3,0	—	10,8	
Landvegur	34,0	—	—	34,0	
Hagabraut	19,9	—	—	19,9	
Þykkvabæjarvegur	18,6	—	—	18,6	
Árbæjarvegur	18,9	—	—	18,9	
Gunnarsholtsvegur	34,0	6,5	—	27,5	
Rangárvallavegur efri	23,7	5,2	—	18,5	að Geldingalæk
Móeiðarhvolsvegur	4,1	4,1	—	0,0	
Bakkabæjavegur	14,7	—	—	14,7	
Út-Landeyjavegur	16,0	7,0	—	9,0	að Syðra-Hóli
Landeyjavegur syðri	39,3	—	—	39,3	
Oddavegur	6,5	3,8	—	2,7	
Hólmavegur	4,8	2,4	—	2,4	
Fljótshlíðarvegur	24,4	3,5	—	20,9	að Árkvörn
Vallarvegur	5,8	—	—	5,8	
Merkurvegur	3,5	—	20,0	23,5	

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Sandhólmavegur	10,7	—	—	10,7	
Skálavegur	5,7	—	—	5,7	
Skógaskólavegur	1,0	—	—	1,0	
Sigluvíkurvegur	0,0	—	7,7	7,7	
Hólmabæjarvegur	0,0	—	9,2	9,2	
Háamúlavegur	0,0	—	10,0	10,0	
Stórhöfðavegur í Vestmannae.	5,0	—	—	5,0	
Hverfisvegur	0,0	—	3,3	3,3	
Leirnavegur	0,0	—	6,6	6,6	
Raufarfellsvegur	0,0	—	3,5	3,5	
Eyvindarhólsvegur	0,0	—	2,2	2,2	
	434,2	38,2	62,5	458,5	


Árnessýsla.

Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga stytting í km	vegalaganefndar lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Suðurlandsvegur	54,5	—	—	54,5	
Selvogsvegur	45,0	—	—	45,0	
Þorlákshafnarvegur	5,9	—	—	5,9	
Hafnarskeiðsvegur	12,0	—	—	12,0	
Reykjavegur í Ölfusi	0,6	—	—	0,6	
Biskupstungnabraut	70,4	—	—	70,4	
Tjarnarvegur	4,6	—	8,0	12,6	
Reykjavegur í Biskupstungum	4,8	—	—	4,8	
Bræðratunguvegur	8,7	—	—	8,7	
Sogsvegur	33,4	—	—	33,4	
Kiðjabergsvegur	14,8	—	—	14,8	
Sólheimavegur	5,4	—	9,5	14,9	
Þingvallabraut	19,6	—	4,0	23,6	
Grafningsvegur	38,3	—	—	38,3	
Laugardalsvegur	39,3	—	—	39,3	
Laugarvatnsvegur	12,4	—	—	12,4	
Skeiða- og Hreppavegur	54,0	—	—	54,0	
Auðsholtsvegur	10,6	3,0	—	7,6	að Bjargi
Langholtsvegur	12,6	—	—	12,6	
Gnúpverjavegur	26,7	11,2	—	15,5	að Hamarsheiði
Gullfossvegur	16,6	—	—	16,6	
Skálholtsvegur	15,0	—	—	15,0	
Villingaholtsvegur	29,7	—	—	29,7	
Gaulverjabæjarvegur	25,1	—	—	25,1	
Hamarsvegur	8,5	—	—	8,5	
Eyrarbakkavegur	11,5	—	—	11,5	
Kaldaðarnesvegur	6,0	6,0	—	0,0	
Kjósarskarðsvegur	4,8	—	—	4,8	
Bjarnastaðavegur	0,0	—	2,5	2,5	að Bjarnast.
Arnarbælisvegur	0,0	—	3,0	3,0	að Auðsholti
Búrfellsvegur	0,0	—	9,0	9,0	
Úteyjarvegur	0,0	—	3,5	3,5	að Útey


Heiti vegar	Núv. þjóðv. í km	Tillaga vegalaganefndar styting í km	lenging í km	vegur skv. till. í km	Athugas.
Hlíðarvegur	0,0	—	3,0	3,0	að Hæli
Vorsabæjarvegur á Skeiðum .	0,0	—	3,5	3,5	að vegamótum hjá Framnesi
Skeiðháholtsvegur	0,0	—	9,0	9,0	að Ólafsvöllum
Egilsstaðavegur	0,0	—	9,0	9,0	
Langholtsvegur	0,0	—	4,0	4,0	að Halakoti
Jórvíkurvegur	0,0	—	6,0	6,0	
Brattholts- og Vorsabæjarv. .	0,0	—	15,0	15,0	
Þrengslavegur	0,0	—	15,0	15,0	
Uxahryggjavegur	0,0	—	25,0	25,0	
	590,8	20,2	129,0	699,6	

Fylgiskjal III.


Hraðbraut A




Hraðbraut B



Þjóðbraut



Landsbraut



Fylgiskjal IV.

Sýsluvegasjóðir árið 1963.

Sýsla	Fasteignagjald ‰	Héraðsframlag (Fasteignask. skv. áætlun) kr.	Ríkisframlag kr.	Samtals kr.
1. Gullbringusýsla	5.0— 2.5	163 983.00	167 700.00	331 683.00
2. Kjósarsýsla				
3. Borgarfjarðarsýsla	6.0— 3.0	101 304.90	137 400.00	238 704.90
4. Mýrasýsla	9.0— 4.5	152 470.80	186 800.00	339 270.80
5. Snæfellsn.- og Hnappadalss.	6.0— 3.0	81 085.20	136 200.00	217 285.20
6. Dalasýsla	12.0— 6.0	50 107.20	90 600.00	140 707.20
7. A.-Barðastrandarsýsla	12.0— 6.0	15 862.20	47 700.00	63 562.20
8. V.-Barðastrandarsýsla	12.0— 6.0	48 102.60	79 500.00	127 602.60
9. V.-Ísafjarðarsýsla	20.4—10.2	114 555.20	75 400.00	189 955.20
10. N.-Ísafjarðarsýsla	10.2— 5.1	65 767.60	70 900.00	136 667.60
11. Strandasýsla	12.0— 6.0	61 711.80	101 400.00	163 111.80
12. V.-Húnavatnssýsla	12.0— 6.0	81 228.00	116 800.00	198 028.00
13. A.-Húnavatnssýsla	12.0— 6.0	168 598.80	145 600.00	314 198.80
14. Skagafjarðarsýsla	12.0— 6.0	173 089.80	205 700.00	378 789.80
15. Eyjafjarðarsýsla	10.0— 5.0	241 866.50	173 200.00	415 066.50
16. S.-Þingeyjarsýsla	12.0— 6.0	186 174.00	143 400.00	329 574.00
17. N.-Þingeyjarsýsla	12.0— 6.0	103 858.80	127 300.00	321 158.80
18. N.-Múlasýsla	12.0— 6.0	99 430.20	170 600.00	270 030.20
19. S.-Múlasýsla	18.0— 9.0	240 833.70	158 000.00	398 833.70
20. A.-Skaftafellssýsla	8.0— 4.0	38 196.80	45 500.00	83 696.80
21. V.-Skaftafellssýsla	10.0— 5.0	50 875.00	97 300.00	148 175.00
22. Rangárvallasýsla	8.0— 4.0	190 197.20	240 000.00	430 197.20
23. Árnessýsla	10.0— 5.0	815 641.50	583 000.00	1 398 641.50
	Kr.	3 244 940.80	3 300 000.00	6 544 940.80

Fylgiskjal V.

Sýsluvegasjóður.

Skv. frumvarpinu (miðað við manntal 1. des. 1962).

Sýsla	Heimafrl. kr.	Rsjfrl. kr.	Alls kr.
Gullbringusýsla	479 853	—	—
Kjósarsýsla	230 914	—	—
Borgarfjarðarsýsla	121 239	—	—
Mýrasýsla	164 769	—	—
Snæfellsnessýsla	321 886	—	—
Dalasýsla	98 963	—	—
A.-Barðastrandarsýsla	44 891	—	—
V.-Barðastrandarsýsla	170 040	—	—
V.-Ísafjarðarsýsla	156 012	—	—
N.-Ísafjarðarsýsla	165 194	—	—
Strandasýsla	130 846	—	—
V.-Húnavatnssýsla	120 218	—	—
A.-Húnavatnssýsla	203 963	—	—
Skagafjarðarsýsla	222 752	—	—
Eyjafjarðarsýsla	332 428	—	—

Sýsla	Heimafrl. kr.	Rsjfrl. kr.	Alls kr.
S.-Þingeyjarsýsla	234 995	—	—
N.-Þingeyjarsýsla	167 829	—	—
N.-Múlasýsla	208 894	—	—
S.-Múlasýsla	388 286	—	—
A.-Skaftafellssýsla	121 068	—	—
V.-Skaftafellssýsla	115 457	—	—
Rangárvallasýsla	253 870	—	—
Árnessýsla	606 703	—	—
	5 061 070	10 122 140	15 183 210

Fylgiskjal VI.

Sýsluvegir.

Sýslur	Núverandi vegir sýsluvegir í km	Núverandi vegir hreppavegir í km	Vegir samkv. tillögu vegalaganefndar í km
Gullbringusýsla	13,4 ('58)	35,4 ('58)	17,5
Kjósarsýsla		50,0	48,7
Borgarfjarðarsýsla	83,2 —	29,3 —	97,3
Mýrasýsla	147,4 —	11,7 —	125,4
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	125,9 ('61)	21,4 —	147,2
Dalasýsla	80,1 —	29,3 —	111,9
Barðastrandarsýsla	112,0 ('59)	98,5 —	170,0
V.-Ísafjarðarsýsla	56,5 —	34,6 —	79,0
N.-Ísafjarðarsýsla	62,0 —	45,5 —	71,0
Strandasýsla	80,9 —	46,4 —	53,8
V.-Húnavatnssýsla	123,0 —	35,6 —	136,4
A.-Húnavatnssýsla	131,7 —	37,9 —	121,6
Skagafjarðarsýsla	63,6 ('58)	191,9 —	174,7
Eyjafjarðarsýsla	94,5 ('61)	75,2 —	57,8
S.-Þingeyjarsýsla	148,8 ('61)	59,3 —	159,8
N.-Þingeyjarsýsla	139,6 —	49,5 —	164,0
N.-Múlasýsla	215,0 ('58)	56,7 —	219,9
S.-Múlasýsla	119,9 —	43,7 —	123,7
A.-Skaftafellssýsla	19,1 —	30,7 —	61,0
V.-Skaftafellssýsla	96,5 —	42,6 —	146,4
Rangárvallasýsla	204,6 —	18,2 —	190,1
Árnessýsla	270,1 —	93,6 —	226,6
	2387,8	1137,0	2703,8

Fylgiskjal VII.

Óskir hestamanna um reiðvegi.

I. **Skeið, Gnúpverjahreppur og Hrunamannahreppur:**
1. Meðfram Skeiðavegi frá Flóavegamótum að vegamótum Skálholtsvegar hjá Reykjum.
2. Meðfram Skálholtsvegi frá Reykjum að Iðubrú.
3. Meðfram Gnúpverjavegi frá Reykjum að Ásólfsstöðum í Þjórsárdal.

4. Meðfram Hrunamannavegi. Einnig frá Syðra-Langholti um Álfaskeið og Flúðir, vestan Högnastaða á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
5. Gömul ferðamannaleið af Murneyri meðfram Þjórsá að Þjótanda.

II. **Biskupstungnahreppur:**
1. Konungsvegur frá Þingvöllum til Geysis, sem liggur með Hlíðum í Biskupstungum.
2. Meðfram þjóðveginum frá Brúará upp Biskupstungur, að Tungufljótsbrú og þaðan að Múla á Konungsveg.
3. Frá Iðubrú að reiðveginum með aðalveginum frá Brúará.

III. **Selfoss:**
Meðfram þjóðveginum út frá Selfossi, til Eyrarbakka og Stokkseyrar, austur flóann í átt til Rangárvallasýslu og út Ölfus í átt til Hveragerðis og Þorlákshafnar.

IV. **Hafnarfjörður:**
Meðfram Hafnarfjarðarvegi, fyrir hestamenn og gangandi fólk.

V. **Reykjavík:**
1. Frá Elliðaám að Kolviðarhóli, þannig:
Upp með Skeiðvelli, með Elliðaám að sunnan, yfir Efri-brú, yfir Selás að Rauðavatni. Frá Rauðavatni að Geithálsi er reiðvegur gerður af Fák. Frá Geithálsi norðan bílvegar yfir Hólmsá og rétt austur fyrir Gunnarshólma, en síðan sunnan bílvegar um Lækjarbotna upp undir Fóelluvötn, en þaðan norðan vegar um Sandskeið, nyrzt um Bolaöldur, Bolavelli, vestan Húsmúla um Húsmúlarétt að Kolviðarhóli. Vegarlengd 25 km.
2. Frá Elliðaám upp í Mosfellssveit meðfram Vesturlandsvegi.
3. Frá Efribrú á Elliðaám til Hafnarfjarðar, þannig:
Farið yfir Elliðaár skammt neðan við efri stíflu, um Vatnsendaland, Kjóavelli, um Vífilsstaðaland til móts við reiðveg úr Hafnarfirði.
4. Frá Geithálsi til Þingvalla um Mosfellsheiði, sem næst gamla Þingvallaveginum eða eftir honum.
5. Af Selási upp Grafarholtsheiði, norðan Rauðavatns, um Hólmsheiði að Geithálsi. Farið yrði sem næst nýju Sogslínunni.

VI. **Borgarnes:**
1. Frá Borgarnesi að Hvítárbrú.
2. Frá Eskiholtsvegamótum að Hreðavatni.
3. Frá vegamótum ofan Borgarness að Hítará.
4. Frá Hvítárbrú að Árdal í Andakíl.
5. Frá vegamótum hjá Hvítárvöllum að Götuási.
6. Ennfremur verði hugsað fyrir reiðvegum, þar sem nýir vegir verða lagðir.

VII. **Blönduós:**
Meðfram Húnvetningabraut og Svínvetningabraut, auk reiðvega meðfram nýjum vegum.

VIII. **Langidalur:**
1. Meðfram þjóðvegi í Langadal.
2. Svínvetningabraut.

IX. **Sauðárkrókur og Skagafjörður:**

1. Meðfram þjóðvegi frá Sauðárkróki til Varmahlíðar, en greinist þar í þrennt:
   a) Blönduhlíðarvegur.
   b) Vatnsskarðsvegur.
   c) Fram Lýtingsstaðahrepp.
2. Frá Sauðárkróki til Hóla í Hjaltadal.
3. Frá Sauðárkróki meðfram Skarðavegi upp Kolugafjall og Kamba.


X. **Akureyri:**

1. Frá Akureyri meðfram þjóðvegi að Kaupangsbakka.
2. Frá Akureyri norður Kræklingahlíð og fram Þelamörk.
3. Frá Kaupangsbakka að Veigastöðum og yfir Vaðlaheiði.

XI. **S.-Þingeyjarsýsla:**

1. Frá Einarsstöðum suður Reykjadal að vestan um Stafn að Langaseli.
2. Af Reykjadalsvegi móti Laugum, um Stóru-Laugar og þaðan austur yfir Laxárdalsheiði að Þverá, frá Þverá að Hólum í Laxárdal og þaðan austur á Hólssand.
3. Af síðasttöldum vegi á heiðinni fyrir austan Stóru-Laugar, suður Laxárdalsheiði að Másvatni og þaðan suðaustur yfir Mývatnsheiði að Helluvaði.
4. Frá Einarsstöðum norðaustur hjá Ökrum í Reykjadal, þaðan norðaustur yfir Þegjandidal að Grenjaðarstað og Laxárvirkjun og þaðan norður Hvammsheiði til Húsavíkur.
5. Af síðasttöldum vegi hjá Glaumbæ í Reykjadal norðvestur yfir Fljótsheiði að Vaði og þaðan norður með Skjálfandafljóti að Fljótsbrúnni hjá Ófeigsstöðum.
6. Frá Einarsstöðum vestur yfir Fljótsheiði að Fosshóli.


Fylgiskjal VIII.



Fylgiskjal IX.

Verð á benzíni í ýmsum löndum í október 1963.

Austurríki	Vín	Sch. pr. ltr.	3.20	á	166.60	5.33	pr. ltr.
Belgía	Brüssel	B. frc. pr. ltr.	7.76	–	86.39	6.70	— —
Danmörk	Kaupmannah.	D. kr. pr. ltr.	1.03	–	623.33	6.42	— —
Finnland	Helsinki	F. mks. pr. ltr. ..	0.51	–	1339.14	6.83	— —
Frakkland	París	N. frc. pr. ltr.	0.97	–	878.64	8.52	— —
Holland	Haag	Fls. pr. ltr.	0.459	–	1194.87	5.48	— —
Írland	Dublin	Shgs. pr. 1 gall. ..	4s.4d.	–	120.46	5.80	— —
Ísland	Reykjavík ..	Kr. pr. ltr.				4.20	— —
Ítalía	Róm	Lira pr. ltr.	96.00	–	69.26	6.65	— —
Luxemburg	Luxemburg .	B. frc. pr. ltr.	6.63	–	86.50	5.73	— —
Noregur	Osló	N. kr. pr. ltr.	1.045	–	601.63	6.29	— —
Pólland	Varsjá	Zloty pr. ltr. 4.80=	$0.20	–	43.06	8.61	— —
Rússland	Moskva	Rubl. pr. ltr.	0.05	–	47.80	2.39	— —
Spánn	Madrid	Pts. pr. ltr.	9.00	–	71.80	6.46	— —
St. Bretland ...	London	Shgs. pr. 1 gall. ..	4s.4d.	–	120.46	5.80	— —
Sviss	Zürich	Sv. frc. pr. ltr. ...	0.50	–	997.67	4.99	— —
Svíþjóð	Stokkhólmur	Sv. kr. pr. ltr.	0.73	–	829.85	6.06	— —
Tékkóslóvakía .	Praha	Kcs. pr. ltr.	4.00	–	598.00	23.92	— —
U.S.A.	New York ..	$ pr. U.S. gall. ...	0.30	–	43.06	3.46	— —
Þýzkaland	Hamborg ...	D.M. pr. ltr.	0.565	–	1082.59	6.12	— —



Fylgiskjal X. Samanburður á þungaskatti af dieselbifreiðum og benzín og þungaskatti af benzínbifreiðum miðað við gildandi lög 1963 og tillögur vegalaganefndar

Ed. 114. Breytingartillögur [80. mál]

við frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginganna.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Við 1. gr.

1. Í stað „15%“ á tveimur stöðum í greininni komi: 40%.
2. Ný málsgrein svo hljóðandi bætist við greinina:
   Allar bótafjárhæðir samkvæmt 2. málsgrein skulu teljast grunnupphæðir og breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar.

Ed. 115. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginganna.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt án breytinga. Nefndarmennirnir Karl Kristjánsson og Ásgeir Bjarnason munu skila séráliti.

Alþingi, 5. des. 1963.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr., frsm.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 116. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginganna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd ræddi þetta frumvarp. Allir nefndarmenn eru sammála um, að hækka verði bætur almannatrygginganna. Hins vegar greinir nefndarmenn á um það, hve sú hækkun skuli vera mikil.

Fulltrúar stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar halda því fram, að sú 15% hækkun bótanna, sem frumvarpið felur í sér, sé fullnægjandi, eins og sakir standa, og leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Við undirritaðir, fulltrúar Framsóknarflokksins, lítum aftur á móti svo á, að af völdum margháttaðra ríkisvaldsráðstafana og mistaka í stjórnarfari sé dýrtíð orðin svo mikil, að ranglátt sé að hækka bætur almannatrygginganna minna en um 25%.

Í athugasemdunum með frumvarpinu segir: „Lagt er til í 1. gr., að bæturnar verði hækkaðar um 15% frá 1. júlí s. l., en það lætur nærri, að bótaþegar fái þá hlutfallslega sömu hækkun á árinu eins og almennir launþegar hljóta.“

Þetta er ekki rétt viðmiðun. Hún er of þröng. Ef leiðrétta á halla þann, er hinn almenni bótaþegi hefur orðið fyrir vegna dýrtíðarinnar, svo að hann standi líkt að vígi og hann áður stóð, verður að hækka bæturnar meira. Bæturnar mæta aðeins hluta af framfærslukostnaði hans. Hinn hlutinn, sem bótaþeginn verður á annan hátt að standa straum af, hefur ekki síður færzt í aukana af völdum dýrtíðarinnar. Gamla fólkið, er lifir t. d. að þessu leyti af innstæðum, sem það hefur aurað saman til elliáranna, verður fyrir því, að innstæðurnar endast verr, af því að dýrtíðin gleypir þær. Á þetta ber ófrávíkjanlega að líta, þegar gera skal breytingar á bótum almannatrygginganna, til þess að bótaþegar hafi ekki versnandi afkomuskilyrði.

Það er alls ekki nóg, þegar um venjulegan bótaþega er að ræða, að miða bótahækkun einfaldlega við almennar kaupbreytingar, sem gerðar eru til mótvægis dýrtíð, heldur verður einnig að taka tillit til dýrtíðarvaxtarins á öllum lífskostnaði bótaþegans.

Augljóst er, þegar á þetta er litið, að ekki er of langt gengið með því að hækka nú bótagreiðslur almannatrygginganna frá 1. júlí s. l. um 25%, eða 10% meira en frumvarpið gerir ráð fyrir að þurfi til samræmis við kauphækkanir, sem almennir launþegar hafa hlotið á þessum tíma.

Við flytjum þess vegna á sérstöku þingskjali breytingartillögu um, að bótahækkunin verði 25% í stað 15%.

Enginn vafi er á því, að tekjuafgangur ríkissjóðs verður svo mikill á þessu ári, að hann þolir vel þá hækkun. Háþróaðar dýrtíðarálögur á almenning til ríkissjóðsins á árinu tryggja það.

Nú standa yfir — svo sem öllum er kunnugt — samningatilraunir um hækkun launa almennra launþega til frekari leiðréttingar á kjörum þeirra en þær leiðréttingar eru, sem frumvarp þetta miðar við. Það skal fram tekið, að tillaga okkar um, að hækkun á bótum almannatrygginganna verði nú ákveðin aðeins 25%, byggist á því, að staðið verði við það, sem segir í athugasemdum með frumvarpinu, að ef launahækkanir verða, — og hjá því getur ekki farið, — þá verði bótagreiðslurnar endurskoðaðar á ný, strax og launahækkanirnar liggja fyrir.

Alþingi, 5. des. 1963.

Karl Kristjánsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 117. Breytingartillaga [80. mál]

við frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginganna.

Frá Karli Kristjánssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 1. gr. Fyrir „15%“ á tveimur stöðum í greininni komi: 25%.

Nd. 118. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á girðingalögum, nr. 24 1. febrúar 1952.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Um fjarlægð girðinga frá vegum, hlið á vegum og önnur girðingamál, sem vegina varða, skal fara eftir ákvæðum vegalaga og reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í vegalögum.

2. gr.

13., 14., 15. og 16. gr. laganna falli niður, og greinatala laganna breytist í samræmi við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem samgöngumálaráðherra skipaði 10. mai 1961, samkvæmt þingsályktun 22. marz 1961. Lét nefndin eftirfarandi greinargerð fylgja frumvarpinu:

Frumvarp þetta er nauðsynlegt til að samræma ákvæði gildandi girðingalaga reglum þeim um girðingar við vegi og yfir, sem gerð er tillaga um í frv. til vegalaga.

Reglur girðingalaga um fjarlægð girðinga frá vegum eru með öllu úreltar, en í frv. til vegalaga eru settar ýtarlegar reglur um þessi mál, svo og um það, sem greinar þær fjalla um, sem lagt er til að niður falli, sbr. 2. gr. þessa frv.

Ed. 119. Lög [80. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginganna.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.)

Samhljóða þskj. 88.

Ed. 120. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til laga um fullnustu refsidóma, sem upp hafa verið kveðnir í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 6. des. 1963.

Eggert G. Þorsteinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.

Hermann Jónasson. Ólafur Jóhannesson.

Ed. 121. Frumvarp til laga [97. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1962.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1962 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga	kr. 1 431 800 000.00	kr. 1 713 813 702.00
2.	— —	3. — A.	—	— 295 000 000.00	— 306 101 882.03
3.	— —	3. — B.	—	— 75 000.00	— 78 283.22
4.	— —	4. —	—	— 2 000 000.00	— 8 833 809.34
5.	— —	5. —	—	— 20 000 000.00	— 22 632 860.23
6.	Eignahreyfingar skv.	20. gr.	fjárlaga	— 3 100 000.00	— 90 842 814.07
				kr. 1 751 975 000.00	kr. 2 142 303 350.89

	Útborganir:				Áætlun:		Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga	kr.	9 184 184.00	kr.	2 838 239.55
2.	— —	8. —	—	—	1 606 430.00	—	1 790 308.42
3.	— —	9.	—	—	11 125 000.00	—	12 764 552.68
4.	— —	10. — I.	—	—	22 176 820.00	—	26 662 811.53
5.	— —	10. — II.	—	—	21 063 000.00	—	22 340 684.00
6.	— —	10. — III.	—	—	5 518 470.00	—	5 074 889.30
7.	— —	11. — A.	—	—	96 612 896.00	—	101 537 943.82
8.	— —	11. — B.	—	—	30 291 151.00	—	34 850 178.18
9.	— —	11. — C.	—	—	2 015 000.00	—	2 105 606.89
10.	— —	12. —	—	—	64 343 626.00	—	69 270 284.81
11.	— —	13. — A.	—	—	108 313 117.00	—	114 629 005.84
12.	— —	13. — B.	—	—	14 120 500.00	—	21 393 374.88
13.	— —	13. — C.	—	—	34 107 875.00	—	33 612 938.34
14.	— —	13. — D.	—	—	11 102 694.00	—	18 872 233.49
15.	— —	13. — E.	—	—	5 108 154.00	—	5 721 743.53
16.	— —	13. — F.	—	—	5 493 164.00	—	6 926 902.77
17.	— —	14. — A.	—	—	223 063 931.00	—	223 896 990.25
18.	— —	14. — B.	—	—	14 541 013.00	—	15 098 867.16
19.	— —	15. —	—	—	15 797 401.00	—	15 390 732.74
20.	— —	16. — A.	—	—	85 950 627.00	—	81 713 552.09
21.	— —	16. — B.	—	—	27 753 448.00	—	28 430 792.36
22.	— —	16. — C.	—	—	5 646 000.00	—	5 971 306.00
23.	— —	16. — D.	—	—	31 786 407.00	—	32 793 472.40
24.	— —	16. — E.	—	—	11 503 289.00	—	11 810 457.81
25.	— —	17. —	—	—	418 663 434.00	—	421 887 925.16
26.	— —	18. —	—	—	37 858 797.00	—	41 196 094.48
27.	— —	19. — 1.	—	—	300 000 000.00	—	378 101 026.54
28.	— —	19. — 2.	—	—	5 000 000 00	—	5 713 956.67
29.	— —	19. — 3.	—	—	8 000 000.00		
30.	— —	19. — 4.	—	—	10 000 000.00	—	13 512 910.71
31.	Eignahreyfingar	skv. 20. gr.	fjárlaga	—	110 947 172.00	—	223 634 556.50
	Mismunur			—	3 281 400.00	—	162 759 011.99
				kr.	1 751 975 000.00	kr.	2 142 303 350.89

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1962, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. 122. Frumvarp til fjáraukalaga [98. mál]

fyrir árið 1962.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1962, eru veittar kr. 255 420 542.22 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstur og sími ..... af kr. 27 760 612.59 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	kr.	27 195 612.04
2.	Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins ..... en tekjur fóru kr. 51 177 036.47 fram úr fjárlagaáætlun.	—	40 678 158.94
3.	Ríkisútvarp ..... en tekjur fóru kr. 3 544 363.48 fram úr fjárlagaáætlun.	—	1 839 055.43
4.	Viðtækjaverzlun ..... af kr. 1 264 212.22 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	518 448.46
5.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg ..... af kr. 1 198 073.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	776 802.38
6.	Landssmiðjan ..... af kr. 1 426 451.66 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	1 124 037.12
7.	Tunnuverksmiðjur ..... af kr. 3 152 238.12 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	3 152 238.12
8.	Innkaupastofnun ..... af kr. 2 020 807.86 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	1 420 191.37
9.	Bessastaðabú ..... af kr 118 761.52 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	336 991.61
10.	Hvanneyrarbú ..... af kr. 561 779.64 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	773 190.37
11.a.	Hólabú ..... af kr. 593 100.14 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	1 118 517.18
11.b.	Hólabú (til gjalda ársins 1961) ..... en tekjur búsins árið 1961 fóru kr. 350 098.83 fram úr fjárlagaáætlun.	kr.	832 775.71
12.	Kópavogsbú ..... af kr. 106 425.83 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	82 234.19
		Kr.	79 848 252.92

Til viðbótar í 8. gr.	eru veittar	kr.	183 878.42
— — — 10. — I.	— —	—	4 485 991.53
— — — 10. — II.	— —	—	1 277 684.00
— — — 11. — A.	— —	—	4 925 047.82
— — — 11. — B.	— —	—	4 559 027.18
— — — 11. — C.	— —	—	90 606.89
— — — 12. —	— —	—	4 926.658.81
— — — 13. — A.	— —	—	6 315 888.84
— — — 13. — B.	— —	—	7 272 874.88
— — — 13. — D.	— —	—	7 769.539.49
— — — 13. — E.	— —	—	613 589.53
— — — 13. — F.	— —	—	1 433 738.77
— — — 14. — A.	— —	—	833 059.25
— — — 14. — B.	— —	—	557 854.16
— — — 16. — B.	— —	—	667 344.36
— — — 16. — C.	— —	—	325 306.00
— — — 16. — D.	— —	—	1 007 065.40
— — — 16. — E.	— —	—	307 168.81
— — — 17. —	— —	—	3 224 491.16
— — — 18. —	— —	—	3 337 297.48
— — — 19. — 1	— —	—	78 101 026.54

Til viðbótar í 19. gr. 2	eru veittar	kr.	713 956.67
— — - 19. — 4	— —	—	3 512 910.71
		Kr.	216 290 259.62
Til eignaaukningar skv. 20. gr. Út eru veittar		—	41 932 624.91
Inn fóru kr. 87 742 814.07 fram úr fjárlagaáætlun.			
		Samtals kr.	258 222 884.53

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1962. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1962 sýnir.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1962.

Ed. 123. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin leggur einróma til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 5. des. 1963.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. — Auður Auðuns, fundaskr. — Ásgeir Bjarnason.
Karl Kristjánsson. — Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 124. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 frá 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. des. 1963.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. — Auður Auðuns, fundaskr. — Ásgeir Bjarnason.
Karl Kristjánsson. — Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Nd. 125. Frumvarp til laga [99. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 frá 1950.

Flm.: Hjörtur E. Þórarinsson, Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Laun héraðsráðunauta og ferðakostnaður þeirra greiðist að ⅔ hlutum úr ríkissjóði, en ⅓ hluta af hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

Þóknun mælingamanna greiðist á sama hátt, enda samþykki landbúnaðarráðherra launagreiðslur búnaðarsambandanna vegna starfsemi þeirra.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

I. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir og handgrafnir opnir skurðir, svo og hvers konar lokuð ræsi):
Framlag 75% kostnaðar.

II. Jarðrækt:
a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðurs- og kornræktar.
b. Túnrækt á söndum.
c. Túnrækt á valllendi, móum og melum.
d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi.
e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis.
f. Grjótnám.
Framlag 25% kostnaðar.

III. Girðingar um ræktunarlönd:
a. Sex strengja gaddavírsgirðing.
b. Fimm strengja gaddavírsgirðing.
c. Þriggja strengja gaddavírsgirðing á skurðbakka.
d. Vírnetsgirðing með einum gaddavírsstreng.
Framlag 25% kostnaðar.

IV. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni:
Framlag 15% kostnaðar.

V. Votheyshlöður úr varanlegu efni:
Framlag 25% kostnaðar.

VI. Áburðargeymslur:
a. Safnþrær.
b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar.
Framlag 25% kostnaðar.

VII. Súgþurrkunarkerfi með eða án blásara:
Framlag 40% kostnaðar.

VIII. Garðávaxtageymslur steyptar með þaki úr varanlegu efni:
Framlag 15% kostnaðar.

Búnaðarfélag Íslands og Teiknistofa landbúnaðarins láta sérfræðinga sína meta árlega kostnað hverrar tegundar framkvæmda, sem upp eru taldar í grein þessari.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um fjörutíu ára skeið hafa hér á landi verið í gildi lög um stofnframlög ríkisins til jarðræktar og fleiri framkvæmda í sveitum. Framlög þessi hafa verið talin sjálfsögð þátttaka þjóðarheildarinnar í kostnaði við það landnám, sem hér hefur átt sér stað á þessu tímabili.

Svipaðar reglur hafa gilt og gilda enn hjá grannþjóðum vorum um opinberan stuðning við landbúnað, þó að um eiginlegt landnám eða útfærslu hins ræktaða lands sé þar yfirleitt ekki að ræða. Almennt er litið svo á, að stofnframlög ríkis til landbúnaðar geri hvort tveggja í senn að örva til framkvæmda og framleiðslu búvöru og geri jafnframt kleift að halda verðlagi hennar lægra en ella og borgi sig þannig ríflega fyrir þjóðarheildina, þegar til lengdar lætur.

Gildandi lagaákvæði um ríkisframlög til jarðræktar og húsabóta í sveitum eru úrelt orðin. Í þeim er gert ráð fyrir, að framlagið sé ákveðin upphæð í krónutölu á hverja framkvæmdaeiningu að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu. En þar sem vísitala hefur ekki hin síðari ár verið látin verka á peningagreiðslur, þá hefur síhækkandi ræktunar- og byggingarkostnaður valdið því, að ríkisframlagið hefur farið hlutfallslega lækkandi ár frá ári. Þannig hefur t. d. framlag til ræktunar eins ha mýrlendis á býli, sem hefur meira en 10 ha tún, lækkað úr rúml. fimmta hluta kostnaðar (20.20%) 1956 niður í tæplega tíunda hluta kostnaðar (9.95%) 1962, samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarfélagi Íslands.

Í frumvarpi þessu eru gerðar nokkrar breytingar á gildandi lögum.

Á I. kafla er gerð sú breyting, að ríkissjóði er ætlað að greiða ⅔ hluta launa héraðsráðunauta í stað ½ nú, en auk þess er það nýmæli, að ríkissjóður greiði einnig ⅔ ferðakostnaðar ráðunauta, sem búnaðarsamböndin greiða nú ein. Er þetta ákvæði í samræmi við eindregnar óskir búnaðarsambandanna, sem flest hver hafa mjög takmörkuð fjárráð.

Á II. kafla er gerð sú meginbreyting, að í frumvarpinu er ríkisframlag til jarða- og húsabóta bundið við ákveðið hlutfall af áætluðum framkvæmdakostnaði, sem metinn sé árlega af trúnaðarmönnum Búnaðarfélags Íslands, og Teiknistofu landbúnaðarins. Er það gert til að fyrirbyggja, að sagan endurtaki sig og aukning verðbólgu rýri enn ríkisframlagið hlutfallslega. Þá eru framlögin hækkuð verulega frá því, sem nú er, og verða samkvæmt frumvarpinu hlutfallslega nokkru hærri en ákveðið var, þegar gildandi lög voru sett. Er hækkunin mest á fóðurgeymslum þeim, sem reynslan hefur sýnt, að bezt tryggja fulla nýtingu grass í óhagstæðu tíðarfari, en gras er undirstaða landbúnaðar á Íslandi.

Ed. 126. Lög [16. mál]

um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 10. des.)

Samhljóða þskj. 98 (sbr. 16).

Sþ. **127. Tillaga til þingsályktunar** [100. mál]

um heimild til aðildar Íslands að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

(Lögð fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að gerast fyrir Íslands hönd aðili að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization) og takast á hendur skyldur þær, sem samkvæmt stofnskrá Menningarmálastofnunarinnar eru aðildinni samfara.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

UNESCO er ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna og eru öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna nema Suður-Afríka, sem hefur sagt sig úr UNESCO, Portúgal og Ísland, nú aðildarríki að UNESCO. Portúgal hefur þó áheyrnarfulltrúa hjá stofnuninni. Eðlilegt er, að Ísland gerist einnig aðildarríki að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, og er með tillögu þessari farið fram á heimild handa ríkisstjórninni til þess.

Of langt mál yrði að rekja hér hina fjölbreyttu starfsemi UNESCO á sviði fræðslu-, vísinda- og menntamála, en tilgangur stofnunarinnar er að stuðla að friði og öryggi með því að efla samstarf þjóða í milli með fræðslu-, vísinda- og menningarstarfsemi.

Stofnskrá UNESCO, ásamt íslenzkri þýðingu, er prentuð sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari, og vísast hér með til stofnskrárinnar, þar sem er að finna allar nánari upplýsingar um starfsemi UNESCO, skipulag og markmið.

Stofnunin veitir alls konar styrki, sem Ísland mundi að einhverju leyti njóta góðs af, og er talið líklegt, að Ísland mundi hafa í þessu sambandi talsvert meiri hagnað af þátttöku í UNESCO en næmi kostnaðinum af aðildinni, en sá kostnaður mundi fyrir árið 1964, að því er Ísland varðar, nema kr. 335 400.00, auk byrjunarframlags að upphæð kr. 57 600.00. Fyrir árin 1965 og 1966 mundi árgjaldið væntanlega verða um kr. 387 000.00 fyrir hvort ár.

Ferðakostnaður í sambandi við aðild Íslands að UNESCO ætti ekki að vera mikill, þar sem hægt er að fela sendiráði Íslands í París að annast fundarsetu að mestu leyti, en hins vegar yrði fulltrúi að fara héðan á allsherjarþing UNESCO, sem nú er haldið í París annað hvert ár.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ
Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Samþykkt í Lundúnum 16. nóvember 1945 og breytt af aðalþingi á annarri, þriðju, fjórðu, fimmtu, sjöttu, sjöundu, áttundu, níundu, tíundu og tólftu samkomu þess.

Stjórnir þeirra ríkja, sem aðilar eru að þessari stofnskrá af hálfu þjóða sinna, lýsa yfir því:

að úr því að styrjaldir hefjast í huga

CONSTITUTION
of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.

Adopted in London on 16 November 1945 and amended by the General Conference at its second, third, fourth, fifth, sixth, seventh, eighth, ninth, tenth and twelfth sessions.

The Governments of the States Parties to this Constitution on behalf of their peoples declare:

That since wars begin in the minds

manna, þá er það í huga manna, sem gera verður friðnum varnir;

að vanþekking manna á siðum og lifnaðarháttum annarra þjóða hefur ávallt í sögu mannkynsins verið algeng orsök þeirrar tortryggni og vantrausts milli þjóða heims, er allt of oft hafa valdið því, að úr ágreiningi þeirra hefur orðið styrjöld;

að hin mikla og ægilega styrjöld, sem nú er lokið, var styrjöld, sem varð fyrir afneitun hinna lýðræðislegu grundvallaratriða, mannhelgi, jafnréttis og gagnkvæmrar virðingar manna og fyrir útbreiðslu í þeirra stað, vegna fáfræði og hleypidóma, á kenningunni um misrétti manna og kynþátta;

að almenn útbreiðsla menningar og menntunar mannkynsins í þágu réttlætis, friðar og frelsis sé óhjákvæmileg fyrir mannhelgi og heilög skylda, er allar þjóðir verði að rækja í anda gagnkvæmrar aðstoðar og umhyggju;

að friður byggður einvörðungu á stjórnmálalegri og efnahagslegri tilhögun ríkisstjórna yrði ekki friður, sem tryggt gæti einhuga, varanlegan og einlægan stuðning þjóða heims, og að friðinn verði því að byggja, eigi hann ekki að bregðast, á vitsmunalegri og siðgæðislegri samstöðu mannkynsins.

Af þessum ástæðum eru ríkin, sem aðilar eru að stofnskrá þessari og telja, að öllum beri fullkomin og jöfn aðstaða til menntunar, að engar hömlur skuli lagðar á leit að óhlutlægum sannleika og að frjáls skuli skipti á hugmyndum og þekkingu, sammála um og staðráðin í því, að stuðla að auknum samskiptum milli þjóða sinna í því skyni að auka gagnkvæman skilning og sannari og fullkomnari þekkingu manna á lifnaðarháttum annarra.

Fyrir því stofna þau með sér Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna í þeim tilgangi að stuðla að því, með fræðslu-, vísinda- og menningarsamskiptum þjóða heims, að náð verði því markmiði alþjóðlegs friðar og almennrar vel-

of men, it is in the minds of men that the defences of peace must be constructed;

That ignorance of each other's ways and lives has been a common cause, throughout the history of mankind, of that suspicion and mistrust between the peoples of the world through which their differences have all too often broken into war;

That the great and terrible war which has now ended was a war made possible by the denial of the democratic principles of the dignity, equality and mutual respect of men, and by the propagation, in their place, through ignorance and prejudice, of the doctrine of the inequality of men and races;

That the wide diffusion of culture, and the education of humanity for justice and liberty and peace are indispensable to the dignity of man and constitute a sacred duty which all the nations must fulfil in a spirit of mutual assistance and concern;

That a peace based exclusively upon the political and economic arrangements of governments would not be a peace which could secure the unanimous, lasting and sincere support of the peoples of the world, and that the peace must therefore be founded, if it is not to fail, upon the intellectual and moral solidarity of mankind.

For these reasons, the States Parties to this Constitution, believing in full and equal opportunities for education for all, in the unrestricted pursuit of objective truth, and in the free exchange of ideas and knowledge, are agreed and determined to develop and to increase the means of communication between their peoples and to employ these means for the purposes of mutual understanding and a truer and more perfect knowledge of each other's lives;

In consequence whereof they do hereby create the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization for the purpose of advancing, through the educational and scientific and cultural relations of the peoples of the world, the objectives of international

ferðar mannkynsins, er Sameinuðu þjóðirnar stefna að og lýst er yfir í stofnskrá þeirra.

peace and of the common welfare of mankind for which the United Nations Organization was established and which its Charter proclaims.

I. kafli.

Markmið og störf.

1. Tilgangur stofnunarinnar er að stuðla að friði og öryggi með því að efla samstarf þjóða í milli með fræðslu-, vísinda- og menningarstarfsemi til þess að auka almenna virðingu fyrir réttlæti, lögum og mannréttindum og mannfrelsi, sem staðfest er í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna fyrir þjóðir heimsins, án tillits til kynþáttar, kynferðis, tungu eða trúarbragða.

2. Þessu markmiði hyggst stofnunin ná með því
   (a) að taka þátt í því starfi að auka gagnkvæma þekkingu og skilning þjóða með öllum þeim samskipta- og útbreiðslutækjum, sem ná til fjöldans, og gera í því skyni tillögur um þá alþjóðlega samninga, er nauðsynlegir kunna að verða til þess að auðvelda frjálsa útbreiðslu hugmynda í orði og myndum;
   (b) að miðla nýjum áhrifum í alþýðufræðslu og útbreiðslu menningar:
   með samstarfi við félagsríki, að ósk þeirra, um þróun fræðslustarfsemi;
   með því að stofna til samstarfs milli þjóðanna í því skyni að efla hugsjón jafnréttis um tækifæri til mentunar án tillits til kynþáttar, kynferðis eða nokkurs mismunar vegna efnahags eða félagslegrar aðstöðu;
   með því að gera tillögur um fræðsluaðferðir þær, sem bezt eru fallnar til þess að undirbúa börn hvarvetna í heiminum undir þá ábyrgð, sem frelsi fylgir;
   (c) að viðhalda, auka og útbreiða þekkingu:

Article I

Purposes and Functions.

1. The purpose of the Organization is to contribute to peace and security by promoting collaboration among the nations through education, science and culture in order to further universal respect for justice, for the rule of law and for the human rights and fundamental freedoms which are affirmed for the peoples of the world, without distinction of race, sex, language or religion, by the Charter of the United Nations.
2. To realize this purpose the Organization will:
   (a) Collaborate in the work of advancing the mutual knowledge and understanding of peoples, through all means of mass communication and to that end recommend such international agreements as may be necessary to promote the free flow of ideas by word and image;
   (b) Give fresh impulse to popular education and to the spread of culture;
   by collaborating with Members, at their request, in the development of educational activities;
   by instituting collaboration among the nations to advance the ideal of equality of educational opportunity without regard to race, sex or any distinctions, economic or social;
   by suggesting educational methods best suited to prepare the children of the world for the responsibilities of freedom;
   (c) Maintain, increase and diffuse knowledge;

með því að tryggja varðveizlu og vernd menningararfleifðar mannkynsins, bóka, listaverka og minja um söguleg afrek og vísindaleg, og gera tillögur til hlutaðeigandi þjóða um þær alþjóðlegar samþykktir, sem þörf er þeirra vegna;

með því að hvetja til samvinnu þjóða í milli á öllum sviðum andlegrar starfsemi, og eru þar með talin skipti milli landa á fólki, sem starfar að fræðslu-, vísinda- og öðrum menningarmálum, skipti á ritum og munum, sem hafa listrænt eða vísindalegt gildi, og öðru, sem til fræðslu má verða;

með því að hafa frumkvæði að aðferðum í alþjóðlegu samstarfi, sem til þess eru ætlaðar að veita öllum þjóðum aðgang að því prentuðu og birtu efni, sem fram hefur komið hjá hverri einni þeirra.

3. Stofnuninni er bannað að skipta sér af málum, sem falla í aðalatriðum undir eigin lögsögu félagsríkja, með því að æskilegt er fyrir fjölbreytni sakir, að hvert land um sig varðveiti frjálsa og upprunalega menningu og fræðslukerfi.

by assuring the conservation and protection of the world's inheritance of books, works of art and monuments of history and science, and recommending to the nations concerned the necessary international conventions;

by encouraging co-operation among the nations in all branches of intellectual activity, including the international exchange of persons active in the fields of education, science and culture and the exchange of publications, objects of artistic and scientific interest and other materials of information;

by initiating methods of international co-operation calculated to give the people of all countries access to the printed and published materials produced by any of them.

3. With a view to preserving the independence, integrity and fruitful diversity of the cultures and educational systems of the States members of this Organization, the Organization is prohibited from intervening in matters which are essentially within their domestic jurisdiction.

II. kafli.
Þátttaka.

1. Þátttaka í Sameinuðu þjóðunum veitir rétt til þátttöku í Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna.

2. Sé því ekkert til fyrirstöðu í samningi milli þessarar stofnunar og Sameinuðu þjóðanna, sem gerður er í samræmi við X. kafla þessarar stofnskrár, má veita ríkjum, sem ekki eru í Sameinuðu þjóðunum, upptöku í stofnunina, að tillögu framkvæmdaráðsins, með tveimur þriðju atkvæða á aðalþingi.

Article II
Membership.

1. Membership of the United Nations Organization shall carry with it the right to membership of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.
2. Subject to the conditions of the Agreement between this Organization and the United Nations Organization, approved pursuant to Article X of this Constitution, States not members of the United Nations Organization may be admitted to membership of the Organization, upon recommendation of the Executive Board, by a two-thirds majority vote of the General Conference.

3. Lendum og flokkum lendna, sem ekki ráða sjálfar málum sínum í alþjóðlegum samskiptum, má veita upptöku sem aukafélögum, enda greiði því atkvæði á aðalþingi tveir þriðju þeirra, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða, og hafi upptökubeiðni fyrir slíkar lendur eða flokk lendna verið borin fram af félagsríki því eða öðru stjórnvaldi, er ábyrgð ber á alþjóðlegum samskiptum þeirra. Aðalþingið ákveður um réttindi og skyldur aukafélaga.

4. Félagsríki stofnunarinnar, sem svipt eru um stundarsakir réttindum og sérréttindum þátttöku í Sameinuðu þjóðunum, skulu, æski Sameinuðu þjóðirnar þess, svipt um stundarsakir réttindum og sérréttindum þessarar stofnunar.
5. Félagsríki, sem vikið er úr Sameinuðu þjóðunum, hverfur um leið sjálfkrafa úr þessari stofnun.

6. Sérhvert félagsríki eða aukafélagi í stofnuninni getur gengið úr henni með því að senda framkvæmdastjóranum úrsögn. Gengur hún í gildi 31. desember næsta almanaksár eftir að hún er send. Úrsögn breytir engu um fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart stofnuninni á þeim degi, er hún tekur gildi. Úrsögn aukafélaga skal félagsríki leggja fram fyrir hans hönd eða annað stjórnvald, sem ábyrgð ber á alþjóðlegum skiptum hans við aðra.

3. Territories or groups of territories which are not responsible for the conduct of their international relation may be admitted as Associate Members by the General Conference by a two-thirds majority of Members present and voting, upon application made on behalf of such territory or group of territories by the Member or other authority having responsibility for their international relations. The nature and extent of the rights and obligations of Associate Members shall be determined by the General Conference.
4. Members of the Organization which are suspended from the exercise of the rights and privileges of membership of the United Nations Organization shall, upon the request of the latter, be suspended from the rights and privileges of this Organization.
5. Members of the Organization which are expelled from the United Nations Organization shall automatically cease to be members of this Organization.
6. Any Member State or Associate Member of the Organization may withdraw from the Organization by notice addressed to the Director-General. Such notice shall take effect on 31 December of the year following that during which the notice was given. No such withdrawal shall affect the financial obligations owed to the Organization on the date the withdrawal takes effect. Notice of withdrawal by an Associate Member shall be given on its behalf by the Member State or other authority having responsibility for its international relations.

III. kafli.
Skipulag.

Stofnunin er þannig skipulögð: aðalþing, framkvæmdaráð og skrifstofa.

Article III
Organs.

The Organization shall include a General Conference, an Executive Board and a Secretariat.

IV. kafli.

Aðalþingið.

A. Skipan.

1. Á aðalþingi eiga sæti fulltrúar félagsríkja stofnunarinnar. Stjórn hvers félagsríkis skal skipa eigi fleiri en fimm fulltrúa, og skal um val þeirra leitað álits þjóðarnefndar, hafi hún verið stofnuð, eða stofnana á sviði fræðslumála, vísinda- eða menningarmála.

B. Störf.

2. Aðalþingið markar stefnu stofnunarinnar og ákveður starf hennar í megindráttum. Það úrskurðar um áætlanir, sem framkvæmdaráðið leggur fram.
3. Aðalþingið skal, þá er æskilegt þykir og í samræmi við reglur þær, er það setur, boða til alþjóðlegra ráðstefna ríkja um fræðslumál, vísinda- og menningarmál eða útbreiðslu þekkingar. Aðalþing eða framkvæmdaráðið getur, samkvæmt slíkum reglum, boðað til ráðstefna um sömu málefni, er ríkisstjórnir taka ekki þátt í.
4. Þegar aðalþing samþykkir tillögur, er leggja skal fyrir félagsríkin, skal gera greinarmun á ályktunum og alþjóðlegum samþykktum, sem lagðar eru fyrir félagsríkin til samþykkis. Til hins fyrra nægir einfaldur meiri hluti atkvæða; til hins síðara þarf tvo þriðju hluta atkvæða. Sérhvert félagsríki skal leggja ályktanir eða samþykktir fyrir þau stjórnvöld sín, er málið ber undir, áður en ár er liðið frá lokum þeirrar samkomu aðalþings, sem ályktunina eða samþykktina gerði.
5. Samkvæmt ákvæðum V. kafla, 5. gr. (c) skal aðalþing láta Sameinuðu þjóðunum í té álit sitt um fræðslu-, vísinda- og menningarhlið þeirra mála, sem Sameinuðu þjóðirnar láta til sín taka; samkvæmt þeim skil-

Article IV

The General Conference.

A. Composition.

1. The General Conference shall consist of the representatives of the States members of the Organization. The Government of each Member State shall appoint not more than five delegates, who shall be selected after consultation with the National Commission, if established, or with educational, scientific and cultural bodies.

B. Functions.

2. The General Conference shall determine the policies and the main lines of work of the Organization. It shall take decisions on programmes submitted to it by the Executive Board.
3. The General Conference shall, when it deems desirable and in accordance with the regulations to be made by it, summon international conferences of States on education, the sciences and humanities or the dissemination of knowledge; non-governmental conferences on the same subjects may be summoned by the General Conference or by the Executive Board in accordance with such regulations.
4. The General Conference shall, in adopting proposals for submission to the Member States, distinguish between recommendations and international conventions submitted for their approval. In the former case a majority vote shall suffice; in the latter case a two-thirds majority shall be required. Each of the Member States shall submit recommendations or conventions to its competent authorities within a period of one year from the close of the session of the General Conference at which they were adopted.
5. Subject to the provisions of Article V, paragraph 5 (c), the General Conference shall advise the United Nations Organization on the educational, scientific and cultural aspects of matters of concern to the latter;

yrðum og málsmeðferð, er hlutaðeigandi forráðamenn þessara stofnana hafa orðið sammála um.

6. Aðalþing skal taka við og athuga skýrslur, sem félagsríkin skila á tilteknum fresti, svo sem ákveðið er í VIII. kafla.
7. Aðalþing kýs framkvæmdaráð og skipar framkvæmdastjóra að fengnum tillögum þess.

in accordance with the terms and procedure agreed upon between the appropriate authorities of the two Organizations.

6. The General Conference shall receive and consider the reports submitted periodically by Member States as provided by Article VIII.
7. The General Conference shall elect the members of the Executive Board and, on the recommendation of the Board, shall appoint the Director-General.

C. Atkvæðagreiðsla.

8. (a) Hvert félagsríki fer með eitt atkvæði á aðalþingi. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður nema þar sem krafizt er tveggja þriðju hluta atkvæða samkvæmt ákvæðum þessarar stofnskrár eða þingsköpum aðalþings. Meiri hluti er meiri hluti fulltrúa, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða.

(b) Félagsríki hefur ekki atkvæðisrétt á aðalþingi, ef heildarupphæðin, sem það skuldar stofnuninni, er hærri en heildarupphæð sú, er því ber að greiða stofnuninni á því ári og næsta almanaksári á undan.

(c) Aðalþing getur þó veitt slíku félagsríki atkvæðisrétt, hafi það sannfærzt um, að vangreiðslunni valdi ástæður, sem hlutaðeigandi ríki fær ekki að gert.

C. Voting.

8. (a) Each Member State shall have one vote in the General Conference. Decisions shall be made by a simple majority except in cases in which a two-thirds majority is required by the provisions of this Constitution, or of the Rules of Procedure of the General Conference. A majority shall be a majority of the Members present and voting.

(b) A Member State shall have no vote in the General Conference if the total amount of contributions due from it exceeds the total amount of contributions payable by it for the current year and the immediately preceding calendar year.

(c) The General Conference may nevertheless permit such a Member State to vote, if it is satisfied that the failure to pay is due to conditions beyond the control of the Member Nation.

D. Þingsköp.

9. (a) Aðalþing kemur saman til reglulegs fundar annað hvert ár. Það getur haldið aukafund að eigin ákvörðun, ákvörðun framkvæmdaráðs eða að kröfu þriðjungs aðildarríkjanna að minnsta kosti.

(b) Aðalþing skal hverju sinni ákveða, hvar næsti reglulegur fundur skuli haldinn. Aðalþing skal ákveða, hvar aukafundur

D. Procedure.

9. (a) The General Conference shall meet in ordinary session every two years. It may meet in extraordinary session if it decides to do so itself or if summoned by the Executive Board, or on the demand of at least one-third of the Member States.

43.	Laugar, Dal., 2. áf.	1 819 408
44.	Tálknafjörður	345 834
45.	Flateyri	391 666
46.	Akureyri, Oddeyri, 2. áf.	841 666
47.	Þórshöfn	133 500
48.	Stöðvarfjörður	400 000
49.	Vík, Mýrdal	26 000
50.	Laugardalur	595 834
51.	Skjöldólfsst., skólastjórabúst.	100 000
52.	Reykjavík, Vogask.	1 069 500
53.	Grímsey	54 250
54.	Kolviðarnes	2 413 750
55.	Hallormsstaður	1 601 953
56.	Öxarfjarðar	425 729
57.	Öngulsstaða	55 000
58.	Rvík, Hamrahl., 3. áf.	520 000
59.	Rvík, Álftamýri	700 000
60.	Bolungarvík	700 000
61.	Reykdælaskóli	244 000
62.	Hafnarfj., íþróttahús	560 000
63.	Ýmsir skólar	150 000
64.	Rvík, Álftamýri, 2. áf.	978 125
65.	Hafnarfj., 2. áf.	728 000
66.	Ísafjörður, 1. áf.	1 171 875
67.	Garðaskóli, 2. áf.	721 875
68.	Raufarhöfn, 1. áf.	731 250

69.	Vopnafjörður, 1. áf.	540 625	
70.	Reykir, A-Hún.	1 750 000	
71.	Flúðir, Árn.	1 665 625	
72.	Akranes, 2. áf.	297 625	
73.	Borgarnes, 2. áf.	437 500	
74.	Ólafsvík, íþróttahús	537 500	
75.	Hvamms- og Dyrhóla, 1. áf.	245 000	
76.	Seltjarnarnes, 2. áf.	706 875	
77.	Dalvík, íþróttahús	715 625	
78.	Kópavogur, 1. áf.	612 625	
79.	Aðaldalur, 2. áf.	112 500	
80.	Hveragerði, íþróttahús	618 750	
81.	Djúpárhr., skólastjórabúst.	134 687	
82.	Laugar, Dal., skólastjórabúst.	92 500	
83.	Hella, Rang., skólastjórabúst.	134 687	
84.	Búðir, Fásk., skólastjórabúst.	154 218	
85.	Flateyri, skólastjórabúst.	89 400	
86.	Grindavík, skólastjórabúst.	134 687	
87.	Hólmavík, skólastjórabúst.	137 812	
88.	Seyðisfj., skólastjórabúst.	137 812	
89.	Keflavík, skólastjórabúst.	134 687	
90.	Hvammstangi. skólastjórabúst.	121 406	
91.	Ketildalahr., skólabifreið	30 000	
92.	Vatnsleysustr., skólabifreið	77 500	
93.	Kópavogur, skólabifreið	62 500	
			42 055 474

b. Ný skólahús og skólastjórabústaðir:

1.	Kirkjubæjarklaustur, V-Skaft.	700 000	
2.	Kársnessk.: skólast., leikfimishús	1 000 000	
3.	Hvassaleitisskóli	500 000	
4.	Mývatnssveit, S-Þing.	300 000	
5.	Akranes, leikfimishús	500 000	
6.	Svarfaðarskólahverfi	300 000	
7.	Hraungerðisskólahverfi	200 000	
8.	Varmalandsskólahverfi	350 000	
9.	Neskaupstaður, leikfimishús	300 000	
10.	Þorlákshöfn	160 000	
11.	Árskógsskólahverfi, Eyj.	250 000	
12.	Reykdælaskólahverfi, S-Þing.	300 000	
13.	Rauðasandsskólahv., Barð.	270 000	
14.	Hellissandur	300 000	
15.	Vopnafjörður	140 000	
16.	Skagaströnd, leikfimishús	300 000	
17.	Njarðvíkurskólahverfi	300 000	
18.	Egilsstaðir	150 000	
19.	Stykkishólmur, yfirb. sundlaug	180 000	
20.	Æfinga- og tilraunaskóli, Rvík	1 000 000	
21.	Hnífsdalur, skólastjórabúst.	135 000	
22.	Selfoss, skólastjórabúst.	135 000	
23.	Arnarnesskólahv., Eyj., skólabifr.	110 000	
24.	Sandvíkurskólahv., Árn., skólabifr.	67 500	
25.	Miðnes, Gullbr., skólabifr.	67 500	
			8 015 000

54. Við 14. gr. A. XII. 27. (Tryggingar).
Fyrir „350 000“ kemur 1 000 000

55. — 14. — A. XIII. 1. d. (Eiðar, viðhald).
Fyrir „200 000“ kemur 500 000

56. — 14. — A. XIII. 1. i. (Eiðar, til bygginga).
Liðurinn fellur niður.

57. — 14. — A. XIII. 7. f. (Skógar, viðhald).
Fyrir „400 000“ kemur 575 000

58. — 14. — A. XIII. 16. c. (Vestmannaeyjar, ljós o. fl.).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000

59. — 14. — A. XIII. 16. f. (Vestmannaeyjar, viðhald).
Fyrir „115 000“ kemur 185 000

60. — 14. — A. XIII. 17. f. (Keflavík, viðhald).
Fyrir „17 250“ kemur 117 250

61. — 14. — A. XIII. 18. c. (Hafnarfjörður, ljós o. fl.).
Fyrir „175 000“ kemur 200 000

62. — 14. — A. XIII. 18. e. (Hafnarfjörður, annar kostnaður).
Fyrir „125 000“ kemur 190 000

63. — 14. — A. XIII. 19. c. (Kópavogur, ljós o. fl.).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000

64. — 14. — A. XIII. 19. e. (Kópavogur, annar kostnaður).
Fyrir „210 000“ kemur 310 000

65. — 14. — A. XIII. 35. Liðurinn orðist svo:
Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla:

a. Skólahús í smíðum:

1.	Rvík, Réttarh., 1. áf.	900 000
2.	Stykkishólmur	542 792
3.	Siglufjörður	224 853
4.	Reykir, Hrútaf.	450 000
5.	Laugarvatn	459 913
6.	Akranes	380 550
7.	Neskaupstaður	358 258
8.	Keflavík	375 000
9.	Kópavogur	672 015
10.	Rvík, Réttarh., 2. áf.	1 388 275
11.	Rvík, Hagaskóli, 2. áf.	1 770 000
12.	Akureyri, 2. áf.	790 000
13.	Hafnarfjörður	366 667
14.	Héraðssk. Reykjanesi	1 808 333
15.	Héraðssk. Laugum	300 000
16.	Rvík, Gagnfræðask. verkn.	700 000
17.	Rvík, Langholtssk.	620 000
18.	Rvík, Vogaskóli	650 000
19.	Rvík, Langholtssk., 2. áf.	725 000
20.	Rvík, Réttarholt, 3. áf.	1 193 750
21.	Selfoss, 1. áf.	875 000
22.	Núpur	2 281 250
23.	Alþýðusk. Eiðum, 1. áf.	1 525 000
24.	Alþýðusk. Eiðum, 2. áf.	1 525 000
		20 881 656

b. Ný skólahús:

1.	Reykjaskóli	1 000 000
2.	Reykjanesskóli	1 000 000
3.	Reykholt	500 000

			4. Núpur	135 000	
			5. Vogaskóli	1 200 000	
			6. Laugalækjarskóli	1 200 000	
			7. Sólvallaskóli	300 000	
			8. Skógaskóli	500 000	
					5 835 000
66.	Við	14. gr.	A. XIII. 37. (Tryggingar).		
			Fyrir „200 000“ kemur		500 000
67.	—	14. —	A. XIII. 38. (Unglingafræðsla).		
			Fyrir „200 000“ kemur		300 000
68.	—	14. —	A. XIII. 43. (Listkynning í skólum).		
			Fyrir „100 000“ kemur		200 000
69.	—	14. —	A. XVII. 1. e. (Húsmæðrakennaraskólinn, annar kostn.).		
			Fyrir „80 000“ kemur		95 000
70.	—	14. —	A. XVIII. c. (Hjúkrunarskóli, annar kostnaður).		
			Fyrir „900 000“ kemur		1 100 000
71.	—	14. —	A. XIX. 1. (Íþróttakennaraskóli).		
			a. Við d. (Námskeið).		
			Fyrir „70 000“ kemur		90 000
			b. Við g. (Íþróttavellir).		
			Fyrir „125 000“ kemur		200 000
72.	—	14. —	A. XIX. 2. (Íþróttasjóður).		
			Fyrir „3 000 000“ kemur		4 000 000
73.	—	14. —	A. XIX. 11. Nýr liður:		
			Til Handknattleikssamb. Ísl. vegna Norðurlandamóts í útihandknattleik kvenna		50 000
74.	—	14. —	A. XX. 4. (Heyrnleysingjaskóli, áhaldakaup).		
			Fyrir „70 000“ kemur		140 000
75.	—	14. —	A. XXI. (Hælisvist stúlkna).		
			Fyrir „200 000“ kemur		250 000
76.	—	14. —	A. XXX. b. (Dvalarheimili fyrir unglinga, annar kostn.).		
			Fyrir „532 000“ kemur		1 007 000
77.	—	14. —	A. XXXIII. (Erlendir námsmenn).		
			Fyrir „300 000“ kemur		400 000
78.	—	14. —	A. XXXIII. Nýr liður:		
			Til Skáksambands Ísl. vegna alþjóðlegs skákmóts í Rvík		50 000
79.	—	14. —	B. II. 7. (Ljósritun kirkjubóka).		
			Fyrir „25 000“ kemur		40 000
80.	—	14. —	B. III. (Þjóðminjasafnið).		
			a. Við 1. (Laun).		
			Fyrir „711 600“ kemur		851 520
			b. Við 6. (Viðhald).		
			Fyrir „40 000“ kemur		140 000
			c. Við 11. (Þjóðháttadeild).		
			Fyrir „120 000“ kemur		270 000
81.	—	14. —	B. V. (Listasafn).		
			a. Við 1. Nýr liður:		
			Til útgáfu myndaskrár (fyrsta greiðsla af þremur) ..		50 000
			b. Við 2. (Annar kostnaður).		
			Fyrir „150 000“ kemur		250 000
82.	—	14. —	B. V. Nýr (rómv.) liður:		
			Fræðslumyndasafn:		
			1. Laun	256 080	

2. Kvikmyndagerð, kvikmyndakaup og kyrrmyndagerð 250 000
3. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting 102 000
4. Annar kostnaður 100 000

708 080

83. Við 14. gr. B. VI. 9. (Útgáfa myndaskrár).
Liðurinn fellur niður.
84. — 14. — B. XII. b. 14. (Fræðslumyndasafn).
Liðurinn fellur niður.
85. — 14. — B. XIII. 6. (Fornritaútgáfan).
Fyrir „75 000“ kemur 125 000
86. — 14. — B. XIII. 10. (Rit um þjóðhætti við sjávarsíðuna).
Liðurinn fellur niður.
87. — 14. — B. XIII. 27. (Norræna félagið).
Fyrir „30 000“ kemur 50 000
88. — 14. — B. XIII. 28. (Nemendur frá Norðurlöndum).
Fyrir „14 000“ kemur 50 000
89. — 14. — B. XIII. 29. (Stúdentaráð).
Fyrir „20 000“ kemur 50 000
90. — 14. — B. XIII. 30. Nýr liður:
Til Sambands íslenzkra stúdenta erlendis 50 000
91. — 14. — B. XIII. 38. (Esperanto-orðabók).
Fyrir „10 000“ kemur 25 000
92. — 14. — B. XLII. (Bandalag íslenzkra leikfélaga).
Fyrir „125 000“ kemur 150 000
93. — 14. — B. XLIII. Fyrir 1.—13. lið kemur einn liður:
Til tónlistarskóla samkvæmt lögum 1 900 000
94. — 14. — B. XLIII. 20. (Söngfélagið Hekla).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000
95. — 14. — B. XLIII. 24. Nýr liður:
Til Musica Nova 35 000
96. — 14. — B. LXIII. Nýr liður:
Til Einars Sturlusonar til söngkennslu 10 000
97. — 14. — B. LXXII. (Listasafn Ásgríms Jónssonar).
Fyrir „110 000“ kemur 135 000
98. — 14. — B. LXXXI. Nýr liður:
Til Zontaklúbbs Akureyrar vegna lóðarkaupa 50 000
99. — 14. — B. LXXXVI. Nýir liðir:
a. Til Álfheiðar Guðmundsdóttur til söngnáms 8 000
b. Til Hreins Líndals til söngnáms 8 000
100. — 14. — B. LXXXVII. Nýir liðir:
a. Til norræns móts laganema og lögfræðinga sumarið 1964 ..... 100 000
b. Til norræns móts templara á Íslandi 50 000
c. Styrkur vegna þátttöku í alþjóðaþingi jarðfræðinga 25 000
101. — 15. — I. 4. (Biskupsembættið, skrifstofukostnaður).
Fyrir „225 000“ kemur 261 000
102. — 15. — II.
a. Við 1. (Endurbætur íbúðarhúsa á prestssetrum).
Fyrir „1 000 000“ kemur 2 000 000
b. Við 5. (Húsaleigustyrkur).
Fyrir „160 000“ kemur 180 000

103.	Við 15. gr.	XIV. Nýr liður:			
		Eftirlitsmaður með prestssetrum:			
		1. Laun	112 920		
		2. Annar kostnaður	50 000		
					162 920
104.	— 15. —	XV. 2. (Umsjónarmaður kirkjugarða, ferðakostnaður).			
		Fyrir „25 000“ kemur			50 000
105.	— 15. —	XVII. Nýr liður:			
		Til sjúkrahúsaprests, sem gegni þjónustu í Rvík			30 000
106.	— 15. —	XX. Nýr liður:			
		Til æskulýðsfélaga þjóðkirkjunnar á Suðurlandi vegna framkvæmda við sumarbúðir í Skálholti			100 000
107.	— 16. —	A. 1. (Búnaðarfélag Íslands).			
		Fyrir „6 806 093“ kemur			7 306 093
108.	— 16. —	A. 3. (Veiðistjóri).			
		Fyrir „120 000“ kemur			242 040
109.	— 16. —	A. 6. b. (Kaup á jarðræktarvélum).			
		Fyrir „1 000 000“ kemur			1 250 000
110.	— 16. —	A. 6. Nýr liður:			
		Til kaupa á holræsaplóg (fyrri greiðsla)			750 000
111.	— 16. —	A. 7. (Verkfæranefnd ríkisins).			
		Fyrir „300 000“ kemur			350 000
112.	— 16. —	A. 12. (Jarðræktartilraunir).			
		a. Við a. (Rekstrarkostnaður).			
		Fyrir „1 550 000“ kemur			1 710 000
		b. Við b. (Stofnkostnaður).			
		Fyrir „450 000“ kemur			550 000
113.	— 16. —	A. 17. c. (Fyrirhleðslur). Nýir liðir:			
		a. Í Laxá í Nesjahreppi			75 000
		b. Í Fjarðará í Borgarfirði eystra			25 000
114.	— 16. —	A. 18. (Fyrirhleðslur).			
		a. Við a. (Vatnsdalsá).			
		Fyrir „75 000“ kemur			97 000
		b. Við b. (Selá).			
		Fyrir „10 000“ kemur			22 000
		c. Við d. (Laxá).			
		Liðurinn fellur niður.			
		d. Við h. Liðurinn orðist svo:			
		Í Djúpá hjá Kálfafelli			30 000
		e. Við i. Nýir liðir:			
		1. Í Holtsósi			15 000
		2. Í Skaftá við Stjórnarsand			15 000
		3. Í Skaftárdalsvatni			30 000
		4. Í Fossálum í Þverá á Síðu			25 000
		5. Við Héraðsvötn í Skagafirði			50 000
		6. Í Haukadalsá			15 000
		7. Í Norðurá í Mýrasýslu			75 000
115.	— 16. —	A. 19. Liðurinn orðist svo:			
		Til sjóvarnargarða:			
		a. Álftanes			100 000
		b. Borgarfjörður eystra			25 000
		c. Borgarnes			50 000
		d. Eyrarbakki			200 000
		e. Flateyri			100 000

	f. Grenivík		50 000
	g. Garðskagi		75 000
	h. Grótta		100 000
	i. Hauganes		100 000
	j. Hnífsdalur		25 000
	k. Ísafjörður		50 000
	l. Seltjarnarnes		125 000
	m. Siglufjörður		150 000
	n. Eiðið, Vestmannaeyjum		200 000
	o. Þórshöfn		200 000
			1 550 000
116. Við 16. gr. A. 20. (Sandgræðsla).			
	a. Við b. (Sandgræðslustöðvar).		
	Fyrir „2 250 000“ kemur		2 500 000
	b. Við c. (Nýjar sandgræðslugirðingar).		
	Fyrir „1 250 000“ kemur		1 500 000
	c. Við g. (Áburðardreifing úr flugvél).		
	Fyrir „400 000“ kemur		500 000
117. — 16. — A. 22. (Skógrækt).			
	a. Við c. (Til skóggræðslu).		
	Fyrir „1 600 000“ kemur		1 750 000
	b. Við d. (Til plöntuuppeldis).		
	Fyrir „522 500“ kemur		600 000
118. — 16. — A. 25. c. (Veðimálaskrifstofan, annar kostnaður).			
Fyrir „300 000“ kemur			400 000
119. — 16. — A. 40. b. (Bændaskólinn á Hvanneyri).			
	a. Við 1. (Laun).		
	Fyrir „737 280“ kemur		853 440
	b. Við 4. (Hiti o. fl.).		
	Fyrir „180 000“ kemur		200 000
	c. Við 7. (Til tilrauna).		
	Fyrir „150 000“ kemur		200 000
	d. Við 8. (Viðhald).		
	Fyrir „300 000“ kemur		340 000
	e. Við 11. Nýr liður:		
	Til bókasafns		10 000
120. — 16. — A. 41. (Húsmæðraskólar).			
	a. Við a. 3. (Varmaland, viðhald o. fl.).		
	Fyrir „207 000“ kemur		257 000
	b. Við c. 3. (Blönduós, viðhald o. fl.).		
	Fyrir „150 000“ kemur		362 750
	c. Við e. 3. (Laugaland, viðhald o. fl.).		
	Fyrir „100 000“ kemur		184 000
	d. Við j. Liðurinn orðist svo:		
	Til byggingar skóla:		
	1. Skólahús í smíðum:		
	a. Varmaland	640 000	
	b. Staðarfell	60 000	
	c. Blönduós	30 000	
	d. Syðra-Laugaland	120 000	
	e. Hallormsstaður	50 000	
	f. Laugarvatn	250 000	
			1 150 000

			2. Ný skólahús:		
			a. Laugarvatn	950 000	
			b. Blönduós	500 000	
			c. Hallormsstaður	200 000	
					1 650 000
121.	Við	16. gr.	A. 45. (Starfsíþróttir).		
			Fyrir „25 000“ kemur		50 000
122.	—	16. —	A. 46. Nýir liðir:		
			a. Til landþurrkunar í Austur-Landeyjum		100 000
			b. Til landþurrkunar í Vestur-Landeyjum		40 000
123.	—	16. —	B. 1. (Fiskifélag Íslands).		
			Fyrir „6 828 000“ kemur		7 528 000
124.	—	16. —	B. 10. a. 1. (Fiskmat, laun).		
			Fyrir „1 856 760“ kemur		1 934 160
125.	—	16. —	B. 11. Textinn orðist svo:		
			Til að leita að rækju- og humarmiðum.		
126.	—	16. —	C. 5. (Iðnfræðsluráð).		
			Fyrir „350 000“ kemur		500 000
127.	—	16. —	C. 7. (Iðnskóli í Reykjavík).		
			Fyrir „1 000 000“ kemur		2 000 000
128.	—	16. —	C. 8. (Iðnskóli áAkureyri).		
			Fyrir „300 000“ kemur		500 000
129.	—	16. —	C. 9. (Iðnskóli á Selfossi).		
			Fyrir „50 000“ kemur		93 250
130.	—	16. —	D. X. (Jarðhitasjóður).		
			Fyrir „6 200 000“ kemur		7 200 000
131.	—	16. —	E. I. (Fiskideild).		
			a. Við a. (Laun).		
			Fyrir „3 380 960“ kemur		3 641 720
			b. Við b. (Annar kostnaður).		
			Fyrir „1 600 000“ kemur		1 700 000
132.	—	16. —	E. I. 3. (Búnaðardeild).		
			a. Við d. (Gróðurkortagerð).		
			Fyrir „100 000“ kemur		150 000
			b. Við e. Nýr liður:		
			Til uppgræðslutilrauna á hálendinu		100 000
			c. Við f. Nýr liður:		
			Til rannsókna á aðferðum við bætta nýtingu á íslenzku ullinni		500 000
133.	—	16. —	E. I. 4. c. (Atvinnudeild).		
			Nýir liðir:		
			a. Til endurbóta á efnagreiningarsal		1 000 000
			b. Til kaupa á stimpilklukkum		50 000
134.	—	16. —	E. IX. (Starfsfræðsla utan Reykjavíkur).		
			Fyrir „30 000“ kemur		80 000
135.	—	17. —	I. 3. (Til vatnsveitna).		
			Fyrir „1 500 000“ kemur		2 000 000
136.	—	17. —	I. 3. Nýir liðir:		
			a. Til vatnsöflunar fyrir Grafarbæi í Skagafirði		30 000
			b. Til vatnsöflunar í Tunguplássi og Hoftúnum		50 000
			c. Til vatnsöflunar á Arnarstapa á Snæfellsnesi		35 000
137.	—	17. —	I. 5. (Egilsstaðakauptún).		
			Fyrir „300 000“ kemur		500 000

138. Við 17. gr. I. 5. Nýr liður:
Til skipulags miðsvæðis í Kópavogi 100 000
139. — 17. — I. 6. (Samband ísl. sveitarfélaga).
Fyrir „75 000“ kemur 150 000
140. — 17. — III. 8. (Orlofsheimili verkalýðssamtaka).
Fyrir „475 000“ kemur 1 000 000
141. — 17. — IV. (Almannatryggingar).
a. Við 1. (Framlag samkv. 23. gr.).
Fyrir „373 200 000“ kemur 405 900 000
b. Við 2. (Sjúkratryggingar).
Fyrir „88 000 000“ kemur 103 000 000
142. — 17. — V. 1. (Ríkisframfærsla sjúkra manna).
a. Við a. (Styrkur til berklasjúklinga).
Fyrir „7 004 000“ kemur 9 372 000
b. Við f. (Styrkur til annarra sjúklinga).
Fyrir „47 383 380“ kemur 65 753 787
143. — 17. — V. 7. (Sjúkraflug Tryggva Helgasonar).
Fyrir „100 000“ kemur 125 000
144. — 17. — V. 9. Nýr liður:
Til dagheimila, byggingarstyrkir:
a. Á Akranesi 75 000
b. Í Kópavogi 100 000
c. Í Vestmannaeyjum 75 000
145. — 17. — V. 12. (Kvenréttindafélag Íslands).
Fyrir „40 000“ kemur 50 000
146. — 17. — V. 12. Nýr liður:
Til Samb. norðlenzkra kvenna í tilefni af 50 ára afmæli 25 000
147. — 17. — V. 13. a. (Til Rauða krossins).
Fyrir „45 000“ kemur 200 000
148. — 17. — V. 13. Nýr liður:
Til Blindrafélagsins í Reykjavík, byggingarstyrkur .. 150 000
149. — 17. — V. 15. (Félagsmálastofnunin).
Fyrir „25 000“ kemur 50 000
150. — 17. — V. 17. d. (Bandalags íslenzkra farfugla).
Fyrir „10 000“ kemur 25 000
151. — 17. — V. 17. e. Liðurinn orðist svo:
Til Æskulýðssambands Íslands 50 000
152. — 18. — VI. Nýr liður:
Uppbætur á lífeyri samkvæmt 18. gr. frá 1. júlí 1963 til ársloka 1964, svo og uppbætur á lífeyri úr lífeyrissjóðum frá 1. júlí til 31. desember 1963 ..... 3 870 000
153. — 20. — Út. I. (Afborganir lána).
Fyrir „14 702 667“ kemur 15 220 667
154. — 20. — Út. VI. 1. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana).
Fyrir „6 503 000“ kemur 9 503 000
155. — 20. — Út. VI. 4. (Heilsuhælið í Kristnesi).
Fyrir „400 000“ kemur 600 000
156. — 20. — Út. VIII. (Flugvallagerð).
Fyrir „12 720 000‘ kemur 15 220 000
157. — 20. — Út. XI. 3. (Sjómannaskólinn).
Fyrir „600 000“ kemur 800 000
158. — 20. — Út. XI. 7. (Garðyrkjuskólinn á Reykjum).
Fyrir „450 000“ kemur 600 000

159. Við 20. gr. Út. XI. 11. Liðurinn orðist svo:
Til Íþróttakennaraskóla Íslands 700 000
160. — 20. — Út. XV. (Embættisbústaðir héraðsdómara).
Fyrir „1 400 000“ kemur 1 700 000
161. — 20. — Út. XVI. Nýir liðir:
a. Til byggingar lögreglustöðvar á Akureyri 500 000
b. Til byggingar jarðskjálftastöðvar á Akureyri 130 000
162. — 20. — Út. XXIII. (Embættisbústaðir dýralækna).
Fyrir „900 000“ kemur 1 300 000
163. — 20. — Út. XXXIII. Nýir liðir:
a. Til kaupa á eignum Ræktunarfélags Norðurlands .. 1 500 000
b. Til byggingar laxeldisstöðvar í Kollafirði 2 500 000
164. — 22. — XXVI. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán fyrir Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands vegna byggingar Bændahallarinnar, með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
b. Að ábyrgjast allt að 70% af byggingarkostnaði nýs flóabáts fyrir farsvæði Breiðafjarðarbáts (Stykkishólmsbáts), gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
c. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán vegna byggingar Domus Medica, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
d. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til Hveragerðishrepps vegna hitaveituframkvæmda, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
e. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til byggingarframkvæmda og umbóta á heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
f. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af jarðskjálftamælingatækjum fyrir Veðurstofu Íslands.
g. Að greiða 15% uppbót á greiðslur samkv. 18. gr. fjárlaga frá 1. júlí 1963.
h. Að leyfa vélasjóði að taka allt að 3 millj. kr. lán til vélakaupa og ábyrgjast lánið.
i. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða allt að 45 aurum til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlingapakka, og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu.
j. Að lána til Reykjanesbrautar jafnvirði 300 þús. dollara af mótvirðisfé.

Sþ. 132. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1964.

Frá meiri hl. fjárveitingarnefndar.

1. Við 2. gr.
a. Við 1. (Tekju- og eignarskattur).
Fyrir „210 000 000“ kemur 245 000 000
b. Við 2. (Aðflutningsgjöld).
Fyrir „1 366 000 000“ kemur 1 392 300 000
c. Við 2. (Jöfnunarsjóður).
Fyrir „68 000 000“ kemur 69 300 000

d. Við 10. (Söluskattur).
Fyrir „327 000 000“ kemur 345 750 000
e. Við 10. (Jöfnunarsjóður).
Fyrir „65 000 000“ kemur 68 750 000
f. Við 11. (Gjald af bifreiðum og bifhjólum).
Fyrir „66 000 000“ kemur 86 000 000
2. Við 3. gr. A. Sundurliðun. 2. (Áfengis- og tóbaksverzlun).
a. Við I. (Sala).
Fyrir „600 177 000“ kemur 626 492 000
b. Við V. (Útsvar).
Fyrir „20 012 000“ kemur 21 327 000

Sþ. 133. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1964 og við brtt. á þskj. 132.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, HÞ).

1. Við brtt. 132, 1. a. (Við 2. gr. 1. — Tekju- og eignarskattur).
Fyrir „245 000 000“ kemur 265 000 000
2. Við brtt. 132,1. b. (Við 2. gr. 2. — Aðflutningsgjöld).
Fyrir „1 392 300 000“ kemur 1 420 400 000
3. Við brtt. 132,1. c. (Við 2. gr. 2. — Jöfnunarsjóður).
Fyrir „69 300 000“ kemur 70 400 000
4. Við 2. gr. 7. (Aukatekjur).
Fyrir „36 000 000“ kemur 40 000 000
5. Við 2. gr. 8. (Stimpilgjald).
Fyrir „54 000 000“ kemur 58 000 000
6. Við brtt. 132,1. d. (Við 2. gr. 10. — Söluskattur).
Fyrir „345 750 000“ kemur 375 000 000
7. Við brtt. 132,1. e. (Við 2. gr. 10. — Jöfnunarsjóður).
Fyrir „68 750 000“ kemur 73 000 000
8. Við brtt. 132,1. f. (Við 2. gr. 11. — Gjald af bifreiðum).
Fyrir „86 000 000“ kemur 96 000 000
9. Við brtt. 132,2. (Við 3. gr. A. Sundurliðun. 2. — Áfengis- og tóbaksverzlun).
a. Við a. (Við I. — Sala).
Fyrir „626 492 000“ kemur 636 992 000
b. Við b. (Við V. — Útsvar).
Fyrir „21 327 000“ kemur 21 827 000
10. Við 12. gr. IX. (Bygging sjúkrahúsa o. fl.).
Fyrir „7 000 000“ kemur 15 000 000
11. Við 13. gr. C. VII. (Hafnarmannvirki).
Fyrir „17 000 000“ kemur 26 000 000
12. Við 14. gr. A. XIX. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „3 000 000“ kemur 5 000 000
13. Við 16. gr. A. 6. b. (Kaup á jarðræktarvélum).
Fyrir „1 000 000“ kemur 4 000 000
14. Við 16. gr. A. 20. c. (Sandgræðslugirðingar).
Fyrir „1 250 000“ kemur 1 800 000
15. Við 16. gr. A. 20. g. (Áburðardreifing úr flugvél).
Fyrir „400 000“ kemur 800 000

16. Við 16. gr. A. 23. (Mjólkurbú).
Fyrir „500 000“ kemur 1 000 000
17. Við 16. gr. B. 5. (Haf- og fiskirannsóknir).
Fyrir „1 500 000“ kemur 2 500 000
18. Við 16. gr. C. 4. (Iðnlánasjóður).
Fyrir „2 000 000“ kemur 3 000 000
19. Við 16. gr. D. X. (Jarðhitasjóður).
Fyrir „6 200 000“ kemur 16 200 000
20. Við 16. gr. D. XII. (Nýjar raforkuframkvæmdir).
Fyrir „10 000 000“ kemur 35 000 000
21. Við 17. gr. I. 3. (Til vatnsveitna).
Fyrir „1 500 000“ kemur 4 000 000
22. Við 17. gr. V. 2. Nýr liður:
Til félagsheimilasjóðs 10 000 000
23. Við 20. gr. Út. IV. (Byggingar á jörðum ríkisins).
Fyrir „2 200 000“ kemur 3 000 000
24. Við 20. gr. Út. VIII. (Flugvallagerð).
Fyrir „12 700 000“ kemur 18 000 000
25. Við 20. gr. Út. IX. (Sjúkraflugvellir).
Fyrir „492 100“ kemur 1 000 000
26. Við 20. gr. Út. XVIII. (Lán til rafstöðva).
Fyrir „705 000“ kemur 1 000 000
27. Við 20. gr. Út. XXI. (Atvinnubótasjóður).
Fyrir „10 000 000“ kemur 20 000 000
28. Við 20. gr. Út. XXXI. Nýr liður:
Til byggingar fiskirannsóknarskips 10 000 000

Sþ. 134. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1964.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Innan nefndarinnar hefur ekki náðst samkomulag um afgreiðslu frumvarpsins. Allar tillögur um breytingar á útgjaldaliðum eru þó fluttar af nefndinni sameiginlega, en fulltrúar Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins í nefndinni hafa áskilið sér rétt til þess að flytja og fylgja breytingartillögum við einstaka liði frumvarpsins og einnig hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar, sem birtar eru á sérstöku þingskjali.

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1964 var útbýtt á hæstvirtu Alþingi þann 14. okt. s. l., og var það fyrsta mál þingsins.

Fyrsta umræða um frumvarpið fór fram þann 22. okt., og var því vísað til fjárveitinganefndar daginn eftir. Fyrr hafði nefndin byrjað athugun sína á frumvarpinu, sem venja hefur verið, með því að bera það saman við gildandi fjárlög og ríkisreikning fyrir árið 1962.

Frá því, er nefndin hóf störf sín, hefur hún haldið 40 fundi og tekið til athugunar og afgreiðslu 435 erindi, sem til hennar höfðu borizt frá ráðuneytum, ríkisstofnunum, fjöldamörgum félagasamtökum og einstaklingum. Eftir því sem tími hefur unnizt til, hefur nefndin kynnt sér greinargerðir og skýrslur opinberra stofnana varðandi fjárhagsafkomu þeirra í ár og varðandi framtíðarhorfurnar, einnig lesið yfir og kynnt sér erindi annarra aðila. Þá hafa margir forstöðumenn ríkisstofnana mætt á fundum nefndarinnar og gert henni grein fyrir tillögum sínum og óskum varðandi fjárveitingar á næsta ári.

Eins og áður hefur verið lögð á það áherzla, að afgreiðslu fjárlaganna yrði lokið fyrir áramót.

Afgreiðsla fjárlaga er eitt þýðingarmesta verkefni Alþingis hverju sinni, sem áhrif hefur á allflesta þætti þjóðlífsins. Með þeim er m. a. ákveðinn sá skerfur, sem ráðandi meiri hluti á Alþingi telur fært að leggja af mörkum til menningar- og mannúðarmála, og ákvarðanir teknar um hinar margvíslegustu framkvæmdir á sviði atvinnulífsins.

Fjárlögin bregða því upp mynd af afkomu þjóðarbúsins í heild og gefa vísbendingu um styrkleika þess til þess að leysa aðsteðjandi þarfir, sem jafnan hljóta að vera margar og miklar í framfara- og menningarþjóðfélagi.

Vegna þeirrar þróunar, sem á undanförnum árum hefur ríkt í efnahagsmálum okkar Íslendinga, hafa fjárlög stöðugt farið hækkandi, fram yfir það, sem ætla mætti vegna fólksfjölgunar og aukinnar greiðslugetu atvinnuveganna.

Miðað við fjárlög yfirstandandi árs hækka rekstrarútgjöld samkv. fjárlagafrumvarpinu um 329.2 millj. kr. Hækkun þessi stafar að verulegu leyti af ákvörðunum kjaradóms um laun opinberra starfsmanna og hinum almennu kauphækkunum, sem þegar hafa átt sér stað á árinu. Hækkanir þessar eru alkunnar, og þarf ekki að fjölyrða um þær.

Eins og breytingartillögur meiri hluta fjárveitinganefndar sýna, munu útgjaldaliðir fjárlaga næsta árs hækka verulega fram yfir það, sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu. Eftir 2. umræðu má einnig búast við nokkurri hækkun útgjalda, þar sem afgreiðsla einstakra málaflokka bíður 3. umræðu.

Við 1. umræðu frumvarpsins gerði fjármálaráðherra ýtarlega grein fyrir efni þess og breytingum frá gildandi fjárlögum. Hér á eftir verður því einungis í stuttu máli skýrt frá breytingartillögum nefndarinnar við fjárlagafrumvarpið.

Um 7. gr.

Greinin hækkar um 321 þús. kr. vegna nýrra lána til ríkisspítalanna, sem tekin hafa verið, eftir að frumvarpið var samið.

Um 10. gr.

Sendiráðið í París hækki um kr. 51 672.00 vegna launa. Tekinn er upp nýr liður: Tillag til World Food Program á vegum FAO, 215 þús. kr. Fjöldamörg ríki hafa bundizt samtökum um að veita matvælahjálp til þurfandi þjóða. Nefnd upphæð verður skerfur okkar Íslendinga.

Um 11. gr.

Framlag til útgáfu hæstaréttardóma hækki um 70 þús. kr. Við borgardómaraembættið í Reykjavík hækka laun um kr. 147 600.00 og sakadómaraembættið um kr. 74 400.00. Annar kostnaður við embætti sakadómara hækkar um kr. 1 300 000.00 vegna flutnings þess í annað húsnæði. Annar kostnaður við embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar hækki um kr. 800 000.00 vegna fenginnar reynslu. Liðurinn: Einkennisbúningar héraðsdómara hækki um kr. 75 000.00. Þá er lagt til, að sumarlöggæzla á þremur stöðum hækki samtals um kr. 45 000.00 og kostnaður við löggæzlu í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð hækki um kr. 25 000.00. Þá er talið óhjákvæmilegt, að framlag til rekstrar vinnuhælisins að Kvíabryggju hækki um kr. 120 000.00. Vegna vanáætlaðra launa hækki embætti húsameistara ríkisins um kr. 122 040.00.

Um 12. gr.

Launagreiðslur á greininni hækka samtals um kr. 1 067 150.00 vegna of lágra áætlana. Yfirleitt hækka laun á 12. gr. mikið vegna niðurstöðu kjaradóms. Nú eru daggjöld á spítölum og heilsuhælum kr. 210.00 og kr. 150.00. Þar sem ákveðið hefur verið, að daggjöld skuli hækka í kr. 300.00 og kr. 200.00, breytast eftirgreindir tekjuliðir við ríkisspítalana og heilsuhælin, sem hér segir:

Tekjur Landsspítalans hækki um kr. 6 040 000.00, verði kr. 26 440 000.00, fæðingardeildar hækki um kr. 1 935 000.00, verði kr. 7 922 500.00, Vífilsstaðahælis hækki um kr. 2 000 000.00, verði kr. 8 625 000.00, Kristneshælis hækki um kr. 1 150 000.00, verði kr. 4 760 000.00, Kleppsspítala hækki um kr. 5 025 000.00, verði kr. 20 900 000.00, Kópavogshælis hækki um kr. 1 900 000.00, verði kr. 7 875 000.00. Samtals nemur þannig hækkun tekna kr. 18 050 000.00. Hækkun þessi leiðir af sér aukin útgjöld á 17. gr., og vísast til athugasemda þar um varðandi þessi atriði. Annar kostnaður við heilsuhælið á Vífilsstöðum hækki um kr. 250 000.00 vegna viðhalds. Við Kleppsspítala komi nýr liður: Til húsgagna- og áhaldakaupa kr. 1 000 000.00. Nefndin kynnti sér aðbúnað sjúklinga og starfsfólks á Kleppi og telur þessa fjárveitingu nauðsynlega til þess að bæta úr brýnustu þörfum. Þá er tekinn upp nýr liður: Til Náttúrulækningafélags Íslands, byggingarstyrkur, kr. 200 000.00. Vegna framkvæmda félagsins hefur það áður fengið styrki á fjárlögum.

Um 13. gr. A.

Tillögur varðandi fjárveitingar til vega- og brúargerða bíða 3. umræðu. Lagt er til, að styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum hækki um kr. 60 000.00. Þá eru teknir upp tveir nýir liðir: Til Guðmundar Jónassonar til rekstrar snjóbíla kr. 20 000.00 og: Til rekstrar snjóbíls á Fljótsdalshéraði kr. 30 000.00. Sá bíll verður notaður m. a. til sjúkraflutninga.

Um 13. gr. B.

Lagt er til, að framlag til Skipaútgerðar ríkisins hækki um kr. 3 000 000.00.

Um 13. gr. C.

Lagt er til, að fjárveiting til vitaskips hækki um kr. 250 000.00 og liðurinn: Til áhalda um kr. 500 000.00. Framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um kr. 550 000.00.

Um 13. gr. D.

Laun hækki um kr. 101 112.00. Er það vegna þess, að laun flugráðs féllu niður af vangá. Viðhald og varðveizla mannvirkja hækki um kr. 400 000.00 og annar kostnaður við flugumferðarstjórn um kr. 50 000.00. Alþjóðaflugþjónusta hækki um kr. 189 723.00. Þá er lagt til að lækka áætlaðar tekjur af Keflavíkurflugvelli um kr. 3 000 000.00. Er stuðzt við fengna reynslu.

Um 13. gr. E.

Aukavinna og vaktaálag veðurstofunnar á Reykjavíkurflugvelli hækki um kr. 117 000.00. Einnig hækki símakostnaður um kr. 258 000.00, en gleymzt hafði við samningu frumvarpsins að taka tillit til hækkunar símgjalda. Gerð er tillaga um nýjan lið: Til veðurathugana á hálendi Íslands kr. 70 000.00, en þær hafa verið framkvæmdar að undanförnu. Annar kostnaður áhaldadeildar veðurstofunnar hækki um kr. 20 000.00 og annar kostnaður jarðeðlisfræðideildar hækki um kr. 50 000.00.

Um 13. gr. F.

Launahækkanir á greininni eru samtals kr. 264 960.00. Stýrimannaskólinn: Til áhaldakaupa, hækkun kr. 100 000.00. Skólinn þarf nauðsynlega á nýjum radar að halda, sem greiða má á tveimur árum. Nýr liður: Til Flugbjörgunarsveitar Akureyrar kr. 50 000.00, sem ganga munu til endurnýjunar á farkosti sveitarinnar og til talstöðvakaupa.

Um 14. gr. A.

Laun og stundakennsla við háskólann hækka samtals um kr. 221 920.00 og fasteignagjöld um kr. 30 000.00. Liðurinn: Til sérlestrarherbergja stúdenta hækki um kr. 200 000.00 vegna kaupa á húseigninni Aragötu 9. Viðhald menntaskólans á Akureyri hækkar um kr. 200 000.00, en það er gamalt timburhús. Menntaskólinn í Reykjavík: Annar kostnaður hækki um kr. 50 000.00. Menntaskólinn á Laugarvatni,

nýr liður: Til bókasafns nemenda kr. 5000.00. Vélskólinn, nýr liður: Námsferðir kr. 3 000.00. Liðurinn: Til framkvæmdar sundskyldu í skólum hækki um kr. 500 000.00. Á frumvarpinu eru kr. 36 205 416.00 til byggingar skólahúsa og skólastjórabústaða í smíðum. Samkvæmt gildandi lögum er ráð fyrir því gert, að ríkissjóður greiði sinn hluta stofnkostnaðar á 5 árum. Vegna breytinga frá upphaflegum byggingaráætlunum og verðhækkana leggur nefndin til, að liðurinn verði hækkaður um kr. 5 850 058.00, svo að staðið verði við 5 ára greiðsluáætlunina. Til nýrra skólahúsa og skólastjórabústaða eru ætlaðar á frumvarpinu kr. 8 500 000.00, og leggur nefndin til, að sú upphæð verði lækkuð um kr. 485 000.00. Nefndin leggur til, að rekstrarliðir nokkurra skóla verði samtals hækkaðir um kr. 1 781 750.00. Er um leiðréttingu að ræða. Þá leggur nefndin til, að framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla hækki sem hér segir: a. Skólahús í smíðum um kr. 1 124 825.00. b. Ný skólahús um kr. 2 000 635.00. Varðandi Eiðaskóla er liðurinn til bygginga, XIII. 1. i., felldur niður, þar sem skólinn fær fé til byggingarframkvæmda af öðrum lið greinarinnar.

Gjöld samkv. 29. og 43. gr. laga um almannatryggingar hækki um kr. 950 000.00 vegna of lágrar áætlunar. Unglingafræðsla hækki um kr. 100 000.00. Húsmæðrakennaraskólinn: Annar kostnaður hækki um kr. 15 000.00, og liðurinn: Annar kostnaður við Hjúkrunarskóla Íslands hækki um kr. 200 000.00. Til listkynningar í skólum hækki um kr. 100 000.00. Varðandi íþróttakennaraskóla ríkisins er lagt til, að liðurinn: Lagning íþróttavalla hækki um kr. 75 000.00 og Til námskeiða fyrir íþróttakennara hækki um kr. 20 000.00. Lagt er til, að framlag til íþróttasjóðs hækki um kr. 1 000 000.00. Nýr liður: Til Handknattleikssambands Íslands vegna Norðurlandamóts í útihandknattleik kvenna kr. 50 000.00. Mótið á að halda hér á landi næsta sumar. Þá er og Skáksambandi Íslands ætluð sama upphæð vegna alþjóðlegs skákmóts hér á landi. Áhaldakaup vegna kennslu heyrnar- og málleysingja hækki um kr. 70 000.00. Styrkur til náms- eða hælisvistar stúlkna, sem lent hafa á glapstigum, hækki um kr. 50 000.00. Annar kostnaður við dvalarheimili fyrir afvegaleidd börn og unglinga hækki um kr. 595 000.00, þar af fara kr. 250 000.00 til kaupa á rafstöð fyrir heimilið. Styrkir til erlendra námsmanna í íslenzkum skólum hækki um kr. 100 000.00.

Um 14. gr. B.

Til ljósritunar kirkjubóka hækki um kr. 15 000.00. Við Þjóðminjasafnið hækki eftirfarandi liðir: Laun hækki um kr. 139 920.00, viðhald húss og lóðar um kr. 100 000.00 og til þjóðháttadeildar um kr. 150 000.00. Tekinn verði upp nýr liður við Listasafn Íslands: Til útgáfu myndaskrár kr. 50 000.00. Þessi liður var af vangá færður á Náttúrugripasafnið, og leiðréttist það hér með. Annar kostnaður við Listasafn ríkisins hækki um kr. 100 000.00. Kostnaður við Fræðslumyndasafn ríkisins hækki um kr. 153 080.00 og er liðnum skipt á eftirfarandi hátt: 1) Laun kr. 256 080.00. 2) Kvikmyndagerð o. fl. kr. 250 000.00. 3) Húsaleiga o. fl. kr. 102 000.00. 4) Annar kostnaður kr. 100 000.00. Samtals kr. 708 080.00. Styrkur til Fornritaútgáfunnar hækki um kr. 50 000.00. Niður falli liðurinn: Til að safna gögnum og semja rit um íslenzka þjóðhætti við sjávarsíðuna samkvæmt ráðstöfun Fiskifélags Íslands. Verk þetta mun verða unnið af þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins. Til Norræna félagsins hækki um kr. 20.000.00 og til sama vegna dvalarkostnaðar nemenda frá Norðurlöndum hækki um kr. 36 000.00. Til stúdentaráðs Háskóla Íslands hækki um kr. 30 000.00. Til Sambands íslenzkra esperantista til útgáfu esperanto-orðabókar hækki um kr. 15 000.00. Lagt er til, að eftirfarandi nýir liðir verði teknir upp: Til norræns móts laganema og lögfræðinga sumarið 1964 kr. 100 000.00. Styrkur vegna þátttöku í alþjóðaþingi jarðfræðinga kr. 25 000.00. Til Zontaklúbbs Akureyrar vegna lóðarkaupa kr. 50 000.00. Til Sambands íslenzkra stúdenta erlendis kr. 50 000.00. Til norræns móts templara á Íslandi kr. 50 000.00. Til Bandalags íslenzkra leikfélaga hækki um kr. 25 000.00. Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Með þeim er ætlað að koma föstu skipulagi á styrkveitingar úr ríkis-

sjóði til tónlistarskóla. Í samræmi við lög þessi er lagt til, að liðurinn orðist svo: Til tónlistarskóla samkv. lögum kr. 1 900 000.00. Til söngfélagsins Heklu hækki um kr. 10 000.00. Listasafn Ásgríms Jónssonar hækki um kr. 25 000.00. Þá eru að lokum teknir upp nýir liðir: Til Musica Nova kr. 35 000.00. Til Einars Sturlusonar til söngkennslu kr. 10 000.00. Til Hreins Líndals til söngnáms kr. 8 000.00. Til Álfheiðar Guðmundsdóttur til söngnáms kr. 8 000.00.

Um 15. gr.

Lagt er til, að skrifstofukostnaður biskups hækki um kr. 36 000.00 og húsaleigustyrkur presta um kr. 20 000.00. Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum hækki um kr. 1 000 000.00, en viðhaldinu mun hafa verið mjög ábótavant að undanförnu vegna fjárskorts. Ferðakostnaður umsjónarmanns með kirkjugörðum hækki um kr. 25 000.00. Teknir eru upp nýir liðir á greinina: Til eftirlitsmanns með prestssetrum, kostnaður samtals kr. 162 920.00. Starfsemi hans mun heyra undir húsameistara ríkisins. Til sjúkrahúsaprests kr. 30 000.00. Hann starfi í sjúkrahúsum í Reykjavík. Til æskulýðsfélaga þjóðkirkjunnar á Suðurlandi vegna framkvæmda við sumarbúðir í Skálholti kr. 100 000.00.

Um 16. gr. A.

Lagt er til, að fjárveiting til Búnaðarfélags Íslands hækki um kr. 500 000.00. Af vangá féllu niður á frumvarpinu laun veiðistjóra, kr. 122 040.00, sem tekin eru upp. Nýr liður: Til kaupa á holræsaplóg (fyrri greiðsla) kr. 750 000.00. Plógurinn er keyptur frá Finnlandi og kostar með dráttarvél kr. 1 500 000.00. Notkun hans leiðir af sér mikinn sparnað við gerð djúpra skurða. Til kaupa á jarðræktarvélum hækki um kr. 250 000.00. Verkfæranefnd hækki um kr. 50 000.00. Til jarðræktartilrauna, rekstrarkostnaður hækki um kr. 160 000.00 og stofnkostnaður hækki um kr. 100 000.00. Þá eru gerðar tillögur um framlög til allmargra nýrra fyrirhleðslna og til landþurrkunar. Skipting á fjárveitingu til sjóvarnargarða er gerð samkv. tillögum vitamálastjóra. Lagt er til, að sandgræðsla hækki um kr. 600 000.00, og skiptist hækkunin þannig: Til sandgræðslustöðva kr. 250 000.00, til nýrra sandgræðslugirðinga kr. 250 000.00 og til að gera tilraunir með áburðardreifingu úr flugvél kr. 100 000.00. Skógræktin hækkar um kr. 227 500.00. Skógræktin hefur tekjur af sölu vindlinga, sem gætu numið á þessu ári um 2 millj. kr. Áætlun hefur verið gerð um að gróðursetja 1.5 millj. nýrra plantna árlega. Veiðimálaskrifstofan: Annar kostnaður hækki um kr. 100 000.00. Hækkunin er vegna styrkveitinga til laxastiga samkv. lögum, sem greiddar eru af þessum lið. Laun við bændaskólann á Hvanneyri hækki um kr. 116 160.00, tilraunir hækki um kr. 50 000.00, ýmis annar kostnaður hækki um kr. 20 000.00, viðhald kr. 40 000.00, og enn komi nýr liður: Til bókasafns kr. 10 000.00. Framlag til byggingar húsmæðraskóla utan kaupstaða hækkar um kr. 1 490 000.00.

Um 16. gr. B.

Til Fiskifélags Íslands hækki um kr. 700 000.00. Nefndin ætlast til, að verulegur hluti fjárins renni til rannsóknarstarfsemi á vegum félagsins. Fiskmatið hækki um kr. 77 400.00 vegna vanáætlaðra launa.

Um 16. gr. C.

5. töluliður greinarinnar: Til iðnfræðsluráðs samkvæmt lögum hækki um kr. 150 000.00. Þá hækkar framlag til byggingar iðnskóla í Reykjavík um kr. 1 000 000.00, til iðnskólans á Akureyri um kr. 200 000.00 og á Selfossi um kr. 43 250.00.

Um 16. gr. D.

Lagt er til, að framlag til jarðhitasjóðs hækki um kr. 1 000 000.00 til þess að standa straum af kostnaði við vatnsleit í Vestmannaeyjum. Tillögur varðandi nýjar raforkuframkvæmdir bíða 3. umræðu.

Um 16. gr. E.

Atvinnudeild háskólans hækkar samtals um kr. 360 760.00, þar af vegna launa kr. 260 760.00. Lagt er til að taka upp eftirfarandi nýja liði á greininni: Til uppgræðslutilrauna á hálendinu kr. 100 000.00. Til endurbóta á efnagreiningarsal kr. 1 000 000.00. Til kaupa á stimpilklukkum kr. 50 000.00. Til rannsókna á aðferðum við bætta nýtingu á íslenzku ullinni kr. 500 000.00. Endurbætur á efnagreiningarsal eru taldar óhjákvæmilegar. Framlagið til ullarrannsóknanna er tekið upp samkv. tilmælum iðnaðarmálaráðuneytisins. Gróðurkortagerð afréttarlanda hækki um kr. 50 000.00. Til leiðbeininga um starfsfræðslu utan Reykjavíkur hækki um kr. 50 000.00.

Um 17. gr.

Lagt er til að taka upp nýjan lið: Til skipulags miðsvæðis í Kópavogi kr. 100 000.00. Til vatnsveitna samkv. lögum hækki um kr. 500 000.00. Þá eru teknir upp eftirfarandi nýir liðir: Til vatnsöflunar fyrir Grafarbæi í Skagafirði kr. 30 000.00. Til vatnsöflunar á Arnarstapa á Snæfellsnesi kr. 35 000.00. Til vatnsöflunar í Tunguplássi og Hoftúnum kr. 50 000.00. Liðurinn: Til Egilsstaðakauptúns samkv. lögum nr. 58 frá 1957 hækki um kr. 200 000.00. Fé'ð mun ganga til skolpveitufram kvæmda. Fjárveiting til Sambands íslenzkra sveitarfélaga hækki um kr. 75 000.00 vegna aukinnar starfsemi. Liðurinn: Til orlofsheimila verkalýðssamtaka hækki um kr. 525 000.00. Vegna hækkunar daggjalda úr kr. 150.00 og kr. 210.00 í kr. 200.00 og kr. 300.00 á sjúkrahúsum og heilsuhælum þarf að hækka framlag til sjúkratrygginga samkv. 55. gr. laga nr. 40/1963 um 15 millj. kr., styrk til berklasjúklinga um kr. 2 368 000.00 og styrk til sjúklinga, annarra en berklasjúklinga, um kr. 18 370 407.00. Samtals nema þessar hækkanir kr. 35 738 407.00. Vegna daggjaldahækkunarinnar hækka aftur á móti tekjur ríkisspítalanna um kr. 18 050 000.00, sbr. athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins. Vegna 15% hækkunar á bótum almannatrygginga, annarra en fjölskyldubóta, frá 1. júlí 1963 til 31. des. 1964, hækkar framlag ríkissjóðs samkvæmt 23. gr. laga nr. 40/1963 um kr. 32 700 000.00. Styrkur til Tryggva Helgasonar til sjúkraflugs hækki um kr. 25 000.00, en hann hefur á árinu aukið flugvélakost sinn. Þá eru nýir liðir til dagheimila, byggingarstyrkir, samtals kr. 250 000.00. Til Kvenréttindafélags Íslands hækki um kr. 10 000.00. Teknir verði upp nýir liðir: Til Sambands norðlenzkra kvenna vegna 50 ára afmælis kr. 25 000.00. Til Blindrafélagsins, byggingarstyrkur, kr. 150 000.00. Rauði kross Íslands hækki um kr. 155 000.00 vegna aukinnar starfsemi og væntanlegrar ráðningar starfsmanns. Félagsmálastofnunin hækki um kr. 25 000.00. Bandalag íslenzkra farfugla hækki um kr. 15 000.00 og Æskulýðssamband Íslands um kr. 35 000.00.

Um 18. gr.

Á 18. gr. er tekinn upp nýr liður: Uppbætur á lífeyri samkvæmt 18. gr. frá 1. júlí 1963 til ársloka 1964, svo og uppbætur á lífeyri úr lífeyrissjóðum frá 1. júlí til 31. des. 1963, kr. 3 870 000.00. Er það gert samkvæmt tilmælum fjármálaráðuneytisins og leiðir af þeim launahækkunum, sem orðið hafa. Að öðru leyti bíða breytingartillögur við 18. gr. 3. umræðu.

Um 20. gr.

Afborganir lána ríkissjóðs hækki um kr. 518 000.00 vegna nýrra lána til ríkisspítalanna, sem tekin hafa verið, eftir að frumvarpið var samið. Framlag til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana hækki um 3 millj. kr. Til endurbóta á heilsuhælinu í Kristnesi hækki um kr. 200 000.00, en þar er verið að endurbæta leguskála og fyrirhuguð aukning á húsnæði fyrir starfsfólk. Til flugvallagerðar og flugöryggistækja hækki um kr. 2 500 000.00. Garðyrkjuskólinn að Reykjum hækki um kr. 150 000.00. Embættisbústaðir héraðsdómara hækki um kr. 300 000.00. Sjómannaskólinn hækki um kr. 200 000.00. Íþróttakennaraskóli Íslands hækki um kr. 200 000.00. Embættisbústaðir dýralækna hækki um kr. 400 000.00. Þá eru teknir upp eftirfarandi nýir

liðir: Til byggingar lögreglustöðvar á Akureyri kr. 500 000.00, en hún er nú í smíðum. Til byggingar jarðskjálftastöðvar á Akureyri kr. 130 000.00, en það er gert samkvæmt eindregnum tilmælum veðurstofunnar. Til byggingar laxeldisstöðvar í Kollafirði kr. 2 500 000.00. Til kaupa á eignum Ræktunarfélags Norðurlands kr. 1 500 000.00.

Um 22. gr.

Nýir liðir:

1) Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða allt að 45 aurum til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlingapakka, og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu.

2) Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til Hveragerðishrepps vegna hitaveituframkvæmda, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

3) Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til byggingarframkvæmda og umbóta á heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

4) Að gefa eftir aðflutningsgjöld af jarðskjálftamælingatækjum fyrir Veðurstofu Íslands.

5) Að greiða 15% uppbót á greiðslur samkv. 18. gr. fjárlaga frá 1. júlí 1963.

6) Að lána til Reykjanesbrautar jafnvirði 300 þús. dollara af mótvirðisfé.

7) Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán fyrir Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands vegna byggingar Bændahallarinnar, með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

8) Að ábyrgjast allt að 70% af byggingarkostnaði nýs flóabáts fyrir farsvæði Breiðafjarðarbáts (Stykkishólmsbáts), gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

9) Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán vegna byggingar Domus Medica, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

10) Að leyfa vélasjóði að taka allt að 3 millj. kr. lán til vélakaupa og ábyrgist ríkissjóður lánið.

Um tekjuhlið frumvarpsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar varðandi tekjuhlið frumvarpsins með hliðsjón af fenginni reynslu: Tekju- og eignarskattur hækki um 35 millj. kr., aðflutningsgjöld hækki um 25 millj. kr., söluskattur hækki um 15 millj. kr., gjald af bifreiðum og bifhjólum hækki um 20 millj. kr., hagnaður af áfengi og tóbaki hækki um 25 millj. kr. Verður þá hækkun tekjuáætlunarinnar alls 120 millj. kr.

Verði allar hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar samþykktar og enn fremur tillögur meiri hluta nefndarinnar um tekjuhlið frumvarpsins, mun niðurstaða á sjóðsyfirliti verða þessi:

Hækkun gjalda	kr.	128 224 217
÷ Lækkun gjalda	—	15 532 900
Hækkun gjalda alls	kr.	112 691 317
Hækkun tekna	kr.	120 000 000
+ Greiðsluafgangur í frv.	—	10 813 186
Tekjuauki alls	kr.	130 813 186
Niðurstöðutölur:		
Inn	kr.	2 659 675 000
Út	—	2 641 553 131
Greiðsluafgangur	kr.	18 121 869

Enn eru nokkur mál óafgreidd hjá nefndinni. Ákvörðun um framlög til vega- og brúargerða bíður 3. umræðu, enn fremur framlag til nýrra raforkuframkvæmda. Þá bíður endurskoðun á 18. gr. 3. umr. að venju. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um styrki til flóabáta og vöruflutninga.

Alþingi, 12. des. 1963.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðlaugur Gíslason.
Gunnar Gíslason. Jón Árnason.

Sþ. 135. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1964.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Að venju gerir meiri hluti fjárveitinganefndar grein fyrir þeim tillögum, sem fluttar eru í umboði nefndarinnar í heild. Aðild okkar fulltrúa Framsóknarflokksins í nefndinni að þeim er með þeim hætti, að við höfum óbundnar hendur um fylgi við þær í heild og hverja einstaka þeirra, svo sem verið hefur, og eins rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Þó munum við ljá þeim flestum fylgi okkar, en hefðum kosið um sumar þeirra, að meira örlætis hefði gætt um fjárveitingar af hálfu nefndarinnar.

Fjárlög sýna betur en flest annað, hvað er að gerast í þjóðarbúskapnum og til hvers sú stefna leiðir, er ríkisstjórnin fylgir á hverjum tíma.

Núverandi stjórnarflokkar hafa sameiginlega markað stefnuna í málefnum þjóðarinnar frá árslokum 1958 til þessa tíma. Kjörorð þeirra við upphaf þess stjórnarsamstarfs var stöðvun dýrtíðar, sparnaður í ríkisrekstrinum. Til þess að sýna, hvernig til hefur tekizt hjá þeim um framkvæmd þessarar stefnu, skal hér gerður samanburður á niðurstöðutölum fjárlaga árið 1958 og síðar. Hliðstæður er þessi samanburður, þar sem fjárhæð sú, sem útflutningssjóður varði til niðurgreiðslu á vöruverði 1958 og 1959, er lögð við niðurstöðutölu fjárlaga þau ár.

Þetta yfirlit lítur þannig út:

Fjárlög	1958	Heildarfjárhæð	og	niðurgr.	útflsj.	 882	millj. kr.
—	1959	—	—	—	—	..... 1 146	— —
—	1960	—	—	—	—	..... 1 501	— —
—	1961	—	—	—	—	..... 1 588	— —
—	1962	—	—	—	—	..... 1 752	— —
—	1963	—	—	—	—	..... 2 198	— —
Fjárlagafrv. 1964 við 2. umr.						2 652	— —

Yfirlit þetta sýnir, að fjárlög hafa hækkað á þessu sex ára tímabili um 1770 millj. kr. eða um 200%, og hefur hækkun þeirra á milli ára tvö síðustu árin orðið svipuð og heildarfjárhæð fjárlaga var fyrir 10 árum. Tekjur fjárlaga hafa þó reynzt meiri en þetta yfirlit sýnir. Árið 1962 fóru þær um 300 millj. kr. fram úr áætlun, og á yfirstandandi ári má gera ráð fyrir því, að þær fari 300—400 millj. kr. fram úr áætlun. Gera verður ráð fyrir, að tekjuáætlun fyrir árið 1964 sé svipað uppbyggð og verið hefur og tekjur ríkissjóðs á því ári muni fara um 300 millj. kr. fram úr áætlun fjárlagafrv., eins og það er nú við 2. umræðu þess.

Þegar þessi árangur af stefnu ríkisstjórnarinnar, sem er á allt annan veg en í upphafi var boðað, er virtur í ljósi staðreyndanna, vaknar fyrst sú spurning, hvernig

ríkisstjórnin hafi komið því við að taka svo stóran hluta af tekjum fólksins í landinu til ríkisins, sem fjárlögin sanna að hún hefur gert og ætlar að gera. Þar er því til að svara, að hún hefur farið að því marki eftir þeim leiðum, sem hér skal greina:

Gengi íslenzku krónunnar hefur hún fellt tvisvar. Nýr söluskattur hefur verið lagður á flestar neyzluvörur almennings og ýmsa þjónustu, söluskattur í innflutningi verið meira en tvöfaldaður. Innflutningsgjöld, sem á voru lögð vegna atvinnuveganna, en niður áttu að falla með gengisbreytingu, gerði ríkisstjórnin að föstum tekjustofni ríkissjóðs við afnám útflutningssjóðs. Benzínskattur var hækkaður verulega án þess að það fé yrði látið ganga til vegagerðarinnar, sem hafði þó sannarlega þörf fyrir aukið fé til framkvæmda. Útflutningsgjald af sjávarafurðum var stórlega hækkað, sérstakt gjald á lagt til ríkisábyrgðasjóðs.

Þessa upptalningu um leiðir ríkisstjórnarinnar til að afla tekna munum við láta nægja, að því viðbættu, að flestum eldri tekjustofnum ríkissjóðs hefur hún haldið mikið til óbreyttum, þar sem aukin dýrtíð hefur að mestu leyti eytt þeim breytingum, sem gerðar voru á tekjuskattinum til lækkunar 1960.

Þessar gífurlegu skattaálögur eru eitt af meginstefnumálum ríkisstjórnarinnar. Þær eru liður í framkvæmd þeirrar stefnu að hafa stjórn á peningamálum þjóðarinnar, sem átti að vera einn þátturinn í því að draga úr þenslu í efnahagsmálum. Því hugsar ríkisstjórnin sér að koma í framkvæmd með því að taka af þjóðinni meira í álögum en þörf er vegna ríkisútgjaldanna og fá þannig verulegan greiðsluafgang. Þetta hefur henni tekizt síðustu árin í æ ríkara mæli. Þessi stefna hefur í framkvæmd leitt til þess, sem nú skal að vikið.

Enda þótt ríkistekjurnar hafi vaxið meira en ríkisútgjöldin, svo sem vikið hefur verið að hér að framan, hafa útgjöld ríkissjóðs einnig vaxið gífurlega. Það, sem þó skiptir mestu máli, er, að rekstrarútgjöld ásamt fjárgreiðslu til að halda vöruverði í landinu niðri hafa vaxið hvað mest, en aðstoð við uppbygginguna mun minna.

Álögustefna ríkisstjórnarinnar hefur ásamt minni aðstoð ríkissjóðs við ýmsar ríkisstofnanir, sem átt hefur sér stað á valdatíma núverandi stjórnarflokka, leitt til þess, að þessar stofnanir hafa orðið að hækka þjónustugjöld sín um 80—100%, svo sem Póstur og sími, Skipaútgerð ríkisins, Rafmagnsveitur ríkisins, sjúkrahúsin o. fl. Þrátt fyrir þessar hækkanir á þjónustugjöldum hefur rekstur þessara stofnana gengið mun verr en fyrr, svo sem hjá ríkisrafveitunum, en rekstrarhalli þeirra mun verða 30—35 millj. kr. á yfirstandandi ári. Auk þess hefur hækkun þessara þjónustugjalda verið veigamikill þáttur í vexti dýrtíðarinnar, sem vísitala vöru og þjónustu sýnir að verið hefur um 63% frá 1959, þrátt fyrir verulega aukin fjárframlög úr ríkissjóði til að halda niðri vöruverði.

Þegar núverandi fjármálaráðherra flutti sína fyrstu fjárlagaræðu, komst hann m. a. svo að orði:

„Og það ætla ég að allir góðir Íslendingar séu sammála um, að nauðsynlegt sé að hafa sívökult auga á öllu því í rekstri ríkisins, er til sparnaðar má horfa, bættra vinnubragða og aukinnar hagsýni."

Þessi yfirlýsing ásamt yfir 30 tölusettum fyrirheitum ráðherrans um sparnað gaf þjóðinni nokkra ástæðu til að ætla, að auga hans yrði sívökult um rekstur ríkissjóðs og ríkisstjórnin iðin við að koma sparnaði í framkvæmd. Hvað segir reynslan um þetta atriði?

Breyting á framkvæmd skattalaga var eitt af sparnaðarfyrirheitum ráðherrans. Kostnaður við framkvæmd þeirra fór 40—50% fram úr áætlun fjárlaga árið 1962, og er hækkun fjárlagafrv. fyrir 1964 um 80% frá fjárlögum ársins 1963. Margt bendir þó til, að sú áætlun muni reynast of lág og útgjöld vegna framkvæmdar skattalaga hækka ekki minna en aðrir útgjaldaliðir fjárlaga.

Á 19. gr. ríkisreikningsins fyrir árið 1962 er greitt vegna Efnahagsstofnunar og hagsýslu 725 þús. kr. Ekki verður vart áhrifa frá boðaðri hagsýslu í þessum

ríkisreikningi nema á þessari grein hans, því að auk þessara greiðslna er 662 þús. kr. greiðsla vegna framkvæmdaáætlunar, sem þessi stofnun mun hafa séð um undirbúning að. Á fjárlagafrv. fyrir árið 1964 er áætluð 1 millj. kr. fjárveiting til Efnahagsstofnunarinnar.

Eitt af sparnaðarfyrirheitum ríkisstjórnarinnar var að draga úr sendiferðum á vegum ríkisins til annarra landa frá því, sem áður var. Kostnaður við slíkar ferðir varð 2.1 millj. kr. samkvæmt ríkisreikningi 1958, en reyndist verða 5.5 millj. kr. árið 1962. Sparnaðurinn virðist þá ekki hafa verið kominn í framkvæmd.

Annar kostnaður ráðuneytanna varð 2.4 millj. kr. 1958, en 6.4 millj. kr. árið 1962. Sparnaður hefur þá aðeins verið til athugunar framvegis.

Fleiri sýnishorn af framkvæmdum ríkisstjórnarinnar á fyrirheitum um sparnað verða ekki rakin hér, enda nægja þessi til að sanna, að sparnaður í framkvæmd hefur enginn orðið.

Það, sem ríkisstjórnin hefur komið í framkvæmd, er útfærsla á ríkiskerfinu. Skulu hér nefnd aðeins örfá dæmi því til sönnunar:

Efnahagsstofnunin.
Breyting á skattakerfi.
Innheimtustofnun.
Almannavarnir.
Saksóknari.
Bankaeftirlit.
Fjölgun sakadómara í Reykjavík.
Fjölgun borgardómara í Reykjavík.
Fjölgun borgarfógeta í Reykjavík.

Þessi fáu dæmi verða látin nægja að sinni. Aukinn kostnaður vegna þessara stofnana og embætta og útfærslu annarra mun nema nokkrum tugum milljóna, t. d. má geta þess, að hjá einu slíku embætti, þar sem embættum hefur verið skipt í ein fjögur, hækkar húsaleiga, ljós og hiti á frv. til fjárl. 1964 um 2.5 millj. kr. frá fyrra ári. Sýnir þetta nokkuð, til hvers þessi útfærsla leiðir.

Eins og sýnt er hér að framan, er það stefna ríkisstjórnarinnar, „verðbólgustefna", ásamt útfærslu í ríkiskerfinu, sem er orsök þeirrar sífelldu hækkunar á fjárlögum íslenzka ríkisins, sem nú er orðin ár frá ári með risaskrefum, en ekki, að uppbygging í landinu og framlag til atvinnuveganna valdi þar um. Sem dæmi um þá þróun, sem á þeim útgjaldaliðum er, skal bent á eftirfarandi:

Á fjárlagafrv. er nú framlag til nýrra raforkuframkvæmda 24.2 millj. kr., en ætti að vera 71.2 millj., ef það hefði hækkað hlutfallslega við hækkun fjárlaga frá 1958. Framlag til jarðræktarframkvæmda ætti eftir sömu reglu að vera 65 millj. kr., í staðinn fyrir 26 millj., og framlag til þjóðvega og brúargerða ætti að vera um 174 millj. kr., einnig miðað við sama hlutfall, en er í frv. 124 millj. kr.

Hins vegar skal það tekið fram, að kosningar höfðu þau áhrif á ríkisstjórnina á yfirstandandi ári, að víða hefur verið unnið fyrir lánsfé við uppbyggingu, svo sem að vegagerð og hafnargerð. Hefur þeim framkvæmdum þess vegna skilað nokkuð áleiðis. Um það má hins vegar deila, hversu heppilegt það er fyrir efnahagskerfi þjóðarinnar að taka slík stökk í staðinn fyrir jafna og vaxandi uppbyggingu.

Eins og fram kemur í nefndaráliti okkar hér að framan, er reynslan af afgreiðslu fyrri fjárlaga sú, að ríkisstjórnin miðar tekjuáætlunina við að fá óeðlilega mikinn greiðsluafgang. Við höfum undanfarin ár bent á þetta án árangurs og gerum enn á ný tilraun til að fá tekjuáætlunina hækkaða í samræmi við fyrri reynslu.

Tillögur okkar til hækkunar útgjalda miðast við það, að tekjuáætlun leyfi hækkuð útgjöld án þess að vera óvarleg. Útgjaldatillögur okkar eru miðaðar við brýnustu nauðsyn til eðlilegrar uppbyggingar og aðstoðar við atvinnuvegina. Skal nú gerð grein fyrir þeim.

Um brtt. við 12. gr.

Við gerum tillögu um, að IX. liður greinarinnar: Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, hækki um 8 millj. kr. Þó að þessi hækkun yrði samþykkt, er langt frá því, að fullnægt sé verkefnum þeim, sem unnið hefur verið eða unnið er að í þessum málaflokki. Mun meira fé þarf að koma til, t. d. sérstök fjárveiting til að greiða áfallinn kostnað, svo að nota mætti fjárveitingu á næsta árs fjárlögum til áframhaldandi framkvæmda.

Um brtt. við 13. gr.

Við leggjum til, að fjárveiting til hafnarframkvæmda hækki um 8 millj. kr. Ekki þarf að lýsa þörfinni á hafnarframkvæmdum og nauðsyn þess, að ríkissjóður greiði framlag sitt að mestu jafnharðan. Verði tillaga þessi samþykkt, gerum við ráð fyrir, að fjárveitinganefnd skipti fjárveitingunni fyrir 3. umræðu.

Um brtt. við 14. gr.

Við gerum þá eina tillögu um hækkun á 14. gr. fjárlagafrv., að framlag til iðróttasjóðs hækki um 2 millj. kr. og verði 5 millj. Þörfin er miklu meiri, en eðlilegt er að fara þá leið í áföngum að fullnægja greiðsluþörf sjóðsins.

Um brtt. við 16. gr.

Þar leggjum við til hækkanir á nokkrum gjaldaliðum. Er þar fyrst til að taka, að framlag til kaupa á jarðræktarvélum ræktunarsambandanna hækki í 4 millj. kr. Höfum við tekið upp tillögu þá, er vélanefnd ríkisins gerði um fjárveitinguna og rökstuddi mjög rækilega. Verður ekki komizt hjá því að veita þessa fjárhæð, ef ríkið ætlar ekki algerlega að vanrækja aðstoð sína við þessa starfsemi.

Þá leggjum við til, að liðurinn á 16. gr. A til stuðnings við byggingu mjólkursamlaga hækki um 0.5 millj. kr. Er hér um litla fjárhæð að ræða, en þörf á því að hreyfa þetta mál, þótt í litlu sé. Einnig leggjum við til, að gerðar verði lítils háttar hækkanir á tveim liðum til sandgræðslu. Aðstoð við sandgræðsluna rökstyður sig sjálf.

Við höfum í tillögum okkar nú sem í fyrra tekið upp hækkun til haf- og fiskirannsókna um 1 millj. kr. Nauðsyn þess máls efar enginn.

Tillögur gerum við um, að framlag ríkisins til iðnlánasjóðs hækki um 1 millj. kr. Fjárþörf vaxandi iðnaðar í landinu er mikil, og er þessi hækkunartillaga okkar nánast viðurkenning á þörf hans og yfirlýsing um vilja okkar til að styðja gengi hans, frekar en fjárhæðin skipti verulega sköpum.

Sú tillaga okkar, sem veldur mestri hækkun, er um framlag til nýrra raforkuframkvæmda. Mun hún þó vera einna fjærst því að fullnægja þörfum. Fyrr í nefndaráliti okkar höfum við sýnt fram á, hvað ríkið ætti að leggja til nýrra raforkuframkvæmda, ef þær hefðu fylgt hlutfallslegri hækkun fjárlaga frá 1958. Enda þótt tillaga okkar verði samþykkt, verðum við langt frá því takmarki, en nokkuð væri að gert. Hvort sem tillaga okkar verður samþykkt eða eigi, verður ekki hjá því komizt að mæta þörf ríkisrafveitanna með aukinni fjárveitingu. Ekkert mál nema bættar samgöngur brennur eins heitt á fólkinu, sem hefur ekki rafmagn, eins og rafmagnsmálið. Hér verður að gera stórátak. Rafmagn verður að koma á hvert byggt býli fyrr en síðar.

Eitt af stórmálum okkar Íslendinga er að hagnýta okkur þær auðlindir, sem við eigum í jarðhitanum. Til þess að það megi takast, verðum við að verja verulegu fjármagni í jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit. Við gerum að tillögu okkar, að framlag til jarðhitasjóðs verði hækkað um 10 millj. kr. Ekki orkar það tvímælis, að fjárhæð þessari yrði vel varið, ef samþykkt yrði.

Um brtt. við 17. gr.

Miklar framkvæmdir eiga sér stað við vatnsveitur og ríkissjóður þegar orðinn á eftir um framlag sitt samkvæmt lögum. Á Alþingi því, sem nú situr, höfum við Framsóknarflokksmenn flutt frv. um breytingar á lögum um vatnsveitur. Við gerum okkur vonir um, að það nauðsynjamál nái fram að ganga á þessu þingi. En hvað sem því líður, er mikil nauðsyn á að fá fjárveitingu hækkaða svo sem við gerum tillögu um.

Þá leggjum við til, að upp verði tekið framlag í félagsheimilasjóð, 10 millj. kr. Mörg sveitarfélög stynja þungan vegna þess, að félagsheimilasjóður getur ekki innt af hendi framlag sitt til byggingar félagsheimilanna vegna fjárskorts. Úr þessu verður að bæta að einhverju leyti á næsta ári, og því er gerð tillaga um þessa fjárveitingu.

Um brtt. við 20. gr.

Við 20. gr. fjárlagafrv. gerum við nokkrar brtt. Er þar fyrst, að við leggjum til að hækka framlag til bygginga á jörðum ríkisins um 0.8 millj. kr. Þörfin er mikil á aukinni fjárveitingu á þessum lið, og er því lagt til að bæta lítils háttar úr henni.

Til flugvallagerðar leggjum við til, að veittar verði 18 millj. kr. Með þessari fjárhæð verður engan veginn mætt þörfinni, en gerð tilraun til að koma lítið eitt til móts við hana. Sama er að segja um tillögur okkar til hækkunar á fjárveitingu til sjúkraflugvalla.

Þá gerum við tillögu um að hækka örlítið liðinn um lán til rafstöðva. Getur liður sá eigi verið lægri en við gerum tillögu um vegna þeirra hækkana, sem orðnar eru á þessum sem öðrum framkvæmdum.

Atvinnubótasjóður hefur samkvæmt lögum 10 millj. kr. fjárveitingu. Þegar heildarupphæð fjárlaga var 800—900 millj. kr., var framlag ríkissjóðs til hans á fjárlögum allt að 15 millj. kr. Á síðari árum hefur starfssvið sjóðsins verið aukið. Fjárhæðin 10 millj. kr. hefur því ekki nægt til þess, að sjóðurinn gæti leyst úr þeim verkefnum, sem hann þarf að sinna. Á yfirstandandi ári var lánuð úr sjóðnum fjárhæð, sem svarar hálfum tekjum hans næsta ár, ef ekki koma til viðbótartekjur. Hér verður því nýtt fé að koma til, ef starfsemi sjóðsins á einhver að verða. Tillaga um þessa fjárveitingu er borin fram af brýnni þörf.

Þá gerum við að lokum tillögu um, að á 20. gr. fjárlagafrv. verði tekinn nýr liður, 10 millj. kr. til smíða á fiskirannsóknarskipi. Hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, mál, sem þarf að koma í framkvæmd sem fyrst. Fjárveiting þessi gæti hrundið málum nokkuð áleiðis, ef áfram yrði haldið með fjárveitingar til skipsins.

Við höfum hér að framan gert grein fyrir tillögum okkar og nauðsyn þeirrar hækkunar á fjárveitingum, sem við gerum tillögur um. Við höfum ekki gert tillögur til lækkunar á útgjaldaliðum fjárlaga. Slíkar tillögur hafa ekki fengið hljómgrunn hjá meiri hluta Alþingis, þegar við höfum leitað eftir fylgi við þær. Engin breyting virðist vera þar á enn þá, svo að séð verði.

Í upphafi þessa nefndarálits lýsum við því, að fjárlög hvers árs séu spegilmynd af ástandinu í þjóðarbúskapnum og stefnu ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma. Þetta fjárlagafrv. er þar engin undantekning. Einkenni þess eru: aukinn rekstrarkostnaður, hlutfallslega minni framlög til uppbyggingar, aukin útfærsla ríkiskerfisins, fleiri krónur í skattheimtu af þegnunum til ríkissjóðs en fyrr, vaxandi dýrtíð, hærri fjárlög en nokkru sinni fyrr. Fjárlög ársins 1964 verða því í fullu samræmi við stefnu núverandi ríkisstjórnar.

Alþingi, 12. des. 1963.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. H. E. Þórarinsson.

Sþ. **136. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1964.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (GeirG).

1.	Við 10. gr.	II. 1. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn). Liðurinn fellur niður.		
2.	— 10. —	II. 1. Nýr liður: Sendiráð á Norðurlöndum		4 500 000
3.	— 10. —	II. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi). Liðurinn fellur niður.		
4.	— 10. —	II. 5. Liðurinn orðist svo: Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC		3 000 000
5.	— 10. —	II. 6. (Sendiráðið í Osló). Liðurinn fellur niður.		
6.	— 10. —	III. 20. (Þingmannasamband Atlantshafsbandalagsins). Liðurinn fellur niður.		
7.	— 11. —	A. 10. b. Liðurinn orðist svo: Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli		3 900 000
8.	— 11. —	A. 20. (Til almannavarna). Fyrir „4 000 000“ kemur		500 000
9.	— 11. —	B. II. Liðurinn orðist svo: Kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur. Af fé þessu skal eigi minna en 3 millj. kr. varið til sérstaks eftirlits með skattframtölum.		15 500 000
10.	— 12. —	IV. C. 3. (Heilsuhælið á Vífilsstöðum). Nýr liður: Til kaupa og uppsetningar á lyftu (byrjunarframlag)		250 000
11.	— 13. —	A. II. f. Nýr liður: Til framkvæmda við Hafnarfjarðarveg í Kópavogi		6 000 000
12.	— 13. —	C. VII. (Hafnarmannvirki). Fyrir „17 000 000“ kemur		25 000 000
13.	— 13. —	F. III. 6. (Stýrimannaskólinn). Nýr liður: Kennslubækur		25 000
14.	— 14. —	A. XIX. 2. (Íþróttasjóður). Fyrir „3 000 000“ kemur		5 500 000
15.	— 14. —	B. III. 3. (Þjóðminjasafnið, til rannsókna og ferðakostnaðar). Fyrir „40 000“ kemur		100 000
16.	— 14. —	B. XIV. (Til skálda, rithöfunda og listamanna). Fyrir „2 134 456“ kemur		3 100 000
		Til vara		2 500 000
17.	— 16. —	A. 4. (Búreikningaskrifstofa). Fyrir „100 000“ kemur		300 000
18.	— 16. —	B. 7. (Fiskileit, síldarrannsóknir og veiðitilraunir). Fyrir „9 050 000“ kemur		15 000 000
19.	— 16. —	C. 8. Nýr liður: Styrkur til byggingar iðnskóla í Hafnarfirði		500 000
20.	— 17. —	II. 2. (Byggingarsjóður verkamanna). Fyrir „7 000 000“ kemur		12 000 000
21.	— 17. —	III. 6. (Iðnnemasamband Íslands). Fyrir „15 000“ kemur		50 000

22. Við 17. gr. III. 8. Liðurinn orðist svo:
Orlofsheimili verkalýðssamtaka 1 475 000
Þar af til orlofsheimilis ASÍ eigi minna en 1 millj. kr.
23. — 17. — V. 9. (Sumardvalarheimili, dagheimili o. fl.).
Fyrir „300 000“ kemur 600 000
24. — 20. — Út. VI. 4. Nýr liður:
Til byggingar nýs geðveikrahælis 4 000 000
25. — 20. — Út. XXII. (Byggingarsjóður Listasafns ríkisins).
Fyrir „500 000“ kemur 1 000 000
26. — 20. — Út. XXX. (Fyrningarsjóður ríkisbifreiða).
Fyrir „4 000 000“ kemur 1 500 000
27. — 20. — Út. XXXII. Nýr liður:
Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips 3 000 000

Sþ. 137. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1964.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarp til fjárlaga hlýtur að þessu sinni afgreiðslu við sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu, aðstæður, sem eingöngu hafa skapazt vegna stefnu núverandi ríkisstjórnar, sem var svo seinheppin í upphafi göngu sinnar að kenna sig við viðreisn. Um þessar mundir hafa um 20 þúsund launþegar í landinu orðið að sameinast í verkfallsbaráttu til þess að freista þess að fá bætta þá kjaraskerðingu, sem verðbólgustefna ríkisstjórnarinnar hefur valdið.

Stóraukin þjóðarframleiðsla undanfarin ár, sem á rót sína einkum að rekja til mikillar aukningar á aflamagni, hefði vissulega átt að hafa í för með sér bætta afkomu þeirra, sem tryggt hafa framleiðsluaukninguna með vinnu sinni. En samtímis því, að sumarsíldveiði hefur verið meiri en dæmi eru til áður og þjóðin hefur notið góðs af algerlega nýjum framleiðsluþætti, þar sem er hin mikla vetrarsíldveiði, hafa launþegar ekki svo mikið sem haldið þeim hlut sínum, sem þeir höfðu að afloknum 15 síldarleysissumrum, er viðreisnarstjórnin tók við völdum árið 1959, en kaupmáttur tímakaupsins er nú um 20% lægri en hann var þá.

Þessi kjararýrnun hefur verið framkvæmd með því, sem viðreisnarforingjarnir kalla sjálfir „gengislækkunarleik“, og í kjölfarið stóraukinni skattheimtu til ríkisins. Sú aukna skattheimta er framkvæmd með því að láta tollaprósentu haldast sem mest óbreytta þrátt fyrir gengislækkanirnar og reiknast af stórhækkuðu vöruverði. Þar á ofan hefur verið bætt stórfelldum söluskatti.

Skattheimta til ríkisins hefur á valdatíma núverandi ríkisstjórnar verið aukin svo gífurlega, að tollar og skattar á fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár eru ráðgerðir a. m. k. 1450 millj. kr. hærri en þeir voru á fjárlögum 1959 og hafa því hækkað að meðaltali um 37% á ári. Má þó búast við, að við 3. umræðu fjárlaga hækki þessi upphæð enn.

Jafnhliða þessari stórfelldu hækkun á sköttum og tollum hefur ríkisstjórnin gert ráðstafanir til þess, að sú byrði lendi hlutfallslega meir á herðum þeirra, sem erfiðasta aðstöðu hafa til að bera hana, láglaunamanna í landinu. Að sama skapi hefur skipulega verið unnið að því að draga úr skattabyrðum hinna efnameiri, og er það í fullu samræmi við alla stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart hinum lægst launuðu.

Sá hluti skattheimtunnar, sem miðaður er við tekjur og eignir gjaldenda, stighækkandi með auknum tekjum og eignum, hefur hlutfallslega verið stórlega minnkaður, en þeir þættir skattheimtunnar, sem eru beinir neyzluskattar á brýnustu lífs-

nauðsynjar og leggjast þyngst á stærstu fjölskyldurnar, hafa verið auknir að sama skapi. Lækkun tekjuskattsins hefur fyrst og fremst komið hinum tekjuhærri að gagni, þar sem hinir lægra launuðu greiddu lága tekjuskatta. Svo sem sýnt hefur verið fram á hér á Alþingi með tilvitnunum í skattskrár, eru þess dæmi, að tekjuskattar á tilteknum hópi hátekjumanna hafa á þennan hátt verið lækkaðir að meðaltali um 15 sinnum hærri upphæð en tekjuskattar á tilteknum hópi jafnmargra lágtekjumanna.

Árið 1958, síðasta árið áður en viðreisnarstjórnin komst til valda, var skattheimtunni til ríkisins á þann veg hagað, að af hverjum 100 kr., sem gjaldendur greiddu samanlagt í tolla, söluskatt, tekjuskatt og eignarskatt, nam tekju- og eignarskatturinn 22 krónum, en söluskattur og tollar 78 krónum. Á árinu 1964 er skv. fjárlagafrumvarpinu ráðgert, að hliðstæðar tölur verði 12 krónur og 88 krónur. Hlutfallstölur tekju- og eignarskatta annars vegar og neyzluskatta hins vegar voru 1958 1:3.5, en eru áætlaðar 1:7.9 á næsta ári.

Í 15. hefti Nordisk Kontakt á þessu ári eru birtar niðurstöðutölur fjárlagafrumvarps danska ríkisins. Þar er skattheimtunni á annan veg hagað. Af hverjum 100 krónum, sem Dönum er á næsta ári ætlað að greiða samanlagt í tekjuskatt, eignarskatt, tolla og neyzluskatta, nema tekju- og eignarskattarnir 41 krónu, en tollar og neyzluskattar 59 krónum. Viðreisnarstefnan virðist a. m. k. að þessu leyti ekki eiga upp á pallborðið hjá dönskum sósíaldemókrötum.

Afleiðingarnar af verðbólgu- og skattpíningarstefnu ríkisstjórnarinnar koma sífellt greinilegar í ljós, og þær afleiðingar móta fjárlagafrumvarpið í ríkum mæli og mundu gera það enn frekar, ef tekið væri tillit til þeirra launahækkana, sem óhjákvæmilegt er að launþegar fái á næstunni til að vega að einhverju leyti upp á móti dýrtíðarflóðinu.

Vegna gengislækkunarinnar 1960 hækkaði fjárlagafrumvarp þess árs mjög verulega, og því var þá haldið fram, að sú hækkun væri einungis bundin við þá efnahagsaðgerð, síðan yrði brautin bein og endir bundinn á verðbólguna með stefnu ríkisstjórnarinnar.

Þrátt fyrir, að augljóst var, að viðbrögð ríkisstjórnarinnar í gengismálum, vaxtamálum, skattamálum og innflutningsmálum og yfirleitt á flestum sviðum stefndu beint til þeirrar óðaverðbólgu, sem nú er höfuðstaðreynd efnahagsmálanna, virðist sem forustumenn stjórnarflokkanna tryðu í rauninni á kerfi sitt. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1961, þegar afleiðingarnar birtust einkum sem blika á lofti, voru þeir mjög ánægðir með fjárlagafrumvarp sitt. Það átti að vera eins konar sýnishorn væntanlegrar þróunar undir viðreisnarstjórn, og lögð var áherzla á, að útgjaldaaukning frá árinu áður næmi aðeins 2%. Taldi formaður fjárveitinganefndar, að frumvarpið væri „vel innan þeirra takmarka, sem eðlileg mættu teljast á tímum efnahagslegs jafnvægis í þjóðfélaginu“, sem hann virtist ætla að telja sér og öðrum trú um að nú væru runnir upp. Lýsti þáverandi form. fjárveitinganefndar yfir því sem spámaður, að jafnvægi í efnahagskerfinu innanlands og viðskiptum við útlönd mundi skerða mjög hina óeðlilegu árlegu aukningu ríkistekna undanfarin ár, sem nú átti að hverfa með ráðstöfunum, sem fyrst og fremst hlutu þó að auka verðbólguna.

Það hefur síðan með hverju ári betur sannazt, að það bjartviðri, sem ríkisstjórnarflokkarnir þóttust eygja í öndverðri stjórnartíð viðreisnarstjórnarinnar, var að sjálfsögðu ekki annað en dagmálaglenna, og má það undur heita, ef það hefur ekki verið svo vönum pólitískum veðurspámönnum ljóst þá þegar.

Fljótlega tók blikan að færast upp á himininn, og nú er öllum ljóst, sem í úrfellinu standa, að eftir dagmálaglennuna hefur fylgt látlaust steypiregn verðhækkana og dýrtíðar.

Ber fjárlagafrumvarpið því gleggst vitni, en það er um 1100 millj. kr. hærra en það frumvarp, sem ríkisstjórnarflokkarnir voru hvað ánægðastir með haustið 1960. Skattar og tollar eru um 400 millj. kr. hærri en á núgildandi fjárlögum, en

sú hækkun nemur um 2200 kr. á hvern mann í landinu. Er verðbólguþróunin orðin svo ör, að jafnvel er nú um meiri hækkanir að ræða en á því ári, sem sjálf aðalgengislækkunin var framkvæmd, en samkv. kenningum ríkisstjórnarinnar átti hækkun aðeins að koma fram á því ári. Nú þarf ríkisstjórnin ekki gengislækkun til svo stórfelldra hækkana. Áhrif þeirra gengislækkana, sem framkvæmdar hafa verið, duga þar ein til.

Þetta er árangurinn af þeirri stefnu, sem átti að tryggja fast verðlag. Þær stórkostlegu verðhækkanir, sem ríkisstjórnin stofnaði til, og sú kjaraskerðing, sem af því leiddi, hlaut að sjálfsögðu að valda óhjákvæmilegum launahækkunum, og þótt lengur væri unnt að tefja framgang þeirra hjá starfsmönnum ríkisins en öðrum, þá hlaut að koma að því, að einnig í því efni yrði ríkisstjórnin að kljást við afleiðingar stefnu sinnar.

Á þennan hátt koma fram ein af annarri afleiðingarnar af dýrtíðaraukningunni, sem stjórnarstefnan hefur valdið, og enn er fetuð sama leiðin: auknar álögur og auknir skattar. Samtímis stendur ríkisstjórnin að því að heimila gróðafélögum í landinu að hleypa af stað nýjum verðhækkunarskriðum með því að afnema verðlagsákvæði á farmgjöldum, svo að þau hafa nú hækkað um 25—60%. Af hækkuninni fær ríkissjóður auknar toll- og söluskattstekjur og kaupmenn auknar álagningartekjur. Þannig er enn haldið áfram að dæla ólömuðum verðbólgusýklum út í efnahagskerfið, en almenningur má borga brúsann. Upplausnarástandið og jafnvægisleysið, sem nú ríkir í efnahagsmálum eftir 4 ára setu ríkisstjórnarinnar, sem aldrei hefur séð aðrar leiðir en hækkunar- og álöguleiðir, er svo algert, að naumast er fært að gera áætlun um útgjöld ríkissjóðs til heils árs í senn, svo ört snýst verðbólguhjólið, en höfuðsvipur þeirra fjárlaga, sem reynt er að koma saman, er samdráttarstefna um nauðsynlegar framkvæmdir, en áframhaldandi útþenslustefna að því er varðar rekstrarkostnað og skattheimtu.

Í þeim dýrtíðarflaumi, sem stefna ríkisstjórnarinnar hefur valdið, er vonsviknum fulltrúum hennar ef til vill vorkunn að líta sjálfir þannig á, að tilraunir til sparnaðar og hagsýni í ríkisbúskapnum væru þessa dagana jafntilgangslausar og haldlausar og að reynt væri að minnka vatnsmagn Þjórsár með því að ausa úr henni með teskeið. En með tilliti til sérstakra fyrirheita og gamalla loforðalista væri naumast til of mikils mælzt, að einhver vottur af viðleitni væri sýndur á einhverju sviði jafnhliða hinni stórfelldu útþenslu og hækkunum.

Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar sjá viðreisnina að sjálfsögðu í öðru ljósi nú en í dagmálaglennunni, áður en afleiðingarnar fóru að koma í ljós. En það sjónarmið, að allt sé nú orðið hringavitlaust hvort sem er, má ekki verða allsráðandi í ríkiskerfinu, því að svo klyfjaður sem almenningur er af viðreisnarbyrðum, þá munar hann um hvern baggann, sem hægt væri að létta af, þótt smár væri.

En því miður örlar hvergi á sparnaði við setningu fjárlaga nú. Stundum hefur verið reynt að hafa uppi tilburði um sparnað á einstökum liðum, en nú er allt slíkt lagt á hilluna og stefnt í gagnstæða átt.

Breyting á tilhögun við álagningu skatta, sem framkvæmd var með ráðningu nýrra skattstjóra og afnámi skattanefnda, átti að leiða til sparnaðar. Hann er nú kominn í ljós. Kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur hækkar frá núgildandi fjárlögum um rúml. 7 millj. kr. í 15½ millj. kr. eða um 84% á einu ári.

Fjármálaráðherra sagði hinn 24. okt. 1960: „Bifreiðakostnaður ríkisins er í athugun, og verður síðar gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra athugana og úrræðum til sparnaðar“. Nú eru 3 ár liðin og niðurstaðan fengin, þótt á annan veg sé en skattþegnar höfðu vonað. Sú niðurstaða er á þá leið, að gert er ráð fyrir því á fjárlagafrumvarpi næsta árs, að kostnaður vegna endurnýjunar ríkisbifreiða hækki úr 1 millj. kr. í 4 millj. kr. Við setningu síðustu fjárlaga hækkaði þessi liður úr 800 þús. kr. í 1 millj. kr.

Útþenslan í ríkisbákninu hefur verið gegndarlaus undanfarin ár og staðfestir að því leyti fullkomlega hið fræga Parkinssonslögmál. Á fjárl. fyrir árið 1958,

síðasta ár vinstri stjórnarinnar, var kostnaður við borgardómara-, borgarfógeta- og sakadómaraembættin samtals áætlaður 2.9 millj. kr., en á fjárlagafrv. næsta árs samtals um 13 millj. kr. Hækkunin nemur um 10.1 millj. kr., og hún ein hefði nægt til þess að greiða kostnað við embætti þessi í 3½ ár með sömu útgjöldum og 1958.

Þannig hafa góðu áformin og fögru loforðin um sparnað í ríkisrekstrinum eitt af öðru flotið burt eins og sprek í stórflóði verðhækkananna.

Tillögum um breytingar á hinni geigvænlegu skattheimtu- og verðbólgustefnu ríkisstjórnarinnar verður að sjálfsögðu ekki við komið við afgreiðslu fjárlaga, sem miðuð eru við þær lagabreytingar, sem viðreisnarstjórnin hefur með meirihlutavaldi sínu knúið fram varðandi tekjuskatt, aðflutningsgjöld og söluskatt. Sama er að segja um breytingartillögur við gjaldahlið frumvarpsins, þær takmarkast við þann ramma, sem núgildandi lög setja, þannig að þótt allar breytingartillögur Alþýðubandalagsins við frumvarp til fjárlaga yrðu samþykktar, væri frumvarpið þannig breytt að sjálfsögðu samt sem áður ekki í þeirri mynd, sem Alþýðubandalagið kysi. Hér er aðeins um að ræða tilraun til lagfæringar á fjárlagafrumvarpi viðreisnarstjórnarinnar, sem með stefnu sinni undanfarin ár hefur stóraukið hlut hinna ríkari í þjóðfélaginu á kostnað hinna efnaminni og stofnað til örari verðbólguþróunar í landinu en áður hefur þekkzt, svo að nú nálgast upplausnarástand, sem stjórnin ræður ekkert við. Fráhvarf frá þeirri stefnu fæst vitaskuld ekki á annan veg en þann, að almenningur, sem geldur í lífskjörum sínum þessarar stefnu, taki sjálfur í taumana, þegar til hans kasta kemur í þingkosningum, og tryggi breytta stjórnarstefnu.

Nú er við að etja þá afleiðingu af skattpíningar- og verðbólgustefnu ríkisstjórnarinnar, að þeir, sem undir þjóðarframleiðslunni standa og grundvallarverðmætin skapa, lægst launuðu þegnar þjóðfélagsins, hafa lagt niður störf og neita að þola kjaraskerðinguna lengur án bóta. Samtímis því, að mál standa svo og ekkert er augljósara en að snúa verður við af þeirri braut, sem ríkisstjórnin hefur fetað, svo að forðað verði algeru skipbroti, leggur ríkisstjórnin til með fjárlagafrumvarpi sínu, að skattpíningin verði á næsta ári enn aukin um nál. 400 millj. kr. Auk þess er lagt til, að niðurgreiðslur á brýnustu nauðsynjavörum almennings lækki um 92 millj. kr. Alþýðubandalagið hefur frá upphafi og jafnan síðan varað við afleiðingunum af þessari stefnu ríkisstjórnarinnar og gerir það enn við afgreiðslu þessara fjárlaga.

Þrátt fyrir allan ágreining innan fjárveitinganefndar um heildarstefnu í efnahagsmálum hefur mikill fjöldi erinda og mála að sjálfsögðu verið afgreiddur í samvinnu, og skilar nefndin sameiginlega tillögum um margháttaðar leiðréttingar og breytingar á frumvarpinu. Um þær er það að segja, að Alþýðubandalagið styður þær flestar, en hefur óbundna afstöðu til hinna einstöku tillagna.

Veigamikil mál eru enn óafgreidd í nefndinni og bíða 3. umræðu. Má þar nefna raforkumál, sjúkrahúsbyggingar, vegamál og niðurgreiðslu á vöruverði. Alþýðubandalagið leggur ekki fram breytingartillögur í þeim málum, fyrr en þau hafa verið rædd í nefndinni og í ljós kemur, hvort samkomulag næst um afgreiðslu þeirra.

Um þær breytingartillögur, sem nefndaráliti þessu fylgja, skal eftirfarandi tekið fram:

Breytingartillögur við 10. gr.

Um árabil hefur Alþýðubandalagið lagt til, að 3 sendiráð á Norðurlöndum verði sameinuð í eitt. Þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnarflokkanna um, að að því beri að stefna, bólar ekki á viðleitni til sparnaðar í þessu efni fremur en öðrum. Á fjárlagafrumvarpinu er kostnaður við þessi sendiráð áætlaður 6 150 401 kr. Lagt er til, að á næsta ári verði látið til skarar skríða um sparnað að þessu leyti og gert ráð fyrir einu sendiráði í stað þriggja.

Ekki mun á fyrsta ári verða unnt að komast hjá kostnaði af núverandi skipu-

lagi, m. a. vegna fastráðinna starfsmanna. Þó ætti að vera unnt að spara a. m. k. 1.6 millj. kr. þegar á næsta ári og miklu hærri upphæð að ári. þegar skipulagsbreytingin hefur að fullu verið framkvæmd.

Kostnaður við sendiráðið í París og skrifstofu fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC er óhóflega mikill, jafnmikill og samanlagður kostnaður við sendiráðin í Svíþjóð og Noregi. Lagt er til, að kostnaður við þennan lið verði áætlaður sem næst jafnhár og á núgildandi fjárlögum, og er þó enn um hærri upphæð að ræða en greidd er til nokkurs annars sendiráðs Íslands.

Lagt er til, að sparaður verði kostnaður vegna Þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins, 185 þús. kr. Fulltrúar frá Alþingi Íslendinga eiga ekkert erindi á ráðstefnur hernaðarbandalaga. Landsbúar hafa almennt ákveðnar skoðanir um gagnsemi og nauðsyn slíkra ferðalaga og eru því ófúsir að taka á sig auknar álögur til að greiða kostnað við þau.

Breytingartillögur við 11. gr.

Kostnaður við íslenzka „varnarliðið“ á Keflavíkurflugvelli, ríkislögregluna, sem á að annast gæzlu vegna amerísku „verndaranna“, vex með ári hverju, hækkar frá fyrra ári skv. fjárlagafrumvarpinu um tæpl. ½ millj. kr. og var þó ærinn fyrir. Stjórnarflokkarnir hétu eitt sinn sparnaði á þessum lið, en þau sparnaðarheit hafa sem flest önnur skolazt burt í holskeflum útgjaldahækkana. Á fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að kostnaður vegna ríkislögreglu á Keflavíkurflugvelli nemi á næsta ári tæpum 6 millj. kr. Slík sóun er á engan hátt réttlætanleg. Til þessa liðs er þannig áætlað að verja meira fé á fjárlögum en hvort heldur sem er til skógræktar í landinu eða sandgræðslu. Stjórnarliðið virðist staðráðið í að eyða um 50% meira til þessa „varnarliðs“ en verja á til byggingar íþróttamannvirkja í landinu. Lagt er til, að kostnaður við ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli verði lækkaður um tæpar 2 millj. kr.

Á fjárlagafrv. nemur liðurinn til almannavarna 4 millj. kr. Ekki hafa fengizt neinar upplýsingar í nefndinni umfram það, sem greinir í aths. með frumvarpinu, um ráðstöfun þessa fjár. Hækkun þessi úr 1 millj. kr. í 4 millj. kr. er að líkindum ákveðin með hliðsjón af ráðagerðum ríkisstjórnarinnar um að leiða stórkostlega hættu yfir landsbúa með því að gera Hvalfjörð að herbækistöð. Áreiðanlega er það meira í samræmi við hagsmuni landsbúa og mun eiga meiri hljómgrunn meðal þeirra, að til þeirrar hættu verði ekki stofnað með því að staðsetja skotmörk á Íslandi, en því fé, sem ætlað er til atómbyrgja, verði í staðinn varið til nauðsynlegra sjúkrahúsbygginga. Þess vegna er lagt til, að liðurinn lækki í 500 þús. kr., sem nota mætti vegna þess þáttar í hlutverki almannavarna, er snýr að aðgerðum gegn hættu af náttúruhamförum.

Þrátt fyrir, að tekju- og eignarskattar eru orðnir stórum minni hluti af skattheimtu ríkissjóðs en áður var og aðalskattheimtan sé nú aðflutningsgjöld og söluskattur, hefur kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur hækkað stórkostlega og þó langsamlega mest eftir þær skipulagsbreytingar, sem gerðar voru, þegar skattanefndir voru lagðar niður, en kjördæmaskattstjórum bætt við. Var þó heitið sparnaði í sambandi við þær breytingar. Gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., að þessi kostnaður hækki hvorki meira né minna en um 7 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum. Í sambandi við störf skattstofanna er ekki hvað sízt þörf á, að sinnt verði raunhæfu skatteftirliti, svo að komið verði í veg fyrir þau skattsvik, sem enginn efast um að viðhöfð eru í ríkum mæli af þeim aðilum, sem aðstöðu hafa til. Lagt er til, að af þeirri óhemjuupphæð, sem varið er til ríkisskattanefndar og skattstofa, verði a. m. k. 3 millj. kr. varið beinlínis til sérstaks eftirlits með skattframtölum.

Breytingartillögur við 12. gr.

Heilsuhælið á Vífilsstöðum er þriggja hæða bygging ásamt kjallara, en í húsinu er engin lyfta. Þótt erfitt muni reynast að láta svo gamalt hús uppfylla nútíma-

kröfur til sjúkrahúsa, þá ætti að vera unnt að bæta úr að þessu leyti. Hvort sem er vegna sjúklinga eða starfsfólks, má það teljast algerlega óviðunandi, að sjúkrahúsið sé lyftulaust. Er því lagt til, að veitt verði byrjunarframlag, 250 þús. kr., til kaupa og uppsetningar á lyftu.

Breytingartillögur við 13. gr.

Það er alkunna, að umferðaröngþveitið á Hafnarfjarðarvegi, þar sem hann liggur um Kópavog, er svo alvarlegt, að ekki verður með neinu móti undan því vikizt að hefjast handa um úrbætur. Fjárveitinganefnd hefur ekki tekið framlag ríkisins til vegamála til afgreiðslu, og frumvarp til nýrra vegalaga liggur fyrir Alþingi. Skv. ákvæðum þess er það verkefni Kópavogskaupstaðar að leysa þetta mál með fjárframlagi frá ríkinu, sem er þó svo lágt, að þeirri geigvænlegu hættu, sem af umferðinni á þessu svæði stafar, verður ekki bægt frá á svo skömmum tíma sem nauðsynlegt er, ef ekki kemur annað til. Er því lagt til, að ríkið veiti sérstakt framlag til þessara framkvæmda á næsta ári, 6 millj. kr., í trausti þess, að frekari fjárframlög fáist með úrbótum á því vegalagafrumvarpi, sem nú er til afgreiðslu á Alþingi.

Gerð er tillaga um hækkun á framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta úr 17 millj. kr. í 25 millj. kr. Á fjárlagafrv. er gert ráð fyrir sömu upphæð og á núgildandi fjárlögum, en fjárveitinganefnd gerir tillögu um hækkun í 17 550 000 kr. Talið er, að kostnaður við hafnarframkvæmdir hafi hækkað um 15% frá s. l. ári, og hækkanir eru fyrirsjáanlegar á næsta ári. Er því í raun um lækkun á framlagi að ræða, en brýn nauðsyn er á að hækka þennan lið til að lækka skuldir ríkissjóðs við sveitarfélögin og gera þeim kleift að þoka áfram þeim hafnarframkvæmdum, sem verða sífellt meir aðkallandi vegna aukins skipastóls og stærri skipa.

Þá er lagt til, að orðið sé við ósk skólastjóra stýrimannaskólans um 25 þús. kr. framlag til útgáfu kennslubóka, sem skólann skortir.

Breytingartillögur við 14. gr.

Með hinu nauma framlagi til íþróttasjóðs undanfarin ár er hann með hverju ári ófærari um að sinna þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum. Til þess að sjóðurinn geti fullnægt skyldum sínum, eins og áætlað er, að þær verði á næsta ári, þyrfti framlagið að vera tæpar 30 millj. kr. Er því óhjákvæmilegt, á meðan sjóðnum eru ekki fundnir aðrir tekjustofnar, að framlag ríkisins verði á næstu árum allnokkru hærra en verið hefur. Lagt er til, að framlag til íþróttasjóðs verði hækkað í 5 500 000 kr.

Gerð er tillaga um, að þjóðminjasafnið fái til rannsókna og ferðakostnaðar 100 þús. kr. í stað 40 þús. kr. Framlagið hefur til þessa aðeins dugað til rekstrar bifreiðar. Um engar fornleifarannsóknir getur því verið að ræða, nema framlagið hækki. Sæmir ekki annað en að stofnuninni verði gert kleift að sinna því verkefni, og þyrfti þó framlagið vissulega að vera enn hærra.

Þá er lagt til, að liðurinn: Til skálda, rithöfunda og listamanna, sem hefur hlutfallslega lækkað á undanförnum árum, verði hækkaður um 45% með hliðsjón af meðaltals launahækkun opinberra starfsmanna. Til vara er lagt til, að miðað verði við hækkun almenns verkamannakaups og lífeyrisgreiðslna og framlagið hækkað um sem næst 15%.

Breytingartillögur við 16. gr.

Búreikningaskrifstofa Búnaðarfélags Íslands er þörf stofnun, sem skortir fé til að geta sinnt sínu verkefni. Er lagt til, að komið verði að nokkru til móts við óskir forráðamanna hennar með hækkun framlags úr 100 þús. kr. í 300 þús. kr. Að undanförnu hafa staðið deilur miklar á Alþingi um gildi landbúnaðarins og

stöðu í þjóðarbúskapnum. Óhjákvæmilegt er að tryggja, að skilyrði séu til þess að afla grundvallargagna í þeim málum.

Lagt er til, að framlag til fiskileitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna verði hækkað úr 9 050 000 kr. í 15 000 000 kr. Hér er um að ræða starfsemi, sem getur ráðið miklu um nýtingu alls þess fjármagns, sem í sjávarútveginum er bundið, aflahlut sjómanna og afkomu annarra landsmanna. Aðrar þjóðir, sem þó eiga miklu minna undir sjávarútvegi en Íslendingar, leggja tiltölulega meiri áherzlu á þessa starfsemi en við. Með tilliti til afkomu togaranna er ekki sízt nauðsynlegt, að haldið sé uppi víðtækri og sem stöðugastri fiskileit fyrir þá, en hún hefur svo til legið niðri um alllangt skeið.

Iðnskóli Hafnarfjarðar býr við mjög erfiða aðstöðu í leiguhúsnæði hjá Bókasafni Hafnarfjarðar og þrengir jafnframt að starfsemi þess. Ætlun forráðamanna skólans er að ráðast í byggingarframkvæmdir, og er lagt til, að veittur verði styrkur að upphæð 500 þús. kr. til byggingarinnar.

Breytingartillögur við 17. gr.

Hin geigvænlegu húsnæðisvandræði í bæjunum valda því, að tryggja verður, eftir því sem framast er unnt, byggingu þeirra íbúða, sem helzt mættu teljast fjárhagslega viðráðanlegar alþýðu manna. Sérstök ástæða er því til að styrkja byggingu verkamannabústaða, og er lagt til, að framlag til þeirra verði hækkað úr 7 millj. kr. í 12 millj. kr.

Framlag til Iðnnemasambands Íslands er óeðlilega lágt, miðað við framlag til annarra félagasamtaka, sem flest mega sín þó meir fjárhagslega. Lagt er til, að framlagið hækki úr 15 þús. kr. í 50 þús. kr.

Tillaga er gerð um, að liðurinn: Til orlofsheimila verkalýðssamtaka hækki um 1 millj. kr. og að af framlaginu verði eigi minna en 1 millj. kr. varið til orlofsheimilis Alþýðusambands Íslands, en s. l. sumar voru framkvæmdir hafnar í landi samtakanna í Hveragerði.

Rekstrarstyrkur til sumardvalarheimila, dagheimila og vistheimila fyrir börn úr kaupstöðum og kauptúnum hefur lítt sem ekki hækkað undanfarin ár þrátt fyrir aukna dýrtíð og fjölgun dagheimila. Er nauðsyn að létta undir með þessari starfsemi með hærri styrk úr ríkissjóði gegn jafnháu framlagi annars staðar að. Lagt er til, að framlag verði hækkað úr 300 þús. kr. í 600 þús. kr.

Breytingartillögur við 20. gr.

Samtímis margvíslegum úrbótum í byggingarmálum skóla, félagsheimila og ýmissa þátta sjúkrahúsbygginga hafa aðgerðir til að bæta aðbúnað geðsjúklinga verið látnar sitja svo á hakanum, að ekki er vansalaust. Aðbúnaður á Kleppi, að því er húsakynni og húsbúnað varðar, er slíkur, að menn gætu ímyndað sér, að slíkt hefði naumast verið talið hæfa fyrir hálfri öld. Því verður alls ekki lengur á frest slegið að veita fé til byrjunarframkvæmda í þessu efni, og er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður, byrjunarframlag til byggingar nýs geðveikrahælis, 4 millj. kr.

Listasafn ríkisins er húsnæðislaust, og í verðbólgunni brenna upp þær lágu fjárhæðir, sem veittar hafa verið til byggingarsjóðs listasafnsins. Gerð er tillaga um, að framlagið til byggingarsjóðs safnsins verði hækkað úr 500 þús. kr. í 1 millj. kr.

Á fjárlagafrumvarpinu er liðurinn: Til fyrningarsjóðs ríkisbifreiða 3 millj. kr. hærri en sambærilegur liður á núgildandi fjárlögum, án þess að séð verði, að raunveruleg þörf eða gild ástæða komi þar til. Lagt er til, að liðurinn lækki í 1 500 000 kr.

Fyrir þjóð, sem byggir svo mjög afkomu sína á sjávarútvegi sem Íslendingar, er það fjárhagslega óskynsamlegt að eiga ekki fullkomið haf- og fiskirannsóknar-

skip, auk þess sem það ætti að vera metnaðarmál, að þjóðin eigi slíkt skip, ekki sízt þegar á það er litið, að við eigum á að skipa hinum færustu sérfræðingum til starfa. Allt of hægt hefur miðað í þá átt, að af framkvæmdum verði, og er lagt til, að Alþingi sýni hug sinn í þessu máli með því að samþykkja sérstaka fjárveitingu, 3 millj. kr., til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips.

Alþingi, 13. des. 1963.

Geir Gunnarsson.

Ed. 138. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Ásgeir Bjarnason, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins á nefndarfundi.

Alþingi, 13. des. 1963.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.

Jón Þorsteinsson.

Nd. 139. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

Frv. til vegalaga var vísað til nefndarinnar þann 6. þ. m. Var sá háttur á hafður, að samgöngumálanefndir beggja þingdeilda unnu saman að athugun þess. Hafa Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri og Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri setið flesta fundi samvinnunefndarinnar og verið henni til mikilvægrar aðstoðar. Enn fremur var þingflokki Alþýðubandalagsins boðið að taka þátt í störfum nefndarinnar, þar sem flokkurinn á þar ekki fulltrúa. Sat Ragnar Arnalds fundi nefndarinnar um þetta mál fyrir hönd flokks síns og tók þátt í umræðum um málið. Loks tóku samgöngumálaráðherra Ingólfur Jónsson og formenn Framsóknarflokksins og þingflokks Alþýðubandalagsins, þeir Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson, þátt í meðferð málsins.

Í nefndinni ríkti mikill áhugi á að ljúka afgreiðslu frv. í tæka tíð, þannig að það nái lagagildi um áramót og þeim umbótum jafnframt fram komið í samgöngumálum þjóðarinnar, sem eru höfuðtakmark hinna endurskoðuðu vegalaga. Um einstök atriði þess voru skoðanir að sjálfsögðu nokkuð skiptar. En um það höfuðatriði að tryggja aukið fjármagn til vegabóta um land allt og gatnagerðar í kaupstöðum og kauptúnum varð einskis ágreinings vart. Um þá stefnu frv. að tryggja aukna festu í framkvæmd vegagerða með vönduðum undirbúningi framkvæmdaáætlana til ákveðins tíma ríkti heldur enginn ágreiningur.

Nefndin hefur orðið sammála um að flytja allmargar breytingartillögur við frv. Eru þær prentaðar á sérstöku þingskjali. Nokkur atriði, sem til umræðu og

álita komu í nefndinni, vannst ekki tími til að afgreiða fyrir 2. umræðu málsins. Mun samvinnunefndin taka þau til meðferðar fyrir 3. umræðu.

Veigamestu breytingartillögur nefndarinnar eru við 3. kafla frv., sem felur í sér ákvæðin um vegáætlun og er eitt merkasta nýmæli þess.

Nefndin leggur til, að ákvæði þessa kafla verði gerð skýrari og fyllri, m. a. ákvæðið um, hvernig vegáætlun skuli taka gildi. Samkvæmt breytingartillögum hennar skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun. Sama skal gilda um tillögur til þingsályktunar um endurskoðun vegáætlunar. Telur nefndin eðlilegast, að sá háttur verði á hafður, að í þingsályktunartillögu um vegáætlun eða endurskoðun hennar verði greind ósundurliðuð sú upphæð, sem ætluð er til framkvæmdar henni. Þingnefnd fengi hins vegar til meðferðar hinar sundurliðuðu tillögur vegamálastjóra um einstakar framkvæmdir og fjallaði síðan um þær og gerði tillögur til þingsins. Með þessum hætti væru áhrif Alþingis tryggð á stefnuna í þessum þýðingarmiklu málum og forn hefð jafnframt í heiðri höfð.

Önnur meginbreytingartillaga nefndarinnar er, að vegáætlun skuli gerð til fjögurra ára í stað fimm og endurskoðun hennar skuli fram fara á tveggja ára fresti í stað þriggja, eins og ráð var fyrir gert í frv.

Þá leggur nefndin til, að engir vegir verði næstu 5 ár felldir úr þjóðvegatölu, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals. Styttast sýsluvegir samkv. tillögu vegalaganefndar allverulega við þá breytingu.

Nefndin varð einnig sammála um að leggja til, að sú breyting verði gerð á 16. gr. frv., að þar verði skýrt tekið fram, að heimild ráðherra til þess að ákveða að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðizt skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, skuli bundin við þau tilvik, að tjón hafi orðið á vegum eða brúm af völdum náttúruhamfara.

Samkvæmt ofansögðu leggur nefndin einróma til, að frv. til vegalaga verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á þingskjali 140.

Alþingi, 13. des. 1963.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Sigurvin Einarsson.

Björn Pálsson. Jónas Pétursson.

Nd. 140. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Orðið „bifreiðastæði“ í 2. mgr. falli niður.
   b. Orðin „í beinu sambandi við vegi“ í 3. mgr. falli niður.
2. Við 9. gr.
   a. Orðin „bæjar- eða“ í báðum mgr. falli niður.
   b. Á eftir orðunum „samkv. reglugerð“ í 1. mgr. komi: sbr. 30. gr.
3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Vegamálastjóri semur tillögur að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.

4. Við 11. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
      Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir, svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda.
   b. Síðari málsl. 2. mgr. falli niður.
5. Við 12. gr. Síðasta mgr. orðist svo:
   Landsbraut: Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til þriggja býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða kirkjustað, opinberan skóla eða heilsuhæli, fullgerð orkuver, kauptún með færri en 300 íbúa eða tengiveg milli aðalleiða. Sömuleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.
6. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun samkv. 10. gr., samtímis frv. til fjárlaga. Sama gildir um tillögur til þingsályktunar um endurskoðun vegáætlunar, sbr. 15. gr.
   Vegáætlun öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.
7. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Í upphafi hvers reglulegs Alþingis skal ráðherra leggja fyrir þingið skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.
   Ráðherra skal hlutast til um, að endurskoðun áætlunarinnar fari fram á Alþingi á tveggja ára fresti.
8. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt skal ráðherra að ákveða að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðizt skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, ef til hefur komið tjón á vegum, t. d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara.
9. Við 17. gr. Í stað orðanna „fimm ára“ komi: fjögurra ára — og í stað orðanna „þrjú ár“ komi: tvö ár.
10. Við 19. gr. Við 2. mgr. bætist: nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.
11. Við 22. gr. Niðurlag greinarinnar frá og með orðunum „og skal hreppsnefndaroddviti“ falli niður.
12. Við 23. gr. Á eftir orðunum „og aðrir“ í 1. mgr. komi: íbúar hreppsins.
13. Við 24. gr. Á eftir orðinu „þinghús“ komi: félagsheimili.
14. Við 25. gr. Aftan við greinina bætist: eftir ákvörðun sýslunefndar.
15. Við 26. gr.
   a. Í stað orðsins „verzlunarstöðum“ komi: kauptúnum.
   b. Í stað orðanna „hálfur vegaskatturinn“ komi: helmingur sýsluvegasjóðsgjalda.
16. Við 28. gr.
   a. Á eftir orðunum „skal árlega veita“ í 1. mgr. komi: til sýsluvega.
   b. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo:
      Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur.
17. Við 29. gr. Í stað orðanna „Bæjarstjórn eða hreppsnefnd“ í 2. mgr. komi: Sveitarstjórn.
18. Við 32. gr.
   a. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
      Greiða má af hluta sveitarfélags kostnað vegna kaupa á fasteignum í þágu þjóðvegar samkv. þessum kafla laganna.
   b. Í stað orðanna „til almennrar gatnagerðar“ komi: til annarrar varanlegrar gatnagerðar.

19. Við 44. gr. 2. mgr. orðist svo:
Fjallvegir, sem tengja saman landshluta, nefnast aðalfjallvegir og skulu taldir sérstaklega í vegáætlun samkv. 10. gr.
20. Við 46. gr. Í stað orðanna „er heimilt að“ komi: skal.
21. Við 59. gr. Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við vegagerð og græða upp sár, sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir.
22. Við 60. gr. Síðasti málsl. falli niður.
23. Við 80. gr. Á undan orðunum „á einum stað“ í 1. mgr. komi: a. m. k.
24. Við 83. gr. Orðin „af ásettu ráði“ í 1. mgr. falli niður.
25. Við 84. gr. Orðin „við alfaraveg“ falli niður.
26. Við 88. gr. Á eftir orðunum „hlutaðeigandi skattstjóra“ í 2. mgr. komi: eða umboðsmanni hans.
27. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
Svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku laga þessara, skal leggja fyrir Alþingi tillögu til bráðabirgða vegáætlunar, er gildi fyrir árið 1964.
Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi samkv. 17. gr. laga þessara skulu einnig gerðar til bráðabirgða fyrir árið 1964.
Fyrir reglulegt Alþingi haustið 1964 skal leggja tillögu til vegáætlunar samkv. III. kafla laga þessara og nái hún yfir árin 1965—1968.
Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1965—1968 skulu gerðar fyrir 1. júlí 1965.
Enginn vegur skal falla úr þjóðvegatölu næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals.

Nd. 141. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá Jóhanni Hafstein.

Niðurlag 46. gr. orðist svo: enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt.

Sþ. 142. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1962.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og borið tölurnar saman við ríkisreikning ársins 1962. Við þann samanburð hefur komið í ljós, að leiðrétta þarf heildartöluna í 1. gr. frumvarpsins. Þar á að standa talan kr. 258 232 884.53 í stað kr. 255 420 542.22.

Í 2. gr. frumvarpsins þarf að leiðrétta upphæð þá, sem lagt er til, að veitt verði til viðbótar við 16. gr. B, þar sem upphæðin er vantalin um 10 000 kr., á að vera kr. 677 344.36 í stað kr. 667 344.36. Niðurstöðutala í 2. gr. breytist samkvæmt þessu til hækkunar um 10 000 kr.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrir „kr. 255 420 542.22“ komi: kr. 258 232 884.53.

2. Við 2. gr.
   a. Fyrir „Til viðbótar í 16. gr. B. eru veittar kr. 667 344.36“ komi: Til viðbótar í 16. gr. B. eru veittar kr. 677 344.36.
   b. Fyrir „Kr. 216 290 259.62“ komi: Kr. 216 300 259.62.
   c. Fyrir „Samtals kr. 258 222 884.53“ komi: Samtals kr. 258 232 884.53.

Alþingi, 14. des. 1963.

Jónas G. Rafnar, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Guðl. Gíslason.
Halldór E. Sigurðsson. Geir Gunnarsson. Jón Árnason.
Halldór Ásgrímsson. Gunnar Gíslason. Hjörtur E. Þórarinsson.

Nd. 143. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá Ragnari Arnalds og Geir Gunnarssyni.

Við 30. gr. bætist:
4) Aðeins lítill hluti þjóðvegar skal tilheyra sveitarfélagi, þegar svo stendur á, að fjölfarinn þjóðvegur í kaupstað eða kauptúni er aðalumferðaræð í viðkomandi landshluta og liggur milli annarra byggðarlaga.

Sþ. 144. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1964 og við brtt. á þskj. 131.

I. Frá *Ragnari Arnalds.*
   1. Við 12. gr. IX. Nýr liður:
      Til sjúkrahússins á Sauðárkróki vegna skemmda af völdum jarðskjálfta 100 000
   2. Við brtt. 131, 25. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki).
      a. Við 23. Nýr liður:
         Hofsós 400 000
      b. Við 41. (Siglufjörður).
         Fyrir „600 000“ kemur 2 000 000
         Til vara 1 000 000
      c. Við 42. (Skagaströnd).
         Fyrir „250 000“ kemur 500 000

II. Frá *Gils Guðmundssyni.*
   Við 14. gr. A. III. a. Liðurinn orðist svo:
   Til styrktar íslenzkum námsmönnum 12 000 000
   Þar af til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna samkv. lögum nr. 52/1961 8 millj. kr.

III. Frá *Ragnari Arnalds.*

Við brtt. 131, 53 b. 25. (Við 14. gr. A. XII. 23. — Ný skólahús).
Nýr liður:
Blönduós, A-Hún. 400 000

IV. Frá *Gils Guðmundssyni.*

1. Við 14. gr. B. I. 2. (Landsbókasafn, bókakaup o. fl.).
Fyrir „600 000“ kemur 1 200 000
2. Við 14. gr. B. II. (Þjóðskjalasafn).
a. Við 2. (Bókband o. fl.).
Fyrir „50 000“ kemur 200 000
b. Við 6. (Mikrofilmun á skjölum).
Fyrir „10 000“ kemur 100 000
3. Við 14. gr. B. XIII. 24. (Íslenzk orðabók).
Fyrir „325 000“ kemur 500 000

V. Frá *Þórarni Þórarinssyni, Karli Kristjánssyni, Hirti E. Þórarinssyni* og *Sigurvin Einarssyni.*

Við 14. gr. B. XIV. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).
Fyrir „2 134 456“ kemur 3 500 000

VI. Frá *Gils Guðmundssyni.*

1. Við 14. gr. B. XVII. (Til rithöfundasjóðs Kelvins Lindemanns).
Fyrir „2 500“ kemur 25 000
2. Við 14. gr. B. XXXIX. (Til vísindamanna og fræðimanna).
Fyrir „216 000“ kemur 400 000
3. Við 14. gr. B. LXXXVII. Nýr liður:
Til kynningar íslenzkrar myndlistar, tónlistar og bókmennta innanlands, samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs 200 000

Nd. 145. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 89. gr. Við greinina bætist: og sé það eigi lægra en einn fjórði hluti þess fjár, sem fæst samkvæmt ákvæðum 85.—87. gr.

Nd. 146. Frumvarp til vegalaga. [95. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. des.)

Samhljóða þskj. 113 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Orðið vegur merkir í lögum þessum akbraut, land og mannvirki, sem að staðaldri eru nauðsynleg, til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

Til vegar teljast því, auk vegstæðis og vegar, vegbekkir, skurðir, sneiðingar, fyllingar, ræsi, öryggisgrindur, biðstæði og umferðaljós.
Til vega teljast enn fremur brýr, jarðgöng og ferjubryggjur, svo og vetrarvegir.

9. gr. hljóðar svo:
Heimilt er Vegagerð ríkisins að fela hlutaðeigandi sveitarstjórn að nokkru eða öllu leyti lagningu og viðhald þeirra gatna í borgum, kaupstöðum eða kauptúnum, sem teljast þjóðvegir, samkv. reglugerð, sbr. 30. gr., svo og sýslunefndum að annast sýsluvegi á sama hátt.
Nú er heimild 1. mgr. notuð, og skal þá Vegagerð ríkisins hafa eftirlit með, að lagning og viðhald vega þeirra eða gatna, sem um er að ræða, sé framkvæmt á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðar ríkisins, skal hún gefa sveitarstjórn fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests.

10. gr. hljóðar svo:
Vegamálastjóri semur tillögur að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.

11. gr. hljóðar svo:
Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir, svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda. Enn fremur áætlaður kostnaður við vegaviðhald og annar kostnaður Vegagerðar ríkisins á sama tímabili.
Í vegáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðuð áætlun um heildarkostnað hvers mannvirkis, kostnað þess á öllu áætlunartímabilinu og á hverju ári þess.

12. gr. hljóðar svo:
Í vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Hraðbraut A: Vegur, þar sem innan 20 ára má búast við yfir 10 þúsund bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina. Skal stefnt að fjórfaldri akbraut með varanlegu slitlagi.

Hraðbraut B: Vegur, þar sem innan 10 ára má búast við 1000—10000 bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina. Skal stefnt að tvöfaldri akbraut með varanlegu slitlagi.

Þjóðbraut: Vegur, sem nær til 1000 íbúa svæðis. Skal stefnt að malarvegi með tvöfaldri akbraut.

Landsbraut: Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til þriggja býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða kirkjustað, opinberan skóla eða heilsuhæli, fullgerð raforkuver, kauptún með færri en 300 íbúa eða tengiveg milli aðalleiða. Sömuleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

14. gr. hljóðar svo:
Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun samkv. 10. gr., samtímis frv. til fjárlaga. Sama gildir um tillögur til þingsályktunar um endurskoðun vegáætlunar, sbr. 15. gr.
Vegáætlun öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

15. gr. hljóðar svo:

Í upphafi hvers reglulegs Alþingis skal ráðherra leggja fyrir þingið skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

Ráðherra skal hlutast til um, að endurskoðun áætlunarinnar fari fram á Alþingi á tveggja ára fresti.

16. gr. hljóðar svo:

Heimilt skal ráðherra að ákveða að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðizt skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, ef til hefur komið tjón á vegum, t. d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara.

17. gr. hljóðar svo:

Vegagerð ríkisins semur í samráði við sýslunefndir framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi, til fjögurra ára í senn, og skal sú áætlun endurskoðuð, er hún hefur gilt í tvö ár.

Sýsluvegaáætlun öðlast gildi, er sýslunefnd hefur samþykkt og samgöngumálaráðherra staðfest hana.

19. gr. hljóðar svo:

Í hverri sýslu skal vera sýsluvegasjóður. Sýslunefndir gera samþykktir fyrir sýsluvegasjóði, og öðlast þær gildi, er ráðherra hefur staðfest þær.

Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Ekki má taka í tölu sýsluvega vegi, sem eru styttri en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

22. gr. hljóðar svo:

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkv. 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

23. gr. hljóðar svo:

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

24. gr. hljóðar svo:

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

25. gr. hljóðar svo:

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

26. gr. hljóðar svo:

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

28. gr. hljóðar svo:

Af tekjum vegamála skv. XIV. kafla laga þessara skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan því ári, er fjárlög eru samin.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkissjóðsframlagið miðast við. Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd sýsluvega í hverri sýslu, en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti veganna er lagður, ruddur eða ekki akfær.

29. gr. hljóðar svo:

Í kaupstöðum skulu götur og vegir lagðir þar sem ákveðið er í skipulagsuppdrætti. Í kauptúnum gildir sama, ef skipulagsuppdráttur hefur verið gerður, ella ákveður hreppsnefnd, hvar götur og vegir skuli liggja innan kauptúnsins.

Sveitarstjórn ákveður um gerð gatna og vega.

32. gr. hljóðar svo:

Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda. Skal árlegt framlag vera sem næst 11 af hundraði af heildartekjum vegamála það ár, samkvæmt XIV. kafla laga þessara.

Nú hefur verið ákveðið í reglugerð, hvaða götur teljist þjóðvegir innan kaupstaða eða kauptúna, og skal þá hluta viðkomandi sveitarfélags samkv. 1. mgr. eingöngu varið til lagningar þeirra og viðhalds.

Greiða má af hluta sveitarfélags kostnað vegna kaupa á fasteignum í þágu þjóðvegar samkv. þessum kafla laganna.

Kostnað við holræsi, færslur á leiðslum, gangstéttir, umferðarljós, götulýsingu og því um líkt greiðir hlutaðeigandi sveitarfélag.

Þegar lagningu vega samkv. 2. mgr. er lokið að dómi vegamálastjóra, skal sveitarstjórn verja sínum hluta fjárframlags samkv. 1. mgr., að frádregnum viðhaldskostnaði þjóðveganna, til annarrar varanlegrar gatnagerðar.

44. gr. hljóðar svo:

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem vegamálastjóri ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

Fjallvegir, sem tengja saman landshluta, nefnast aðalfjallvegir og skulu taldir sérstaklega í vegáætlun samkv. 10. gr.

46. gr. hljóðar svo:

Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt.

59. gr. hljóðar svo:

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa, að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi skulu

því aðeins greiddar, að þeirra sé krafizt og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og eignarnám vegna vegar teljast með kostnaði vegarins.

Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við vegagerð og græða upp sár, sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir.

60. gr. hljóðar svo:

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnað við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið, en því, sem hann hefur krafizt, ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annar hvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan mánaðar frá því matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur dómkvöddum mönnum.

80. gr. hljóðar svo:

Nú er lagður vegur gegnum land manns, og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum a. m. k. á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa í veginn, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og sé hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minnsta kosti 3 metra breiða. Landeigandi skal birta vegagerðinni kröfu sína í þessu efni, áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal aðgangur gerður þar eða svo nálægt, sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi vegagerðinni eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleiri stöðum í landi sínu en þeim eina, sbr. þó 81. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um hraðbrautir.

83. gr. hljóðar svo:

Enginn má skemma nein mannvirki, sem til vegarins teljast, svo sem brýr, ferjur, háskamerki eða önnur leiðbeiningarmerki, vörður eða sæluhús.

Skemmist eitthvert slíkt mannvirki við árekstur bifreiðar, er bifreiðarstjóra skylt að tilkynna það þegar vegamálastjóra eða umsjónarmanni vegarins eða lögreglustjóra. Skal sá, er valdið hefur árekstrinum, skyldur að bæta áorðnar skemmdir.

84. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem notar sæluhús, skal ganga þriflega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum, svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið á móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

88. gr. hljóðar svo:

Undanþegnar gjaldi samkvæmt 87. gr. eru eftirtaldar bifreiðar:

a. Skólabifreiðar.
b. Bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar.
c. Slökkvibifreiðar.
d. Sjúkrabifreiðar.
e. Snjóbifreiðar.
f. Vagnar, sem renna á spori.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkv. a- og b-liðum 87. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku laga þessara, skal leggja fyrir Alþingi tillögu til bráðabirgða vegáætlunar, er gildi fyrir árið 1964.

Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi samkv. 17. gr. laga þessara skulu einnig gerðar til bráðabirgða fyrir árið 1964.

Fyrir reglulegt Alþingi haustið 1964 skal leggja tillögu til vegáætlunar samkv. III. kafla laga þessara og nái hún yfir árin 1965—1968.

Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1965—1969 skulu gerðar fyrir 1. júlí 1965.

Enginn vegur skal falla úr þjóðvegatölu næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals.

Nd. 147. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Einar Ágústsson, Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Menntaskólar eru fjórir, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri og einn á Laugarvatni. Stofna skal auk þessa einn menntaskóla á Austurlandi og einn á Vestfjörðum, þegar fé er veitt til þeirra á fjárlögum.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum er aðeins einn menntaskóli í Reykjavík, og er hann til húsa í gömlu menntaskólabyggingunni við Lækjargötu, svo sem kunnugt er. Það hús var tekið í notkun árið 1846, og voru nemendur Latínuskólans þá 60. Nú eru nemendur Menntaskólans í Reykjavík rúmlega 900, og er því augljóst, að þetta gamla hús er orðið allt of lítið fyrir starfsemi skólans og óhjákvæmilegt að byggja nýtt skólahús til viðbótar. Að vísu hafa framkvæmdir verið hafnar að auknum byggingum í grennd við gamla skólahúsið. Þær framkvæmdir geta þó ekki nema að mjög litlu leyti bætt úr þeim húsnæðisvandræðum, sem þarna er um að ræða, en bæta fyrst og fremst úr brýnni þörf á sérkennslustofum fyrir ýmsa verklega kennslu.

Þá er almennt viðurkennt, að Menntaskólinn í Reykjavík sé nú þegar orðinn a. m. k. nægilega stór og því rangt að stefna að fjölgun nemenda í honum. Íslenzkir skólamenn munu flestir þeirrar skoðunar, að slíkur skóli eigi ekki að vera fyrir fleiri en 500—600 nemendur. Miðað við þann nemendafjölda gætu tveir menntaskólar verið fullsetnir í Reykjavík innan eins til tveggja ára. Ýmsir nefna miklu lægri tölu um fjölda nemenda, allt niður í 300—350. Allir munu hins vegar sammála um, að 800—900 sé allt of hátt, jafnvel þótt aðstæður væru hinar beztu.

Vegna þessara ástæðna þarf að fjölga menntaskólum í Reykjavík í tvo hið allra fyrsta og hefja byggingu nýs skólahúss eins fljótt og við verður komið.

Á undanförnum þingum hafa nokkrum sinnum verið fluttar tillögur um stofnun

menntaskóla á Austurlandi og Vestfjörðum. Þær tillögur hafa verið fluttar vegna mikils áhuga í þessum byggðarlögum fyrir því, að aðstaða unglinga til framhaldsnáms væri jöfnuð svo sem verða mætti. Virðist það sanngirniskrafa, að íbúar Austurlands og Vestfjarða yrðu að þessu leyti settir við sama borð og íbúar á Suður- og Norðurlandi. Þess vegna er í þessu frumvarpi einnig gert ráð fyrir stofnun menntaskóla á Austurlandi og Vestfjörðum, þegar fé verður veitt til þeirra á fjárlögum.

Menntaskólarnir á Akureyri og Laugarvatni hafa þegar starfað árum saman samkvæmt heimild í framangreindum lögum. Sú breyting, sem hér er lögð til, er því aðeins formbreyting til samræmingar.

Breyttir þjóðfélagshættir auka þörfina á sérmenntuðu fólki til starfa í margvíslegum greinum. Batnandi þjóðarhagur byggist í vaxandi mæli á því, að vísindi og tækni verði tekin í þjónustu atvinnuveganna. Þess vegna er nauðsynlegt að greiða fyrir því, að sem allra flestir eigi kost á að afla sér þeirrar menntunar, sem nauðsynleg er til að geta orðið virkur þátttakandi þessarar framtíðaruppbyggingar.

Sþ. 148. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1964.

I. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við 11. gr. A. 10. g. (Sumarlöggæzla á Þórshöfn).
Fyrir „20 000“ kemur 30 000

II. Frá *Einari Olgeirssyni.*
1. Við 14. gr. A. III. (Til styrktar ísl. námsmönnum).
Fyrir „9 615 372“ kemur 11 000 000
2. Við 14. gr. A. XXVI. Nýr liður:
Til Íslendings, er taki að sér samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið að læra tungu Grænlendinga 100 000
3. Við 14. gr. B. I. 2. (Landsbókasafnið, bókakaup o. fl.).
Fyrir „600 000“ kemur 1 000 000
4. Við 14. gr. B. III. (Þjóðminjasafnið).
a. Við 2. (Til aðstoðar o. fl.).
Fyrir „300 000“ kemur 500 000
b. Við 5. (Hljómplötusafn).
Fyrir „5 000“ kemur 25 000
c. Við 12. Nýr liður:
Til kvikmyndagerðar („dokument“-mynda og af sögulegum minjum) 200 000
5. Við 14. gr. B. XIII. (Styrkir til bókaútgáfu).
a. Við 3. (Fornleifafélagið).
Fyrir „25 000“ kemur 60 000
b. Við 6. (Fornritaútgáfan).
Fyrir „75 000“ kemur 250 000
c. Við 13. (Vísindafélagið).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000
6. Við 17. gr. V. 10. (Dagheimili Styrktarfélags vangefinna).
Fyrir „25 000“ kemur 100 000
7. Við 17. gr. V. 17. Nýr liður:
Til þess að kosta mann samkvæmt vali félagsmálaráðuneytisins til þess að ferðast um byggðir Grænlendinga, kynna sér lífskjör þeirra og rita bók um þau og félagslegan aðbúnað þjóðarinnar, og sé bókin síðan gefin út 250 000

Nd. 149. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 48 7. apríl 1956, um náttúruvernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar náttúruverndarráð með aðsetri í Reykjavík til fjögurra ára í senn. Er það skipað sjö mönnum, forstöðumönnum þriggja deilda Náttúrugripasafnsins, einum manni með sérþekkingu á búnaðarmálum, samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands, einum manni, sem Skógræktarfélag Íslands nefnir til, og einum verkfræðingi, samkv. tillögu Verkfræðingafélags Íslands. Þrjá varamenn skal skipa samkvæmt tilnefningu framangreindra félagasamtaka, og enn er menntamálaráðherra rétt að skipa þrjá náttúrufræðinga varamenn forstöðumanna Náttúrugripasafnsins. Formann og varaformann skipar menntamálaráðherra án tilnefningar, og skal annar hvor þeirra vera embættisgengur lögfræðingur.

Nú varðar náttúruverndarmál, sem náttúruverndarráð fjallar um, að einhverju leyti landsvæði eða náttúrumyndanir, sem hafa fornfræðilegt gildi, og skal þjóðminjavörður þá sitja fundi ráðsins eftir kvaðningu formanns þess.

Náttúruverndarráði er heimilt að kveðja sérfræðinga á fundi ráðsins til ráðuneytis, svo sem skógræktarstjóra, skipulagsstjóra ríkisins, vegamálastjóra og raforkumálastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögunum er svo fyrir mælt, að bæði formaður ráðsins og varaformaður þess skuli vera embættisgengir lögfræðingar. Nú stendur svo á, að formaður ráðsins hefur sagt af sér starfi vegna brottflutnings frá Reykjavík, og liggur fyrir að skipa formann í hans stað. En með því að eigi verður talið, að neinar sérstakar ástæður geri nauðsynlegt, að bæði formaður ráðsins og varaformaður séu embættisgengir lögfræðingar, þykir rétt að breyta lögunum í þessu efni nú, fyrst skipa þarf í formannsstöðuna hvort sem er.

Sþ. 150. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1964.

I. Frá *Þórarni Þórarinssyni.*

Við 14. gr. B. XIII. 2. (Þjóðvinafélagið).

Fyrir „10 000“ kemur 250 000

II. Frá *Jónasi Péturssyni.*

Við 22. gr. XX.

Á eftir orðunum „lán vegna Múlavegar“ bætist: og allt að 3 millj. kr. lán til brúar á Hofsá í Vopnafirði.

Sþ. 151. Tillaga til þingsályktunar [104. mál]

um heildarskipulag Suðurlandsundirlendis.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela skipulagsnefnd ríkisins í samráði við rannsóknaráð ríkisins, hagstofustjóra, Framkvæmdabankann, nýbýlastjóra, raforkumálastjóra og aðra sérfróða aðila ásamt þar til kjörnum fulltrúum viðkomandi sýslufélaga að gera svo fljótt sem auðið er frumdrög að heildarskipulagi Suðurlandsundirlendis, miðað við 10—15 ára tímabil. Skal að því stuðlað, að mannvirkjagerð hins opinbera og önnur fjárfesting á svæðinu miðist við að fá sem hagkvæmasta nýtingu orkulinda og annarra lands- og sjávargæða.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á seinasta þingi, og fylgdi henni þá rækileg greinargerð. Færð voru rök að því, að tímabært sé að hefjast handa um svæðaskipulagningu hér á landi. Hugmyndin er, að landfræðilega afmarkað svæði, heilt hérað, sé skipulagt sem ein heild og verði þá reynt að gera sér grein fyrir þróun byggðarinnar á svæðinu um komandi ár og um leið reynt að stuðla að sem hagfelldastri uppbyggingu héraðsins. Er þá hvort tveggja átt við staðsetningu opinberra framkvæmda og skipulega nýtingu hinna miklu náttúruauðlinda, sem bíða beizlunar. Um nauðsyn þess að byrja á vísindalegri skipulagningu í þágu framtíðarinnar var nánar rætt í greinargerð með tillögu þessari á seinasta þingi (þskj. 289), og vísast til hennar varðandi frekari rökstuðning fyrir málefni þessu.

Nd. 152. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir „brýr“ komi: hlið og vegristir.
2. Við 12. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Í vegáætlun skulu vegir teljast þjóðvegir og þeim skipað í flokka eftir þeim reglum, er hér fara á eftir.
   b. Á eftir „kirkjustað“ í síðustu málsgr. komi: félagsheimili.
   c. Við síðustu málsgrein bætist: og enn fremur að býli undir heiði, þar sem venja er, að gangnamenn safnist saman til heiðarsmölunar.
3. Við 17. gr.
   a. Í stað „Vegagerð ríkisins“ komi: Vegamálastjóri.
   b. Orðin „og samgöngumálaráðherra staðfest“ falli niður.
4. Við 19. gr. Í stað „ráðherra“ komi: vegamálastjóri.
5. Við 20. gr. Aftan við greinina komi: Ríkissjóður endurgreiðir sýsluvegasjóði ⅓ viðhaldskostnaðar.
6. Við 45. gr. Aftan við greinina komi:
   Jafnframt skal áætla sérstaka fjárupphæð til að greiða fyrir því, að afréttarleiðir verði gerðar akfærar dráttarvélum og jeppabifreiðum, og úthlutar vegamálastjóri því fé.

7. Við 66. gr.
   a. Orðin „að vetrarlagi“ falli niður.
   b. 2. og 3. málsl. orðist svo:
   Snjómokstur skal fyrst og fremst við það miðaður, að haldið sé opnum, þegar brýn þörf krefur, þjóðvegum milli byggðarlags og aðalverzlunarstaðar þess eða markaðsstaðar. Heimilt er að binda snjómokstur því skilyrði, að kostnaður sé að meira eða minna leyti endurgreiddur með framlagi úr héraði, en um endurgreiðslu skulu gilda sömu skilyrði um land allt, eftir því sem við verður komið. Um snjómokstur á sýsluvegi fer eftir ákvörðun sýslunefndar.
8. Við ákvæði til bráðabirgða. Við ákvæðið bætist:
   Alþingi kýs á árinu 1965 milliþinganefnd til að endurskoða þessi lög í samráði við vegamálastjóra.

Sþ. 153. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1964.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 17. des.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1964 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.
1. Tekju- og eignarskattur		245 000 000
2. Aðflutningsgjöld	1392300000	
Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	69300000	
		1 323 000 000
3. Innflutningsgjald af benzíni		72 000 000
4. Gjald af innlendum tollvörum		50 000 000
5. Lestagjald af skipum		1 000 000
6. Bifreiðaskattur		32 000 000
7. Aukatekjur		36 000 000
8. Stimpilgjald		54 000 000
9. Vitagjald		3 500 000
10. Söluskattur	345750000	
Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	68750000	
		277 000 000
11. Gjald af bifreiðum og bifhjólum, samkv. 16. gr. laga nr. 4/1960		86 000 000
12. Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna		26 000 000
Samtals ...		2 205 500 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður áfengis- og tóbaksverzlunar		425 250 000
2. — ríkisprentsmiðju		750 000
Samtals	. . .	426 000 000
Sundurliðun.		
1. Póstur og sími.		
I. Tekjur:		
1. Seld frímerki, frímerkjavélar o. fl.	54 000 000	
2. Blöð og tímarit, burðargjald	2 500 000	
3. Skeytagjöld	22 300 000	
4. Símtalagjöld	73 000 000	
5. Símaafnotagjöld	152 000 000	
6. Leiga talstöðva og lína	4 000 000	
7. Innheimta aðflutningsgjalda, greiðsla vegna orlofslaga og laga um skyldusparnað	4 000 000	
8. Aðrar tekjur	2 200 000	
		314 000 000
II. Gjöld:		
1. Laun fastra starfsmanna	68 000 000	
2. Önnur laun, aukaaðstoð og yfirvinna	68 300 000	
3. Póstflutningur	8 500 000	
4. Pappír, prentun, skrifstofugögn o. fl.	7 500 000	
5. Húsnæði, ljós, hiti, ræsting og viðhald	14 000 000	
6. Stöðvarnar, annar kostnaður	70 700 000	
7. Langlínurnar, annar kostnaður	37 000 000	
8. Vextir	1 500 000	
9. Til endurnýjunar og viðauka	31 200 000	
10. Tryggingar	1 700 000	
11. Önnur gjöld	5 600 000	
		314 000 000
2. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.		
I. Sala að frádregnum söluskatti og afslætti		626 492 000
II. Framleiðslukostnaður o. fl.:		
1. Innkaupsverð seldra vara	153 900 000	
2. Laun og starfsmannakostnaður	10 065 000	
3. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting	1 400 000	
4. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur	1 600 000	
5. Viðhald, viðgerðir og fyrningar	400 000	
6. Ýmis gjöld	95 000	
7. Kostnaður við útsölur	3 500 000	
		170 960 000
Brúttó-hagnaður		455 532 000

		3. gr.	
		kr.	kr.
III.	Skrifstofukostnaður:		
	1. Laun og starfsmannakostnaður	4 025 000	
	2. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting	350 000	
	3. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur	180 000	
	4. Viðhald, viðgerðir og fyrningar	200 000	
	5. Ýmis gjöld	1 700 000	
	Skrifstofukostnaður alls	6 455 000	
IV.	Tillag til Gæzluvistarsjóðs	2 500 000	
V.	Útsvar	21 327 000	
			30 282 000
	Nettó-hagnaður. Fært á 3. gr. A. 1.	. . .	425 250 000
	3. Ríkisútvarpið.		
I.	Tekjur:		
	a. Afnotagjöld	19 000 000	
	b. Aðrar tekjur	13 000 000	
			32 000 000
II.	Gjöld:		
	a. Laun:		
	1. Föst laun 8800000		
	2. Aukavinna 3600000		
		12 400 000	
	b. Útvarpsefni	7 000 000	
	c. Skrifstofukostnaður	2 000 000	
	d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	2 000 000	
	e. Til útvarpsstöðva	5 100 000	
	f. Til viðgerðarferða o. fl.	300 000	
	g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins	700 000	
	h. Vegna höfundalaganna	1 600 000	
	i. Óviss útgjöld	600 000	
	j. Bifreiðakostnaður	300 000	
			32 000 000
III.	Rekstur viðtækjaverzlunar:		
	a. Tekjur	3 500 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun 897500		
	2. Annar kostnaður 1034000		
		1 931 500	
		1 568 500	
	Til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins 941100		
	Til Sinfóníuhljómsveitar Íslands 627400		
		1 568 500	

3. gr.

	kr.	kr.
4. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.		
I. Tekjur (prentvinna)		9 000 000
II. Gjöld:		
1. a. Laun starfsmanna ... 626000		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna ... 4101000		
	4 727 000	
2. Efnivörur	1 900 000	
3. Vélarekstur og viðhald	200 000	
4. Annar kostnaður	1 423 000	
		8 250 000
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	750 000
5. Landssmiðjan.		
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu, vörum o. fl.)		6 995 000
II. Gjöld:		
1. Laun starfsmanna	1 424 000	
2. Vextir	550 000	
3. Annar kostnaður	4 800 000	
Aukið rekstrarfé Landssmiðjunnar	221 000	
		6 995 000
6. Tunnuverksmiðjur ríkisins.		
I. Tekjur		18 275 000
II. Gjöld:		
1. Laun og skrifstofukostnaður	165 000	
2. Efniskaup (tunnustafir og járn)	13 000 000	
3. Verkalaun	2 780 000	
4. Annar kostnaður	2 330 000	
		18 275 000
7. Innkaupastofnun ríkisins.		
I. Tekjur af vörusölu		2 462 000
II. Gjöld:		
1. Laun	1 362 000	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	300 000	
3. Annar kostnaður	800 000	
		2 462 000
8. Ríkisbú.		
a. Á Bessastöðum.		
1. Tekjur	1 025 000	
2. Gjöld	1 025 000	
b. Á Hvanneyri.		
1. Tekjur	1 335 000	
2. Gjöld	1 335 000	
c. Á Hólum.		
1. Tekjur	700 000	
2. Gjöld	700 000	

3. gr.

	kr.	kr.
d. Á Reykjum (bú garðyrkjuskólans).		
1. Tekjur	550 000	
2. Gjöld	550 000	
e. Á Vífilsstöðum.		
1. Tekjur	1 050 000	
2. Gjöld	1 050 000	
f. Í Kópavogi.		
1. Tekjur	150 000	
2. Gjöld	150 000	
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar		75 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir		1 730 000
2. Arður af hlutafjáreign		270 000
Samtals ...	. . .	2 000 000

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 20 000 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1964 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
Vextir af innlendum lánum		5 643 148
Samtals ...	. . .	5 643 148

8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins:

	kr.	kr.
I. 1. Laun forseta Íslands	223 933	
2. Risna	70 000	
		293 933
II. Skrifstofa forseta í Reykjavík		586 660
III. Bifreiðakostnaður		393 560
IV. Forsetasetrið á Bessastöðum		664 560
V. Bessastaðakirkja		62 000
Samtals ...	. . .	2 000 713

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		17 500 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		175 000
Samtals ...	. . .	17 675 000

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	1872000		
b. Til risnu samkvæmt reikningi	170000		
c. Ríkisráð	11070		
		2 053 070	
2. Til ráðuneytanna:			
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun	1234320		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun	1465200		
c. Félagsmálaráðuneytið, laun	1267080		
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun	1575400		
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun	2978760		
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið:			
a. Laun	1131240		
b. Fálkaorðan	70000		
	1201240		
f. Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið, laun	688800		
g. Utanríkisráðuneytið, laun	1613160		
h. Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, laun	840000		
i. Viðskiptamálaráðuneytið, laun	1342800		
j. Framlag til Efnahagsstofnunar ríkisins	1033333		
k. I. Hagstofan:			
1. Laun	2274700		
2. Útgáfa hagskýrslna	306000		
3. Annar kostnaður	842500		
	3423200		
II. Þjóðskráin:			
1. Laun	571800		
2. Annar kostnaður	856025		
	1427825		
l. Aðrir starfsmenn, laun	1350000		
m. Símakostnaður og burðargjöld	1900000		
n. Annar kostnaður ráðuneytanna	4000000		
o. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins	750000		
		28 091 118	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
a. Laun	2305910		
b. Annar kostnaður	950000		
		3 255 910	
4. Ýmis kostnaður:			
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga	450000		
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi	800000		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað	320000		
d. Kostnaður við kjarasamninga	350000		
		1 920 000	
			35 320 098

10. gr.

		kr.	kr.
II.	Utanríkismál (utanríkisráðuneyti):		
1.	Sendiráðið í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun	2170516	
	b. Annar kostnaður	315350	
			2 485 866
2.	Sendiráðið í Stokkhólmi:		
	a. Laun	1450638	
	b. Annar kostnaður	287034	
			1 737 672
3.	Sendiráðið í London:		
	a. Laun	2072834	
	b. Annar kostnaður	550000	
			2 622 834
4.	Sendiráðið í Washington:		
	a. Laun	2310461	
	b. Annar kostnaður	582171	
			2 892 632
5.	Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC:		
	a. Laun	2956860	
	b. Annar kostnaður	750000	
			3 706 860
6.	Sendiráðið í Osló:		
	a. Laun	1426863	
	b. Annar kostnaður	500000	
			1 926 863
7.	Sendiráðið í Bonn:		
	a. Laun	1806083	
	b. Annar kostnaður	452067	
			2 258 150
8.	Sendiráðið í Moskva:		
	a. Laun	2020012	
	b. Annar kostnaður	570000	
			2 590 012
9.	Aðalræðismannsskrifstofan í New York:		
	a. Laun	224785	
	b. Annar kostnaður	146404	
			371 189
10.	Ferðakostnaður		750 000
11.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins		1 450 000
12.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins		1 697 000
13.	Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi		340 000
14.	Til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráð Íslands erlendis til landkynningar		204 000
15.	Til kjörræðismanna		45 000
16.	Til kaupa á ritinu „Scandinavian Past and Present“		250 000
			25 328 078
III.	Tillög til ýmissa alþjóðastofnana:		
1.	Til hjálpar flóttafólki í Evrópu og tillag til flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna		247 000

10. gr.

	kr.	kr.
2. Til alþjóðabarnahjálparsjóðsins	458 000	
3. Tillag til Sameinuðu þjóðanna	1 505 000	
4. Tillag til starfsemi Sameinuðu þjóðanna í Kongó	1 032 000	
5. Tillag til matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO)	300 000	
6. Tillag til World Food Program á vegum FAO	215 000	
7. Tillag til efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD)	600 000	
8. Tillag til Evrópuráðsins	350 000	
9. Tillag til alþjóðahveitiráðsins	3 120	
10. Tillag til Atlantshafsbandalagsins (NATO)	1 125 000	
11. Tillag til Atlantshafsbandalagsins vegna skrifstofubyggingar	68 000	
12. Tillag til tollanefndar Evrópu	2 500	
13. Tillag til tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna	345 000	
14. Tillag til alþjóðastofnunar til útgáfu tolllaga	22 700	
15. Stofngjald og tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar	113 000	
16. Tillag til eftirlitsnefndar með gin- og klaufaveiki á vegum FAO	11 000	
17. Til hinnar alþjóðlegu framfarastofnunar, stofnframlag	54 000	
18. Tillag til Alþjóðalandfræðisambandsins	4 300	
19. Tillag til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar	95 000	
20. Tillag til Alþjóðagerðardómsins í Haag	1 800	
21. Kostnaður vegna þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins	185 000	
22. Tillag vegna Parísarsamþykktarinnar um vernd á sviði iðnaðar	28 500	
23. Tillag til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO)	393 000	
24. Tillag til Alþjóðarauðakrossins	16 000	
		7 174 920
Samtals	. . .	67 823 096

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn (dómsmálaráðuneyti).		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun	2 002 920	
b. Risna dómsforseta	10 000	
c. Útgáfa hæstaréttardóma	520 000	
d. Annar kostnaður	440 000	
e. Til bókakaupa	100 000	
f. Til ljósprentunar á II. bindi hæstaréttardóma	220 000	
		3 292 920
2. Saksóknaraembætti ríkisins:		
a. Laun	1 287 900	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	385 000	
c. Annar kostnaður	370 000	
		2 042 900
3. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	2 647 320	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	420 000	
c. Annar kostnaður	370 000	
		3 437 320
4. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
a. Laun	2 164 320	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	386 000	
c. Annar kostnaður	350 000	
		2 900 320
5. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	2 552 640	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	1 725 000	
c. Annar kostnaður	2 545 000	
		6 822 640
6. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	1 505 400	
b. Aukavinna	350 000	
c. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður	590 000	
d. Annar kostnaður	360 000	
		2 805 400
7. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli:		
a. Laun	591 960	
b. Hiti, ljós og ræsting	165 000	
c. Annar kostnaður	360 000	
		1 116 960
8. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:		
a. Laun	4 831 800	
b. Skrifstofukostnaður:		
1. Laun 10775540		
2. Annar kostnaður 8800000		
19575540		
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins 3200000	16 375 540	
c. Einkennisbúningar héraðsdómara	425 000	
d. Viðhald embættisbústaða	400 000	
		22 032 340

11. gr.

		kr.	kr.
9.	Laun hreppstjóra		1 800 000
10.	Lögreglukostnaður:		
	a. Ríkislögregla í Reykjavík:		
	1. Laun lögregluþjóna 4881600		
	2. Vaktaálag, aukavinna o. fl. 2150000		
	3. Einkennisfatnaður og tryggingar 585000		
	4. Bifreiðakostnaður 1250000		
	5. Fjarskiptaþjónusta 115500		
	6. Æfingaskáli og gufubaðstofa 61000		
	7. Kostnaður vegna kvenlögreglu 40000		
	8. Lögregluskóli, áhöld o. fl. 200000		
		9 283 100	
	b. Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli:		
	1. Laun lögregluþjóna 3190920		
	2. Vaktaálag og helgidagauppbót 878670		
	3. Einkennisfatnaður 300000		
	4. Bifreiðakostnaður og tryggingar 750000		
	5. Fæðisstyrkur lögreglumanna 458000		
	6. Annar kostnaður 260000		
		5 837 590	
	c. Til sumarlöggæzlu á Siglufirði	250 000	
	d. Til sumarlöggæzlu á Raufarhöfn	250 000	
	e. Til sumarlöggæzlu á Seyðisfirði	100 000	
	f. Til sumarlöggæzlu á Vopnafirði	40 000	
	g. Til sumarlöggæzlu á Þórshöfn	20 000	
	h. Til sumarlöggæzlu á Húsavík	20 000	
	i. Til sumarlöggæzlu í Neskaupstað	60 000	
	j. Til sumarlöggæzlu í Ólafsfirði	10 000	
	k. Til sumarlöggæzlu á Skagaströnd	10 000	
	l. Til löggæzlu í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð	200 000	
	m. Til löggæzlu í Sandgerði á vertíðum	20 000	
	n. Til löggæzlu í Grindavíkurhreppi	15 000	
	o. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík	11 500 000	
	p. Ýmis annar lögreglukostnaður	6 500 000	
	q. Til löggæzlu í sveitum	1 000 000	
			35 115 690
11.	Til hegningarhúsa og vinnuhæla:		
	a. Hegningarhúsið í Reykjavík:		
	1. Laun 624240		
	2. Næturvinnuálag 170000		
	3. Annar kostnaður 900000		
	1694240		
	÷ Framlag Reykjavíkurborgar 847120		
		847 120	
	b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:		
	1. Laun 1321560		
	2. Næturvinnuálag 308000		
	3. Aukavinna 430000		
	4. Annar kostnaður 2000000		
	4059560		
	÷ Tekjur 650000		
		3 409 560	

11. gr.

	kr.	kr.
c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, ½ kostnaðar	331 175	
d. Til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju	1 570 000	
e. Kostnaður við önnur fangahús	135 000	
f. Sjúkrakostnaður refsifanga	100 000	
		6 392 855
12. Til byggingar fangahúsa		475 000
13. Málskostnaður	2 700 000	
÷ Endurgreiddur málskostnaður	600 000	
		2 100 000
14. Til fangahjálpar samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra		270 000
15. Kostnaður við siglingadóm samkvæmt lögum		120 000
16. Laun meðdómsmanna		350 000
17. Kostnaður við störf setu- og varadómara		350 000
18. Til útgáfu norræns dómasafns		45 000
19. Til útgáfu lagasafns		400 000
20. Til almannavarna		4 000 000
21. Til kostnaðar við landhelgisgæzlu:		
a. Varðskipið Þór	8 059 000	
b. Varðskipið Ægir	7 000 000	
c. Varðskipið Albert	4 300 000	
d. Varðskipið María Júlía	3 907 500	
e. Varðskipið Sæbjörg	1 447 000	
f. Fluggæzlan	5 500 000	
g. Kostnaður í landi og ýmis gæzla	4 272 800	
h. Varðskipið Óðinn	9 403 500	
	43 889 800	
÷ Tekjur	2 500 000	
		41 389 800
22. Bifreiðaeftirlit ríkisins:		
a. Laun	2 060 280	
b. Annar kostnaður	2 500 000	
c. Vegna húsnæðis við bifreiðaeftirlit á Akureyri	200 000	
	4 760 280	
÷ Tekjur	4 760 280	
23. Kostnaður við eftirlit á vegum:		
a. Laun	216 960	
b. Annar kostnaður	200 000	
		416 960
24. Til húsameistara ríkisins:		
a. Laun	1 662 360	
b. Annar kostnaður	1 600 000	
	3 262 360	
÷ Tekjur af vinnu	300 000	
		2 962 360
25. Til bindindisstarfsemi:		
a. Laun áfengisvarnaráðunautar	147 600	
b. Til áfengisvarnaráðs (enda samþykki dómsmálaráðuneytið úthlutun fjárins)	950 000	

11. gr.

		kr.	kr.
c. Til Stórstúku Íslands		390 000	
d. Til Péturs Sigurðssonar erindreka:			
1. Laun	86600		
2. Ferðakostnaður	4650		
		91 250	
			1 578 850
Samtals A. ...		. . .	142 217 315
B. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl. (fjármálaráðuneyti).			
I. Tollar:			
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:			
1. Laun	5054640		
2. Húsaleiga, ljós og hiti	400000		
3. Símakostnaður og burðargjöld	400000		
4. Annar kostnaður	2100000		
		7 954 640	
b. Tollgæzla:			
1. Í Reykjavík:			
a. Laun	5839764		
b. Vaktaálag	550000		
c. Húsaleiga, ljós og hiti	1000000		
d. Símakostnaður	95000		
e. Annar kostnaður	3400000		
		10 884 764	
2. Á Keflavíkurflugvelli:			
a. Laun	1255440		
b. Vaktaálag og helgidagauppbót	369432		
c. Einkennisfatnaður	125000		
d. Fæðisstyrkur tollvarða	141000		
e. Annar kostnaður	370000		
f. Kostnaður við tolleftirlit á varnarstöðvum utan Keflavíkurflugvallar	280000		
		2 540 872	
3. Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:			
a. Laun	1988280		
b. Annar kostnaður	900000		
		2 888 280	
			24 268 556
II. Kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur			15 500 000
III. Kostnaður við fasteignamat			3 000 000
IV. Eftirlit með opinberum sjóðum			21 000
V. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir			85 000
VI. Innheimtulaun			750 000
VII. Innheimtustofnun			3 217 000
Samtals B. ...		. . .	46 841 556

	11. gr.	
	kr.	kr.
C. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta	2 200 000	
Samtals C. ...	. . .	2 200 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt (heilbrigðismálaráðuneyti):

		kr.	kr.
I.	Landlæknisembættið:		
	a. Laun	436 440	
	b. Annar kostnaður	200 000	
			636 440
II.	Héraðslæknar:		
	1. Laun	8 715 000	
	2. Símakostnaður og burðargjöld	130 000	
			8 845 000
III.	Kostnaður við framkvæmd laga um læknaráð		84 404
IV.	Ríkisspítalar:		
	A. Landsspítalinn:		
	1. Laun	39736806	
	2. Matvörur	5328000	
	3. Ljósmæðraskólinn	360600	
	4. Annar kostnaður	16060000	
		61485406	
	÷ Tekjur	26440000	
	Rekstrarhalli		35 045 406
	B. Fæðingardeild Landsspítalans:		
	1. Laun	11335679	
	2. Fæðiskostnaður	1372000	
	3. Annar kostnaður	4327000	
		17034679	
	÷ Tekjur	7922500	
	Rekstrarhalli		9 112 179
	C. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:		
	1. Laun	8538479	
	2. Matvörur	2170000	
	3. Til brunavarnavatnsveitu	520000	
	4. Annar kostnaður	4966000	
		16194479	
	÷ Tekjur	8625000	
	Rekstrarhalli		7 569 479
	D. Heilsuhælið í Kristnesi:		
	1. Laun	3065240	
	2. Matvörur	990000	
	3. Annar kostnaður	1340000	
		5395240	
	÷ Tekjur	4760000	
	Rekstrarhalli		635 240

12. gr.

		kr.	kr.
E.	Geðveikrahælið á Kleppi:		
	1. Laun	18563575	
	2. Matvörur	3267000	
	3. Til húsgagna- og áhaldakaupa	1000000	
	4. Annar kostnaður	5473750	
		28304325	
	÷ Tekjur	20900000	
	Rekstrarhalli		7 404 325
F.	Fávitahælið í Kópavogi:		
	1. Laun	5921928	
	2. Matvörur	1081000	
	3. Annar kostnaður	1951000	
		8953928	
	÷ Tekjur	7875000	
	Rekstrarhalli		1 078 928
G.	Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:		
	1. Laun	444114	
	2. Matvörur	30000	
	3. Annar kostnaður	160500	
	Rekstrarhalli		634 614
H.	Blóðbankinn:		
	1. Laun	748218	
	2. Annar kostnaður	465000	
		1213218	
	÷ Tekjur	500000	
	Rekstrarhalli		713 218
			62 193 389
V.	Rannsóknarstofa háskólans:		
	1. Laun		4 242 124
	2. Annar kostnaður		2 048 000
			6 290 124
	÷ Tekjur af rannsóknum		2 100 000
			4 190 124
VI.	Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkv. lögum		5 200 000
VII.	a. Rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík, 20 kr. á legudag, og til St. Jósefsspítalans í Hafnarfirði og Franciskussjúkrahússins í Stykkishólmi, 10 kr. á legudag, allt að		1 625 000
	b. Byggingarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík		1 950 000
VIII.	Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að:		
	a. Reykjavík	1 900 000	
	b. Aðrir kaupstaðir	420 000	
			2 320 000

12. gr.

		kr.	kr.
	Skilyrði fyrir styrknum er það, að heilsuverndarstöðvar reki berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og hagi störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.		
IX.	Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa		7 000 000
X.	Embætti skólayfirlæknis:		
	a. Laun	233 676	
	b. Annar kostnaður	44 000	
			277 676
XI.	Til ónæmisaðgerða samkvæmt lögum nr. 36/1950		40 000
XII.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum sóttvarnarlaga, nr. 34 12. apríl 1954		50 000
XIII.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum farsóttarlaga, nr. 10/1958		325 000
XIV.	Til rannsókna á geislavirkni í matvælum		350 000
XV.	Til lækningaferða sérfræðinga		30 000
XVI.	Til læknisvitjanasjóða samkv. lögum nr. 59 4. júlí 1942		40 000
XVII.	Til lækningatækja í fámennum læknishéruðum samkv. lögum nr. 45/1962		200 000
XVIII.	Til námsferða héraðslækna og annarra embættislækna eftir úthlutun landlæknis		50 000
XIX.	Til norrænu lyfjaskrárnefndarinnar		13 500
XX.	Kostnaður vegna laga nr. 27/1945, um eyðing á rottum		250 000
XXI.	Til umbúðasmíði vegna fatlaðra		36 000
XXII.	Styrkur til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun tryggingaráðs, að fengnum tillögum landlæknis, gegn tvöföldu framlagi frá Tryggingastofnun ríkisins		150 000
XXIII.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra (áætlað) ..		1 150 000
XXIV.	Til vírusrannsókna		50 000
XXV.	Til námskeiða fyrir embættislækna		20 000
XXVI.	Til framhaldsnámskeiða lækna (LFÍ)		20 000
XXVII.	Tillag til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar ..		597 242
XXVIII.	Útgjöld vegna framkvæmda lyfsölulaga		100 000
XXIX.	Matvælaeftirlitið:		
	1. Laun	225 460	
	2. Annar kostnaður	300 000	
			525 460
XXX.	Til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands, byggingarstyrkur		200 000
	Samtals ...	. . .	98 519 235

13. gr.

Til samgöngumála, veðurþjónustu o. fl. er veitt (samgöngumálaráðuneyti):

		kr.	kr.
	A. Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun	3 687 810	
	2. Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga	1 700 000	
		5 387 810	
	÷ Fært á ýmis verk af ferðakostnaði og launum verkfræðinga	1 750 000	
		3 637 810	
	3. Annar skrifstofukostnaður	1 500 000	
			5 137 810
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega	20 480 000	
	b. Greiðslur af vegalánum	10 446 000	
	c. Viðhald	70 000 000	
	d. Til endurbyggingar þjóðvega	800 000	
	e. Til millibyggðavega ... 7100000		
	÷ Vegagjald af benzíni 7100000		
	f. Til samgöngubóta á landi	5 400 000	
			107 126 000
III.	Til brúargerða		13 280 000
IV.	Til endurbyggingar gamalla brúa		1 425 000
V.	Fjallvegir		1 375 000
VI.	Til áhalda:		
	1. Til verkfærakaupa	95 000	
	2. Til kaupa á vegavinnuvélum	2 770 000	
	3. Til bókasafns verkamanna	15 000	
			2 880 000
VII.	Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 102/1933		3 300 000
VIII.	Til ræktunarvega		68 000
IX.	Til nýbýlavega		200 000
X.	Til tilrauna til rykbindingar á þjóðvegum með oliuborinni möl		200 000
XI.	Til ferjuhalds		15 000
XII.	Kláfferja á Tungnaá hjá Haldi		350 000
XIII.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum		160 000
XIV.	Til Guðmundar Jónassonar vegna rekstrar snjóbíla		20 000
XV.	Til rekstrar snjóbíls á Fljótsdalshéraði		30 000
XVI.	Til fyrrverandi vegaverkstjóra og vegaverkstjóraekkna, eftir tillögum vegamálastjóra		600 000
XVII.	Iðgjöld til slysatryggingar		450 000
XVIII.	Gjöld samkv. lögum nr. 16/1943, um orlof verkamanna		2 600 000
XIX.	Atvinnuleysistryggingagjöld		220 000
	Samtals A. ...	. . .	139 436 810

13. gr.

	kr.	kr.
B. Samgöngur á sjó.		
I. Skipaútgerð ríkisins		18 000 000
II. Til flóabáta og vöruflutninga		4 800 000
III. Til byggingar flóabáta fyrir farsvæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts		500 000
Skipaútgerð ríkisins hefur yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1963 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefur numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1964 og flutningsgjaldskrá sé samþykkt af póst- og símamálastjórninni og Skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyldir til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt.		
Eigi skal styrkurinn greiddur að fullu, fyrr en skilríki hafa legið fyrir Skipaútgerð ríkisins um afkomu hlutaðeigandi báta á styrktímabilinu, þeirra er varanlegum samgöngum halda uppi á ákveðnu svæði, svo að sýnt sé, að styrksins hefur verið þörf, eins og hann var ákveðinn.		
Samtals B. ...	. . .	23 300 000
C. Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun:		
Föst laun ... 2359884		
÷ Hluti af launum verkfræðinga o. fl. færður á hafnir ... 650000		
	1 709 884	
2. Annar skrifstofukostnaður	650 000	
3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	115 000	
		2 474 884
II. Laun vitavarða:		
a. Föst laun	980 000	
b. Aukagæzla og aðstoð	120 000	
		1 100 000
III. Rekstrarkostnaður vitanna:		
a. Vitaskipið	3 750 000	
b. Vitarnir	3 000 000	
		6 750 000
IV. Viðhald og endurbætur vitanna		650 000
V. Sjómerki og viðhald sæluhúsa		300 000
VI. Til áhalda		3 000 000

	13. gr.	
	kr.	kr.
VII. Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:		
1. Akranes	700 000	
2. Akureyri	300 000	
3. Árskógssandur	400 000	
4. Blönduós	100 000	
5. Breiðdalsvík	50 000	
6. Bolungarvík	700 000	
7. Borgarnes	25 000	
8. Borgarfjörður eystri	225 000	
9. Búðareyri	450 000	
10. Dalvík	600 000	
11. Drangsnes	100 000	
12. Eskifjörður	600 000	
13. Eyrarbakki	300 000	
14. Fáskrúðsfjörður	50 000	
15. Flatey á Skjálfanda	300 000	
16. Flateyri	100 000	
17. Gerðavör	150 000	
18. Grafarnes	500 000	
19. Grenivík	250 000	
20. Grímsey	200 000	
21. Hafnarfjörður	600 000	
22. Hafnir í Höfnum	50 000	
23. Haganesvík	50 000	
24. Hólmavík	150 000	
25. Hrísey	450 000	
26. Húsavík	450 000	
27. Höfn í Hornafirði	150 000	
28. Ísafjörður	450 000	
29. Járngerðarstaðir	600 000	
30. Kópavogur	250 000	
31. Mjóifjörður	50 000	
32. Neskaupstaður	500 000	
33. Norðurfjörður	50 000	
34. Ólafsfjörður	600 000	
Heimilt er að greiða á árinu 1964 uppbætur eins og þær, sem síðan 1. júní 1962 hafa verið greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóði barnakennara, lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, svo og á persónulegar greiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga á árinu 1964.

Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu uppbóta á lífeyrinn gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1964 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 154. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 12. gr. síðustu mgr. (Landsbraut). Á eftir orðinu „kirkjustað“ komi: félagsheimili.
2. Við 17. gr. Í stað orðanna „Vegagerð ríkisins“ í 1. mgr. komi: Vegamálastjóri.
3. Við 30. gr. Á eftir orðunum „að fengnum tillögum vegamálastjóra“ komi: að svo miklu leyti sem vegáætlun mælir ekki fyrir um.
4. Við 32. gr. Í stað orðanna „sem næst 11 af hundraði“ í 1. mgr. komi: 12½ af hundraði.
5. Við 34. gr. Síðari mgr. falli niður.
6. Við 66. gr. Orðin „að vetrarlagi“ falli niður.
7. Við 88. gr. Á eftir orðunum „hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans“ komi: samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, er fjármálaráðherra setur.

Nd. 155. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1962.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur yfirfarið frv. og borið það tölulega saman við ríkisreikninginn. Samkomulag varð ekki um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar (DÓ, MÁM og SI) leggur til, að frumvarpið verið samþykkt óbreytt. Minni hluti nefndarinnar (SkG, EÁ) mun skila séráliti.

Alþingi, 17. des. 1963.

Davíð Ólafsson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen, frsm.

Nd. 156. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Við 2. mgr. 32. gr. bætist: sbr. þó síðasta málslið þessarar greinar.
2. Við 32. gr. bætist:

   Vegagerð ríkisins skal kosta og annast viðhald og nauðsynlegar endurbætur á þeim þjóðvegum í kauptúnum og kaupstöðum, sem teljast helzta umferðarleið um viðkomandi byggðarlag, hafi hún gert það fram að gildistöku laga þessara.

Nd. 157. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til vegalaga og við brtt. á þskj. 152.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við brtt. á þskj. 152, 7. tölul. b. Við 1. málsl. tillögugreinarinnar bætist: og einnig milli byggðarlaga.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað „1. júlí“ í næstsíðustu málsgrein komi: 1. júní.

Nd. 158. Breytingartillaga [95. mál]

við brtt. á þskj. 143 [Vegalög].

Frá Ragnari Arnalds og Geir Gunnarssyni.

Upphaf till. orðist svo:
Til vara við brtt. á þskj. 156.

Nd. 159. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1962.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Það er skekkja í þessum ríkisreikningi.

Árið 1962 var unnið að vegagerð á leiðinni milli Reykjavíkur og Keflavíkur og varið til þeirrar framkvæmdar kr. 29 549 984.89. Þetta er ekki fært með öðrum vegagerðarkostnaði á ríkisreikning, og eru því ríkisútgjöldin vantalin um nefnda fjárhæð. Samkvæmt upplýsingum, sem fjárhagsnefndin fékk, voru skuldir ríkisins vegna Keflavíkurvegar í árslok 1962 þessar:

PL-480 lán	25.7 millj. kr.
Við Seðlabanka Íslands	4 — —

Þessar skuldir, alls 29.7 millj. kr., eru ekki færðar á efnahagsreikning ríkisins 31. des. 1962, og eru því ríkisskuldirnar vantaldar þar um þá fjárhæð.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins hafa gert athugasemd um það, er að framan greinir. Þeir benda réttilega á, að kostnaður við framkvæmd vegagerðarinnar hefði átt að færast á ríkisreikninginn og einnig þær skuldir, sem stofnað hefur verið til í því sambandi.

Framkvæmdir við Keflavíkurveginn nýja hófust árið 1961. Það ár nam kostnaður við þær rúmlega 7.8 millj. kr., og þá voru einnig tekin lán til greiðslu á kostnaðinum. En þau útgjöld voru ekki færð á ríkisreikning fyrir árið 1961 og skuldirnar ekki heldur.

Í umræðum um ríkisreikninginn fyrir árið 1961, er fram fóru í neðri deild Alþingis 17. des. 1962, lét fjármálaráðherra svo um mælt, að þessar greiðslur yrðu færðar á ríkisreikninginn 1962. En það var ekki gert.

Ein af athugasemdum yfirskoðunarmanna, sú 36. í röðinni, er um ábyrgðargreiðslur ríkisins. Þeir vekja þar athygli á því, að skýrslur um greiðslur vegna

lána, sem ríkið er í ábyrgð fyrir, hafi áður verið í ríkisreikningum, en slík skýrsla sé nú ekki í reikningnum. Yfirskoðunarmenn láta uppi það álit, að þrátt fyrir lagasetninguna um ríkisábyrgðasjóð ætti skýrsla um greiðslur vegna ríkisábyrgða að fylgja ríkisreikningi. Í svari ráðherra segir, að ráðuneytið fallist á athugasemdina og muni gera ráðstafanir til, að slíkar skýrslur fylgi ríkisreikningum eftirleiðis.

Fjárhagsnefnd fór fram á að fá reikning ríkisábyrgðasjóðs fyrir árið 1962, en fékk það svar, að reikningurinn væri ekki fullgerður. Hins vegar fékk nefndin sundurliðað yfirlit frá Seðlabankanum um ábyrgðargreiðslur 1962. Samkvæmt því hafa greiðslurnar numið kr. 103 214 578.24, en innborganir upp í ábyrgðarskuldir kr. 10 027 213.29. Á ríkisreikning eru færðar sérstaklega ábyrgðargreiðslur vegna eins togara, kr. 5 611 210.74, en sú upphæð er ekki talin með á yfirliti Seðlabankans.

Fjárhagsnefnd óskaði upplýsinga um, hvað liði starfi endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins að endurskoðun reikninga fyrir árið 1962. Fékk nefndin greinargerð um þetta efni, sem dagsett er 15. okt. s. l. Er hér birtur sem fylgiskjal útdráttur úr þeirri greinargerð, sem sýnir, hvað eftir var að endurskoða á þeim tíma af reikningum fyrir 1962 eða fyrri ár. Samkvæmt greinargerðinni var þá lokið að endurskoða reikninga 77 annarra aðila til ársloka 1962. Aðrar upplýsingar fékk nefndin ekki, og þó að gera megi ráð fyrir, að lokið hafi verið endurskoðun allmargra reikninga á þeim 2 mánuðum, sem liðnir eru, síðan greinargerðin var gefin út, má búast við, að enn vanti töluvert á, að endurskoðuninni sé að fullu lokið.

Samþykkt Alþingis á ríkisreikningi má skoða sem kvittun til ráðuneytisins fyrir reikningsskil. Minni hl. fjárhagsnefndar telur ekki rétt að láta þá kvittun, fyrr en endurskoðun ríkisreikningsins og þeirra reikninga, sem hann byggist á, er að fullu lokið. Það er því tillaga minni hl., að afgreiðslu frv. verði frestað um sinn. Á væntanlegu framhaldsþingi síðar í vetur mætti taka málið til athugunar á ný og fá þá nýjar upplýsingar frá endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins um endurskoðun þeirra reikninga, sem enn er ólokið.

Alþingi, 18. des. 1963.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr greinargerð

frá ríkisendurskoðuninni hvað langt er komið endurskoðun ríkisstofnana, embætta o. fl., til yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins. Greinargerðin er útgefin 15. okt. 1963.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins: Endurskoðað til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt.

Ríkisútvarpið: Sömuleiðis.

Viðtækjaverzlun ríkisins: Sömuleiðis.

Þjóðleikhúsið: Óendurskoðað fyrir árin 1961 og 1962.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg: Endurskoðað til ársloka 1961.

Áburðarsala ríkisins: Sömuleiðis.

Tunnuverksmiðjur ríkisins: Borizt hefur endurskoðaður reikningur fyrir árið 1961, en ókunnugt um endurskoðun eftir það.

Innkaupastofnun ríkisins: Endurskoðun lokið til ársloka 1961 og að mestu fyrir árið 1962. Hafin er endurskoðun á reikningum ársins 1963, og fer hún fram jafnóðum og bókað er.

Bessastaðabúið: Endurskoðun lokið til ársloka 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir framangreind ár. Hafin er endurskoðun á reikningum ársins 1963.

Hólabúið: Endurskoðun lokið til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt 1961 og 1962.

Vífilsstaðabúið: Endurskoðun lokið til ársloka 1961 og endurskoðað að mestu fyrir árið 1962. Hafin er endurskoðun á reikningum ársins 1963.

Kópavogsbúið: Um það gildir sama og Vífilsstaðabúið.

Kleppsbúið (efnahagsreikn.): Endurskoðað til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir árin 1961 og 1962.

Forsetaembættið: Endurskoðun lokið til ársloka 1961.

Fálkaorðan: Endurskoðun lokið til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir árin 1960—1962.

Hagstofa Íslands: Endurskoðað til ársloka 1961.

Þjóðskráin: Sömuleiðis.

Stjórnartíðindi: Sömuleiðis.

Sendiráðin eru öll endurskoðuð til ársloka 1961, að undanteknu sendiráðinu í London, sem endurskoðað er til ársloka 1962.

Yfirborgardómari: Endurskoðun lokið til ársloka 1961.

Borgarfógeti: Sömuleiðis.

Yfirsakadómari: Sömuleiðis.

Lögreglustjóri, Rvík: Endurskoðun lokið til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir árið 1962.

Embættiskostnaður sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra úti á landi er endurskoðaður til ársloka 1961, að undanteknum embættiskostnaði bæjarfógetanna í Ólafsfirði, Vestmannaeyjum og Kópavogi, sem er endurskoðaður til ársloka 1962.

Kostnaður vegna embættisbústaða sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra á eftirgreindum stöðum er endurskoðaður sem hér segir:

Til ársloka 1961:

Eskifjörður.

Þolungarvík.

Vestmannaeyjar.

Siglufjörður.

Sauðárkrókur.

Neskaupstaður.

Ísafjörður.

Keflavík, bæjarfógetabústaður.

Hegningarhúsið í Reykjavík: Endurskoðað til ársloka 1961.

Vinnuhælið á Kvíabryggju: Endurskoðað til ársloka 1957. Síðan hafa engin reikningsskil borizt frá Kvíabryggju þrátt fyrir margendurtekin tilmæli ríkisendurskoðunarinnar, þar til nú fyrir skömmu, að nokkur gögn varðandi byggingarkostnað bárust frá dómsmálaráðuneytinu með bréfi, dags. 17. f. m., sem nú er verið að athuga.

Kostnaður við fangahús úti á landi er að mestu endurskoðaður til ársloka 1961.

Fangahjálpin „Vernd“: Endurskoðað til ársloka 1961.

Húsameistaraembættið: Endurskoðun lokið til ársloka 1961 og endurskoðun ársins 1962 langt komin.

Áfengisvarnarráð: Endurskoðað til ársloka 1961.

Tollbátar í Reykjavík: Endurskoðað til ársloka 1961.

Auglýsingakostnaður tollstjóra: Sömuleiðis.

Skattstofa Akraness: Endurskoðað til 30. sept. 1962.

Skattstofa Akureyrar: Endurskoðað til ársloka 1961.

Skattstofa Hafnarfjarðar: Sömuleiðis.

Skattstofa Ísafjarðar: Sömuleiðis.

Skattstofa Keflavíkur: Endurskoðað til 30. sept. 1962.

Skattstofa Kópavogs: Sömuleiðis.

Skattstofa Neskaupstaðar: Sömuleiðis.

Skattstofa Siglufjarðar: Endurskoðað til ársloka 1961.

Skattstofa Vestmannaeyja: Endurskoðað til 30. sept. 1962.

Embættiskostn. landlæknis: Endurskoðað til ársloka 1961.

Skrifstofa ríkisspítalanna: Endurskoðun lokið fyrir árið 1961 og að mestu 1962, en ekki endanlega afgreitt. Endurskoðun reikninga ársins 1963 vel á veg komin.

Landsspítalinn: Sömuleiðis.

Ljósmæðraskólinn: Sömuleiðis.

Þvottahús ríkisspítalanna: Sömuleiðis.

Fæðingardeildin: Sömuleiðis.

Hjúkrunarkvennaskólinn: Sömuleiðis.

Vífilsstaðahælið: Sömuleiðis.

Kleppsspítalinn: Endurskoðun lokið fyrir árið 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt. Endurskoðun reikninga ársins 1963 vel á veg komin.

Kleppjárnsreykjahælið: Sömuleiðis.

Holdsveikraspítalinn: Endurskoðað og afgreitt til ársloka 1961. Endurskoðun að mestu lokið fyrir árið 1962 og endurskoðun reikninga ársins 1963 vel á veg komin.

Fávitahælið í Kópavogi: Endurskoðun lokið fyrir árið 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt. Endurskoðun vel á veg komin fyrir árið 1963.

Blóðbankinn: Endurskoðun lokið og endanlega afgreitt fyrir árið 1961 og endurskoðun nærri lokið fyrir árið 1962. Endurskoðun vel á veg komin fyrir árið 1963.

Rannsóknarstofa háskólans: Endurskoðun lokið til ársloka 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt. Endurskoðun vel á veg komin fyrir árið 1963.

Mjólkureftirlit ríkisins: Endurskoðað til ársloka 1961.

Vegamál (13. grein): Óendurskoðað fyrir árin 1961 og 1962.

Skipaútgerð ríkisins: Endurskoðun nærri lokið til ársloka 1962.

Landhelgisgæzlan: Sömuleiðis.

Vita- og hafnarmál: Endurskoðun að mestu lokið fyrir árið 1962 og nokkuð á veg komin fyrir árið 1963.

Veðurstofan: Endurskoðun lokið til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir árin 1961 og 1962.

Ferðaskrifstofa ríkisins: Endurskoðun lokið til ársloka 1961.

Matsveina- og veitingaþjónaskólinn: Endurskoðað til ársloka 1961.

Háskólinn: Endurskoðað til ársloka 1961.

Tilraunastöðin á Keldum: Endurskoðun að mestu lokið til ársloka 1962.

Námslán: Endurskoðun til ársloka 1960 lokið og árin 1961 og 1962 eru í endurskoðun.

Vélskólinn: Endurskoðun lokið til ársloka 1961.

Alþýðuskólinn á Eiðum: Endurskoðun lokið til ársloka 1961.

Íþróttasjóður: Endurskoðað til ársloka 1961.

Vistheimilið í Breiðuvík: Endurskoðun lokið fyrir árið 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir þessi 2 ár. Fyrir árið 1963 er endurskoðun vel á veg komin.

Ríkisútgáfa námsbóka: Endurskoðað til ársloka 1961.

Upptökuheimilið í Elliðahvammi: Endurskoðun lokið fyrir árið 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir þessi 2 ár. Endurskoðun fyrir árið 1963 er vel á veg komin.

Landsbókasafnið: Endurskoðað til ársloka 1961.

Þjóðminjasafnið: Sömuleiðis.

Náttúrugripasafnið: Sömuleiðis.

Bókaútgáfa Menningarsjóðs: Endurskoðun lokið til ársloka 1960 og langt á veg komin fyrir árið 1961.

Ásgrímssafn: Endurskoðað til ársloka 1961.

Þingvallanefnd: Endurskoðað til ársloka 1961.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Sömuleiðis.

Biskupsembættið: Endurskoðun lokið til ársloka 1960, en ekki endanlega afgreitt fyrir árið 1960.
Jarðabótastyrkir: Endurskoðað til ársloka 1958.
Verkfæranefnd ríkisins: Endurskoðað til ársloka 1961.
Sandgræðsla Íslands: Sömuleiðis.
Skógrækt ríkisins: Sömuleiðis.
Veiðimálastjóri: Endurskoðað til ársloka 1961.
Sauðfjárveikivarnir: Endurskoðað til ársloka 1961 og að mestu fyrir árið 1962.
Bændaskólinn á Hólum: Endurskoðað til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir árin 1961 og 1962.
Síldarmat ríkisins: Endurskoðað til ársloka 1961.
Atvinnudeild háskólans: Endurskoðun lokið til ársloka 1960, en árin 1961 og 1963 eru í endurskoðun og 1962 óendurskoðað.
Rannsóknaráð ríkisins: Sömuleiðis.
Kjarnfræðinefnd: Endurskoðað til ársloka 1961.
Skipulag bæja og kauptúna: Endurskoðað til ársloka 1961.
Bjargráðasjóður: Sömuleiðis.
Tryggingastofnun ríkisins: Endurskoðun ekki lokið fyrir árið 1962, en fer nú fram daglega.
Framleiðsluráð landbúnaðarins; niðurgreiðsla á afurðum o. fl.: Endurskoðað til ársloka 1961.
Atvinnumálanefnd: Sömuleiðis.
Landhelgissjóður: Endurskoðun nærri lokið til ársloka 1962.
Fasteignamat ríkisins: Endurskoðað til ársloka 1961.
Gjöld, sem ráðuneytin hafa ávísað beint til viðkomandi aðila og ekki hafa verið gerð sérstök reikningsskil fyrir, hafa verið endurskoðuð sem hér segir hjá eftirgreindum ráðuneytum:
Atvinnumálaráðuneytið: Endurskoðað til ársloka 1960.
Dómsmálaráðuneytið: Sömuleiðis.
Utanríkisráðuneytið: Sömuleiðis.
Viðskiptamálaráðuneytið: Endurskoðað til ársloka 1961.
Samgöngumálaráðuneytið: Sömuleiðis.
Varnarmáladeildin: Sömuleiðis.
Gunnarsholtshælið: Endurskoðun lokið til ársloka 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt. Endurskoðun fyrir árið 1963 er vel á veg komin.
Umferðarmiðstöðin: Endurskoðað til ársloka 1961.

Ed. 160. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og lögum nr. 48 16. apríl 1963, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Karl Kristjánsson, Helgi Bergs, Hermann Jónasson.

1. gr.

2. og 3. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Í stað „15 ha.“ í 2. gr. laga nr. 48/1963 komi: 25 ha.

3. gr.

Í stað „15 ha.“ í 3. gr. sömu laga komi: 25 ha.

4. gr.

a. Í stað „50 þúsund“ í 4. gr. sömu laga komi: 60 þúsund.
b. Í stað orðanna „minnst 2.0 millj. króna“ í 2. mgr. 48. gr. laga nr. 75/1962 komi: minnst 3 millj. króna.

5. gr.

Í stað „15 ha.“ í 5. gr. laga nr. 48/1963 komi: 25 ha.

6. gr.

a. Í stað „15 ha.“ í 1. mgr. 6. gr. sömu laga komi: 25 ha.
b. Í stað „50%“ í 2. mgr. sömu gr. komi: 65%.

7. gr.

64. gr. laga nr. 75/1962 orðist þannig:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkv. 63. gr., greiðir ríkissjóður árlega á árunum 1964—1970, að báðum árum meðtöldum, þá fjárhæð, er þarf til að greiða tilskilinn hluta ríkisins samkvæmt ákvæðum þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta felur í sér nokkrar breytingar á þeim köflum laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sem fjalla um lán og framlag til ræktunar og bygginga.

Samkvæmt 47. gr. gildandi laga er framlag til ræktunar á nýbýlum takmarkað við 15 ha. Lagt er til, að framlag verði eftirleiðis greitt á 25 ha.

Í 60. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir, að Landnám ríkisins greiði aukaframlag til að stækka núverandi tún bújarða upp í 15 ha., þó þannig, að aukaframlagið að viðbættu framlagi samkv. II. kafla jarðræktarlaga fari ekki fram úr 50% af kostnaðarverði. Í frv. er lagt til, að þetta aukaframlag verði veitt til túnstækkunar upp í 25 ha. (í stað 15), eins og ræktunarframlag nýbýlanna, og að það megi, að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarlögum, nema allt að 65% (í stað 50%).

Samkv. 48. og 63. gr. gildandi laga er óafturkræft framlag til íbúðarhúsa á nýbýlum og til endurbyggingar íbúðarhúsa á jörðum allt að 50 þús. kr. Hér er lagt til, að hámark þess framlags verði hækkað úr 50 þús. kr. upp í 60 þús. kr.

Í 64. gr. gildandi laga er ríkisframlag í heild til stækkunar hinna eldri túna (aukaframlagið) og endurbyggingar íbúðarhúsa á jörðum takmarkað við 7.6 millj. kr. á ári á tímabilinu 1963—1970. Hér er lagt til, að þetta hámarksákvæði verði fellt niður og að ríkið leggi sjálft fram það fé, sem til þess þarf að greiða túnræktar- og endurbyggingarframlagið, á þann hátt, sem fyrir er mælt í 60. og 63. gr.

Í 7. gr. gildandi laga eru ákvæði um hámarksupphæð lána úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, miðað við framkvæmdakostnað. Þar er svo fyrir mælt, að hámarksupphæð þessi skuli lækka sem svarar jarðræktarframlagi (samkv. jarðræktarlögum) út á þá framkvæmd, sem um er að ræða hverju sinni. Af hálfu Framsóknarflokksins er í neðri deild flutt frv. um hækkun jarðræktarframlags, og er ekki ástæða til, að lánin lækki alltaf sem þeirri hækkun nemur, ef að lögum verður. Hér er því lagt til, að ákvæði um frádrátt jarðræktarframlagsins (ásamt sérákvæði um hámark framræslulána) falli niður, enda eru þau ekki nauðsynleg, þar sem um hámark er að ræða. Til þess er ætlazt, að framlög og lán samtals verði hærri fjárhæð en um er að ræða samkv. gildandi lögum, en ætla má, að stjórn Stofnlánadeildarinnar gæti þess, að hún fari ekki fram úr kostnaðarverði eða því, sem eðlilegt má teljast.

Um þessar mundir berst landbúnaðurinn í bökkum. Nú fara jarðir í eyði og bændum fækkar. Verðlag það, sem ákveðið er í verðlagsgrundvellinum, nægir ekki

til að greiða framleiðslukostnað meðalbóndans, að meðtalinni vinnu hans, skylduliðs hans, og þá enn síður hjá þeim, sem minni bú hafa. Fjöldi búa þarf að stækka, en til þess þarf meiri ræktun, meiri húsakost yfir fénað, fóður og áburð og allvíða meiri vélareign. Þetta allt og sjálf aukning bústofnsins krefst fjármagns, og vegna viðreisnardýrtíðarinnar hefur þessi fjármagnsþörf aukizt stórkostlega.

Lán til íbúðarhúsa í sveitum hafa að vísu verið hækkuð talsvert og önnur lán í hlutfalli við kostnað, en upphæðirnar, sem bóndinn þarf að afla á annan hátt, fara þó síhækkandi með ári hverju. Þar á ofan hafa vextir verið hækkaðir um þriðjung og vel það.

Ef einhver von á að vera um það, að bændur geti við þessi skilyrði stækkað bú sín og með því bætt rekstrarafkomu búanna, verða hin óafturkræfu framlög ríkisins að hækka, svo að um muni, út á þær framkvæmdir, sem framlög eru veitt til. Og ekki þýðir að taka aftur með annarri hendinni það, sem veitt er með hinni, þ. e. að takmarka það fé með hámarksákvæðum, sem greiða ber í heild samkvæmt öðrum lagaákvæðum, eins og nú á sér stað um framlög til íbúðarhúsa og stækkunar hinna minni túna.

Í seinni tíð hefur búfé fjölgað í landinu. Sú fjölgun var nauðsynleg, en stendur því miður ekki traustum fótum. Bændastéttin stendur nú fjær því marki en hún stóð fyrir nokkrum árum, að eiga á haustnóttum það heyfóður, sem til þarf, að ásetningur sé eins og hann þarf að vera til þess að mæta því, sem að höndum kann að bera. Ofan á þetta bætist, að fóðurbætir hefur stórhækkað í verði á þessum vetri. Sú bústærð, sem verðlag á búvörum er miðað við, þarfnast allt að 20 ha. túnstærðar. Þessu búi er ætlað að skapa þær lágmarkstekjur, sem bóndinn þarfnast til búrekstrar og til þess að hafa hliðstæð kjör og aðrar stéttir. Með þetta í huga og núverandi ástand í þessum málum þykir flm. þessa frv. einsýnt, að takmarkið, sem nú er sett, megi ekki vera lægra en 25 ha., eins og gert er ráð fyrir í frv. Og til þess að það dragist ekki allt of lengi, að þessu takmarki verði náð, þykir ekki verða hjá því komizt að veita Landnáminu heimild til að sjá svo um, að þeir, sem hafa ófullnægjandi ræktun, geti fengið allt að 65% framlag í heild til túnauka, á meðan þeir eru að koma ræktuninni í viðunandi horf.

Jarðræktin er ekki einungis grundvöllur að velmegun landbúnaðarins. Hún er tákn framsýni af hálfu þjóðfélagsins. Það skapar þjóðinni öryggi og glæðir framtíðarvonir hennar að vera sjálfri sér nóg.

Enda þótt þetta frv. feli í sér, ef að lögum verður, aukinn kostnað fyrir hið opinbera, er jafnframt á það að líta, að sú kostnaðaraukning mun verða öllum til góðs. Með því, sem ríkið leggur af mörkum ár hvert á þessu sviði, er unnið að því að tryggja þjóðinni til frambúðar góða og heilnæma fæðu á hóflegu verði og skapa þeim kynslóðum, sem landið erfa, varanleg verðmæti og öruggari afkomu en áður hefur þekkzt með þjóð vorri.

Nd. 161. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 7. apríl 1956, um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 19. des. 1963.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Gunnar Gíslason, fundaskr. Sigurvin Einarsson.

Björn Fr. Björnsson. Einar Ingimundarson.

Ed. 162. Frumvarp til vegalaga. [95. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. des.)

Samhljóða þingskjali 113 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Orðið vegur merkir í lögum þessum akbraut, land og mannvirki, sem að staðaldri eru nauðsynleg, til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

Til vegar teljast því, auk vegstæðis og vegar, vegbekkir, skurðir, sneiðingar, fyllingar, ræsi, öryggisgrindur, biðstæði og umferðarljós.

Til vega teljast enn fremur brýr, jarðgöng og ferjubryggjur, svo og vetrarvegir.

9. gr. hljóðar svo:

Heimilt er Vegagerð ríkisins að fela hlutaðeigandi sveitarstjórn að nokkru eða öllu leyti lagningu og viðhald þeirra gatna í borgum, kaupstöðum eða kauptúnum, sem teljast þjóðvegir, samkv. reglugerð, sbr. 30. gr., svo og sýslunefndum að annast sýsluvegi á sama hátt.

Nú er heimild 1. mgr. notuð, og skal þá Vegagerð ríkisins hafa eftirlit með, að lagning og viðhald vega þeirra eða gatna, sem um er að ræða, sé framkvæmt á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðar ríkisins, skal hún gefa sveitarstjórn fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests.

10. gr. hljóðar svo:

Vegamálastjóri semur tillögur að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.

11. gr. hljóðar svo:

Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir, svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda. Enn fremur áætlaður kostnaður við vegaviðhald og annar kostnaður Vegagerðar ríkisins á sama tímabili.

Í vegáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðuð áætlun um heildarkostnað hvers mannvirkis, kostnað þess á öllu áætlunartímabilinu og á hverju ári þess.

12. gr. hljóðar svo:

Í vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Hraðbraut A: Vegur, þar sem innan 20 ára má búast við yfir 10 þúsund bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina. Skal stefnt að fjórfaldri akbraut með varanlegu slitlagi.

Hraðbraut B: Vegur, þar sem innan 10 ára má búast við 1000—10000 bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina. Skal stefnt að tvöfaldri akbraut með varanlegu slitlagi.

Þjóðbraut: Vegur, sem nær til 1000 íbúa svæðis. Skal stefnt að malarvegi með tvöfaldri akbraut.

Landsbraut: Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til þriggja býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegarenda.

Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða kirkjustað, félagsheimili, opinberan skóla eða heilsuhæli, fullgerð raforkuver, kauptún með færri en 300 íbúa eða tengiveg milli aðalleiða. Sömuleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

14. gr. hljóðar svo:

Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun samkv. 10. gr., samtímis frv. til fjárlaga. Sama gildir um tillögur til þingsályktunar um endurskoðun vegáætlunar, sbr. 15. gr.

Vegáætlun öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

15. gr. hljóðar svo:

Í upphafi hvers reglulegs Alþingis skal ráðherra leggja fyrir þingið skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

Ráðherra skal hlutast til um, að endurskoðun áætlunarinnar fari fram á Alþingi á tveggja ára fresti.

16. gr. hljóðar svo:

Heimilt skal ráðherra að ákveða að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðizt skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, ef til hefur komið tjón á vegum, t. d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara.

17. gr. hljóðar svo:

Vegamálastjóri semur í samráði við sýslunefndir framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi, til fjögurra ára í senn, og skal sú áætlun endurskoðuð, er hún hefur gilt í tvö ár.

Sýsluvegaáætlun öðlast gildi, er sýslunefnd hefur samþykkt og samgöngumálaráðherra staðfest hana.

19. gr. hljóðar svo:

Í hverri sýslu skal vera sýsluvegasjóður. Sýslunefndir gera samþykktir fyrir sýsluvegasjóði, og öðlast þær gildi, er ráðherra hefur staðfest þær.

Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Ekki má taka í tölu sýsluvega vegi, sem eru styttri en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m.

22. gr. hljóðar svo:

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkv. 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

23. gr. hljóðar svo:

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

24. gr. hljóðar svo:

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar,

að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

25. gr. hljóðar svo:
Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

26. gr. hljóðar svo:
Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

28. gr. hljóðar svo:
Af tekjum vegamála skv. XIV. kafla laga þessara skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan því ári, er fjárlög eru samin.
Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkissjóðsframlagið miðast við. Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd sýsluvega í hverri sýslu, en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti veganna er lagður, ruddur eða ekki akfær.

29. gr. hljóðar svo:
Í kaupstöðum skulu götur og vegir lagðir þar sem ákveðið er í skipulagsuppdrætti. Í kauptúnum gildir sama, ef skipulagsuppdráttur hefur verið gerður, ella ákveður hreppsnefnd, hvar götur og vegir skuli liggja innan kauptúnsins.
Sveitarstjórn ákveður um gerð gatna og vega.

30. gr. hljóðar svo:
Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum vegamálastjóra, að svo miklu leyti sem vegáætlun mælir ekki fyrir um, hvaða vegir í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, skuli teljast þjóðvegir. Við samningu tillagna sinna skal vegamálastjóri leita álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar og Skipulagsnefndar ríkisins.
Við ákvörðun á því, hvaða vegir skuli teljast þjóðvegir samkvæmt þessum kafla, skal miðað við eftirfarandi:
1) Eðlilegt samhengi vegakerfisins sé ekki rofið.
2) Um sé að ræða helztu umferðarleið um viðkomandi byggðarlag, sé um margar leiðir að velja.
3) Greið leið fáist að þeim stöðum byggðarlagsins, sem mikilvægastir eru fyrir athafnalíf staðarins, ef vegurinn endar þar.

32. gr. hljóðar svo:
Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda. Skal árlegt framlag vera 12½ af hundraði af heildartekjum vegamála það ár, samkvæmt XIV. kafla laga þessara.
Nú hefur verið ákveðið í reglugerð, hvaða götur teljist þjóðvegir innan kaupstaða eða kauptúna, og skal þá hluta viðkomandi sveitarfélags samkv. 1. mgr. eingöngu varið til lagningar þeirra og viðhalds.

Greiða má af hluta sveitarfélags kostnað vegna kaupa á fasteignum í þágu þjóðvegar samkv. þessum kafla laganna.

Kostnaður við holræsi, færslur á leiðslum, gangstéttir, umferðarljós, götulýsingu og því um líkt greiðir hlutaðeigandi sveitarfélag.

Þegar lagningu vega samkv. 2. mgr. er lokið að dómi vegamálastjóra, skal sveitarstjórn verja sínum hluta fjárframlags samkv. 1. mgr., að frádregnum viðhaldskostnaði þjóðveganna, til annarrar varanlegrar gatnagerðar.

34. gr. hljóðar svo:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 10 af hundraði, og skal því fé ráðstafað eftir tillögu vegamálastjóra til að flýta framkvæmdum þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga, eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.

44. gr. hljóðar svo:

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem vegamálastjóri ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

Fjallvegir, sem tengja saman landshluta, nefnast aðalfjallvegir og skulu taldir sérstaklega í vegáætlun samkv. 10. gr.

46. gr. hljóðar svo:

Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkv. vegáætlun eða á annan hátt.

59. gr. hljóðar svo:

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa, að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sé krafizt og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og eignarnám vegna vegar teljast með kostnaði vegarins.

Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við vegagerð og græða upp sár, sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir.

60. gr. hljóðar svo:

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnað við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið, en því, sem hann hefur krafizt, ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annar hvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan mánaðar frá því matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur dómkvöddum mönnum.

66. gr. hljóðar svo:

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri, og skal þá telja þann kostnað með öðru viðhaldi vegarins. Heimilt er vegamálastjóra að binda slíkt vetrarviðhald því skilyrði, að allur slíkur kostnaður eða nokkur hluti hans verði

endurgreiddur með framlagi úr héraði, sé um þjóðveg að ræða. Sömu heimild hefur sýslunefnd, að því er sýsluvegi snertir.

80. gr. hljóðar svo:

Nú er lagður vegur gegnum land manns, og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum a. m. k. á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa í veginn, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og sé hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minnsta kosti 3 metra breiða. Landeigandi skal birta vegagerðinni kröfu sína í þessu efni, áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal aðgangur gerður þar eða svo nálægt, sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi vegagerðinni eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleiri stöðum í landi sínu en þeim eina, sbr. þó 81. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um hraðbrautir.

83. gr. hljóðar svo:

Enginn má skemma nein mannvirki, sem til vegarins teljast, svo sem brýr, ferjur, háskamerki eða önnur leiðbeiningarmerki, vörður eða sæluhús.

Skemmist eitthvert slíkt mannvirki við árekstur bifreiðar, er bifreiðarstjóra skylt að tilkynna það þegar vegamálastjóra eða umsjónarmanni vegarins eða lögreglustjóra. Skal sá, er valdið hefur árekstrinum, skyldur að bæta áorðnar skemmdir.

84. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem notar sæluhús, skal ganga þriflega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum, svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið á móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

88. gr. hljóðar svo:

Undanþegnar gjaldi samkvæmt 87. gr. eru eftirtaldar bifreiðar:

a. Skólabifreiðar.
b. Bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðimanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar.
c. Slökkvibifreiðar.
d. Sjúkrabifreiðar.
e. Snjóbifreiðar.
f. Vagnar, sem renna á spori.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkv. a- og b-liðum 87. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, er fjármálaráðherra setur, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku laga þessara, skal leggja fyrir Alþingi tillögu til bráðabirgða vegáætlunar, er gildi fyrir árið 1964.

Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi samkv. 17. gr. laga þessara skulu einnig gerðar til bráðabirgða fyrir árið 1964.

Fyrir reglulegt Alþingi haustið 1964 skal leggja tillögu til vegáætlunar samkv. III. kafla laga þessara og nái hún yfir árin 1965—1968.

Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1965—1969 skulu gerðar fyrir 1. júní 1965.

Enginn vegur skal falla úr þjóðvegatölu næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals.

Sþ. 163. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur samkvæmt venju unnið að undirbúningi tillagna um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur forstjóri Skipaútgerðar ríkisins unnið með nefndinni að öflun upplýsinga um rekstur og afkomu hinna einstöku flóabáta og samgöngufyrirtækja.

Vegna verulega aukins rekstrarkostnaðar flóabátanna eins og annarra samgöngutækja á yfirstandandi ári hefur nefndin ekki komizt hjá því að leggja til, að framlög til þeirra þarfa, sem hér um ræðir, hækki nokkuð frá því, sem fjárlög ársins 1963 gera ráð fyrir.

Um rekstur hinna einstöku flóabáta vill nefndin taka þetta fram:

Norðurlandssamgöngur.

Lagt er til, að styrkur til Norðurlandsbátsins „Drangs“ hækki úr 800 þús. kr. í 900 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að framlag til Strandabáts verði 160 þús. kr., og er þá miðað við, að báturinn haldi uppi ferðum um farsvæði sitt eigi styttri tíma en 6 mánuði ársins.

Framlag til Haganesvíkurbáts er einnig óbreytt, framlag til Hríseyjarbáts hækkar um 5 þús. kr. og stuðningur við flugferðir til Grímseyjar er aukinn um 5 þús. kr. Styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda er hækkaður um 15 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts verði óbreyttur, en heildarstyrkur til Mjóafjarðarbáts verði 150 þús. kr., þar af 50 þús. kr. vegna vélakaupa. Þá er lagt til, að 50 þús. kr. verði veittar til rekstrar snjóbifreiðar, er haldi uppi ferðum frá Seyðisfirði um Fjarðarheiði á Hérað.

Suðurlandssamgöngur.

Þá er lagt til, að framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu hækki um 30 þús. kr., upp í 300 þús. kr.

Framlag vegna vöruflutninga til Öræfa hækki um 10 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur vegna mjólkurflutninga til Vestmannaeyja verði 200 þús. kr., eins og er á þessu ári.

Skipaútgerð ríkisins annast, eins og kunnugt er, rekstur Vestmannaeyjaskipsins Herjólfs, sem flytur m. a. mjólk til kaupstaðarins.

Faxaflóasamgöngur.

Forráðamenn Skallagríms h.f., er rekur m.s. „Akraborg“, hafa óskað verulega aukins stuðnings vegna hallarekstrar skipsins. Var nefndin sammála um, að ekki

yrði hjá því komizt að koma til móts við þessar óskir. Leggur hún til, að styrkurinn verði hækkaður um 300 þús. kr. eða í 1250 þús. kr.

Framlag til Mýrabáts verði óbreytt.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Óhjákvæmilegt var talið að hækka framlag til Flateyjarbáts á Breiðafirði um 20 þús. kr. vegna erfiðrar afkomu útgerðar hans. Af framlaginu til hans er gert ráð fyrir, að 20 þús. kr. verði varið til þess að styrkja vetrarferðir, sem Bjarni Hákonarson í Haga annast af Barðaströnd yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar. En til þess að halda uppi slíkum ferðum hefur verið útbúin beltadráttarvél í stað snjóbíls, sem áður var í förum um Barðastrandarhrepp, en hefur nú verið seldur burt. Verður að telja eðlilegt, að sá styrkur, sem ætlaður var til rekstrar snjóbílnum, verði veittur til fyrrgreindra vetrarferða.

Lagt er til, að framlag til Stykkishólmsbáts hækki um 175 þús. kr., þar sem afkoma hans hefur á þessu ári verið mjög erfið.

Þá er lagt til, að styrkur til Langeyjarnesbáts hækki um 20 þús. kr.

Vestfjarðasamgöngur.

H.f. Djúpbáturinn hefur nú fengið nýtt og myndarlegt skip til ferða sinna um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Allþung skulda- og vaxtabyrði hvílir á fyrirtækinu fyrst í stað. Hefur það því sótt um mikla hækkun rekstrarstyrks.

Nefndin fellst einróma á að hækka framlagið til Djúpbátsins mjög verulega. Er lagt til, að það verði 1250 þús., og er það 450 þús. kr. hærra en á þessu ári. Nefndin telur, að reynsla verði að fást af rekstri hins nýja flóabáts, og ætti vitneskja að liggja fyrir um hana næst þegar tekin verður ákvörðun um framlög til þessara mála.

Framlög til Patreksfjarðarbáts, Dýrafjarðarbáts og Skötufjarðarbáts eru óbreytt.

Samkvæmt framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1964 kr. 6 000 000.00, og er það 1200 þús. kr. hærra en á yfirstandandi ári.

Leggur nefndin til, að fjárhæðin skiptist þannig:

1.	Norðurlandsbátur og Drangur	kr.	900 000
2.	Strandabátur	—	160 000
3.	Haganesvíkurbátur	—	25 000
4.	Hríseyjarbátur	—	35 000
5.	Grímsey, vegna flugferða	—	25 000
6.	Flateyjarbátur á Skjálfanda	—	65 000
7.	Loðmundarfjarðarbátur	—	50 000
8.	Mjóafjarðarbátur og framlag til snjóbifreiðar	—	150 000
	Sami vegna vélakaupa	—	50 000
9.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	—	300 000
10.	Til vöruflutninga til Öræfa	—	140 000
11.	Vestmannaeyjabátur vegna mjólkurflutninga	—	200 000
12.	H.f. Skallagrímur — „Akraborg“	—	1 250 000
13.	Mýrabátur	—	5 000
14.	Flateyjarbátur á Breiðafirði — „Konráð“	—	310 000
15.	Stykkishólmsbátur — „Baldur“	—	975 000
16.	Langeyjarnesbátur	—	60 000
17.	Djúpbátur — „Fagranes“	—	1 250 000
18.	Dýrafjarðarbátur	—	15 000

19.	Patreksfjarðarbátur	kr.	20 000
20.	Skötufjarðarbátur	—	15 000
		Samtals kr.	6 000 000

Alþingi, 18. des. 1963.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.
Jón Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar.
Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.
Ásgeir Bjarnason.
Bjartmar Guðmundsson.
Páll Þorsteinsson.
Jónas Pétursson.
Björn Pálsson, með fyrirvara.
Sigurvin Einarsson.

Ed. 164. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 18. des. 1963.

Jón Árnason, form., frsm.
Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.
Helgi Bergs.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Ólafur Jóhannesson.

Sþ. 165. Frumvarp til fjáraukalaga [98. mál]

fyrir árið 1962.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 18. des.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1962, eru veittar kr. 258 232 884.53 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstur og sími af kr. 27 760 612.59 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	kr.	27 195 612.04
2.	Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins en tekjur fóru kr. 51 177 036.47 fram úr fjárlagaáætlun.	—	40 678 158.94
3.	Ríkisútvarp en tekjur fóru kr. 3 544 363.48 fram úr fjárlagaáætlun.	—	1 839 055.43
4.	Viðtækjaverzlun af kr. 1 264 212.22 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	518 448.46
5.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg af kr. 1 198 073.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	776 802.38

6.	Landssmiðjan	kr.	1 124 037.12
	af kr. 1 426 451.66 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Tunnuverksmiðjur	—	3 152 238.12
	af kr. 3 152 238.12 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8.	Innkaupastofnun	—	1 420 191.37
	af kr. 2 020 807.86 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Bessastaðabú	—	336 991.61
	af kr. 118 761.52 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Hvanneyrarbú	—	773 190.37
	af kr. 561 779.64 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
11. a.	Hólabú	—	1 118 517.18
	af kr. 593 100.14 tekjum umfram fjárlagaáætlun		
11. b.	Hólabú (til gjalda ársins 1961)	—	832 775.71
	en tekjur búsins árið 1961 fóru kr. 350 098.83 fram úr fjárlagaáætlun.		
12.	Kópavogsbú	—	82 234.19
	af kr. 106 425.83 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
		Kr.	79 848 252.92

Til viðbótar í 8. gr.	eru veittar	kr.	183 878.42
— — - 10. — I.	— —	—	4 485 991.53
— — - 10. — II.	— —	—	1 277 684.00
— — - 11. — A.	— —	—	4 925 047.82
— — - 11. — B.	— —	—	4 559 027.18
— — - 11. — C.	— —	—	90 606.89
— — - 12. —	— —	—	4 926 658.81
— — - 13. — A.	— —	—	6 315 888.84
— — - 13. — B.	— —	—	7 272 874.88
— — - 13. — D.	— —	—	7 769 539.49
— — - 13. — E.	— —	—	613 589.53
— — - 13. — F.	— —	—	1 433 738.77
— — - 14. — A.	— —	—	833 059.25
— — - 14. — B.	— —	—	557 854.16
— — - 16. — B.	— —	—	677 344.36
— — - 16. — C.	— —	—	325 306.00
— — - 16. — D.	— —	—	1 007 065.40
— — - 16. — E.	— —	—	307 168.81
— — - 17. —	— —	—	3 224 491.16
— — - 18. —	— —	—	3 337 297.48
— — - 19. — 1	— —	—	78 101 026.54
— — - 19. — 2	— —	—	713 956.67
— — - 19. — 4	— —	—	3 512 910.71
		Kr.	216 300 259.62
Til eignaaukningar skv. 20. gr.	Út eru veittar	—	41 932 624.91
Inn fóru kr. 87 742 814.07 fram úr fjárlagaáætlun.			
		Samtals kr.	258 232 884.53

Ed. 166. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hafði áður kynnt sér frumvarpið allrækilega ásamt samgöngumálanefnd neðri deildar, tók það síðan fyrir til nýrrar athugunar á fundi að aflokinni 1. umr. í Ed. Leggur nefndin einróma til, að það verði samþykkt eins og neðri deild gekk frá því. Þó áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 18. des. 1963.

Jón Þorsteinsson, form. Jón Árnason, fundaskr. Bjartmar Guðmundsson, frsm.

Ásgeir Bjarnason. Páll Þorsteinsson.

Ed. 167. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá Helga Bergs.

1. Við 95. gr. Greinin falli burt.
2. Við ákvæði til bráðabirgða bætist:
   Alþingi kýs á árinu 1965 milliþinganefnd til að endurskoða þessi lög í samráði við vegamálastjóra.

Ed. 168. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Við 2. mgr. 32. gr. bætist: sbr. þó síðasta málslið þessarar greinar.
2. Við 32. gr. bætist:
   Vegagerð ríkisins skal kosta og annast viðhald og nauðsynlegar endurbætur á þeim þjóðvegum í kauptúnum og kaupstöðum, sem teljast helzta umferðarleið um viðkomandi byggðarlag, hafi hún gert það fram að gildistöku laga þessara.
3. Við 89. gr. bætist: og sé það eigi lægra en einn fjórði hluti þess fjár, sem fæst samkv. ákvæðum 85.—87. gr.

Ed. 169. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 7. apríl 1956, um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. mgr. 1. gr. Niður falli orðin í lok málsgreinarinnar: „og skal annar hvor þeirra vera embættisgengur lögfræðingur".

Alþingi, 19. des. 1963.

Auður Auðuns, form. Sveinn Guðmundsson, fundaskr. Jón Þorsteinsson, frsm.

Páll Þorsteinsson, með fyrirvara. Gils Guðmundsson.

Ed. 170. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

Við 60. gr.

a. Síðasti málsliður 1. málsgr. falli niður.
b. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Um greiðslu kostnaðar við eignarnámsmat samkvæmt þessum lögum fer eftir lögum nr. 61 frá 1917.

Sþ. 171. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um fækkun og stækkun sveitarfélaga.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera tillögur um nýja skiptingu landsins í sveitarfélög. Skulu þær miðast við að stækka sveitarfélög í dreifbýli með því að sameina hina fámennari hreppa eftir því, sem staðhættir leyfa.

Greinargerð.

Margt bendir til þess, að hreppparnir í dreifbýli landsins séu ekki lengur heppilegar einingar til sveitarstjórnar. Til þess eru þeir almennt of litlir og of fámennir. Flest þau verkefni, sem annast þarf í dreifbýli landsins, krefjast víðtækara samstarfs heldur en rúmazt getur innan hinna gömlu hreppamarka. Sveitarfélög í landinu eru nú auk kaupstaðanna talin vera 215. Læknishéruð eru hins vegar innan við sextíu. Skólahéruð eru mun færri en hrepparnir, og er þó unnið að sameiningu þeirra víða um land. Hún er talin nauðsynleg vegna þess, að víðast hvar er hagkvæmt, að fleiri en eitt sveitarfélag standi að byggingu heimavistarbarnaskóla, sem oft er þá hægt að staðsetja á jarðhitasvæði. Þetta verkefni kallar á stærri heildir en

eitt hreppsfélag. Með hinni stórfelldu eflingu almannatrygginganna á seinustu árum gegnir samfélagið í heild nú orðið verulegum hluta af framfærsluskyldunni, sem var frumverkefni hreppsfélaganna. Í nýjum vegalögum eru hreppavegir lagðir niður. Nefna mætti fleiri dæmi, svo sem samræmdar útsvarsreglur um land allt, sem öll hníga í sömu átt. Þannig þyrftu sjúkrasamlögin að verða stærri til þess að vera betur fær um að gegna hlutverki sínu, ef til koma fjárhagsleg skakkaföll. Margháttuð menningarmál, svo sem bygging félagsheimilis, mundu verða auðveldari úrlausnar, ef sveitarfélögin stækkuðu. Sjálf framkvæmdarstjórnin yrði þá öflugri, þar sem aukinn íbúafjöldi og fleiri verkefni gerðu kleift að ráða sérstakan sveitarstjóra til að annast hana. Með samgöngum og símatækni nútímans ættu landfræðilegar tálmanir síður en áður að vera til fyrirstöðu stærri sveitarfélögum.

Þróun undangenginna áratuga hefur verið sú, að sveitarfélögin hafa orðið fámennari, bæði með skiptingu þeirra og eins með tilflutningi fólks í landinu. Ýmis þeirra eru orðin svo fámenn, að tæpast er unnt að tala um sjálfstæða sveitarstjórn, og dæmi eru þess, að hreppsfélög hafi orðið algerlega mannlaus, þótt eðlilegra væri í slíkum tilvikum, að fámennur hreppur hafi sameinazt öðrum nærliggjandi hreppi, áður en til slíks kemur. Í nágrannalöndum okkar, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, hefur þróunin orðið allt önnur. Þar er skipulega unnið að sameiningu sveitarfélaga í hæfilega stór umdæmi.

Með þessari tillögu er gert ráð fyrir, að þróuninni hér á landi sé snúið við, félagsmálaráðuneytið láti fram fara athugun á því, hvort ekki sé tímabært að leggja grundvöll að breyttum mörkum sveitarfélaga umfram það, sem heimilt er í lögum varðandi allra fámennustu hreppana. Um þetta verkefni yrði að sjálfsögðu haft náið samráð við Samband íslenzkra sveitarfélaga svo og sýslunefndir og sveitarstjórnir.

Sveitarstjórnin er svo mikilvægur hlekkur í lýðræðisþjóðfélaginu, hún á svo mikilsverðu hlutverki að gegna í samfélagsbyggingunni í landi okkar, að nauðsyn ber til að efla hana sem allra mest. Lífræn héraðsstjórn þekkir vel þarfir þegnanna og er hinn æskilegi tengiliður milli þeirra og landsstjórnarinnar, sem ekki má bresta og verður því að vera í fullu samræmi við kröfur hvers tíma til að geta gegnt hlutverki sínu sem bezt.

Ed. 172. Lög [58. mál]

um breyting á lögum nr. 41 frá 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 59.
Ólafía Finnbogadóttir	6000.00		
Olga E. Jónsson	11320.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	8905.00		
Ólöf Sigvaldadóttir	10000.00		
Ragnhildur I. Bjarnadóttir	8012.00		
Rannveig Tómasdóttir	7617.00		
Rósa Jónsdóttir	6000.00		
Sigríður Árnadóttir	36000.00		
Sigríður Arnljótsdóttir	12017.00		
Sigríður Bjarnason	25377.00		
Sigríður Einarsson	39056.00		
Sigríður Eiríksdóttir	8000.00		
Sigríður Finnbogadóttir	10155.00		
Sigríður Gísladóttir	6000.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	6000.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	19137.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	6367.00		
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar	12000.00		
Sigrún Thorarensen	8000.00		
Sigurlaug Sigurðardóttir	12000.00		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	11320.00		
Sólveig Árnadóttir	12000.00		
Sólveig Eggerz	33456.00		
Sólveig Pétursdóttir	11320.00		
Stefanía Stefánsdóttir	12452.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	6748.00		
Súsanna Friðriksdóttir	11320.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Sveinbjörg Kristinsdóttir	10000.00		
Sveindís Hansdóttir	6000.00		
Torfhildur Magnúsdóttir	6000.00		
Unnur Skúladóttir	12694.00		
Valborg Einarsson	12694.00		
Valgerður Helgadóttir	10014.00		
Valgerður Ólafsdóttir	9057.00		
Vigdís G. Blöndal	6367.00		
Viktoría Bjarnadóttir	6000.00		
Þóra Magnúsdóttir	8000.00		
Þóra Sigfúsdóttir	6000.00		
Þóra Sigurðardóttir	6000.00		
Þóra Skaftason	6000.00		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	12694.00		
Þórey Jóhannsdóttir	6000.00		
Þórunn Pálsdóttir	12694.00		
		1 611 059	
c. Barnastyrkur: Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1⅝ 1924, sjúklingur		6 000	
d. Uppbót á lífeyri skv. 18. gr. I. og II.		1 185 000	
			5 224 616
III. Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs barnakennara			32 000 000
IV. Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 65/1955			375 000
V. Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940			24 000
VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri			21 000 000
VII. Uppbætur á lífeyri samkvæmt 18. gr. frá 1. júlí 1963 til ársloka 1964, svo og uppbætur á lífeyri úr lífeyrissjóðum frá 1. júlí til 31. desember 1963			3 870 000
Samtals ...		. . .	63 065 763

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir		393 000 000
2. Útgjöld samkv. 22. og 24. gr.		5 000 000
3. Fyrningar		8 000 000
4. Til óvissra útgjalda		14 000 000
Samtals ...	. . .	420 000 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
II. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		6 000 000
Samtals ...	. . .	6 100 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs		15 220 667
II. Framlag til ríkisábyrgðasjóðs		46 000 000
III. Til byggingar stjórnarráðshúss		2 000 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		2 550 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins		600 000
VI. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	9 503 000	
2. Til byggingar fávitahælis	427 500	
3. Til byggingar hjúkrunarskóla	250 000	
4. Til endurbóta á heilsuhælinu í Kristnesi	600 000	
		10 780 500
VII. Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		3 000 000
VIII. Til flugvallagerðar og flugöryggistækja		15 220 000
IX. Til sjúkraflugvalla		492 100
X. Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum		965 000
XI. 1. Til byggingar heimavistarhúss við menntaskólann á Akureyri	300 000	
2. Til byggingar menntaskólans í Reykjavík	4 000 000	
3. Til byggingar sjómannaskólans	800 000	
4. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	67 500	
5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	427 500	
6. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	4 000 000	
7. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum ..	600 000	
8. Til kaupa á kennarabústað fyrir Garðyrkjuskólann á Reykjum	513 000	
9. Til framkvæmda á Hvanneyri samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra	1 500 000	
10. Til kaupa á kennarabústað á Hvanneyri	150 000	
11. Til Íþróttakennaraskóla Íslands	700 000	
		13 058 000
XII. Til bygginga á prestssetrum		2 865 000
XIII. Til greiðslu heimtaugagjalda á prestssetrum		194 000
XIV. Til útihúsa á prestssetrum		734 000
XV. Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara ...		1 700 000
XVI. Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		3 000 000
XVII. Til byggingar lögreglustöðvar á Akureyri		500 000
XVIII. Til byggingar jarðskjálftastöðvar á Akureyri ...		130 000
XIX. Til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla		2 000 000

20. gr.

		kr.	kr.
XX.	Til að lána til rafstöðva á þeim svæðum, er ríkisrafveitur ná ekki til, að fengnum tillögum raforkuráðs		705 000
XXI.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		500 000
XXII.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Korpúlfsstöðum		95 000
XXIII.	Framlag til atvinnubótasjóðs		10 000 000
XXIV.	Til Byggingarsjóðs Listasafns ríkisins		500 000
XXV.	Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna		1 300 000
XXVI.	Til aukningar landhelgisgæzlu		8 400 000
XXVII.	Til endurbóta á starfsmannahúsi að Bessastöðum		300 000
XXVIII.	Til endurbyggingar á Borg á Mýrum		300 000
XXIX.	Til byggingar prestsseturs í Odda		300 000
XXX.	Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti		200 000
XXXI.	Til byggingar íbúðarhúss fyrir ábúanda Eiða		85 000
XXXII.	Til fyrningarsjóðs ríkisbifreiða		4 000 000
XXXIII.	Til byggingar vitaskips		2 222 000
XXXIV.	Til að byggja bókhlöðu að forsetasetrinu að Bessastöðum		500 000
XXXV.	Til kaupa á Mógilsá í Kjalarneshreppi		1 700 000
XXXVI.	Til kaupa á eignum Ræktunarfélags Norðurlands		1 500 000
XXXVII.	Til byggingar laxeldisstöðvar í Kollafirði		2 500 000
XXXVIII.	Til byggingar handritahúss		3 000 000
XXXIX.	Framlag til skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna húsbyggingar		1 000 000
	Samtals ...	. . .	160 116 267

21. gr.

I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		2 242 000 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		426 000 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		75 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		2 000 000
5. gr.	Óvissar tekjur		20 000 000
	Samtals ...	...	2 690 075 000

II. Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	2 690 075 000
	Aðrar innborganir:	
20. gr. I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	6 000 000
	Samtals ...	2 696 175 000

Yfirlit.

yfirlit. 21. gr.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		5 643 148
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		2 000 713
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		17 675 000
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		68 275 313
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	142 427 955	
—	B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	46 841 556	
—	C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	2 200 000	191 469 511
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		102 319 235
13. gr.	A.	Vegamál	139 436 810	
—	B.	Samgöngur á sjó	24 500 000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	54 191 884	
—	D.	Flugmál	18 913 058	
—	E.	Veðurþjónusta	7 639 935	
—	F.	Ýmis mál	8 954 089	253 635 776
14. gr.	A.	Kennslumál	406 324 175	
—	B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	26 103 290	432 427 465
15. gr.		Kirkjumál		31 892 080
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	123 386 232	
—	B.	Sjávarútvegsmál	45 776 806	
—	C.	Iðnaðarmál	8 181 250	
—	D.	Raforkumál	50 095 000	
—	E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	21 718 528	249 157 816
17. gr.		Til félagsmála		679 011 623
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		63 065 763
19. gr.		Til óvissra útgjalda o. fl.		**420 000 000**
		Rekstrarafgangur		173 501 557
		Samtals	. . .	2 690 075 000

yfirlit.

		Út:	kr.
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	2 516 573 443
		Aðrar útborganir:	
20. gr.		Afborganir lána og til eignaaukningar	160 116 267
		Greiðslujöfnuður	19 485 290
		Samtals	2 696 175 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1964 hjá allt að 25 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveitufram-kvæmda Hveragerðishrepps.

V. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VI. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar.

VII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunar-skipa í Norðurhöfum.

VIII. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi. (Endurveiting).

IX. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Landgræðslu-sjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

X. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XI. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrautey-ðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XII. Að verja rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða rekstrarhalla Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar.

XIII. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.

XIV. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar.

XV. Að taka allt að 28 millj. kr. lán til byggingar menntaskóla, kennaraskóla og hjúkrunarskóla.

XVI. Að taka allt að 6 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

XVII. Að taka allt að 3 millj. kr. lán til bygginga fyrir Rannsóknarstofu háskólans.

XVIII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 25 aura af hverjum seldum vindlingapakka.

XIX. Að taka allt að 2 millj. kr. lán til framkvæmda við korn- og grasfræræktun í Gunnarsholti.

XX. Að taka lán allt að 12 millj. kr. vegna Ennisvegar á Snæfellsnesi, allt að 6 millj. kr. lán vegna Siglufjarðarvegar ytri og allt að 1 millj. kr. lán vegna Múlavegar, eða jafnvirði framangreindra upphæða í erlendri mynt.

XXI. Að taka allt að 7 millj. kr. lán til að ljúka byggingu umferðarmiðstöðvar í Reykjavík fyrir sérleyfisbifreiðir.

XXII. Að ábyrgjast lán fyrir Þingvallahrepp, að fjárhæð allt að kr. 200 000, til kaupa á eyðijörðinni Selkoti í Þingvallahreppi, gegn þeim tryggingum, sem metnar verða gildar.

XXIII. Að taka lán, að fjárhæð allt að 515 þús. Bandaríkjadollara, til kaupa á tækjum fyrir Landssímann, Rafmagnsveitur ríkisins, Vegagerð ríkisins o. fl.

XXIV. Að taka lán allt að 3 millj. kr. til framkvæmda við Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði.

XXV. Að taka allt að 2.5 millj. kr. lán til byggingar tveggja kennarabústaða við Menntaskólann að Laugarvatni.

XXVI. Að greiða úr ríkissjóði það, sem á kann að skorta, til að 10% skemmtanaskattsálag og ⅔ hlutar af hagnaði Viðtækjaverzlunar ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 52/1962, hrökkvi til að greiða hluta ríkissjóðs af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands 1964.

XXVII. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán fyrir Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands vegna byggingar Bændahallarinnar, með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXVIII. Að ábyrgjast allt að 70% af byggingarkostnaði nýs flóabáts fyrir farsvæði Breiðafjarðarbáts (Stykkishólmsbáts), gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXIX. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán vegna byggingar Domus Medica, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXX. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til Hveragerðishrepps vegna hitaveituframkvæmda, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXXI. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til byggingarframkvæmda og umbóta á heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXXII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af jarðskjálftamælingatækjum fyrir Veðurstofu Íslands.

XXXIII. Að greiða 15% uppbót á greiðslur samkv. 18. gr. fjárlaga frá 1. júlí 1963.

XXXIV. Að greiða þeim aðilum, sem njóta eftirlauna samkv. gömlum reglum, sbr. 18. gr. I. fjárlaga, og ekki eru jafnframt félagar í lögboðnum lífeyrissjóði, uppbót á eftirlaun sín, sem sé hliðstæð þeirri hækkun, er sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fá við gildistöku laga nr. 29/1963.

XXXV. Að leyfa vélasjóði að taka allt að 3 millj. kr. lán til vélakaupa og ábyrgjast lánið.

XXXVI. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða allt að 45 aurum til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlingapakka, og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu.

XXXVII. Að lána til Reykjanesbrautar jafnvirði 300 þús. dollara af mótvirðisfé.

XXXVIII. Að ábyrgjast allt að 20 millj. kr. af erlendu láni Landsbanka Íslands, vegna véla- og tækjakaupa í 6 fiskiskip, sem samið er um smíði á í Austur-Þýzkalandi. Ábyrgðin fellur niður, jafnóðum og skipin eru afhent kaupendum. Í framhaldi af þessari ábyrgð heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast erlenda lántöku handa fiskveiðasjóði vegna þessara skipa, allt að 13 millj. kr., sem endurgreiðist með venjulegum skilyrðum fiskveiðasjóðs á 7 árum.

XXXIX. Að ábyrgjast lán allt að 1 millj. kr. fyrir síldarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri til greiðslu kostnaðar við síldarflutninga, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XL. Að ábyrgjast lán að upphæð allt að 1 500 000 kr. fyrir Búðaós h.f. vegna fiskræktar, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
XLI. Að ábyrgjast lán, allt að 50 millj. kr., til bygginga og endurbóta á síldarverksmiðjum og síldarumhleðslustöðvum.
XLII. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán vegna orlofsheimilis Alþýðusambands Íslands, með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
XLIII. Að lána eigendum vélbátsins Flosa IS 42 allt að 300 þús. kr. til viðgerðar á bátnum vegna skemmda af völdum trémaðks.
XLIV. Að verja 90 þús. kr. til þess að reisa skýli í Vatnsfirði á Barðaströnd yfir teinæringinn Egil í Hvallátrum.
XLV. Að greiða úr ríkissjóði kostnað Þjóðleikhússins árið 1963 og 1964 vegna launahækkana samkvæmt úrskurði kjaradóms, að svo miklu leyti sem aðrir tekjuliðir leikhússins hrökkva ekki til.
XLVI. Að greiða til sjúkrahússins á Sauðárkróki allt að 150 þús. kr. vegna skemmda, sem urðu á sjúkrahúsinu í jarðskjálfta 1963.
XLVII. Að verja fé því, er varnarliðið hefur greitt fyrir afnot Keflavíkurvegar frá 1. júlí 1962 til 30. júní 1964, alls kr. 659 282.50, til lagningar steinsteypts vegar til Keflavíkur (Reykjanesbrautar).

23. gr.

Heimilt er að greiða á árinu 1964 uppbætur eins og þær, sem síðan 1. júní 1962 hafa verið greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóði barnakennara, lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, svo og á persónulegar greiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga á árinu 1964.

Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu uppbóta á lífeyrinn gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1964 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 193. Frumvarp til laga [107. mál]

um hækkun bóta almannatrygginga.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

Frá 1. janúar 1964 skulu allar bótafjárhæðir samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 72 9. des. 1963, um hækkun á bótum almannatrygginganna, hækka um 15%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. er svo ákveðið, að allar bætur almannatrygginga, eftir því sem við getur átt, hækki um 15% frá ársbyrjun 1964.

Fyrr var samþykkt á þessu þingi stjórnarfrumvarp þess efnis, að tryggingabætur, aðrar en fjölskyldubætur, hækki frá 1. júlí 1963 um 15%. Fyrir þeirri hækkun voru færð þau rök, að almenn verkalaun hefðu þá tvívegis hækkað á árinu 1963, fyrst í janúar um 5% og aftur í júní um 7.5%. Var af stjórnarvöldum talið óhjákvæmilegt að hækka bætur almannatrygginga til samræmis við þessar launahækkanir.

Síðan þetta stjórnarfrumvarp varð að lögum, hefur enn orðið hækkun almennra verkalauna, sú þriðja á árinu 1963. Það varð í desember s. l., er kaup verkamanna og fleiri láglaunastétta hækkaði um 15%. Nú ber því enn nauðsyn til að hækka bætur almannatrygginga, ef ósamræmi á ekki að skapast milli þeirra og almennra láglauna.

Í athugasemdum við áðurnefnt stjórnarfrumvarp hljóðar ein málsgrein á þessa leið:

„Ef um frekari launahækkanir verður að ræða, verður að sjálfsögðu að endurskoða hækkun bótanna, þegar þær launahækkanir liggja fyrir."

Kauphækkunin hefur þegar orðið, og virðist þá eigi um annað að ræða en að standa við gefið fyrirheit. Þess er því vænzt, að þetta frv. fái greiða og jákvæða afgreiðslu Alþingis.

Það er gert ráð fyrir því í frv., að fjölskyldubætur hækki að þessu sinni til jafns við aðrar tryggingabætur. Þær hafa orðið út undan síðustu árin, þegar aðrar bætur hafa hækkað, en slíkt getur ekki gengið endalaust, nema ætlunin sé að gera fjölskyldubætur verðlausar með öllu. Það væri ósanngjarnt og kæmi enda hart niður á þeim fjölskyldum, sem barnmargar eru.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins á Alþingi hafa hvað eftir annað bent á nauðsyn þess að verðtrygggja ellilaun og aðrar bætur. Aldrei hefur sú þörf komið betur í ljós en einmitt nú í vetur. Í desember er samþykkt bótahækkun, sem að réttu lagi átti að verða í janúar og í júní, ef svo er álitið, að bætur skuli breytast í samræmi við vinnulaun. Í sama mánuði og hækkunarsamþykktin er gerð, aðeins örlitlu síðar, hækka vinnulaun á ný, svo að nú verður löggjafinn enn að fara á stúfana og það sem fyrst, ella gerir hann lífeyrisþegum rangt til. Andstaðan gegn verðtryggingu bótafjár þjónar engum skynsamlegum tilgangi, nema nefnd sé því nafni tilhneigingin til að níðast á þeim fjárhagslega, sem veikastir eru í þjóðfélaginu, en það eru börnin, gamalmennin og öryrkjarnir.

Ed. 194. Frumvarp til laga [108. mál]

um afnám laga nr. 27/1954, um verðlagsskár.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Lög nr. 27/1954, um verðlagsskrár, eru hér með felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, voru yfirskattanefndir lagðar niður, en samkvæmt 3. gr. laga nr. 27/1954, um verðlagsskrár, skyldu þær setja verðlag á búpening þann og innlenda vöru, sem venja er að taka á verðlagsskrá. Samkvæmt 55. gr. laga nr. 70/1962 skulu skattstjórar leysa af hendi þau störf, sem yfirskattanefndum voru falin samkvæmt lögum og reglugerðum, en þar sem

talið er, að ákvæði laga um verðlagsskrár hafi ekki lengur hagnýtt gildi, er ástæðulaust að halda útreikningi þeirra áfram, er því lagt til, að honum verði hætt og lögin afnumin.

Leitað hefur verið umsagnar Búnaðarfélags Íslands um það, hvort ekki megi fella lögin úr gildi. Umsögn stjórnar félagsins, dags. 8. marz 1963, er á þessa leið: „Stjórn Búnaðarfélags Íslands sér ekki eins og nú er komið, að það hafi neina praktíska þýðingu að halda í lög þessi."

Nd. 195. Frumvarp til laga [109. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—1964.)

1. gr.

Frá 1. janúar 1964 skulu bætur, samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, að undanskildum fjölskyldubótum, samkvæmt 15. gr. laganna, greiddar með 32.25% álagi í stað þeirrar 15% hækkunar, sem ákveðin var með lögum nr. 72 1963, um hækkun á bótum almannatrygginganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða þá 15% bótahækkun, sem felst í lögum þessum í einu lagi fyrir tímabilið 1. jan. 1964—30. júní 1964 með bótagreiðslum fyrir júlímánuð 1964.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skulu framlög og iðgjöld til almannatrygginganna fyrir árið 1964 ákveðin að nýju, og ber framlags- og iðgjaldagreiðendum að greiða framlög og iðgjöld á árinu 1964, samkvæmt þeirri ákvörðun.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög um hækkun á bótum almannatrygginganna voru sett hinn 6. desember 1963, stóðu yfir almennar vinnudeilur, sem ekki var þá vitað hversu lykta mundi.

Í athugasemdum við frumvarp til þeirra laga, segir m. a. orðrétt:

„Ef um frekari launahækkanir verður að ræða, verður að sjálfsögðu að endurskoða hækkun bótanna, þegar þær launahækkanir liggja fyrir."

Við lausn vinnudeilnanna verður að telja, að almenn launahækkun hafi orðið 15%.

Í samræmi við þá venju, sem skapazt hefur, að bætur almannatrygginga hækki til samræmis við almennar launahækkanir, er því óhjákvæmilegt að hækka nú enn bæturnar um 15% frá 1. janúar 1964. Þetta jafngildir því, að bætur almannatryggina samkvæmt hinum nýju lögum nr. 40/1963, sem öðluðust gildi hinn 1. janúar 1964, hækki frá þeim tíma um 32.25%.

Hér eru þó undanskildar fjölskyldubætur, samkvæmt 15. gr. laganna, sem ekki er gert ráð fyrir að hækki með lögum þessum. Varðandi það atriði vísast til þess, sem segir í athugasemdum við frumvarp til laga um hækkun bóta, sem var lögfest 6. desember 1963.

Undanfarin ár hefur í árslok þurft að hækka bætur almannatrygginga vegna almennra launahækkana og verðhækkana árið 1961 um 13.8% frá 1. júlí þ. á., árið 1962 um 7% frá 1. júní og að síðustu í desember 1963 um 15% frá 1. júlí 1963. Þessi síðasta hækkun nam kr. 27.8 millj. á árinu 1963.

Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt bótahækkanir þessar svo sem ákveðið hefur verið hverju sinni og miðað framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða svo og iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda á næsta ári við að jöfnuður fengist á útgjöldum og tekjum þá.

Sú bótahækkun, sem hér um ræðir er hins vegar ráðgerð í ársbyrjun og mun nema samtals kr. 74.4 millj. á árinu. Tryggingastofnun ríkisins getur ekki greitt þessa bótahækkun, sem hér er um að ræða, án þess að afla tekna til þess þegar á þessu ári.

Um kostnað vegna þeirra hækkana á bótum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, vísast til fylgiskjals, sem fylgir frumvarpi þessu.

Af fylgiskjali þessu kemur í ljós, að framlag ríkissjóðs á árinu 1964 verður að hækka um 26.8 millj. króna, ef frumvarp þetta verður samþykkt.

Með skírskotun til framanritaðs mun Tryggingastofnunin ekki geta innt af höndum hækkun þá, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, fyrr en ríkissjóður greiðir sinn hluta af hækkuninni, og stofnunin getur innheimt hjá öðrum þátttökuaðilum þann hluta hækkunarinnar, sem þeim ber að greiða, sbr. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Áætluð útgjaldaaukning lífeyristrygginga á árinu 1964, miðað við 15% hækkun bóta, annarra en fjölskyldubóta.

A. Lífeyristryggingar.

1.	Ellilífeyrir	47.3 millj. kr.
2.	Örorkulífeyrir og örorkustyrkur	12.0 — —
3.	Aðrar bætur	13.6[1]) — —
4.	Tillag til varasjóðs	1.5 — —
	Samtals kr.	74.4 millj. kr.

Útgjaldaaukningin skiptist þannig á aðila:

Ríkissjóður	26.8 millj. kr.	
Hinir tryggðu	23.8 —	—
Sveitarsjóðir	13.4 —	—
Atvinnurekendur	10.4 —	—
Samtals	74.4 millj. kr.	

Nd. 196. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. desember 1953.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—1964.)

1. gr.

3. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ef sjúkrahús er í fleiri en einni deild, skal sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverri deild.

1) Hér er auk 15% hækkunarinnar tekið tillit til daggjaldahækkunar á sjúkrahúsum 1. jan. 1964, en hún hefur áhrif á sjúkrasamlagsiðgjöld lífeyrisþega, sem greidd eru af lífeyristryggingum.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum þrjá fimmtu hluta kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús og sömu aðilum tvo þriðju hluta kostnaðar við að reisa héraðslæknabústaði samkvæmt lögum þessum.

Þegar framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsa er ákveðið, skal það miðað við eðlilegan kostnað af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja öll meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, sem notast eiga til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélar í þvottahúsi, svo og aðalröntgentæki, þegar um er að ræða sjúkrahús, sem rúmar fleiri en 20 sjúklinga, enda sé búnaður allur við hæfi sjúkrahússins.

3. gr.

Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, sem verður 11. gr. og hljóði svo:

Ríkisframlag til bygginga almennra sjúkrahúsa, sem rekin eru af sveitarfélögum, og héraðslæknisbústaða eru bundin þeim skilyrðum, að allur undirbúningur slíkra bygginga fari fram í samráði við ráðherra þann, er fer með heilbrigðismál, svo og landlækni, og að kostnaðaráætlun og fullnaðaruppdrættir að mannvirkjunum hafi hlotið samþykki þeirra og húsameistara ríkisins.

Alþingi ákveður hverju sinni, til hvaða sjúkrahúsa eða læknisbústaða stofnkostnaðarframlög eru veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi. Nú hefur Alþingi samþykkt slíka fjárveitingu og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu á framlögum sínum til hverrar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 5 ára, frá því að fyrsta framlag var innt af hendi, ef sjúkrahús vistar ekki yfir 20 sjúklinga, sbr. 5. gr., og innan 8 ára, ef sjúkrahús vistar fleiri sjúklinga. Ríkisframlag til héraðslæknisbústaða skal með sama hætti inna af hendi innan 5 ára, frá því að fyrsta framlag var greitt. Ákvæði þau, sem hér að framan greinir, taka þó aðeins til framkvæmda, sem ákveðnar eru eftir að lög þessi taka gildi.

Ef hafnar eru framkvæmdir, án þess að framangreindum skilyrðum sé fullnægt, er stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

4. gr.

Í stað 11. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 12. gr. og orðast svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega sérstakur styrkur vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga, og skal styrknum ávísað eftir á, þegar sjúkrahús hefur skilað tilskildum ársskýrslum um reksturinn ásamt rekstrarreikningi, sem gerður skal úr garði samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisstjórnar.

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst 3 deildum, lyflæknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild. Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar læknisþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu. Ráðherra er heimilt að skipta sjúkrahúsum í I., II. og III. flokki í undirflokka, að fengnum tillögum landlæknis. Styrkhæð miðast við flokkun sjúkrahúsa og legudagafjölda og ákvarðast nánar í reglugerð innan marka fjárveitinga í fjárlögum.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almenn daggjöld af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

5. gr.

12. gr. laganna verður 13. gr. og 13. gr. verður 14. gr.

6. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og greiðist rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt þeim í fyrsta skipti fyrir árið 1963, en samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1964, og þannig áfram.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 36 4. apríl 1956, lög nr. 56 5. júní 1957 og lög nr. 31 25. maí 1960, öll um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella 1. til 4. gr. þeirra inn í meginmál sjúkrahúsalaga, nr. 93 31. desember 1953, og breyta númerum á 12. og 13. gr. og gefa þau út að nýju.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á s. l. sumri var landlækni, dr. Sigurði Sigurðssyni, Björgvin Sæmundssyni, bæjarstjóra á Akranesi, Elíasi Elíassyni, deildarstjóra og Þór Vilhjálmssyni, borgardómara, falin endurskoðun sjúkrahúsalaga nr. 93/1953, og sérstaklega ákvæða laganna um rekstur sjúkrahúsa sveitarfélaga. Nefndin hefur gengið frá lagafrumvarpi þessu, en Björgvin Sæmundsson skilaði séráliti um ákveðið atriði, en Þór Vilhjálmsson tók ekki þátt í lokaafgreiðslu nefndarinnar vegna fjarveru úr landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Ekki þykir fært að leyfa rekstur deildaskiptra sjúkrahúsa, án þess að sérfróður læknir standi fyrir hverri deild. Þess vegna hefur orðinu „má“ verið breytt í skal.

Um 2. gr.

Frá því að sjúkrahúsalög voru upphaflega sett hér á landi árið 1933, hafa breytingar á þeim aðallega varðað tvö atriði, framlag ríkis til byggingar sjúkrahúsa og þátttöku í rekstrarkostnaði þeirra. Aðalbreytingin á 10. gr. nú er fólgin í því, að ríkisstyrkur til byggingar allra þeirra sjúkrahúsa, sem styrks njóta, verði hinn sami. Er bæði ósanngjarnt og óheppilegt, að sjúkrahús í kaupstöðum hljóti lægri byggingarstyrk en sjúkrahús annars staðar á landinu, enda hafa mismunandi styrkupphæðir bæði reynzt handahófslegar og óraunhæfar. Það er staðreynd, að nútíma sérþekking í læknisfræði nýtist einungis á stórum, vel útbúnum, deildaskiptum sjúkrahúsum. Þess vegna ber að keppa að því, eftir því sem unnt er, að reisa fá, en fullkomin sjúkrahús í stað margra og ófullkominna. Fullkomin sjúkrahús er hins vegar ekki unnt að reka nema þar, sem fólksfjöldi er nægur, þ. e. í stærstu kaupstöðunum og þá umfram allt í Reykjavík, en einnig á Akureyri, enda verður sífellt auðveldara fyrir landsbyggðina að hafa not slíkra sjúkrahúsa vegna framfara í samgöngum.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt þykir að reisa skorður við því, að byrjað sé á sjúkrahúsabyggingum, sem ríkissjóður styrkir, án þess að fé hafi áður verið veitt til þeirra á fjárlögum, og er greininni ætlað að sporna við því. Enn fremur er nauðsynlegt, að reynt verði að hraða greiðslu á framlögum, eins og unnt er, eftir að ákvarðanir hafa verið teknar um framkvæmdir, svo að bygging taki ekki óhæfilega langan tíma. Í greinina er því sett ákvæði um takmörk fyrir því, hve lengi greiðsla megi dragast, eftir að fyrsta framlag hefur verið innt af hendi.

Um 4. gr.

Ekki hefur verið gert ráð fyrir því hér fremur en annars staðar á Norðurlöndum, að sjúkratryggingar standi einar straum af rekstrarkostnaði sjúkrahúsa

með daggjaldagreiðslum, og ekki hefur heldur þótt sanngjarnt, að sveitarfélög standi ein undir hallanum. Hefur því verið farin sú leið, að veita sjúkrahúsum beinan ríkisstyrk, tiltekna upphæð á legudag, og hefur sú upphæð verið ákveðin í sjúkrahúsalögum. Þetta fyrirkomulag er óheppilegt, þar sem af því leiðir, að lögunum verður að breyta hvert sinn, sem styrkhæðinni er breytt. Þess vegna er lagt til í greininni, að hæð styrksins sé ákveðin í reglugerð, en miðað við flokkun sjúkrahúsanna og legudagafjölda. Flokkunin er miðuð við, að styrkhæð verði því meiri sem sjúkrahús veitir meiri þjónustu, og er það gert með sömu rökum og greinir í umsögn um 2. grein.

Þá er það nýmæli í greininni, að styrk skuli ekki ávisað fyrr en sjúkrahús hefur skilað ársreikningi og tilskildum ársskýrslum um starfsemina.

Ákvæðið ætti að stuðla að því, að hið opinbera geti fylgzt betur með rekstri og afkomu sjúkrahúsa og að meiri regla verði á skýrslugerð þeirra en verið hefur.

Nd. 197. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Í stað orðanna „Innan sex mánaða“ í upphafi 1. mgr. 66. gr. lyfsölulaga komi: Innan tólf mánaða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum landlæknis. Upphaflega var frestur þessi áætlaður mjög naumur, þar sem fjöldi erlendra lyfjafirma verður að sækja um, að sérlyf þeirra verði tekin hér á skrá. Þá telur landlæknir og framlengingu frestsins óhjákvæmilega vegna ófyrirsjáanlegs dráttar, er á því varð, að lyfjaskrárnefnd gæti hafið störf.

Sþ. 198. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um rannsókn á atvinnuástandi á Norðurlandi vestra.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna milliþinganefnd, er rannsaki atvinnulíf og atvinnuástand í kaupstöðum og kauptúnum á Norðurlandi vestra og geri tillögur til úrbóta. Sérstaklega ber nefndinni að athuga, hvaða almennar ráðstafanir megi gera til að auka fullvinnslu sjávar- og landbúnaðarvara.

Nefndin skal í störfum sínum hafa samráð við sýslunefndir, bæjar- og sveitarstjórnir og verkalýðsfélög á viðkomandi svæði.

Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þingmenn Alþýðubandalagsins hafa lengi lagt á það sérstaka áherzlu, að gera þyrfti athugun og áætlun um skipulega atvinnueflingu úti um land, er byggð væri

á fullnýtingu sjávar- og landbúnaðarvara. Framangreind tillaga er í samræmi við þessa stefnu, enda þótt með henni sé sérstaklega að því stefnt, að leyst verði vandræði þess landshluta, sem búið hefur við einna verst atvinnuástand á undanförnum árum.

Á Norðurlandi vestra að meðtalinni Strandasýslu hefur að undanförnu verið töluvert lakara atvinnuástand en annars staðar á landinu. Í mörgum fjölmennum sveitarfélögum er oft á tíðum hreint neyðarástand að vetrinum, annars staðar er þröngt um atvinnu og víða mjög slæmar atvinnuhorfur. Ein aðalorsök þessa ástands er sú, að atvinnulíf í þessum landshluta hefur lengi mótazt af síldarvinnslu, og þarna var til skamms tíma helzta síldveiðisvæði landsins, en nú að undanförnu hefur síldin brugðizt. Á sama tíma og síldarstörf hafa stóraukizt á Austurlandi og skapazt hefur verulegt síldarúthald á samfelldu svæði frá Vestmannaeyjum til Vestfjarða, hefur mjög lítið veiðzt á gömlu síldarstöðvunum fyrir Norðurlandi.

Síldarleysið og almenn aflatregða hefur haft mjög lamandi áhrif á atvinnulíf og framkvæmdir í þessum landshluta. Sveitarfélög og einstaklingar hafa ekki haft bolmagn til að laga sig að hinum nýju aðstæðum, og verulegur fólksflótti hefur orðið af þessu svæði. Ef ekkert verður að gert, er því hætta á, að þessi landshluti dragist allmikið aftur úr öðrum byggðum landsins í atvinnulegu tilliti.

Flest bendir til þess, að iðnaður og annað atvinnulíf ætti að geta dafnað vel á Norðurlandi vestra. Héruðin liggja flest í þjóðbraut, og víða eru ágætar hafnir. Þarna eru margar blómlegustu búfjárræktarsveitir landsins og aðstaða til rafmagnsvinnslu er talin góð, enda hvergi nærri fullnýtt. Sennilegast er, að núverandi aflaleysi sé aðeins millibilsástand, og eitthvert vorið kann síldin að snúa aftur á miðin.

Mjög varhugavert virðist fyrir ríkisvaldið að horfa aðgerðalaust á þá öfugþróun, sem nú á sér stað, enda getur það tæpast verið hagkvæmt fyrir þjóðarheildina, að atvinnulíf í þessum landshluta fjari út og verðmætar byggingar grotni niður mannlausar, þótt svo standi á, að lítið fæst úr sjó. Það virðist því sjálfsögð skylda ríkisvaldsins að gera þegar í stað almennar ráðstafanir til að bæta og tryggja atvinnuástand á Norðurlandi vestra, bæði til þess að verðmætt vinnuafl nýtist og fólksflótti sé stöðvaður.

Meðan síld bregzt fyrir Norðurlandi, má athuga um frekari flutning á bræðslusíld, en sérstaklega kemur þó til greina að láta smíða kæliskip, er kaupi síldina beint úr nótinni á fjarlægum miðum og flytji hana til gömlu saltsíldarbæjanna á Norðurlandi, enda fara oft mikil verðmæti til spillis, þegar mikið veiðist á einum stað og ekki er unnt að salta nema lítinn hluta af veiðinni. Einnig ber að athuga, hvort ekki er síld fyrir Norður- og Norðausturlandi að vetrarlagi.

Hitt virðist þó vera aðalatriði, að kannaðir séu allir möguleikar á eflingu **iðnaðar** í þessum landshluta, svo að í framtíðinni séu íbúarnir ekki nær eingöngu háðir sjávarafla, eins og verið hefur á undanförnum árum. Þess vegna er milliþinganefndinni sérstaklega ætlað það hlutverk að rannsaka möguleika á fullvinnslu sjávar- og landbúnaðarvara og skila ýtarlegu áliti um bezta úrlausn á hverjum stað.

Rétt er að nefna hér nokkrar hugsanlegar ráðstafanir, sem fyrir hendi eru og örvað gætu atvinnulíf á Norðurlandi vestra:

I. **Síldariðnaður** er tvímælalaust eitt hið helzta, sem til greina kæmi, bæði **niðurlagning** saltsíldar, **niðursuða, reyking** og **önnur matargerð** úr síld. Á Siglufirði hefur verið reist tilraunaverksmiðja á vegum ríkisins til niðurlagningar á síld, og hefur framleiðslan gengið mjög vel, en erfitt hefur reynzt að finna markað erlendis fyrir framleiðsluna. Enginn þarf að efast um, að Íslendingar geta selt niðurlagða síld eins og aðrar þjóðir. Fyrsta skrefið inn á nýjan markað er langerfiðast, og vafalaust þarf að eyða miklu meira fé og vinnu í að brjótast inn á erlenda síldarmarkaði en gert hefur verið hingað til. Niðurlagning á 10 þúsund síldartunnum er talin munu veita 90 stúlkum og 20 karlmönnum vinnu í rúma 8 mánuði, en slíkar verksmiðjur geta auðvitað verið af ýmsum stærðum eftir aðstæðum. Loks má geta þess, að niðurlögð síld er fimm sinnum verðmætari en söltuð síld, og má af því

sjá, hvílíkur hagur er fyrir þjóðarbúið, að síldin sé fullunnin. Ef vel er á málum haldið, getur síldariðnaður orðið lyftistöng og atvinnutrygging fyrir flest sjávarþorp á Norðurlandi um vetrartímann, og er ekki áhorfsmál, að rétt er að flytja síldina til fólksins, meðan lítið veiðist á heimamiðum, fremur en að fólkið flytjist hundruðum saman á brott frá eignum sínum og öðrum verðmætum.

II. Nefna mætti ýmsan iðnað, er byggist á fullvinnslu annarra sjávarafurða.

Lýsisherzluverksmiðja ætti að rísa einhvers staðar á Norðurlandi, t. d. á Skagaströnd eða Siglufirði. Að sjálfsögðu yrði síldarlýsið aðalhráefni slíkrar verksmiðju, en auk þess þorskalýsi og hvallýsi. Með því að herða þessar lýsistegundir saman má vafalaust fá ágæta matarfeiti, en nokkrir markaðsörðugleikar yrðu ef til vill í upphafi vegna einokunaraðstöðu hringsins Unilever. Mikil eftirspurn er eftir feiti sem og öðrum matvælum um allan heim, og mætti semja við ríkisstjórnir utan áhrifasvæðis hringsins um markað.

Sápu- og kremverksmiðjur mætti einnig reisa, en herta lýsið yrði meginuppistaða þess iðnaðar.

Loks má reisa verksmiðjur til að framleiða **málningu** úr fisklýsi.

III. Mjög miklir möguleikar virðast vera fyrir hendi í sambandi við fullnýtingu landbúnaðarvara.

Ullar- og skinnaverksmiðju virðist sjálfsagt að reisa, t. d. á Sauðárkróki, og margfalda þannig verðmæti vörunnar, en ullin mun áttfaldast í verði við fullvinnslu.

Matargerð og niðursuðu úr kjötvörum mætti starfrækja í sambandi við niðursuðu og niðurlagningu fiskafurða í ýmsum þorpum norðanlands.

Heymjölsverksmiðjur og **heykögglaverksmiðjur** ættu víða heima, t. d. í nágrenni við Hvammstanga, Blönduós eða Sauðárkrók, og kunnugt er, að nýta má nokkurn hluta verksmiðjunnar á Skagaströnd til grasmjölsframleiðslu.

Laxeldisstöðvar og laxaklak í stórum stíl er fyrirtæki, sem mikils má vænta af og kæmi víða til greina á Norðurlandi.

IV. Ýmsar náttúruauðlindir finnast á Norðurlandi vestra. Þótt nú sé þar skortur á rafmagni, er aðstaða víða talin góð til **rafmagnsvinnslu,** eins og áður var getið.

Jarðhiti er víða mikill, bæði í Skagafirði og Húnavatnssýslum, en að mestu ókannaður og ónotaður.

Masonítverksmiðju mætti sennilega reisa við Hofsós, en þar í jörðu finnast hráefni til slíkrar framleiðslu, og yrði sérstaklega miðað við innanlandsþörf á þilplötuefni til alls konar innréttinga.

V. Að lokum er rétt að minna á ýmsan þann iðnað, sem byggist ekki á hráefnaöflun úr kjördæminu sjálfu, en ætti þar heima engu síður en annars staðar. Hér verða aðeins nefnd tvö dæmi:

Tunnuverksmiðja mun vafalaust rísa aftur á Siglufirði, og önnur verksmiðja verður að líkindum byggð á Austfjörðum. En auk þess virðist koma til greina að reisa verksmiðju á Skagaströnd, enda er þar bæði ónotað vinnuafl og stórbyggingar, sem ekki koma að gagni sem stendur, en mundu minnka stofnkostnað stórlega.

Dráttarbraut eða **skipasmíðastöð** þarf að rísa á Norðurlandi vestra, og koma til greina bæði Siglufjörður og Sauðárkrókur, en þó sérstaklega Skagaströnd.

Hér hefur verið drepið á ýmsar hugsanlegar leiðir, en kjarni málsins er sá, að fátt mun verða um framkvæmdir, nema ríkisvaldið taki að sér forustuna og veiti nauðsynlegan fjárhagsstuðning.

Sþ. 199. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um endurskoðun laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Flm.: Hermann Jónasson, Ólafur Jóhannesson, Karl Kristjánsson, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að endurskoða lög nr. 63 28. nóv. 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, svo og lagaákvæði um atvinnurekstrarréttindi útlendinga hér á landi. Störfum nefndarinnar skal hraðað svo, að tillögur hennar geti legið fyrir næsta reglulegu Alþingi.

Greinargerð.

Þáltill. þessi var flutt á síðasta þingi, og fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

Lög nr. 63 frá 28. nóv. 1919 eru byggð á þeirri grundvallarreglu, að einungis hér heimilisfastir aðilar geti án sérstaks leyfis öðlazt eignarrétt og afnotarétt fasteigna hér á landi. Hins vegar eru hvorki gerðar kröfur um þegnrétt né búsetu um tiltekið tímabil. Ef einstakur maður er, þá er nægilegt, að hann sé heimilisfastur hér, og virðist hann því geta öðlazt eignarrétt og afnotarétt að fasteign hér á landi, þegar eftir að hann hefur setzt hér að, hvort sem hann er íslenzkur eða útlendur. Ef um félag er að ræða, þar sem sumir félagsmanna bera fulla, en aðrir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hér heimilisfastir, enda skal félagið hafa hér heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hér heimilisfastir. Ef um er að tefla hlutafélög eða stofnanir, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera hér heimilisfastir. Önnur skilyrði eru eigi sett fyrir því, að hlutafélög og stofnanir geti eignazt hér fasteignir eða öðlazt afnot þeirra. Eru því engar sérstakar kröfur gerðar til hlutafjáreignar íslenzkra ríkisborgara eða hér búsettra manna. Hlutafélög, þar sem mikill meiri hluti hlutafjár er í höndum útlendinga, virðast því samkvæmt lögunum frá 1919 geta eignazt hér fasteignir og fengið afnot þeirra án nokkurs leyfis af hálfu íslenzkra stjórnarvalda. Nú fullnægir aðili ekki skilyrðum laganna frá 1919 til þess að öðlast hér eignarrétt og afnotarétt að fasteignum, og getur þá ráðuneytið samt veitt honum leyfi til þess, ef ástæða þykir til. Samkvæmt því virðast ráðuneytinu í rauninni engin takmörk sett um leyfisveitingar. Lögin benda ekki á neinar tilteknar ástæður, er réttlæti veitingu leyfis. Ráðherra eru þær raunverulega í sjálfsvald settar. Sérstaks leyfis ráðherra þarf meira að segja ekki til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara. Enn fremur segir, að ráðherra geti undanþegið námuréttindi ákvæðum laganna.

Ljóst er af því, sem hér hefur verið stuttlega rakið, að langt er frá því, að ákvæði laganna frá 1919 veiti nægilega vörn gegn því, að eignarréttur eða afnotaréttur fasteigna hér á landi færist raunverulega yfir á hendur útlendra ríkisborgara. Það er því full ástæða til að taka löggjöfina um það efni til rækilegrar endurskoðunar. Það þarf að semja ný lög, er setja traustari skorður við hugsanlegri ásælni útlendinga til fasteignaréttinda hér á landi. En þau lög má sjálfsagt byggja á grundvelli laga nr. 63/1919, og þess vegna er þessi þingsályktunartillaga um endurskoðun þeirra laga. Sérstök þörf er á að setja í þessu sambandi skýrari ákvæði um hlutafélög, áskilja t. d. að þau hlutafélög ein, sem íslenzkir ríkisborgarar ættu tiltekinn aukinn meiri hluta hlutafjár í, gætu öðlazt hér fasteignaréttindi án sérstaks leyfis. Er enn ríkari ástæða til þess af þeirri sök, að íslenzk hlutafélagalög eru að ýmsu leyti úrelt og ófullkomin, m. a. að því er varðar skilgreiningu á innlendum og útlendum hlutafélögum. Það sýnist og eðlilegt, að heimild ráðherra til leyfisveitinga sé bundin tilteknum skilyrðum í lögum.

Í löggjöf nágrannaþjóðanna munu yfirleitt sett strangari skilyrði en hér fyrir því, að útlendingar geti öðlazt eignarrétt eða afnotarétt af fasteignum. Er vafalaust rétt fyrir okkur að fylgja fordæmi þeirra í því efni og ganga a. m. k. ekki skemmra.

Um leið og endurskoðuð eru lagafyrirmæli um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er rétt að tekin séu einnig til athugunar ákvæði löggjafarinnar um atvinnurekstrarréttindi útlendinga hér á landi, einkanlega hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaðri ábyrgð. Þó að lög bindi nú atvinnurekstrarréttindi útlendinga tilteknum skilyrðum, er vafasamt, að þar sé nógu tryggilega um búið, a. m. k. að því er varðar hlutafélög, sem útlendingar kunna að eiga mikið í og raunverulega eru starfrækt af þeim. Þarf að rannsaka ákvæði laganna um þessi efni og gera þau skýrari og fyllri, þar sem þörf krefur. Er nauðsynlegt, að mjög ströng skilyrði séu sett fyrir atvinnurekstrarréttindum útlendra aðila.

Það má e. t. v. segja, að þess hafi ekki gætt sérlega mikið á undanförnum árum, að útlendingar sæktust eftir að eiga fasteignir eða stofnsetja atvinnufyrirtæki hér á landi. En ýmsar breyttar ytri aðstæður hafa í för með sér aukna hættu í þessum efnum. Land okkar er ekki svo einangrað sem áður var. Það er óneitanlega lítt numið enn að vissu leyti. Það er því ekki óeðlilegt, að það kunni að freista þeirra útlendinga, og þá einkum útlendra auðfélaga, sem eru hvarvetna í leit að landsgæðum og aðstöðu. Samkvæmt núgildandi löggjöf gætu slík félög sennilega stofnað eins konar dótturfélög hér á landi, er gætu keypt eða leigt hér fasteignir og átt atvinnufyrirtæki. En ef útlendingar eignuðust hér fasteignaréttindi í stórum stíl, hefðu Íslendingar blátt áfram glatað frumburðarrétti sínum. Okkur ber því að vera hér vel á verði. Það er of seint að byrgja brunninn, er barnið er dottið ofan í hann. Endurskoðun þessari þarf því að hraða.

Þessi mál öll, um fasteignaréttindi útlendra aðila, um atvinnurekstrarréttindi þeirra og réttarstöðu þeirra í því sambandi, þarf að taka til skilmerkilegrar skoðunar við þessa lagaendurskoðun. Það er því eðlilegt, að sú endurskoðun sé í höndum þingkjörinnar nefndar.

Sþ. 200. Fyrirspurn [114. mál]

til ríkisstjórnarinnar varðandi alúmíníumbræðslu og olíuhreinsunarstöð.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Hvaða samningaumleitanir hafa farið fram við Alþjóðabankann og við erlend alúmíníumfélög á vegum ríkisstjórnarinnar, um hvað hefur verið rætt viðvíkjandi raforkuveri og alúmíníumbræðslu og lánum í því sambandi, og á hvaða stigi eru þessir samningar nú?
2. Hafa farið fram athuganir eða jafnvel samningaumleitanir um byggingu olíuhreinsunarstöðvar hér, hvaða kosti er slík stöð talin hafa, hvaða kostnaður er talinn við hana og hvernig standa þær athuganir eða samningaumleitanir nú?

Sþ. 201. Tillaga til þingsályktunar [115. mál]

um almennan lífeyrissjóð.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Helgi Bergs, Ásgeir Bjarnason, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að semja frumvarp til laga um almennan lífeyrissjóð, sem allir landsmenn eigi kost á að tryggja sig hjá.

Greinargerð.

Árið 1957 fluttu nokkrir Framsóknarþingmenn tillögu til þingsályktunar um athugun á stofnun almenns lífeyrissjóðs fyrir alla þá landsmenn, sem nytu ekki lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Orðrétt hljóðaði þingsályktunartillagan svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, hvort tiltækilegt sé að stofna lífeyrissjóð fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum."

Ályktun þessi var samþykkt af Alþingi 31. maí 1957. Þann 20. des. 1958 skipaði svo þáverandi félagsmálaráðherra fimm manna nefnd til að framkvæma athugun þá, sem þingsályktunartillagan fjallaði um. Í nefndina voru skipaðir: Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður hennar, Guðmundur J. Guðmundsson verkamaður, Gunnar J. Möller hæstaréttarlögmaður, Ólafur Jóhannesson prófessor og Sverrir Þorbjörnsson forstjóri. Nefndin leitaði aðstoðar Guðjóns Hansens tryggingafræðings. Hún aflaði sér ýmissa upplýsinga og fékk auk þess nokkrar umsagnir eða ályktanir stéttasamtaka.

Nefndin skilaði áliti sínu til ríkisstjórnarinnar í nóvember 1960. Var niðurstaða hennar á þá lund, að hún lagði til, að sett yrði löggjöf um almennan lífeyrissjóð, sem allir landsmenn ættu kost á að tryggja sig hjá, enda yrði þar um að ræða viðbótartryggingu við almannatryggingarnar. Jafnframt lagði nefndin til, að unnið yrði að breytingu á hinum sérstöku lífeyrissjóðum, þannig að þeir allir veittu framvegis aðeins viðbótartryggingu við almannatryggingarnar.

Nefndin taldi sig þar með hafa lokið hlutverki sínu, þar eð henni hafði aðeins verið falin athugun á því, hvort tiltækilegt væri að stofna almennan lífeyrissjóð samkvæmt því, er að framan greinir, en hún hafði eigi verið beðin að semja lagafrumvarp um það efni, og var eigi heldur óskað eftir því síðar.

Þar sem ríkisstjórnin hefur eigi til þessa hlutazt til um, að samið yrði lagafrumvarp um almennan lífeyrissjóð, þykir flutningsmönnum þessarar tillögu tímabært að leggja mál þetta fyrir Alþingi, enda er það í raun réttri í eðlilegu framhaldi af fyrri ályktun Alþingis og niðurstöðu nefndarinnar. Í tillögu þessari er lagt til, að Alþingi kjósi fimm manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um almennan lífeyrissjóð, er allir landsmenn eigi kost á að tryggja sig hjá. Er hún í samræmi við niðurstöðu hinnar stjórnskipuðu nefndar frá 1958, að því þó fráskildu, að þar var eigi tekin nein afstaða til þess, hverjum skyldi falið að undirbúa þar um rædda löggjöf.

Flestir munu játa, að öflugar lífeyrissjóðstryggingar séu mjög mikilvægar, enda hefur þeim starfsmannahópum stöðugt fjölgað, sem njóta lífeyristryggingar í sérstökum lífeyrissjóðum, lögboðnum eða samningsbundnum. Það eru óneitanlega mikil hlunnindi fólgin í lífeyri þeim, sem þessir sjóðir greiða, hvort heldur er ellilífeyrir, makalífeyrir eða barnalífeyrir. Slíkir sjóðir veita mönnum mikið öryggi, bæði í ellinni og eins ef fyrirvinna heimilisins fellur frá. Hjá þessum lífeyrissjóðum hefur og átt sér stað fjársöfnun, og með henni hefur verið bætt úr lánsfjárþörf. Þar hafa sjóðfélagar átt kost á hagstæðum lánum til byggingar eigin íbúða. Um gagnsemi lífeyrissjóða þarf því ekki að fjölyrða, enda sést hún gleggst af því, að æ fleiri starfsstéttir leitast við að koma á fót sínum sérstaka lífeyrissjóði. Það verður því varla um það deilt, að það væri út af fyrir sig æskilegt, að allir landsmenn ættu kost á lífeyristryggingu í almennum lífeyrissjóði. Það er ekki alls kostar heppileg þróun, að sjóðmyndanir þessar verði mjög margar eða að sérstakur sjóður verði myndaður fyrir hverja starfsstétt. Slíkt getur leitt til þess, að misrétti skapist og að þeir verði að síðustu út undan í þessu efni, sem að öðru leyti hafa einnig lakasta aðstöðu. En menn hafa verið í vafa um, hvort stofnun slíks almenns lífeyrissjóðs væri framkvæmanleg. Mönnum hefur og verið ljóst, að þar væri við ýmsa tæknilega erfiðleika að etja. En eftir að athugun hefur nú leitt í ljós, að tiltækilegt sé að stofna almennan

lífeyrissjóð, þá er ekki eftir neinu að bíða. Þá á hiklaust að stefna að slíkri sjóðsstofnun sem allra fyrst. Af þeim ástæðum er þessi tillaga flutt.

Í áliti nefndar þeirrar, er áður getur, er á það bent, að í löggjöf um almennan lífeyrissjóð sé sjálfsagt að gera ráð fyrir nauðsynlegri deildaskiptingu, jafnvel svo, að deildirnar séu með algerlega sjálfstæðan fjárhag. Þar er enn fremur bent á, að varhugavert geti verið að ákveða þegar í stað skilyrðislausa þátttöku allra í sjóðnum, en hins vegar sé svo ástatt um sumar stéttir, að slík skylduþátttaka sé ekki varhugaverð. Gerir nefndin því ráð fyrir, að hinn almenni lífeyrissjóður þyrfti a. m. k. fyrst í stað að byggja á hvoru tveggja, skyldutryggingu, þar sem hún ætti við, en frjálsri tryggingu fyrir þá þegna þjóðfélagsins, sem ekki þætti að svo stöddu fært að skuldbinda til þátttöku í sjóðnum. Öll þessi atriði þarf nefnd, sem löggjöf semur, að kanna rækilega, og verður þá m. a. að hafa í huga, að þátttaka í lífeyrissjóðum hefur aukizt mjög mikið frá því 1960, er umrætt nefndarálit var samið.

Almannatryggingarnar hafa komið að góðu gagni og veitt bæði öldruðu fólki og öryrkjum ómetanlega aðstoð. Þær voru eiginlega í upphafi vísir að almennum lífeyrissjóði, en með almannatryggingalögunum nr. 50/1946 var horfið frá sjóðsmyndun og að niðurjöfnun. Ástæðan var sú, að talið var, að vegna verðgildisrýrnunar og óstöðugs gengis yrði sjóðurinn um langa framtíð vanmegnugur þess að greiða bætur, sem telja mætti viðunandi fyrir hina tryggðu. Við núverandi aðstæður virðist óhjákvæmilegt að byggja á almannatryggingakerfinu sem grundvelli. Hinum almenna lífeyrissjóði er því ekki ætlað að koma í stað almannatrygginganna, heldur á hann að veita viðbótartryggingu. Með tryggingalöggjöfinni frá síðastliðnu ári er einmitt horfið að þeirri eðlilegu stefnu, að hinir sérstöku lífeyrissjóðir skuli framvegis verða viðbótarsjóðir við almannatryggingarnar, en hingað til hafa þeir ýmist veitt viðbótartryggingu eða komið í stað almannatrygginganna. Með hinum almenna lífeyrissjóði er að því stefnt, að allir landsmenn fái þá aðstöðu, sem þeir einir hafa nú, er njóta tryggingar í sérsjóðum. Honum er með öðrum orðum ætlað sams konar hlutverk og þeim sérstöku lífeyrissjóðum, sem veita viðbótartryggingu við almannatryggingarnar.

Sþ. 202. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um hámarksvinnutíma barna og unglinga.

Flm.: Benedikt Gröndal, Katrín Smári, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa frumvarp til laga um hámarksvinnutíma barna og unglinga í hinum ýmsu starfsgreinum og leggja frumvarpið fyrir þingið svo fljótt sem þess er kostur.

Greinargerð.

Börn og unglingar hafa um aldir unnið mikið á Íslandi. Hefur það jafnan þótt góður skóli, svo framarlega sem starfið hefur ekki ofboðið kröftum og þroska æskufólksins.

Eðlilegt væri, að vinna barna og unglinga væri í hófi og eingöngu miðuð við uppeldislega þörf þeirra, eftir að þjóðin hefur orðið bjargálna og þarf ekki að slíta kröftum æskunnar til að hafa í sig og á. Þróun mála hefur því miður ekki beinzt í þessa átt á síðustu árum.

Eftir því sem skortur á vinnuafli hefur verið meiri, hafa atvinnufyrirtæki sótzt meira eftir börnum og unglingum til vinnu og boðið þeim hærra kaup. Freisting peninganna hefur reynzt sterk, svo að barna- og unglingavinna er hér meiri en í öðrum löndum með sambærileg lífskjör. Hafa gestir frá nágrannalöndum undrazt

þetta stórum og þótt vera í ósamræmi við félagslegan þroska Íslendinga, eins og hann kemur fram á öðrum sviðum.

Varhugaverðast er að láta börn og unglinga standa við vinnu í húsum inni, þar sem loft og birta eru ófullnægjandi, oft sex, átta eða jafnvel tíu klukkustundir á dag. Hefur víða farið svo, að skólamenn hafa varað við hinum langa vinnutíma barnanna og minnt á, að þau verði að njóta hvíldar í birtu og yl þann tíma, sem þau eru ekki í skólum. Verkalýðshreyfingin hefur oft rætt málið á þingum sínum og gert samþykktir, þar sem varað er við þróun þessara mála á síðustu árum.

Oft hafa unglingar fært heimilum sínum björg í bú og veitt þeim mikilsverða fjárhagslega aðstoð. Hitt mun þó algengara, að foreldrar leyfi þeim að nota sjálfir það fé, sem þeir fá í kaup. Eru mörg dæmi þess, að þau fjárráð hafa verið meiri en góðu hófi gegnir og unglingunum sízt til góðs.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja sjálfsagt, að börn og unglingar vinni, enda hefur vinnan oftast mikla uppeldisþýðingu. Hins vegar verður vinnutími að vera í samræmi við aldur og getu og má ekki svipta hið unga fólk eðlilegum tómstundum og hollri útivist. Virðist tímabært, að sett verði lög um hámarksvinnutíma barna og unglinga í hinum ýmsu starfsgreinum.

Slík lög verður að vanda. Þarf að leita ráða lækna, kennara, annarra uppeldisfræðinga og ekki sízt foreldra. Að sjálfsögðu er eðlilegt, að verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur láti einnig álit sitt í ljós, enda hafa þeir aðilar mesta sérþekkingu á vinnumálum.

Nd. 203. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ingimundarson, Birgir Finnsson.

1. gr.

Á eftir 10. lið 1. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

Umsamdar greiðslur atvinnuveitenda í sjúkra- og styrktarsjóði verkalýðsfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Þá fylgdi því svofelld greinargerð:

Undanfarin ár hafa mörg verkalýðsfélög gert samninga við atvinnurekendur um greiðslur í sjúkra- og styrktarsjóði félaganna. Hafa slíkar greiðslur sem aðrar félagslegar ráðstafanir haft vaxandi þýðingu fyrir lausn á vinnudeilum og góða sambúð vinnusala og vinnukaupenda.

Nú hafa komið í ljós ýmsir erfiðleikar á innheimtu þessara greiðslna, og er þetta frumvarp til þess flutt að greiða úr þeim vanda. Hafa nokkrir forráðamenn verkalýðsfélaga farið fram á, að frumvarpið yrði flutt á Alþingi.

Þar eð samþykkt frumvarpsins mundi tvímælalaust stuðla að auknum vinnufriði í landinu, vonast flm. til, að það fái vinsamlega afgreiðslu.

Sþ. 204. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um endurskoðun löggjafar í þeim tilgangi að stofna eða efla fræða- og listaverkamiðstöðvar í byggðum landsins.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd til að endurskoða lög nr. 8 12. febr. 1947, um viðhald fornra mannvirkja og byggðasöfn, lög nr. 7 sama dag, um héraðsskjalasöfn og I. kafla laga nr. 22 26. apríl 1963, um almenningsbókasöfn, og gera jafnframt tillögur um samræmda löggjöf í þeim tilgangi að stofna eða efla fræða- og listaverkamiðstöðvar í byggðum landsins undir umsjá sérfróðra manna, er búsettir verði, eftir því sem við verður komið, í hlutaðeigandi héraði eða landshluta.

Ráðuneytisstjórinn í menntamálaráðuneytinu skal eiga sæti í nefndinni og vera formaður hennar. Að öðru leyti skulu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu. Skal einn nefndarmaður tilnefndur úr hverjum landsfjórðungi, en tilnefning fer fram á fjórðungssambandsfundi eða á fundi, þar sem mættir eru einn eða tveir fulltrúar frá hverri sýslunefnd og bæjarstjórn í fjórðungnum.

Nefndin skal í starfi sínu hafa samráð við þjóðminjavörð, þjóðskjalavörð, bókafulltrúa ríkisins, forstöðumenn Listasafns ríkisins og Náttúrugripasafnsins svo og sýslunefndir og bæjarstjórnir, eftir því sem við verður komið.

Greinargerð.

Á fjórðungsþingi Norðlendinga sumarið 1962 var gerð ályktun þess efnis, að koma þyrfti upp eða efla fræðasetur eða fræðamiðstöðvar á nokkrum stöðum í byggðum landsins. Aðalhvatamaður þessa máls er þáverandi formaður fjórðungssambandsins, Jóhann Skaptason sýslumaður og bæjarfógeti á Húsavík. Flutningsmenn þessarar tillögu hafa kynnt sér nokkuð athuganir hans og skoðanir í sambandi við þetta mál, enda er hann viðurkenndur áhugamaður um eflingu þjóðlegrar menningar og landsbyggðar. Jóhann sýslumaður telur, að stefna beri að því og leggja á það áherzlu að efla héraðsbókasöfn, héraðsskjalasöfn og byggðasöfn, en starfsemina þurfi að færa yfir á breiðari grundvöll og bæta við náttúrugripasöfnum og listasöfnum, sem þá væntanlega yrðu einkum miðuð við hlutaðeigandi hérað eða landshluta.

Flm. eru þeirrar skoðunar, að Alþingi og ríkisstjórn beri að gefa gaum að þessu máli. Þeir telja eðlilegt í því sambandi, að fram fari endurskoðun á þeim þáttum gildandi löggjafar, er þetta mál geta varðað, og að vænlegast sé til árangurs, að þeir aðilar standi að endurskoðuninni, sem til þess eru nefndir í tillögunni, enda verði að henni lokinni þær tillögur gerðar, sem endurskoðunin og íhugun málsins í heild gefur tilefni til.

Það skal tekið fram, að flm. áttu báðir sæti í stjórnskipaðri nefnd, sem meðal annarra mála fjallaði nokkuð um það efni, sem hér er hreyft, og hvatti stjórnarvöld til aðgerða í málinu, þótt í öðru formi væri en hér er gert ráð fyrir.

Greinargerð þessari fylgir stutt ritgerð, sem Jóhann Skaptason samdi fyrir nefndina á sínum tíma um nokkra meginþætti þessa máls.

Flm. telja eðlilegt, að tillaga, sem fyrir þinginu liggur (48. mál) frá Ingvari Gíslasyni og Ólafi Jóhannessyni og fjallar að nokkru um einn þátt þessa máls, verði tekin til meðferðar samhliða þessari tillögu.

Fylgiskjal.

Hugleiðingaþáttur um fræðaaðstöðu dreifbýlisins.

Í menningarþjóðfélagi er jafnan stefnt að því að veita öllum landslýð sem jafnasta aðstöðu til að þroska andlega og líkamlega hæfileika.

Í upphafi Íslands byggðar voru lífsskilyrði furðu jöfn um land allt. Af opinberri hálfu var ekkert gert til röskunar á því. Umboðsmenn konungsvaldsins sátu úti í sýslum sínum, dreifðir um landið, og báru heimili þeirra oftast vott um sérstöðu valdsmannanna og höfðu stundum menningarlegt gildi fyrir umhverfið.

Kirkjan var voldug innlend stofnun (að kalla). Biskupsstólarnir voru tveir, annar á Suðurlandi, hinn á Norðurlandi, og voru skólar á báðum biskupssetrunum.

Prestssetrin voru dreifð um allar byggðir, svo sem jafnan síðan, en þau voru miklu fleiri en nú, og prestafjöldinn þó tiltölulega meiri en nú, því að við sumar kirkjur voru fleiri en einn prestur.

Sum brauð báru af um tekjur og voru eftirsótt og aðeins veitt afburðamönnum prestastéttarinnar, prófastum eða öðrum, sem sköruðu fram úr að menntun eða atgervi.

Kirkjan var eina stofnunin, sem krafðist sérþekkingar af starfsmönnum sínum, og völdust því í þjónustu hennar efnilegustu, gáfuðustu og framgjörnustu æskumenn þjóðarinnar, því að þeir voru öðrum fremur til mennta settir, en kirkjan sendi þá síðan til starfa víðs vegar um dreifðar byggðir landsins.

Klaustrin voru sérstæð trúar- og fræðasetur innan vébanda kirkjunnar, reist í öllum landsfjórðungum. Þar gafst fræðimönnum tækifæri til að vinna að hugðarefnum sínum. Verður aldrei að fullu vitað, hve mikla þökk þjóðmenning Íslendinga á þeim að gjalda.

Skólarnir á biskupssetrunum voru eins konar sambland af menntaskóla og háskóla, þar sem þeir útskrifuðu embættismenn — presta.

Skólagengnir menn þóttu að öðru jöfnu hlutgengari í aðrar stöður þjóðfélagsins, sem þó eigi kröfðust sérmenntunar.

Þá voru einnig víðs vegar um landið lærðir menn, sem kenndu allan innlendan skólalærdóm (heimaskólar) og rétt höfðu til að útskrifa stúdenta. Var því furðu góð aðstaða til náms úti um allt land. Allt fræðslukerfi landsins var því upphaflega skipulagt með jafnvægi í byggð landsins fyrir augum, á hinum fornhelga jafnvægisgrundvelli, sem þjóðskipulagið var reist á.

Röskun á þessum menningaraðstöðuhlutföllum hófst með aftöku Jóns biskups Arasonar og sona hans í Skálholti haustið 1550 og hélt áfram með niðurrifi klaustranna og þar með fylgjandi bókabrennum og ofsóknum gegn fornum fræðum þjóðarinnar, afnámi biskupssetranna og skólanna að Hólum og í Skálholti og síðan með sameiningu brauða og þar af leiðandi fækkun lærðra manna úti um landið.

Strax eftir niðurlagningu norðlenzka skólans hófst barátta fyrir endurreisn hans, sem leidd var til sigurs á fyrsta þriðjungi yfirstandandi aldar.

Í kjölfar þeirrar baráttu kom stofnun héraðsskólanna, og verður ekki annað sagt en að á skólavettvanginum hafi miklir sigrar unnizt í baráttu landsbyggðarinnar fyrir tilveru sinni. Samt eru allar æðstu menntastofnanir þjóðarinnar eingöngu í höfuðborginni. Um það atriði verður ekki frekar rætt hér.

Kirkjan hefur sem þjóðfélagsstofnun haldið velli um aldirnar, þótt aðstaða hennar sé nú öll önnur en áður var til áhrifa í þjóðfélaginu og úrvals á mönnum til starfa í hennar þágu.

En dreifbýlið hefur ekki enn eignazt neinar fræðastofnanir í stað klaustranna. Þrátt fyrir niðurlagningu þeirra hélt þjóðin áfram að muna löngu liðna atburði og skapa í hugarheimum sögur og ljóð og ævintýr, og við grútartýrur og kertaljós, með kalda fingur, færði hún enn í letur fornar sagnir og nýjar, bjó til bækur og afritaði skjöl og bækur.

Næsta áfallið, sem henti uppskeru þessarar viðleitni, var hungur og hallæri og

óhæfur húsakostur, en að lokum of mikill áhugi útlendinga fyrir bókunum, stundum ef til vill fyrst og fremst sem sjaldgæfum munum, en þó einnig vegna fræðanna, sem þær höfðu að geyma. Við flutning úr landi glataðist mikið af þessum fróðleik, svo sem oft hefur verið rakið, nokkuð fórst í brunum eða týndist á annan hátt. Er nú barizt fyrir því að fá leifarnar heim til varðveizlu í Reykjavík.

Þrátt fyrir mikið tjón, sem stafaði af þessum hrakningum, hefur því verið haldið fram, að um mikla björgunarstarfsemi hafi verið að ræða, því að húsakynni hafi verið orðin svo léleg í landinu og skort hafi áhuga fyrir varðveizlu þessa fróðleiks og bókmennta.

Aldrei verður úr því skorið, hvort utanför handritanna hafi verið lán eða ólán fyrir íslenzk fræði. Hitt tel ég vafalaust, að það var ólán, að aldrei skyldi vera af stjórnvalda hendi hlynnt að þessum fræðabrunni í heimalandinu.

Þar sem dönskum og íslenzkum fræðimönnum var ljóst orðið gildi þessara bókmennta, átti að sjálfsögðu að byggja yfir skjalasöfnin á biskupssetrunum Hólum og Skálholti, þar sem skólarnir voru, launa fræðimenn til að rannsaka þau, vinna úr þeim og búa til prentunar. Jafnframt hefði átt að kappkosta að kynna námsmönnum menningarverðmæti þessara gömlu heimilda, og síðan hefðu þeir hvatt þjóðina til að ávaxta þann menningarsjóð sem bezt.

Þetta eru glötuð tækifæri. En til þess eru vítin að varast þau. Enn standa opin skörð, þar sem fræðasöfn klaustranna voru fyrr á öldum. Enn heldur þjóðin áfram að skapa hugsmíðar og færa þær í letur. Enn eru gömul skjöl að fúna og farast í eldi og gömul menningarverðmæti frá atvinnusviðinu að gleymast og glatast.

Stofnun þjóðminjasafns og þjóðskjalasafns voru björgunarspor í rétta átt, en fleiri stór spor þarf að stíga á þeim vettvangi.

Héraðsskjala- og byggðasöfnin eru í fæðingu, en þau eru enn lítils megnug. Kapp þarf að leggja á að efla þau, og fer vel á, að ríki og héruð hafi samvinnu um það. Er nú aðstaða til þess orðin góð, þar sem hægt er að kaupa smámyndaræmur (mikrofilmur) af skjalasöfnum og ljósprentaðar útgáfur af ýmsum fornum bókum.

Héraðsskjalasöfnin hafa þegar tekið við ýmsum gömlum opinberum skjölum og bókum og taka við því framvegis. Almenningur varðveitir margs konar ritaðan alþýðufróðleik, sem söfnunum mun áskotnast smátt og smátt, en strax þarf að rannsaka, hvað af því tagi er þegar fáanlegt.

Þjóðminjasafnið varðveitir allmikið af fornum munum, sem það getur sér að meinalausu afhent viðkomandi byggðasöfnum, þegar þau öðlast hæf húsakynni og hætta að láta sér nægja gömlu torfbæina, sem uppbúnir á sinn rétta hátt eiga aðeins að vera einn gripur í fórum byggðasafnsins. Byggðasöfnin eiga smátt og smátt að verða lista- og menningarsögusöfn héraðanna.

Þar sem í sama héraði eru bæði skjalasafn og byggðasafn, gæti sami maður veitt þeim báðum forstöðu í byrjun. Ætti hann að vera lærður í fornfræði, sögu Íslands eða íslenzkri tungu og hafa lokið háskólaprófi í þeim fræðum. Hann gæti einnig verið bókavörður héraðsins. Væri heppilegt, að hann hefði sér til aðstoðar launaða stúdenta, sem leggja vildu stund á þau fræði, sem söfnin varðveittu, og gætu þeir búið sig þar að nokkru undir háskólapróf jafnframt starfi við safnið.

Söfnin gætu þannig vaxið upp í að verða fræðslu- og vísindastofnanir fyrir lærða og leika og orðið arftakar fræðslusetra klaustranna.

Húsavík, 1. október 1962.

Jóhann Skaptason.

Nd. 205. Frumvarp til laga [119. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Ríkissjóður leggur fram 43 millj. kr. á árinu 1964, er verja skal til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

2. gr.

Á árinu 1964 greiðir ríkissjóður Aflatryggingasjóði 51 millj. kr., er stjórn sjóðsins úthlutar til togara, sem gerðir eru út á því ári. Skal úthlutunin miðast við úthaldstíma togara og að öðru leyti fara fram eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Aflatryggingasjóðs. Úthlutun af fé þessu er bundin því skilyrði, að samið hafi verið um greiðslu lána, sem hvíla á viðkomandi togara og eru í vanskilum við Ríkisábyrgðasjóð.

Á árinu 1964 er heimilt að greiða úr ríkissjóði til fiskileitar í þágu togara allt að 4 millj. kr. umfram þá fjárhæð, sem kann að verða greidd í þessu skyni samkvæmt 7. tölulið 16. gr. B í fjárlögum fyrir árið 1964.

3. gr.

Frá 1. febrúar 1964 skal útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt 1. gr. laga nr. 66/1957 vera sem hér segir:

1. Af saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum og hrognum, af skreið, freðfiski, frystum rækjum, hrognum og humar, svo og af frystum fiskúrgangi til skepnufóðurs, 4.2% af fob-verði.
2. Af niðursoðnum sjávarafurðum og af afurðum frá selveiðum 2% af fob-verði.
3. Af öðrum sjávarafurðum (þar á meðal hvalafurðum) öðrum en þeim, er um ræðir í 1. og 2. tölulið þessarar málsgr., 6% af fob-verði.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir fyrirmæli 1. og 2. töluliðs 1. málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Frá 1. febrúar 1964 skulu útflytjendur afurða þeirra, er um ræðir í 1. og 3. tölulið 1. málsgr., greiða þriðjung útflutningsgjalds af þeim, um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd, og jafnframt skulu þeir afhenda tollyfirvöldum ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir ⅔ hlutum gjaldsins. Tollyfirvöld senda gjaldeyriseftirlitinu ávísanir þessar, og tekur það fé til greiðslu á þeim af söluandvirði gjaldskyldra afurða.

Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum frá 1. febrúar 1964 skal ráðstafað þannig: Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur, 73.4%, til Fiskveiðasjóðs Íslands 17.2%, til Fiskimálasjóðs 5.9%, til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips 1.53%, til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 1.17% og til Landssambands íslenzkra útvegsmanna 0.8%.

4. gr.

Til viðbótar framlagi til Fiskveiðasjóðs samkvæmt 2. tölulið 2. gr. laga nr. 40/1955 (sbr. 9. tölulið 16. gr. B í fjárlögum fyrir árið 1964), greiðir ríkissjóður honum frá 1. febrúar 1964 árlega fjárupphæð, sem er jafnhá tekjum sjóðsins af gjaldi af útfluttum sjávarafurðum, sbr. 4. málsgr. 3. gr.

5. gr.

Söluskattur samkvæmt II. kafla laga nr. 10/1960, um söluskatt, skal frá 1. febrúar 1964 nema 5% af andvirði seldrar vöru og hvers konar verðmætis, eftir því sem nánar er ákveðið í téðum lögum.

Við framtal til söluskatts fyrir fyrsta ársfjórðung 1964 skulu framteljendur skila tveimur framtalsskýrslum, annarri fyrir janúar og hinni fyrir febrúar og marz. Skattyfirvöld geta krafizt þess, að söluskattsskyldir aðilar láti í té hvers konar upplýsingar varðandi skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal má til samanburðar, ef ástæða þykir til, krefjast hliðstæðra upplýsinga um skiptingu viðskipta á fyrsta ársfjórðungi 1963.

Við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, skal innheimta 5% söluskatt frá og með 1. febrúar 1964. Þó skal innheimta 3% söluskatt við tollafgreiðslu slíkrar vöru, ef innflytjandi hefur fyrir 1. febrúar 1964 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða vöruna, sbr. 14. gr. tollskrárlaga, nr. 7/1963. Þetta gildir þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 8. febrúar 1964.

Fyrirmæli 3. málsgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sem hefur verið afhent honum fyrir 1. febrúar 1964 með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 22. gr. tollskrárlaga, nr. 7/1963), enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

Fyrirmæli 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 10/1960 taka ekki til þeirrar hækkunar söluskatts, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar gr., sbr. a-lið 16. gr. laga nr. 69/1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

6. gr.

Ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkissjóðs gerir það nauðsynlegt, er heimilt að fresta til ársins 1965 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til í fjárlögum fyrir árið 1964. Sama gildir um greiðslu framlaga til framkvæmda annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárlögum 1964.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerðum eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

a. Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1963 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur, með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.
b. Fyrirmæli 4. málsgr. 7. gr. laga nr. 28/1962 um, að 62% af tekjum af útflutningsgjaldi renni til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, skulu halda gildi sínu til 1. febrúar 1964, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við lausn kjaradeilunnar í desembermánuði s. l. lýsti ríkisstjórnin yfir því, að ráðstafanir skyldu gerðar til þess að bæta hraðfrystihúsunum með einum eða öðrum hætti þá 15% kauphækkun, sem um var samið. Þetta frumvarp er fram borið til þess að efna þetta fyrirheit. Jafnframt felur það í sér ráðstafanir vegna sérstakra erfiðleika togaraútgerðarinnar.

Samkvæmt útreikningum Fiskifélags Íslands nemur aukning útgjalda hraðfrystihúsanna vegna 15% kauphækkunarinnar sem svarar 5.2% af framleiðsluverð-

mæti húsanna. Miðað við 1200 millj. kr. árlega framleiðslu frystihúsanna, sem er áætluð framleiðsla þeirra árið 1963, er hér um að ræða 62 millj. kr. upphæð. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir, að útflutningsgjald á sjávarafurðum, sem nú er 6%, verði lækkað í 4.2% af freðfiski, saltfiski og skreið. Jafngildir þetta 19 millj. kr. fyrir hraðfrystihúsin, og enn fremur 11 millj. kr. fyrir framleiðendur saltfisks og skreiðar. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir, að ríkissjóður leggi á árinu 1964 fram 43 millj. kr. til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Eru þetta samtals 73 millj. kr., en af þeirri upphæð mundu 62 millj. kr. ganga til hraðfrystihúsanna, og 11 millj. kr. til framleiðenda saltfisks og skreiðar.

Í lok ársins 1962 skipaði sjávarútvegsmálaráðherra nefnd til að rannsaka hag og afkomuhorfur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um rekstur togaranna í framtíðinni. Í nefnd þessari áttu sæti þeir Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, Jónas Jónsson framkvæmdastjóri og Svavar Pálsson endurskoðandi, og skilaði nefndin áliti í nóvembermánuði s. l. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að togaraútgerðin væri rekin með miklum og vaxandi halla. Stafaði þessi halli fyrst og fremst af tvennu. Annars vegar af slæmum aflabrögðum, sem ekki sízt ættu rætur sínar að rekja til þess, að togararnir hefðu ekki lengur aðgang að mörgum þeim veiðisvæðum, sem áður voru þeim drýgst. Hins vegar væri vinnufyrirkomulag um borð í skipunum ekki lengur í samræmi við þær aðstæður, sem ráðandi væru í togaraútgerðinni. Nefndin taldi, að við núverandi aðstæður skorti ekki minna en 3 millj. kr. til þess, að togari af nýsköpunargerð væri rekinn með skaplegum hætti, og virðist sá útreikningur ekki verða véfengdur með rökum. Sé gert ráð fyrir, að greiðsla tryggingariðgjalds og greiðslur til togara úr Aflatryggingasjóði haldi áfram með líkum hætti og verið hefur, fæst um 1½ millj. kr. á hvert skip. Þarf þá enn að sjá togurunum fyrir um það bil 1½ millj. kr. á skip, og er gert ráð fyrir, að sú upphæð fáist með þeirri sérstöku greiðslu til Aflatryggingasjóðs, sem þetta frumvarp felur í sér og ætlunin er, að úthlutað sé til togaranna miðað við úthaldstíma.

Þá lagði nefnd sú, er rannsakaði afkomu togaranna, það til, að ráðstafanir væru gerðar til að halda uppi samfelldri fiskileit og leiðbeiningarstarfsemi á veiðum fyrir togarana, og að til þess væri varið 6 millj. kr. á árinu 1964. Hluti þeirrar upphæðar er innifalinn í fjárveitingu í fjárlögum, og gerir þetta frumvarp ráð fyrir, að 4 millj. kr. til viðbótar sé varið í þessu skyni.

Vegna þeirrar lækkunar, sem samkvæmt þessu frumvarpi verður á tekjum af útflutningsgjaldi, er nauðsynlegt, að ríkissjóður taki að sér að greiða hluta þess fjár, sem nú fæst af því gjaldi. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að ríkissjóður taki að sér helming þeirrar upphæðar, sem hingað til hefur runnið af útflutningsgjaldi til Fiskveiðasjóðs Íslands, og er það nokkurn veginn sama upphæð og lækkun útflutningsgjaldsins nemur. Mundi þá svipað fyrirkomulag verða á greiðslum til Fiskveiðasjóðs og nú gildir um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Þau útgjöld, sem ákvæði þessa frumvarps skapa ríkissjóði, eru samtals um 128 millj. kr. á árinu 1964. Þar að auki munu greiðslur ríkissjóðs til almannatrygginga hækka um 27 millj. kr. til samræmis við þá almennu kauphækkun, sem varð í desembermánuði. Um þetta hefur verið lagt fram sérstakt frumvarp, og verður að taka tillit til þessarar upphæðar, þegar lögð eru drög að nauðsynlegri fjáröflun. Þá var í fjárlögum ársins 1964 gert ráð fyrir lækkun niðurgreiðslna um 55 millj. kr. Þessa lækkun telur ríkisstjórnin hins vegar ekki rétt að framkvæma að svo stöddu. Verður því að gera ráð fyrir, að ákvæði þessa frumvarps, hækkun greiðslna til almannatrygginga og frestun á lækkun niðurgreiðslna muni valda ríkissjóði auknum útgjöldum umfram áætlun fjárlaga, er nemi 210 millj. kr.

Þetta frumvarp gerir ráð fyrir, að tekna til þess að standa straum af hinum auknu útgjöldum verði aflað með hækkun söluskatts úr 3% í 5%. Hækkunin mundi að öllu leyti renna til ríkissjóðs. Þar sem hækkun skattsins verður ekki í gildi allt árið 1964, verða tekjur af henni nokkru minni en svarar hlutfallslega til núgildandi söluskatts, og má áætla þær um það bil 210 millj. kr. á árinu 1964. Þá telur

ríkisstjórnin rétt, að henni sé veitt heimild til þess að fresta til ársins 1965 verklegum framkvæmdum ríkisins og greiðslu framlaga til framkvæmda annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárlögum ársins 1964, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkissjóðs gerir það nauðsynlegt.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að ríkissjóður leggi á árinu 1964 fram 43 millj. kr. til hraðfrystiiðnaðarins til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Hraðfrystihúsin þurfa stöðugt að endurbæta rekstur sinn, og er eðlilegt, að hlutazt sé til um, að beinum framlögum ríkisins sé varið í því skyni, enda er þar um óhjákvæmilegan kostnað að ræða. Gert er ráð fyrir, að framlag þetta sé bundið við árið 1964, og að Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthluti fénu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbankann og Útvegsbankann, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur. — Hér vísast að öðru leyti til inngangs almennu athugasemdanna að framan.

Um 2. gr.

Í almennu athugasemdunum hér að framan er gerð grein fyrir þeim stuðningi við togaraútgerðina, sem kveðið er á um í þessari grein, og vísast til þess. Rétt þykir, að þessar aðgerðir til hagsbóta fyrir togarana verði tengdar skuldamálum þeirra, og er því í 2. gr. ákvæði um, að fjárúthlutun til togara samkvæmt greininni sé bundin því skilyrði, að samið hafi verið um greiðslu lána, sem hvíla á viðkomandi togara og eru í vanskilum við Ríkisábyrgðasjóð.

Ákvæði 2. málsgr. 2. gr. þarfnast ekki skýringa hér, þar sem um þau er fjallað í almennu athugasemdunum að framan.

Um 3. gr.

Í 7. gr. bráðabirgðalaga nr. 80/1961, sem gefin voru út sem lög nr. 28/1962, eftir að Alþingi hafði samþykkt þau, var svo fyrir mælt, að útflutningsgjald af sjávarafurðum skyldi nema 6% af fob-verði afurða. Þó skyldi það nema 2% af niðursoðnum sjávarafurðum og af afurðum frá selveiðum. Hefur svo verið síðan 4. ágúst 1961. Nú er skv. 1. málsgr. 3. gr. frv. lagt til, að útflutningsgjald af freðfiski, frystum rækjum, hrognum, humar og fiskúrgangi, af saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum og hrognum, svo og af skreið lækki úr 6% í 4.2%. Útflutningsgjald af öðrum sjávarafurðum á samkvæmt ákvæðum 3. gr. að haldast óbreytt, 2% af niðursoðnum sjávarafurðum og afurðum frá selveiðum og 6% af öllum öðrum sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega tilteknar.

Fyrirmæli 2. og 3. málsgr. 3. gr. hafa gilt síðan 4. ágúst 1961, sjá 7. gr. í bráðabirgðalögum nr. 80/1961 og í lögum nr. 28/1962. Eru þau tekin upp í frv. samhengisins vegna.

Í 4. málsgr. 3. gr. er gert ráð fyrir annarri skiptingu tekna af útflutningsgjaldi en gilt hefur frá ágústbyrjun 1961, sbr. 4. málsgr. 3. gr. í bráðabirgðalögum nr. 80/1961 og í lögum nr. 28/1962. Í hinum nýju hundraðstölum skiptingar þessara tekna felst þó það eitt, að tekjur Fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldi eiga samkvæmt frv. að lækka um helming. Aðrir, sem hér eiga hlut að, eiga að halda sömu tekjum af útflutningsgjaldi og þeir hefðu fengið að öllu óbreyttu, og eru hundraðstölur umreiknaðar til samræmis við það. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður bæti Fiskveiðasjóði þennan tekjumissi með því að greiða honum framvegis árlegt framlag, sem er jafnhátt tekjum sjóðsins af útflutningsgjaldi, sbr. 4. gr. frv.

Um 4. gr.

Hér vísast til athugasemda við 4. málsgr. 3. gr.

Um 5. gr.

Í 1. málsgr. 5. gr. er kveðið svo á, að hinn almenni söluskattur á innlendum viðskiptum samkvæmt II. kafla söluskattslaga, nr. 10/1960, skuli hækka úr 3% í 5% frá 1. febrúar 1964.

Þar eð hækkun sú á söluskatti, er um ræðir í 1. málsgr., á sér ekki stað frá byrjun ársfjórðungs, er vegna álagningar skattsins óhjákvæmilegt að mæla svo fyrir — eins og gert er í 2. málsgr. 5. gr. — að framteljendur skuli láta í té tvær framtalsskýrslur fyrir 1. ársfjórðung 1964, aðra fyrir janúar og hina fyrir febrúar og marz. Hins vegar er gert ráð fyrir, að framtalsskýrsla fyrir janúar 1964 verði ekki látin í té fyrr en skila ber skýrslu fyrir febrúar og marz 1964.

Fyrirmæli 3. og 4. málsgr. eru í samræmi við venju, sem fylgt hefur verið um alllangt skeið, þegar hækkuð hafa verið gjöld á innfluttum vörum. Má í því sambandi vísa til 5. málsgr. 40. gr. tollskrárlaga, 4. og 5. málsgr. 5. gr. laga nr. 28/1962, 3. og 4. málsgr. 7. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, og 37. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl.

Hækkun söluskattsins á ekki að hafa áhrif á tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af honum, og því er í 5. málsgr. 5. gr. kveðið svo á, að fyrirmæli 2. málsgr. 1. gr. söluskattslaga, nr. 10/1960, um að 20% söluskattsins skuli renna til Jöfnunarsjóðs, skuli ekki taka til þeirrar hækkunar söluskatts, sem ákveðin er í 1. málsgr. 5. gr.

Um 6. gr.

Hér vísast til skýringa í niðurlagi almennra athugasemda hér að framan.

Um 7. og 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

Ákvæði a-liðs um, að heimilt sé að ákveða, að bætur úr Aflatryggingasjóði til togara vegna aflabrests 1963 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, eiga að gilda þar til nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á lögum nr. 77/1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, varðandi tilhögun bóta úr togaradeild sjóðsins.

Með ákvæðum b-liðs eru fyrirmæli 4. málsgr. 7. gr. laga nr. 28/1962 um, að 62% tekna af útflutningsgjaldi skuli ganga til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa, framlengd til 1. febrúar 1964. Þarf að setja þetta bráðabirgðaákvæði til þess að brúa bilið frá 31. desember 1963 til 1. febrúar 1964, sbr. lög nr. 98/1962.

Nd. 206. Frumvarp til laga [120. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþing, 1963—64.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1964 skal koma saman laugardaginn 10. október 1964, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði eigi annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1964 koma saman eigi síðar en 15. febrúar.

Þar sem Alþingi því, er nú situr, mun eigi verða lokið fyrir þann tíma, ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag. Lagt er til, að Alþingi komi saman í síðasta lagi 10. október 1964.

Sþ. 207. Tillaga til þingsályktunar [121. mál]

um fiskiðnskóla.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 7 manna nefnd í samráði við fiskmatsstjóra, ferskfiskeftirlitið og helztu samtök fiskiðnaðarins til þess að gera fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur um stofnun og starfstilhögun almenns fiskiðnskóla í landinu. Skal nefndin m. a. kynna sér eftir föngum skipan fræðslumála fiskiðnaðarins í öðrum löndum.

Greinargerð.

Tillaga efnislega samhljóða þessari hefur verið flutt á undanförnum þingum, en ekki náð fram að ganga. Hefur þó jafnan verið bent á þá staðreynd, að þeir, sem kunnugastir eru þessu máli, séu þess mjög hvetjandi, að ráðizt verði í stofnun sérstaks fiskiðnskóla. Má þar einkum nefna Bergstein Á. Bergsteinsson fiskmatsstjóra, sem lengi hefur stutt þessa hugmynd og unnið að framgangi hennar, svo og helztu forráðamenn í samtökum fiskiðnaðarins (SH, sjávarafurðadeild SÍS o. s. frv.). Á síðasta þingi leitaði allsherjarnefnd sameinaðs þings álits ýmissa aðila um tillöguna, og eru álitsgerðir eftirgreindra aðila nú birtar sem fylgiskjöl með tillögunni sem frekari rökstuðningur: fiskmatsstjóra, ferskfiskeftirlitsins, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sambands ísl. samvinnufélaga, Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, Sambands skreiðarframleiðenda og Fiskifélags Íslands. Jafnframt er birt reglugerð um starfsemi fiskiðnskólans í Vardö í Norður-Noregi, en hugsanlegt er, að sá skóli geti að einhverju leyti orðið fyrirmynd íslenzks fiskiðnskóla, a. m. k. er æskilegt, að hin fyrirhugaða nefnd kynni sér starfsemi hans. Það skal tekið fram, að reglugerð þessari mun nýlega hafa verið breytt í vissum atriðum, en eigi að síður er hér að finna megindrættina í starfsemi fiskiðnskólans í Vardö.

Fylgiskjal I.

Umsögn fiskmatsstjóra.

FISKMATSSTJÓRI

Reykjavík, 19. febrúar 1963.

Til allsherjarnefndar hæstvirts Alþingis.

Með bréfi, dags. 1. febrúar 1963, sendi háttv. allsherjarnefnd Alþingis mér til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fiskiðnskóla. Umsögn mín um málið í aðalatriðum fer hér á eftir:

Sem stjórnandi fiskiðnaðarnámskeiða sjávarútvegsmálaráðuneytisins, frá því þau hófust árið 1947, hef ég litið og lít á þau sem nauðsynlega ráðstöfun til bráðabirgða, en ekki sem fullnaðarlausn mikilsverðs málefnis.

Jafnframt því sem álitið er, að námskeiðin hafi gegnt sínu hlutverki vel miðað við aðstæður, hefur einmitt í gegnum námskeiðin orðið ljóst, að stærra átaks er þörf.

Hraði undanfarinna ára í framþróun og fjölbreytni á gæðum og framleiðslu sjávarafurða krefst meiri og samræmdari þekkingar við mat hinnar margþættu framleiðslu, og ekki sízt þegar hér er um að ræða aðalútflutningsframleiðslu þjóðarinnar.

Nauðsynleg framþróun þessara mála hlýtur því að verða fastur skóli fyrir fiskmatsmenn og fiskverkunarmenn til undirbúnings slíkum lífsstörfum, enda væru störf kennara að mestu aðalstörf, en ekki aukastörf embættismanna og annarra, svo sem á námskeiðunum.

Um tilhögun fiskiðnskóla leyfi ég mér einkum að benda á eftirfarandi:

1. Fiskiðnskólinn verði rekinn sem sjálfstæð fiskvinnslustöð, þar sem framleiðsla færi fram allt árið, frysting, söltun, herzla og fleiri framleiðslugreinar, eftir því sem heppilegt þætti. Uppistaða starfsliðs við framleiðslu afurðanna væru nemendur skólans.

   Á einu ári yrði unnt að ná til allra fisktegunda, svo sem bolfisks, síldar og flatfisks eftir árstíðum, og samkvæmt því framleiða með ýmsum verkunaraðferðum.

   Þegar fiskframleiðsla skólans yrði metin til útflutnings, væru nemendur skólans jafnan látnir meta með löggiltum fiskmatsmönnum undir stjórn yfirfiskmatsmanna í hverri grein. Tækju þá nemendur próf eftir því, sem ákveðið yrði um æfingu þeirra og hæfni.
2. Skólann mætti miða við tvennt:
   a. Þá, sem ætluðu sérstaklega að leggja stund á fiskmat.
   b. Þá, sem ætluðu sérstaklega að leggja stund á umsjón með framleiðslu fyrir sjálfa sig eða aðra.
3. Kennsla væri bókleg og verkleg eftir skiptingu, sem rétt þætti eða hagkvæmust.
4. Með þannig skipulagðan fiskiðnskóla væri öll þjálfun og kennsla í fullkomnu samræmi við þau störf, sem nemendur væru að undirbúa sig undir. Auk þess gæti skólinn leyst af hendi ómetanlega upplýsingaþjónustu almennt, auk þess sem framleiðsla skólans gæti að miklu leyti staðið undir kostnaði við reksturinn.
5. Ekki væri ástæða til, að framleiðslustöð skólans yrði stórt fyrirtæki, en með möguleika til sem flestra framleiðslugreina.

Samkvæmt framanrituðu leyfi ég mér að telja fiskiðnskóla á Íslandi einu jákvæðu lausnina á umræddum málefnum, en ekki neina lausn, þó að námskeiðin yrðu flutt frá einni stofnun yfir á aðra.

Ef nauðsynlegt reynist að halda áfram námskeiðum eftir tilkomu skólans, féllu þau að sjálfsögðu undir starfsemi hans sem hliðarráðstafanir.

Með sérstakri virðingu.

B. Á. Bergsteinsson.

Fylgiskjal II.

Umsögn ferskfiskeftirlitsins.

FERSKFISKEFTIRLITIÐ

Reykjavík, 10. jan. 1963.

Vér höfum móttekið bréf allsherjarnefndar, dags. 11. des., þar sem óskað er eftir umsögn vorri um tillögu til þingsályktunar, 44. mál, um fiskiðnskóla.

Fiskmatsráð ræddi þetta mál á fundi sínum 7. jan., þar sem allir ráðsmenn voru mættir, og var einróma samþykkt að mæla með tillögunni.

Fiskmatsráð telur, að mikil þörf sé fyrir aukna fræðslu, sem miðuð er við þarfir matsmanna og verkstjórnarmanna í fiskiðnaðinum, enda mikill hörgull á sérhæfum mönnum í flestum greinum þessa undirstöðuatvinnuvegar þjóðarinnar. Telur ráðið, að stefnt sé í rétta átt með löggjöf þeirri, er hér um ræðir.

Virðingarfyllst,

f. h. Ferskfiskeftirlitsins og Fiskmatsráðs.

Þórður Þorbjarnarson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal III.

Umsögn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA

Reykjavík, 6. febrúar 1963.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi, dags. 1. febrúar s. l., beiðzt umsagnar vorrar um tillögu til þingsályktunar um fiskiðnskóla. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni, ályktaði aðalfundur Sölumiðstöðvarinnar 1960 að skora á Alþingi að samþykkja tillögu sama efnis. Afstaða Sölumiðstöðvarinnar hefur ekki breytzt síðan.

Fiskmat ríkisins hefur um nokkurt árabil haldið námskeið fyrir verðandi fiskmatsmenn. Námskeið þessi hafa staðið um hálfan mánuð og einkum verið við það miðuð, að fólk með nokkra verklega reynslu úr fiskiðnaði gæti haft af þeim gagn.

Vér teljum oss ekki gera að ómaklegu lítið úr þessari leiðbeiningarstarfsemi, þótt vér teljum, að gagnsemi námskeiðanna hafi einkum verið í því fólgin, að tækifæri hefur gefizt til nokkurrar viðkynningar við það fólk, sem námskeiðin hefur sótt. Á þann hátt hefur tekizt að ná sambandi við marga, sem hæfileika hafa haft til verkstjórnar. Tíminn, sem námskeiðunum hefur verið ætlaður, hefur hins vegar verið allt of stuttur og námsárangur þar af leiðandi mjög yfirborðskenndur.

Fiskvinnsla er mjög sérhæft starf, og vér teljum, að skortur á hæfu fólki til verkstjórnar og ýmiss konar leiðbeiningastarfa hái frystihúsarekstri nú mjög mikið.

Vér teljum, að stofnun fiskiðnskóla mundi, ef vel tækist til, geta haft mikla þýðingu fyrir fiskiðnað landsmanna.

Vér leyfum oss því enn á ný að skora á hæstvirt Alþingi að samþykkja nú tillögu til þingsályktunar, sem fyrir Alþingi liggur, um stofnun fiskiðnskóla.

Virðingarfyllst,

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna,

Einar G. Kvaran.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

Umsögn Sambands ísl. samvinnufélaga.

SAMBAND ÍSL. SAMVINNUFÉLAGA

Reykjavík, 5. febrúar 1963.

Með tilvísun til bréfs allsherjarnefndar, dags. 1. febrúar s. l., um þingsályktunartillögu um fiskiðnskóla, leyfum vér oss að láta í ljós þá skoðun, að fræðslu og tækifæra til fræðslu um fiskiðnað hafi verið mjög ábótavant hér á landi til þessa. Vér fögnum því þess vegna, að þingsályktunartillaga hefur komið fram um þetta mál, og mælum eindregið með því, að mál þetta verði athugað nánar og bráður bugur undinn að því að koma af stað einhverjum vísi að fiskiðnskóla.

Á þessu stigi málsins erum vér ekki reiðubúnir til þess að láta í ljós neinar ákveðnar skoðanir um, hvernig slíkum skóla skuli hagað, enda gerum vér ráð fyrir því, að fyrir flutningsmönnum vaki, að byrjað verði smátt, en að starfsemin yxi smám saman, eftir því sem reynsla fengist. Vér vildum þó aðeins mega benda á,

að á þessu stigi málsins væri e. t. v. vel þess vert að leita upplýsinga um starfsemi fiskiðnskóla þess, sem rekinn er í Vardö í Noregi.

Virðingarfyllst,

Samband ísl. samvinnufélaga, deild 31,

Valgarð J. Ólafsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal V.

Umsögn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda.

SÖLUSAMBAND ÍSLENZKRA FISKFRAMLEIÐENDA

Reykjavík, 4. febrúar 1963.

Vér höfum móttekið bréf yðar, dags. 1. þ. m., þar sem óskað er eftir umsögn vorri um tillögu til þingsályktunar um fiskiðnskóla.

Vér teljum, að nauðsyn beri til að stofna fiskiðnskóla til þess að búa menn undir fiskmatsstörf, verkstjórn og leiðbeiningarstarfsemi í fiskiðnaði og fiskvinnslu. Um 90% af útflutningi landsins er fiskur og fiskafurðir. Það er því mikið í húfi, að fiskvinnsla öll og meðferð á fiski sé sem allra bezt, til að afurðirnar verði úrvals vara, að svo miklu leyti sem unnt er. Óvandvirkni í framleiðslunni veldur stórkostlegu tjóni, þegar lélegar vörur eru framleiddar í stað gæðavöru. Framleiðslu gæðavöru teljum vér bezt tryggða með aukinni þekkingu þeirra manna, sem hafa umsjón með framleiðslunni, og með leiðbeiningarstarfi kunnáttumanna í hverri grein. Það er aðeins hægt með því, að þeim mönnum, sem þessi störf annast, gefist kostur á að afla sér þeirrar þekkingar og reynslu, sem gerir þá hæfa til að inna þessi störf af hendi.

Undanfarin ár hefur verið skortur á matsmönnum til að meta saltfisk til útflutnings og útflutningur á honum því oft tafizt af þeim sökum, og hið sama mun einnig gilda um mat á skreið. Matsmenn við saltfiskmat eru flestir eldri menn, og á hverju ári hætta fleiri eða færri þeirra störfum fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum, en ekki tekst að fá nýja menn til matsstarfa í staðinn vegna þess, hve starfið er slitrótt og tekjur óvissar. Telja ungir menn því ekki ómaksins vert að afla sér þeirrar þekkingar og reynslu, sem nauðsynleg er til að taka að sér matsstörf. Það er því nauðsynlegt, að jafnframt stofnun skóla, sem kenni og þjálfi menn til matsstarfa, verði þeim mönnum, sem þessi störf stunda, tryggð viðunandi atvinnuskilyrði.

Með skírskotun til þess, sem segir hér að framan, viljum vér mæla með, að tilgreind tillaga til þingsályktunar verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Sölusamband ísl. fiskframleiðenda,

H. Þórarinsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal VI.

Umsögn Samlags skreiðarframleiðenda.

SAMLAG SKREIÐARFRAMLEIÐENDA

Reykjavík, 12. febrúar 1963.

Vér höfum móttekið bréf yðar, dagsett 1. febrúar s. l., þar sem þér beiðizt umsagnar vorrar um hjál. till. til þál. um fiskiðnskóla.

Stjórn Samlags skreiðarframleiðenda hefur á fundi sínum þann 8. febrúar s. l. samþykkt að mæla með þessari tillögu til þál. um fiskiðnskóla.

Virðingarfyllst,

Samlag skreiðarframleiðenda,

Bragi Eiríksson,
framkvæmdastjóri.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal VII.

Umsögn Fiskifélags Íslands.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 19. des. 1962.

Vér höfum móttekið bréf hv. allsherjarnefndar, dags. 11. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um till. til þál. á þskj. 44 um fiskiðnskóla.

Með bréfi voru til allsherjarnefndar, dags. 5. des., mæltum vér með till. til þál. á þskj. 34 um endurskoðun laga um stýrimannaskóla Íslands o. fl. Í 2. tölul. þeirrar tillögu er lagt til, að athugað verði um stofnun sérstaks sjóvinnuskóla, þar sem m. a. yrði veitt fræðsla í fiskverkun, meðferð sjávarafurða, fiskmati og verkstjórn.

Vér fáum ekki annað séð en að hér sé um svo náskyldar tillögur að ræða, að eðlilegast væri, að þær yrðu sameinaðar í eina tillögu, enda fjallað um sama efnið á svipaðan hátt í báðum tillögunum.

Í framhaldi af því, sem vér tókum fram í fyrrgreindu bréfi voru til allsherjarnefndar, erum vér meðmæltir efni þeirrar tillögu, sem hér um ræðir á þskj. 44.

Virðingarfyllst,
Davíð Ólafsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal VIII.

Starfsáætlun fyrir rannsóknar- og kennslustofnun sjávarútvegsins á Finnmörk.

Staðfest af verzlunarmálaráðuneytinu 28. jan. 1938.

1. gr. Markmið.

Stofnunin (Bruket) skal:

1. Veita faglega kennslu ungum mönnum, sem vilja leggja fyrir sig störf í þágu sjávarútvegsins. Fiskverkunarmönnum með starfsreynslu (eldre tilvirkere) skal gefinn kostur á að taka þátt í náminu sem óreglulegir nemendur, eftir því sem aðstæður leyfa.

2. Vinna að því að auka vörugæði norsks fisks og fiskafurða.
3. Reka rannsóknarstarfsemi með það fyrir augum að bæta núverandi verkunaraðferðir og vinna að nýjum, bæði að því er tekur til þess hráefnis, sem þegar er notað, sem hins, er til þessa hefur ekki verið gaumur gefinn.

2. gr. Heimkynni starfseminnar.

Starfið skal unnið í „Statens Fiskebruk" í Vardø.

3. gr. Kennslan.

Námskeið eru 4:

I. Sameinað vetrar- og vornámskeið, sem varir 5½ mánuð, þ. e. 23 fullar vinnuvikur, og hefst 15. janúar.
II. Haustnámskeið, sem varir 3½ mánuð, þ. e. 15 vinnuvikur, og hefst fyrsta virkan dag í septembermánuði.
III. Sérnámskeið í lýsisframleiðslu. Námskeiðið varir 3 mánuði og hefst fyrsta virkan dag í apríl.
IV. Námskeið fyrir reynda fiskverkunarmenn, sem ekki hafa aðstöðu til þess að sækja hin venjulegu námskeið.

Veita skal einnar viku páskaleyfi.

4. gr.

Á námskeiðunum nr. I, II og III er kennslu hagað sem hér segir:

A. Bókleg kennsla (Teoretisk).

Bókleg kennsla skal bundin við nauðsynlega grundvallarþekkingu:

1. Til þess að efla skilning nemenda á undirstöðuatriðum atvinnuvegarins og hverjar ástæður — faglegar og hagrænar — liggja til grundvallar þeim aðferðum, sem beitt er í meðferð fisksins, svo og fyrir hinni margvíslegu framleiðslu fiskafurða, flutningi, geymslu, flokkun og sölu.
2. Til þess að nemendur öðlist rétt mat á kerfisbundinni og viturlegri vinnuhagræðingu við nútíma tækniaðstæður.

Kennslan fer fram í fiskiðjuverinu sjálfu:

1. Með fyrirlestrum, skýringum og sýnikennslu í sambandi við raunhæf störf á staðnum.
2. Með fyrirlestrum og erindaflutningi í fyrirlestrasalnum. Slíkir fyrirlestrar, sem eru skyldugrein, eru haldnir svo oft sem hægt er að útvega fyrirlesara og gagnlegt fræðsluefni.
3. Með sýnikennslu í sýnikennslustofu eða rannsóknarstofu og námsferðum.
4. Loks er gert ráð fyrir sjálfstæðu námi í lesstofu og tiltækum söfnum.

Námsgreinar.

1. **Náttúrufræði.** Fiskarnir, líkamsgerð þeirra og lifnaðarhættir, skordýr, sveppir, gerlar (rotnunargerlar o. fl.). Æfingar og/eða sýnikennsla.
2. **Vörufræði og verzlunarlandafræði.** Um matfiskana norsku og eiginleika fiskafurðanna og fæðugildi þeirra, um stöðlun (standardisering), markaði og markaðskröfur.
3. **Efnafræði.** Hagnýt efnafræði, einkum að því er snertir fisk og fiskafurðir.
4. **Eðlisfræði.** a) Mál og vog, mæli- og vogareiningar og þjálfun í meðferð mæli- og vogartækja, s. s. hitamæla o. fl. b) Meginreglur hitafræði (kæling, hitun og loftræsting), vélfræði og véltækni.
5. **Reikningsfærslur og útreikningar** í sambandi við fiskkaup, framleiðslu o. s. frv.

B. Verkleg kennsla.

Verklega kennslan fer fram sem vinna í fiskiðjuverinu í samræmi við vinnuáætlun, sem forstöðumaðurinn gerir fyrir hvern dag (eða viku) í samráði við kennara, verkstjóra og leiðbeinendur.

Öll vinna í fiskiðjuverinu er skylduvinna.

Ákvæði vinnulöggjafar skulu haldin, nema veittar séu sérstakar undanþágur.

Fiskiðjuverið, sem reka skal á hagrænum grundvelli og sem mest þannig, að ekki verði eyður í starfseminni, skiptist í eftirfarandi deildir:

I. **Bryggju- og afgreiðsludeild.** Móttaka og umsjón í sambandi við uppskipun og útskipun.
II. **Ferskfiskdeild.** Ísun, flökun, frysting, geymsla í frysti.
III. **Deild fyrir saltaðan, þurrkaðan og reyktan fisk og fiskimjöl.**
IV. **Lýsisdeild.** Framleiðsla óhreinsaðs og kaldhreinsaðs meðalalýsis, iðnaðarlýsis og lifrarmjöls.

Nemendur skulu eftir ákveðinni niðurröðun vinna í deildunum undir handleiðslu forstöðumanns, kennara, verkstjóra eða leiðbeinenda.

Nemendur skulu eftir ákveðinni niðurröðun vinna sem flokksstjórar og færa dagbók. Þeir skulu læra að fara með tæki og vélar. Þá skulu þeir í réttri röð vinna á bryggjuskrifstofunni til þess að öðlast raunhæfa þekkingu á reikningsfærslu, útreikningum og vörusendingum.

Til viðbótar hinni almennu kennslu skal nemendum gefinn kostur á að hlýða á „frjálsa“ fyrirlestra, og farnar verða námsferðir, m. a. út á fiskimiðin, þar sem veitt verður tilsögn í meðferð aflans um borð í fiskibátunum.

Kennsla á námskeiðum fyrir starfandi fiskiðnaðarmenn (námskeið IV).

Þeim fiskiðnaðarmönnum, sem geta ekki sótt hin reglulegu námskeið, þ. e. námskeiðin nr. I, II og III, verður veitt aðstaða til þess að fylgjast með kennslu, eftir því sem rúm og aðstaða frekast leyfa. Verður reynt að haga slíkri kennslu í samræmi við áhuga og aðstæður hvers og eins.

5. gr. Rannsóknarstarfsemin.

Unnið verður að rannsókn, sem stofnun þessi á auðvelt með að vinna, eftir því sem við verður komið kennslunnar vegna.

Nemendum verður gefið tækifæri til þess að taka þátt í rannsóknarstörfum, ef þeir óska.

6. gr. Námsskírteini.

Að námskeiðum loknum fá reglulegir nemendur skírteini um þátttöku sína, og er það ritað á sérstakt eyðublað og undirritað af forstöðumanni og minnst einum kennara, verkstjóra eða leiðbeinanda.

Óheimilt er forstöðumanni eða öðrum starfsmönnum að gefa nemendum nokkur önnur vottorð.

Ef nemandi hverfur frá skólanum, áður en námstíma lýkur, fær hann ekki námsskírteini.

7. gr. Tala nemenda.

Á námskeið I og II eru teknir allt að 15 nemendur, sem fá ókeypis kennslu, fæði og húsnæði.

Á sérnámskeið fyrir lýsisvinnslu eru teknir allt að 4 fastir nemendur, sem einnig fá ókeypis kennslu, fæði og húsnæði.

Á námskeiðin fyrir „eldri“ fiskiðnaðarmenn eru nemendur teknir eftir því sem rúm leyfir, og er kennsla ókeypis, en þeir verða sjálfir að greiða dvalar- og fæðiskostnað.

8. gr. Inntökuskilyrði.

1. Sá, sem óskar að verða reglulegur nemandi, verður:
   a) Að vera orðinn 18 ára og ekki eldri en 35 ára. Stjórn fiskiðnaðarskólans (lærebruk) getur þó, eftir ábendingu skólastjóra, veitt undanþágur.
   b) Að senda eiginhandar umsókn til forstöðumannsins um, að hann æski inngöngu í skólann.
   c) Að senda vottorð um hegðun sína. Vottorðið verður að vera undirritað af „lénsmanni", presti eða lækni.
   d) Að senda vottorð frá sjúkrasamlagslækni um, að umsækjandi sé heilsugóður og gangi ekki með smitandi sjúkdóma. Vottorðin skal rita á þar til gerð eyðublöð, sem skólinn lætur í té.
   e) Að senda vottorð trúverðugra manna um, að umsækjandi hafi unnið við fiskverkun eða fiskveiði í a. m. k. 12 mánuði. Vottorðið skal áritað af „lénsmanni", presti eða lækni.
   f) Að senda vottorð um, að umsækjandi hafi öðlazt góða menntun í barnaskóla (folkeskolen).
2. Sá, sem óskar að verða óreglulegur nemandi, verður:
   a) Að vera orðinn 18 ára, en veita má undanþágu frá því ákvæði.
   b) c), d), e) og f) sbr. ofanritað.

Nd. 208. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 34 1948, um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Flm.: Jónas Pétursson.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. gr. laganna orðast svo:

Búnaðarfélag Íslands skiptir milli búnaðarsambandanna því fé sjóðsins, er fellur í hlut þeirra, þannig, að helmingurinn skiptist eftir tölu búnaðarfélagsmeðlima í hverju sambandi, sem kosningarrétt hafa til búnaðarþings, og hinn helmingurinn eftir framleiðslumagni á hverju búnaðarsambandssvæði af gjaldskyldum söluvörum landbúnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og koma skiptingarreglur þær til framkvæmda, sem í 1. gr. eru, við skiptingu búnaðarmálasjóðsgjaldsins, er innheimt er á árinu 1964.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum um búnaðarmálasjóð skiptist gjaldið milli búnaðarsambandanna eftir framleiðslumagni gjaldskyldra vara á hverju sambandssvæði. Telja verður þessa skiptingarreglu mjög óeðlilega í félagsmálastarfi. Búnaðarfélagsskapinn í landinu má skoða sem eina heild, þótt í deildaskiptingu sé. Búnaðarmálasjóðsgjaldið er aðalstarfsfé búnaðarsambandanna, en aðalstarf þeirra er leiðbeiningar til bænda og stuðningur í búfræðilegum efnum. Tala bænda og ræktunarmanna í hverju sambandi væri því hinn eðlilegasti grundvöllur fyrir skiptingu starfsfjárins, og ætti með því að fást jöfnust aðstaða bænda um allt land. Með núverandi fyrirkomulagi verður aðstaða búnaðarsambandanna sterkust þar, sem framleiðslan er mest, þ. e. búskapur beztur, en veikust þar, sem mest er þörf umbóta. Er nokkur hætta á, að þetta verði fremur til að torvelda þá viðleitni ríkisvaldsins að jafna búrekstraraðstöðu héraðanna. Segja mætti því, að eðlilegast væri að skipta öllu búnaðarmálasjóðsgjaldinu eftir tölu bænda. Hér er þó lagt til, að þetta sé aðeins

að hálfu, og er gert vegna þess, að búnaðarsamböndin hafa flest orðið nokkuð fastmótaða starfsemi, ekki sízt hin stærri og fjársterkari, og það gæti þýtt hálfgerða brotalöm í starfsemi þeirra í bili, ef mjög stórfelld röskun yrði á tekjuskiptingunni. Hins vegar virðist nú rétt augnablik til að stíga þetta skref til að setja meiri félagsmálastimpil á, þar sem tekjuaukning búnaðarmálasjóðs hlýtur að verða mikil, fyrst og fremst vegna hækkaðs verðlags og einnig vegna framleiðsluaukningar. Mun þessi breyting því ekki þýða lækkun tekna hjá neinu sambandinu í krónum talið. Ég vildi því vænta þess, að þessi breyting mætti ná samþykki Alþingis.

Ed. 209. Frumvarp til laga [123. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Halldóri Sigurðssyni ábúanda hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. beiðni frá landbúnaðarráðuneytinu, dags. 13. jan. 1964. Bréfi ráðuneytisins fylgdi afrit af bréfi frá Skógrækt ríkisins, dags. 7. janúar, svo hljóðandi:

„Með bréfi þessu vildi ég fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það hlutaðist til um, að **Skógrækt ríkisins verði leyft að selja hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi núverandi ábúanda, Halldóri Sigurðssyni.**

Skógrækt ríkisins keypti 11/12 hluta jarðarinnar 16/5 1957. Kaupverð var kr. 91666.00 Var það vegna skógarins, sem er um 80 hektarar að stærð og er að breiðast út, að jörðin var keypt.

Jörðin liggur milli veganna frá Egilsstöðum að Eiðum og til Seyðisfjarðar og að Eyvindará að landi Dalhúsa. Skógurinn er allur í fjallshlíðinni, en neðan hennar er flatt land með smáholtum og mýrasundum, sem hefur enga þýðingu fyrir Skógrækt ríkisins. Tún er lítið á jörðinni, og þar er gamalt íbúðarhús, sem er næsta einskis virði.

Skógrækt ríkisins vill gjarnan selja hluta af landinu neðan hlíða, en halda skóginum eftir og nokkru landi næst brekkunum. Ábúandinn hefur tjáð sig fúsan til að greiða kr. 75000.00 fyrir þennan jarðarhluta. Stærð hans hefur ekki verið ákveðin enn, en ég mun skýra nánar frá því, þegar landið hefur verið mælt, sem væntanlega verður innan skamms.

Með virðingu,

Hákon Bjarnason.“

Nd. 210. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Flutningur þessa frv. gefur tilefni til að rifja upp nokkur atriði úr upphaflegri stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar.

Verðbólgan skyldi stöðvuð og atvinnulífi þjóðarinnar komið á traustan og heilbrigðan grundvöll með nýjum aðferðum.

Um þetta segir svo í athugasemdum með frumvarpi til laga um efnahagsmál, sem lagt var fyrir Alþingi snemma árs 1960:

„Hér er ekki um að ræða ráðstafanir sama eðlis og þær efnahagsráðstafanir, sem tíðkazt hafa svo að segja árlega nú um skeið og snert hafa fyrst og fremst breytingar á bótakerfi útflutningsins og nauðsynlega fjáröflun í því sambandi, heldur algera kerfisbreytingu."

Og enn segir í sömu athugasemdum:

„Meginatriði tillagnanna eru þessi:

1) Bótakerfi það, sem útflutningsframleiðslan hefur búið við síðan 1951, verði afnumið, en skráningu krónunnar breytt þannig, að útflutningsframleiðslan verði rekin hallalaust án bóta eða styrkja."

Það er öllum ljóst, að þróun mála á valdatímabili ríkisstjórnarinnar hefur orðið með allt öðrum hætti en fyrirheit voru gefin um í stefnuyfirlýsingu hennar. Stjórninni hefur ekki tekizt að framkvæma þá þætti í stefnuskránni, er hún sjálf taldi í upphafi til grundvallaratriða.

Ríkisstjórnin hefur jafnan viljað afsaka ófarir sínar með því, að gerðar hafi verið og gerðar séu óhóflegar launakröfur. Hefur af hennar hálfu verið lögð á það rík áherzla, að kaupgjald mætti ekki hækka, því að þá væri efnahagskerfið í voða.

Þessu til áréttingar bar ríkisstjórnin á síðastliðnu hausti fram frumvarp um að lögbinda kaupið. Sú lagasetning náði ekki fram að ganga, en flutningur frv. er engu að síður ótvíræð vísbending um vilja valdhafanna í þessu efni. En þótt lögbindingin, sem stefnt var að, mistækist, ber þróun kaupgjaldsmálanna að undanförnu merki stjórnarstefnunnar.

Í októbermánuði 1958 var dagvinnukaup verkamanna kr 21.85 á klst. Samkvæmt því voru árslaun fyrir 8 klst. vinnu alla virka daga ársins 52440 kr. Nú er dagvinnukaupið kr. 32.20 á klst., eða 77280 kr. á ári, reiknað á sama hátt. Allir vita og viðurkenna, að kaupmáttur þessarar launafjárhæðar er nú miklu minni en launanna í okt. 1958, áður en núverandi stjórnarflokkar komu til valda. Þó á enn að skerða kaupmáttinn með nýjum álögum samkv. frv. því, er hér um ræðir.

Þegar þess er gætt, að umrædd þróun hefur gerzt á sama tíma og sjávarafli landsmanna hefur verið meiri en nokkru sinni áður, sala útflutningsvara gengur mjög greiðlega og verð fer hækkandi, verður ekki hjá því komizt að álykta, að orsök þess, hvernig til hefur tekizt, sé röng stjórnarstefna.

Stjórnarstefnan var dauðadæmd frá upphafi, vegna þess að hún byggðist á því að hækka allt verðlag gífurlega, en halda niðri kaupgjaldi til verkafólks og afurðaverði til bænda.

Einn meginþátturinn í efnahagsmálalöggjöf ríkisstjórnarinnar 1960 var stórfelld lækkun á gengi krónunnar. Hálfu öðru ári síðar beitti ríkisstjórnin sér enn fyrir krónulækkun. Við samanburð á verðgildi íslenzkrar krónu í utanlandsviðskiptum 1959 og nú þarf að bæta 55% yfirfærslugjaldinu, sem tekið var af flestum gjaldeyrissölum 1959, við skráð gengi á þeim tíma. Slíkur samanburður leiðir í ljós, að á valdatíma núverandi stjórnar hefur erlendur gjaldeyrir hækkað í verði í íslenzkum peningum um 70%. Svo mjög hefur íslenzka krónan rýrnað að verðgildi á þessu tímabili.

Með gengisbreytingunni 1960 taldi ríkisstjórnin að hverfa ætti frá uppbótakerfinu. Þetta var þó ekki gert. Niðurgreiðslum á vöruverði innanlands hefur verið haldið áfram, en þær eru stór þáttur í uppbótakerfinu. Einnig hafa á undanförnum árum verið greiddar úr ríkissjóði miklar bætur til togaraútgerðarinnar. Og hér liggja fyrir tillögur frá ríkisstjórninni og flokkum hennar um uppbætur af ríkisfé til togara, fiskvinnslustöðva og til hækkunar á fiskverði, sem áætlað er að nemi um 180 millj. kr. á þessu ári. Full þörf er fyrir þessar uppbætur. Svo hefur stjórnarstefnan leikið atvinnuvegina. — Þessu til viðbótar telur stjórnin sig vanta 55 millj. kr. til að standa straum af niðurgreiðslum á þessu ári.

Meðal annars af því, sem að framan greinir, má sjá, að stjórnin á málefnum þjóðarinnar hefur tekizt ákaflega illa síðustu 4 árin. Eftir að hafa lækkað íslenzku krónuna svo gífurlega í verði sem að framan getur, þrátt fyrir uppgripaafla, og eftir að hafa meira en þrefaldað útgjöldin á fjárlögum ríkisins, kemur ríkisstjórnin til Alþingis með frumvarp sitt um bráðabirgðaúrræði til að halda uppi útflutningsframleiðslunni í bili og fer fram á heimild til að verja til þess á þriðja hundrað millj. kr. af ríkisfé.

Dýpra og dýpra í dýrtíðarfenið stefnir ríkisstjórnin enn sem fyrr. Enn á að þyngja álögurnar stórkostlega. Þær valda hækkun á verðlagi, sem hefur í för með sér kröfur um hækkun á kaupi o. s. frv.

Hversu lengi skal svo til ganga?

Það kom fram í ræðu forsætisráðherra, er hann mælti fyrir frumvarpinu við 1. umræðu þess, að þær ráðstafanir, sem þar er fjallað um, væru aðeins til að firra vandræðum í bili. Hann lét einnig orð falla um það, að íhuga þyrfti allt þetta mál frá rótum og reyna að finna úrræði, sem ætla mætti að dygðu til nokkurrar frambúðar.

Minni hl. lítur einnig svo á, að brýn þörf sé á að reyna að ná sem víðtækustu samkomulagi um úrlausnir í efnahagsmálunum. Má í því sambandi minna á, að þegar efnahagsmálafrv. ríkisstjórnarinnar var til meðferðar á Alþingi 1960, bar Framsóknarflokkurinn fram tillögu um, að skipuð yrði nefnd manna frá öllum þingflokkum til að reyna að finna úrræði í þeim málum. Á þá tillögu var því miður ekki fallizt á þeim tíma, en Framsóknarflokkurinn telur rétt að freista þess að fá nú samkomulag um skipun slíkrar nefndar. Minni hl. ber því fram breytingartillögu við frv. um, að fyrsta ákvæði þess verði skipun 8 manna nefndar til að rannsaka efnahagsmál þjóðarinnar og leita samkomulags um aðkallandi ráðstafanir í þeim efnum, er miði að því að hindra vöxt dýrtíðarinnar, halda atvinnulífinu í fullum gangi, auka framleiðni og framleiðslu og tryggja öllu vinnandi fólki viðunandi tekjur fyrir hæfilegan vinnutíma. Lagt er til, að hver þingflokkur tilnefni svo menn í nefndina. Minni hl. væntir þess, að samkomulag geti náðst um afgreiðslu málsins á þann hátt, að þetta ákvæði um nefndarskipunina verði tekið inn í frumvarpið, en 5. og 6. gr. þess verði felldar niður.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram 43 millj. kr. á árinu 1964, er verja skal til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Samlag skreiðarframleiðenda hafa af þessu tilefni ritað fjárhagsnefnd bréf, og fulltrúar S. Í. F. komu á fund nefndarinnar. Benda þeir á, að ekki muni síður þörf framleiðniaukningar og annarra endurbóta í þeirra framleiðslugreinum og því ekki sanngjarnt, að þær verði algerlega settar til hliðar við úthlutun þessara uppbóta. Minni hl. fellst á þessi sjónarmið og ber fram breytingartillögu þess efnis, að framangreindar uppbætur verði hækkaðar í 60 millj. kr., í því skyni, að þær nái einnig til framleiðslu saltfisks og skreiðar.

Það er alkunnugt, að rekstraraðstaða fiskfrystihúsanna er ákaflega misjöfn. Frystihús á smærri útgerðarstöðum, sem hafa lítið framleiðslumagn, standa miklu lakar að vígi en stóru húsin, en rekstur þeirra er þó nauðsynlegur fyrir byggðarlögin, þar sem þau starfa. Eitt meðal annars, sem gerir rekstur þessara smærri húsa óhagstæðan, er vinnsla þeirra á sumarveiddum bátafiski, þar sem smáfiskur er

mikill hluti aflans. Það er miklu dýrara að vinna úr smáum fiski en stórum, og veldur þetta miklum erfiðleikum fyrir þau frystihús, sem fá hlutfallslega mikið af smáfiski. Til þess að bæta lítið eitt aðstöðu þeirra vinnslustöðva, sem hafa verst afkomuskilyrði af framangreindum ástæðum, flytur minni hl. breytingartill. við 1. gr. frv. Er hún um það, að heimilt skuli að verja allt að 15 millj. kr. á árinu 1964 úr ríkissjóði til að greiða uppbætur á sumarveiddan bátafisk til þeirra vinnslustöðva, sem hafa lakasta rekstraraðstöðu.

Í 5. gr. frv. er lagt til að hækka söluskattinn á innlendum viðskiptum úr 3% í 5%, og meiri hl. fjárhagsnefndar flytur breytingartill. um, að skatturinn hækki í 5½%. Sé miðað við áætlun í fjárlögum fyrir 1964, nemur 2½% hækkun á söluskattinum fast að 300 millj. á einu ári. Slík hækkun á skattinum veldur auðvitað mikilli dýrtíðaraukningu, sem hlýtur að hafa hinar alvarlegustu afleiðingar. Minni hl. telur skatthækkunina óþarfa. Síðustu árin hefur ríkissjóður haft greiðsluafgang, sem nemur hundruðum milljóna, og allar líkur benda til þess, að ríkistekjurnar á þessu ári fari einnig mikið fram úr áætlun fjárlaga. Minni hl. telur því, að kostnaðinn við þær ráðstafanir, sem ætlunin er að gera samkvæmt frv., eigi að greiða af umframtekjum ríkissjóðs, í stað þess að auka enn dýrtíðarbálið með nýjum álögum, og leggur til, að greinin verði felld úr frv.

Í 6. gr. frv. fer ríkisstjórnin fram á heimild til að fresta verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til á fjárlögum fyrir árið 1964, og taka á þann hátt fjárveitingavaldið af Alþingi. Heimild þessi á að verða ótakmörkuð, svo að ríkisstjórnin geti eftir eigin geðþótta frestað öllum slíkum framkvæmdum eða einhverjum þeirra. Hún fer einnig fram á heimild til að fresta greiðslum til framkvæmda annarra aðila, sem ákveðnar eru í fjárlögum.

Í þessari frumvarpsgrein kemur fram sú stefna ríkisstjórnarinnar, að framkvæmdir hins opinbera, sem ákveðnar eru af Alþingi, svo sem vega- og brúagerðir, hafnargerðir, bygging sjúkrahúsa og skóla og framkvæmdir í raforkumálum, eigi að sitja á hakanum og þoka fyrir framkvæmdum annarra aðila, sem yfir fjármagni ráða, svo sem byggingu bankahúsa, verzlunarhalla og öðru slíku. Minni hl. telur það háskalega stefnu að fella niður nauðsynlegar ríkisframkvæmdir í almannaþágu, til þess að aðrir aðilar geti framkvæmt allt það, sem þeim þóknast, hvort sem það er þarflegt eða óþarft fyrir þjóðfélagið. Minni hl. mótmælir því harðlega ákvæðum 6. gr. og flytur tillögu um, að efni hennar verði fellt úr frv.

Eitt af því, sem hefur valdið erfiðleikum fyrir sjávarútveg og landbúnað, er sú lækkun á afurðalánum frá Seðlabankanum, sem orðið hefur síðustu árin. Fyrir nokkrum árum námu afurðalánin 67% af verði framleiðslunnar, en eru nú aðeins 55%. Lækkun afurðalánanna er ástæðulaus með öllu. Seðlabankinn hefur meiri möguleika nú en áður til að veita slík lán, þar sem hann hefur nú mörg hundruð millj. kr. af sparifé frá innlánsstofnunum á bundnum reikningum.

Minni hl. leggur til, að afurðalánin verði hækkuð í 67% af verði framleiðsluvörunnar, eins og þau voru 1959 og næstu árin þar á undan.

Þá leggur minni hl. til, að vextir af afurðavíxlum hjá Seðlabankanum verði færðir niður í 5% og 5½% af framlengingarvíxlum, eins og þeir voru 1959. Með vaxtalækkuninni væri stigið verulegt skref til að draga úr kostnaði við framleiðsluna.

Minni hl. leggur til, að hagnaði fiskvinnslustöðvanna af vaxtalækkuninni verði varið til hækkunar á fiskverði, samkvæmt útreikningi verðlagsráðs sjávarútvegsins. Kæmi sú fiskverðshækkun til viðbótar þeirri, sem meiri hluti fjárhagsnefndar flytur tillögu um.

Fyrir Alþingi liggur nú till. til þál. um að stofna fiskiðnskóla, og hefur tillaga um þetta verið flutt á undanförnum þingum án þess að hljóta fullnaðarafgreiðslu. Síðasta Alþingi bárust meðmæli með tillögunni frá fiskmatsstjóra, ferskfiskeftirlitinu og öllum helztu samtökum fiskframleiðenda. Þar sem hér er um stórt hagsmunamál sjávarútvegsins að ræða, flytur minni hl. tillögu um, að í þetta frv. verði

tekið ákvæði um undirbúning slíkrar skólastofnunar, er fram fari þegar á þessu ári, og að ríkisstjórnin leggi lagafrumvarp um stofnun skólans fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Minni hl. leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. jan. 1964.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson.

Nd. 211. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein (er verði 1. gr.), þannig:
   Ríkisstjórnin skipar átta manna nefnd -- tvo frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu þeirra — til að rannsaka efnahagsmál þjóðarinnar og leita samkomulags um aðkallandi ráðstafanir í þeim efnum, er miði að því að hindra vöxt dýrtíðarinnar, halda atvinnulífinu í fullum gangi, auka framleiðni og framleiðslu og tryggja öllu vinnandi fólki viðunandi tekjur fyrir hæfilegan vinnutíma.
2. Við 1. gr. (er verði 2. gr.).
   a. Í stað „43 millj." komi: 60 millj.
   b. Á eftir orðinu „freðfisks" komi: saltfisks og skreiðar.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
      Heimilt er að verja á árinu 1964 allt að 15 millj. kr. úr ríkissjóði til að greiða þeim vinnslustöðvum, sem hafa lakasta rekstraraðstöðu, vegna þess að hráefni þeirra er sérstaklega dýrt í vinnslu, en nauðsynlegt er að starfi vegna hlutaðeigandi byggðarlaga, uppbætur á sumarveiddan bátafisk, annan en síld, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
3. Við 5. gr. Greinin falli burt.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin hlutist til um, að afurðalán Seðlabanka Íslands verði 67% af fob.-verði sjávarafurða og 67% af óniðurgreiddu heildsöluverði landbúnaðarafurða.
   Vextir af afurðavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, mega ekki vera hærri en þeir voru á árinu 1959 (5—5½%).
   Verðlagsráð sjávarútvegsins skal reikna út fiskverð fyrir árið 1964, er miðist við það, að lækkun á vaxtakostnaði fiskvinnslustöðva samkvæmt þessari grein gangi til hækkunar á fiskverðinu.
5. Við bráðabirgðaákvæði frv. bætist nýr stafliður, þannig:
   c. Þegar eftir gildistöku laga þessara skal ríkisstjórnin skipa 7 manna nefnd til að gera tillögur um stofnun og rekstur fiskiðnskóla. Nefndin sé skipuð fiskmatsstjóra og einum manni tilnefndum af hverjum eftirgreindra aðila: ferskfiskeftirlitinu, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Samlagi skreiðarframleiðenda og síldarútvegsnefnd. Nefndin skal skila tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. sept. þ. á. og ríkisstjórnin síðan leggja frumvarp til laga um stofnun skólans fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nd. **212. Nefndarálit** [119. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, og mun minni hlutinn (EÁ og SkG) skila séráliti.

Nær öll framleiðsla sjávarafurða í landinu byggist á því, að unnt sé að selja hana á erlendum mörkuðum. Á hinum ýmsu mörkuðum verða útflytjendur þessara afurða að selja vörur sínar í harðri samkeppni við sams konar afurðir frá öðrum þjóðum. Í slíkri samkeppni gildir fyrst og fremst það tvennt, að gæði vörunnar séu samkeppnisfær og að verðið, sem krafizt er, sé í samræmi við markaðsverð á sambærilegri vöru á þeim tíma, sem salan fer fram.

Óhætt mun að segja, að hvað gæðin snertir standi íslenzkar sjávarafurðir vel að vígi í samkeppninni. Yfirleitt mun svo vera, að gæði þessara afurða standast fullkomlega samanburð við það, sem sem annars staðar þekkist, þótt aldrei megi slaka á sjálfsögðum kröfum í því efni.

Um verðlagið og samkeppnisaðstöðuna á því sviði gegnir allt öðru máli. Þar hefur framleiðslukostnaður vörunnar úrslitaáhrif, en einn veigamesti þáttur hans, auk verðs á hráefninu, er vinnslukostnaðurinn. Veigamikill liður í vinnslukostnaðinum, aftur á móti, eru vinnulaun þau, sem greidd eru til þeirra, sem starfa beint eða óbeint að vinnslunni. Breytingar á vinnulaunum hafa því mikil áhrif á framleiðslukostnaðinn og þar með á samkeppnisaðstöðuna.

Á s. l. ári mun láta nærri, að laun við fiskframleiðslu hafi hækkað um ekki minna en 30% og jafnvel meira í sumum tilvikum. Ljóst var, að slíkar stökkbreytingar á kaupgjaldi við framleiðslu útflutningsafurðanna hlutu óhjákvæmilega að leiða til stöðvunar framleiðslunnar, ef ekki yrði að gert, þar sem þær leiddu til stórhækkaðs framleiðslukostnaðar, sem gat ekki fengizt greiddur í söluverði afurðanna á erlendum mörkuðum.

Megintilgangur þessa frv. er að gera ráðstafanir til, að framleiðslan geti gengið áfram með eðlilegum hætti, með því að bæta henni að nokkru þær kauphækkanir, sem orðið hafa, og er þá miðað við þá 15% kauphækkun, sem var samið um í des. s. l., svo sem nánari grein er gerð fyrir í athugasemdum við frv.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að vegna sérstakra erfiðleika togaranna verði greiddur styrkur til rekstrar þeirra umfram það, sem togaraútgerðin kann að fá úr Aflatryggingasjóði vegna aflabrests, svo og til sérstakrar fiskileitar fyrir togaraflotann, sem mjög hefur átt við aflaleysi að stríða nú um nokkurt skeið.

Bein afleiðing af kauphækkunum þeim, sem urðu í des. s. l., og í samræmi við þær er hækkun sú á greiðslum til almannatrygginga, sem gert er ráð fyrir.

Loks er svo gert ráð fyrir, að áður fyrirhugaðar lækkanir á niðurgreiðslum verði ekki látnar koma til framkvæmda að svo stöddu.

Kostnaður af ráðstöfunum þeim, sem frv. gerir ráð fyrir, er áætlaður 210 millj. kr., og er lagt til, að tekna verði aflað til greiðslu á þeim kostnaði með hækkun söluskatts úr 3% í 5%.

Með úrskurði yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins hinn 20. jan. s. l. var á grundvelli laganna um verðlagsráð ákveðið, að á þeirri vetrarvertíð, sem nú er hafin, skyldi fiskverð til veiðiskipanna vera hið sama og það var á vetrarvertíð 1963.

Útvegsmenn hafa talið, að aukinn útgerðarkostnaður, m. a. af hækkunum kaupgjalds, skerði mjög rekstrargrundvöll útgerðarinnar. Sjómenn telja ekki réttmætt, að þeir fái ekki hækkun á sínum launum í nokkru samræmi við almennar launabreytingar í landinu, en laun þeirra ákvarðast að meginhluta til af aflaverðmætinu.

Það verður ekki vefengt, að launa- og verðlagsbreytingar þær, sem orðið hafa í landinu á s. l. ári, íþyngja allverulega útgerðarrekstrinum, og enn fremur er það

ljóst, að launahækkanir á s. l. ári hafa rýrt aðstöðu sjómanna, ef borið er saman við þá, sem í landi vinna. Hvort tveggja þetta hefur óheppileg áhrif á þróun útgerðarinnar í heild.

Meiri hluti nefndarinnar hefur því að athuguðu máli og í samráði við ríkisstjórnina ákveðið að leggja til, að tekið verði upp í frv. ákvæði um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða 6% viðbót við það fiskverð, sem ákveðið hefur verið.

Aðrar tillögur til breytinga á frv., sem meiri hluti nefndarinnar gerir, einnig í samráði við ríkisstjórnina, eru í sambandi við greiðslu styrks til togaranna, og miðar sú breyting að því að taka af öll tvímæli um, að við úthlutun til togaranna samkv. 2. gr. skuli miðað við þá togara, sem gerðir voru út á árinu 1963, en jafnframt sé heimilt að úthluta einnig til togara, sem kunna að verða gerðir út á árinu 1964, en voru ekki gerðir út á árinu 1963.

Aukin útgjöld vegna viðbótarinnar við fiskverðið er áætlað að nemi sem svarar því, að hækka þurfi söluskattinn samkv. 5. gr. frv. um ½%, í 5½%, en sú upphæð er áætluð 52.5 millj. kr.

Loks er svo breytingartillaga við 6. gr., þar sem kveðið er á um, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, ef nauðsynlegt verður talið að fresta verklegum framkvæmdum ríkisins, að aðrir aðilar geri sambærilegar ráðstafanir varðandi framkvæmdir þeirra.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað fyrri málsgr. 2. gr. koma tvær málsgr., svo hljóðandi:
   Á árinu 1964 greiðir ríkissjóður Aflatryggingasjóði 51 millj. kr., er stjórn sjóðsins úthlutar til togara, sem gerðir voru út á árinu 1963. Skal úthlutunin miðast við úthaldstíma togara og að öðru leyti fara eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Aflatryggingasjóðs. Heimilt er að úthluta af fé þessu, eftir hliðstæðum reglum, til togara, sem voru ekki gerðir út 1963, en eru gerðir út 1964.
   Úthlutun samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr. er bundin því skilyrði, að samið hafi verið um greiðslu lána, sem hvíla á viðkomandi togara og eru í vanskilum við Ríkisábyrgðasjóð.
2. Við 2. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Frá 1. jan. 1964 er ríkisstjórninni heimilt að greiða sem svarar 6% viðbót við það ferskfiskverð, sem ákveðið var með úrskurði yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. janúar 1964.
3. Í stað „5%“ í 1. og 3. málsgr. 5. gr. kemur: 5½%.
4. 6. gr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin skal leita samstarfs við lánastofnanir, sjóði, sveitarstjórnir og einkaaðila um að halda fjárfestingarframkvæmdum á árinu 1964 innan hóflegra takmarka, og er í því skyni heimilt að fresta til ársins 1965 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til í fjárlögum fyrir árið 1964. Sama gildir um greiðslu framlaga til framkvæmda annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárlögum 1964.

Alþingi, 27. jan. 1964.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.

Nd. **213. Breytingartillögur** [119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „framleiðslu freðfisks“ komi: fiskframleiðslu.
   b. Við greinina bætist:
      Í reglunum skal ákveðið, að þær fiskframleiðslustöðvar, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, njóti hlutfallslega hærri styrks en hinar, sem betri aðstöðu **hafa.**
2. Við 2. gr.
   a. Við 1. málsgr. bætist:
      Styrkur fyrir þann úthaldstíma, sem skip hefur veitt fyrir innlendan markað, skal þó vera helmingi hærri en fyrir þann tíma, sem það hefur veitt fyrir erlendan markað.
   b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Heimilt er ráðherra að setja þau skilyrði fyrir greiðslu styrks til togara samkvæmt þessari grein, að samningar hafi tekizt um sanngjarna hækkun á kaupi togarasjómanna.
   c. Aftan við greinina bætist:
      Fiskverð það, sem ákveðið var af oddamanni yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins með úrskurði þann 20. janúar 1964, skal hækka um 15%, og gildir sú hækkun frá 1. janúar 1964.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað „4.2%“ í 1. tölulið 1. málsgr. komi: 2.4%.
   b. Í 4. málsgr. breytist tölurnar þannig:

73.4	%	verði	68 %.
17.2	%	—	21 %.
5.9	%	—	7 %.
1.53	%	—	1.8%.
1.17	%	—	1.3%.
0.8	%	—	0.9%.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Frá 1. febrúar 1964 skulu vextir Seðlabanka Íslands af afurðalánum eigi vera hærri en 2% og útlánsvextir viðskiptabankanna á þeim lánum eigi hærri en 2½% fyrstu 6 mánuði lánstímans, en mega hækka úr því um ½%.
   Seðlabankinn skal veita afurðalán, sem nema ⅔ af áætluðu útflutningsverði vörunnar.
   Frá 1. febrúar 1964 skulu almennir innláns- og útlánsvextir banka og sparisjóða og vextir af öllum föstum lánum færast í það, sem þeir voru, áður en efnahagslögin frá 20. febrúar 1960 voru sett.
5. Við 6. gr. Greinin falli niður.
6. Við ákvæði til bráðabirgða bætist:
   c. Ríkisstjórnin skal strax að lögum þessum samþykktum skipa 5 manna nefnd, sem geri tillögur til Alþingis um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma togaraútgerð landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll.

Ed. **214. Frumvarp til laga** [124. mál]

um breyting á lögum nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar varðskip veitir íslenzku fiskiskipi hjálp úr háska, skal greiðsla fyrir hjálpina fara eftir reglum, er dómsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum landhelgisgæzlunnar, Skipstjórafélags Íslands, Sjómannasambands Íslands, Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, Sambands íslenzkra vátryggingarfélaga og Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Við ákvörðun gjaldsins skal miðað við útgerðarkostnað varðskipsins og þann tíma, er hjálpin tók. Teljist háski sá, sem fiskiskipið er í, stórkostlegur, svo sem eldsvoði eða strand, má þó krefjast björgunarlauna eftir reglum siglingalaganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp var flutt á síðasta þingi. Sjávarútvegsnefnd efri deildar gerði þá á frumvarpinu þær breytingar, að leita skyldi tillagna frá ýmsum félagssamtökum, áður en dómsmálaráðuneytið setti reglugerð varðandi verðákvörðunina. Er 1. gr. frumvarpsins nú samhljóða því, sem efri deild afgreiddi frumvarpið á síðasta þingi. — Neðri deild lauk eigi afgreiðslu málsins á þinginu, og er það því endurflutt nú. Að öðru leyti fylgdi frumvarpinu svo hljóðandi greinargerð:

„Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 22. gr. laga nr. 61 frá 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, er svo ákveðið, að greiðsla fyrir hjálp, er skip, sem gerð eru út af ríkissjóði eða ríkisstofnunum, veita skipum, sem tryggð eru samkvæmt þeim lögum eða hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, skuli ekki fara eftir venjulegum björgunarreglum, heldur ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, og skal greiðsla miðast við það fjártjón og tilkostnað, sem hjálpin hefur bakið þeim, er hana veitti.

Hjá bátaábyrgðarfélögunum eru naumast vátryggð önnur skip en þar er skylt að tryggja og eru minni en 100 brúttórúmlestir. Hin stærri fiskiskip eru flest tryggð hjá einkavátryggingarfélögum, sem njóta ekki hagsbóta af fyrrgreindum reglum. Hefur þetta valdið því, að tryggingar þessar hafa orðið nokkru dýrari en ella.

Ríkissjóður gerir út nokkur varðskip, sem sérstaklega eru byggð til þeirra nota, en búin björgunartækjum. Þá gerir ríkissjóður út nokkur björgunarskip eða björgunarskútur, sem að verulegu leyti eru byggð fyrir samskotafé og ætluð aðallega til öryggiseftirlits með skipum og bátum og björgunarstarfsemi á ákveðnum hafsvæðum. Þessi skip eru einnig notuð til gæzlu fiskveiðilandhelginnar.

Þegar litið er til þessa, virðist ekki rétt, að ríkissjóður krefji um björgunarlaun eftir reglum siglingalaganna, þegar þessi skip veita íslenzku fiskiskipi hjálp í háska.

Í frumvarpi þessu er því lagt til, að dómsmálaráðherra ákveði með reglugerð, hver sé hæfileg þóknun fyrir aðstoð, er þessi skip veiti, og virðist eðlilegt, að það sé miðað við rekstrarkostnað hvers skips á hverja klukkustund, og mundi þá hjálpargjaldið fara eftir því, hvaða skip hjálpina veitti og hve langan tíma hún tók.

Ef um stórkostlega hættu er að ræða fyrir skip það, sem í háska er, svo sem eldsvoða um borð eða strand, virðist ekki ástæða til að víkja frá reglum siglingalaganna um björgun og bjarglaun.

Geta má þess, að erlendis er það föst venja, að skip, sem hafa björgunarstarfsemi að atvinnu, taki fyrir hjálp sína tímakaup, en ekki bjarglaun samkvæmt ákvæðum siglingalaganna.“

Nd. **215. Frumvarp til laga** [125. mál]

um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla.

Flm.: Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Ríkið skal aðstoða þá aðila, sem reka almenn barnaheimili: vöggustofur, dagheimili og vistheimili svo og sumardvalarheimili fyrir börn, svo sem hér segir:

Ríkið greiðir viðkomandi aðila a. m. k. 600 kr. á mánuði fyrir hvert barn sem rekstrarstyrk til barnaheimilisins, en þó að jafnaði eigi minna en þriðjung kostnaðar við rekstur heimilisins.

Aðilar geta verið hvort heldur er sveitarfélag, áhugafélag, opinber stofnun eða atvinnufyrirtæki.

Félagsmálaráðuneytið ákveður með reglugerð, hve mikinn hluta áætlaðs rekstrarkostnaðar aðstandendur barna, ef einhverjir eru, skuli greiða, og skal þar höfð sú regla, að greiðsla fari eftir efnahag og aðstæðum aðstandenda, allt frá því að vera ókeypis fyrir þá aðstandendur, sem við erfiðastar aðstæður búa, og upp í að vera ⅔ rekstrarkostnaðar fyrir þá, sem beztar aðstæður hafa, en þó skal ætíð taka tillit til barnafjölda frá sömu fjölskyldu.

Félagsmálaráðuneytið skal fela trúnaðarmönnum sínum eftirlit með barnaheimilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Ríkið skal aðstoða sveitarfélög, sem hafa yfir 1000 íbúa og byggja barnaheimili, eftir að lög þessi öðlast gildi, svo sem hér segir:

Ríkið leggur fram helming kostnaðar við slíka byggingu og tilheyrandi tæki, enda hafi félagsmálaráðuneytið samþykkt teikningu.

Heimilt er og ríkisstjórn að veita slíkt framlag til kaupa á húsi til rekstrar barnaheimilis, ef sveitarstjórn óskar þess frekar og félagsmálaráðuneytið álítur hús heppilegt til slíks rekstrar.

Ríkisstjórninni er og heimilt að ábyrgjast byggingarkostnað eða kaupverð.

Greiðslu á framlagi ríkisins í þessu skyni skal lokið innan fimm ára, frá því að bygging er hafin.

Nú byggir eða kaupir einn þeirra aðila, sem um ræðir í 1. gr. 3. málsgr. barnaheimili, sem þessi grein gerir ráð fyrir, og er þá ráðherra heimilt að láta þann aðila njóta slíks styrks, er þessi grein ákveður, ef viðkomandi sveitarstjórn mælir með því.

3. gr.

Nú óskar sveitarfélag með undir 1000 íbúum að verða þess réttar aðnjótandi, sem ákveðinn er í 2. og/eða 3. gr., og skal þá félagsmálaráðuneytið athuga ósk þá sérstaklega, og er heimilt að verða við henni, ef aðstæður eru þannig að mati ráðuneytisins að nauðsyn sé á þessu fyrir sveitarfélagið.

4. gr.

Ríkið skal reka fóstruskóla í Reykjavík, þ. e. skóla til þess að kenna þeim, er búa sig undir störf við barnaheimili.

Ríkisstjórnin skal með reglugerð ákveða fyrirkomulag skólans. Skal í þeirri reglugerð ákveðið, að við hann skuli starfa skólastjóri og minnst tveir fastir kennarar. Námstími skal vera a. m. k. 24 mánuðir samanlagt, miðað við 6 stunda kennslu á dag.

Ríkisstjórninni heimilast að leigja húsnæði undir skólann, meðan ekki hefur verið reist skólahús.

Ríkisstjórninni er heimilað að kaupa hús eða láta byggja hús til þessarar skólastarfsemi og taka lán til þess að standast þann kostnað, allt að 4 — fjórum — milljónum króna.

Greinargerð.

Vér verðum að horfast í augu við þá þjóðfélagslegu byltingu, sem breytt hefur íslenzku þjóðfélagi á örskömmum tíma úr hinu forna bændaþjóðfélagi í bæjar- og borgaþjóðfélag með öllum þess kostum og löstum. Vér verðum að glíma við þau þjóðfélagslegu vandamál, sem þetta nýja mannfélag skapar, og ráða við þau.

Eitt af hinum miklu vandamálum þessa bæjaþjóðfélags er barnauppeldið sökum þeirrar gerbreytingar, sem orðin er á fjölskyldulífinu og þjóðfélagslegri aðstöðu kvenna. Konan vinnur nú í sívaxandi mæli utan heimilis, bæði við að mennta sig og þjálfa til starfs og síðan við starfið sjálft. Uppeldi barnanna verður í æ ríkara mæli verkefni þjóðfélagsins. Þetta er viðurkennt með sjálfri skólalöggjöfinni hvað snertir börnin 7 ára og eldri. En þetta á í æ ríkari mæli við börnin undir þeim aldri. Í þessum efnum er að gerast þróun, sem verður ekki stöðvuð, hvort sem mönnum þykir betur eða verr. Verður að horfast í auga við það af fullri djörfung og taka afleiðingunum með því að framkvæma þær félagslegu endurbætur, sem þetta ástand kallar á.

Fyrir margar mæður er það bein, óhjákvæmileg nauðsyn að geta komið börnum innan 7 ára á vöggustofur og dagheimili, bæði vegna vinnu, er þær stunda, máske sem eina fyrirvinnan, sem og vegna náms. En fyrir allar þær mæður, er stunda vinnu utan heimilis, er þetta einnig nauðsyn og gott fyrir þjóðfélagsheildina, er nýtur góðs af vinnu þeirra. Þessi nauðsyn er þegar viðurkennd af öllum stærstu bæjarfélögum landsins, og fjöldi kvenna hefur unnið mikið og fórnfúst starf við að halda uppi barnaheimilunum sem fóstrur, gott og nytsamt starf hefur verið af hendi leyst til að halda uppi kennslu fóstranna við erfiðar aðstæður og mikið sjálfboðaliðsstarf verið unnið bæði af konum og karlmönnum vegna þessara barnaheimila. Það er því tími til kominn, að farið sé að festa þetta fyrirbrigði: barnaheimilin, í löggjöf með því að byrja á að ákveða aðstoð ríkisins við þau, eigi ósvipað og þegar er gert með barnaskólana. Erlendis er þessi mikla nauðsyn þegar viðurkennd í löggjöf. Sérstaklega eru Danir og Svíar til fyrirmyndar í þessum efnum.

Það er lagt til í þessu frv., að undir væntanleg lög heyri almenn barnaheimili, þ. e. a. s.: 1) dagheimili fyrir börn, 2—6 ára, þar sem þau eru frá morgni til kvölds og borða á heimilinu; 2) vistheimili fyrir börn, sem geta ekki dvalizt heima hjá sér; 3) vöggustofur fyrir börn undir 2 ára (eða eins og nú er kallað víða vöggustofur og skriðdeild); 4) sumardvalarheimili fyrir börn. Hins vegar mundu ekki heyra undir þessi lög barnaheimili fyrir vangefin börn, taugaveikluð eða þau, sem að öðru leyti þurfa að vera undir hendi lækna eða sérfræðinga. Þarf sérstök lög um slík heimili.

Í Reykjavík er þetta vandamál barnaheimilanna eðlilega brýnast sökum stærðar bæjarfélagsins, og þar hefur þegar verið hafizt handa og eru miklar fyrirætlanir um framkvæmdir á næstu árum. En þar er þörfin svo gífurleg, að ekki er unnt að leysa nema úr örlitlum hluta vandans með þeirri aðstöðu, sem þegar er sköpuð. Eftirspurnin er svo mikil eftir að koma börnum að á barnaheimilum, að ekki þykir einu sinni taka því að setja fólk á biðlista.

Á þrem vöggustofum (og „skriðdeild“) er rúm fyrir 68 börn. Á sex dagheimilum er rúm fyrir 330 börn. Vistheimili fyrir þau börn, sem aðeins geta treyst á bæjarfélagið sem aðstandanda sinn, hefur aðeins verið eitt, að Silungapolli, fyrir 30 börn, — og er þeirri vistarveru mjög ábótavant, — og svo fyrir slík börn á

skólaskyldualdri eitt að Reykjahlíð. En nú er verið að reisa upptökuheimili fyrir slík börn að Dalbraut.

Reykjavíkurborg hefur þegar keypt 5 hús fyrir dagheimili og greitt sjálf. Barnavinafélagið Sumargjöf hefur unnið gott brautryðjandastarf í þessum málum, svo og Verkakvennafélagið, Mæðrafélagið, Thorvaldsensfélagið og fleiri.

Reykjavíkurborg hefur þegar gert áætlanir um að verja á næstu 4 árum allt að 12 milljónum króna á ári — eins og er á fjárhagsáætlun í ár — til þess að byggja 2 hús fyrir barnaheimili á ári, sjá fylgiskjal I. Vart mun þó sú áætlun verða framkvæmd til fulls, nema til aðstoðar komi annars staðar frá. Framlag samkvæmt þessum lögum mundi hins vegar tryggja, að farið yrði fram úr þessari áætlun, og þess er full þörf.

Í kaupstöðum úti um land er verið að berjast við að koma upp barnaheimilum, og þarf að létta undir með bæjarfélögunum í þeirri baráttu. Í Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Siglufirði, Akranesi, Ísafirði og víðar er þörfin brýn og ýmsar framkvæmdir hafnar, en fjárskortur háir alls staðar.

Það er lagt til, að ríkið greiði einn þriðja rekstrarkostnaðar við barnaheimilin. Hann er talinn í Reykjavík um 1800 krónur á mánuði. Væri þá eðlilegt, að bæjarfélagið greiddi þriðjung og aðstandendur þriðjung, þó þannig, að það færi eftir efnum og ástæðum, eins og reglugerð félagsmálaráðuneytisins mælti fyrir. Mæður, sem einar berjast fyrir að framfleyta börnum sínu, eiga ekkert að greiða, en hjón, sem vinna bæði utan heimilis á góðu kaupi, ættu að greiða ⅔ kostnaðar, en síðan væru ýmis millistig. Hafa Danir og Svíar gott skipulag á þessu, er taka mætti til fyrirmyndar.

Þá er lagt til, að ríkið greiði hálfan kostnað við byggingu barnaheimila, sem reist eru, eftir að lög þessi öðlast gildi. Er að öllu leyti eðlilegt, að um byggingu barnaheimila fari eins og um barnaskóla.

Þótt fyrst og fremst sé gert ráð fyrir, að sveitarfélög með yfir 1000 íbúa þurfi á þessari aðstoð að halda, þá er þó með 3. gr. heimilað að veita minni sveitarfélögum einnig slíka aðstoð.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að rekstrarstyrkinn geti eftirfarandi aðilar fengið:

1) Sveitarfélögin sjálf, og verður það eðlilega höfuðreglan.

2) Áhugafélög. Eins og fyrr er getið, hafa ýmiss konar áhugafélög í þessu efni víða brotið ísinn, jafnt verkakvennafélög og kvenfélög sem barnavinafélög og Thorvaldsensfélagið. Það er því rétt að gera ráð fyrir því, að þau njóti slíks styrks, þó að þróunin verði víðast hvar sú, að bæirnir taki síðan reksturinn að sér.

3) Opinberar stofnanir. Það er rétt að gera ráð fyrir, að opinberar stofnanir, eins og háskólinn og ríkisbankarnir o. fl., vilji koma upp barnaheimilum vegna þeirra, sem vinna þar og nema. Er hin brýnasta þörf á þessu, ekki sízt við háskólann, ef jafnrétti kvenna til æðri mennta á að verða raunveruleiki.

4) Atvinnufyrirtæki. Þá er og eðlilegt, að stórfyrirtæki, ekki sízt þau, sem hafa margt kvenna starfandi hjá sér, komi upp barnaheimilum við verksmiðjur. Slíkt tíðkast víða erlendis, ekki sízt í sósialistísku ríkjunum. Hefur og verið gerð *nokkur tilraun með slíkt hér, og er rétt að ýta undir það.*

Vistheimili, þar sem börn dveljast alveg, eru orðin mikil nauðsyn, eins og þjóðfélagsþróunin er. Ríkið og bæjarfélögin, ekki sízt höfuðborgin, eiga að setja stolt sitt í það að gera slík heimili vel úr garði. Þau börn, sem eru svo ógæfusöm að geta ekki notið foreldra af einni eða annarri ástæðu, eiga að finna það, að þjóðfélagið getur verið þeim góður aðstandandi. Ísland er nú svo ríkt, að það á að setja sóma sinn í það að búa sem bezt að slíkum börnum. Þau fara nógu mikils á mis samt.

En öll þessi barnaheimili verða ekki rekin án kennara frekar en barnaskólarnir. Ríkið verður því að taka að sér að koma upp föstum skóla fyrir fóstrurnar. Sá skóli hefur verið á hrakhólum, engan fastan samastað átt og ýmsa erfiðleika átt við að stríða. Þess vegna mælir 4. gr. fyrir um stofnun slíks skóla, en meðan hann er

í mótun, er eðlilegt, að ríkisstjórnin ráði skipan hans meira með reglugerð, byggðri á þessum lögum, en að nákvæm lög séu sett síðar. Svipað var gert um tækniskóla á síðasta þingi. Rétt væri og, að ríkisstjórnin tæki það til alvarlegrar athugunar, hvort hægt væri, annaðhvort í sambandi við fóstruskólann eða kennaraskólann, að koma upp leiðsögn eða kennslu fyrir þá, sem verða vilja tómstundakennarar, æskulýðsleiðbeinendur eða starfsfólk vegna þjóðfélagslegra vandamála (social workers), þannig að það fólk fengi undirbúning hér undir fullkomnara nám erlendis.

Skiptar eru skoðanir um, hvort hentugra væri, að fóstruskóli yrði deild í kennaraskólanum, og þarf m. a. að athuga það mál, áður en fóstruskóli er endanlega mótaður. En starfsemi hans verður að efla og tryggja nú þegar, því að skortur á fóstrum háir starfsemi barnaheimilanna tilfinnanlega. Skólastjóri fóstruskólans, frú Valborg Sigurðardóttir, sagði í ræðu, sem hún hélt við skólaslit 25. maí 1963: „Mér telst svo til, að til þeirra barnaheimila, sem byggja skal hér í borg á næstu 5 árum, þurfi minnst milli 50 og 60 sérmenntaðar fóstrur. Reikna ég hér eingöngu með fóstrum í stöður forstöðukvenna og deildargæzlu. Ef fullnægja á þessum lágmarkskröfum til starfsliðs, þarf að auka og efla fóstruskólann að miklum mun. Skoðun mín er sú, að tómt mál sé að tala um að fjölga barnaheimilum hér á landi, ef fóstruskólinn er ekki efldur að sama skapi.“ Í fóstruskólanum höfðu alls 88 lokið námi þá, er skólastjórinn hélt þessa ræðu, en þá voru 14 útskrifaðar, svo að alls hafa 102 lokið námi.

Það er því hin brýnasta nauðsyn að efla fóstruskólann, fá til hans nýja nemendur, auglýsa skólann sem bezt og hvetja efnilegar stúlkur til þessa náms. Nú er ástandið þannig, að í þrem af sex barnaheimilum í Reykjavík eru engar fóstrur starfandi nema sem forstöðukonur. Þyrfti einnig að athuga viðvíkjandi framtíðarstarfi á þessum vettvangi að gera þeim, sem sérstökum trúnaðarstörfum gegna, fært að nema við erlenda sérskóla eða stofnanir í þessum efnum, sem eru ágæt á Norðurlöndum.

Fylgiskjal I.

Áætlun um byggingu dagheimila og leikskóla í Reykjavík 1964—1968.

Lögð fram í borgarstjórn Reykjavíkur vorið 1963.

Árið 1964. Heildarupphæð 6 millj.

Dagheimili við Rauðalæk, fullgert, kostnaður 6 millj. kr.

Árið 1965. Heildarupphæð 9 millj.

Leikskólar í Vogahverfi og Hvassaleiti, fullgerðir, kostnaður samtals 5 millj.

Dagheimili í Vogahverfi og leikskóli við Safamýri, byrjunarframkvæmdir, samtals 4 millj.

Árið 1966. Heildarupphæð 9 millj.

Leikskóli við Safamýri og dagheimili í Vogahverfi, lokaframkvæmdir, samtals 4.5 millj. Dagheimili í Háteigshverfi, fullgert, hluti borgarsjóðs 3 millj. (reiknað með 3 millj. frá öðrum aðilum). Leikskóli við Rauðalæk, byrjunarframkvæmdir, 1.5 millj.

Árið 1967. Heildarupphæð 9 millj.

Leikskóli við Rauðalæk, lokaframkvæmdir, 1 millj. Dagheimili við Árbæjarblett, fullgert, 6 millj. Dagheimili í Hvassaleiti, byrjunarframkvæmdir 2 millj.

Árið 1968. Heildarupphæð 9 millj.

Dagheimili við Vesturborg, byrjunarframkvæmdir, 3.75 millj. Dagheimili í Hvassaleiti, lokaframkvæmdir, 4 millj. Leikskóli í Háteigshverfi, fullgerður, hluti borgarsjóðs 1.25 millj. (gert ráð fyrir jafnháu framlagi annars staðar frá).

Fylgiskjal II.

Áætlun um byggingu vistheimila 1963—1968.

1963. Upptökuheimili við Dalbraut, byrjun, 1.5 millj.

1964. Upptökuheimili við Dalbraut, lokið, 4.5 millj.

1965. Fjölskylduheimili (byggt eða keypt), lokið, 1.5 millj.
Upptökuheimili við Hlíðarenda, byrjað, 1.5 millj.

1966. Upptökuheimili við Hlíðarenda, lokið, 1.5 millj.
Vistheimili fyrir 12—16 börn (2—7 ára), byrjað, 1.5 millj.

1967. Vistheimili fyrir 12—16 börn (2—7 ára), lokið, 2 millj.
Unglingaheimili 5—8 pilta, byrjað, 1 millj.

1968. Unglingaheimili 5—8 pilta, lokið, 1 millj.
Unglingaheimili 5—8 stúlkna, lokið, 2 millj.

Sþ. 216. Tillaga til þingsályktunar [126. mál]

um fjölgun tannlækna.

Flm.: Katrín Smári.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að fjölga tannlæknum í landinu og tryggja þannig meiri og betri tannlækningar og leggja tillögur til úrbóta fyrir næsta reglulegt þing.

Greinargerð.

Það er alkunna, að tannlækningar eru einn veikasti hlekkur í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Er skortur á tannlæknum, með þeim afleiðingum, að erfitt er að fá tannviðgerðir nema eftir langa bið, og hlýtur slíkt ástand að hafa slæm áhrif á tannheilsu þjóðarinnar.

Sérstök ástæða er til að hafa áhyggjur af þessum málum vegna barna og unglinga. Er hinni vaxandi æsku mikil nauðsyn, að haft sé eftirlit með tönnum þeirra og lækning tryggð í tíma, þegar hennar er þörf. Sama gildir um barnshafandi konur.

Tannlæknanám krefst sérstakrar og mjög dýrrar aðstöðu. Enda þótt nýlega hafi verið aukið við tannlæknadeild Háskóla Íslands, er aðgangur að deildinni takmarkaður, og sækja árlega margir árangurslaust um upptöku í deildina.

Æskilegt er, að ríkisstjórnin láti rannsaka þetta mál vandlega og leita lausnar á vandanum, þar sem þjóðin vafalaust vill, að tannlækningar séu ekki torfengnari eða dýrari en aðrar lækningar. Er það tilgangur þessarar tillögu, að slík rannsókn fari fram og leiði til aðgerða sem fyrst.

Nd. **217. Frumvarp til laga** [119. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. jan.)

1. gr.

Ríkissjóður leggur fram 43 millj. kr. á árinu 1964, er verja skal til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

2. gr.

Á árinu 1964 greiðir ríkissjóður Aflatryggingasjóði 51 millj. kr., er stjórn sjóðsins úthlutar til togara, sem gerðir voru út á árinu 1963. Skal úthlutunin miðast við úthaldstíma togara og að öðru leyti fara eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Aflatryggingasjóðs. Heimilt er að úthluta af fé þessu, eftir hliðstæðum reglum, til togara, sem voru ekki gerðir út 1963, en eru gerðir út 1964.

Úthlutun samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar er bundin því skilyrði, að samið hafi verið um greiðslu lána, sem hvíla á viðkomandi togara og eru í vanskilum við Ríkisábyrgðasjóð.

Á árinu 1964 er heimilt að greiða úr ríkissjóði til fiskileitar í þágu togara allt að 4 millj. kr. umfram þá fjárhæð, sem kann að verða greidd í þessu skyni samkvæmt 7. tölulið 16. gr. B í fjárlögum fyrir árið 1964.

Frá 1. jan. 1964 er ríkisstjórninni heimilt að greiða sem svarar 6% viðbót við það ferskfiskverð, sem ákveðið var með úrskurði yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. janúar 1964.

3. gr.

Frá 1. febrúar 1964 skal útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt 1. gr. laga nr. 66/1957 vera sem hér segir:

1. Af saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum og hrognum, af skreið, freðfiski, frystum rækjum, hrognum og humar, svo og af frystum fiskúrgangi til skepnufóðurs, 4.2% af fob-verði.
2. Af niðursoðnum sjávarafurðum og af afurðum frá selveiðum 2% af fob-verði.
3. Af öðrum sjávarafurðum (þar á meðal hvalafurðum) öðrum en þeim, er um ræðir í 1. og 2. tölulið þessarar málsgr., 6% af fob-verði.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir fyrirmæli 1. og 2. töluliðs 1. málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Frá 1. febrúar 1964 skulu útflytjendur afurða þeirra, er um ræðir í 1. og 3. tölulið 1. málsgr., greiða þriðjung útflutningsgjalds af þeim, um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd, og jafnframt skulu þeir afhenda tollyfirvöldum ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir ⅔ hlutum gjaldsins. Tollyfirvöld senda gjaldeyriseftirlitinu ávísanir þessar, og tekur það fé til greiðslu á þeim af söluandvirði gjaldskyldra afurða.

Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum frá 1. febrúar 1964 skal ráðstafað þannig: Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur, 73.4%, til Fiskveiðasjóðs Íslands 17.2%, til Fiskimálasjóðs 5.9%, til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips 1.53%, til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 1.17% og til Landssambands íslenzkra útvegsmanna 0.8%.

4. gr.

Til viðbótar framlagi til Fiskveiðasjóðs samkvæmt 2. tölulið 2. gr. laga nr. 40/1955 (sbr. 9. tölulið 16. gr. B í fjárlögum fyrir árið 1964), greiðir ríkissjóður hon-

um frá 1. febrúar 1964 árlega fjárupphæð, sem er jafnhá tekjum sjóðsins af gjaldi af útfluttum sjávarafurðum, sbr. 4. málsgr. 3. gr.

5. gr.

Söluskattur samkvæmt II. kafla laga nr. 10/1960, um söluskatt, skal frá 1. febrúar 1964 nema 5½% af andvirði seldrar vöru og hvers konar verðmætis, eftir því sem nánar er ákveðið í téðum lögum.

Við framtal til söluskatts fyrir fyrsta ársfjórðung 1964 skulu framteljendur skila tveimur framtalsskýrslum, annarri fyrir janúar og hinni fyrir febrúar og marz. Skattyfirvöld geta krafizt þess, að söluskattsskyldir aðilar láti í té hvers konar upplýsingar varðandi skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal má til samanburðar, ef ástæða þykir til, krefjast hliðstæðra upplýsinga um skiptingu viðskipta á fyrsta ársfjórðungi 1963.

Við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, skal innheimta 5½% söluskatt frá og með 1. febrúar 1964. Þó skal innheimta 3% söluskatt við tollafgreiðslu slíkrar vöru, ef innflytjandi hefur fyrir 1. febrúar 1964 nema 5% af andvirði seldrar vöru og hvers konar verðmætis, eftir að unnt sé að tollafgreiða vöruna, sbr. 14. gr. tollskrárlaga, nr. 7/1963. Þetta gildir þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 8. febrúar 1964.

Fyrirmæli 3. málsgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sem hefur verið afhent honum fyrir 1. febrúar 1964 með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 22. gr. tollskrárlaga, nr. 7/1963), enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

Fyrirmæli 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 10/1960 taka ekki til þeirrar hækkunar söluskatts, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar gr., sbr. a-lið 16. gr. laga nr. 69/1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

6. gr.

Ríkisstjórnin skal leita samstarfs við lánastofnanir, sjóði, sveitarstjórnir og einkaaðila um að halda fjárfestingarframkvæmdum á árinu 1964 innan hóflegra takmarka, og er í því skyni heimilt að fresta til ársins 1965 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til í fjárlögum fyrir árið 1964. Sama gildir um greiðslu framlaga til framkvæmda annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárlögum 1964.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerðum eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

a. Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1963 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur, með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.
b. Fyrirmæli 4. málsgr. 7. gr. laga nr. 28/1962 um, að 62% af tekjum af útflutningsgjaldi renni til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, skulu halda gildi sínu til 1. febrúar 1964, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1962.

Nd. 218. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við 5. gr. Síðasta málsgr. falli niður.

Nd. 219. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá Jóni Skaftasyni.

1. Á eftir orðunum „freðfiski“ í 1. tölul. 1. málsgr. 3. gr. komi: af saltaðri og sérverkaðri síld.
2. Við bráðabirgðaákvæði. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórnin skal láta fara fram endurskoðun á ákvæðum 3. gr. um útflutningsgjald. Skal endurskoðunin við það miðuð að breyta gjaldinu þannig, að það verði miðað við þunga útfluttra sjávarafurða í stað verðmætis og jafnframt lækkað verulega.
   Þessari endurskoðun skal lokið það snemma, að unnt verði að leggja fram frumvarp um þetta efni í upphafi næsta þings.

Ed. 220. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess.

Leggjum við undirritaðir til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en þeir hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) og hv. 6. þm. Sunnl. (HB) munu skila séráliti.

Meiri hl. n. lítur svo á, að vegna þeirra miklu hækkana á kaupgjaldi, sem orðið hafa á s. l. ári, verði ekki hjá því komizt, að hlaupið verði undir bagga með útflutningsframleiðslunni með framlögum úr ríkissjóði, svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Um þetta atriði er í rauninni heldur enginn ágreiningur hér á hv. Alþingi, og af hálfu stjórnarandstöðunnar hafa jafnvel verið bornar fram tillögur um meiri aðstoð við útveginn en hér er gert ráð fyrir. Hins vegar er ágreiningur um það, hvernig fjár skulu afla til þess stuðnings við útflutningsframleiðsluna, sem í frv. felst. Stjórnarandstæðingar telja ekki þörf nýrrar tekjuöflunar í því skyni, en benda á það, að ráðstafa megi tekjuafgangi ríkissjóðs frá fyrri árum til slíkrar fjáröflunar.

Við getum ekki fallizt á það sjónarmið, þar eð tekjuhalli á fjárlögum mundi að okkar áliti hafa í för með sér sízt minni dýrtíðaraukningu en sú fjáröflun, er frv. gerir ráð fyrir, auk margvíslegra annarra óheppilegra áhrifa á efnahagsmál þjóðarinnar.

Við getum ekki heldur fallizt á það sjónarmið stjórnarandstöðunnar, að lækkun vaxta mundi vera heppilegt úrræði í þessu efni. Þótt sú leið væri farin, mundi útflutningsframleiðsluna lítið muna um þá kostnaðarlækkun, sem af því leiddi, en auk

þess má telja víst, að vaxtalækkun mundi auka verulega þenslu og ójafnvægi í efnahagskerfinu og því skapa meiri nýjan vanda en þann, sem leysa mætti með slíkri ráðstöfun.

Þó að við gerum okkur hins vegar ljóst, að hér er ekki um annað og meira að ræða en bráðabirgðalausn á aðkallandi vanda, þá mælum við með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. janúar 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskrifari.	Magnús Jónsson.

Ed. 221. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (HB og KK).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein (er verði 1. gr.), þannig:
   Ríkisstjórnin skipar átta manna nefnd — tvo frá hverjum þingflokki eftir tilefningu þeirra — til að rannsaka efnahagsmál þjóðarinnar og leita samkomulags um aðkallandi ráðstafanir í þeim efnum, er miði að því að hindra vöxt dýrtíðarinnar, halda atvinnulífinu í fullum gangi, auka framleiðni og framleiðslu og tryggja öllu vinnandi fólki viðunandi tekjur fyrir hæfilegan vinnutíma.
2. Við 1. gr. (er verði 2. gr.).
   a. Í stað „43 millj.“ komi: 60 millj.
   b. Á eftir orðinu „freðfisks“ komi: saltfisks og skreiðar.
   c. 2. málsl. falli burt.
   d. Aftan við greinina bætist nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
      Heimilt er að verja á árinu 1964 allt að 15 millj. kr. úr ríkissjóði til að greiða þeim vinnslustöðvum, sem hafa lakasta rekstraraðstöðu, vegna þess að hráefni þeirra er sérstaklega dýrt í vinnslu, en nauðsynlegt er að starfi vegna hlutaðeigandi byggðarlaga, uppbætur á sumarveiddan bátafisk annan en síld.
      Fé því, sem fram er lagt samkv. þessari grein, skal úthlutað af stjórn atvinnubótasjóðs eftir reglum, sem hún setur.
3. Við 5. gr. Greinin falli burt.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin hlutist til um, að afurðalán Seðlabanka Íslands verði 67% af fob.-verði sjávarafurða og 67% af óniðurgreiddu heildsöluverði landbúnaðarafurða.
   Vextir af afurðavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, mega ekki vera hærri en þeir voru á árinu 1959 (5—5½%).
   Verðlagsráð sjávarútvegsins skal reikna út fiskverð fyrir árið 1964, er miðist við það, að lækkun á vaxtakostnaði fiskvinnslustöðva samkvæmt þessari grein gangi til hækkunar á fiskverðinu.
5. Við bráðabirgðaákvæði. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórnin skal láta fara fram endurskoðun á ákvæðum 3. gr. um útflutningsgjald. Skal endurskoðunin við það miðuð að breyta gjaldinu þannig, að það verði miðað við þunga útfluttra sjávarafurða í stað verðmætis og jafnframt lækkað verulega.
   Þessari endurskoðun skal lokið það snemma, að unnt verði að leggja fram frumvarp um þetta efni í upphafi næsta þings.

Ed. **222. Nefndarálit** [119. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd Ed. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, og koma því fram tvö nefndarálit.

Viðreisnarstefnan hefur nú leitt til upplausnar í íslenzku efnahagslífi, svo að varla dylst neinum lengur, að veruleg stefnubreyting hlýtur að vera skammt undan. Með frv. þessu er gerð tilraun til að smíða þá hækju, sem núverandi stjórnarstefna geti stuðzt við seinasta spölinn.

Viðreisnin var byggð á þeirri grundvallarkenningu, að þjóðin hefði lifað um efni fram og því væri nauðsynlegt að takmarka kaupgetuna og það skyldi gert með því að tryggja það, að verðlagshækkanir yrðu meiri en kauphækkanir. Og þó að mörg atriði stjórnarstefnunnar hafi verið framkvæmd á aðra lund en boðað var í upphafi, hefur ríkisstjórnin jafnan verið þessu stefnumiði sínu trú. Dýrtíðarstefnan hefur ætíð verið höfð í hásæti hjá núverandi ríkisstjórn.

Með gengislækkuninni 1960 var fyrsta stóra skrefið stigið á þessari braut. Allt verðlag var stórlega hækkað, og um leið var kaupgjaldið slitið úr tengslum við verðlagsþróunina. Í meira en heilt ár hélzt óbreytt kaupgjald þrátt fyrir verðhækkanir. Þá tókust samningar um hóflegar kauphækkanir í mesta aflagóðæri í manna minnum, en þeim svaraði ríkisstjórnin með nýrri gengislækkun. Kaupgetan skyldi hlífðarlaust takmörkuð með aukinni dýrtíð.

Ríkisstjórninni hefði raunar mátt vera það ljóst, að launþegar mundu ekki láta leika sig þannig. Þegar þeim var bannað með lögum að tryggja kaupgetu launa sinna með því að tengja kaupgjald verðlagsvísitölu, þá hlutu þeir að leita annarra leiða til þess að reyna að tryggja kjör sín í dýrtíðarflóðinu. Þetta gerðist með þeim hætti, að gildistími kjarasamninga varð mjög stuttur, og leiddi það fljótt til glundroða á vinnumarkaðnum. Á árinu 1963 voru almennir kjarasamningar verkalýðsstéttanna aðeins í gildi í 4½ mánuð, en 7½ mánuð var samningslaust, og almennar kauphækkanir urðu þrívegis á þessu eina ári. Þannig lýstu afleiðingar dýrtíðarstefnunnar sér á þeim vettvangi.

Vaxtapólitík ríkisstjórnarinnar var liður í sömu áætlun. Í fyrstu var sagt, að vaxtahækkunin ætti að skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á peningamarkaðnum og tryggja hagsmuni sparifjáreigenda. Nú er öllum ljóst, að við erum fjær því en nokkru sinni að hafa jafnvægi á peningamarkaðnum. Ófullnægð eftirspurn eftir lánsfé hefur aldrei verið meiri. Sparifjáreigendur telja sig illa svikna, því að dýrtíðin hefur ekki aðeins gleypt alla vexti þeirra, heldur einnig hluta af höfuðstólnum. Eftir standa aðeins verðhækkunaráhrif hinna háu vaxta, en að sjálfsögðu eiga þeir sinn þátt í dýrtíðarþróuninni.

Frysting sparifjárins var einnig liður í þessari áætlun. Með henni var takmarkað það fé, sem almenningur gat haft með höndum, og þar með gert torveldara að koma fram ýmissi nauðsynlegri fjárfestingu. En þeir, sem höfðu peninga í höndum, skildu vel dýrtíðarstefnu stjórnarinnar og gripu tækifærin, sem þeim voru gefin. Þeir hófu þegar aðgerðir til að koma peningum sínum í föst verðmæti. Nú hófst hið æsilegasta fjárfestingarkapphlaup, en ríkisstjórnin, sem frysti sparifé almennings, kynti undir með því að veita hundruðum milljóna af erlendu lánsfé inn í verðbólgubraskið. Kaupsýslumenn tóku vörukaupalán erlendis, sem námu yfir hálfum milljarði króna, og margir gátu þannig ráðstafað nokkru af veltufé sínu til að byggja verzlunarhallir.

Þegar vinnuaflið var komið á uppboð við þessar verðbólgueframkvæmdir, tók ríkisstjórnin framkvæmdalán, sem námu hundruðum milljóna króna, erlendis án

þess að gera nokkrar ráðstafanir til, að hinar áætluðu framkvæmdir kæmust áfram í samkeppninni um vinnuaflið.

Handahófið í fjárfestingunni er ein meginorsök þess, hversu eindæma ódrjúgar miklar tekjur óvenjulegra góðæra hafa reynzt þjóðinni. Sinnuleysi ríkisstjórnarinnar um eðlilega stjórn efnahagsmála, sem m. a. hefur komið fram í þessari handahófskenndu verðbólgufjárfestingu, hefur orðið þjóðinni óheyrilega dýrt.

Á undanförnum fjórum árum hefur ríkisstjórnin þrefaldað skattheimtu til ríkissjóðs, og með ákvæðum þessa frumvarps mundu álögurnar 1964 fara yfir þrjá milljarða. Þessi hóflausa skattheimta hefur átt drjúgan þátt í að spenna upp dýrtíðina, eins og glögglega kom í ljós, þegar ágúst-vísitalan var reiknuð út, en þá hækkaði vísitalan um fimm stig, sem nær eingöngu átti rót sína að rekja til aukinna álaga hins opinbera.

Þessar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar, sem hér hafa verið raktar, og fleiri, sem ekki verða taldar hér, hafa leitt til þess dýrtíðarflóðs, sem nú hefur komið útflutningsatvinnuvegunum í þrot. Til þess að halda hraðfrystihúsunum gangandi snýr ríkisstjórnin nú rakleitt inn á uppbótarleiðina, sem mest var fordæmd fyrir nokkrum árum.

Í s. l. desember lýsti ríkisstjórnin yfir, að hún mundi gera ráðstafanir til að bæta hraðfrystihúsunum 15% kauphækkun, en til þess þarf að dómi ríkisstjórnarinnar 62 millj. kr. eða 32 aura á kg hráefnis, og með tilliti til þessa ákvað yfirdómur fiskverðið 30 aurum hærra en ella var talið kleift. Efndirnar á þessu fyrirheiti er svo að finna í þessu frv., en þær eru fólgnar í lækkun á útflutningsgjaldi, sem nemur fyrir frystihúsin 19 millj. kr., eða um 10 aurum á fiskkíló, og 43 millj. kr. framlagi, eða sem svarar 22 aurum á fiskkíló, sem nota á til að auka framleiðni við freðfiskframleiðsluna.

Nú er það auðvitað hin mesta nauðsyn að auka framleiðni í freðfiskframleiðslunni eins og öðrum atvinnugreinum. Á hinn bóginn er augljóst, að sömu peningarnir verða ekki notaðir til hvors tveggja í senn, að borga 20 aura til viðbótar fyrir hvert fiskkíló og líka að greiða þann kostnað, sem ráðstafanir til aukningar framleiðni hafa í för með sér. Vilji ríkisstjórnin standa við fyrirheit sitt, er ekki hægt að líta á þessar 43 millj. kr. öðruvísi en hreinar verðbætur, og verður því að gera aðrar og raunhæfari ráðstafanir til að stuðla að framleiðniaukningu í freðfiskiðnaðinum og raunar einnig öðrum framleiðslugreinum. Í því sambandi skal bent á frv. til laga um framleiðnisjóð, sem nú liggur fyrir Ed., flutt af þm. Framsóknarflokksins. En til bráðabirða þykir þó rétt að láta einnig saltfisk- og skreiðarframleiðsluna njóta þeirra bóta, sem hér um ræðir, og flytjum við því brtt., sem lýtur að því að hækka framlagið úr 43 millj. í 60 millj. kr. og láta það einnig ná til framleiðslu saltfisks og skreiðar. Ljóst er, að þessar greinar hafa á sama hátt og freðfiskframleiðslan orðið fyrir barðinu á dýrtíðarstefnu stjórnarinnar, en í frv. eru þeim ekki ætlaðar aðrar bætur en lækkun útflutningsgjalds, sem nemur 11 millj. kr., og er þar augljóslega um stórfellda mismunun að ræða. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Samlag skreiðarframleiðenda hafa rökstutt þessa skoðun í bréfum til háttv. fjárhagsnefndar Nd., og föllumst við á þau sjónarmið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir 6% uppbótum á gildandi fiskverð úr ríkissjóði. Nauðsynlegt er, að þær uppbætur séu verulega hærri, ef tryggja á útgerð bátanna og veita bátasjómönnum á þorskveiðum hliðstæð kjör og aðrar starfsstéttir hafa.

Framsóknarmenn hafa oft bent á það, að of háir vextir leggi þunga byrði á framleiðsluna. Til þess að létta þessa byrði og þar með gera mögulega frekari hækkun fiskverðsins leggjum við til, að afurðalánin verði aukin í 67% og vextir af afurðalánum lækkaðir í það horf, sem þeir voru fyrir 1960. Afurðalán til landbúnaðarins fylgi sömu reglum.

Okkur virðist einnig óhjákvæmilegt að greiða sérstaka styrki til þeirra vinnslustöðva, sem hafa lakasta rekstraraðstöðu, vegna þess að hráefni þeirra er sérstaklega dýrt í vinnslu, en nauðsynlegt að þær starfi vegna hlutaðeigandi byggðarlaga,

og leggjum við til, að þeim verði veittar sérstakar uppbætur á sumarveiddan bátafisk og til þess verði varið allt að 15 millj. kr. úr ríkissjóði.

Sá stuðningur, sem frv. þetta gerir ráð fyrir við útgerð og freðfiskframleiðslu, kostar ríkissjóð um 180 millj. kr. Sú upphæð er aðeins hluti af þeim greiðsluafgöngum, sem safnazt hafa undanfarin ár hjá ríkissjóði vegna hóflausrar skattheimtu, og af fjárlögum þessa árs er ljóst, að áfram er haldið á þeirri braut. Eigi að síður notar ríkisstjórnin tækifærið til þess að leggja nú til nýja skatta, sem nema 295 millj. kr. á ári, með ákvæðum þessa frv. um að hækka söluskattinn illræmda úr 3% í 5½%. Það er alls ekki um það að ræða, að ríkissjóð skorti fé til þess að mæta þeim greiðslum, sem hér um ræðir, heldur er hér eingöngu um að ræða áframhald þeirrar skattlagningar- og dýrtíðarstefnu, sem hæstv. ríkisstjórn hefur svo trúlega fylgt. Við leggjum því til, að ákvæðið um hækkun söluskattsins verði fellt burt úr frv.

Nú orðið virðist ríkisstjórnin gera sér það ljóst, að efnahagsmálum þjóðarinnar er komið í hreint óefni. Um það ber 6. gr. frv. glögglega vitni. Þar er lagt til, að ríkisstjórnin fái heimild til að fresta opinberum framkvæmdum, þ. á m. skólabyggingum, hafnargerðum, vega- og brúagerðum, sjúkrahúsabyggingum o. fl., sem Alþingi hefur samþykkt á fjárlögum fyrir 5 vikum. Ekki gerir frv. þó ráð fyrir sams konar ráðstöfunum til að hafa hemil á handahófskenndri verðbólgufjárfestingu einkaaðila.

Eðlilegt er, að ráðstafanir séu gerðar til þess, að fjárfesting í landinu sé hæfileg á hverjum tíma, og þær tegundir fjárfestingar látnar sitja fyrir, sem nauðsynlegastar eru þjóðarheildinni. Þetta er ekki heimild til slíkrar ráðdeildar. Það verður ekki með neinu móti fallizt á að láta opinberar framkvæmdir víkja skilyrðislaust fyrir þeirri verðbólgufjárfestingu einkafjármagnsins, sem einkennir svo mjög framkvæmdir í landinu nú og er ein meginorsök þess, hversu lítið þjóðinni hefur orðið úr tekjum undanfarinna góðærða.

Eftir þá óðadýrtíð, sem yfir er skollin, er það óumdeilt, að nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að halda fiskiðnaðinum og togurunum gangandi og hækka fiskverð til bátanna. Eftir atvikum þykir okkur því rétt að leggja til, að þau ákvæði frv., sem um þetta fjalla, verði samþykkt með þeim breytingartill., sem við flytjum. Á hinn bóginn er ljóst, að hér er aðeins um bráðabirgðaráðstafanir að ræða. Meginverkefnið er að ráða niðurlögum óðadýrtíðarinnar. Það verður ekki gert með því að leggja nú á nýjar álögur, sem nema nærri 300 millj. kr.

Ríkissjóður getur hæglega borið kostnað að þeim stuðningi, sem frv. gerir ráð fyrir, um sinn. Á meðan ber Alþingi að gera raunhæfar ráðstafanir til umbóta í efnahagsmálum, taka þau öll upp til rækilegrar skoðunar með það fyrir augum að leita víðtæks samkomulags stétta og flokka um leiðir til að stöðva þá óheillaþróun, sem einkennt hefur íslenzkt efnahagslíf um sinn.

Það er skoðun okkar, að það eigi að vera meginefni þeirra ráðstafana, sem nú eru gerðar, að kanna til hlítar, hvort ekki er mögulegt að ná samkomulagi um slíkar ráðstafanir. Við leggjum því til, að upp í frv. verði tekið ákvæði um, að sett verði á stofn nefnd allra flokka, sem hafi þetta verkefni. Þetta verður að gera til þess að koma í veg fyrir, að ný umferð hefjist í dýrtíðarhringsrásinni með stórfelldum nýjum álögum í beinu framhaldi af dýrtíðarstefnu ríkisstjórnarinnar. Áframhald þeirrar stefnu ber dauðann í sér, því að vonlaust er, að launþegar sætti sig við nýjar og stórfelldar álögur, á sama tíma og greiðsluafgangur haugast upp hjá ríkissjóði. Það mundi því aðeins leiða til enn harðari kjarabaráttu en undanfarið, og er þó sízt á bætandi, heldur mál, að linni.

Brtt. í samræmi við framansagt fytjum við á þskj. 221.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 29. janúar 1964.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson.

Nd. 223. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 4 frá 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

23. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 23. gr. efnahagslaganna frá 1960 (viðreisnarlaganna svonefndu) er ákveðið, að óheimilt sé að ákveða í samningum launþega og atvinnurekenda, að kaup, þóknun eða ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf skuli fylgja breytingum vísitölu á einn eða annan hátt. Þetta bannákvæði var sett í þeirri trú, að niðurfelling verðlagsuppbóta samkvæmt vísitölu mundi draga úr kapphlaupi milli verðlags og kaupgjalds. Fjögurra ára reynsla hefur nú leitt í ljós, að þessi trú var röng. Aldrei hefur kapphlaupið milli verðlags og kaupgjalds verið meira en síðan þetta bann var lögleitt. Kaupdeilur hafa jafnframt orðið fleiri og meiri og verkföll tíðari en áður. Þetta stafar eðlilega af því, að með niðurfellingu verðlagsuppbóta hafa valdhafarnir gerzt áhugaminni um að halda dýrtíðinni í skefjum, en launþegar hafa orðið að leita annarra úrræða, vinnufriðnum óheppilegri, til að bæta kjör sín.

Það er viðurkennt hagsmunamál jafnt launþega og atvinnurekenda, að kaupsamningar séu gerðir til langs tíma. Slíkir samningar eru hins vegar ólíklegir, nema launþegar fái kaup sitt verðtryggt í einu eða öðru formi. Það mundi jafnframt skapa valdhöfunum aðhald um að reyna að halda dýrtíðinni í skefjum. Ef ekki er horfið að þessu ráði, er fyrirsjáanlegt, að þjóðin mun búa áfram við stórvaxandi dýrtíð, ótryggan vinnufrið og tíð verkföll. Þess vegna er lagt til með þessu frv., að það bann, sem nú er í gildandi lögum gegn verðtryggingu launa, verði fellt niður og launþegum og atvinnurekendum gert frjálst að semja um þessi mál, eins og áður var.

Nd. 224. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og mælir einróma með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. jan. 1964.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Jón Skaftason, Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 225. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til laga um hækkun á bótum almannatrygginga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og samþykkt að mæla með því óbreyttu.

Alþingi, 30. jan. 1964.

Guðl. Gíslason, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Matthías Bjarnason.
Ágúst Þorvaldsson. Jón Skaftason.

Nd. 226. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og samþykkir að mæla með því óbreyttu.

Alþingi, 30. jan. 1964.

Guðl. Gíslason, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Matthías Bjarnason, frsm.
Ágúst Þorvaldsson. Jón Skaftason.

Ed. 227. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá Gils Guðmundssyni og Birni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist:
   Í reglunum skal ákveðið, að þær fiskframleiðslustöðvar, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, njóti hlufallslega hærri styrks en hinar, sem betri aðstöðu hafa.
2. Við 2. gr.
   a. Við 1. málsgr. bætist:
      Styrkur fyrir þann úthaldstíma, sem skip hefur veitt fyrir innlendan markað, skal þó vera helmingi hærri en fyrir þann tíma, sem það hefur veitt fyrir erlendan markað.
   b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Heimilt er ráðherra að setja þau skilyrði fyrir greiðslu styrks til togara samkvæmt þessari grein, að samnnigar hafi tekizt um sanngjarna hækkun á kaupi togarasjómanna.
   c. Aftan við greinina bætist:
      Fiskverð það, sem ákveðið var af oddamanni yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins með úrskurði þann 20. janúar 1964, skal hækka um 15%, og gildir sú hækkun frá 1. janúar 1964.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Frá 1. febrúar 1964 skulu vextir Seðlabanka Íslands af afurðalánum eigi vera hærri en 2% og útlánsvextir viðskiptabankanna á þeim tíma eigi hærri en 2½% fyrstu 6 mánuði lánstímans, en mega hækka úr því um ½%.
   Seðlabankinn skal veita afurðalán, sem nema ⅔ af áætluðu útflutningsverði vörunnar.
   Frá 1. febrúar 1964 skulu almennir innláns- og útlánsvextir banka og sparisjóða og vextir af öllum föstum lánum færast í það, sem þeir voru, áður en efnahagslöginin frá 20. febrúar 1960 voru sett.
4. Við 6. gr. Greinin falli niður.

Ed. 228. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá Gils Guðmundssyni og Birni Jónssyni.

Við 2. gr. Á undan síðustu málsgrein komi ný málsgrein, þannig:
Heimilt er ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði á árinu 1964 allt að 5 millj. kr. vegna tilrauna til framleiðniaukningar og hagkvæmari rekstrar togara, svo og til rannsókna á framtíðarmöguleikum togaraútgerðar á Íslandi.

Ed. 229. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við 5. gr. Síðasta málsgr. falli niður.

Ed. 230. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 27/1954, um verðlagsskrár.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Fellst hún á þau rök, sem fram koma í grg. frv. fyrir því, að rétt sé með tilliti til þróunar þessara mála að fella úr gildi lög um verðlagsskrár, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. jan. 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm. J. Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Helgi Bergs. Karl Kristjánsson.

Ed. 231. Lög [119. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 30. jan.)

Samhljóða þskj. 217.

Ed. **232. Frumvarp til laga** [128. mál]

um búfjárhald í Reykjavík.

Flm.: Auður Auðuns, Alfreð Gíslason.

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjárhald í Reykjavík.

Með búfjárhaldi er átt við nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt.

2. gr.

Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé algerlega bannað í borginni, takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan borgarlandsins.

3. gr.

Ákveða má í reglugerð, að hver sá, sem búfjárhald vill stunda innan borgarinnar, skuli sækja um leyfi til slíks og sé búfjárhald óheimilt án slíks leyfis. Skylt skal umsækjanda að gera grein fyrir því, hvernig geymslu búfjárins skuli hagað, og láta í té aðrar þær upplýsingar, sem borgarráð telur nauðsynlegar. Leyfi skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda. Einnig má binda það við ákveðinn tíma eða ákveða, að það sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án leyfis, skal heimilt að taka það búfé og selja á uppboði eða slátra því.

Ef leyfishafi fylgir ekki settum reglum, er borgarráði heimilt að svipta hann leyfi til búfjárhalds og fara svo með búfé hans sem um ræðir í 1. mgr.

5. gr.

Nú verður aðili fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, og skal þá greiða bætur úr borgarsjóði.

6. gr.

Í reglugerð má ákveða gjald fyrir leyfi til búfjárhalds, allt að kr. 1000.00 á ári, og rennur það í borgarsjóð.

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu ári var að tilhlutan borgarráðs Reykjavíkur samið frumvarp til laga um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum. Í greinargerð með frv. var m. a. komizt svo að orði:

„Í borgarstjórn Reykjavíkur hafa öðru hvoru komið fram tillögur þess efnis, að borgarstjórn gerði ályktun um algert bann við sauðfjárhaldi í umdæminu. Þetta hefur þó ekki náð fram að ganga; veldur hvort tveggja, að meiri hluti borgarfulltrúa hefur ekki viljað aðhyllast skilyrðislaust bann, og eins hitt, að lagaheimild til slíks hefur verið talin hæpin. Þá hefur og verið bent á, að ekki væri síður ástæða til að setja skorður við annars konar búfjárhaldi, sem getur verið til tjóns og

ýmiss konar annarra óþæginda. Ef fara ætti inn á þá braut að reisa skorður við sauðfjárhaldi, væri einnig full ástæða til að takmarka annars konar búfjárhald.“

Frumvarpið hlaut einróma stuðning borgarstjórnar, og ákveðið var að leita álits landsþings Sambands ísl. sveitarfélaga um málið.

Landsþingið, sem haldið var í ágústmánuði síðastliðnum, samþykkti einróma að mæla með frumvarpinu.

Frumvarpið er nú flutt að beiðni borgarráðs Reykjavíkur. Að flutningi þess standa eingöngu þingmenn úr Reykjavík, sem jafnframt eru þar borgarfulltrúar, og þykir að svo stöddu ekki ástæða til að láta það taka til annarra sveitarfélaga. Ef önnur sveitarfélög láta í ljós sérstakar óskir um sams konar heimildir og frumvarpið gerir ráð fyrir, er auðvelt að breyta frumvarpinu að því leyti.

Eins og frumvarpið ber með sér, er hér um heimildarlög að ræða og því á valdi borgarstjórnar og ráðherra að ákveða, að hve miklu leyti heimildir frumvarpsins verða notaðar.

Sþ. 233. Nefndarálit [66. mál]

um till. til þál. um rannsókn á kali í túnum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. og fengið um hana umsögn atvinnudeildar háskólans, dags. 23. jan. s. l., og umsögn Stéttarsambands bænda, dags. 22. jan. s. l. Báðar umsagnirnar eru jákvæðar. Atvinnudeildin segir, að tjón af kali hafi verið áætlað 30 millj. kr. árið 1951 og 50 millj. kr. árið 1962, og mun þá átt við mat á rýrnun töðufengsins á þessum árum. Er það álit deildarinnar, að „nauðsynlegt sé að leggja aukna áherzlu á rannsóknir kals í túnum“. Búnaðarþing fjallaði um kalmálið í fyrra og lagði „áherzlu á, að rannsóknum þessum verði hraðað svo sem unnt er“.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt eins og hún liggur fyrir á þskj. 71.

Alþingi, 1. febr. 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Einar Ágústsson.	Ragnar Arnalds.	Sverrir Júlíusson.
	Pétur Sigurðsson.	

Fylgiskjal I.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 22. janúar 1964.

Höfum í dag móttekið bréf yðar, d. s. 18. þ. m. Stjórn Stéttarsambands bænda mælir eindregið með því, að Alþingi samþykki tillögu til þingsályktunar á þingskjali 71 um rannsókn á kali í túnum o. fl.

Virðingarfyllst,

F. h. Stéttarsambands bænda,

Sæmundur Friðriksson. Kristján Karlsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS
LANDBÚNAÐARDEILD

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Alþingishúsinu,
Reykjavík.

Reykjavík, 23. jan. 1964.

Sem svar við beiðni háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 18. jan. 1964. Þar sem beðið er umsagnar Atvinnudeildarinnar um rannsóknir á kali í túnum o. fl., skal vísað til bréfs frá Atvinnudeildinni, dags. 6. marz 1963, um sama efni.

Auk þeirra upplýsinga, sem þá voru gefnar, skal vitnað í meðfylgjandi álitsgerð um þýðingu á notkun frostþolinna grasastofna í nýræktir. Er þar tekið fram, hve aðkallandi það er, að aukin áherzla sé lögð á það stofnaval fóðurgrasa, sem fram fer að tilraunastöðinni að Korpúlfsstöðum. Hefur skortur á nægilega góðri aðstöðu til tilrauna og nægs fjárframlags til aðstoðar mjög hamlað þessum rannsóknum. Teljum við, að það sé tímabært, að aukin fjárveiting sé veitt til eflingar þeirra rannsókna.

Virðingarfyllst,

Sturla Friðriksson.

Fylgiskjal III.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS

Álitsgerð til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis um rannsóknir á kali í túnum o. fl.

Það er álit Atvinnudeildar Háskólans, að nauðsynlegt sé að leggja aukna áherzlu á rannsóknir kals í túnum.

Kal veldur árlega miklu tjóni á túnum um land allt og jafnvel milljónatjóni eftir einstaka harða vetur, svo sem 1951, 1952 og 1962.

Nokkrar rannsóknir og athuganir á kalskemmdum hafa verið gerðar á undanförnum árum á vegum Atvinnudeildar Háskólans, svo sem skýrt er frá í skýrslu Atvinnudeildarinnar um kal 1954. Er þar meðal annars lagt til, að nýræktarflög séu kýfð, til þess að yfirborðsvatn fái nauðveldlega afrennsli af sléttum, en frjósi ekki og valdi kalskemmdum. Þessi meðferð nýræktarlands hefur komið að góðum notum sem vörn gegn kali, þar sem unnt var að beita þeirri tækni. Einnig kom í ljós við fyrri rannsóknir, að grastegundir, sem notaðar höfðu verið í fræblöndur, voru misþolnar og íslenzkt gras að öðru jöfnu þolnara en erlent.

Á þeim forsendum var breytt um grasfræblöndur og hafinn undirbúningur að ræktun íslenzkra grasstofna.

Í ársskýrslu um rannsóknir á nytjajurtum og erfðafræði 1958 er þess getið, að erfitt sé að ákvarða frostþolseiginleika grastegunda og stofna þeirra á tilraunastöðum, því að ekki viðri þannig árlega, að þar sé kals að vænta. Er talið mjög æskilegt, að fengin væru frystitæki til þess að framkalla kal, svo að unnt væri að meta frostþolshæfni hinna einstöku grastegunda og stofna, sem nota skal til undaneldis.

Nú er í ræktun á Korpúlfsstöðum safn einstaklinga af ýmsum íslenzkum grastegundum. Hefur uppskera þeirra og ýmsir aðrir eiginleikar verið bornir saman innbyrðis og við erlenda stofna.

Þol þeirra hefur að vísu aðeins verið metið eftir að venjuleg vetrarveðrátta á ræktunarstöðunum hefur mismunað einstaklingum.

Þrátt fyrir, að annað betra mat hafi ekki fengizt, væri mjög æskilegt, að lögð væri áherzla á að rækta þessa harðgerðu stofna til undaneldis. Með því væri stigið þýðingarmikið skref í baráttunni gegn kali. Stofnfræi var fyrst sáð á Geitasandi á Rangárvöllum, en fræuppskeran brást. Vorið 1962 var stofnum plantað út og fræi sáð að Þverholti á Mýrum í uppþurrkaðan mýrajarðveg, og er þess vænzt, að þar náist betri árangur með fræræktun. Auk þess hefur fræ verið sent út til tilrauna- og fræræktunarstöðvar í Danmörku til framræktunar.

Ræktun á nægu fræi til sölu mun enn taka nokkur ár. Á meðan beðið er eftir því, mætti safna innlendu snarrótarfræi, língresi og túnvingli af villtu landi og nota til sáningar í þær spildur, sem sérstaklega er kalhætt, og þá einkum norðanlands. Söfnun á villtu fræi er allauðveld með notkun sláttutætara. Villtu fræi hefur verið safnað þannig á undanförnum árum á vegum Atvinnudeildarinnar og verið notað til uppgræðslutilrauna. Mundi Atvinnudeildin góðfúslega beita sér fyrir frekari söfnun, væri veittur til þess fjárhagslegur styrkur. Víða eru til stórar lendur af samfelldri snarrót, sem bændur annars slá til heyöflunar, en mætti taka á leigu og nota til fræsöfnunar.

Að vísu má búast við, að minni uppskera fáist af túnum af þessu fræi borið saman við nýræktir af kynbættum grösum, en snarrótin er það harðgerðasta, sem við eigum nú völ á af grösum, og hæfust til þess að sporna við kali.

Búnaðardeild hefur völ á sérfræðingi til þess að standa fyrir nauðsynlegum rannsóknum og framkvæmdum, en mjög væri æskilegt, að greiddur væri styrkur úr ríkissjóði til þess að standa undir kostnaði af öðrum vinnulaunum, leigu á landi til fræsöfnunar, ferðakostnaði þeirra og tækjakaupum þessu samfara.

Virðingarfyllst,

Sturla Friðriksson.

Fylgiskjal IV.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS

Skýrsla til atvinnumálaráðuneytisins um viðhorf til kalrannsókna.

Almennt.

Afkoma íslenzks landbúnaðar byggist að verulegu leyti á grasnytjum. Verði uppskerubrestur á grasi eða vanhöld í nýtingu þessa gróðurs, hefur það að vonum mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þennan atvinnuveg þjóðarinnar.

Ísland er í eðli sínu mjög gott grasræktarland. Hins vegar getur grasræktun okkar orðið fyrir áföllum af völdum veðurs svipað og ræktun annars nytjagróðurs. Það áfall, sem jurtir verða fyrir vegna beinna eða óbeinna áhrifa kuldans og kallað er kal, er engin nýlunda á Íslandi, og geyma annálar okkar heimildir um fjölda kalára. Eins er það ekki einskorðað við íslenzkt gras. Kalskemmdir geta orðið í öllum jurtum. Í nágrannalöndum okkar veldur kal t. d. miklu tjóni á vetrarkorni.

Það hefur sýnt sig, að grös eru misþolin og tún kelur misjafnlega mikið eftir því, hvaða meðhöndlun þau hafa fengið. Með því að rannsaka ýmsar aðstæður í kölnum og ókölnum túnum á að fást nokkur vitneskja um, hvaða þættir stuðla helzt að kali og hvaða varnarráðstafanir eru tiltækar.

Rannsóknir Atvinnudeildar.

Á árunum 1951 og 1952 var mikið kal í túnum um land allt. Þá voru gerðar víðtækar athuganir á kali á vegum Atvinnudeildar Háskólans. Athuganir þessar

voru birtar í riti deildarinnar 1954. Voru í riti þessu gefnar ýmsar leiðbeiningar um meðferð sáðlands til nýræktunar, t. d. kýfingu á framræstum mýrum, til þess að yfirborðsvatn hefði greiðan aðgang afrennslis, en frysi ekki og ylli kalskemmdum. Þessi meðferð nýræktarlands hefur komið að góðu gagni sem vörn gegn kali, þar sem unnt var að beita þeirri tækni. Rannsóknir þessar bentu einnig eindregið til þess, að grastegundir væru misþolnar og íslenzkt gras að öðru jöfnu þolnara en erlent. Á þeim forsendum var breytt um grasfræblöndur og hafinn undirbúningur að ræktun íslenzkra grasstofna.

Á næstu árum varð ekki verulegt tjón af kali. Þó urðu vanhöld á gróðri á nýjum sáðsléttum, einkum á mýrarjörð. Í þess háttar sáðsléttum virtist allan gróður kala, en varpasveifgras koma í staðinn. Þetta fyrirbæri var tekið til nánari athugunar og meðal annars hafin margþætt tilraun árið 1960 til þess að leita orsaka þessara vanhalda og finna ráð til úrbóta. Árangur þessarar tilraunar liggur ekki enn fyrir hendi.

Veturinn 1961—62 kól tún einkum norðaustanlands. Þetta kal var rannsakað sumarið 1962 og skrifuð um það skýrsla til búnaðarmálastjóra. Kom ýmislegt nýtt fram í þessari athugun, og voru enda gefnar nokkrar nýjar leiðbeiningar og ýmsar leiðir sýndar til úrbóta. Var þess jafnframt getið, að ekki væri langs að bíða, að völ væri á íslenzku grasfræi, sem væntanlega reyndist þolnara.

Nú er langt frá því, að kalvandamálið sé til lykta leitt. Það eru vandkvæði á því að útiloka kal á grasvelli hér á landi. Rannsóknum, sem að þessu lúta, er hins vegar haldið áfram á vegum Atvinnudeildarinnar, og sérstaklega er nú stefnt að því að velja þolnar grastegundir, sem síður er kalhætt.

Í ársskýrslu um rannsóknir á nytjajurtum og erfðafræði 1958 er að því vikið, að erfitt sé að ákvarða frostþolseiginleika grastegunda og stofna þeirra á tilraunastöðvum, því að ekki viðrar þannig árlega, að þar sé kals að vænta. Á erlendum tilraunastöðvum eru þar til gerð frystitæki til þess að framkalla kal, svo að unnt sé að meta frostþolshæfni hinna einstöku grasa, sem nota skal til undaneldis. Þess háttar tæki mundu hafa ómetanlegt gildi fyrir graskynbætur hér á landi og auðvelda áframhaldandi rannsóknir á kali.

Það var áætlað, að uppskerutjón af völdum kals hefði verið um 30 milljónir króna árið 1951. Árangur þeirra úrbóta, sem þá voru gerðar, verður ekki metinn til fjár, en smávægileg breyting til hins betra skiptir miklu í grasræktuninni, því að árvist gras er styrkasta undirstaða íslenzks landbúnaðar.

Fylgiskjal V.

Álitsgerð til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis um þýðingu á notkun frostþolinna grasastofna í nýræktir.

Það er álit búnaðardeildar, að mjög sé orðið aðkallandi að leggja aukna áherzlu á rannsóknir á frostþoli og uppskeruhæfni grasastofna, sem nota á til ræktunar túna og beitilanda hér á landi.

Rannsóknir undanfarandi ára hafa leitt í ljós, að notkun lingerðra grastegunda er veigamikill þáttur í kali túna.

Þegar ræktun túna með sáningu var hafin hér á landi um síðustu aldamót, var það ein mótbára gegn þeirri ræktun, að ekki væri til fræ nægilega harðgerðra tegunda til sáningar. Þrátt fyrir það varð stórfelld túnastækkun framkvæmd með notkun erlends grasfræs.

Þessar erlendu grastegundir hafa reynzt misharðgerðar og átt misvel við íslenzka staðhætti. Til dæmis voru á síðari heimsstyrjaldarárunum nýræktir gerðar af amerísku grasfræi, sem átti illa við hérlendar ræktunaraðstæður.

Á síðari árum hefur grasfræ verið flutt inn frá Norðurlöndum, en þar er völ á fræi misþolinna stofna og tegunda.

Hefur það verið eitt viðfangsefni jurtakynbótadeildar að velja úr því magni þá stofna, sem þrífast bezt hér á landi, og gefa innkaupastofnunum upplýsingar um þær niðurstöður.

Þýðing þeirra rannsókna er mjög mikilvæg, því að miklu getur munað á uppskeru nýræktar eftir því, hvort harðgerðir stofnar hafa verið valdir. Þessu til staðfestingar eru hér meðfylgjandi töflur, úr athugun, sem gerð var í tilraunasvæði okkar að Korpúlfsstöðum. Í töflunni er skráð töðuuppskera í hestum á hektara og gróðurhula (þéttleiki) svarðarins í eins árs nýrækt af mismunandi stofnum af vallarfoxgrasi, en magn þeirrar tegundar nemur um 50% af aðkeyptu fræi. Samanburður á uppskeru einstakra stofna leiðir í ljós, að um tífaldan uppskerumun getur verið að ræða í fyrsta árs nýrækt eftir því, hvort notaður er harðgerður eða lingerður stofn sömu grastegundar. Þessi mismunur nemur um 7 milljónum króna, ef hann er talinn sambærilegur á helmingi allrar nýræktar ársins 1963. Að þessum upplýsingum fengnum og fyrri athugunum er nú ákveðið, að þeir stofnar, sem reyndust beztir við fyrrgreinda athugun, verði teknir upp í fræblöndu ársins 1964, en þeir hafa að litlu leyti verið notaðir áður.


Í áframhaldi af þessu vali á hentugu grasfræi hefur það verið verkefni jurtakynbótadeildar að safna efnivið í íslenzka fræstofna, eins og getið er um í álitsgerð um rannsóknir á kali í túnum 1963.

Úrval af ýmsum helztu nytjagrösum hefur verið gert á undanförnum árum, og hefur stofnfræi nú þegar verið komið til framræktunar erlendis. Er því væntanlegt fræ af íslenzkum grastegundum á næstu árum.

Þessar rannsóknir stuðla mjög að því að auka heyfeng á hvern hektara lands og varna því, að aukið tjón verði af völdum kals.

Í meðfylgjandi töflu er sýnd uppskera heys í hestum á hektara, eins og hún var á öllu landinu á árunum 1943 til 1963. Sést þar, hve töðufengur er skertur þau árin, sem tún hefur kalið. Nemur það uppskerutjón milljónum króna þau árin, sem tún hafa kalið. Til dæmis er tjónið 1962 áætlað um 50 milljónir króna. Ef unnt væri að koma í veg fyrir svo alvarlegt tjón með notkun harðgerðari grasastofna, væri mikið áunnið í ræktunarmálum.

Fylgiskjal VI.



Undirstrikuðu ártölin eru kalár.

Sþ. 234. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um ábyrgðartryggingar atvinnurekenda vegna slysa, er verða kunna á starfsfólki þeirra við vinnu.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi framvarp til laga, sem geri atvinnurekendum að skyldu að kaupa fullnægjandi ábyrgðartryggingu fyrir slysabótum, sem á atvinnureksturinn kunna að falla.

Greinargerð.

Þegar slys verða á fólki við störf, er atvinnurekandi oft skaðabótaskyldur lögum samkvæmt.

Flest meiri háttar atvinnufyrirtæki munu tryggja sig fyrir slíkum skaðabótagreiðslum, svo að sá, sem skaðabótarétt öðlast, fær sínar greiðslur, eins og lög standa til. Á hinn bóginn eru margir atvinnurekendur ótryggðir fyrir öllum slíkum skakkaföllum og oft vanmegnugir til að leysa af hendi þær skyldur, sem á þá falla, þegar slys ber að höndum í atvinnurekstri þeirra.

Þegar svo illa tekst til, gerist hvort tveggja í senn: Hinn slasaði verður af þeim bótum, sem hann á rétt til lögum samkvæmt, eða greiðsla þeirra dregst óhæfilega, og atvinnurekandinn verður upp frá því með dómkröfu vegna slyssins á herðum sér, þar til slysið er bætt, sem máske getur aldrei orðið.

Hver sá maður, sem tekur bifreið í notkun, verður áður að kaupa ábyrgðartryggingu fyrir því tjóni, sem hann kann að valda með bifreiðinni. Víst er, að þetta fyrirkomulag er almennt talið sjálfsagt og veita að ákveðnu marki fullvissu fyrir því, að tjón, sem bifreiðin kann að valda, fáist bætt.

Flutningsmaður telur eðlilegt, að hliðstæð skylda og á bíleigendum hvílir til kaupa á ábyrgðartryggingu verði einnig lögð á atvinnurekendur varðandi slys og tjón, sem hljótast kunna af atvinnurekstri þeirra. Slík trygging mundi báðum henta, atvinnurekendum og starfsmönnum þeirra.

Nd. 235. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—1964.)

1. gr.

2. málsgr. 27. gr. laganna orðist þannig:

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 9.5 milljónir króna árlega árin 1965—1985 að báðum árum meðtöldum.

2. gr.

Í stað orðanna „15 ha“ í fyrstu málsgr. 39. gr. laganna komi: 25 ha.

3. gr.

Í stað orðanna „15 ha“ í fyrstu málsgr. 47. gr. laganna komi: 25 ha.

4. gr.

Í stað orðanna „50 þúsund krónur“ í fyrstu málsgr. 48. gr. laganna komi: 60 þúsund krónur.

Síðari málsgr. 48. gr. laganna orðist svo:
Til þessara ráðstafana leggur ríkissjóður fram minnst 2.4 milljónir króna árlega árin 1965—1985 að báðum árum meðtöldum.

5. gr.

Í stað orðanna „15 ha“ í 50. gr. laganna komi: 25 ha.

6. gr.

60. grein laganna orðist svo:
Á tímabilinu 1965—1972 að báðum árum meðtöldum er heimilt að veita jörðum, sem setnar eru í lögformlegri ábúð eða sjálfsábúð og hafa minni véltæk tún en 25 ha, óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að þessari túnstærð sé náð.
Ákvæði þetta nær til lögbýlisjarða, þar sem athuganir Landnáms ríkisins hafa leitt í ljós, að aukin ræktun geti tryggt viðunandi lífsafkomu á jörðunum og komi í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði.
Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi, að viðbættu framlagi samkvæmt jarðræktarlögum, 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert.
Framræslukostnaður og framlög til hans samkvæmt jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Á eftir orðunum „örðugan fjárhag“ í 63. gr. laganna komi: og hafa meðaltekjur eða lægri.

8. gr.

64. gr. laganna orðist svo:
Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður 17.725 milljónir króna árlega á árunum 1965—1972 að báðum árum meðtöldum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framkvæmda, sem unnar verða á árinu 1964. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 48 16. apríl 1963.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðan lög um landnám, ræktun og byggingar í sveitum voru sett á árinu 1946, hafa miklar og margvíslegar breytingar orðið á aðstöðu landbúnaðarins. Lögin báru merki þeirra tíma, kreppuáranna fyrir stríðið, og afleiðinga stríðstímabilsins 1939—1945. Við endurskoðun laganna 1957 voru viðhorf orðin mjög breytt, einkum að því er tók til kostnaðar frumbýlinga við að byggja býli frá grunni og rækta þau. Við setningu laganna var talið fullnægjandi, að ræktanlegt land býlis væri 12 ha og stuðningur hins opinbera miðaður við fullnaðarræktun 5 ha túns. Við endurskoðun laganna var sú staðreynd viðurkennd, að býlin þyrftu umráð meira lands, og var ákveðið, að hverju býli skyldi fylgja minnst 25 ha af ræktanlegu landi auk beitilands, og jafnframt var hækkað markið fyrir framlagsskyldri ræktun upp í 10 ha.
Í framkvæmd hefur þeirri reglu verið fylgt við skiptingu jarða, að býlin hefðu yfirleitt meiri umráð ræktaðs lands en það, sem lögin ákveða um lágmark, og jafnframt leitazt við, að fjölskyldubúrekstur á félagsgrundvelli væri viðhafður, ef vilji aðila var fyrir hendi til slíks rekstrar, en jafnframt þó haldið þeirri reglu, að landsumráðin væru sjálfseign með úrskiptu ræktunarlandi.

Með lögum nr. 48/1957 voru framlög til íbúðarhúsa á nýbýlum ákveðin kr. 25 000.00 á fullbyggt íbúðarhús, og með lögum nr. 64/1961 um landnám, ræktun og byggingar í sveitum voru framlög þessi enn hækkuð í kr. 40 000.00 á íbúðarhús.

Samhliða þeim ákvæðum, er hér hefur verið getið, um nýbýlin, var svo ákveðið í lögunum frá 1957, að þær byggðar jarðir, sem minna tún höfðu en 10 ha, fengju tímabundna aðstoð til að ná þessum áfanga.

Til grundvallar þeirri ákvörðun lá meðal annars það sjónarmið, að fyrirbyggja þyrfti, að jarðir færu í eyði, sem afleiðing ónógrar ræktunar til að framfleyta sómasamlegu búi. Jafnframt var vitað, að jarðir, sem höfðu nokkra ræktun og fullnægjandi peningshús en eigi mannsæmandi íbúðir, voru undir sömu sök seldar, og með hliðsjón af því var sú breyting gerð 1960 á lögunum, að veitt voru framlög til íbúðarbygginga á jörðum, sem hætta var á, að færu í eyði vegna ófullnægjandi íbúðar. Framlag þetta er jafnt og til íbúðarhúsa á nýbýlum.

Með samþykkt laga nr. 48 16. apríl 1963 er viðurkennd sú staðreynd, að með batnandi lífskjörum þjóðarinnar og vaxandi þörf fyrir landbúnaðarvörur, þurfi að auka ræktun og vélfært land, svo að hægt sé að hagnýta tæknibúnað til að auka framleiðni hins takmarkaða vinnuafls, er landbúnaðurinn ræður yfir. Er þá framlagsskyld ræktun aukin úr 10 ha túnstærð í 15 ha, og gildir það bæði fyrir þær jarðir, er þá höfðu minna tún en 15 ha á vélfæru landi, og nýbýli, sem reist eru við skiptingu jarðar á óræktuðu landi.

Þá var áætlað, að 2723 jarðir væru með túnstærð minni en 15 ha og heildarræktunarþörf þeirra til að ná settu marki væri 21654 ha.

Athugun hefur verið gerð á því, hve margar jarðir mundu koma inn á framlagskerfið, ef ræktunarmarkið væri sett við 25 ha túnstærð á hverri lögbýlisjörð. Kom í ljós, að það mundi vera allt að 3800 jarðir. Af þessari tölu eru 438 jarðir með túnstærð frá 2.5—5.0 ha. Núverandi ábúðaraðstæður á jörðum þessum eru þannig, að með óbreyttri ábúð eru litlar líkur til, að næstu ár aukist ræktun á þeim, og er því í eftirfarandi áætlun gert ráð fyrir, að inn á framlagskerfið komi samkvæmt frumvarpi þessu 3500—3800 jarðir.

Hér fer á eftir áætlun um, hver hækkun yrði á útgjöldum Landnáms ríkisins, ef túnræktarframlagið yrði miðað við 25 ha á hverri jörð og framlög til íbúðarhúsa hækkuð úr kr. 50 000.00 í kr. 60 000.00.

Áætlunin er byggð á framkvæmdum áranna 1960—1963.

Fjárlagaliðir mundu þurfa að breytast þannig:

	Miðað við hækkun í 25 ha — Krónur:
16. gr. fjárlaga, liður 15.	
a. Samkvæmt 27. gr. til landnáms:	
Árlega 40 býli × 10 ha × 3000 kr.	1 200 000.00
375 býli, sem ekki hafa náð 15 ha túnstærð × 10 ha × 3000 kr.: 10 árum	1 125 000.00
	2 325 000.00
Á fjárlögum 1964	7 150 000.00
Fjármagnsþörf árlega	9 475 000.00
d. Samkvæmt 48. gr. til íbúðarhúsa á nýbýlum:	
Árlega 40 býli × 10 000 kr.	400 000.00
Á fjárlögum 1964	2 000 000.00
Fjármagnsþörf árlega	2 400 000.00
e. Samkvæmt 64. gr. til ræktunar og framkvæmda, sbr. 60. gr. og 63. gr.:	
Vegna íbúðarhúsa: Árlega 100 þús. kr. × 10 000 kr. hækkun	1 000 000.00
Vegna ræktunar: 3500—3800 jarðir × 5 ha — 10 ha × 2 500 kr.: 10 ár	9 125 000.00
	10 125 000.00

	í 25 ha — Krónur: Miðað við hækkun
Á fjárlögum 1964	7 600 000.00
Fjármagnsþörf árlega	17 725 000.00
Samkvæmt framanrituðu má áætla aukin útgjöld ríkissjóðs þessi:	
Samkvæmt a-lið	kr. 2 325 000.00
— b-lið	— 400 000.00
— e-lið	— 10 125 000.00
Samtals	kr. 12 850 000.00

Nd. 236. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—1964.)

1. gr.

Við II. lið 11. gr. bætist nýr undirliður svo hljóðandi:

d.	Plógræsi	kr. 0.20 pr. m

2. gr.

VII. liður laganna orðist svo:

Heyhlöður:

a.	Þurrheyshlöður steyptar með járnþaki eða þaki úr öðru efni jafngóðu	kr. 1.00 pr. m^3
b.	Þurrheyshlöður á steyptum grunni úr timbri, asbesti, járni eða öðru jafngildu efni	— 0.75 — —
c.	Votheyshlöður, steyptar með þaki úr varanlegu efni	— 5.50 — —
d.	Garðávaxtageymslur, steyptar, með þaki úr varanlegu efni	— 5.50 — —
e.	Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður, miðað við gólfflöt	— 12.00 — m^2
f.	Súgþurrkunarkerfi með fasttengdum blásara	— 18.00 — —

3. gr.

2. mgr. ákvæða til bráðabirgða sbr. 6. gr. laga nr. 29/1955, 2. gr. laga nr. 23/1960 og 2. gr. laga nr. 10/1963 orðist svo:

Til ársloka 1972 skulu þau býli er hafa minna en 25 ha tún, njóta 450 króna framlags á ha til jarðræktar (þar á meðal vegna kalskemmda) og 3 kr. á hvern m^3 í handgröfnum skurðum, ef ekki þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands fært að fá skurðgröfu til að vinna verkið, hvorttveggja að viðbættri verðlagsuppbót.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til þeirra framkvæmda, er gerðar voru á árinu 1963.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1962 var að tilhlutan vélanefndar ríkisins keyptur hingað til lands lokræsaplógur af finnskri gerð. Teikningar og fyrirsagnir um gerð plógsins hafði prófessor Pentti Kaitera gert með tilliti til framræsluaðstöðu í heimalandi

sínu, en hann þekkti einnig þörfina hérlendis fyrir hagkvæma og ódýra lokræsagerð og hefur leyft, að eftir honum verði smíðaðir plógar til notkunar hér undir umsjá Vélasjóðs.

Plógur þessi var reyndur strax, eftir að hann kom hingað til lands haustið 1962, og með honum voru grafnir sumarið 1963 945 000 lengdarmetrar af lokræsum, og er þar með fengin sú reynsla, að verkfæri þetta geti haft almenna þýðingu fyrir fullnaðarþurrkun á landi til tún- og beitiræktar. Í ráði er, að Vélasjóður smíði hér heima annað tæki af þessari gerð.

Að fenginni þessari reynslu þykir ástæða til, að lokræsi af þessari gerð njóti framlaga samkvæmt jarðræktarlögum.

Með grunnframlagi því, sem hér er gert ráð fyrir, kr. 0.20 pr. m, þá verður framlagsgreiðsla samkv. jarðræktarlögum kr. 1.22 pr. lengdarmetra, en áætlað kostnaðarverð ræsa er um kr. 1.70 pr. m.

Samkvæmt afköstum, er náðust sumarið 1963, má áætla, að eftir frumvarpi þessu nemi framlagsfjárhæðir allt að 1.15 milljónum króna á framkvæmdir, sem unnar yrðu með einni vélasamstæðu sumarlangt, og líkur eru til, að sú framræsla tæki til 1000 hektara lands.

Reynsla undanfarinna ára hefur leitt í ljós, hve mikið öryggi það er fyrir góða heyverkun, að bændur geti komið upp súgþurrkun með heitum eða köldum blæstri og þykir rétt að framlag til súgþurrkunarkerfa hækki úr kr. 5.00 í kr. 12.00 pr. m². Þar sem reynslan sýnir, að súgþurrkun er ófullnægjandi, án þess að heitu eða köldu lofti sé blásið í heyið, þykir ástæða til að taka tillit til verðs blásaranna, og er hér lagt til, að framlagið sé kr. 18.00 pr. m² á gólfflöt í hlöðum, þar sem við kerfið er fasttengdur blásari.

Í 2. gr. frumvarpsins eru undirliðir a—d í VII. lið 11. greinar óbreyttir. Framlag til súgþurrkunarkerfa er samkvæmt e-lið hækkað úr kr. 5.00 pr. m² í kr. 12.00 pr. m². F-liður er nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir, að súgþurrkunarkerfi með fasttengdum blásara verði styrkt með kr. 18.00. pr. m².

Sé miðað við þau súgþurrkunarkerfi, er sett voru upp á árunum 1960—1962, má áætla hækkun á framlögum ríkissjóðs vegna stafliðanna e og f, kr. 850 000 til kr. 1 600 000.

Sþ. 237. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um hægri handar akstur.

Flm.: Birgir Finnsson, Matthías Bjarnason, Jón Þorsteinsson, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hefja hið allra fyrsta undirbúning að því, að upp verði tekinn hægri handar akstur hér á landi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttu þeir Kjartan J. Jóhannsson og Birgir Finnsson þáltill. um þetta efni, er orðuð var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvort ekki sé tímabært að taka upp hægri handar akstur hér á landi, og enn fremur að láta gera áætlun um framkvæmdir í því sambandi.“

Greinargerð með tillögunni var á þessa leið:

„Með greiðum og vaxandi samgöngum milli landa fer það í vöxt, að fólk taki með sér bifreiðir, er það ferðast meðal annarra þjóða. Þá er óheppilegt og hættulegt, að umferðarreglur séu mismunandi. Flestar þjóðar hafa hægri handar akstur, þ. á m. allar Evrópuþjóðir nema Englendingar, Svíar og Íslendingar. Svíar eru

ákveðnir að breyta þessu árið 1967, og í Englandi eru sérfræðingar í umferðarmálum farnir að hvetja til breytinga þar og telja brýna nauðsyn að taka upp sömu reglu og á meginlandinu. Hjá því getur varla farið, að við verðum fyrr eða síðar að fylgjast með í þessum efnum. Það þarf hins vegar allmikinn undirbúning og verður kostnaðarsamara, eftir því sem það dregst lengur. Með vandlegum undirbúningi og því að hafa nægan tíma til umráða má verulega draga úr kostnaði við breytinguna. Þess vegna er þessi tillaga flutt nú.“

Tillagan var afgreidd úr allsherjarnefnd, sem mælti einróma með því, að Alþingi gerði ályktun í málinu á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort tímabært sé að taka upp hægri handar akstur hér á landi.“

Lengra komst málið ekki á síðasta þingi, og þess vegna er því nú hreyft á ný, og með því að lausn þess má nú teljast brýnni en áður, er fastar að orði kveðið í tillögugreininni en gert var í fyrra, bæði af flutningsmönnum og allsherjarnefnd. Samkvæmt nýju vegalögunum, sem samþykkt voru á þessu þingi fyrir áramót, er ráðgerð bygging margvíslegra varanlegra umferðarmannvirkja. Ef þau verða byggð í upphafi miðað við vinstri handar akstur, mun kosta stórfé að breyta þeim síðar, ef hægri handar akstur verður upp tekinn.

Mjög víða í landinu er eftir að setja upp nýjustu gerð af umferðarmerkjum meðfram vegunum, og mundi það vera bæði tvíverknaður og aukinn kostnaður að setja fyrst upp merki miðað við vinstri handar akstur, en breyta þeim svo öllum skömmu síðar, þegar hægri handar akstur yrði upp tekinn.

Ein veigamesta röksemdin fyrir því, að ákvörðun í þessu efni verði ekki látin dragast lengur, er sú, að í öllum meginþorra íslenzkra bifreiða er stýrið vinstra megin, eða miðað við hægri handar akstur, og mun aðeins innan við 1% af bifreiðakosti landsmanna vera með stýri hægra megin, þ. e. miðað við vinstri handar akstur. Hefur þetta valdið eða átt þátt í mörgum slysum.

Loks er svo þess að minnast, að með hverju ári sem líður verður dýrara og erfiðara í framkvæmd að breyta úr vinstri handar akstri yfir í hægri handar akstur. Málið þarf hins vegar rækilegan undirbúning, og þess vegna er það flutt hér í tillöguformi, er lýtur að því, að sá undirbúningur verði þegar hafinn.

Ed. 238. Frumvarp til laga [133. mál]

um sparifjársöfnun ungmenna.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

1. gr.

Hvert íslenzkt barn, fætt eftir 31. des. 1964, skal, eftir að því hefur verið nafn gefið, fá afhenta söfnunarbók frá Landsbanka Íslands með tvö hundruð króna innistæðu að gjöf. Gjafafé þetta endurgreiðir Seðlabankinn til Landsbankans. Söfnunarbók skal skráð á nafn barns og jafnframt getið fæðingardags og fæðingarárs.

Innistæður í söfnunarbókum skulu lúta ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Innistæður í söfnunarbókum skulu bera almenna innlánsvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma hjá Landsbanka Íslands. Að auki skulu innistæðurnar vera vísitölutryggðar, þannig að innistæða, sem staðið hefur heilt almanaksár í bók, skal í árslok verðbætt með vísitöluuppbót, er svari til þess, sem meðalframfærsluvísitala ársins, sem er að ljúka, er hærri en meðalframfærsluvísitala ársins á undan. Vísitöluupp-

bót, sem nemur broti úr prósenti, skal sleppt. Vísitöluuppbætur greiðast eigi á vexti, en vextir skulu hins vegar greiddir af innistæðu í heild, þar með töldum vísitöluuppbótum.

3. gr.

Hverjum sem er skal heimilt að leggja inn peninga á söfnunarbók ungmennis án þess að hafa bókina undir höndum, en innleggjandi skal fylla út tilskilin eyðublöð, sem Landsbankinn lætur gera úr garði. Á þessi innlegg skal litið sem gjöf til ungmennis. Leggja má inn í Landsbankann eða útibú hans svo og í sparisjóði, þar sem Landsbankaútibú eru ekki starfandi.

4. gr.

Óheimilt er að greiða út innistæðu í söfnunarbók, fyrr en ungmenni hefur náð 21 árs aldri. Þó má greiða út fyrr, ef ungmenni gengur í hjónaband, ef bú þess er tekið til gjaldþrotaskipta eða ungmenni fellur frá.

5. gr.

Fé það, sem safnast í söfnunarbækur ungmenna, skal Landsbankinn ávaxta með því að kaupa vísitölutryggð skuldabréf húsnæðismálastjórnar.

6. gr.

Ýtarlegri reglur um sparifjársöfnun ungmenna skulu settar með reglugerð í samráði við Landsbanka Íslands.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa lagafrumvarps er:

1) Að efla sparnað, en draga úr eyðslusemi meðal æskufólks í landinu, en tryggja jafnframt, að sparifé unga fólksins rýrni ekki vegna sífellt aukinnar verðbólgu.
2) Að veita hverjum sem er tækifæri til að gefa barni eða unglingi peningagjöf, sem verði ekki eyðslueyrir, heldur ávöxtuð og varðveitt til þess tíma, er ungmennið hefur meiri þörf fyrir fjármuni og meiri skilning á meðferð þeirra.
3) Að skapa sérhverjum ungum manni, sem hefur vilja og getu til að spara peninga, hagstæða aðstöðu til að eiga myndarlega fjárupphæð til ráðstöfunar við 21 árs aldur, þegar margvíslegar fjárfestingarþarfir kalla að, svo sem til heimilisstofnunar, íbúðarbyggingar, framhaldsmenntunar, þátttöku í atvinnurekstri eða annars þess konar.
4) Að tryggja aukið lánsfé til íbúðabygginga.

Þegar þess er gætt, að árlega fæðast nærri 5000 börn hér á landi, er auðsætt, að sparifjársöfnun samkvæmt frumvarpi þessu gæti á einum áratug numið hundruðum milljóna, og innan tveggja áratuga gæti söfnunin í heild verið komin yfir eitt þúsund milljónir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sparnaðarkerfið mundi hefjast frá og með 1. jan. 1965, enda nauðsynlegt að veita nokkurt svigrúm til undirbúnings. Landsbankinn verður að fylgjast með fæðingu og skírn barna hjá þjóðskránni og senda hverju barni sína söfnunarbók, þegar því hefur verið gefið nafn.

Um 2. gr.

Þar sem innistæður í söfnunarbókum eru bundnar til mjög langs tíma, er óhjákvæmilegt að greiða vísitöluuppbætur á innistæður, enda gæti söfnunin að

öðrum kosti misst marks, þar sem menn óttast sífellt verðrýrnun peninganna. Vísitöluuppbót á sparifé er nýmæli, sem er líklegt til að verka sem hvatning til sparnaðar.

Reglur um vísitöluuppbætur gætu verið með ýmsum hætti. Til skýringar á þeim reglum, sem settar eru fram í greininni, má taka eftirfarandi dæmi: Meðalframfærsluvísitala ársins 1969 væri 220 stig, en framfærsluvísitala ársins 1970 237 stig. Innistæða í söfnunarbók án vaxta væri í ársbyrjun 1970 kr. 5000.00. Vísitalan hefur þá hækkað um 17 stig eða um 7.7%. Vísitöluuppbót, sem færð yrði inn í bókina í árslok 1970, næmi því 7% af kr. 5000.00, þ. e. kr. 350.00.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að veita þeim, sem vilja gefa ungmenni peningagjöf, aðstöðu til að leggja inn á söfnunarbók án fyrirhafnar. Maður á Akureyri, sem vildi t. d. gefa barni í Reykjavík fjárupphæð í fermingargjöf, þarf ekki annað en inna greiðsluna af höndum til Landsbankaútibúsins á Akureyri og taka fram nafn barnsins, fæðingardag og fæðingarár. Bankinn sér síðan um, að peningaupphæðin verði færð inn í bók barnsins í Reykjavík.

Um 4. gr.

Miðað er við, að ungmenni fái söfnunarfjárhæðina með vöxtum og vísitöluuppbótum greidda út, þegar það verður fjárráða. Á því aldursskeiði hefur ungt fólk einnig að jafnaði mikla þörf fjármuna til að undirbyggja framtíð sína.

Um 5. gr.

Þar sem vísitöluuppbót er greidd af innistæðum, er nauðsynlegt, að fé sé lánað út gegn vísitölutryggingu, og kemur þá, eins og sakir standa, vart annað til greina en vísitölubréf húsnæðismálastjórnar. Sífellt skortir lánsfé til íbúðabygginga í landinu, en með því að nota söfnunarfé í þessu skyni mætti í framtíðinni, þegar söfnunin eflist, gera stórátak í húsnæðismálum fyrir þetta fé. Engum er það meira hagsmunamál en unga fólkinu, að nægilegt lánsfé sé fyrir hendi til íbúðabygginga.

Eigi hefur verið athugað, hvort þær vísitöluuppbætur, sem nú eru greiddar af skuldabréfum húsnæðismálastjórnar, nægja til að standa undir uppbótum samkvæmt þessari grein.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt er að setja ýtarlegri reglur um sparifjársöfnunina og framkvæmd hennar með reglugerð. Er sjálfsagt, að sú reglugerð sé sett í samráði við Landsbanka Íslands, sem á að hafa alla framkvæmd söfnunarinnar með höndum.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 239. Fyrirspurnir. [134. mál]

I. Til menntamálaráðherra um sjónvarpsmál.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hafa verið gerðar athuganir og áætlanir um kostnað við íslenzkt sjónvarp: a) stofnkostnað, b) rekstrarkostnað?
2. Er talið tæknilega mögulegt og fjárhagslega kleift, að íslenzkt sjónvarp geti á skömmum tíma náð til allra landshluta?
3. Telur ríkisstjórnin eðlilegt, að leyfður verði í landinu rekstur erlends hermannasjónvarps, eftir að starfsemi íslenzks sjónvarps væri hafin?

II. Til ríkisstjórnarinnar varðandi niðursuðuverksmiðju ríkisins á Siglufirði.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hvað líður sölu á framleiðsluvörum niðursuðuverksmiðju ríkisins á Siglufirði frá fyrra ári, að verðmæti ein og hálf milljón króna?
2. Hefur ríkisstjórnin verið fús til að aðstoða við sölu á niðurlagðri síld til Austur-Þýzkalands, t. d. með því að tengja slíka sölu við önnur verzlunarviðskipti?
3. Er ríkisstjórnin fús til að fallast á þá tillögu stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, að niðursuðuverksmiðja ríkisins verði sett undir sérstaka stjórn?

Nd. 240. Frumvarp til laga [135. mál]

um jarðgöng gegnum Breiðadalsheiði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal þegar fela vegamálastjóra að framkvæma allan nauðsynlegan verkfræðilegan undirbúning að því, að gerð verði jarðgöng gegnum Breiðadalsheiði milli Skutulsfjarðar og Önundarfjarðar. Skal öllum tæknilegum undirbúningi undir verkið lokið svo fljótt sem verða má.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 7 milljónum króna, til undirbúningsrannsókna og framkvæmdar verksins.

3. gr.

Lán það, sem tekið verður skv. 2. gr., svo og annar kostnaður við verkið, skal endurgreiðast smám saman af árlegum fjárlagafjárveitingum til þessara samgöngubóta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var frumflutt á seinasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Það, sem einkum stendur í vegi fyrir eðlilegum vexti Ísafjarðarkaupstaðar, er einangrun hans frá landbúnaðarhéruðunum til beggja handa, þ. e. a. s. sveitunum við innanvert Ísafjarðardjúp og byggðunum vestan Breiðadalsheiðar, við Önundarfjörð og Dýrafjörð.

Vonir standa nú til, að innan 4—5 ára komist Ísafjarðarbær loks í órofið akvegasamband við byggðirnar við Djúp. Það eðlilega og frjálsa viðskiptasamband, sem þá kemst á milli kaupstaðarbúa og fólksins í sveitunum, mun tvímælalaust verða báðum aðilum til aukinnar hagsældar.

En Breiðadalsheiði mun enn um langa hríð aðskilja bæ og sveitir vestur á bóginn a. m. k. 6—7 mánuði á ári hverju, nema sérstakra úrræða verði leitað.

Breiðadalsheiði er 610 metra hár fjallgarður, þar sem hún er lægst. Vegurinn um háheiðina og þó einkum að vestanverðu teppist oftast vegna snjóa í októbermánuði og verður sjaldnast akfær á ný fyrr en í maí eða júní. Á þessum slóðum liggur vegurinn um snarbratta fjallshlíð, og telja verkfræðingar ókleift að leggja hann svo, að honum verði haldið opnum að vetrarlagi.

Til þess að halda opnu akvegasambandi árið um kring milli Önundarfjarðar og Ísafjarðarkaupstaðar er því aðeins eitt úrræði fyrir hendi — að gera jarðgöng gegnum efsta hluta Breiðadalsheiðar.

Talið er vel fært að leggja vandaða vetrarvegi bæði um Breiðadal og Dagverðardal — og þó öllu heldur um Seljalandsdal til Ísafjarðar allt upp í 500 metra hæð. Væru jarðgöngin gerð þar gegnum fjallið, mundu þau verða rúmlega 600 metrar á lengd.

Fyrr en verkfræðileg rannsókn hefur farið fram á öllum aðstæðum, verður auðvitað ekki sagt með neinni nákvæmni, hvað slík jarðgöng mundu kosta, en þó er ekki talið fjarri lagi, að lengdarmetrinn kynni að kosta 10—12 þúsund krónur, miðað við núverandi verðlag. Þetta þýðir, að heildarkostnaður við 600 metra jarðgöng mundi tæpast verða meiri en 6—7 milljónir króna, — að vísu allhá upphæð, en þó ekki hærri en sem svarar andvirði 150—200 tonna fiskibáts.

Enginn getur þannig haldið því fram, að hér sé um draumóra að ræða, eða svo kostnaðarsamt mannvirki, að ríkinu sé það ofvaxið, ef vilji er fyrir hendi. Má í þessu sambandi minna á, að frændur vorir, Færeyingar, luku á liðnu ári við 1400 metra löng jarðgöng, og var verkinu stjórnað af íslenzkum verkfræðingi. Kostnaður við verkið mun hafa verið um 2½ milljón danskar krónur eða um 15 milljónir íslenzkar krónur. — 600 metra jarðgöng ættu því ekki að vaxa okkur í augum.

Þess er vert að geta, að vegur um Breiðadalsheiði er enn niðurgrafinn bráðabirgðavegur og af mörgum talinn einn lélegasti kaflinn á allri leiðinni milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Jarðgöngin þarf að undirbúa og ákveða, áður en mælt er fyrir framtíðarvegi báðum megin heiðar, en þeirri vegagerð verður alls ekki skotið lengi á frest úr þessu. Þá liggur í augum uppi, að hagkvæmt er að byrja á jarðgöngunum, því að einmitt þau leggja til valið efni í undirbyggingu vegar beggja vegna heiðar.

Vegir eru yfirleitt sæmilegir um Önundarfjörð og Dýrafjörð, en þá tvo firði skilur Gemlufallsheiði, sem er svo lág, að engum erfiðleikum er háð að leggja um hana akveg, er fær verði árið um kring. Með öruggum vegi um Breiðadalsheiði eru því sveitir Dýrafjarðar og Önundarfjarðar komnar í lífrænt samband við stærsta og öruggasta markað landbúnaðarafurða á Vestfjörðum, Ísafjarðarkaupstað. Vegur og jarðgöng um Breiðadalsheiði og beint akvegasamband við byggðir Ísafjarðardjúps eru mest aðkallandi framkvæmdir í vegamálum Vestfirðinga, enda jafnbrýnt hagsmunamál beggja, fólksins í sveitunum annars vegar og íbúa Ísafjarðar og kauptúnanna í Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslum hins vegar. Á skjóta framkvæmd þessa verks munu því margir knýja.

Í frumvarpi þessu er í fyrsta lagi mælt svo fyrir, að vegamálastjóra verði falið að framkvæma allan nauðsynlegan verkfræðilegan undirbúning að því, að jarðgöng verði gerð gegnum Breiðadalsheiði. Undir það heyrir nauðsynleg rannsókn á berglögum, í hvaða hæð göngin skuli verða og hvernig lega þeirra að öðru leyti verði ákveðin með tilliti til heppilegasta vegarstæðis frá jarðgöngunum vestur til Önundarfjarðar og norður um til Ísafjarðar.

Horfast verður í augu við, að vegagerð, sem framkvæma verður í samfelldum áfanga, eins og jarðgöng, fær ekki nægilegt fé til framkvæmda með árlegri skiptingu vegafjár á fjárlögum. Hætt er því við, að slíkum aðgerðum til samgöngubóta, hversu þýðingarmiklar sem eru, verði ár frá ári skotið á frest. Þess vegna er ríkisstjórninni heimilað í 2. gr. frumvarpsins að taka allt að 7 millj. kr. lán til að standa straum af kostnaði við jarðgöngin og verkfræðilegan undirbúning verksins. Verði jarðgöngin ákveðin í ca. 500 metra hæð yfir sjó, lætur nærri, að sú upphæð endist til að greiða allan kostnað við undirbúning og framkvæmd þessa mannvirkis. En yrði sú niðurstaða hinna fyrirhuguðu verkfræðilegu undirbúningsrannsókna að gera jarðgöngin neðar gegnum fjallið, sem æskilegt væri með tilliti til notagildis, mundu þau að sjálfsögðu verða mun lengri og þá að sama skapi dýrari.

En hvað sem um það er, væri eðlilegast að hugsa sér lán það, sem tekið væri

vegna þessara samgöngubóta, endurgreitt af fjárlagafjárveitingum til Breiðadalsheiðarvegar, ásamt með jarðgöngum, á 10—15 árum.

Vegagerð hér á landi fyrir lánsfé er ekki lengur nýmæli, — og hví skyldi þá ekki á það fallizt, að til þess úrræðis skuli gripið til að ná þýðingarmiklum áfanga í vegamálum Vestfjarða, sem tvímælalaust hafa dregizt aftur úr í samgöngumálum og eru verr á vegi staddir í þeim efnum en nokkur landshluti annar?

Flutningsmaður þessa frumvarps telur hér um stórmál að ræða fyrir íbúa Dýrafjarðar, Önundarfjarðar, Ísafjarðarkaupstaðar og flestra byggða við Djúp og vill því vænta öflugs stuðnings við málið og góðra undirtekta við það á háttvirtu Alþingi.

Nd. 241. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyt. á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

Frá Jónasi Péturssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Aftan við 4. tölulið 8. gr. laganna bætist:

Lán til bústofnsauka má veita hreppsfélögum gegn tryggingu í fasteign eða sýsluábyrgð. Skilyrði þess, að hreppsfélag geti fengið slíkt lán, er, að mynaður hafi verið í hreppnum bústofnsleigusjóður. Reglur fyrir bústofnsleigusjóði hreppanna skulu m. a. fela í sér:

1. Hreppsnefnd hefur á hendi stjórn sjóðsins.
2. Höfuðstóll sé lifandi peningur, annaðhvort haustlömb (gimbrar) eða kelfdar kvígur.
3. Búpeningurinn sé leigður frumbýlingum í hreppnum fyrst og fremst, en einnig öðrum bændum, er sérstaka þörf hafa fyrir aukinn bústofn, t. d. ef óhöpp hafa hent, er valda skepnumissi.
4. Leigutími búpeningsins skal að jafnaði eigi skemmri en 6—10 ár. Lánið sé endurgreitt í sama formi og það er tekið, þ. e. skilað haustgimbrum eða kelfdum kvígum.
5. Leiga (vextir) af þessum bústofnslánum skal greidd í lifandi peningi og sé hún einn gripur (haustgimbur eða kelfd kvíga) á ári fyrir hverja 30 gripi, sem leigðir eru.

Nd. 242. Lög [13. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

(Afgreidd frá Nd. 4. febr.)

Samhljóða þskj. 13.

Sþ. 243. Nefndarálit [18. mál]

um till. til þál. um hreyfanlega viðgerðarþjónustu við fiskileitartæki síldarflotans.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þessa tillögu og borið hana undir samtök sjómanna og útvegsmanna, sem hafa látið það álit í ljós, að nauðsyn beri til að veita betri viðgerðarþjónustu á þessu sviði. Nefndin telur eigi rétt að einskorða endurbætur á viðgerðarþjónustu fiskileitartækja við það að auka hreyfanleika hennar, heldur komi þar einnig önnur úrræði til greina. Af þeim sökum mælir nefndin með því, að tillagan verði samþykkt með nokkurri

BREYTINGU:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvernig bæta megi viðgerðarþjónustu í sambandi við fiskileitartæki síldveiðiflotans, þar á meðal verði athugaðir möguleikar á hreyfanlegri þjónustu.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um að bæta viðgerðarþjónustu í sambandi við fiskileitartæki síldarflotans.

Alþingi, 4. febr. 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Sverrir Júlíusson.
Gísli Guðmundsson.	Pétur Sigurðsson.	Ragnar Arnalds.
	Einar Ágústsson.	

Sþ. 244. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um að skiptast á diplomatískum fulltrúum við Kínverska alþýðulýðveldið.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skiptast á diplomatískum fulltrúum við Kínverska alþýðulýðveldið.

Greinargerð.

Kínverska alþýðulýðveldið er nú 15 ára gamalt. Fjórðungur mannkyns býr þar. Sæti þessarar fjölmennustu og einnar helztu menningarþjóðar heims hjá Sameinuðu þjóðunum er enn ranglega skipað.

Ísland hefur haft eðlileg samskipti við þetta ríki og stjórn þess í Peking, án þess hins vegar að skipzt væri á diplomatískum fulltrúum. Hins vegar hefur Ísland ekki haft neitt samband við stjórn Tsjang-Kai-Sheks á Formósu.

Það er því rétt, að Ísland komi samskiptum sínum við Kína í eðlilegt lag, með því að skiptast á við það diplomatískum fulltrúum, svo sem þegar hefur verið gert við ríki eins og Japan, þótt það sé landfræðilega jafnfjarri oss.

Leggur því Alþingi fyrir ríkisstjórn, að svo sé gert.

Sþ. **245. Tillaga til þingsályktunar** [137. mál]

um áætlun um þörf atvinnuveganna fyrir tæknimenntað fólk.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Björn Fr. Björnsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma athugun á þörf atvinnuvega landsins fyrir tæknimenntað fólk og áætlun, þar sem m. a. komi fram þessi atriði:

1. Þörf atvinnuvega landsins fyrir raunvísindamenn, verkfræðinga, tæknifræðinga og iðnfræðinga á næstu 10 árum.
2. Áætlað framboð slíkra manna á sama tímabili.
3. Skrá um fjölgun slíkra sérfræðinga hér á landi á síðustu 10 árum og um það, hve margir tæknimenntaðir Íslendingar starfa erlendis.
4. Samanburður við svipaðar áætlanir, sem gerðar hafa verið í nágrannalöndunum.

Athugun þessari og áætlun skal lokið, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Sú öld, sem við lifum á, hefur verið kennd við tækni og vísindi og það með miklum rétti. Framfarir allar hafa orðið stórkostlegri á undanförnum árum en dæmi voru áður til, og hraði þessarar þróunar verður stöðugt meiri. Allar eiga þessar framfarir að meira eða minna leyti rætur sínar að rekja til nýrra uppgötvana og alls konar framfara á sviði tækni og vísinda. Þjóðirnar hafa gert sér grein fyrir þessu, og er nú alls staðar kappkostað að tryggja sem bezt grundvöll tæknilegra framfara, en þar má fyrst telja tækni- og raunvísindamenntun hvers konar, og tekið tillit til þess í skólakerfinu allt frá barnaskólum upp í háskóla.

Þróunin á þessu sviði hér á landi hefur valdið mörgum áhyggjum. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir þörf landsins fyrir tæknimenntað fólk, og í þeim tilgangi er þingsályktunartillaga þessi flutt. Sú athugun, sem hér er lagt til að gerð verði, getur einnig orðið til leiðbeiningar við heildarendurskoðun skólakerfisins. Lagt er til, að athugun þessari sé flýtt og það leitt í ljós sem fyrst, hvaða breytinga er þörf, því að nauðsynleg lagfæring á þessum sviðum tekur mjög langan tíma vegna margra ára undirbúningsmenntunar og þjálfunar tæknifróðra manna.

Ástæða er til að ætla, að framboð tækimenntaðra manna hér á landi hafi ekki aukizt eins og eðlilegt og nauðsynlegt verður að telja.

Sem dæmi má nefna, að meðlimir í Verkfræðingafélagi Íslands voru 284 árið 1959, en þar af störfuðu 24 erlendis, eða 8.5% verkfræðinga. Árið 1962 voru meðlimir í Verkfræðingafélaginu 315, en þá störfuðu 40 þeirra erlendis, eða 12.7% meðlima í Verkfræðingafélaginu. Þar sem allir starfandi verkfræðingar hér á landi munu vera meðlimir í Verkfræðingafélagi Íslands, kemur í ljós, að starfandi verkfræðingum hér á landi hefur aðeins fjölgað um 15 frá 1959 til 1962. Er þetta aðeins um 5.8% aukning á þriggja ára tímabili, eða minna en 2% á ári, og því jafnframt heldur minni aukning en fólksfjölgunin í landinu. Er augljóst, að við svo búið má ekki sitja.

Flutningsmenn hafa einnig aflað sér upplýsinga um fjölda tæknifræðinga og iðnfræðinga hér á landi. Í ljós kemur, að hér á landi munu nú aðeins vera starfandi u. þ. b. 100 tæknifræðingar og varla fleiri en 20 iðnfræðingar, eða sem svarar til eins móti hverjum þremur verkfræðingum.

Af því, sem hér hefur verið talið, má telja víst, að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til úrbóta hið bráðasta.

Í flestum löndum Evrópu og í Norður-Ameríku, að minnsta kosti, hafa verið gerðar afar ýtarlegar athuganir á framboði og þörf tæknimenntaðra manna, eins og hér er lagt til að gert verði. T. d. hafa öll Norðurlöndin gert slíka könnun og birt

um niðurstöðurnar ýtarlegar skýrslur, m. a. í samvinnu við Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, en sú stofnun hefur lagt sérstaka áherzlu á slíkar athuganir.

Sem dæmi má nefna skýrslu, sem gefin var út í Noregi árið 1960 af hinu Norska rannsóknaráði vísinda og tækni (Norges Teknisk Naturvetenskapelige Forskningsråd) og nefnist: Þörfin fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga 1965—1970. Þar má m. a. sjá, að fjöldi verkfræðinga í Noregi var 7045 árið 1958, eða um 0.2% af fólksfjölda. Hér á landi var fjöldi verkfræðinga það ár um 0.15% af fólksfjölda. En auk þess hefur verkfræðingum fjölgað á undanförnum árum í Noregi um 4.5% á ári. Enn athyglisverðara er þó, að fjöldi tæknifræðinga var talinn vera 13955 árið 1958, og er það, þótt miðað sé við fólksfjölda, margfalt meira slíkra manna en hér starfar. Tæknifræðingum hefur fjölgað um 7.8% á ári í Noregi. Í skýrslu þessari er komizt að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt verði nálægt því að tvöfalda fjölda tæknifræðinga og verkfræðinga í norsku atvinnulífi á 10 ára tímabilinu frá 1960 til 1970. Sérstaklega er lögð áherzla á, að fjölga beri tæknifræðingum, enda mun það vera orðin viðurkennd regla víðast, að þörf sé tveggja til þriggja tækni- og iðnfræðinga fyrir hvern verkfræðing. Má öllum vera augljóst af þeim upplýsingum, sem áður greinir um fjölda tækni- og iðnfræðinga hér á landi, hve langt Íslendingar eru frá þessu marki.

Þess má einnig geta, að í Bandaríkjunum voru starfandi árið 1960 840 þús. verkfræðingar, 425 þús. vísindamenn og 875 þús. tæknifræðingar. Þetta mundi samsvara nokkurn veginn 840 verkfræðingum, 435 vísindamönnum og 875 tæknifræðingum starfandi hér á landi. Fjöldi vísindamanna, verkfræðinga og tæknifræðinga var því um 1.2% af íbúafjölda í Bandaríkjunum árið 1960, eða miðað við íbúafjölda líklega a. m. k. 5 sinnum meira hlutfallslega en hjá okkur Íslendingum. Þess má geta, að fjöldi slíkra manna þar mun aukast upp í nálægt 2% af íbúafjölda árið 1970.

Af þeim fáu dæmum, sem hér hafa verið tekin, virðist augljóst, að þörf sé skjótra aðgerða, ef okkur Íslendingum á að takast að vera nokkurn veginn sjálfum okkur nógir um starfsmenn á sviði tækni og vísinda í framtíðinni, en það má telja eitt af grundvallaratriðum til framfara og á að vera metnaðarmál sjálfstæðrar þjóðar. Er því lögð á það áherzla, að athugun þeirri, sem hér um ræðir, verði hraðað. Virðist rétt að fela einhverri ríkisstofnun að annast verk þetta, eins og t. d. rannsóknaráði ríkisins. Erlendis hafa skyldar stofnanir einmitt unnið svipuð verk og minnzt hefur verið á hér að framan, enda verður að telja framboð og starf tæknifróðra manna náskylt þróun vísinda í landinu.

Sþ. 246. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um ferjubryggjur í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela vita- og hafnarmálaskrifstofunni að rannsaka aðstöðu til ferjubryggjugerðar að Eyri í Mjóafirði, að Eyri eða Hvítanesi í Skötufirði og að Eyri í Seyðisfirði í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Reynist aðstaða hagstæð fyrir ferjubryggjur á þessum stöðum, svo sem öll aðstaða frá náttúrunnar hendi bendir til við fljótlega athugun, skal vitamálaskrifstofan gera nauðsynlega uppdrætti af bryggjunum, svo og kostnaðaráætlanir.

Framkvæmdum samkvæmt ályktun þessari skal lokið, áður en næsta Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Enn þá eru ytri hluti Ögurhrepps og innri hluti Súðavíkurhrepps ekki í sambandi við akvegakerfi landsins. Bændurnir við Mjóafjörð, Skötufjörð, Hestfjörð og Seyðisfjörð fá engan bíl í hlaðið með nauðsynjar sínar frá verzlunarstað. Og frá þeim verða

afurðir búanna ekki heldur fluttar landleiðina. Þeirra eina samgöngutæki er Djúpbáturinn, Fagranes.

Þeir, sem góðra samgangna njóta, eiga sennilega erfitt með að setja sig í spor þeirra bænda, sem þannig eru settir. Og þess er líka naumast að vænta, að þeir skilji, hvílíka erfiðleika slík aðstaða í samgöngumálum skapar.

En geta menn þó ekki gert sér í hugarlund, hversu erfitt það er á fámennum heimilum, eins og nú er algengast í sveitum, að setja upp og ofan flutningabát, hvernig sem á sjó stendur og hvernig sem viðrar, þegar Djúpbáturinn kemur að landi, flytja afurðir bús á skipsfjöl og nauðsynjar bús í land, þar sem engin bryggja er, og koma öllum hinum aðflutta varningi, matvörum, tilbúnum áburði, vélum og verkfærum o. s. frv., o. s. frv. í hús?

Við þessa aðstöðu eiga bændur í þeim hluta landsins, sem hér um ræðir, enn þá að búa.

Hér þarf vissulega úr að bæta og hefði þó fyrr mátt vera.

Nokkrar ferjubryggjur hafa verið byggðar við Ísafjarðardjúp, og er það sammæli flestra, sem til þekkja, að fá opinber mannvirki hafi orðið bændum Norður-Ísafjarðarsýslu til meira hagræðis og léttis í daglegu starfi þeirra en einmitt ferjubryggjurnar, sem þó eru tiltölulega smá og ódýr mannvirki.

Sú reynsla, sem fengin er af ferjubryggjunum við Ísafjarðardjúp, bendir ótvírætt í þá átt, að hraða beri byggingu slíkra smábryggja, er auðveldi afgreiðslu Djúpbátsins, í þeim byggðarlögum, þar sem bændur eiga allt sitt undir samgöngum á sjó, en verða þó enn við ærna erfiðleika að flytja allar vörur að sér og frá á bátum af skipsfjöl og á.

Þess vegna er nú lagt til, að rannsökuð verði bryggjuskilyrði á þremur stöðum við vestanvert Ísafjarðardjúp.

Bryggja að Eyri í Mjóafirði mundi verða útflutnings- og aðflutningsmiðstöð bænda við Mjóafjörð: í Hörgshlíð, Heydal, Botni, Eyri og Látrum.

Við fljótlega athugun virðist bryggjuaðstaða að Eyri vera hin bezta, sem á verður kosið.

Við Skötufjörð koma helzt til greina tveir bryggjustaðir: að Eyri eða Hvítanesi. Er rétt, að rannsókn sérfróðra manna skeri úr um, hvor staðurinn verði fyrir valinu.

Bæirnir Skarð og Hjallar við Skötufjörð eiga hægasta sókn að Ögurbryggju. En Kálfavík, Borg, Kleifar, Eyri, Litlibær og Hvítanes mundu hafa mest hagræði af bryggju hinum megin fjarðar, annaðhvort að Eyri eða Hvítanesi, svo sem fyrr segir.

Þá er í þriðja lagi lagt til, að ferjubryggja verði staðsett að Eyri í Seyðisfirði. Þar er bryggjustæði ágætt, eins og víðast við hinar vestfirzku sand- og malareyrar. Þeirrar bryggju hefðu not Eyrarbændur, Kleifabóndi og bóndinn að Hesti í Hestfirði.

Mál þetta liggur ljóst fyrir og þarf ekki nánari útskýringa við.

Hér er sem sé lagt til, að bætt verði nokkuð aðstaða bænda við Mjóafjörð, Skötufjörð, Hestfjörð og Seyðisfjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu með þeim aðgerðum í samgöngumálum, sem tiltækastar eru með vel viðráðanlegum tilkostnaði.

Er þess að vænta, að Alþingi fallist á, að hér sé nauðsynjamáli hreyft, og sjái sér því fært að samþykkja tillöguna.

Sþ. 247. Nefndarálit [101. mál]

um till. t.l þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda alþjóðasamninginn um takmarkað bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og orðið sammála um að leggja til, að hún verði samþykkt óbreytt. 3. þm. Reykv. (EOl) gerði þó þann fyrirvara, að hann áskildi sér

rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kynnu að koma við tillöguna.

Alþingi, 5. febr. 1964.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.	Emil Jónsson, fundaskr.	Einar Olgeirsson.
Matthías J. Mathiesen.	Davíð Ólafsson.	Þórarinn Þórarinsson.
	Ólafur Jóhannesson.	

Ed. 248. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumv. á tveimur fundum og sent það til umsagnar dr. Finni Guðmundssyni náttúrufræðingi, Búnaðarfélagi Íslands og veiðistjóra Sveini Einarssyni.

Dr. Finnur mælir eindregið með, að frumv. verði gert að lögum.

Afstaða veiðistjóra til frumv. er einnig jákvæð í höfuðatriðum. Þó telur hann, að einhver kostnaðarauki verði við eyðingu refa, ef eitrun verður lögð niður. Í öðru lagi telur hann, að verðlaun fyrir að vinna hlauparefi þurfi að hækka meira en frumv. gerir ráð fyrir. Í þriðja lagi telur hann þörf á, að sett verði hámarksákvæði um verðlaun fyrir að vinna grendýr samkv. fyrri málsgr. 8. gr. laganna, og nefnir 350 kr. fyrir fullorðin dýr og 200 kr. fyrir hvern yrðling. En eftir ákvörðun greinarinnar, eins og hún er, hafa gilt um þetta samningar milli veiðimanna og sveitarfélaga, mjög mismunandi á hinum ýmsu stöðum. Þá er það enn skoðun veiðistjóra, að skynsamlegt sé að leggja refaeitrun niður í nokkur ár með það fyrir augum að vernda arnastofninn. Hann segir orðrétt um árangur af eitrun fyrir refi: „Reynsla mín er sú, að þar sem eitrun hefur legið niðri um nokkur ár, hefur árangur orðið langmestur af eitruninni, þegar hún er tekin upp á ný, og þannig álít ég að eitrun eigi að fara fram.“ Í höfuðdráttum er veiðistjóri því meðmæltur, að hlé verði gert á eitrun fyrir refi og minka, en leggur til, að hléið verði 3 ár, en ekki 5.

Afstaða stjórnar Búnaðarfélagsins til frumv. er einnig fremur jákvæð, á sama hátt og afstaða veiðistjóra.

Að athuguðu máli og með hliðsjón af bendingum veiðistjóra og Búnaðarfélagsins leggur meiri hluti landbúnaðarnefndar til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Minni hlutinn mun skila sérstöku áliti.

Alþingi, 6. febr. 1964.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Sig. Ó. Ólafsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson.

Ed. 249. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Á undan 1. gr. kemur ný grein (sem verður 1. gr.):
   Við fyrri málsgr. 8. gr. laganna bætist:
   Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr skal vera kr. 350.00 fyrir fullorðið dýr og kr. 200.00 fyrir hvern yrðling.
2. Í stað „kr. 550.00“ í 1. gr. (sem verður 2. gr.) kemur: kr. 700.00.

Nd. 250. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952.

Frá samgöngumálanefnd.

Frv. þetta var flutt með frv. til vegalaga fyrr á þinginu og er nátengt því. Snertir það eingöngu girðingar við vegi.

Í 12. gr. girðingalaga eru ákvæði um tiltekna fjarlægð girðingar frá vegi. Nú hefur Alþingi ákveðið í hinum nýju vegalögum, að setja skuli reglugerð um þetta atriði eins og ýmis önnur varðandi gerð vega.

Efni 13., 14., 15. og 16. gr. girðingalaganna er lítt breytt í 76., 77., 78. og 79. gr. vegalaga.

Ástæða er til að benda á, að 9. gr. girðingalaga gildir óbreytt, en þar er ákvæði um greiðslu girðingakostnaðar, ef vegur er lagður um tún eða ræktunarland.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirtalinni

BREYTINGU:

3. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 5. febr. 1964.

Sigurður Bjarnason, form. Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm. Björn Pálsson.
Jónas Pétursson. Sigurvin Einarsson.

Ed. 251. Lög [120. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1964.

(Afgreidd frá Ed. 6. febr.)

Samhljóða þskj. 206.

Nd. **252. Frumvarp til laga** [139. mál]

um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Birgir Finnsson, Sigurður Bjarnason, Sigurvin Einarsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.
Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Það er markmið skólans að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólanum eru 4 ársbekkir.

4. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru þessi:

1. Að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum.
2. Að nemandinn hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið.
3. Að hann sé siðferðilega óspilltur.
4. Að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

6. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólans veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

7. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólans verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með tilskilinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

8. gr.

Í skólanum skal kenna: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku (latínu), sögu og félagsfræði, kristinfræði, bókfærslu, íþróttir og söng. Heimilt er stjórn skólans að fjölga kennslugreinum eða fækka að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

9. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok hvers skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.

10. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

11. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólans um úrlausnir hver hjá öðrum. En við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af yfirstjórn skólans, að fengnum tillögum háskólaráðs og forstöðumanns skólans. Nánar verður kveðið á um próf og einkunnir í reglugerð skólans.

12. gr.

Forstöðumaður skólans og fastir kennarar hans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild. Forstöðumaður ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans með samþykki fræðslumálastjórnar.

13. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. — Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita, ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má þó kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og í 17 stundir, er hann verður sextugur.

Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við forstöðumann og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur greinargerðina fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt ársorlof nema einu sinni. Beiðni um ársorlof skal senda ráðherra með árs fyrirvara.

Menntamálaráðuneytið veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir, að orlofsári loknu, að gefa fullnægjandi skýrslu um orlofið — að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Þess skal gætt, að framkvæmd orlofs trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

Nánari ákvæði um réttindi og skyldur kennara verða sett með reglugerð.

16. gr.

Skólinn heyrir beint undir menntamálaráðherra. Forstöðumaður skólans og fastir kennarar skipa skólastjórnina, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu hefur nokkrum sinnum áður verið flutt á Alþingi, og hefur því þá fylgt í aðalatriðum svo hljóðandi greinargerð:

Lengi vel var latínuskólinn, síðar menntaskólinn í Reykjavík, eini skólinn hér á landi, sem brautskráði stúdenta.

Þá hófu Norðlendingar baráttu fyrir því, að gagnfræðaskólinn á Akureyri fengi réttindi að lögum til að kenna undir stúdentspróf og brautskrá stúdenta, og lauk þeirri baráttu með stofnun menntaskólans á Akureyri árið 1927.

Þegar sá sigur vannst í skólamáli Norðlendinga, ritaði einn fyrrverandi nemandi gagnfræðaskólans á Akureyri þessi orð, sem reynslan hefur sannað: **„Eftir stofnun menntaskóla norðanlands er íslenzk menning orðin einu víginu auðugri.“**

Þessu næst veitti ráðherra Verzlunarskóla Íslands rétt til að brautskrá stúdenta.

Þá hófst barátta fyrir því, að stofnaður yrði menntaskóli í sveit. — Menntaskólinn á Laugarvatni er árangur þeirrar menningarbaráttu og veldur ekki lengur ágreiningi.

Í ræðu, sem hinn gagnmerki skólamaður, Sigurður Guðmundsson skólameistari, flutti við skólaslit vorið 1928, er hann brautskráði fyrstu stúdentana frá menntaskóla Akureyrar, sagði hann meðal annars þetta:

„Það liggur í augum uppi, að hverjum skóla er ætlað að vera menningarvígi eða menningarstöð. Hvert skyldi annars vera markmið þeirra? **Slíkar menningarstöðvar mega eigi allar vera á einum stað.** Menningarblóðið verður að renna um allar æðar þjóðlíkama vors.“

Þetta eru orð að sönnu. Það er í fullu samræmi við álit þessa mæta og merka skólamanns, að þeirri skoðun hefur mjög vaxið fylgi hin síðari árin, að stofna beri einnig menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Höfuðástæðan til þess, að þetta frumvarp er flutt, er sú skoðun flutningsmanna, að skapa beri ungu hæfileikafólki hvarvetna á landinu sem jafnasta aðstöðu til að geta aflað sér stúdentsmenntunar án tillits til efnahags, aðeins ef hugur stendur til.

Fyrir nokkrum árum fékk gagnfræðaskólinn á Ísafirði heimild menntamálaráðuneytisins til að starfrækja framhaldsdeild, er samsvaraði 1. bekk menntaskóla. Þetta varð til þess, að ýmsir efnilegustu nemendur skólans, sem ella hefðu ekki haft efni á að hefja langskólanám, hófu nám í þessari deild og brutust síðan áfram til stúdentsprófs, þó að nokkrir hættu námi sökum efnaskorts eftir veturinn.

Deild þessi starfaði þrjá vetur að því sinni með góðum árangri að dómi menntaskólanna í Reykjavík og á Akureyri, sem við nemendunum tóku. En þá vildi menntamálaráðherra sá, er þá kom, ekki veita samþykki sitt fyrir áframhaldandi starfsemi deildarinnar, þar eð til þess skorti lagaheimild.

Þannig lagðist þessi kennsla í námsgreinum 1. bekkjar menntaskóla á Ísafirði niður um sinn.

En áhugi manna á stofnun menntaskóla Vestfjarða á Ísafirði var ekki kistulagður þar með.

Menn úr öllum stjórnmálaflokkum og margvísleg félagssamtök tóku málið upp á ný. Og á árinu 1959 heimilaði menntamálaráðherra gagnfræðaskólanum á Ísafirði loks með bréfi að hefja aftur starfrækslu framhaldsdeildar, er jafngilti 1. bekk menntaskóla.

Þetta var mikilsverður áfangi, en því miður barst bréf menntamálaráðherra svo seint, að nemendur höfðu þá fyrir löngu ráðstafað sér í aðra skóla. Gat framhaldsdeildin því ekki starfað veturinn 1959—1960.

Þá sótti fræðsluráð Ísafjarðar um ráðherraleyfi fyrir starfrækslu framhaldsdeildarinnar næsta vetur, 1960—1961, og var sú heimild veitt. Próf frá deildinni voru fyrst viðurkennd af menntaskólanum á Akureyri, en nú hafa bæði menntaskólinn í Reykjavík og menntaskólinn á Laugarvatni einnig viðurkennt próf deildar-

innar. Þetta er því góð og ánægjuleg byrjun. En það, sem einu sinni hefur gerzt, getur gerzt aftur. Þessa menningarstarfsemi er hægt að stöðva aftur, hvenær sem er, meðan hún hvílir ekki á lagagrundvelli.

Þess vegna er nauðsynlegt, að lög verði sett um menntaskóla Vestfjarða á Ísafirði. Meðan lagagrundvöllinn vantar, mun ávallt reynast erfitt að tryggja hæfa kennslukrafta, þar sem óvissa um áframhald hlyti að torvelda, að hinir hæfustu menntamenn áræddu að ráða sig til kennslunnar.

Æska Reykjavíkur á greiðan aðgang að menntaskólanámi. Sama er að segja um Norðlendinga og Sunnlendinga. — En vestfirzkur æskulýður — og austfirzkur — er stórum verr settur í þessu tilliti. — Á því fer tvímælalaust verr en flestu öðru, að nokkur einokunarblær sé á menningar- og menntunaraðstöðu þegnanna. **Þess vegna er það rétt stefna, að menntaskólar rísi af grunni í öllum landsfjórðungum.**

Vegna hins mikla áhuga Vestfirðinga í menntaskólamálinu og þeirrar byrjunar, sem þar hefur áður verið gerð með góðum árangri — og nú heimiluð á ný, telja flutningsmenn þessa frumvarps eðlilegt, að næsta skrefið að þessu takmarki verði stofnun menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Viljum við því vænta, að málið fái góðar undirtektir og greiðan framgang.

Þeir Vestfjarðaþingmenn, sem sæti eiga í efri deild, standa einnig að flutningi málsins.

Sþ. 253. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um verðlaunaveitingu fyrir menningarafrek vegna tuttugu ára afmælis lýðveldisins.

Flm.: Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson, Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að veita fimm milljónir króna til þess að minnast tuttugu ára afmælis lýðveldisins þann 17. júní í ár með eftirfarandi móti:

Veitt skulu verðlaun, er samanlagt nema þessari upphæð, fyrir beztu afrek íslenzkra manna á sviði tónlistar, myndlistar, bókmennta, sagnaritunar og vísindarannsókna, svo og fyrir ritgerðir og rannsóknir, er varða auðlindir Íslands og nýtingu þeirra.

Menntamálaráð skal annast veitingu þessara verðlauna samkvæmt reglugerð, er það semur og menntamálaráðherra staðfestir. Verðlaunaafhending fari fram 17. júní 1964.

Greinargerð.

Það er rétt og nauðsynlegt, að íslenzka lýðveldið minnist tuttugu ára afmælis lýðveldisstofnunarinnar með nokkru því móti, er orðið gæti til þess að efla þjóðmenningu vora, auka á þjóðerniskenndina og laða fram sem flesta hæfileikamenn á hinum ýmsu sviðum lista og vísinda. Því er með þáltill. þessari lagt til, að Alþingi veiti fimm milljónir króna til veitingar verðlauna fyrir beztu afrek á ýmsum sviðum íslenzkrar menningar svo sem:

Á sviði tónlistar: fyrir sinfónísk verk, óperur, ballett o. fl.

Á sviði myndlistar: fyrir málverk, höggmyndir, kvikmyndir o. s. frv.

Á sviði fagurra bókmennta: fyrir skáldsögur, leikrit, ljóð o. s. frv.

Á sviði sagnaritunar: fyrir rit eða rannsóknir á íslenzkum bókmenntum, sögu, íslenzkri tungu o. fl.

Á sviði vísinda: fyrir hvers konar rannsóknir og uppgötvanir íslenzkra manna.

Á sviði hagnýtra rannsókna: fyrir ritgerðir og hvers konar rannsóknir varðandi auðlindir Íslands og nýtingu þeirra.

Lagt er til, að menntamálaráð annist úthlutun þessara verðlauna og undirbúning allan. Fari þar um eftir reglugerð, er ráðið setur og menntamálaráðherra staðfestir.

Nd. 254. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 7. febr. 1964.

Gunnar Gíslason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson.
Jónas Pétursson. Björn Pálsson.

Sþ. 255. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um tryggingar gegn uppskerubresti og afurðatjóni í landbúnaði.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fjóra menn í nefnd, einn tilnefndan af stjórn Bjargaráðasjóðs Íslands, annan af Búnaðarfélagi Íslands, hinn þriðja af Stéttarsambandi bænda og hinn fjórða án tilnefningar, til að endurskoða lög um búfjártryggingar og önnur lög, er málið varða, í því skyni, að komið verði á fót fyrir landbúnaðinn tryggingum gegn uppskerubresti og afurðatjóni með hliðsjón af aflatryggingum sjávarútvegsins. Sá nefndarmaður, sem skipaður er af ríkisstjórninni án tilnefningar, skal vera formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Á þessu þingi hafa verið fluttar þrjár tillögur til þingsályktunar um tryggingamál landbúnaðarins. Þessar tillögur eru:

1. Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun laga um Bjargráðasjóð o. fl. Flm.: Jónas Pétursson og Magnús Jónsson (24. mál).
2. Tillaga til þingsályktunar varðandi búfjártryggingar, tryggingar gegn uppskerubresti o. fl. Flm.: Ásgeir Bjarnason, Gísli Guðmundsson, Ágúst Þorvaldsson og Karl Kristjánsson (29. mál).
3. Tillaga til þingsályktunar um Tryggingarsjóð landbúnaðarins. Flm.: Björn Jónsson, Ragnar Arnalds og Gils Guðmundsson (31. mál).

Öllum þessum tillögum hefur verið vísað til allsherjarnefndar, og hefur nefndin fengið umsagnir um þær frá stjórn Bjargráðasjóðs Íslands, Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Telja allir þessir aðilar nauðsyn á auknum tryggingum í landbúnaði.

Allsherjarnefnd er sammála um, að málið verði bezt leyst með því að sameina í nýrri tillögu þau meginsjónarmið, er fram komi í áðurgreindum þrem þingsályktunartillögum. Af þeim sökum leyfir nefndin sér að flytja framangreinda þingsályktunartillögu um tryggingar gegn uppskerubresti og afurðatjóni í landbúnaði.

Ed. 256. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Flm.: Jón Árnason, Eggert G. Þorsteinsson, Björn Jónsson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Á eftir orðunum „að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum“ í 2. málsgr. 1. gr. laganna komi: annars staðar en í Faxaflóa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti Jón Árnason frumvarp samhljóða þessu. Frumvarpið hlaut þá eigi fullnaðarafgreiðslu og er því endurflutt nú. Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Stærsti sigur, sem Íslendingum hefur í skaut fallið á sviði atvinnumála, er án alls efa alþjóðaviðurkenning á rétti vorum til 12 mílna fiskveiðilandhelginnar við strendur landsins. Með þessum mikilsverða áfanga hafa Íslendingar öðlazt til eigin afnota öll yfirráð yfir auðugustu fiskimiðum á stórum hafsvæðum umhverfis landið og auk þess allar fiskveiðar á flóum og fjörðum inni.

Af þessu leiðir, að Íslendingar einir hafa í sinni hendi fullan og óskoraðan rétt til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem þurfa þykir, til þess að vernda allar uppeldisstöðvar ungfisksins, í flóum og fjörðum, fyrir þeirri rányrkju, sem stafar af hvers konar botnvörpu- og dragnótaveiðum.

Eins og nú er komið tækni í fiskveiðunum, er þess vissulega full þörf, að allur varnaður sé á hafður að vernda aðaluppeldisstöðvar ungfisksins á vaxtarskeiði hans.

Eigi verður um það deilt, að Faxaflói er ein allra þýðingarmesta fiskuppeldisstöðin við strendur þessa lands. Kemur þar til meðal annars, að Faxaflói liggur næst aðalhrygningarstöðvunum við suðurströnd landsins, þangað er ungviðinu næst að leita skjóls og þar eru öll hin ákjósanlegustu skilyrði frá náttúrunnar hendi til vaxtar og viðgangs.

Á engu hafsvæði hér við land hafa verið gerðar jafnýtarlegar vísindarannsóknir á þessu sviði og í Faxaflóa. Meðan vér áttum við að búa fiskveiðilandhelgi, sem aðeins náði 3 sjómílur frá ströndinni, voru af íslenzkum og erlendum fiskifræðingum gerðar margendurteknar rannsóknir í þessu efni.

Niðurstöður þeirra rannsókna vöktu á sínum tíma alþjóðaathygli á þeim geysilega mun, sem var á vaxtarskilyrðum ungfisksins utan og innan landhelginnar. Innan landhelgislínunnar var mikil gnægð ungfisks, sem sýnilega lifði þar við hin beztu lífs- og þroskaskilyrði. En utan landhelgislínunnar sýndu rannsóknir þessar, að allt öðru máli var að gegna. Þar var ördeyða, og uppfæðingurinn hafði hlotið sömu örlög og nytjafiskurinn, hvort tveggja varð rányrkjunni að bráð.

Eftir að fjögurra mílna landhelgin kom til framkvæmda og bannaðar voru allar botnvörpu- og dragnótaveiðar í flóum og fjörðum, var þess ekki langt að bíða, að fiskmagnið ykist þar. En samfara því kom það til, að veiðarnar nýttust á allan hátt betur. Var þá eingöngu um að ræða línuveiðar og þorskanetja- og handfæraveiðar.

Á þessum tíma og eftir að 12 mílna friðunin kom til sögunnar var hér við flóann og víðar á landinu smíðaður fjöldi smærri vélbáta, er stundaðar voru á fiskveiðar með línu og handfæri. Jók þessi hagstæða útgerð að miklum mun það aflamagn, sem á land barst, bæði við sunnan- og norðanverðan Faxaflóa. Sama máli

gegndi um aðra þá staði á landinu, sem þessar friðunarráðstafanir náðu einnig til. Þar við bættist, að afli sá, sem hér um ræðir, var úrvalshráefni til hvers konar vinnslu í fiskiðjuverum, og fór aflamagnið stöðugt vaxandi.

Þessi hagstæða þróun fiskveiðanna í Faxaflóa stóð því miður skamma stund. Hér urðu alger þáttaskil, þegar það óheillaspor var stigið, að leyfðar voru dragnótaveiðar að nýju í flóanum. Það tók skamman tíma, eftir að dragnótaveiðarnar hófust, að þær gengju af öllum handfæra- og línuveiðum smærri bátanna nær dauðum. Það dró svo úr afla þessum, að útgerð sú, sem áður hafði gefið mjög góða raun, dró fljótlega saman seglin og lagðist að mestu niður. Þeir, sem þessar veiðar stunduðu, áttu ekki annars úrkosta en leita til annarra atvinnuvega, og bátarnir voru settir í naust. En þar bíða þeirra þau örlög, að hið mikla verðmæti, sem í þeim stendur, rýrnar og verður að engu.

Dragnótaútgerðin gaf nokkra raun í byrjun, meðan hún naut ávaxtanna af undanfarandi friðun. En brátt dró úr þeim veiðum einnig og því meir sem lengra hefur liðið. Nú er svo komið í Faxaflóa, að þar er að verða fisklaust á flestum tímum árs, í stað þeirrar miklu fiskisældar, sem áður átti sér stað, meðan algert bann var lagt á hina skefjalausu rányrkju. Hættan af dragnótaveiðum í jafnþýðingarmikilli uppeldisstöð og Faxaflói er felst ekki fyrst og fremst í veiði nytjafiska, heldur hinu gegndarlausa ungviðisdrápi, sem þessum veiðum fylgir. Er nú svo komið, að hinir stærri vélbátar, sem fiskveiðar stunda með línu, verða vart fisks varir, þótt gífurleg línulengd sé notuð, nema þá helzt með því að róa langt á haf út, og dugir þá sólarhringurinn hvergi til róðursins.

Það tjón, sem landsmönnum er búið af þessum veiðum í Faxaflóa, verður ekki með tölum talið. Þetta tjón tekur einnig til fleiri en þeirra, sem við flóann búa eða þar í nánd. Fiskurinn, sem fær frið og næði til að vaxa upp í Faxaflóa, dreifist, er hann stækkar, um öll fiskisvæði við strendur landsins. Hér þarf því þegar að spyrna við fótum og bægja frá þeirri augljósu hættu, sem við blasir. En það verður ekki gert með öðrum hætti en þeim að banna með öllu dragnóta- og botnvörpuveiðar í Faxaflóa. Slíkar ráðstafanir þarf vafalaust að gera víðar, en hér í Faxaflóa er sökum legu hans og staðhátta allra mest í húfi. Þess vegna má það ekki dragast lengur, að hér verði bót á ráðin á þann hátt, sem lagt er til í frumvarpi þessu.

Ed. 257. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd varð sammála um þær breytingar, sem eru á þskj. 249. Þær tillögur, sem þar eru bornar fram, eru að miklu leyti leiðrétting vegna þeirra breytinga, sem orðnar eru á kaupgjaldi síðan 1957, en að nokkru leyti er þar um nýmæli að ræða, sem veitt eru verðlaun fyrir að vinna grendýr og yrðlinga.

Hins vegar erum við í minni hluta nefndarinnar ekki sammála meiri hl. n. um þá breytingu, sem lögð er til í 2. gr. frv., um það að fresta að öllu leyti eitrun um næstu 5 ár. Eitrun hefur alltaf verið umdeild og verður það vafalaust, en í stórum landshlutum er hún að margra dómi eina leiðin til þess að halda dýrbít í skefjum frá því að valda bændum stórtjóni á sauðfé. Þess vegna teljum við ekki fært að banna eitrun algerlega hvar sem er á landinu næstu 5 ár. Ákvæði 11. gr. laganna er það rúmt, að þar má bæði velja og hafna, þegar ákveðin eru þau svæði, sem eitrað er á.

Breyta má samkvæmt tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands og veiðistjóra þeim reglugerðarákvæðum, sem nú eru í gildi um þetta efni. Ef það sýnist rétt að

undanþiggja stærri landssvæði en nú er gert frá eitrun, þá er það hægt án þess að breyta lögum. En þá verður líka hægt að eitra á þeim landssvæðum, þar sem útilokað er að vinna bug á þessum skaðsömu dýrum á annan hátt.

Við undirritaðir leggjum því til, að 2. gr. frv. verði felld niður.

Alþingi, 8. febr. 1964.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Páll Þorsteinsson.

Nd. 258. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyt. á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Á eftir 8. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 64. gr. laganna komi ný grein, sem verði 65. gr., svo hljóðandi:

Ríkissjóður leggur fram 43 millj. kr. á árinu 1964, er verja skal til framleiðniaukningar í landbúnaði. Fjárhæð þessari skal sérstaklega varið til stækkunar á þeim búum í landinu, sem eru undir stærð meðalbúsins.

Nýbýlastjórn skal setja reglur um ráðstöfun fjárins, en ráðherra staðfestir reglurnar.

Ed. 259. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 11. febr. 1964.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Karl Kristjánsson. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 260. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um stórvirkjunar- og stóriðjumál.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Gísli Guðmundsson, Helgi Bergs, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að kynna sér niðurstöður þeirra rannsókna á stórvirkjunarmöguleikum hér á landi, er fram hafa farið á vegum raforkumálastjórnarinnar, svo og athugana stóriðjunefndar á möguleikum til stóriðju. Nefndin velur sér formann.

Hlutaðeigandi ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum ber að veita nefndinni allar umbeðnar upplýsingar og aðstoð í starfi hennar. Nefndinni er og heimilt að ráða sérfróða menn sér til aðstoðar.

Nefndinni ber að leggja fram álit sitt og tillögur í stórvirkjunar- og stóriðjumálum svo fljótt sem unnt er. Kostnaður við störfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Hinn 5. febr. s. l. svaraði iðnaðarmálaráðherra fyrirspurn á Alþingi varðandi undirbúningsathuganir á möguleikum til stórvirkjana og stóriðju á Íslandi.

Flm. þessarar tillögu eru þeirrar skoðunar, að stórvirkjunar- og stóriðjumálin séu nú, eftir skýrslu iðnaðarmálaráðherra, komin á það stig, að skylt sé og óhjákvæmilegt, að um þau verði fjallað á Alþingi á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill., og að ríkisstjórnin eða starfsmenn hennar eigi ekki héðan af að hafast neitt að, sem miklu skiptir, í þeim málum, fyrr en Alþingi hefur átt þess kost að kynnast þeim nánar og marka þar stefnu, þegar nefnd sú hefur lokið störfum, sem kjósa skal samkvæmt tillögunni.

Það er með öllu óeðlilegt, að ríkisstjórnin ákveði virkjunarstað eða staði fyrir stórvirkjun, stofni til ákveðinnar tegundar af stóriðju og ákveði staðsetningu hennar eða haldi nú áfram viðræðum við erlend stóriðjufyrirtæki og fjármálastofnanir um stóriðjurekstur hér á landi, án þess að Alþingi hafi þar hönd í bagga. Hins vegar er eðlilegt, að nefnd sú, sem þingið kýs samkvæmt tillögunni, ef samþykkt verður, hraði störfum svo sem unnt er. Gert er ráð fyrir, að stofnanir og starfsmenn ríkisins á því sviði, sem hér er um að ræða, láti nefndinni í té upplýsingar og aðstoð. Jafnframt ber til þess nauðsyn, að nefndin geti orðið sem sjálfstæðust í starfi sínu og tillögugerð, og er því einnig gert ráð fyrir, að hún geti sjálf aflað sér aðstoðar hjá sérfræðingum, sem eru óháðir þeim niðurstöðum, sem fyrir liggja, og bráðabirgðaákvörðunum, sem teknar hafa verið.

Hinn 22. marz 1961 samþykkti Alþingi þingsályktun um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvörum og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi.“

Síðan þessi þingsályktun var afgreidd til ríkisstjórnarinnar, eru nál. 3 ár liðin. Engin skýrsla hefur verið gefin Alþingi eða þingnefndum um, að lokið sé því verki, sem skorað var á stjórnina að framkvæma.

Iðnaðarmálaráðherra gaf á hinn bóginn 5. febr. s. l. í fyrirspurnatíma á Alþingi lauslega skýrslu um „athuganir“ svonefndrar stóriðjunefndar, sem skipuð var af ríkisstjórninni án samráðs við Alþingi vorið 1961, og „raforkumálastjórnar ríkisins“, en athuganir þessar eru samkvæmt skýrslu ráðherrans sem hér segir:

„Annars vegar eru tæknilegar athuganir á möguleikum til stórvirkjunar hér á landi og kostnaði við hana og tæknileg atriði varðandi staðsetningu alúmíníumbræðslu. Hins vegar eru athuganir á því, hvort unnt verði að semja við erlend alúmíníumfyrirtæki um byggingu og rekstur alúmíníumbræðslu hér á landi með kjörum, sem Íslendingum væru aðgengileg.“

Að „athugunum“ þessum hafa stóriðjunefnd og raforkumálastjórnin unnið „fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og á hennar vegum“, sagði ráðherrann í skýrslu sinni. Hann sagði enn fremur:

„Þær athuganir, sem gerðar hafa verið til þessa, benda til þess, að 105 þús. kw. orkuver við Búrfell muni vera hagkvæmasta lausnin. — — — Um staðsetningu alúmíníumverksmiðju er það að segja, að athuganir hafa leitt í ljós, að ódýrast og hagkvæmast sé að staðsetja hana við sunnanverðan Faxaflóa. — Hins vegar er einnig verið að athuga möguleika á því, að alúmíníumbræðslan yrði staðsett við Eyjafjörð, ef háspennulína yrði lögð frá Búrfelli til Akureyrar.“

Ráðherrann kvað stofnkostnað 105 þús. kw. orkuvers við Búrfell áætlaðan rúml.

1100 millj. kr. og stofnkostnað alúmíníumbræðslu einnig um 1100 millj. kr. Hann skýrði einnig frá því, að viðræður um stofnun alúmíníumverksmiðju hefðu farið fram við erlend „alúmíníumfyrirtæki“ og væri nú útlit fyrir, að svissneskt og ameríkst fyrirtæki vildu í sameiningu reisa hér slíka verksmiðju. Þá sagði hann, að ríkisstjórninni hefði nú fyrir skömmu þótt „tímabært að taka upp viðræður við Alþjóðabankann í því skyni að kynna honum málið“ og yrðu á „næstu mánuðum — — — lögð fyrir hann öll tæknileg gögn, sem fyrir liggja, svo að hann gæti metið málið í heild.“

Ráðherrann gaf einnig upplýsingar um athuganir, sem fram hefðu farið í sambandi við möguleika til að koma upp olíuhreinsunarstöð hér á landi. Um þetta kvað hann hafa verið rætt við erlenda aðila og fengnar hjá þeim tillögur og áætlanir. Þetta mál hefði einnig verið til meðferðar í stóriðjunefnd. Hann kvað stofnkostnað áætlaðan 300—350 millj. kr. og sagði, að komið hefði til greina, að erlendir aðilar yrðu meðeigendur í fyrirtækinu.

Öll eru þessi mál nú sýnilega á því stigi, að brýna nauðsyn ber til, að Alþingi taki þau til meðferðar, og þá telja flm. eðlilegast, að það verði með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þáltill. þessari.

Sþ. 261. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Gunnar Gíslason, Magnús Jónsson, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu.

Greinargerð.

Þjóðkirkja Íslands er elzta stofnun í þessu landi. Um aldaraðir var hún, auk þess að vera samnefnari kristinnar trúar, eina verulega menningar- og menntastofnun þjóðarinnar. Margir af höfuðskörungum þjóðarinnar voru þjónar kirkjunnar, svo sem biskuparnir Jón Arason, Brynjólfur Sveinsson og Jón Vídalín og skáldin Hallgrímur Pétursson og Matthías Jochumsson, svo að örfá nöfn séu nefnd. Ekki orkar það heldur tvímælis, að klaustur- og klerkastétt eigum við m. a. það að þakka, að fornbókmenntir okkar hafa varðveitzt.

Þrátt fyrir það, að þjóðkirkja okkar sé elzta stofnun í þessu þjóðfélagi og andlegir og veraldlegir skörungar hafi verið þjónar kirkjunnar og fólkið í landinu sé yfirleitt trúrækið og meti og virði kirkju sína, hefur verið og er illa að kirkjunni búið á okkar landi, og lítið eitt eigum við af kirkjum frá fyrri tímum, svo sem aðrar kristnar þjóðir eiga. Er Hóladómkirkja sú, sem helzt ber þar að nefna.

Með siðaskiptunum var kirkjan svipt eignum sínum og jafnframt möguleikum til kirkjubúnaðar, svo að sæmilegt væri, og hefur svo verið síðan, þó að á allra síðustu árum hafi fólkið látið sér skiljast, að lítt eða illa búin kirkja hafi áhrif á helgihald kristinna manna. Eins og kunnugt er af sögu fyrri alda, féllu eignir kirkjunnar á miðöldum til hins veraldlega valds, þ. e. konungs og síðar til íslenzka ríkisins sem arftaka konungs. Af þeirri ástæðu hefði verið eðlilegt og sjálfsagt, að íslenzka ríkið hefði staðið fyrir kirkjubyggingum. En svo hefur ekki verið nema að litlu leyti.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fengnar eru frá embætti biskups um tölu kirkna (það skal þó tekið fram, að embættið hefur fyrirvara um það, að þessar

upplýsingar eru ekki grandskoðaðar, en munu þó vera mjög nærri því réttar), eru í landinu um 280 kirkjur, sem skiptast eftir efni á þessa leið:

Timburkirkjur	184
Steinkirkjur	89
Timbur- og steinkirkjur	5
Torfkirkjur	2

Í byggingu eru 17 kirkjur, er Skálholtskirkja þar meðtalin. Á 10 kirkjustöðum er kirkjulaust, og 18 af kirkjum landsins eru mjög lélegar. Eigendur þessara kirkna eru sem hér segir:

Söfnuðir	236
Bændur	26
Ríkið	18

Eins og áður er að vikið, hefði verið eðlilegt, og væri eðlilegt, að ríkið legði fram verulega fjárhæð til byggingar kirkna í landinu. En svo er ekki. Ríkissjóður hefur á síðari árum varið smáfjárhæð til að endurbæta þær kirkjur, sem eru ríkiseign, ef viðkomandi söfnuður hefur þá tekið við þeim til eignar, en annars ekki, og svo hefur ríkissjóður lagt kirkjubyggingasjóði til hálfa og nú eina milljón króna árlega, sem sjóðsstjórnin hefur svo orðið að skipta á milli allra kirkjubygginga í landinu sem lánsfé. Þetta er eina aðstoðin, er íslenzka ríkið veitir til kirkjubygginga. Þegar aðstoð ríkisins við aðra uppbyggingu í landinu, svo sem skóla, sjúkrahús, félagsheimili, íþróttamannvirki o. fl., o. fl. er borin saman við aðstoð þess við kirkjubyggingar, sést, hve raunalega mikið olnbogabarn þessi elzta og virðulegasta stofnun þjóðarinnar er, og það svo, að undrum sætir, og er þó aðstoð ríkisins við uppbyggingu þá, sem nefnd er hér að framan, hvergi um of.

Ljóst er, að hér þarf að verða breyting á og það nú þegar. Ráðamenn þjóðarinnar þurfa að bæta fyrir vanrækslu fyrri alda og ára.

Eins og áður er að vikið, hefur verið á síðari tímum og er nú mikið um kirkjubyggingar þrátt fyrir sinnuleysi ríkisvaldsins. Hafa söfnuðirnir sýnt þar lofsverðan áhuga. Enn fremur hefur aukin rækt verið lögð við listrænt gildi kirkna við byggingu þeirra hin síðari ár. Má þar til nefna Matthíasarkirkju á Akureyri, sem er bæ og söfnuði til sóma, enda er hún að gerð og staðsetningu með þeim hætti að sameina hið stórbrotna og víðfeðma í andagift Matthíasar og þann helgidóm, sem felst í boðskap hennar.

Hér í Reykjavík stendur yfir stórbrotin og mikil kirkjubygging, sem á að verða verðugur minnisvarði um hið dáða trúarskáld Hallgrím Pétursson. Fjárskortur tefur, að því verki miði svo sem eðlilegt og æskilegt væri, enda með öllu óeðlilegt, að einn söfnuður framkvæmi það verk, heldur á framlag frá þjóðinni allri að koma þar til.

Ýmsir fleiri söfnuðir hafa byggt sér myndarlegar kirkjur og valið þeim fagra staði, þó að þeirra verði ekki getið hér.

Kirkjubyggingar síðari ára og þær kirkjur, sem í smíðum eru, sýna áhuga fólksins á kristinni trú og kirkju, og er slíkt ánægjulegt. Þennan áhuga þarf að hagnýta og örva með því, að ríkisvaldið komi til móts við hann með skilningi og fjárframlagi, en láti ekki sinnuleysi og deyfð eyða honum, eins og nú horfir. Fjárhagur þessara kirkjubygginga er yfirleitt svo erfiður, að nægt gæti til að bera þennan áhuga ofurliði.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að samið verði frv. til laga um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og ákveðin aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu. Væri eðlilegt frá sjónarmiði flm., að lögin um kirkjubyggingasjóð yrðu felld þar inn í.

Hér að framan hefur verið bent á óþrjótandi verkefni í kirkjubyggingum, bæði kirkjusmíðum, þar á meðal stórverk eins og Hallgrímskirkju í Reykjavík, sem þarfnast stórkostlegra fjármuna, sem þjóðin á að leggja til, og kirkjur, sem þarf að byggja, og einnig kirkjur, sem búið er að byggja, en söfnuðirnir ráða ekki við fjárhagslega nema að takmörkuðu leyti. Öll þessi verkefni þarf og á löggjafinn og fjárveitinga-

valdið að aðstoða við að leysa með því að koma til móts við áhuga fólksins í landinu og ákveða með löggjöf, hvernig tekna til kirkjubygginga verði aflað. Til þess að hrinda því verki í framkvæmd er tillaga þessi flutt.

Ed. 262. Nefndarálit [40. mál]

um till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á verðbréfa- og víxlakaupum banka og annarra lánastofnana, sem verðbréf kaupa.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað málið, en ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Leggjum við undirritaðir til, að þáltill. verði afgreidd með rökstuddri dagskrá, en þeir Hermann Jónasson og Ólafur Jóhannesson vilja samþykkja hana.

Meiri hl. n. bendir á það, að hin þingkjörnu bankaráð og endurskoðendur ríkisbankanna eiga að hafa það hlutverk með höndum, sem nefnd þeirri er ætlað, sem þáltill. leggur til að skipuð verði.

Enn fremur er það samkv. 3. gr. l. nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, eitt af hlutverkum bankans, eins og það er orðað, „að hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðabréfa- og peningaviðskiptum". En allir þingflokkar eiga nú, sem kunnugt er, fulltrúa í bankaráði Seðlabankans. Meiri hl. telur því, að gildandi löggjöf um bankamálefni tryggi Alþingi þá aðstöðu til eftirlits með starfsemi bankanna, að skipan nýrrar nefndar í því skyni, svo sem till. gerir ráð fyrir, sé ekki spor í þá átt að gera eftirlit þetta haldbetra en það nú er.

Eitt þeirra viðfangsefna, er fela skyldi nefnd þeirri, er skipa skal samkvæmt þáltill., var það að rannsaka, hvort á kunni að skorta fullnægjandi löggjöf um verðbréfasölu og eftirlit með henni. Í bréfi frá Seðlabanka Íslands, er nefndinni hefur borizt, svarar Seðlabankinn þessu jákvætt, en telur ekki tímabært að setja slíka löggjöf, fyrr en komið hefur verið á fót kaupþingi því, er lögin um Seðlabankann heimila honum að stofna. Sérstök nefndarskipun til rannsóknar þessa verkefnis virðist okkur því óþörf.

Meiri hl. leggur því til, að þáltill. verði afgreidd með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð bankaráðsmenn og endurskoðendur ríkisbankanna eru kjörnir af Alþingi og Seðlabankanum einnig sérstaklega falið það hlutverk að hafa eftirlit með störfum banka og sparisjóða og deildin sér ekki ástæðu til að ætla, að þessir þingkjörnu aðilar vanræki eftirlitsskyldu sína eða að sérstök þingnefnd sé líklegri til þess að dæma um eðlileg lánsviðskipti, telur deildin tillöguna ekki raunhæfa og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. febr. 1964.

Eggert G. Þorsteinsson, form. — Ólafur Björnsson, fundaskr., frsm. — Magnús Jónsson.

Ed. 263. Nefndarálit [40. mál]

um till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á verðbréfa- og víxlakaupum banka og annarra lánastofnana, sem verðbréf kaupa.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að málinu sé vísað frá með rökstuddri dag-

skrá. Við undirritaðir nefndarmenn mælum hins vegar með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Alþingi, 11. febr. 1964.

Ólafur Jóhannesson, frsm. Hermann Jónasson.

Nd. 264. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundi og umsagnir nokkurra aðila, sem borizt hafa. Nefndin varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed.

Alþingi, 11. febr. 1964.

Gunnar Gíslason, form. Jónas Pétursson, frsm. Ágúst Þorvaldsson.

Sþ. 265. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins.

Flm.: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga möguleika á því, að Íslendingar hagnýti sér aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins (The Council of Europe Resettlement Fund) í þeim tilgangi að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Greinargerð.

Á vegum Evrópuráðsins er svokallaður Viðreisnarsjóður (Resettlement Fund), sem hefur það hlutverk að aðstoða Evrópulönd við lausn vandamála, sem stafa af tilflutningi fólks, þar með talið landflóttamanna. Sjóður þessi var stofnaður af 8 aðildarríkjum Evrópuráðsins, og var Ísland eitt þeirra. Sjóðurinn gegnir hlutverki sínu með því að veita lán eða tryggingu fyrir lánum til framkvæmda, sem ætlað er að skapa nýja möguleika til lífsframfæris, þar sem þess gerist þörf vegna tilflutninga fólks.

Síðan Viðreisnarsjóðurinn tók til starfa árið 1957 til ársloka 1962 hefur hann veitt lán samtals að upphæð $ 25.4 millj. Fyrstu árin var aðalverkefni sjóðsins bundið við flóttamannavandmál Vestur-Þýzkalands. Með því að það vandamál er nú í þessu sambandi að mestu úr sögunni, hefur starfsemi sjóðsins síðustu árin beinzt einkum að Grikklandi, Tyrklandi, Ítalíu og Kýpur. Í þessum löndum hafa vandamálin aðallega risið af fólksflutningum innan hvers lands. Aðstoð Viðreisnarsjósins hefur hér ekki miðað fyrst og fremst að því að skapa fólkinu lífsskilyrði á þeim stöðum, sem það leitar til, heldur eigi síður að því að bæta aðstöðuna í þeim landshlutum, sem fólkið flyzt frá, til þess að stöðva fólksflóttann, þ. e. viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Við Íslendingar höfum um langt árabil átt við að etja vandamál, sem stafa af tilflutningi fólks í landinu, svo sem alkunna er. Svo mjög sem þau mál hafa verið

á dagskrá hin síðari ár, verður ekki annað sagt en nokkuð hafi skort á raunhæfar aðgerðir til úrbóta. Þetta á sér að nokkru leyti þær skýringar, að fjármagn hefur skort. Verkefnin hafa kallað að, hvar sem er á landinu. Framfarir hafa og vissulega orðið um allt land. En á sama tíma hefur ekki dregið úr fólksflótta frá sumum landshlutum, eins og gleggst má sjá á Vestfjörðum.

Til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins þarf sérstakra aðgerða við, sem verulegt fjármagn þarf til. Möguleiki á að vera á því, að Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins veiti aðstoð til slíkra aðgerða. Það fer þó eftir því, hvert mat sjóðsstjórnin leggur á fyrirhugaðar aðgerðir. Málið þarf því athugunar við. Þessi tillaga er flutt í þeim tilgangi, að sú athugun fari fram.

Nd. 266. Frumvarp til laga [146. mál]

um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Birgir Finnsson, Eysteinn Jónsson, Sigurður Bjarnason, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Greiða skal alþingismanni laun frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag og til loka þess mánaðar, er kjörtímabili lýkur. Árslaunin eru 132 000 kr., og greiðist 1/12 hluti mánaðarlega.

Varamaður nýtur þingfararkaups þann tíma, er hann situr á þingi.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á þingfararkaupi og nýtur að öllu leyti þeirra réttinda, sem alþingismanni eru ákveðin í lögum þessum.

2. gr.

Alþingismaður, sem um þingtímann verður að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd vegna fjarlægðar frá heimili sínu, á rétt á að fá greiddan eftir reikningi kostnað við hæfilegt húsnæði til íbúðar, meðan Alþingi stendur yfir. Þingfararkaupsnefnd getur ákveðið hámark húsnæðiskostnaðar. Þingmaður utan Reykjavíkur eða nágrennis, er býr í eigin húsnæði, fær þó greiddan húsnæðiskostnað eftir mati.

3. gr.

Þingfararkaupsnefnd ákveður dvalarkostnað yfir þingtímann fyrir alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur.

Ákvæði 1. málsgr. gildir þó ekki um þá alþingismenn, sem fasta atvinnu hafa í Reykjavík við önnur störf, meðan Alþingi stendur yfir.

4. gr.

Alþingismaður fær á ári hverju fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög í kjördæmi sínu. Þingfararkaupsnefnd ákveður fjárhæð þessa. Heimilt er að hafa upphæðina misháa eftir kjördæmum. Landskjörinn þingmaður fær sama ferðakostnað og þingmaður í því kjördæmi, þar sem hann var í framboði.

Ákvæði 1. málsgr. taka ekki til varaþingmanns og ráðherra.

5. gr.

Alþingismaður, sem er ekki búsettur í Reykjavík eða grennd, á rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað til þings og heim af þingi í þingbyrjun og þinglok. Sama gildir um ferðir í þinghléi eða fundahléi um hátíðar og um ferðir varamanna til þings og heim af þingi.

Enn fremur fær þingmaður á hverju reglulegu þingi á sama hátt endurgreiddan kostnað við ferðir á öðrum tímum en í 1. málsgr. greinir, ef þær eru nauðsynlegar og þingmaður hefur fengið fararleyfi.

6. gr.

Nú getur þingmaður ekki gegnt þingstörfum um stundarsakir vegna sendiferðar fyrir ríkisstjórnina eða sem fulltrúi Alþingis, og skal honum þá eigi að síður greitt þingfararkaup. Dvalarkostnaður fellur þó niður.

Hverfi þingmaður af þingi um sinn vegna slyss eða veikinda, fær hann þingfararkaup eigi að síður allt að einu ári. Dvalarkostnaður greiðist þó í lengsta lagi til loka þess þings, sem þingmaðurinn hefur verið kvaddur til.

Nú er þingmaður forfallaður af öðrum ástæðum en getur í 1. og 2. málsgr. og varamaður tekur sæti hans á þingi, og missir hann þá þingfararkaup þann tíma, sem hann er fjarverandi.

7. gr.

Ef almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins, er þingfararkaupsnefnd heimilt að hækka eða lækka árslaun samkv. 1. gr. að sama skapi.

8. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu í byrjun hvers þings 5 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd, er úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar ávísa fjárhæðunum úr ríkissjóði.

Vilji alþingismaður ekki hlíta úrskurði þingfararkaupsnefndar samkvæmt lögum þessum, getur hann skotið honum til forseta Alþingis, sem fella endanlegan úrskurð um ágreiningsatriðin.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá 1. júlí 1963 fer um laun og aðrar greiðslur til alþingismanna eftir ákvæðum þessara laga. Jafnframt eru úr gildi numdar 1.—5. gr. laga nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl.

Þar til sett hafa verið ný lög um lífeyrissjóð alþingismanna, fer um gjald til sjóðsins og lífeyri alþingismanna og maka þeirra eftir þeim lögum, er nú gilda.

Greinargerð.

Í septembermánuði 1963 fól forsætisráðherra samninganefnd ríkisstjórnarinnar í kjaramálum, Sigtryggi Klemenzsyni ráðuneytisstjóra, Gunnlaugi Briem ráðuneytisstjóra og Jóni Þorsteinssyni alþingismanni, í samráði við Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóra Alþingis að endurskoða lög um þingfararkaup alþingismanna með tilliti til breytinga á launakjörum ríkisstarfsmanna.

Höfð var hliðsjón af frumvarpi, er samið var að tilhlutun þingfararkaupsnefndar snemma á árinu 1962. Nefndin ásamt skrifstofustjóra varð sammála um frumvarp, sem efnislega var að mestu samhljóða áðurnefndu frumvarpi frá 1962. Tölum var hins vegar breytt og nokkrum efnisatriðum, eftir því sem betur þótti fara.

Frumvarp samninganefndar og skrifstofustjóra hefur að undanförnu verið til athugunar hjá ríkisstjórn og þingflokkum. Þingfararkaupsnefnd, Björn Jónsson alþm. og skrifstofustjóri hafa rætt frumvarpið og gert á því tilteknar breytingar, sem samkomulag hefur orðið um, að höfðu samráði við ríkisstjórn og þingflokka. Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er árangurinn af þessu samkomulagi.

Þingfararkaupsnefnd hefur óskað þess, að frumvarpið yrði flutt í neðri deild af fulltrúum allra flokka, þ. e. forseta sameinaðs Alþingis, forseta neðri deildar og formönnum þingflokka Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins. Við höfum því tekið að okkur flutning málsins í neðri deild.

Skal nú í stuttu máli gerð grein fyrir frumvarpinu.

Aðalbreytingin, sem lagt er til að gerð verði á þingfararkaupi, er sú að ákveða árskaup í stað dagkaups. Þinglengd hefur þá engin áhrif á árslaunin. Hér er fylgt fordæmi annarra þjóða. Það er talið heppilegra að hafa þennan háttinn á. Kjördæmabreytingin 1959 og stækkun kjördæmanna hefur haft í för með sér mjög aukin störf fyrir þingmenn. Hefði því þá þegar verið ástæða til endurskoðunar á launakjörum þingmanna. Margir hafa og um nokkurt skeið talið, að það væri æskilegt að breyta lögum um þingfararkaup í þessa átt.

Um 1. gr.

Hér er ákveðið, að árslaun þingmanns skuli vera 132 000 kr. Launin skulu reiknast frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag. Varaþingmaður nýtur launa fyrir þann tíma, sem hann situr á þingi. Samkvæmt gildandi lögum er þingmönnum greitt dagkaup.

Ráðherra, sem er ekki þingmaður, á sama rétt á þingfararkaupi og þingmaður. Gert er ráð fyrir, að ráðherra verði að mæta á þingfundum og vinna að þingmálum, þó að hann sé ekki þingmaður. Er þetta í samræmi við gildandi lög.

Um 2. gr.

Hér er ákveðið, að utanborgarmenn skuli fá greiddan húsnæðiskostnað eftir reikningi fyrir hæfilegt húsnæði, á meðan Alþingi stendur yfir. Þingfararkaupsnefnd hefur vald til að ákveða hámark húsnæðiskostnaðar á mánuði, og húsnæðiskostnaður í eigin húsnæði skal metinn. Eðlilegt virðist, að nefndin hafi þetta vald. Auk þess úrskurðar nefndin reikning hvers þingmanns.

Ákvæðin um þingmannabústað eru felld niður. Þau hafa frá upphafi verið dauður bókstafur. Óeðlilegt er að hafa í gildi lagaákvæði, sem er ekki framfylgt. Ef í það verður ráðizt að reisa þingmannabústað, þarf að setja ýtarlegri reglur um hann en eru í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi lög.

Um 4. gr.

Stækkun kjördæmanna samkvæmt stjórnarskrárbreytingunni frá 1959 hefur í för með sér aukinn kostnað þingmanna í sambandi við ferðalög um kjördæmin. Nauðsynlegt er að mæta þeim aukna kostnaði. Á árinu 1961 fékk hver þingmaður, nema ráðherrar, 10 000 kr. í þessu skyni, árið 1963 til kjördags sömu upphæð. Hér er lagt til, að þingfararkaupsnefnd ákveði fjárhæð þessa. Heimilt er nefndinni að hafa upphæðina mishá eftir kjördæmum. Landskjörinn þingmaður fær sama ferðakostnað og þingmaður í því kjördæmi, þar sem hann var í framboði.

Um 5. gr.

Ákvæði fyrri málsgr. um ferðakostnað eru í samræmi við gildandi reglur. Enn fremur er gert ráð fyrir, að auk ferða í þingbyrjun og þinglok, í þinghléi, fundahléi og um hátíðar skuli þingmaður fá greiddan kostnað við nauðsynlegar ferðir heim til sín og til þings aftur á öðrum tímum. Það er þó skilyrði fyrir greiðslu ferðakostnaðar í slíkum tilfellum, að þingmaður hafi fengið leyfi forseta Alþingis til fararinnar.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu í samræmi við gildandi reglur um þingfararkaup í forföllum þingmanna. Reglurnar eru þó nokkru ýtarlegri með hliðsjón af hliðstæðum ákvæðum annars staðar á Norðurlöndum. Æskilegt er, að reglurnar um greiðslu þingfararkaups í forföllum séu ýtarlegar og ótvíræðar. Hér er þó um

eitt nýmæli að ræða, að þingmanni er ekki greitt kaup lengur en eitt ár, ef um er að ræða forföll vegna slyss eða veikinda. Er það til samræmis við það, sem gildir um ríkisstarfsmenn.

Um 7. gr.

Hér er lagt til, að þingfararkaupsnefnd fái vald til að breyta þingfararkaupi til samræmis við almennar breytingar, sem verða á launum ríkisstarfsmanna. Er þetta gert til þess, að ekki þurfi lagabreytingu í hvert sinn, sem laun ríkisstarfsmanna breytast samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar um þingfararkaupsnefnd eru í samræmi við gildandi lög. Þó er sú breyting gerð, að ágreiningi um þingfararkaup má skjóta til forseta þingsins í stað sameinaðs Alþingis. Líklegt er, að á þann hátt verði ákvæðið raunhæfara.

Um 9. gr.

Ætlazt er til, að lögin öðlist þegar gildi. Frá 1. júlí 1963 fer um laun og aðrar greiðslur til alþingismanna eftir ákvæðum þessara laga.

Ákvæði eldri laga um lífeyrissjóð alþingismanna og maka þeirra halda gildi sínu, þar til ný ákvæði verða sett að lokinni nauðsynlegri endurskoðun á ákvæðunum. Þangað til ný lög hafa verið sett, fer um gjöld til sjóðsins og lífeyri alþingismanna og maka þeirra eftir þeim lögum, er nú gilda.

Sþ. 267. Fyrirspurn [147. mál]

til utanríkisráðherra um herlið, herflugvélar og hernaðarmannvirki.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hversu margir bandarískir hermenn eru nú hér á landi, og er það rétt, að fækkað hafi verið í herliðinu að undanförnu?
2. Hvaða tegundir flugvéla eru hér staðsettar á vegum Bandaríkjahers, og til hvers eru þær ætlaðar?
3. Hafa flugvélar með kjarnorkuvopn haft aðsetur eða viðdvöl á Íslandi?
4. Hvaða mannvirki á Keflavíkurflugvelli eru eingöngu til hernaðarnota?

Nd. 268. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. febr.)

1. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Um fjarlægð girðinga frá vegum, hlið á vegum og önnur girðingamál, sem vegina varða, skal fara eftir ákvæðum vegalaga og reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í vegalögum.

2. gr.

13., 14., 15. og 16. gr. laganna falli niður, og greinatala laganna breytist í samræmi við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 269. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1.	15.12	orðist svo:		
	15.12	**Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu, hert, einnig hreinsuð, en ekki frekar unnin:**		
		01	Sojabaunaolía	10%
		02	Baðmullarfræsolía	10%
		03	Aðrar olíur úr jurtaríkinu	30%
		09	Olíur úr dýraríkinu	35%
2.	19.02	00 orðist svo:		
	19.02	**Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:**		
		01	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%
		09	Aðrar	100%
3.	21.07	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		03	Neyðarmatvæli, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	20%
		04	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%
4.	25.01	orðist svo:		
	25.01	**Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt), hreint natríumklóríd, saltupplausnir og sjór:**		
		01	Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt) í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	5%
		02	Fóðursalt	0
		09	Annað 1000 kg	1 kr.
5.	27.10	Nr. 70 falli niður. Í þess stað komi þrjú númer, svo hljóðandi:		
			Aðrar:	
		71	Íburðarefni í veiðarfæri	2%
		72	Ryðvarnarefni og ryðolía	35%
		79	Annars	15%
6.	30.03	00 orðist svo:		
	30.03	**Lyf, einnig til dýralækninga:**		
		01	Sælgæti (medicated sweets)	125%
		09	Annað	15%

7.	32.09	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Prentþynnur	40%
8.	34.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		04	Slípimassi	35%
9.	35.03	00 orðist svo:		
	35.03		**Gelatín (þar með talið gelatín í ferhyrndum plötum, einnig þótt þær séu litaðar eða unnar á yfirborðinu) og gelatínderivatar; lím unnið úr beinum, húðum, sinum eða öðru þess háttar, fiskilím; matarlím:**	
		01	Lím annað en matarlím	50%
		09	Annað	100%
10.	36.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Kveikipappír í mótora	35%
11.	38.13	00 orðist svo:		
	38.13		**Bæs fyrir málma; bræðsluefni og önnur hjálparefni til notkunar við lóðun málma og logsuðu, lóð- og logsuðuduft ásamt lóð- og logsuðupasta úr málmi og öðrum efnum; efni til að þekja eða fylla logsuðu- eða rafsuðuþráð:**	
		01	Lóðningar- og logsuðuefni	20%
		09	Annað	35%
12.	38.19	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		14	Kol til kolburstagerðar	30%
		15	Prófefni (reagenser)	35%
13.	39.01	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		07	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		09	orðist svo:	
		09	Annað	40%
14.	39.02	orðist svo:		
	39.02		**Efni orðin til fyrir pólymerisation og kópólymerisation (t. d. pólyetylen, pólytetrahalógenetylen, pólyísóbúten, pólystyren, pólyvínylklóríd, pólyvínylacetat, pólyvínylklóridacetat og aðrir pólyvínylderivatar, pólyacrylsýru- og pólymetacrylsýruderivatar, kúmarónindenharpix):**	
		81	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
		82	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
		83	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir	35%
		84	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	30%
		85	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
		86	Límbönd	35%
		87	Gólfdúkur og gólfflísar	35%
		88	Plötur til myndamótagerðar	15%
		91	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofílament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		99	Annað	40%
15.	39.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		27	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofílament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		29	orðist svo:	
		29	Annars	40%

16.	39.04		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		03	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		09	orðist svo:	
		09	Annað	40%
17.	39.05		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		04	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofílament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		09	orðist svo:	
		09	Annað	40%
18.	39.06	09	orðist svo:	
		09	Annað	40%
19.	39.07		orðist svo:	
	39.07		**Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01—39.06:**	
		31	Netjakúlur og netjakúlupokar, nótaflotholt	2%
		32	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar	4%
		33	Lóðabelgir	4%
		34	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
		35	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		36	Mjólkurbrúsar 10 lítra og stærri	10%
		37	Pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélaþéttingar	35%
		38	Boltar, rær, undirlög (skinnur) o. þ. h.	50%
		39	Vatnsfergingarútbúnaður	35%
		41	Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
		43	Pokar til vélpökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
		44	Garðyrkjuverkfæri	40%
		45	Lampar, lampaskermar og lýsingatæki	90%
		46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0.01 m^3 og stærri	50%
		48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar, ót. a.	60%
		51	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
		52	Verkfæri, ót. a.	35%
		53	Pokar, ót. a.	50%
		54	Hreinlætistæki	80%
		55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fataframleiðslu o. þ. h.	90%
		56	Fatnaður	90%
		58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra	100%
		61	Tunnur	35%
		62	Gluggar, gluggakarmar og hurðir	50%
		63	Veggplötur, formsteyptar	40%
		64	Úraglös	50%
		65	Rúður	50%
		89	Aðrar vörur úr plasti	100%
20.	40.08	02	orðist svo:	
		02	Annað svampgúmmí, þó ekki bönd, stengur og þræðir	50%
21.	40.09	00	orðist svo:	
	40.09	**00**	**Pípur og slöngur úr toggúmmíi**	35%
22.	40.11	01	orðist svo:	
		01	Á bifreiðar og bifhjól	40%
23.	40.13		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		03	Röntgenklæðnaður með blýinnleggi	35%

24.	40.14	03 orðist svo:		
		03	Hringir í niðursuðudósir	35%
		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Aðrar vörur til tækninota	35%
25.	44.25	orðist svo:		
	44.25		**Verkfæri, áhöld og hlutar til þeirra úr trjáviði (handföng, sköft og þess háttar), burstatré, sköft og handföng úr trjáviði fyrir bursta og kústa; skósmíðaleistar og blokkir úr tré, fyrir skósmíði:**	
		01	Burstatré	35%
		02	Skósmíðaleistar	35%
		03	Sköft og handföng	35%
		09	Annað	35%
26.	44.28	orðist svo:		
	44.28		**Aðrar vörur úr trjáviði, ót. a.:**	
		81	Botnvörpuhlerar og bobbingar	2%
		82	Hjólklafar (blakkir)	35%
		83	Merkispjöld	35%
		84	Árar	50%
		85	Stýrishjól	35%
		86	Hnakkvirki og aktygjaklafar	**70%**
		87	Glugga- og dyratjaldastengur	80%
		88	Herðatré	100%
		91	Hefilbekkir	35%
		92	Skápa- og hurðahandföng	70%
		93	Tréteinar (drýlar)	50%
		99	Annars	100%
27.	45.04	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Korkur í flöskuhettur	50%
28.	46.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Töskuhöldur úr fléttiefnum	70%
29.	48.07	Í stað „límbönd“ í nr. 25 komi: Límborinn pappír		30%
		Hér koma inn þrjú ný númer, svo hljóðandi:		
		26	Veggfóður	35%
		27	Einangrunarplötur	40%
		28	Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun	4%
30.	48.15	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		06	Hólkar (umbúðir úr pappír)	35%
31.	48.16	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		06	Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	4%
		07	Pappírspokar, margfaldir, utan um fiskafurðir til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	2%
32.	48.21	Í stað „lampaskermar“ í 03 komi: Lampar og lampaskermar		90%
		Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		05	Pappír í dýptarmæla	4%
		06	Umbúðakassar og öskjur úr pappírsmassa eða sellulósavatti	50%
33.	56.01	orðist svo:		
	56.01		**Stuttar tilbúnar trefjar, hvorki kembdar, greiddar né að öðru leyti undirbúnar undir spuna:**	
			Úr syntetiskum trefjum:	
		11	Til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	**0**

		19	Annað	20%
		20	*Úr uppkembdum trefjum*	20%
34.	57.04	orðist svo:		
	57.04		**Önnur spunaefni úr jurtaríkinu, óunnin eða tilreidd, þó ekki spunnin; ruddi og úrgangur úr þessum spunaefnum (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar):**	
		10	*Trefjar úr sisalhampi og öðrum agavategundum og ruddi og úrgangur úr þeim*	0
			Annað:	
		21	Húsgagnatróð í plötum	35%
		29	Annars	0
35.	58.05	00 orðist svo:		
	58.05		**Ofin bönd og bönd búin til úr samanlímdu samhliða garni eða trefjum (þó ekki vörur, er teljast til nr. 58.06):**	
		01	Borðar til umbúða	35%
		09	Annað	65%
36.	58.07	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		02	Garn þess konar úr syntetiskum trefjum, sem vegur 0.5 gr. meterinn eða meira, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
		03	Netateinar með sökkum eða flotholtum	20%
37.	59.04	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Garn úr syntetiskum trefjum, sem vegur yfir 1 gr. meterinn, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
38.	59.09	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Einangrunarbönd	35%
39.	59.15	09 orðist svo:		
		09	Aðrar	35%
40.	60.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Sjúkrasokkar	35%
41.	60.05	00 orðist svo:		
	60.05		**Ytri fatnaður og aðrar vörur prjónaðar eða heklaðar, ekki teygjanlegar eða gúmmíbornar:**	
		01	Kjötpokar	2%
		09	Annað	90%
42.	60.06	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Hanzkar	90%
43.	61.08	00 Í stað orðsins „blússur“ komi: **brjóst.**		
44.	62.05	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		02	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		03	Öryggisbelti	35%
45.	64.01	orðist svo:		
	64.01		**Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmíi eða plasti:**	
		01	Vaðstígvél með lágum hæl (ekki ætluð utan yfir aðra skó), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
		02	Skór hliðstæðir þeim, sem falla undir nr. 64.02.01 og 64.02.09	80%
		09	Annar	50%
46.	64.02	orðist svo:		
	64.02		**Skófatnaður með ytri sóla úr leðri eða leðurlíkisdúk, skófatnaður (þó ekki skófatnaður, sem telst til nr. 64.01) með ytri sóla úr gúmmíi eða plasti:**	

		01	Kvenskór og barnaskór, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	80%
		02	Vinnuskór venjulegir með yfirhluta úr vefnaði, inniskór venjulegir með yfirhluta úr vefnaði eða flóka, allt með gúmmí- eða plastsóla og mismun á mestu hælþykkt og minnstu botnþykkt undir 1 cm, svo og skóhlífar og kuldaskór með yfirhluta úr vefnaði með gúmmí- eða plastsóla, allt eftir nánari skýrgeiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
		09	Annar	100%
47.	65.05	00	orðist svo:	
	65.05	00	**Hattar og annar höfuðfatnaður (þar með talin hárnet) úr prjóna- eða heklvoð eða úr laufaborðum, knipplingum, flóka eða öðrum spunaefnum (þó ekki úr samfléttingum, böndum eða ræmum), einnig fóðrað og/eða bryddað**	90%
48.	65.06	09	orðist svo:	
		09	Annars	90%
49.	68.04	00	orðist svo:	
	68.04	00	**Kvarnasteinar, hverfisteinar, slípihjól o. þ. h. (þar með talin speldi, hnúðar, skífur og oddar til mölunar, slípunar, fágunar, réttingar og skurðar) úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímt), úr samanlímdum eða tilbúnum slípiefnum og úr leir, einnig með skafti, öxli og öðru þess háttar úr öðrum efnum, en þó ekki sett á grind; sneiðar og aðrir fullunnir hlutar af slíkum steinum og hjólum úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímdum), úr samanlímdum náttúrlegum eða tilbúnum slípiefnum eða úr leir**	35%
50.	68.05	00	orðist svo:	
	68.05	00	**Brýni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h. úr náttúrlegum steintegundum, úr samanlímdum náttúrlegum og tilbúnum slípiefnum eða úr leir**	35%
51.	68.06	00	orðist svo:	
	68.06	00	**Náttúrlegt og tilbúið slípiefni sem duft eða korn, fest á vefnað, pappír, pappa eða annað efni, einnig skorið til, saumað saman og fest saman á annan hátt**	35%
52.	68.12		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		02	Þakplötur báraðar	15%
53.	68.16		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		03	Jurtapottar til gróðursetningar (sem eyðast í jörðu)	35%
54.	69.13	00	orðist svo:	
	69.13		**Leirstyttur og aðrar vörur til skeytingar, skrauthlutir til persónulegra nota; húsgögn:**	
		01	Lampar og lýsingartæki	90%
		09	Annað	125%
55.	70.14		Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:	
		02	Glös fyrir olíulampa	35%
		03	Luktagler og endurskinsgler fyrir ökutæki	35%
56.	73.18		Nr. 30 falli niður. Í stað þess komi ný númer, svo hljóðandi:	
			Annað:	
		31	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
		39	Annars	35%
57.	73.38		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		23	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%

58.	73.40	45	orðist svo:	
		45	Hjólklafar og hjól í þá, svo og handfæravindur	35%
			Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		48	Jarðstrengsmúffur og tengidósir fyrir raflagnir	35%
59.	74.05	00	orðist svo:	
	74.05		**Koparþynnur, sem eru í mesta lagi 0.15 mm að þykkt (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar:**	
		01	Þynnur í vatnskassaelement	15%
		09	Annað	35%
60.	74.07	00	orðist svo:	
	74.07		**Pípur, pípuefni og holar stengur, úr kopar:**	
		01	Úr fosfór bronze-legumálmi óunnum	15%
		09	Annað	35%
61.	74.19		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		02	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
62.	76.04	01	orðist svo:	
		01	Efni í hettur á mjólkurflöskur	20%
			Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		02	Alúmínþynnur, áprentaðar, utan um mjólkurafurðir ..	4%
63.	76.16		Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:	
		06	Einangrunarplötur	40%
		07	Hettur á mjólkurflöskur	20%
64.	78.04	00	orðist svo:	
	78.04		**Blýþynnur, sem vega ekki meira en 1,7 kg/m² (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar; blýduft og blýflögur:**	
		01	Blýduft	15%
		09	Annað	35%
65.	82.01	09	orðist svo:	
		09	Annað	35%
66.	82.02	00	orðist svo:	
	82.02	00	**Handsagir og sagarblöð fyrir handsagir og vélsagir (einnig tannlaus sagarblöð)**	35%
67.	82.03	00	orðist svo:	
	82.03	00	**Eftirtalin handverkfæri: Naglbítar, klippitengur, griptengur og aðrar slíkar tengur, einnig til að klippa eða skera; gatjárn og gattengur; pípuskerar; boltaskerar og annað þess háttar, málmklippur; skrúflyklar; þjalir og raspar**	35%
68.	82.04	00	orðist svo:	
	82.04	00	**Handverkfæri og handáhöld (þar með talin samsett glerskurðartæki), sem teljast ekki til einhvers annars númers þessa kafla; blásturslampar, steðjar; skrúfstykki og þvingur (þó ekki vélskrúfstykki); færanlegar smiðjur og slípisteinar með umbúnaði (hand- eða fótsnúnir)**	35%
69.	82.05	00	orðist svo:	
	82.05	00	**Skiptiverkfæri í handverkfæri, mekanísk handverkfæri og -smíðavélar (t. d. til að pressa, stansa, bora, snitta, fræsa, skera, snúa, víkka, þrengja og skrúfa), hér með talin mót til að draga málmþráð og pressa heita málma, einnig stjörnur á grjótbora**	35%

70. 82.06 orðist svo:

82.06	00	**Hnífar og skurðarblöð í vélar og mekanísk tæki**	35%

71. 82.07 00 orðist svo:

82.07	00	**Plötur, stengur og oddar og aðrir þess konar lausir hlutar í verkfæri, úr hálfbræddum málmkarbídum (t. d. karbíd úr wolfram, molybden og vanadíum)**	35%

72. 82.10 00 orðist svo:

82.10	00	**Hnífablöð**	35%

73. 82.15 00 orðist svo:

82.15	00	**Sköft úr ódýrum málmi til vara þeirra, er teljast til nr. 82.09, 82.13 og 82.14**	35%

74. 83.05 00 orðist svo:

83.05		**Smávarningur og útbúnaður fyrir lausblaðabindi, bréfabindi, bókhaldsbækur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum; bréfahaldarar, bréfaklemmur, heftiklemmur, merki í spjaldskrár og aðrar svipaðar vörur til notkunar í skrifstofum, úr ódýrum málmum:**	
	01	Stifti í heftivélar	50%
	09	Annað	80%

75. 83.07 Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

	04	Götuljósker, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	05	Flúrskinslampar	60%

76. 84.15 Nr. 30 falli niður. Í stað þess komi tvö númer, svo hljóðandi:

		Kælitæki, einkum til heimilisnotkunar, rafmagnsknúin:	
	31	Kælitæki	80%
	39	Varahlutir í kælitæki (þó ekki fylgihlutir), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%

77. 84.18 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	24	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þau og tæki, sem falla undir nr. 84.18. 21, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%

78. 84.19 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	03	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í uppþvottavélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%

79. 84.22 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	05	Heyblásarar (til að færa til hey), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%

80. 84.40 Á þessu númeri verði eftirtaldar breytingar:

		Inn komi nýtt númer, svo hljóðandi:	
	14	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 84.40. 12	50%
	20	falli niður. Í stað þess komi ný númer, svo hljóðandi:	
		Fataþvottavélar, einkum til heimilisnotkunar:	
	21	Fataþvottavélar	80%
	29	Varahlutir í þær	50%

81. 85.04 00 orðist svo:

85.04		**Rafgeymar:**	
	01	Efni í rafgeyma	30%
	09	Annað	40%

82. 85.05 00 orðist svo:

85.05	00	**Handverkfæri með innbyggðum rafmagnshreyfli**	35%

83.	85.06		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		04	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 85.06	50%
84.	85.07		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		03	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í rafmagnsrakvélar	50%
85.	85.12		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		07	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þær, sem falla undir nr. 85.12	50%
86.	85.15		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		33	Neyðartalstöðvar, viðurkenndar sem slíkar af Skipaskoðun ríkisins	4%
87.	90.16	00	orðist svo:	
	90.16	**00**	**Tæki til teiknunar, afmörkunar og útreiknings (t. d. pantógrafar, teiknifæri, reglustikur, reiknistokkar, reiknisk ífur o. fl.), tæki og áhöld til mælinga, endurmælinga og prófana, enda falli þau ekki undir annað númer þessa kafla (t. d. míkrómeter, rennimál, málbönd, mælistikur og jafnvægistæki (balancing machines)) og prófílprójektörar**	35%
88.	92.03	00	orðist svo:	
	92.03		**Pípu- og tunguorgel, þar með talin harmóníum og önnur svipuð hljóðfæri:**	
		01	Orgel til notkunar í kirkjum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
		09	Önnur	30%
89.	96.02	03	orðist svo:	
		03	Burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum	35%
90.	97.04	09	orðist svo:	
		09	Önnur	90%
91.	98.02	00	orðist svo:	
	98.02		**Rennilásar og hlutar til þeirra:**	
		01	Málmstykki til framleiðslu á rennilásum	50%
		09	Annað	70%

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 16. liður orðist svo:
   Að fella niður gjöld af umbúðum, ef umbúðirnar eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.
2. 18. liður orðist svo:
   Að lækka gjöld af filmum og ljósnæmum plötum til ljósprentunar og myndamótagerðar til samræmis við gjöld af prentletri.
3. 1. mgr. 27. liðs orðist svo:
   Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 150 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 70 þús. kr.
4. Á eftir 34. lið komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:
   35. Að endurgreiða gjöld af efni til framleiðslu á pappírspokum, sem telst nr. 48.01.30 og 48.01.52 í tollskrá, sem svari því að af efni þessu sé greiddur 15% verðtollur.
   Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

36. Að endurgreiða gjöld af tækjum til vísindarannsókna, sem svari því að af þeim sé greiddur 35% verðtollur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar Alþingi afgreiddi nýju tollskrárlögin s. l. vor var ljóst, að sú gagngerða breyting á tollakerfinu, sem í þeim fólst, mundi hafa í för með sér, þegar farið væri að framkvæma lögin, að í ljós kæmu ýmis atriði, sem lagfæra þyrfti. Hefur og sú orðið raunin á og felur frumvarp þetta í sér bæði ýmsar tæknilegar lagfæringar, svo og samræmingar á tolli af skyldum vörum úr mismunandi efnum, svo sem nánar er að vikið í greinargerð hér á eftir um einstakar breytingartillögur. Langflestar þessara tillagna fela í sér lækkun gjalda og sumar verulega, svo sem lækkun tolls á öllum handverkfærum og skyldum vörum og varahlutum í rafmagnsheimilistæki.

Um 1. gr.

1. 15.12 Með auglýsingu fjármálaráðuneytisins dags. 29. nóv. 1963 var lækkaður tollur á óhertum olíum úr 30% í 10%. Náði sú lækkun ekki til hertra olía, en rétt þykir að þær beri sömu gjöld og óhertar olíur og er því lagt til að gjöld af hertum sojabaunaolíum og baðmullarfræsolíum lækki úr 30% í 10% toll.
2. 19.02. Lagt er til að þessum lið sé skipt og búið til nýtt númer fyrir fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka með 50% tolli í stað 100% áður. Annað verður óbreytt með 100% tolli.
3. 21.07. Gert er ráð fyrir nýju númeri fyrir neyðarmatvæli fyrir björgunarbáta og skipbrotsmannaskýli með 20% tolli. Einnig er gert ráð fyrir nýju númeri fyrir fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka með 50% tolli. Vörur þessar hafa verið með 100% tolli undanfarið.
4. 25.01. Númer 02 í gildandi lögum fellur niður og fer þá matarsalt í öðrum umbúðum undir númer 09, sem hefur ekki áhrif á tollhæð. Liður 03 verður þá 02. Ekki er um frekari breytingar að ræða hér.
5. 27.10. Íburðarefni í veiðarfæri er nýtt númer með 2% tolli. Hefur áður verið með 15% tolli. Einnig er nýtt númer fyrir ryðvarnarefni og ryðolíu með 35% tolli til samræmis við hliðstæð efni í öðrum tollskrárnúmerum. Annað verður með óbreyttum 15% tolli undir nýju númeri, 79.
6. 30.03. Þessu tollskrárnúmeri er skipt vegna ósamræmis í tollun á sælgæti, sem getur fallið undir þetta númer, ef það inniheldur viss efni. Er því búið til nýtt númer fyrir sælgæti þetta með 125% tolli, sbr. 17.04.03.
7. 32.09. Prentþynnur er nýtt númer undir þessum lið með 40% tolli til samræmis við prentþynnur úr gulli, sem tollast með 40% tolli í nr. 71.07.20. Var áður með 60% tolli. Er hér um að ræða gullkorn í lími, notað til bókbands.
8. 34.05. Slípimassi, sem notaður er til iðnaðar til að hreinsa með málm undir húðun o. fl., er nýtt númer með 35% tolli. Hefur til þessa verið í 110% tolli. Slípiefni úr náttúrlegum og tilbúnum steini og steinkenndum efnum í nr. 68.06.00 eru með 35% tolli, sama tolli og hér er gert ráð fyrir.
9. 35.03. Þessum lið er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir lím, annað en matarlím, með 50% tolli, þar sem lím þetta er mikið notað í iðnaði. Hefur verið í 100% tolli. Nr. 35.03.01 verður þannig með sama tolli og lím í nr. 25.01.00 og 35.06.09.
10. 36.05. Hér er nýtt númer, kveikipappír í mótora með 35% tolli. Þessi kveikipappír er notaður til að ræsa með mótora. Hefur verið í 125% tolli. Rafmagns-

ræsi og kveikibúnaður fyrir brunahreyfla í nr. 85.08.00 eru með 35% tolli, sama tolli og hér er gert ráð fyrir.

11. 38.13. Þessum lið er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir lóð- og logsuðuefni með 20% tolli, sem er óbreyttur tollur, en annað verður með 35% tolli og eru þar ýmis konar ryðvarnarefni, sem sanngjarnt er að tollist með 35% tolli, eins og önnur ryðvarnarefni, sem verða í nr. 27.10.72.
12. 38.19. Hér er nýtt númer, kol til kolburstagerðar með 30% tolli, með tilliti til þess að burstarnir fullbúnir eru með 35% tolli. Efni þetta hefur til þessa verið með 50% tolli. Einnig nýtt númer fyrir prófefni (reagenser) með 35% tolli. Hefur verið með 50% tolli áður. Prófefni þessi eru hliðstæð þeim efnum, sem tollast samkv. 30.05.00, en þau efni, sem hér flokkast eru m. a. notuð til þvag- og blóðrannsókna.
13. 39.01. Undir þessum lið er nýtt númer fyrir handfæralínur úr syntetiskum efnum, 1—2½ mm í þvermál, með 4% tolli. Hefur áður verið í 35% tolli. Er lækkun þessi gerð til samræmis við spunnar línur í nr. 59.04.01. Þá er gert ráð fyrir að lækka gjöld af öðrum vörum í þessum lið úr 60% í 40% toll.
14. 39.02. Gert er ráð fyrir nýjum númerum fyrir gólfflísar og gólfdúk með 35% tolli, til samræmis við linoleumgólfdúk í nr. 59.10, plötur til myndamótagerðar með 15% tolli til samræmis við zinkplötur í nr. 79.03.20, handfæralínur úr syntetiskum efnum með 4% tolli til samræmis við spunnar línur í nr. 59.04.01. Vörur þessar eru nú í 60% tolli. Safnnúmerið í þessum lið er lækkað úr 60% tolli í 40% toll. Annað í liðnum verður óbreytt, en fær ný númer, þar eð númerin eru nú fleiri en níu.
15. 39.03. Handfæralínur 1—2½ mm í þvermál er nýtt númer með 4% tolli, sbr. það, sem tilgreint er í 14. lið hér á undan. Er í 60% tolli nú. Einnig er „annað" lækkað úr 60% í 40% toll.
16. 39.04. Handfæralínur 1—2½ mm í þvermál er nýtt númer með 4% tolli, en er nú með 60% tolli. Einnig er „annað" lækkað úr 60% í 40% toll.
17. 39.05. Handfæralínur 1—2½ mm í þvermál lækkar úr 60% í 4% toll. Á sama hátt og frá er greint í 14. lið hér að framan er „annað" í þessum lið lækkað úr 60% í 40% toll.
18. 39.06. „Annað" í þessum lið er lækkað úr 60% tolli í 40% toll í samræmi við tilsvarandi lækkanir í 13.—17. lið hér á undan.
19. 39.07. Komið hefur í ljós, að nokkurs misræmis gætir í tollun vara, eftir því úr hvaða efni varan er. Sérstaklega á þetta við um vörur úr plasti, sem ekki eru sérstaklega taldar í plastflokknum, sem tollast nú samkv. nr. 39.07.89 í gildandi tollskrá með 100% tolli. Hefur því reynzt nauðsynlegt að búa til ný númer fyrir ýmsar vörur úr plasti, og færa gjöldin til samræmis við gjöld af sams konar vöru úr öðrum efnum. Því eru búin til sér númer fyrir eftirtaldar vörur í nr. 39.07: Netjakúlupokar er viðbót undir nr. 31 með 2% tolli. Vörur til hjúkrunar og lækninga með 35% tolli til samræmis við nr. 70.17.00, pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélaþéttingar með 35% tolli til samræmis við sömu vöru úr járni í nr. 73.20.00, boltar, rær og undirlög (skinnur) með 50% tolli til samræmis við þessar vörur úr járni í nr. 73.32.00. Vatnsfergingarútbúnaður fyrir votheysturna er lækkaður í 35% toll. Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki er í frv. með 50% tolli til samræmis við sömu vöru úr járni í nr. 73.22.00. Lampar, lampaskermar og lýsingartæki er í frv. með 90% tolli til samræmis við þessar vörur úr ódýrum málmum í nr. 83.07.09 og gleri í nr. 70.14.01. Vörur sérstaklega til skipa eru í frv. með 35% tolli til samræmis við þessar vörur úr járni í nr. 73.40.46. Tunnur eru í frv. með 35% tolli til samræmis við tunnur úr tré í nr. 44.22.09. Gluggar, gluggakarmar og hurðir er lækkað í 50% toll til samræmis við vörur þessar úr járni í nr. 73.21.09. Veggplötur, formsteyptar, eru lækkaðar í 40% toll til samræmis við veggplötur, sem tollast samkv. nr. 39.02.09, en það númer er nú lækkað úr 60% í 40% toll.

Úraglös úr plasti eru lækkuð í 50% til samræmis við glös úr gleri í nr. 70.15.00. Rúður úr plasti eru lækkaðar í 50% til samræmis við öryggisgler í nr. 70.08.00. Allar þessar vörur eru samkv. núgildandi lögum með 100% tolli, en ráðuneytið hefur í mörgum tilfellum notað heimild í 13. lið 3. gr. tollskrárinnar til að lækka gjöld af sumum þessara vara niður í það, sem hér er lagt til að lögfesta.

Þá er lagt til, að öll handverkfæri lækki úr núverandi tolli, sem er frá 50% og upp í 100%, í 35% toll. Ástæður fyrir þessari lækkun eru einkum tvær. Í fyrsta lagi er höfð hliðsjón af tolli á iðnaðarvélum, sem almennt er 35%, og í öðru lagi eru þessi tæki notuð í vélum, sem sjálfar bera 35% toll. Gætir þessarar lækkunar víða í frv. þessu og verður getið um það á viðkomandi stöðum. Undir þessum lið (nr. 52) lækka gjöld á verkfærum úr plasti úr 60% í 35% toll.

20. 40.08. Lagt er til að lækka toll af svampgúmmíi úr 60% í 50% til samræmis við lækkun, sem hér er gerð á plasti, en það er lækkað úr 60% í 40%.
21. 40.09. Lagt er til, að gjöld af pípum og slöngum úr toggúmmíi lækki úr 50% niður í 35% til samræmis við gjöld af sömu vöru úr málmi í nr. 73.18.29.
22. 40.11. Hjólbarðar á dráttarvélar falla burt úr nr. 01 og fara þá í nr. 09, sem er sami tollur. Nr. 01 verður þá fyrir hjólbarða á bifreiðir og bifhjól og er með gúmmígjaldi, en nr. 09 er án gúmmígjalds.
23. 40.13. Lagt er til, að hér komi inn nýtt nr. fyrir röntgenklæðnað með blýinnleggi með 35% tolli, en vörur þessar hafa verið í 90% tolli.
24. 40.14. Í stað orðsins hringir í nr. 03 koma nú hringir í niðursuðudósir, en tollupphæð er óbreytt. Búið er til nýtt númer fyrir aðrar vörur til tækninota en vélaþéttingar með 35% tolli. Hafa verið í 80% tolli.
25. 44.25. Allar vörur í þessum lið eru lækkaðar úr 50% og 60% tolli í 35% toll, vegna þeirrar lækkunar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir á verkfærum.
26. 44.28. Gert er ráð fyrir þremur nýjum númerum fyrir hefilbekki með 35% tolli til samræmis við lækkun á verkfærum. Skápa- og hurðahandföng með 70% tolli til samræmis við sams konar vörur úr járni í nr. 83.02 og tréteina með 50% tolli til samræmis við toll af saum, en vara þessi er notuð eins. Vörur þessar hafa verið með 100% tolli.
27. 45.04. Nýtt númer er fyrir kork í flöskuhettur með 50% tolli. Hefur verið til þessa með 60% tolli.
28. 46.03. Hér er nýtt nr. fyrir töskuhöldur úr fléttiefnum með 70% tolli til samræmis við sömu vöru úr málmi í nr. 83.09.09. Vara þessi er nú í 100% tolli.
29. 48.07. Í nr. 25 er aðeins um orðalagsbreytingu að ræða, að í stað límbönd komi límborinn pappír með óbreyttum 30% tolli. Nýtt númer fyrir veggfóður með 35% tolli til samræmis við veggfóður í nr. 48.11.00, en veggfóður það, sem hér flokkast, er í breiðari rúllum en í nr. 48.11.00. Einnig er nýtt númer fyrir einangrunarplötur með 40% tolli til samræmis við vörur, sem teljast til nr. 48.09. Vörur þessar hafa verið í 60% tolli. Enn fremur er nýtt númer fyrir vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings með 4% tolli. Hefur verið í 30% tolli. Er þá ekki gert ráð fyrir endurgreiðslu aðflutningsgjalda við útflutning afurðanna.
30. 48.15. Hér er nýtt númer fyrir hólka úr pappír til umbúða með 35% tolli. Hefur verið í 80% tolli.
31. 48.16. Nýtt númer er fyrir pappakassa utan um fisk til útflutnings með 4% tolli og er þá ekki gert ráð fyrir endurgreiðslu gjalda við útflutning. Kassar þessir eru nú með 60% tolli. Einnig er nýtt númer fyrir margfalda pappírspoka utan um fiskafurðir til útflutnings með 2% tolli til samræmis við poka úr jútu í nr. 62.03.02, og verður þá ekki um endurgreiðslu að ræða við útflutning afurðanna. Pokar þessir eru nú í 15% tolli.
32. 48.21. Hér eru teknir inn lampar, auk lampaskerma, með 90% tolli til sam-

ræmis við lampa úr ýmsum öðrum efnum, sem bera 90% toll. Er hér um að ræða lækkun úr 100% í 90% toll. Nýtt númer er fyrir pappír í dýptarmæla með 4% tolli til samræmis við dýptarmælana sjálfa í nr. 90.28.01 og hluta til þeirra í nr. 90.29.01. Einnig er nýtt númer fyrir umbúðarkassa og öskjur úr pappírsmassa og sellulósavatti í 50%, en hefur verið í 100% tolli.

33. 56.01. Búið er til nýtt númer fyrir syntetiskar trefjar til veiðarfæragerðar með engum tolli, en voru áður í 20% tolli.
34. 57.04. Lagt er til, að númer 20 í gildandi lögum verði skipt í tvö númer, húsgagnatróð í plötum með 35% tolli til samræmis við annað hráefni til iðnaðar. Annað verði óbreytt með engum tolli.
35. 58.05. Þessum tollskrárlið er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir borða til umbúða með 35% tolli til samræmis við vír til sömu nota, sem telst til nr. 73.10.19. Einnig eru gjöld af öðrum vörum, sem teljast til safnnúmers þessa liðs, lækkuð úr 80% í 65% toll.
36. 58.07. Nýtt númer er fyrir garn úr syntetiskum trefjum til veiðarfæragerðar með 4% tolli. Ætti annars að falla undir 80% toll. Er þetta gert til samræmingar við gjöld af nr. 59.04.01, sem er með 4% tolli. Einnig er nýtt nr. fyrir netateina með sökkum eða flotholtum með 20% tolli. Varan er nú í 80% tolli.
37. 59.04. Hér er nýtt númer fyrir garn úr syntetiskum trefjum, sem vegur yfir 1 gr. meterinn til veiðarfæragerðar með engum tolli. Ætti annars að fara í 35% toll. Hér er um að ræða efni í net, sem fullunnin eru aðeins með 4% tolli.
38. 59.09. Nýtt númer er fyrir einangrunarbönd með 35% tolli til samræmis við sams konar bönd í nr. 59.08.03. Ættu annars að koma í 65% toll.
39. 59.15. Lagt er til að lækka gjöld af vatnsslöngum úr spunatrefjum úr 50% niður í 35% til samræmis við barkaslöngur í nr. 83.08.
40. 60.03. Hér er nýtt númer fyrir sjúkrasokka með 35% tolli til samræmis við sams konar vörur úr gúmmíi í nr. 60.06.01. Sokkar þessir eru mjög dýrir og eru úr nylon. Voru áður í 90% tolli.
41. 60.05. Þessum tollskrárlið er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir kjötpoka með 2% tolli til samræmis við sömu vöru úr ofnum spunaefnum í nr. 62.03.01. Annað er óbreytt með 90% tolli.
42. 60.06. Hér er lagt til að taka upp nýtt númer fyrir hanzka prjónaða eða heklaða með 90% tolli, en það er hinn almenni tollur á hönzkum úr öðrum efnum.
43. 61.08. Hér er um leiðréttingu að ræða, að í stað orðsins blússur koma brjóst og var um að ræða ranga þýðingu í upphafi á texta Brüsselskrárinnar. Eðlilegt er, að blússur tollist sem annar ytri fatnaður í nr. 61.02 með 90% tolli, en hefur til þessa verið tollað með 100%.
44. 62.05. Tvö ný númer eru fyrir björgunartæki með 20% tolli til samræmis við sömu vörur úr korki í nr. 45.03.02 og fyrir öryggisbelti með 35% tolli. Vörur þessar hafa verið með 100% tolli.
45. 64.01. Lagt er til að gera nokkrar breytingar á tollflokkun skófatnaðar. Fallið er nú frá að gera greinarmun á sjóstígvélum og öðrum vaðstígvélum, enda mjög erfitt í framkvæmd og mörg takmarkatilfelli. Öll vaðstígvél með lágum hæl koma samkv. frv. í sama tollflokk með 35% tolli, en voru áður ýmist í 25% eða 50% tolli. Þá kemur nýtt númer fyrir skó með yfirhluta úr plasti eða leðurlíkisdúk með 80% tolli. Skór þessir hafa verið í 50% tolli, en eðlilegt þykir að þeir séu tollaðir svipað og skór úr leðri, sem ýmist bera 80% eða 100% toll eftir því hvort um er að ræða kven- og barnaskó eða karlmannaskó. Annað er óbreytt með 50% tolli.
46. 64.02. Hér er lagt til, að nr. 64.02.02, sem er það númer, sem ber lægstan toll eða 50%, taki til fleiri tegunda skófatnaðar en nú er. Eins og númerið er nú nær það aðeins yfir hællausa strigaskó, en aðrir skór með yfirhluta úr vefnaði með gúmmí- eða plastsólum falla undir 80% eða 100% toll. Nú er lagt til, að flókainniskór með gúmmí- eða plastsóla, venjulegir vinnuskór, skóhlífar með

yfirhluta úr vefnaði og kuldaskór teljist einnig til þessa númers með hinum lægra tolli. Skór þessir eru hliðstæðir þeim skóm, sem teljast til nr. 64.01.09 og tollast þar með 50% tolli.

47. 65.05. Lagt er til að lækka gjöld af vörum þessum úr 100% í 90% til samræmis við nr. 65.03 og 65.04.
48. 65.06. Einnig er hér lagt til að lækka gjöld úr 100% í 90% sbr. það sem áður segir um nr. 65.05.
49. 68.04. Vörur í þessu tollskrárnúmeri lækka úr 50% í 35% toll, en hér er um ýmis verkfæri að ræða.
50. 68.05. Lagt er til, að tollur lækki úr 50% í 35% toll.
51. 68.06. Þessar vörur lækka úr 50% í 35% toll.
52. 68.12. Hér kemur inn nýtt nr. fyrir báraðar þakplötur úr asbesti með 15% tolli til samræmis við toll af þakjárni í nr. 73.13.51. Vara þessi er nú í 35% tolli.
53. 68.16. Gert er ráð fyrir nýju númeri fyrir jurtapotta til gróðursetningar, sem eyðast í jörðu, með 35% tolli. Hefur verið í 80% tolli.
54. 69.13. Lagt er til að skipta þessum tollskrárlið og lækka toll af lömpum og lýsingartækjum úr 125% í 90% til samræmis við lampa úr öðrum efnum. Annað er óbreytt í 125% tolli.
55. 70.14. Hér er nýtt númer, glös fyrir olíulampa með 35% tolli, til samræmis við lampana sjálfa í nr. 83.07.02. Einnig er nýtt númer fyrir luktagler og endurskinsgler fyrir ökutæki með 35% tolli til samræmis við luktirnar sjálfar í nr. 85.09. Vörur þessar hafa verið í 100% tolli.
56. 73.18. Gert er ráð fyrir að skipta núverandi númeri 30 og búa til nýtt númer fyrir prófílpípur til smíða með 15% tolli. Hefur verið í 35% tolli. Annað verður óbreytt með 35% tolli.
57. 73.38. Nýtt númer er yfir vörur til hjúkrunar og lækninga með 35% tolli, til samræmis við sömu vörur í nr. 70.17. Vara þessi hefur verið í 80% tolli.
58. 73.40. Auk hjólklafa og hjóla í þá í númer 45 er bætt inn í númerið handfæravindum með 35% tolli. Vara þessi er nú í 70% tolli. Bætt er við nýju númeri fyrir jarðstrengsmúffur og tengidósir fyrir raflagnir með 35% tolli, en vörur þessar eru nú með 70% tolli.
59. 74.05. Númeri þessu er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir þynnur í vatnskassaelement með 15% tolli til samræmis við nr. 74.04. Þær plötur, sem hér um ræðir, ná ekki þykkt til þess að fara undir nr. 74.04 með hinum lægra tolli. Varan er nú með 35% tolli. Fullunnir vatnskassar eru með 35% tolli.
60. 74.07. Þessum lið er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir óunninn fosfór bronze-legumálm með 15% tolli, en er nú í 35% tolli. Hér er um samræmingu að ræða, en legumálmur, sem fluttur er inn í massivum stöngum, er með 15% tolli. Annað verður óbreytt í 35% tolli.
61. 74.19. Hér er nýtt númer fyrir vörur sérstaklega til skipa með 35% tolli, hliðstætt sömu vörum úr járni í nr. 73.40.46. Varan er nú í 70% tolli.
62. 76.04. Orðalagi nr. 76.04.01 er breytt þannig, að í stað hettur á mjólkurflöskur kemur efni í hettur á mjólkurflöskur, þar eð hetturnar fullbúnar teljast ekki til þessa númers. Nýtt númer er fyrir alúmínþynnur, áprentaðar utan um mjólkurafurðir með 4% tolli, til samræmis við smjörpappír í nr. 48.03.01. Varan er nú tolluð með 35% gjöldum.
63. 76.16. Hér er nýtt númer, einangrunarplötur með 40% tolli. Plötur þessar eru notaðar til einangrunar á loft og falla nú í nr. 76.16.09 með 70% tolli. Hettur á mjólkurflöskur er nýtt númer hér með 20% tolli. Var áður talin í nr. 76.04, en á heima í þessum lið, þar sem um fullunna vöru er að ræða.
64. 78.04. Þessum lið er nú skipt og lækkaður tollur af blýdufti, sem er efni í rafgeyma, úr 35% í 15% toll til samræmis við járnduft í 73.05.10.
65. 82.01. Safnnúmer þessa liðs, sem er yfir ýmis verkfæri til notkunar við landbúnað, garðyrkju og skógrækt, lækkar úr 40% í 35% toll.

66. 82.02. Handsagir og sagarblöð fyrir handsagir og vélsagir lækka úr 60% tolli í 35% toll.
67. 82.03. Vörur í þessu tollskrárnúmeri lækka úr 60% í 35% toll, en hér er um að ræða ýmis handverkfæri.
68. 82.04. Tollur lækkar á þessum vörum úr 60% í 35%.
69. 82.05. Tollur lækkar úr 60% í 35%.
70. 82.06. Skipting þessa tollskrárliðs er felld niður og allar vörur í númerinu lækkaðar úr 60% í 35% toll.
71. 82.07. Tollur lækkar úr 60% í 35%.
72. 82.10. Hnífablöð. Tollur af þeim lækkar úr 50% í 35%.
73. 82.15. Ýmis sköft úr ódýrum málmi. Tollur af þeim lækkar úr 60% í 35%.
74. 83.05. Þessum lið er nú skipt og gert nýtt númer fyrir stifti í heftivélar með 50% tolli til samræmis við saum úr málmi í nr. 73.31.09, en stifti þessi eru notuð jöfnum höndum til skrifstofuhalds og í heftivélar til húsgagnaiðnaðar o. fl. og þekkist ekki hvað frá öðru. Varan var áður í 80% tolli. Annað verður óbreytt með 80% tolli.
75. 83.07. Lagt er til að lækka toll af götuljóskerum í 35% og flúrskinslömpum í 60% toll, en vörur þessar eru nú með 90% tolli.
76.—78. 84.15. Lagt er til að lækka gjöld af varahlutum í rafmagnsheimilistæki úr 80% í 50% toll. Lækkunin tekur einungis til varahluta í tæki þessi, en ekki til fylgihluta með þeim, sem tollast áfram í sama tolli og tækin sjálf. Kemur þessi lækkun fram í nokkrum breytingartillögum í frv. þessu, eða nánar tiltekið í nr. 84.18, 84.19, 84.40, 85.06, 85.07 og 85.12.
79. 84.22. Hér er nýtt númer fyrir heyblásara til að færa til hey, með 10% tolli, til samræmis við heyblásara í nr. 84.11.01.
80. Sjá athugasemd við nr. 76—78 hér á undan.
81. 85.04. Gert er ráð fyrir að skipta þessum lið og búa til nýtt númer fyrir efni í rafgeyma með 30% tolli, í stað 40% nú.
82. 85.05. Handverkfæri með innbyggðum rafmagnshreyfli. Tollur lækkar úr 60% í 35%.
83—85. Sjá athugasemd við nr. 76—78 hér á undan.
86. 85.15. Hér er nýtt númer, neyðartalstöðvar með 4% tolli. Hafa verið í 35% tolli.
87. 90.16. Tollur af tækjum þessum, sem eru ýmis handverkfæri, lækkar úr 60% í 35%.
88. 92.03. Lagt er til að skipta þessum lið og fella niður toll af orgelum til kirkna, sem hefur verið 30% til þessa.
89. 96.02. Lagt er til að burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum (í nr. 03), lækki úr 70% tolli í 35% toll til samræmis við lækkun á handverkfærum.
90. 97.04. Lagt er til að lækka gjöld af ýmiss konar samkvæmisleiktækjum fyrir börn og fullorðna úr 125% í 90% til samræmis við gjöld af hliðstæðum leiktækjum, sem tollast samkv. nr. 97.03 með 90% tolli.
91. 98.02. Þessum lið er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir málmstykki til framleiðslu á rennilásum með 50% tolli. Annað verður óbreytt með 70% tolli.

Um 2. gr.

1. Lagt er til að heimildarákvæðinu í 16. lið verði breytt, þannig að heimilt verði að fella niður gjöld af umbúðum utan um vörur, ef umbúðirnar eru lánaðar eða leigðar hingað til lands og endursendar aftur til útlanda. Hefur heimildin til þessa verið bundin við hylki utan um gas- og lofttegundir.
2. Lagt er til að breyta heimildarákvæðum í 18. lið, þannig að heimilt verði að lækka gjöld af ljósnæmum plötum til ljósprentunar og myndamótagerðar, sem teljast til nr. 37.01.09 með 70% tolli til samræmis við gjöld af prentletri,

sem er með 35% tolli í nr. 84.34.02. Heimildin hefur einungis náð til filma til ljósprentunar.

3. Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að lækka eða fella niður gjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir fólk með ýmsa nánar tilgreinda sjúkdóma. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 40 þús. kr. Hér er lagt til að tala þeirra bifreiða, sem lækka má gjöld á, verði framvegis 150 á ári og upphæð sú, sem gjöldin eru lækkuð um, hækki úr 40 þús. kr. í 70 þús. kr.
4. Hér er lagt til að taka inn heimild til að endurgreiða gjöld af efni til framleiðslu á pappírspokum, sem telst til nr. 48.01.30 og 48.01.52 í tollskrá, sem svari því að af efni þessu sé greiddur 15% verðtollur í stað 30% eins og nú er. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Tekin er upp ný heimild til að endurgreiða gjöld af vísindatækjum, sem svari því að af þeim sé greiddur 35% verðtollur. Komið hefur í ljós að ýmis vísindatæki teljast til tollskrárnúmera með hærra gjaldi en 35%, en óeðlilegt þykir að gjöld af vísindatækjum séu hærri en hér er lagt til.

Ed. 270. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Af veitingabréfum fyrir embættum og sýslunum í þarfir ríkisins greiðist gjald, er ákveðst eftir launaflokkum kjarasamninga opinberra starfsmanna þannig:

Embætti í I. til IV. flokki	kr. 300.00
Embætti í V. til XIII. flokki	— 450.00
Embætti í XIV. til XXIII. flokki	— 600.00
Embætti í XXIV. til XXVIII. flokki	— 750.00

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði um gjald af veitingabréfum fyrir embættum og sýslunum er nú að finna í 31. gr. laga nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs. Eru í lögunum ákvæði um mismunandi hátt gjald fyrir skipunarbréf eftir því hvaða launaflokki samkv. launalögum embætti það tilheyrði, sem starfsmaður var skipaður í. Svo sem kunnugt er, eru embætti nú ekki lengur flokkuð eftir ákvæðum launalaga, heldur kjarasamningum við opinbera starfsmenn, og er því þörf að breyta ákvæðum aukatekjulaga til samræmis við breytta skipan þessara mála. Reynt hefur verið við ákvörðun gjaldflokka í frv., að komast sem næst þeirri skiptingu, sem gilt hefur til þessa og er gjaldið ákveðið óbreytt í hverjum gjaldflokki, að viðbættum þeim 50%, sem gjaldið hækkaði um með 21. gr. laga nr. 4 20. febrúar 1960, um efnahagsmál.

Ed. 271. Frumvarp til laga [150. mál]

um afnám laga nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og laga nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og lög nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög eru úr gildi felld og skal framvegis fela Ríkisendurskoðuninni eftirlit þetta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu er lagt til, að lög um eftirlit með opinberum sjóðum verði afnumin og eftirlit þetta skuli framvegis falið Ríkisendurskoðuninni. Virðist ástæðulaust að kosta slíkt eftirlit sérstaklega, þar eð Ríkisendurskoðunin hefur öll skilyrði til að rækja það svo sem þarf, án sérstaks aukakostnaðar.

Ed. 272. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til laga um hækkun á bótum almannatrygginga.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 1. gr. Orðin „að undanskildum fjölskyldubótum“ falli burt.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða þá 15% bótahækkun, sem felst í lögum þessum, í einu lagi fyrir tímabilið 1. jan. 1964 til 31. marz 1964 með bótagreiðslum fyrir aprílmánuð 1964.

Nd. 273. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 42 15. júní 1926, um skipströnd og vogrek.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Í stað orðanna „yfir 200 kr.“ í 2. málsgr. 24. gr. laganna komi: yfir 6000 kr.

2. gr.

Í stað orðanna „nemur 500 kr.“ í 1. málsgr. 25. gr. laganna komi: nemur 15000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 42 frá 1926 segir m. a., að vogrek, sem er yfir 200 kr. virði, skuli auglýst í Lögbirtingablaði og dómsmálaráðuneytið skuli senda þá auglýsingu fyrir-

svarsmönnum erlendra ríkja. Síðan skal beðið í allt að 6 mánuði eftir því, hvort nokkur sanni eignarrétt sinn að vogrekinu.

Hér virðist mikið haft fyrir verðmæti, sem er e. t. v. ekki nema 250 kr. virði eftir núverandi verðgildi peninga. Er augljóst mál, að krónuupphæð sú, sem tilgreind er í lögunum, er löngu úrelt orðin.

Þá segir einnig í sömu lögum, að vogrek, sem nemur 500 kr. að verðmæti eða meira, skuli verða eign ríkissjóðs, ef enginn sannar eignarrétt sinn að því.

Um þetta atriði er hið sama að segja og hið fyrra, að krónuupphæðin, sem við er miðað í lögunum, er úrelt orðin. Verðgildi peninga hefur breytzt svo gífurlega þau 38 ár, sem liðin eru, síðan lögin um vogrek voru sett 1926, að nauðsynlegt er að færa þessi ákvæði laganna til samræmis við núverandi verðgildi peninga.

Sþ. 274. Breytingartillögur [101. mál]

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda alþjóðasamninginn um takmarkað bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn.

Frá Einari Olgeirssyni, Gils Guðmundssyni og Ragnari Arnalds.

1. Aftan við tillögugreinina bætist svo hljóðandi málsgrein:
   Jafnframt ályktar Alþingi að lýsa yfir því, að það muni aldrei leyfa staðsetningu neins konar kjarnorkuvopna á Íslandi né að slíkum vopnum verði nokkurn tíma beitt frá stöðvum hér á landi.
2. Fyrirsögn þáltill. verði:
   Tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda alþjóðasamninginn um takmarkað bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn og um að Alþingi muni aldrei leyfa staðsetningu kjarnorkuvopna á Íslandi.

Nd. 275. Frumvarp til laga [152. mál]

um laun forseta Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Forseti Íslands hefur að launum kr. 35 000.00 á mánuði.

2. gr.

Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

3. gr.

Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða úr ríkissjóði sérstaklega.

4. gr.

Þeir, er fara með forsetavald um stundarsakir, sbr. 8. gr. stjórnarskrárinnar, skulu samanlagt, meðan þeir gegna starfanum, njóta jafnra launa, miðað við mánaðarstarfstíma, og mánaðarlaun forsetans eru. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra. Auk þess skulu þeir fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

5. gr.

Lög þessa öðlast þegar gildi.

Frá 1. júlí 1963 fer um laun forseta Íslands eftir ákvæðum þessara laga. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 37 17. júní 1944 og lög nr. 94 15. desember 1952, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 94 15. desember 1952 voru forseta Íslands ákveðin 85 000.00 króna grunnlaun á ári auk verðlagsuppbótar. Með þeim hækkunum, sem síðan hafa orðið, eru mánaðarlaun forsetans nú kr. 19 967.00.

Á s. l. sumri ákvað Kjaradómur ný launakjör til handa opinberum starfsmönnum. Með hliðsjón af ákvörðun Kjaradóms þykir rétt að leggja til, að laun forseta Íslands verði ákveðin eins og gert er í 1. gr. þessa frumvarps.

Að öðru leyti en því, er varðar launafjárhæðina, er frv. þetta efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Nd. 276. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [153. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

68. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands orðist svo:

Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga, eða stofnanir, sem Íslendingar eiga einir. Sendiráð erlendra ríkja mega þó eiga hér húseignir samkvæmt alþjóðavenjum, sem um það gilda. Alþjóðlegar stofnanir, sem Ísland er aðili að, mega og eiga fasteignir til menningar- og heilbrigðisstarfsemi, þó þarf lög um það hverju sinni.

Engir nema Íslendingar mega taka á leigu atvinnutæki eða íslenzk náttúruauðæfi. Undanþegin þessu ákvæði eru þó flutningaskip og flugvélar. Að því er snertir erlenda menn búsetta hérlendis, skal mæla fyrir um þessi atriði með lögum.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þörf er orðin á að breyta þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem fjalla um ríkisborgararétt erlendra manna og aðstöðu slíkra til þess að eignast fasteignir eða náttúruauðæfi á Íslandi.

Þegar núgildandi lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 63 28. nóv. 1919, voru sett, þótti svo sjálfsagt, að Íslendingar héldu fast á eignarrétti og umráðarétti yfir fasteignum á Íslandi, að nóg þótti að setja í lög, að erlendir menn þyrftu að vera hér heimilisfastir, eða að milliríkjasamninga þyrfti, til þess að þeir hefðu rétt til að eignast hér fasteignir. Þá voru og dansk-íslenzku sambandslögin í gildi, sem heimiluðu Dönum slíkan rétt, og máttu íslenzk lög þá ekki brjóta í bága við þau.

Nú er þetta orðið breytt. Engin þörf er lengur á að taka tillit til dansk-íslenzku sambandslaganna, þar sem þau eru úr gildi fallin. En hins vegar hefur það komið í ljós við ýmsar þær athuganir um samninga við erlend ríki, sem fram hafa farið

undanfarið, að mikil hætta gæti fylgt því fyrir yfirráð vor Íslendinga yfir fasteignum og náttúruauðæfum í landi voru, ef ekki væru reistar rammar skorður við því, að útlendingar gætu eignazt fasteignir og náttúruauðæfi á Íslandi. Samkvæmt núgildandi lögum gætu meðal annars stjórnarvöld, sem kynnu að vera slíks sinnis, hleypt erlendum aðilum inn í landið, og þótt þeim lögum væri breytt á einu þingi til batnaðar, mætti breyta þeim aftur til hins verra, svo að segja að þjóðinni forspurðri. Aðeins með stjórnarskrárbreytingu er öruggt, að reistar væru rammar skorður gegn því, að útlendingar eignuðust fasteignir hér, og stjórnarskránni er ekki hægt að breyta að þjóðinni forspurðri. Því er frv. þetta borið fram, og felst einnig í því að tryggja algerlega rétt Íslendinga einna til þess að eiga fasteignir og náttúruauðæfi á Íslandi. Jafnframt þykir nauðsynlegt að tryggja rétt Íslendinga einna til að taka á leigu atvinnutæki og náttúruauðæfi, með þeim undantekningum, er þar greinir.

Þá gerist einnig aðkallandi að breyta þessum ákvæðum vegna þeirrar hættu, sem nú vofir yfir, að erlendum auðfélögum sé hleypt inn í landið til þess að reisa hér alúmíníum-verksmiðjur, olíuhreinsunarstöðvar o. fl.

Það hefur verið eindregin stefna þjóðarinnar og snar þáttur í sjálfstæðisbaráttu hennar að hindra það, að útlend auðfélög næðu tökum á íslenzkum auðlindum og íslenzku atvinnulífi. Þegar erlend auðfélög um 1920 höfðu eignazt flestalla íslenzka fossa, nema Sogið, var það fyrir harða baráttu manna eins og Bjarna frá Vogi, Guðmundar Björnssonar landlæknis og Jóns Þorlákssonar, að það tókst að eyðileggja þessi ítök erlendra auðfélaga í íslenzkum auðlindum, er þá hefðu leitt til erlendrar stóriðju á Íslandi, svo sem Titan h.f., þáverandi eigandi Þjórsár, hafði ráðgert.

Það þarf að halda fast við þá stefnu efnahagslegs sjálfstæðis Íslands, er þá sigraði, og hindra, að erlend auðfélög geti náð tökum á efnahagslífi voru. Til þess er þetta frv. flutt.

Ákvæðin um ríkisborgararétt eru óbreytt.

Nd. 277. Frumvarp til laga [154. mál]

um heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ákveða skal heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík og gerð þeirra höfuðbygginga, sem ákveðið verður að reisa þar, með þeim hætti, er segir í lögum þessum.

Gera skal uppdrátt af heildarskipulaginu, svo og teikningu af öllum höfuðbyggingum, er þar skulu vera. Skal uppdráttur sá gerður með hvorttveggja fyrir augum að varðveita gamlar, sögulegar byggingar miðbæjarins og svip hans, eftir því sem við á, og að tryggja fegurð og samræmi í þeim byggingum, sem reistar verða, sérstaklega þó hinum opinberu byggingum.

Heildarskipulag þetta skal miðast við svæði, sem takmarkast af Hringbraut að sunnan, af Suðurgötu og Garðastræti að vestan, af Tryggvagötu að norðan og af Sóleyjargötu, Skothúsvegi, Þingholtsstræti og (frá Bankastræti) Ingólfsstræti og Sölfhólsgötu að austan.

2. gr.

Ákvörðun þessa heildarskipulags skal sérstök nefnd annast: skipulagsnefnd miðbæjarins. Skal hún skipuð með þeim hætti, er hér segir:

1. 4 menn skulu skipaðir af Alþingi, einn tilnefndur af hverjum þingflokki.
2. 4 menn tilnefndir af ríkisstjórn.

3. 4 menn tilnefndir af borgarstjórn Reykjavíkur, einn frá hverjum flokki.
4. 4 menn tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands.

Þá skulu og eftirfarandi menn eiga sæti í nefndinni án tilnefningar: skipulagsnefndarmenn ríkisins, borgarstjóri Reykjavíkur, þjóðminjavörður og skipulagsstjóri ríkisins.

Þessi nefnd skal kjósa sér framkvæmdanefnd. Heimilt er skipulagsnefnd miðbæjarins að ráða í þjónustu sína sérfræðinga og aðra starfsmenn, láta gera teikningar og líkön og gangast fyrir hugmyndasamkeppni, einnig með þátttöku erlendra manna. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starf nefndarinnar. Hafa skal hún aðgang að öllum þeim teikningum, uppdráttum og öðru, sem unnið hefur verið að áður á þessu sviði. Kostnaður við nefndarstörf greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Skipulagsnefnd miðbæjarins skal alveg sérstaklega vinna að staðsetningu og teikningu alþingishúss — til viðbótar eða í stað hins núverandi, stjórnarráðshúss og ráðhúss Reykjavíkur, ef ráðlegt þykir, að allar þessar stórbyggingar verði innan þessa svæðis. Þá skal hún og ákveða, hvort ráðlegt sé að listasafn ríkisins og aðrar opinberar byggingar verði innan þessa svæðis. Það er og í hennar verkahring að ákveða um, hverjar einkabyggingar verði á þessu svæði, og að móta í aðalatriðum gerð þeirra, sem og torga þeirra og opinberra garða, er þar skal hafa.

Bannað er að rífa eða breyta hið ytra menntaskólahúsinu, alþingishúsinu, dómkirkjunni og stjórnarráðshúsinu, né nokkru því inni í þessum húsum, er raskar sögulegum minjum tengdum þeim.

Nefndin skal ákveða, hvaða aðrar gamlar byggingar skuli standa og bannað sé að fjarlægja eða rífa.

4. gr.

Þar til skipulagsnefnd miðbæjarins hefur lokið störfum og heildarskipulag miðbæjarins verið endanlega ákveðið, er bannað að reisa varanlegar byggingar innan þessa svæðis. Ljúka má þó byggingum þeim, sem byrjað var á fyrir 31. des. 1963.

Engar bráðabirgðabyggingar má reisa á þessu svæði, nema með einróma samþykki skipulagsnefndar miðbæjarins.

5. gr.

Þegar starfi nefndarinnar er lokið og endanlegar tillögur gerðar um allt heildarskipulag miðbæjarins og höfuðbygginga hans, skal nefndin leggja tillögur sínar fyrir Alþingi, ríkisstjórn og borgarstjórn Reykjavíkur. Fallist allir þessir aðilar á sömu tillögu, er heildarskipulagið þar með ákveðið. Verði ágreiningur milli þeirra, tekur ríkisstjórn endanlega ákvörðun. Félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð ströng skipulagsákvæði til þess að tryggja, að framkvæmd skipulagsuppdráttarins verði í föstum skorðum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sem stendur er um það rætt að byggja allar helztu opinberar byggingar ríkis og höfuðborgar, þær er venjulega þykja svipmestar í höfuðborgum, á einum og sama stað: í „kvosinni“, hinum gamla miðbæ Reykjavíkur. Er hér um að ræða stjórnarráðshús, alþingishús og ráðhús Rykjavíkur. Eru starfandi sérstakar nefndir í öllum þessum byggingarmálum, ein í hverju. Hins vegar er enn ekkert heildarskipulag ákveðið.

Samtímis er það svo, að enn standa á þessu sama svæði sögulegar byggingar, sem hver menningarþjóð mundi setja stolt sitt í að varðveita sem bezt til síðari

tíma án þess að breyta þeim. Er hér um að ræða hús eins og menntaskólahúsið, alþingishúsið, dómkirkjuna og stjórnarráðshúsið, eða af yngri byggingum Iðnó og gamla Búnaðarfélagshúsið, — sérkennilega fulltrúa horfins byggingarstíls, geymandi einnig sögulegar minjar. Öll þessi hús og ótal fleiri á þessum stað og víðar í Reykjavík, ekki sízt í Vesturbænum, mundu aðrar þjóðir reyna að varðveita sem lengst á þeim stað, þar sem þau eru. Komandi kynslóðir verða ekki í neinum vandræðum með að byggja hús, þær munu búa við allsnægtir í þeim efnum, sem við vart gerum okkur grein fyrir. En eitt geta þær ekki gert: þær geta ekki byggt gömul hús. Þau sögulegu hús, sem nú verða rifin, verða aldrei byggð aftur. Núverandi kynslóð er stundum orðhvöss gagnvart fátækum forfeðrum, er glatað hafi dýrmætum skrifuðum söguminjum, en hún má gæta þess, að komandi kynslóðir dæmi hana ekki harðar fyrir að hafa vísvitandi eyðilegt í bráðræði, steigurlæti eða gróðabraski sögulegar minjar, sem eigi verða endurheimtar.

Það varf að vanda það vel, hvernig miðbærinn gamli í Reykjavík verður, hvernig hið gamla, sem á að haldast, og hið nýja, sem á að rísa, fari bezt saman, án þess að eyðileggja öll hlutföll og skemma heildarmynd. Það er algerlega ófært að ákveða skipulag hvers húss út af fyrir sig án þess að hafa þegar ákveðið heildarmyndina. Þess vegna er höfuðtilgangur þessa frv. að gera ráðstafanir til þess, að slíkt heildarskipulag sé ákveðið fyrir miðbik höfuðborgarinnar, áður en farið er að gera óafturkallanlegar ráðstafanir um einstök hús. Er því m. a. lagt til að banna að reisa varanlegar byggingar í miðbænum, unz heildarskipulag hefur verið ákveðið.

Það er þegar búið að spilla mikið útliti Reykjavíkur sökum skorts á yfirsýn, og miðbærinn hefur ekki heldur farið varhluta af slíkri eyðileggingu.

Allar menningarþjóðir sýna höfuðborg sinni sérstaka rækt í þessum efnum.

Vér Íslendingar eigum að gera það líka. Og það eru síðustu forvöð að taka í taumana. Því er þetta frv. flutt.

Ed. 278. Frumvarp til laga [88. mál]

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. febr.)

1. gr.

Við fyrri málsgr. 8. gr. laganna bætist:

Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr skal vera kr. 350.00 fyrir fullorðið dýr og kr. 200.00 fyrir hvern yrðling.

2. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir „kr. 350.00“ í 1. málsgr. komi: kr. 700.00.
b. Fyrir „kr. 200.00“ í 2. málsgr. komi: kr. 350.00.

3. gr.

Fresta skal að framkvæma ákvæði 11. gr. laganna um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt er bannað að eitra fyrir þessi dýr á sama tímabili.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 279. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin samþykkir að mæla með frumvarpinu óbreyttu.

Alþingi, 14. febr. 1964.

Davíð Ólafsson, form. Unnar Stefánsson, fundaskr. Matthías Á. Mathiesen. frsm.
Einar Ágústsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 280. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til laga um laun forseta Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og samþykkir að mæla með því óbreyttu.

Alþingi, 14. febr. 1964.

Davíð Ólafsson, form., frsm. Unnar Stefánsson, fundaskr. Matthías Á. Mathiesen.
Einar Ágústsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 281. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. febr. 1964.

Einar Ingimundarson, form. Unnar Stefánsson, fundaskr. Matthías Á. Bjarnason, frsm.
Skúli Guðmundsson. Björn Fr. Björnsson.

Nd. 282. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumv. á allmörgum fundum sínum. Sendi hún frumv. nokkrum aðilum til umsagnar, og hafa henni borizt svör frá þessum: áfengisvarnaráði, Landssambandi gegn áfengisbölinu, Landssambandi íslenzkra

barnaverndarfélaga og Stórstúku Íslands. Auk þess barst nefndinni umsögn frá Félagi framreiðslumanna um frumvarpið. Enn fremur kvaddi nefndin til fundar nokkra af forustumönnum bindindissamtaka í landinu til viðræðna um frumvarpið. Allir framangreindir aðilar hafa í umsögnum sínum tjáð sig samþykka og fylgjandi þeim nýmælum, sem í frumvarpinu felast, sumir þó með nokkrum breytingum, sem nefndin hefur tekið tillit til að nokkru leyti eða öllu við afgreiðslu frumvarpsins.

Tilefni þess, að frumv. er flutt, og tilganginum með því, að lagt er til í frumv., að þær breytingar verði gerðar á gildandi áfengislögum, sem í frumv. felast, er lýst í athugasemdum við frumv. Er þar einnig gerð grein fyrir nýmælum þess.

Í gildandi áfengislögum, nr. 58/1954, er ekki tilgreint aldurslágmark fyrir heimild til aðgangs að þeim veitingastöðum, sem veita mega áfenga drykki. Hefur slík heimild hingað til verið bundin við það aldurslágmark, sem ákveðið er í lögreglusamþykktum um aðgang að almennum veitingastöðum og skemmtistöðum (16 ára aldur). Eitt af nýmælum frumv. þessa felur hins vegar í sér bann gegn því, að ungmenni yngri en 18 ára dveljist eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastöðum, sem leyfi hafa til vínveitinga, nema í fylgd með forráðamönnum sínum (3. gr. frumv., 2. mgr.).

Heimild til að selja og veita áfenga drykki hefur samkv. íslenzkum áfengislögum verið bundin við 21 árs aldurslágmark allt frá árinu 1935, er fyrstu áfengislögin voru sett, eftir að bann við sölu áfengra drykkja hafði með öllu verið afnumið í landinu. Er enn gert ráð fyrir þessu sama aldurslágmarki fyrir sölu og veitingum áfengis í frumv. þessu og önnur aldurslágmörk, sem frumv. setur, einnig miðuð við 21 árs aldur, að undanskildu því 18 ára aldursmarki, sem áður er getið (bann við aðgangi að vínveitingastöðum á vissum tímum).

Fljótlega eftir að nefndin tók að ræða frumv. og þær breytingar, sem í því felast á gildandi áfengislögum, komu upp raddir um, hvort ekki væri rétt í því skyni að samræma hin tvö mismunandi aldurslágmörk frumv. og um leið að auðvelda framkvæmd áfengislaga, að áorðnum þeim breytingum, sem frumv. gerir ráð fyrir, að hafa aldursmörkin öll hin sömu og miða þau við 18 ára aldur í stað 21 árs aldurs. Taldi meiri hl. nefndarinnar, um það er lauk, að með slíkri samræmingu á aldursmörkunum, með útgáfu persónuskilríkja almennt eða til ungmenna á tilteknum aldri, sem gert er ráð fyrir í athugasemdum við frumv., og með þyngingu refsinga fyrir brot á þeim ákvæðum um aldurslágmörk sem í frumv. felast, væri gert stórum auðveldara að framfylgja ákvæðum frumv., sem fyrst og fremst miða að því að koma í veg fyrir ölvun ungmenna innan tiltekins aldurs og ósæmilega hegðun þeirra í sambandi við áfengisneyzlu.

Í samræmi við það, sem hér að framan segir, leggur því meiri hl. nefndarinnar til, að frumv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali. Aðrar breytingartillögur meiri hl. nefndarinnar en þær, sem snerta aldurslágmörk, sem í frumv. eru ákveðin, eru að mestu orðalagsbreytingar, sem nánar verður vikið að í framsögu af hálfu nefndarinnar.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumv. og fylgja breytingartilögum, sem fram kunna að koma við það. Einn nefndarmanna (BFB) skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara, og annar nefndarmaður (SkG) mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 15. febr. 1964.

Einar Ingimundarson, form., frsm.

Unnar Stefánsson, fundaskr.

Björn Fr. Björnsson, með fyrirvara.

Matthías Bjarnason.

Nd. 283. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. Við 1. gr.
   a. Við 3. málsgr. Í stað orðanna „21 árs“ komi: 18 ára.
   b. Upphaf 4. málsgr. orðist svo:
      Kaupandi áfengis skal, ef krafizt er, sanna aldur sinn o. s. frv.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Aftan við 19. gr. laganna komi ný málsgr., er verði 5. málsgr. og hljóði svo:
   Ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 18 ára til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra, til lögregluyfirvalda og á sjúkrahús.
3. Við 3. gr. 1. málsgr. orðist þannig:
   Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastað, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.
4. Við 5. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
      Sala eða veitingar og hvers konar afhending áfengis til ungmenna yngri en 18 ára varðar sektum frá 800—6000 kr.
   b. Við 3. málgsr. Í stað „21 árs“ komi: 18 ára.
5. Við 6. gr. Í stað „19. gr. a“ komi: 19. gr. 5. málsgr.
6. Við 7. gr.
   a. 1. málsgr. 2. málsl. orðist svo:
      Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum, skal gert upptækt.
   b. 2. málsgr. orðist þannig:
      Brot gegn 4. málsgr. 20. gr. varðar ungmenni áminningu eða sektum frá 100—500 kr., en veitingamann sektum frá 800—6000 kr.

Nd. 284. Frumvarp til laga [155. mál]

um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða nýtt strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs. Skipið skal vera 600—700 rúmlestir brúttó, byggt aðallega til fólksflutninga, en þó að nokkru til vöruflutninga, og skal hluti af farmrými þess búinn kælitækjum.

2. gr.

Skip það, sem um ræðir í 1. gr., skal ríkissjóður reka á leiðinni Vestfjarðarhafnir—Reykjavík. Heimahöfn skipsins skal vera Ísafjörður.

3. gr.

Rekstur skipsins er ríkisstjórninni heimilt að fela Skipaútgerð ríkisins eða hverjum þeim aðila öðrum, sem treysta má til þess að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins með sem hagkvæmustum hætti.

4. gr.

Til framkvæmda skv. 1. gr. er ríksstjórninni heimilt að taka allt að 25 milljón króna lán.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vestfirðingar búa enn við erfiðari samgöngur á landi en íbúar annarra landshluta. Á seinustu árum hefur mikil afturför og samdráttur orðið í flugsamgöngum við Vestfirði, og sjósamgöngurnar eru svo stopular og óhagstæðar, að með þær ríkir mikil og almenn óánægja.

Rætt hefur verið um það við Skipaútgerð ríkisins, að annaðhvort Hekla eða Esja yrði látin annast farþega- og vöruflutninga milli Reykjavíkur og Vestfjarðahafna í stað þeirra hringferða um landið, sem þessi skip annast nú að vetrinum. En á sumrin er Esjan, sem kunnugt er, ein í þessum hringferðum um landið.

En þessi málaleitan hefur fengið daufar undirtektir. Og rétt er það, að hvort skipið sem er, Hekla eða Esja, hentar ekki að öllu leyti vel í slíkar ferðir, hafa t. d. óþarflega stórt farþegarými og eru þar af leiðandi of dýr í rekstri.

Það verður því vart um annað að ræða, ef málið á að fá viðunandi lausn, en að byggt verði nýtt strandferðaskip til að annast farþega- og vöruflutninga milli Vestfjarðahafna og Reykjavíkur. Og í þessu frumvarpi er lagt til, að svo verði gert.

Talið er við hæfi, að slíkt skip væri 600—700 brúttólestir að stærð og hefði farþegarými fyrir 50—60 manns.

Eðlilegast er, að rekstur skipsins yrði falinn Skipaútgerð ríkisins, en þó er þeim möguleika haldið opnum í frumvarpinu, að rekstur þess megi fela hverjum þeim aðila, sem treysta megi til að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins á hagkvæmastan hátt.

Fyrir nokkrum árum var horfið að því ráði að smíða nýtt skip — Vestmannaeyjaskip — til að annast fólks- og vöruflutninga milli Eyja og Reykjavíkur. Misjafnlega var fyrir þessu fyrirtæki spáð. En nú hefur reynslan skorið úr. Vestmanneyingar hafa fengið öruggar, reglulegar og hagkvæmar sjósamgöngur við Reykjavik, og rekstur skipsins ber sig betur en nokkurs annars skips Skipaútgerðar ríkisins. Heimahöfn Vestmannaeyjaskipsins er Vesmannaeyjar. Á sama hátt er lagt til, að Ísafjörður verði heimahöfn hins fyrirhugaða Vestfjarðaskips.

Þó að ekki sé nákvæmlega vitað, hvað slíkt skip kunni að kosta, er hér lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka allt að 25 milljón króna lán vegna byggingar Vestfjarðaskipsins.

Þess skal að lokum getið, að á fundi, sem Fjórðungssamband Vestfjarða hélt haustið 1960 að Bjarkalundi, var einróma skorað á þingmenn Vestfirðinga að hefja þegar baráttu fyrir byggingu sérstaks Vestfjarðaskips, ef ekki fengist breyting á strandferðum til Vestfjarðahafna í hagkvæmara horf. Fjórðungsþingið hefur síðar ítrekað þessar áskoranir Vestfjarðaþingmanna.

Á næsta þingi á undan fluttu þeir Bjarni Guðbjörnsson og Sigurvin Einarsson tillögu til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að athuga um möguleika á smíði nýs strandferðaskips, sem annist farþega- og vöruflutninga milli Vestfjarða og Reykjavíkur. Tillagan fékk ekki afgreiðslu.

Málið er nú flutt í þriðja sinn í frumvarpsformi að ósk Fjórðungssambands Vestfjarða og fleiri aðila í héraði, og er þess að vænta, að Alþingi líti á brýna þörf þessa landshluta til bættra sjósamgangna og taki tillit til eindreginna óska Vestfirðinga um sérstakt Vestfjarðaskip, því að á þann hátt telja kunnugir, að málið verði bezt leyst.

Ed. 285. Breytingartillögur [14. mál]

við frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 1. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Þegar lögreglan tekur mann höndum sakir ölvunar, skal hún tilkynna nánustu vandamönnum hans aðgerðir sínar.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Reisa skal og reka á kostnað ríkisins (sbr. 17. gr) sjúkradeildir og gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúkt fólk, svo mörg sem henta þykir til nauðsynlegrar aðgreiningar sjúklinga eftir kynjum, svo og eðli drykkjusýkinnar.
   Að minnsta kosti ein þessara gæzluvistarstofnana skal vera sérstaklega til þess ætluð að veita viðtöku erfiðum drykkjusjúklingum, sem dæmdir eru til hælisvistar eða sviptir sjálfræði vegna drykkjuskapar og ráðstafa þarf til langrar dvalar.
3. Við 11. gr. Í stað upphafsorðanna „Til hælisvistar skv. 9. gr. verða teknir“ komi: Til hælisvistar skv. 9. og 10. gr. verða teknir.
4. Við 12. gr. Greinin falli niður.

Nd. 286. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég flyt tvær breytingartillögur við frumvarpið. Samkomulag náðist ekki um þær í nefndinni, og taldi ég því rétt að gera grein fyrir efni þeirra í sérstöku nefndaráliti.

Fyrri breytingartill. er um að afnema þann ósið, sem alllengi hefur legið hér í landi, að einstakir menn hafa fengið áfengi hjá víneinkasölu ríkisins fyrir aðeins brot af því verði, sem aðrir kaupendur þeirrar vöru hafa þurft að borga. Tillögur um þetta hafa oft áður verið fluttar á Alþingi. Rétt þykir nú, þegar frumvarp um breytingar á áfengislögunum er til meðferðar, að gera enn eina tilraun til að koma máli þessu í heilbrigt horf.

Við tveir af nefndarmönnum allsherjarnefndar, 4. þm. Sunnl., Björn Fr. Björnsson, og undirritaður, óskuðum upplýsinga hjá áfengisverzluninni um það, hvaða íslenzkir aðilar hér búsettir nytu þeirra fríðinda að fá áfengi með niðursettu verði, hvað þeir hefðu keypt áfengi fyrir mikla fjárhæð samtals með lága verðinu síðustu tvö árin og hvað þetta áfengi hefði kostað með útsöluverði. Svar við þessum fyrirspurnum barst okkur í bréfi frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, dags. 12. þ. m. Er fyrirspurnunum þar svarað, nema þeirri síðustu, en verzlunin telur tormerki á að veita upplýsingar um það atriði. Hins vegar hefur fengizt upplýst, að álagning verzlunarinnar á áfengi sé frá 50—100% og allt upp í 600—700%. Má af því draga þá ályktun, að mismunurinn á kostnaðarverðinu, sem einstakir menn borga fyrir vínið, og hinu venjulega útsöluverði sé mjög mikill, enda kemur það fram í reikningum einkasölunnar.

Fyrirspurnir okkar og svarbréf einkasölunnar eru birt sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu.

Því er stundum haldið fram, að þeir, sem njóta sérréttindanna hjá áfengisverzluninni, þurfi á þeim að halda vegna risnuskyldu, sem á þeim hvíli. Þetta er ekki

rétt. Ríkið á að bera kostnað af þeim opinberu veizlum, sem óhjákvæmilegt eða rétt þykir að halda, en ekki einstakir ráðherrar eða aðrir embættismenn. Skynsamlegast væri að fella með öllu niður vínveitingar í veizlum ríksins og ríkisstofnana, enda hafa oft verið fluttar tillögur um það efni á Alþingi á liðnum árum. Ef þetta væri gert, gæti það sennilega haft góð áhrif á aðrar stofnanir og einstaklinga í þjóðfélaginu. En jafnvel þó að haldið verði áfram enn um sinn að veita áfenga drykki í ríkisveizlum, er það fjarri öllum sanni, að nokkur ástæða sé til að selja það áfengi með kostnaðarverði frá áfengisverzlun ríkisins. Ríkið hefur engan hagnað af slíku fyrirkomulagi á bókhaldinu.

Þeir viðskiptahættir hjá áfengisverzluninni, sem hér hafa verið nefndir, hafa haft það í för með sér, að einstakir menn hafa fengið vín með lága verðinu til einkanota og veitinga á heimilum sínum. Þetta er óeðlilegt og ósæmilegt, og það hefur enga stoð í lögum. Hjá verzlunum ríkisins ættu allir landsmenn að búa við sömu viðskiptakjör. Því er nauðsynlegt að setja það ákvæði í lög, að vörur áfengisverzlunarinnar skuli seldar öllum landsmönnum við sama verði.

Í gær, sunnudaginn 16. febrúar, talaði presturinn í dómkirkjunni í Reykjavík um freistingarnar, sem mæta okkur mönnunum á lífsleiðinni. Hann rifjaði upp frásögn ritningarinnar af því, þegar myrkrahöfðinginn fór með frelsarann upp á ofurhátt fjall, sýndi honum öll ríki heimsins og þeirra dýrð og mælti við hann: Allt þetta mun ég gefa þér, ef þú fellur fram og tilbiður mig.

Síðan þetta gerðist, eru liðnar meira en 19 aldir. Þó er sá gamli enn á ferli, og ekki svo mjög fótfúinn. Hann kemur við á Íslandi á ferðalagi sínu. Hann fer með nokkra æðstu menn lýðveldisins inn í vínbúð ríkisins. Hann bendir á glitrandi veigar í fallegum flöskum og hvíslar að förunautum sínum: Hér getið þið fengið margar tegundir víns með miklum afslætti frá því verði, sem aðrir viðskiptamenn borga, ef þið viljið heiðra verzlunina með ykkar viðskiptum.

Hvað segja þessir góðu menn um tilboðið? Taka þeir sér í munn hin frægu orð meistarans: Vík burt, Satan?

Þeir hafa ekki allir gert það hingað til — því miður.

Eins og fram kemur í bréfi Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, hefur einkasalan selt mikið áfengi með kostnaðarverði til fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, og er það selt þaðan til farþega með flugvélum við brottför þeirra af landinu. Þá hafa Eimskipafélag Íslands h/f og Skipaútgerð ríkisins fengið áfengi með sömu kjörum, og er það selt farþegum í ferðum milli landa, en ekki til neyzlu innanlands. Þá mun einkasalan einnig selja sendiherrum erlendra ríkja hér á landi áfengi með lágu verði, og er það talið í samræmi við reglur, sem gildi í öðrum löndum. Vel má vera, að einhverjir, sem vilja stuðla að því að afnema hin óeðlilegu hlunnindi einstakra manna í skiptum við áfengisverzlunina, telji rétt að láta þessar sérreglur um skipti við útlendinga og fólk í utanlandsferðum haldast, og legg ég því til í breytingartillögu minni, að einkasölunni skuli heimilt að haga þeim viðskiptum á sama hátt og nú er gert.

Síðari brtt. mín er um stofnun áfengisvarnasjóðs. Í frumvarpi til áfengislaganna, sem nú gilda, var ákvæði um stofnun slíks sjóðs, og samkv. frumv. skyldu renna til hans árlega 3% af hagnaði áfengisverzlunarinnar. Sjóðurinn átti að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir, bindindisfræðslu og útbreiðslu bindindis. Þetta ákvæði var fellt niður úr frv. við afgreiðslu þess á þinginu 1954. Í fyrra var borið fram á Alþingi frv. til laga um áfengisvarnasjóð, en varð ekki útrætt. Það var endurflutt á þinginu s. l. haust, en hefur ekki enn hlotið afgreiðslu. Ég tel því rétt að taka þetta mál upp í sambandi við þá breytingu á áfengislögunum, sem áformað er að gera samkv. þessu frumvarpi.

Um það ætti ekki að vera ágreiningur, að brýn þörf sé að auka fræðslu um skaðsemi áfengis og efla bindindisstarf, einkum meðal ungs fólks, og réttmætt er, að ríkið leggi fram nokkru meira fé en nú er gert til þeirrar nauðsynlegu starfsemi.

Réttara þykir að ákveða fast árgjald úr ríkissjóði til áfengisvarnasjóðs heldur

en að miða tekjur hans við hagnað af vínsölu. Er hér lagt til, að ríkisframlagið til sjóðsins verði 5 millj. kr. á ári.

Í sambandi við þær tillögur og breytingar á frv., sem allsherjarnefnd flytur, vil ég taka fram, að ég tel rétt að gera strangari þau ákvæði í frv., sem stuðlað gætu að því að koma í veg fyrir áfengisneyzlu ungmenna. T. d. ætti að setja í lög bann við því, að ungmenni innan 18 ára dveljist á vínveitingastöðum að kvöldlagi. Mun þetta atriði verða tekið til nánari athugunar í nefndinni, áður en frv. verður afgreitt frá þingdeildinni.

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er verði 1. gr. frv., þannig:
   Í stað síðasta málsl. 9. gr. laganna komi:
   Óheimilt er að gefa afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði. Þó má selja sendiherrum og sendifulltrúum erlendra ríkja áfengi með lægra verði, og einnig er heimilt að veita Eimskipafélagi Íslands h/f, Skipaútgerð ríkisins og Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli afslátt á verði áfengis, enda sé það eingöngu selt farþegum í utanlandsferðum, en komi ekki til neyzlu innanlands.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, þannig:
   Á eftir 31. gr. laganna komi ný grein, er verði 32. gr., svo hljóðandi:
   Ríkissjóður greiðir árlega 5 millj. kr. í áfengisvarnasjóð, í fyrsta sinn árið 1964. Hlutverk áfengisvarnasjóðs er að styrkja áfengisvarnir, fræðslu um skaðsemi áfengis og bindindisstarf, einkum meðal ungs fólks. Sjóðurinn má styrkja önnur æskulýðssamtök en bindindisfélög, ef þau annast starfsemi, sem vinnur gegn áfengisnautn, og hindra fullkomlega alla áfengisneyzlu á samkomum sínum.
   Áfengisvarnaráð stjórnar áfengisvarnasjóði og ákveður, hvernig tekjum hans skuli varið. Reikningar sjóðsins skulu birtir opinberlega.

Alþingi, 17. febr. 1964.

Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal. I.

Alþingi, 23. jan. 1964.

Í tilefni af því, að stjórnarfrumvarp um breytingar til áfengislögunum er nú til athugunar hjá allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis, viljum við undirritaðir nefndarmenn allsherjarnefndar leyfa okkur að óska upplýsinga hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins um neðangreind atriði:

1. Hvaða íslenzkir aðilar, búsettir hér á landi, fá áfengi hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins með niðursettu verði?
2. Hvað keyptu þeir áfengi hjá verzluninni fyrir mikla fjárhæð samtals á árunum 1962 og 1963 með lága verðinu?
3. Hvað hefði þetta áfengi kostað með útsöluverði?

Upplýsingar þessar óskast sendar okkur við hentugleika.

Virðingarfyllst,

Skúli Guðmundsson. Björn Fr. Björnsson.

Til Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

ÁFENGIS- OG TÓBAKSVERZLUN RÍKISINS

Reykjavík, 12. febrúar 1964.

Sem svar við bréfi yðar, dags. 23. f. m., viljum vér upplýsa eftirfarandi:

1. Þeir íslenzkir aðilar búsettir hér á landi, er fá áfengi keypt hjá oss á kostnaðarverði, eru þessir:

   Forseti Íslands, handhafar forsetavalds, ríkisstjórn, ráðherrar, ráðuneytin, Alþingi, forseti sameinaðs Alþingis, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, forstjóri Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, Eimskipafélag Íslands, Ríkisskip, Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli.

   Þá hafa deildarforsetar Alþingis heimild til að kaupa áfengi á kostnaðarverði fyrir allt að kr. 2000.00 og varaforsetar Alþingis fyrir allt að kr. 1000.00 á hverju þingi.

   Tekið skal fram, að handhafar forsetavalds hafa aðeins rétt til slíkra áfengiskaupa þann tíma, sem forsetavaldið er í þeirra höndum.

   Áfengi það, er Eimskipafélag Íslands og Ríkisskip kaupa, er einungis selt í siglingum milli landa og kemur því ekki til neyzlu innanlands.

   Fríhöfnin selur aðeins farþegum flugvéla við brottför þeirra af landinu, og kemur því heldur ekki til neyzlu innanlands áfengi það, er hún selur.

2. Aðilar þessir keyptu á árunum 1962 og 1963 áfengi fyrir eftirtaldar upphæðir:

   1962: Kr. 3185853.00
   1963: Kr. 3257793.00

   Þar af námu kaup Fríhafnarinnar:
   1962: Kr. 2641357.00
   1963: Kr. 2558149.00

   Í heildartölunni eru innifalin m. a. öll áfengiskaup vegna veizluhalda á vegum ríkisstjórnarinnar og Alþingis.

3. Ógerlegt er um það að segja, hversu mikið áfengi þetta kostar á fullu verði, þar sem álagning á áfengi er mjög mishá eftir tegundum. Ágizkunartala er einskis virði, en ef fá ætti rétta tölu, þyrfti að fara í gegnum hverja afgreiðslunótu, og er það mjög mikið verk.

Í von um, að þessar upplýsingar svari fyrirspurnum yðar,

kveðjum vér virðingarfyllst,

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins

Jón Kjartansson.

Til hr. alþingismanna,
Skúla Guðmundssonar og Björns Fr. Björnssonar,
Alþingi.

Ed. 287. Frumvarp til laga [156. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og Þjóðleikhús, og lögum um breytingar á þeim.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 og lögum nr. 57 5. júní 1957 og lögum nr. 24 26. apríl 1963, um breytingu á þeim lögum, skal heimilt að innheimta með 200% álagi af kvikmyndasýningum og með 20% álagi af öðrum skemmtunum. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, sem skattskyldar kunna að vera, undanþegnar álaginu.

2. gr.

Setningin „árin 1957—1963, að báðum árum meðtöldum“ í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 57 frá 1957, samanber 1. gr. laga nr. 52 frá 1962, falli niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög sama efnis hafa gilt um árabil, og mæla sömu rök og fyrr með því, að þau verði látin gilda áfram, því að þörf þeirra, er fjárins eiga að njóta, þ. e. félagsheimila, Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar, er eigi minni en áður.

Nd. 288. Frumvarp til laga [157. mál]

um virkjun Svartár í Skagafirði.

Flm.: Gunnar Gíslason, Einar Ingimundarson, Björn Pálsson, Skúli Guðmundsson, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og bæjarstjórn Sauðárkróks heimilast að virkja Svartá í Skagafjarðarsýslu til vinnslu á raforku til almenningsþarfa, svo og að byggja háspennulínur og afspennistöðvar til þess að afhenda orkuna, eins og um getur í 5. gr.

2. gr.

Orkuver, háspennulínur og afspennistöðvar nefnast einu nafni Svartárvirkjun. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, sem ráðherra staðfestir. Heimili og varnarþing skal vera Sauðárkrókur.

3. gr.

Stjórn Svartárvirkjunar skipa 5 menn, 2 tilnefndir af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, 2 tilnefndir af bæjarstjórn Sauðárkróks, og tilnefna þessir 4 nefndarmenn oddamann, en hæstiréttur, ef ekki næst samkomulag þeirra á milli. Allir stjórnarmeðlimir skulu vera búsettir á orkuveitusvæðinu.

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist lán, sem tekin verða til virkjunarinnar, allt að 85% virkjunarkostnaðar, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

5. gr.

Svartárvirkjun selur rafveitu Sauðárkróks og öðrum rafveitum á orkuveitusvæðinu raforku í heildsölu.

Allur tekjuafgangur, sem verða kann af rekstri Svartárvirkjunar, rennur í varasjóð hennar. Varasjóðnum má eingöngu verja í þágu Svartárvirkjunar og til aukninga á mannvirkjum hennar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1961 fór rafveitunefnd Sauðárkrókskaupstaðar þess á leit við hr. Theodór Árnason verkfræðing í Reykjavík, að hann gerði athuganir um virkjun Svartár við Reykjafoss. Verk þetta vann verkfræðingurinn sumarið 1961 og skilaði frumáætlun sinni í marz 1962, sem hann og endurskoðaði síðar. Segja má, að þessi athugun um virkjun Svartár og þær niðurstöður, sem hún leiddi í ljós, hafi endurvakið áhuga manna í Skagafirði fyrir virkjun Svartár við Reykjafoss. Á aðalfundi sýslunefndar Skagafjarðarsýslu 1963 var samþykkt svofelld ályktun:

„Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu lýsir yfir eindregnum vilja sýslunefndarinnar að styðja að áframhaldandi rannsóknum varðandi virkjun Reykjafoss í félagi við Sauðárkróksbæ. Stefnt sé að því, að Skagafjarðarsýsla og Sauðárkróksbær reisi þar orkuver í sameiningu, sem ásamt þeirri vatnsaflsstöð, sem fyrir er, sjái héraðsbúum fyrir nægri raforku í næstu framtíð. Samhliða verði unnið að öðrum nauðsynlegum undirbúningi, svo að framkvæmdir geti hafizt strax og ástæður leyfa. Sýslunefndin ályktar enn fremur að kjósa 5 manna rafveitunefnd af sinni hálfu til að vinna að málinu með raforkunefnd Sauðárkróks."

Bæjarstjórn Sauðárkróks hafði áður gert ápekka samþykkt.

Í tilefni þessara samþykkta og samkvæmt óskum rafveitunefnda bæjar og sýslu er þetta frv. flutt, og flytjum við flm. það í samráði við hv. 3. þm. Norðurlandskjördæmis vestra, Ólaf Jóhannesson, og hv. 9. landsk., Jón Þorsteinsson, sem báðir eiga sæti í hv. Ed. og gátu því ekki verið meðflm. að frv.

Að beiðni flm. hafa hr. Steingrímur Jónsson forstjóri Sogsvirkjunarinnar og hr. Ásgeir Sæmundsson tæknifræðingur samið álitsgerð um virkjun Reykjafoss í Svartá, byggða á athugunum hr. Theodórs Árnasonar, og leyfa flm. sér að nota þessa álitsgerð sem greinargerð fyrir þessu frv. Eins og skýrsla þeirra Steingríms Jónssonar og Ásgeirs Sæmundssonar ber með sér, er hér um hagkvæma virkjun að ræða. Vera má, að hægt sé að sjá þessum landshluta fyrir ódýrari raforku frá væntanlegum stórvirkjunum, en um það liggur enn ekkert fyrir.

Fylgiskjal.

Um virkjun Reykjafoss í Svartá í Skagafirði, eftir Steingrím Jónsson og Ásgeir Sæmundsson.

Raforkuvinnsla á Norðurlandi vestanverðu, þ. e. í Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslum ásamt Sauðárkróki, hefur farið vaxandi á undanförnum árum 6 til 10% á ári, og verður að gera ráð fyrir, að svo verði einnig næstu árin. Út frá rekstri og fjárhagsafkomu undanfarinna ára eru hér áætlaðar tölur um aflþörf og orkuvinnslu næstu árin ásamt tekjum og gjöldum í töflum 1 og 2 hér á eftir.

Orkuvinnslan fyrir veitukerfin í þessum landshluta fer fram í tveim vatnsaflsstöðvum, Gönguskarðsárvirkjun og Laxárvatnsvirkjun, er hafa samanlagt 1600 kw vélaafl og munu vinna á þessu ári 8.00 millj. kwst. raforku. En auk þess hafa þessar vatnsaflsstöðvar sér til aðstoðar þrjár dísilstöðvar, eina í aflstöð Gönguskarðsárvirkjunar með 1200 kw afli, aðra á Skagaströnd með 250 kw afli og hina þriðju á Hofsósi með 200 kw afli, samtals 1650 kw. Munu þær þurfa að taka á sig 1630 kw mesta afl á þessu ári og vinna 1.34 millj. kwst. raforku. Er þá heildar-

aflþöfin í ár áætluð 3230 kw og orkuvinnslan 9.34 millj. kwst. (sbr. 1. töflu). Vatnsaflið er fullnotað og dísilaflið að heita má einnig. Dísilaflið er á þessu ári komið yfir helming aflþarfarinnar og hefur um 14% orkuvinnslunnar, en vatnsaflið 86%.

Er þá svo komið, að þegar á næsta ári verður að bæta við dísilafli við kerfið, og ef sú aflaukning á að duga til ársloka 1966, má hún eigi vera minni en 400 kw og til ársloka 1968 eigi minni en 800 kw umfram núverandi dísilafl.

Það mætti að vísu hugsa sér 1000 kw eimhverfil þann, sem er í síldarverksmiðjunni á Skagaströnd, tekinn til notkunar á toppálagstímum um vetrartímann, er þá kæmi í stað dísilaukninganna. Þetta hefur verið reynt, en einingarverð raforkunnar frá honum varð mjög hátt, yfir 2 kr. á kwst. á móts við 75 aura frá dísilstöðvum. Þótt ef til vill mætti haga rekstri eimhverfilsins betur en kostur var á við fyrri tilraun, er þó vafamál, hvor aukningaleiðin yrði betri.

Eftirfarandi tafla er gerð upp úr áður nefndri 1. töflu, fyrir árin 1964—1968.

3. tafla.

	Orkuvinnsla í millj. kwst.			Aflþörf kw			Hlutdeild vatnsafls %	
Ár	Vatn	Dísill	Samtals	Vatn	Dísill	Samtals	í orkuvinnslu	í aflþörf
1964	8	1.34	9.34	1600	1630	3230	86	49.5
1965	–	1.95	9.95	—	1840	3440	81	46.5
1966	–	2.60	10.60	—	2070	3670	76	43.5
1967	–	3.28	11.28	—	2300	3900	71	41.0
1968	–	4.02	12.02	—	2560	4160	67	38.3

Í öftustu dálkum töflunnar er sýnd hlutdeild vatnsaflsins í heildarþörfum orku og afls á veitusvæðinu. Má af þeim hundraðstölum einnig ráða hlutdeild dísilaflsins. Fer hún ört vaxandi, en hlutdeild vatnsaflsins að sama skapi minnkandi, eins og taflan greinir. Kostnaður við dísilreksturinn fer að segja til sín að verulegu leyti á þessum árum. Er því svo komið, að nauðsyn beri til að koma upp aukinni vatnsaflsvirkjun við kerfið, er geti komið sem fyrst eftir að aukning dísilaflsins hefur verið gerð á næsta ári eða aðrar bráðabirgðaráðstafanir til aflaukningar..

Ef ráðizt væri í virkjun Svartár sem fyrst, gæti hún komið í gagnið við árslok 1966, þannig að 1967 yrði fyrsta rekstrarár hennar og aukning dísilaflsins þyrfti eigi að verða meiri en áðurnefnd 400 kw.

Af kostnaðar- og rekstraráætlun virkjunar Svartár má sjá, að í hinni stærri tilhögun er stofnkostnaður áætlaður réttar 50 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður miðað við 7.0% ársvexti 4.65 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir, að virkjunin hafi 3600 kw afl og geti unnið 15.7 millj. kwst. árlega. Er þá meðalkostnaðarverðið á kwst. 29.6 aurar við fulla notkun eða meir en helmingi lægra en olíukostnaðurinn einn á hverja kwst. frá dísilstöð.

Ef virkjunin tæki til starfa á árinu 1967, mundi hún taka yfir á sig alla orkuvinnslu dísilstöðvanna og spara þannig olíukostnaðinn, en dísilstöðvarnar yrðu aðeins til vara við kerfið og mundu þá hafa sáralitla olíunotkun eða alls enga, a. m. k. sum árin.

Á árinu 1967, fyrsta rekstrarári virkjunarinnar, mundi hún taka á sig 3.28 millj. kwst. með mesta afli 2300 kw, ef hún starfaði aðeins til viðbótar við vatnsaflstöðvarnar, sem fyrir eru, eins og dísilstöðvarnar nú gera. Í raun og veru mundi samstarfi vatnsaflstöðvanna þriggja verða hagað öðruvísi, þannig að nýja virkjunin tæki að sér meiri orkuvinnslu þegar á 1. ári. Hér verður þó gert ráð fyrir hinu, að nýja virkjunin starfi aðeins til viðbótar eins og dísilstöðvarnar. Það er henni óhagstæðast.

Á árinu 1967 er olíukostnaður dísilstöðvanna áætlaður 2.46 millj. kr. og á árinu 1968 3.02 millj. kr. (sbr. 2. töflu).

Heildartekjur kerfisins alls frá raforkunotendum voru árið 1963 þessar:

Sauðárkrókur	2.15	millj. kr.
Skagafjarðarsýsla	1.63	— —
Húnavatnssýslur	4.22	— —
Samtals	8.00	millj. kr.

Eru tekjurnar áætlaðar út frá þessu með svipuðum vexti eins og sýnt er í 4. dálki 2. töflu talið aftan frá. Er þá vöxturinn á árinu 1967 600 000 kr. frá árinu áður og á árinu 1968 650 000 kr.

Sé reiknað með því, að nýju virkjuninni megi leggja það, sem sparast árlega í olíukostnaði dísilstöðvanna, ásamt aukningu heildartekna, þá fær hún í tekjur

árið 1967	3.06	millj. kr.,	66%
— 1968	3.67	— —	79%

samkvæmt framangreindum tölum. Er það 66% tekjuþarfarinnar á 1. ári og 79% á 2. ári. Rekstrarhallinn verður

árið 1967	1.59	millj. kr.
— 1968	0.98	— —
— 1969	0.35	— —

Á árinu 1969 er hallinn nærri horfinn og á 4 ári alveg. Meðalhalli þessara þriggja fyrstu ára er 970 000 kr. á ári í 3 ár.

Hér er ekki gert ráð fyrir neitt örari vexti í orkunotkun, enda þótt tilkoma virkjunarinnar skapi skilyrði fyrir mjög aukinni notkun.

Spurningin verður nú: hvernig er unnt að standa undir rekstrarhallanum fyrstu þrjú árin? Eru til þess ýmsar leiðir, og skal hér aðeins getið tveggja.

Hin fyrri er að hækka söluverð raforkunnar til notendanna og nota hækkunina til að standa straum af hallanum. Af tekjuáætluninni má sjá, að hallinn verður

1967	15.7%	af	tekjum
1968	9.1%	—	—
1969	3.2%	—	—
meðaltal þriggja ára er hallinn	9.3%	—	—

Það er auðséð, að eigi er rétt að miða hækkunina við hallann fyrsta árið, því að það er með svo miklu meiri halla hlutfallslega en næstu tvö árin, og væri því nær að miða við meðaltal þriggja fyrstu áranna sem hámark. Má þá segja, að þessi hækkun um 9.3% þurfi eigi að vaxa í augum, þannig að þessa leið má telja færa.

Síðari aðferðin er að nota rekstrarafgang veitnanna og greiða með honum hallann, eftir því sem til hrekkur. Í þriðja dálki að aftan í 2. töflu má sjá, að þessi rekstrarafgangur er

árið 1967	1.48	millj. kr.
— 1968	1.54	— —
— 1969	1.62	— —
Samtals fyrstu 3 árin	4.64	millj. kr.
Rekstrarhalli nýju virkj. fyrstu 3 árin	2.92	— —
Mismunur	1.72	millj. kr.
	eða um 37.2%.	

Það má ekki búast við því, að nota megi allan rekstrarafganginn í þessu skyni, því að nokkuð af afganginum fer ávallt í árlegar aukningar eða óhjákvæmilegar fjárfestingar. En ef gera mætti ráð fyrir, að 63% þessa rekstrarafgangs mætti nota til þess að standa undir hallanum þessi fyrstu árin, ætti hann að duga og þessi aðferð því einnig fær.

Er þetta betri útkoma fjárhagslega en á sér stað um flestar vatnsaflsvirkjanir, enda byrjar virkjunin með töluverðri aflnotkun þegar á fyrsta ári, eins og sýnt hefur verið.

Er því kominn góður fjárhagsgrundvöllur til þess, að virkja megi Svartá nú þegar, svo sem áætlað hefur verið.

Af 2. töflu má sjá, að heildarrekstrargjöld svara til 72 aura á kwst. unna í stöð til jafnaðar. Er þá kostnaður við dísilstöðvarnar með olíunotkun meðtalinn. Sé vatnsaflið í gömlu stöðvunum talið einsamalt, eru heildargjöld allra gömlu stöðvanna að frádreginni dísilolíu og sliti dísilvéla þessi:

ár 1967 ..... 5.76 millj. kr.
— 1968 ..... 5.79 — —

Í samstarfi gömlu vatnsaflstöðvanna og nýju virkjunarinnar verður kostnaðurinn þessi:

Ár 1967	gamla	8	millj.	kwst.,	kostn.	5.76	millj.	kr.	eða	72	aur/kwst.
	nýja	3.28	—	—	tekjur	3.06	—	—	—	93	—	—
	Samtals	11.28	millj.	kwst.		8.82	millj.	kr.	eða	76	aur/kwst.

Hér er halli nýju virkjunarinnar ekki meðtalinn.

Ár 1968	gamla	8	millj.	kwst.,	kostn.	5.79	millj.	kr.	eða	72	aur/kwst.
	nýja	4.02	—	—	tekjur	3.67	—	—	—	91	—	—
	Samtals	12.02	millj.	kwst.		9.46	millj.	kr.	eða	79	aur/kwst.

Hér er halli nýju virkjunarinnar heldur ekki meðtalinn.

Við fulla nýtingu allra vatnsaflstöðvanna verður:

gamla	8	millj.	kwst.,	kostnaður	7.00	millj.	kr.	88	aur/kwst.
nýja	15.7	—	—	—	4.65	—	—	29.6	—	—
Samt.	23.7	millj.	kwst.,	kostn.	11.65	millj.	kr.	49	aur/kwst.

Virkjun Svartár hefur því skilyrði til að þrefalda vatnsorkuna frá því, sem núverandi vatnsaflstöðvar hafa, og jafnframt skilyrði til að lækka einingarverð raforkunnar 35%, allt að óbreyttu verðlagi.

Hefur hún því skilyrði til að verða lyftistöng rafvæðingarinnar í þessum héruðum, svo sem bezt verður á kosið, um næsta áratug og vel það.

Tafla I.

Orkuveitur Norðurland vestanvert.

Orkuvinnsla og aflþörf.

	Vatn		Dísil		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
1960	5.69		1.21		6.90	
1961	6.72		0.82		7.54	
1962	7.69		0.49		8.18	
1963	7.87		0.97		8.84	
1964	8.00	1.60	1.34	1.63	9.34	3.23
1965			1.95	1.84	9.95	3.44
1966			2.60	2.07	10.60	3.67
1967			3.28	2.30	11.28	3.90
1968			4.02	2.56	12.02	4.16
1969			4.79	2.82	12.79	4.42
1970			5.62	3.12	13.62	4.72
1971			6.51	3.42	14.51	5.02

Tafla II.

Orkuveitur Norðurland vestanvert.

Sundurliðun á rekstrargjöldum, tekjuafgangur o. fl.

	Dreifikerfi			Orkuver					Dreifikerfi + Orkuver			olía +	
	rekst. viðh.	fjárm. kostn.	alls	rekst. viðh.	fjárm. kostn.	olía slit	alls	yfir-stjórn	gjöld alls	tekjur alls	tekju-afg.	tekju-afg.	olía + aukning
1960						1.03							
1961						0.70				6.25			
1962						0.35				7.27			
1963						0.75				8.00			
1964	1.37	1.60	2.97	1.45	1.25	1.07	3.77	0.45	7.19	8.40	1.21	2.28	1.47
1965	1.40	1.60	3.00	1.45	1.25	1.46	4.16	0.45	7.61	8.95	1.34	2.80	2.01
1966	1.43	1.60	3.03	1.45	1.25	1.95	4.65	0.45	8.13	9.55	1.42	3.37	2.55
1967	1.46	1.60	3.06	1.45	1.25	2.46	5.16	0.45	8.67	10.15	1.48	3.94	3.06
1968	1.49	1.60	3.09	1.45	1.25	3.02	5.72	0.45	9.26	10.80	1.54	4.56	3.67
1969	1.53	1.60	3.13	1.45	1.25	3.60	6.30	0.45	9.88	11.50	1.62	5.22	4.30
1970	1.57	1.60	3.17	1.45	1.25	4.21	6.91	0.45	10.53	12.25	1.72	5.93	4.96
1971	1.61	1.60	3.20	1.45	1.25	4.89	7.59	0.45	11.24	13.05	1.81	6.70	5.69

Sþ. 289. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um landfundi Íslendinga í Vesturheimi.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samvinnu við ríkisstjórnir Kanada og Bandaríkjanna um rannsóknir varðandi landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur áður verið flutt á Alþingi 1962 og 1963. Í fyrra fylgdi tillögunni svo hljóðandi greinargerð:

„Að undanförnu hefur allmikið verið rætt í erlendum blöðum um landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld í tilefni af rannsóknum einstakra áhugamanna á því sviði. Hér er um mál að ræða, sem eðlilegt er að Íslendingar láti sig miklu varða. Jafnframt virðist það eðlileg framkvæmd slíkra rannsókna, að leitað sé samstarfs við stjórnarvöld þeirra landa, sem hér eiga hlut að máli.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta þingi, en afgreiðslu hennar þá frestað vegna tilmæla menntamálaráðherra. Tilmæli hans voru byggð á því, að Íslendingar mundu taka þátt í væntanlegum leiðangri Helge Ingstads til Nýfundnalands, og væri rétt að bíða átekta, unz séð yrði, hver niðurstaða hans yrði. Sá leiðangur virðist hafa upplýst, að norrænir menn hafa dvalizt eitthvað á Nýfundnalandi fyrr á öldum, en eigi getur þó þar verið um Vínland að ræða, og verður að leita þess sunnar. Af þeim ástæðum er því tillaga þessi flutt að nýju, enda má segja, að það sé aukin hvatning til frekari rannsókna í þessum efnum, að fundizt hafa minjar um norræna búsetu á Nýfundnalandi.“

Til viðbótar því, sem er greint hér að framan, þykir rétt að geta þess, að mál þetta vekur nú vaxandi athygli vestanhafs í tilefni af rannsóknum Helge Ingstads. Nýlega hefur t. d. verið lögð fram á þingi Bandaríkjanna tillaga þess efnis, að það skuli viðurkennt, að Leifur heppni hafi fyrstur hvítra manna fundið Ameríku og skuli þess minnzt hátíðlega 9. október ár hvert. Tillaga þessi er flutt af allmörgum þingmönnum úr báðum flokkum þingsins. Það mun koma fram í tillögu þessari, að Leifur hafi verið Norðmaður.

Landfundirnir í Vesturheimi eru tvímælalaust sögulegasta og merkasta afrek íslenzkra siglingamanna. Það er skylda Íslendinga að sjá um, að þetta afrek verði viðurkennt og metið sem skyldi og eigi ranglega eignað öðrum. Þess vegna er tillaga þessi flutt.

Ed. 290. Frumvarp til laga [159. mál]

um samvinnubúskap.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason, Hermann Jónasson, Helgi Bergs, Jón Kjartansson.

I. KAFLI

Um samvinnubúskap.

1. gr.

Það er samvinnubúskapur samkvæmt lögum þessum, er tveir bændur eða fleiri saman reka í félagi samkvæmt samningi eitt bú, þar sem aðilar vinna saman við

búið, vélar og tæki vegna búrekstrarins eru sameign og jörð og útihús eru til sameiginlegra afnota vegna búskaparins.

Nú er stofnað til samvinnubúskapar samkvæmt lögum þessum, og skal þá gerður stofnsamningur milli aðila og sé honum þinglýst.

Nýbýlastjórn veitir aðstoð við að koma á fót samvinnubúskap, lætur í té þar til gerð eyðublöð undir stofnsamning, leiðbeinir við gerð samnings og hefur eftirlit með framkvæmdum.

II. KAFLI

Samvinnubúskapur á einstökum jörðum.

2. gr.

Tveir bændur eða fleiri, sem búa á sömu jörð, geta stofnað samvinnubú samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Bændum, sem stofna samvinnubú, er heimilt að sameina jarðir til að reka á þeim samvinnubúskap, þó ekki fleiri jarðir en stofnendur samvinnubúsins eru samkvæmt stofnsamningi, nema nýbýlastjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn samþykki.

III. KAFLI

Samvinnubúskapur í byggðahverfum.

4. gr.

Nú er stofnað byggðahverfi samkvæmt lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og er nýbýlastjórn þá heimilt að hlutast til um, að þar verði komið á fót samvinnubúskap samkvæmt lögum þessum. Skal þá miða við það ræktun og gerð húsa í byggðahverfinu.

IV. KAFLI

Samvinnubúskapur til að koma í veg fyrir eyðingu sveitarfélags.

5. gr.

Nú er yfirvofandi hætta á, að byggð eyðist í sveitarfélagi, að dómi nýbýlastjórnar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þar sem góð skilyrði eru til búskapar frá náttúrunnar hendi, og er Landnámi ríkisins þá heimilt, að fengnu samþykki eða eftir ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar, að stofna þar til samvinnubúskapar samkvæmt lögum þessum, ef talið er, að með því verði komið í veg fyrir eyðingu byggðarinnar.

6. gr.

Nú ákveður nýbýlastjórn framkvæmdir samkvæmt 5. gr., og skal þá að jafnaði miða þær við, að eigi færri en þrjú heimili séu í hverri samvinnubyggð. Landnám ríkisins aflar sér nægilegs lands, að dómi nýbýlastjórnar, til ræktunar og beitar, ræktar að fullu land, sem svarar til allt að 25 ha fyrir hvert heimili, reisir íbúðir og nauðsynleg útihús fyrir samvinnubúið.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir Landnámi ríkisins til stofnunar samvinnubúa samkvæmt þessum kafla laganna 10 millj. kr. árlega næstu tíu ár.

8. gr.

Samvinnubú, sem stofnað er samkvæmt þessum kafla laganna, greiðir Landnámi ríkisins leigu eftir land og mannvirki samvinnubúsins eftir sömu reglum og nýbýli í byggðahverfi, sbr. lög nr. 75 1962, VI. kafla.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

9. gr.

Nú vilja tveir eða fleiri aðilar koma á fót samvinnubúskap samkvæmt lögum þessum, og skulu þeir þá tilkynna það nýbýlastjórn, er veitir aðstoð og leiðbeiningar, sbr. 1. gr., enda sé nægileg landstærð og önnur skilyrði til rekstrar samvinnubús fyrir hendi að dómi nýbýlastjórnar.

10. gr.

Nýbýlastjórn skal miða við, að skilyrði til búrekstrar, þar sem samvinnubú er stofnað samkvæmt lögum þessum, séu eigi lakari en svo, að hluti hverrar fjölskyldu, er gerist aðili að samvinnubúi, geti a. m. k. samsvarað meðalbústærð (visitölubúi).

Hver aðili að samvinnubúi skal hafa séríbúð.

11. gr.

Í stofnsamningi samvinnubús, sbr. 1. gr., skal þetta tekið fram:

1. Hverjir séu stofnendur samvinnubúsins og með hvaða hætti menn geti orðið aðilar að samvinnubúinu.
2. Að samvinnubændur skuli allir hafa heimili á staðnum og vinna að samvinnubúinu.
3. Hver sé eignarhlutur hvers stofnanda í jörð, húsum, öðrum mannvirkjum, búvélum og bústofni.
4. Að bújörð, fóðurgeymslur, peningshús, jarðræktar- og heyvinnuvélar skuli vera til sameiginlegra afnota á samvinnubúinu.
5. Hvernig kjósa skuli stjórn og/eða prókúruhafa samvinnubúsins, hvernig það verði skuldbundið og hvernig félagslegar ákvarðanir skuli teknar.
6. Hvernig fara skuli með reikningshald, arðskiptingu og áhættu.
7. Hvaða reglum skuli fylgt, ef aðili að samvinnubúi fellur frá, flyzt burt eða selur eignarhluta sinn, enda skal þá leitazt við að koma í veg fyrir, að bændum fækki.
8. Hvaða reglur skuli gilda um ábyrgð aðila og um félagsslit, ef til kemur.

12. gr.

Viðtakandi eignarhluta í samvinnubúi tekur að sér að sínum hluta allar skuldbindingar samvinnubúsins.

13. gr.

Samvinnubú hefur sama rétt til lántöku í Stofnlánadeild landbúnaðarins og til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum og lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum eins oð aðilar að búinu hefðu haft, ef þeir hefðu búið hver út af fyrir sig á sérstakri bújörð.

Auk þess skal nýbýlastjórn heimilt, ef stofnun samvinnubús hefur í för með sér sérstakan kostnað á byrjunarstigi umfram venjulegan einkabússtofnkostnað, að veita stofnendum óafturkræft framlag eftir því, sem fé verður til þess veitt á fjárlögum. Enn fremur skal Stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að veita samvinnubúi stofnlán til þess að standa straum af slíkum kostnaði, ef nýbýlastjórn mælir með því. Sett skulu nánari ákvæði í reglugerð um þennan sérstuðning, bæði framlag og lán.

Um lán og framlög til samvinnubúa, sem stofnuð eru til að koma í veg fyrir eyðingu sveitarfélags, fer þó eftir ákvæðum IV. kafla.

14. gr.

Samvinnubúi er heimilt að taka lán til vélakaupa eða bústofnskaupa gegn veði í fasteignum eða öðrum eignum búsins. Samþykki nýbýlastjórnar þarf þó til þess, ef um er að ræða samvinnubú, sem stofnað hefur verið samkvæmt ákvæðum í III. eða IV. kafla þessara laga.

15. gr.

Teiknistofa landbúnaðarins, Búnaðarfélag Íslands og Búreikningaskrifstofa ríkisins skulu hver á sínu sviði veita aðstoð við framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaður hefur verið stundaður á Íslandi, frá því að það byggðist. Öldum saman var hann nær eini atvinnuvegur þjóðarinnar. Heimilin voru þá að jafnaði fjölmenn og hægt að koma við verkaskiptingu.

Á þessari öld hefur byggðin í landinu og atvinnuhættir gerbreytzt. Vélaaflið hefur verið tekið í þjónustu atvinnuveganna, nýjum atvinnugreinum komið á fót og fjármagn til atvinnurekstrar stóraukið.

Þessar miklu breytingar hafa haft það í för með sér, að á þessari öld hefur þróunin orðið þannig, að þeim, er stunda landbúnað, hefur stöðugt fækkað í hlutfalli við íbúafjölda landsins.

Um síðustu aldamót hafði meiri hluti þjóðarinnar framfæri af landbúnaði. Samkvæmt manntalsskýrslum Hagstofu Íslands voru þeir, er stunduðu landbúnað, árið 1910 51% af þjóðinni, árið 1920 42.9%, árið 1930 35.8%, árið 1940 30.6%, árið 1950 19.9%. Og talið er, að 1960 hafi ca. 15% af þjóðinni stundað landbúnað. Vitanlega er erfitt að draga glögga markalínu, þegar þjóðinni er skipt í atvinnustéttir, og þessar tölur munu ekki allar vera reiknaðar eftir nákvæmlega sömu reglum, en þær sýna samt þróunina. Þrátt fyrir þessa þróun hefur framleiðsla landbúnaðarins vaxið hröðum skrefum, svo að á síðustu 15 árum hefur mjólkurframleiðslan um það bil þrefaldazt og framleiðsla sauðfjárafurða nærri tvöfaldazt. Vélvæðing landbúnaðarins eykur þannig afköstin og framleiðslumagnið.

Talið er, að sveitabýlin séu 5500—6000. Hefur tala lögbýla haldizt svipuð um alllangt skeið, þótt bændunum hafi fækkað. Margar jarðir hafa að vísu lagzt í eyði, en sumar þó verið nytjaðar áfram sem lögbýli, og nýbýli hafa verið reist á ýmsum stöðum. Fólksfækkunin í sveitum hefur einkum orðið með þeim hætti, að hvert heimili er fámennara en áður var. Vinnufólk er horfið af sveitaheimilunum og flestir bændur einyrkjar.

Reynslan sannar, að einyrkjabúskapur hefur mikla annmarka. Starf einyrkjans er mjög bindandi. Hann þarf einn að leysa af hendi margvísleg verkefni, sem hann er misjafnlega vel fallinn til að vinna, og ef annað hjónanna á sveitaheimilinu forfallast um skemmri eða lengri tíma, þá getur það valdið miklum örðugleikum, þar sem einyrki á í hlut. Nauðsyn ber til þess, að leitað sé ráða til að skapa sveitabúskapnum sem mest öryggi.

Með samvinnuskipulagi hefur bændastéttin með aðstoð löggjafarvaldsins lyft Grettistökum á sviði viðskipta og afurðasölu.

Þegar hinar stórvirku jarðræktarvélar tóku að ryðja sér til rúms, reyndist það flestum einstaklingum í bændastétt ofviða sökum kostnaðar að kaupa þær og reka. Hins vegar eru slíkar vélar og viðeigandi tæki nauðsynleg við framkvæmdir í sveitum. Þennan vanda hefur bændastéttin leyst mjög greiðlega og ágreiningslítið á grundvelli löggjafar með stofnun ræktunarfélaga og samvinnu um kaup vélanna og rekstur þeirra.

Til eru sveitir hér á landi, þar sem það er algengt, að skyldfólk vinni saman að búskap. Slíkur samvinnubúskapur, þótt óformlegur sé víðast hvar, hefur víða gefið góða raun. Aukin samvinna í búskap ætti að geta valdið breytingum til bóta.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja tímabært, að með löggjöf verði lagður grundvöllur að stofnun samvinnubúa í sveitum, svo að þeir, er áhuga hafa á að stofna til búrekstrar í því formi og telja sér það henta, geti stuðzt við löggjöf.

Áhugi, framtak og félagshyggja einstaklinganna ræður úrslitum um það, hvort samvinnubúskapur nær útbreiðslu og blómgast. Reynslan ein fær úr því skorið, hver þróunin verður að þessu leyti. En augljóst er, að samvinnubúskapur hefur ýmsa kosti og mun gera sveitafólkinu kleift að losna við annmarka, sem einyrkjabúskap fylgja. Þar sem tveir bændur eða fleiri starfa saman að búrekstri, getur komizt á hagkvæm verkaskipting, framkvæmdir orðið hlutfallslega meiri en hjá einyrkjum, vélaaflið notazt betur og búin orðið hlutfallslega stærri. Það má þó telja enn mikilvægara, að með samstarfi í búskap skapast öryggi, þannig að búið verður ekki í bráðri hættu, þótt einn maður forfallist, þar sem samstarfsmenn hlaupa þá undir bagga. Með samvinnubúskap mun og gefast kostur á meira frjálsræði til að taka þátt í nútíma þjóðlífi en einyrkjabúskapur leyfir.

Flutningsmenn telja ráðlegt að heimila í lögum nýbýlastjórn í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn að stofna til samvinnubúskapar, ef talið er, að með því verði komið í veg fyrir yfirvofandi upplausn og eyðingu byggðar á stöðum, þar sem eru góð búskaparskilyrði af náttúrunnar hendi. Eru í frv. ákvæði, er að þessu lúta.

Í fyrsta kafla frv. er það skilgreint, að það sé samvinnubúskapur samkvæmt lögum þessum, ef tveir bændur eða fleiri saman reka í félagi samkvæmt samningi eitt bú, þar sem aðilar vinna saman við búið, vélar og tæki vegna búrekstrarins eru sameign og jörð og útihús eru til sameiginlegra afnota vegna búskaparins. Þá er og kveðið svo á, að gerður skuli stofnsamningur milli aðila, ef stofnað er til samvinnubúskapar, og sé samningnum þinglýst.

Í öðrum kafla frv. segir, að bændum, sem stofna samvinnubú, sé heimilt að sameina jarðir til að reka á þeim samvinnubúskap, þó ekki fleiri jarðir en stofnendur samvinnubúsins eru samkvæmt stofnsamningi, nema nýbýlastjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn samþykki.

Þriðji kafli frv. er um samvinnubúskap í byggðahverfum. Þar er svo mælt, að nýbýlastjórn sé heimilt að hlutast til um, að komið verði á fót samvinnubúskap í byggðahverfum, sem stofnuð eru af Landnámi ríkisins. Skal þá miða við það ræktun og byggingar í byggðahverfinu.

Fjórði kafli frv. er um samvinnubúskap til að koma í veg fyrir eyðingu sveitarfélags. Þar er kveðið svo á, að Landnámi ríkisins sé heimilt, ef yfirvofandi hætta er á, að byggð eyðist í sveitarfélagi, þar sem góð skilyrði eru til búskapar frá náttúrunnar hendi, að stofna þar til samvinnubúskapar, ef talið er, að með því verði komið í veg fyrir eyðingu byggðarinnar. Landnám ríkisins aflar sér þá nægilegs lands að dómi nýbýlastjórnar til ræktunar og beitar, ræktar að fullu land, sem svarar til allt að 25 ha fyrir hvert heimili, reisir íbúðir og nauðsynleg útihús fyrir samvinnubúið. Ríkissjóður skal greiða Landnámi ríkisins til þessara framkvæmda 10 millj. kr. árlega næstu tíu ár.

Fimmti kafli frv. eru almenn ákvæði. Þar er svo fyrir mælt, að nýbýlastjórn skuli veita aðstoð og leiðbeiningar við framkvæmd laganna og hvaða meginatriði um réttindi og skyldur aðila skuli taka fram í stofnsamningi. Enn fremur er þar kveðið á um það, að samvinnubú skuli hafa sama rétt til lántöku í Stofnlánadeild landbúnaðarins og til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum og lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum eins og aðilar að búinu hefðu haft, ef þeir hefðu búið hver út af fyrir sig á sérstakri bújörð. Auk þess skal nýbýlastjórn heimilt, ef stofnun samvinnubús hefur í för með sér sérstakan kostnað á byrjunarstigi umfram venjulegan stofnkostnað einkabús, að

veita stofnendum óafturkræft framlag eftir því, sem fé verður til þess veitt á fjárlögum. Enn fremur skal Stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að veita samvinnubúi stofnlán til þess að standa straum af slíkum kostnaði, ef nýbýlastjórn mælir með því. Loks eru ákvæði um, að samvinnubúi sé heimilt að taka lán til vélakaupa eða bústofnskaupa gegn veði í fasteignum eða öðrum eignum búsins.

Samkvæmt frv. skal Teiknistofa landbúnaðarins, Búnaðarfélag Íslands og Búreikningaskrifstofa ríkisins — hver stofnun á sínu sviði — veita aðstoð við framkvæmd laganna.

Nd. 291. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Niður falli orðin „og hefur hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn".
b. Í stað orðanna „Heimilt er þó" komi: Heimilt er.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp hefur verið flutt á þremur undanförnum þingum, en ekki náð afgreiðslu.

Tilgangur frumvarpsins er að fella niður einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn. Einkaréttur þessi var veittur fyrir 28 árum og þá miðaður við allt aðrar aðstæður en þær, sem nú eru. Að dómi margra þeirra, sem bezt þekkja til, er hann nú orðinn þröskuldur í vegi þess, að nægilega sé unnið að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga hingað. Ferðaskrifstofa ríkisins getur líka eftir sem áður unnið að þessari starfsemi, þótt fleiri aðilar geri það einnig. Auk þess hefur hún mörgum öðrum mikilvægum verkefnum að sinna. Hér er því ekki verið að takmarka neitt verkahring hennar, heldur aðeins stuðlað að því, að fleiri aðilar geti látið til sín taka og unnið að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga hingað.

Allar þjóðir keppa nú að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga, enda eru þau víðast vaxandi tekjulind. Íslendingar mega ekki láta hlut sinn liggja eftir í þessum efnum. Eins og nú er komið, mun það tryggja beztan árangur á þessu sviði að veita öllum þeim, sem hafa áhuga og getu, tækifæri til þess að vinna sem frjálslegast að þessum málum, en hefta ekki framtak þeirra með úreltum hömlum.

Nd. **292. Frumvarp til laga** [161. mál]

um ferðaskrifstofur.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Heimilt er að reka ferðaskrifstofur að fengnu leyfi ráðherra.

2. gr.

Ákveða skal í reglugerð þau skilyrði, sem þeir, er fá leyfi til að reka ferðaskrifstofur, verða að fullnægja. Það skal varða leyfismissi, ef settum skilyrðum er ekki fylgt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frv. var flutt á seinasta þingi, en náði ekki afgreiðslu. Því fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp um að fella niður einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn. Samgöngumálanefnd Nd. sendi það frv. til umsagnar ýmissa aðila, og bárust yfirleitt svör, þar sem mælt var með frumvarpinu. Jafnframt var bent á, að nauðsynlegt væri að setja reglur um, að ekki fái aðrir leyfi til að reka ferðaskrifstofur en þeir, sem leysa það starf sómasamlega af hendi. Sú ábending er vissulega rétt, og því er þetta frumvarp flutt.

Hér fara á eftir nokkur af áðurnefndum svörum, er samgöngumálanefnd Nd. bárust í fyrra í tilefni af frumvarpinu um að afnema sérréttindi Ferðaskrifstofu ríkisins.“

Fylgiskjal I.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS H.F.

Reykjavík, 17. marz 1962.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttekið bréf hæstvirtrar samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis, dagsett 15. marz 1962, þar sem beiðzt er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33 1. febrúar 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Það er álit vort, að gefa beri fleiri aðilum kost á því að veita viðtöku erlendum ferðamönnum en Ferðaskrifstofu ríkisins, og erum vér að því leyti samþykkir flutningsmanni frumvarpsins. Hins vegar lítum vér svo á, að gjalda beri varhug við að setja engar reglur fyrir því, hverjir slík réttindi hljóti. Augljóst má vera, að það er höfuðatriði, að þeir einir hafi réttindi til að annast viðtöku og fyrirgreiðslu erlendra ferðamanna, sem það geta leyst af hendi á hinn fullkomnasta hátt. Skoðun vor er sú, að setja verði strangar reglur um það, hverjir réttindi geti fengið til að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn, svo að tryggt sé, að tilgangi frumvarpsins verði náð.

Ef hið háa Alþingi telur rétt að gera breytingu á lögunum um Ferðaskrifstofu

ríkisins, viljum vér að lokum láta í ljós þá skoðun, að heillavænlegt mundi vera að hafa hliðsjón af skipulagi ferðamála í nágrannalöndum vorum og ekki hvað sízt á Írlandi.

Virðingarfyllst,

Flugfélag Íslands h.f.

Birgir Þórhallsson.

Fylgiskjal II.

LOFTLEIÐIR

Reykjavík, 17. marz 1962.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 15. þ. m., þar sem beiðzt er umsagnar Loftleiða um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 frá 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Vér minnum á umsögn, er send var samgöngumálanefnd 14. febr. 1961, þar sem einnig var leitað umsagnar um breytingar á lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins. Vér erum enn sömu skoðunar og þá, að fella beri niður einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka á Íslandi ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn, en samtímis er nauðsynlegt að tryggja með fjárframlögum, að Ferðaskrifstofu ríkisins verði gert kleift að halda uppi öflugri landkynningarstarfsemi, og reisa þarf við því skorður, að útlendingar verði ginntir hingað af loddurum, sem veita þeim ekki þá fyrirgreiðslu, sem seld hefur verið eða heitið, en fyrir því er nauðsynlegt, að þeir einir fái leyfi til að reka ferðaskrifstofur, sem ástæða er til að ætla að geri það sómasamlega. Afnám einkaleyfis Ferðaskrifstofu ríkisins er rétt spor í áttina, en ekki nema eitt af mörgum, er stíga þarf til þess að koma íslenzkum ferðamálum í sæmilegt horf.

Virðingarfyllst,

LOFTLEIÐIR H/F.

Sigurður Magnússon.

Fylgiskjal III.

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 28. marz 1962.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttekið bréf háttvirtrar samgöngumálanefndar, dags. 15. þ. m., þar sem óskað er umsagnar vorrar um frv. til l. um breytingu á l. nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, en í frv. þessu (þskj. 23) er lagt til, að felldur verði niður einkaréttur Ferðaskrifstofunnar til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.

Vér erum sammála flutningsmanni þessa frv., að aðstæður allar eru gjörólíkar nú og þegar Ferðaskrifstofa ríkisins var stofnuð fyrir 26 árum, og virðist oss því rétt, að þessi einkaréttur Ferðaskrifstofunnar til þess að veita erlendum ferðamönnum fyrirgreiðslu sé felldur niður, enda mun ekki fyrir það að synja, að ýmsir einkaaðilar hafa óátalið stofnað til rekstrar ferðaskrifstofa hér á landi á undanförnum árum og ekki alltaf einskorðað sig við fyrirgreiðslu innlendra ferðamanna,

þannig að einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins hefur hin síðari árin verið meira í orði en á borði.

Hins vegar viljum vér benda á, að verði einkaréttur Ferðaskrifstofunnar felldur niður, er ástæða til þess, að fylgzt verði með því af hálfu hins opinbera, að ekki geti hver og einn, sem kynni að láta sér detta í hug að koma á fót ferðaskrifstofu fyrir erlenda og innlenda menn, án þess að hafa nokkur skilyrði til þess að geta annazt fyrirgreiðslu ferðamanna sómasamlega, stofnsett slíka skrifstofu.

Viljum vér í því sambandi benda á, að í frv. til l. um landkynningu og ferðamál, sem flutt hefur verið a. m. k. á tveim þingum af Gunnar Thoroddsen og fleirum sjá þskj. 449 á Alþingi 1954—55), en hefur ekki náð fram að ganga, var lagt til, að stofnað yrði Ferðamálaráð Íslands, sem hefði umsjón og eftirlit með öllu, er lýtur að ferðamálum, þ. á m. að þeir, sem gera vilja móttöku ferðamanna að atvinnu sinni, séu starfi sínu vaxnir um menntun og framkomu (sbr. 3. gr. 4. lið frv.).

Með tilliti til framanritaðs viljum vér láta í ljós það álit vort, að vér teljum rétt, að einkaréttur Ferðaskrifstofunnar verði felldur niður, svo sem lagt er til í frv., en að jafnframt sé komið á eftirliti af hálfu hins opinbera með ferðaskrifstofurekstri einkaaðila, a. m. k. þangað til fullkomnari skipan verði komið á ferðamál í landinu, svo sem lagt var til í frv. Gunnars Thoroddsens o. fl. frá 1954—55.

Virðingarfyllst,

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS.

G. Vilhjálmsson.

Ed. 293. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. febr. 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Helgi Bergs.
Karl Kristjánsson.

Ed. 294. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um afnám l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og laga nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 18. febr. 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Helgi Bergs.
Karl Kristjánsson.

Sþ. 295. Fyrirspurnir. [162. mál]

I. Til raforkumálaráðherra varðandi Norðurlandsborinn.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. Hvaða verkefni eru Norðurlandsbornum ætluð að lokinni borun í Vestmannaeyjum?
2. Hvað er áætlað, að borunin í Vestmannaeyjum taki langan tíma?
3. Hvaða áætlanir liggja fyrir um jarðhitaleit á Norðurlandi nú og í næstu framtíð?

II. Til menntamálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um undirbúning löggjafar um óháða alþýðuskóla.

Frá Daníel Ágústínussyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 2. des. 1955 um undirbúning löggjafar um óháða alþýðuskóla?

Ed. 296. Breytingartillaga [109. mál]

við frv. til laga um hækkun á bótum almannatrygginga.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Frá 1. janúar 1964 skulu bætur, samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, greiddar með 32.25% álagi í stað þeirrar 15% hækkunar, sem ákveðin var með lögum nr. 72 1963, um hækkun á bótum almannatrygginganna. Frá sama tíma skulu fjölskyldubætur hækka um 15%.

Ed. 297. Lög [109. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginga.

(Afgreidd frá Ed. 18. febr.)

Samhljóða þskj. 195.

Nd. 298. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til laga um afnám laga nr. 27/1954, um verðlagsskrár.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. febr. 1964.

Davíð Ólafsson, form. Unnar Stefánsson, fundaskr., frsm. Matthías Á. Mathiesen.
Einar Ágústsson. Skúli Guðmundsson.

Sþ. **299. Tillaga til þingsályktunar** [163. mál]

um, að gerð verði áætlun um stofnkostnað og rekstur fóðuriðnaðarverksmiðju á Norðausturlandi.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jónas G. Rafnar, Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Bjartmar Guðmundsson, Magnús Jónsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fá nú þegar sérfróða menn til þess að gera áætlun um kostnað við að koma upp og reka á hentugum stað á Norðausturlandi heymjöls- og/eða heykögglaverksmiðju, sem miðuð sé við það, að hún geti einnig hagnýtt sjófang til vinnslu og fóðurblöndunar.

Jafnframt hafi verksmiðjan það verkefni, ef samrýmanlegt þykir, að vinna vörur til manneldis úr gróðurhúsagrænmeti eða öðrum skjótræktanlegum manneldisjurtum.

Greinargerð.

Eitt af hinu nauðsynlegasta í okkar misærasama landi er að tryggja það, að jafnan séu til nægar innlendar fóðurbirgðir handa búpeningi, hvernig sem viðrar.

Víst hefur í þá átt miðað á seinni árum, en betur má, ef duga skal.

Heymjölsverksmiðja hefur verið reist á Hvolsvelli.

Heymjölsverksmiðja er einnig á Kjalarnesi.

Heykögglaverksmiðja var stofnsett s. l. haust að Gunnarsholti.

Allar eru þessar verksmiðjur í einum og sama landsfjórðungi.

Á Norðausturlandi er vetrarríki mest, og þar getur, samkv. fyrri tíma reynslu, þá hættu borið að höndum, að hafís teppi siglingar og loki höfnum langtímum saman að vetrinum og fram á vor.

Þar vantar óumdeilanlega umrædda starfsemi til öryggis.

Auðvelt ætti að vera að fá þar góð skilyrði til hráefnisöflunar handa grænfóðurverksmiðju, og skal í því sambandi bent á Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu. Þó að verksmiðjan verði staðsett á Norðausturlandi, gæti hún starfað fyrir stærra svæði.

Þeir, sem þingsályktunartillögu þessa flytja, telja nauðsynlegt að taka þessi mál nú þegar til athugunar vegna þess landshluta, sem að jafnaði býr við þyngsta og langstæðasta vetrarríki. Flutningsmenn líta svo á, að vert sé að hafa jafnframt í huga við staðsetningu verksmiðjunnar aðstöðu til hagnýtingar á sjávaraflaúrgangi til fóðurblöndunar, svo og jarðhita til stuðnings rekstrinum.

Hafa ætti einnig í huga, hvort ekki komi til greina að framleiða til útflutnings skepnufóður úr hinum efnaríku íslenzku hráefnum.

Vert er enn fremur að athuga, hvort ekki geti verið hagfellt að ætla verksmiðjunni öðrum þræði að vinna matvæli úr manneldisjurtum.

Rétt er, að hér komi fram, að bæjarráð Húsavíkur og sveitarstjórn Reykjahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu héldu sameiginlegan fund 11. okt. s. l. og samþykktu þar einum rómi ályktun þá, sem prentuð er sem fylgiskjal I á þingskjali þessu.

Undir ályktun bæjarráðsins og sveitarstjórnarinnar tók sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu á aukafundi sínum 29. s. m. með samþykkt, er einnig er prentuð hér á eftir sem fylgiskjal II.

Fylgiskjal I.

„Bæjarráð Húsavíkur og hreppsnefnd Reykjahrepps beina því til alþingismanna úr Norðurlandskjördæmi eystra að hlutast til um, að athugaðir séu möguleikar til þess að koma upp fóðuriðnaði í sambandi við nýtingu jarðhitans í Reykjahverfi.

Bæjarráð og hreppsnefndin leyfa sér að benda á, að í Reykjahverfi og á Hvammsheiði eru óvenjulega góð skilyrði til stórfelldrar og samfelldrar ræktunar í nábýli við mikinn ónotaðan jarðhita.

Telja bæjarráðið og hreppsnefndin, að þar séu mjög ákjósanleg skilyrði frá náttúrunnar hendi fyrir grasmjölsframleiðslu og annan fóðuriðnað, og jafnframt fyrir fóðurbirgðabúr, er þjóni heilum landshlutum.

Því beinir bæjarráð og hreppsnefndin því sérstakleg til alþingismanna, að könnuð séu til hlítar skilyrði fyrir fóðurbirgðastöð Norðurlands staðsettri í Reykjahverfi."

Fylgiskjal II.

„Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu tekur undir ályktun bæjarráðs Húsavíkur og hreppsnefndar Reykjahrepps frá 11. okt. s. l. varðandi athugun á aðstöðu til grasræktar ásamt heykögglaframleiðslu og grasmjölsvinnslu á jarðhitasvæðinu í Reykjahverfi. Skorar sýslunefndin á þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra að beita sér einhuga fyrir málinu og treystir því, að Landnám ríkisins leggi því lið."

Sþ. 300. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um þyrilvængjur í þjónustu landhelgisgæzlunnar, samgöngubóta og sjúkraflugs á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að festa kaup á tveimur þyrilvængjum til aðstoðar við landhelgisgæzluna. Skal önnur þyrlan að jafnaði staðsetta á Vestfjörðum og annast þar farþegaflug, póstflutning og sjúkraflug, að svo miklu leyti sem samrýmzt getur starfi hennar fyrir landhelgisgæzluna, er jafnan skal sitja í fyrirrúmi. Hin þyrlan skal vera staðsett á Austfjörðum og annast sömu þjónustu á Austurlandi, auk höfuðhlutverks síns í þarfir landhelgisgæzlunnar.

Greinargerð.

Fyrri flutningsmaður þessarar tillögu hefur þrisvar borið fram tillögu svipaðs efnis á Alþingi. Að þessu sinni hefur háttv. 1. þm. Vestfirðinga gerzt meðflutningsmaður að tillögunni. Nú er, eins og á seinasta þingi, lagt til, að ríkisstjórnin festi kaup á tveimur þyrilvængjum til aðstoðar við landhelgisgæzluna.

Þegar varðskipið Óðinn var byggt, var frá öndverðu gert ráð fyrir því, að þyrilvængja gæti haft lendingarstað á þilfari skipsins. Þetta sýnir, að mönnum var þá þegar ljóst, að þyrilvængjur gætu verið ómetanleg og enda sjálfsögð hjálpartæki til tryggingar góðri gæzlu landhelginnar. Enn sjálfsagðari er slík notkun þyrilvængja nú sökum þeirra miklu umbóta, sem orðið hafa á seinustu árum á slíkum vélum. Fyrir tveimur árum voru gerðar tilraunir með þyrilvængju á þilfari

varðskipsins Óðins, og er talið, að sú tilraun hafi tekizt ágætlega vel. Það er því bert, að enn hafa sérfróðir menn það í huga að taka þyrilvængjur í þjónustu landhelgisgæzlunnar, en samt verður ekki af framkvæmdum.

Þessi tilraun var gerð með þyrilvængju, sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli lánaði góðfúslega til þessarar tilraunar.

Oftar en einu sinni hefur það komið fyrir, að leita hefur orðið til varnarliðsins í alvarlegum sjúkdóms- og slysatilfellum um lán á þyrilvængju til að sækja fárveika sjúklinga á staði, þar sem venjulegum flugvélum varð eigi við komið. Er þessa skemmst að minnast, og er talið, að aðrar leiðir hafi eigi verið færar til að koma hinum sjúka manni nógu fljótt í sjúkrahús undir hendur færustu lækna.

Það getur naumast talizt vansalaust, að Íslendingar skuli ekki eiga a. m. k. eina þyrilvængju og þannig vera sjálfum sér nógir í slíkum neyðartilfellum.

Hér er lagt til, að tvær þyrilvængjur verði keyptar og sé aðalhlutverk þeirra gæzla landhelginnar í samstarfi við varðskipin. Vitað er, að slíkar vélar hljóta að verða staðsettar í landi, og virðist þá eðlilegt, að það sé í þeim landshlutum, þar sem samgöngur eru erfiðastar og vélarnar gætu því haft brýnustu verkefni að gegna um farþegaflug, póstflutninga og sjúkraflug milli einangraðra staða, svo og til hafna í þessum landshlutum eða aðalflugvalla, eins og Ísafjarðarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar.

Fyrir nokkrum árum nutu allmargir staðir á Vestfjörðum reglubundinna flugsamgangna. Nú hefur áætlunarflug lagzt niður til Patreksfjarðar, Bíldudals, Þingeyrar, Flateyrar og Hólmavíkur. Sem stendur heldur Flugfélag Íslands aðeins uppi áætlunarflugi við einn stað á Vestfjörðum, nefnilega Ísafjörð. Á liðnu ári tók framtakssamur einkaflugmaður upp farþegaflug á smáflugvélum til nokkurra staða á Vestfjörðum, og er það til mikilla bóta frá því, sem var. En alger óvissa ríkir um, hvort því flugi verður haldið upp lengur eða skemur. Óvissa nokkur ríkir því í flugsamgöngum til Vestfjarða. En þar við bætist, að fjöldamörg byggðarlög á Vestfjörðum eiga þess enga von sökum landþrengsla, að flugvellir verði nokkurn tíma byggðir í nágrenni þeirra. Þeirra þörf fyrir flugsamgöngur verður því aldrei leyst með öðru móti en með þyrilvængju.

Það, sem hér hefur verið sagt um Vestfirði, á í flestum tilfellum einnig við um Austfirði.

Nú kynni einhverjum að þykja það óþarflega stórt í sniðum að kaupa tvær þyrilvængjur — ein mætti duga til að gera slíka tilraun. Og verður því ekki neitað, að víst væri það til bóta og spor í rétta átt. Eftir það værum vér Íslendingar þó ekki á slíku bónbjargastigi á þessu sviði gagnvart setuliðinu sem vér höfum verið á til þessa.

Annars er slík reynsla þegar fengin utanlands og innan af þyrilvængjum, að tilrauna er ekki lengur þörf með þessi farartæki. Þeirra miklu yfirburðir eru í því fólgnir að **þurfa enga flugvelli.** Og þeir yfirburðir eru nær ómetanlegir í okkar strjálbýla fjallalandi. — Verð 11 manna þyrlu er ámóta og meðlafiskibáts. Takmörkun þeirra er hins vegar minni flughraði en annarra flugvéla. Þó verða þyrlurnar nú óðfluga miklu hraðfleygari en verið hefur til þessa. Til dæmis keypti danska landhelgisgæzlan nýlega tvær þotu-þyrlur (jet-helicopter), og eru þær sagðar miklu hraðfleygari en venjulegar þyrlur.

Hraðinn skiptir þó ekki mestu máli fyrir okkur. Hitt er aðalatriðið, að þyrlur koma að gagn við ýmisleg skilyrði, þar sem engum öðrum flugvélum verður við komið. Þess vegna geta Íslendingar raunar ekki án þess verið að eiga þyrilvængjur. Og þó að ein væri stórum betri en engin, þá er sannleikurinn sá, að helzt þyrfti að kaupa þrjár þyrilvængjur samtímis: eina staðsetta á Vestfjörðum, aðra á Austfjörðum og hina þriðju staðsetta hér suðvestanlands. Með því væri stórt skref stigið í öryggismálum vorum, landhelgisgæzlan efld og þær umbætur orðnar í samgöngumálum dreifbýlisins, sem geta ekki orðið að veruleika með neinum öðrum hætti.

Ed. 301. Frumvarp til laga [165. mál]

um ferðamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—1964.)

I. KAFLI
Almennar ferðaskrifstofur.

1. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

a. Upplýsingar, í einhverri mynd, um innlend eða erlend ferðamál.
b. Hvers konar farmiðasölu, með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
c. Útvegun herbergja eða húsnæðis til gistingar, langan eða skamman tíma.
d. Skipulagning hópferða, innanlands eða erlendis, og móttöku erlendra ferðamanna.

Samgöngumálaráðuneytið sker úr, ef ágreiningur verður um, hvort starfsemi telst falla undir a—d-lið hér að framan, svo og um það, hvort hún teljist ferðaskrifstofa í skilningi laga þessara.

2. gr.

Óheimilt er að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa, eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgöngumálaráðuneytisins.

3. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir.

4. gr.

Skilyrði til að geta öðlazt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu eru:

a. 25 ára aldur.
b. Verzlunarskólapróf, eða hliðstæð menntun eða meiri, að dómi ráðuneytisins.
c. A. m. k. 5 ára starf við þau fyrirtæki, sem um getur í 1. gr.
d. Búseta á Íslandi.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórn þess innlend og aðsetur hér á landi, og skal þá sá maður, sem hefur með höndum daglega stjórn ferðaskrifstofu, uppfylla skilyrði a—d-liða þessarar gr.

Nú telur ráðuneytið, að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum, á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

5. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji tryggingu, eigi lægri en 350 000.00 kr. Ráðuneytið getur vikið frá kröfu um tryggingarfé, sé um að ræða skráð hlutafélag, með a. m. k. 200 000.00 kr. innborguðu hlutafé.

Ráðuneytið setur nánari reglur um, á hvern hátt trygging skv. 1. mgr. skal sett, um ávöxtun, viðhald og varðveizlu tryggingarfjár, svo og um endurgreiðslu og brottfall tryggingar, ef starfsemi hættir.

6. gr.

Ekki má greiða af tryggingarfé samkv. 5. gr. aðrar kröfur en þær, sem aðfarahæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjáreiganda.

7. gr.

Ferðaskrifstofur samkvæmt lögum þessum skulu færa bókhald samkvæmt bókhaldslögum. Skal skylt að veita ráðuneytinu upplýsingar um rekstrarafkomu, ef ráðuneytið æskir.

8. gr.

Ákvæði þessa kafla ná hvorki til Ferðaskrifstofu ríkisins né til viðurkenndra ferðafélaga, eða eigenda samgöngutækja, að því er tekur til sölu á farseðlum í eigin ferðir eða með eigin samgöngutækjum, né heldur hópferða, sem slíkir aðilar þannig skipuleggja, enda þótt næturgisting fylgi.

9. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
b. Ef trygging sú, sem sett er samkv. 5. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki reglum þeim, sem ráðuneytið setur.
c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Sé félag leyfishafi, fellur leyfið niður, ef forstöðumaður missir einhvers framangreindra skilyrða, eða andast, enda sé ekki sótt til ráðuneytisins um viðurkenningu á nýjum forstöðumanni innan 6 mánaða.

10. gr.

Nú andast leyfishafi og er þá ekkju hans, ef hún situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu ábyrgðarskilyrðum.

II. KAFLI
Um ferðamálaráð.

11. gr.

Samgöngumálaráðherra skipar 9 menn í ferðamálaráð til þriggja ára í senn.

Formaður ráðsins er skipaður án tilnefningar, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Eimskipafélag Íslands.
2. Félag sérleyfishafa.
3. Ferðafélag Íslands.
4. Flugfélag Íslands hf.
5. Loftleiðir hf.
6. Ferðaskrifstofa ríkisins.
7. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda.
8. Samtök íslenzkra ferðaskrifstofa.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ferðamálaráð er ólaunað.

12. gr.

Hlutverk ferðamálaráðs skal vera það, sem hér segir:

1. Að vera Alþingi og ríkisstjórn ráðgefandi um allt það, er að ferðamálum í landinu lýtur. Skal ráðið bera fram tillögur um þær framkvæmdir og umbætur, sem það telur nauðsynlegar hverju sinni.
2. Að gera áætlanir og tillögur um skipan gistihúsmála í landinu, svo sem um

það, hvar einkum sé nauðsynlegt að gistihúsakostur verði aukinn eða bættur, hver tegund gistihúsa skuli verða á hverjum stað og með hvaða hætti þeim verði komið upp.
3. Til þess að örva heilbrigða samkeppni, er ráðinu heimilt að veita viðurkenningarskjal gisti- og veitingastöðum, svo og öðrum aðilum, sem annast móttöku ferðamanna og reka starfsemi sína þannig, að til fyrirmyndar má teljast. Ferðamálaráð getur svipt aðila slíkri viðurkenningu, ef ráðið telur, að eigi sé lengur ástæða til hennar, um stundarsakir eða þangað til bætt hefur verið úr því, sem ábótavant hefur reynzt í starfseminni.
4. Að inna af hendi annað það, sem ráðinu er sérstaklega falið með lögum þessum eða á annan hátt.

III. KAFLI
Um Ferðaskrifstofu ríkisins.

13. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins er ríkisstofnun, sem hefur með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna sem almenn ferðaskrifstofa. Skal árlega veitt til hennar fast framlag á fjárlögum til landkynningar, eigi lægra en hálf milljón kr. árlega, sem skal óháð rekstursafkomu skrifstofunnar í heild.

14. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal annast landkynningu, vinna að því að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu. Skal Ferðaskrifstofa ríkisins hafa samvinnu við utanríkisráðuneytið og ferðamálaráð um þessi mál.

15. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um, jafnframt því sem hún annast og sér um, að ferðamönnum, innlendum sem erlendum, er þess óska, sé veittur hvers konar fararbeini.

16. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skipuleggur ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og gerir sér far um að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafyrirtækja, fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé. Skal Ferðaskrifstofan leita samvinnu við stéttarfélög launþega, til þess að orlofslöggjöfin geti komið að sem beztum notum. Sama gildir um hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

17. gr.

Ferðaskrifstofan skal vera ráðgefandi og leiðbeinandi um það, hvað betur megi fara í búnaði og rekstri gisti- og greiðasölustaða. Finni Ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera viðkomandi aðilum og ferðamálaráði viðvart um það, eða ef ástæða þykir til, gisti- og veitingahúsaeftirliti eða öðrum þeim aðilum, sem slíkt eftirlit er falið að lögum.

18. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins lítur eftir aðbúð og hreinlæti farartækja, sem ætluð eru til flutnings ferðamanna.

19. gr.

Skylt er þeim, er reka gisti- og veitingahús, að láta Ferðaskrifstofu ríkisins í té gjaldskrár, ef óskað er, svo og eigendum fólksflutningabifreiða og annarra samgöngutækja. Nú virðist Ferðaskrifstofu ríkisins akstur með ferðamenn skiptast ójafnt milli fólksflutningastöðva, og hefur hún þá rétt til að setja reglur um skiptingu akstursins milli þeirra, enda komi samþykki ráðherra til.

20. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skipuleggur námskeið fyrir túlka og leiðsögumenn og veitir þeim starfsréttindi að loknu tilskildu prófi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Enn fremur skal Ferðaskrifstofan beita sér fyrir því, að efnt sé til námskeiða fyrir framreiðslufólk á veitingastöðum og aðra, sem veita ferðamönnum þjónustu aðeins á ákveðnum árstímum.

21. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal vinna að hagnýtingu skólahúsnæðis til gistihalds í skólum ríkisins og annast rekstur í þeim, ef þess gerist þörf, enda komi leyfi ráðherra til.

22. gr.

Ferðaskrifstofan skal vinna að því í samvinnu við ferðamálaráð að stofna ferðamálafélög í bæjum og byggðarlögum, sem ferðamenn sækja til, og leitast við að koma á upplýsinga- og fyrirgreiðslustarfsemi á hinum ýmsu stöðum, sem ferðamenn dvelja á. Enn fremur aðstoði hún ferðamálafélög við útgáfu upplýsingarita um viðkomandi byggðarlög.

23. gr.

Ferðaskrifstofan skal vinna að útgáfu leiðarlýsinga fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Enn fremur skal Ferðaskrifstofan stuðla að útgáfu upplýsingabæklinga um starfandi hótel í landinu, stærð þeirra, verðlag og annað, er máli skiptir.

24. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal beita sér fyrir því að vernda eftirsótta ferðamannastaði og sjá um, að reglu- og viðvörunarmerki verði sett upp, þar sem þess gerist þörf.

25. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal stuðla að gerð góðra minjagripa með því að efna til sýninga og veita verðlaun fyrir gerð slíkra muna. Ferðaskrifstofan hefur heimild til að reka minjagripasölu, enda sé ágóða af þeim rekstri varið til eflingar starfsemi skrifstofunnar.

IV. KAFLI
Um ferðamálasjóð

26. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist ferðamálasjóður. Hlutverk hans er að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu og bæta þannig skilyrði til að veita innlendu og erlendu ferðafólki sem beztar móttökur og aðbúð.

27. gr.

Greiða skal árlega úr ríkissjóði framlag til ferðamálasjóðs, eigi lægra en eina milljón króna.

Ferðamálasjóði er heimilt, með samþykki ráðherra, að taka lán, allt að 20 millj. króna, og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

Ferðamálaráð beitir sér fyrir því að fá ýmsa aðila, sem hagsmuni hafa af auknum ferðamannastraumi, til þess að greiða árlega frjáls framlög til sjóðsins, eða efla hann á annan hátt.

Ferðamálaráð skal leita annarra fjáröflunarleiða og vera ráðgefandi um slík mál gagnvart ráðherra.

28. gr.

Samgöngumálaráðherra hefur yfirumsjón með vörzlu ferðamálasjóðs og skal fela bankastofnun umsjón sjóðsins, vörzlu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

29. gr.

Umsóknir um lán úr ferðamálasjóði skulu sendar ferðamálaráði, sem gerir rökstuddar tillögur til samgöngumálaráðherra um lánveitingar.

Ráðherra ræður útlánum af fé sjóðsins.

30. gr.

Lán úr ferðamálasjóði veitast eigendum gisti- og veitingahúsa eða opinberum aðilum, til að bæta aðstöðu til móttöku ferðafólks, svo sem til bygginga, endurbóta á húsnæði eða kaupa á húsgögnum og öðru slíku.

Óheimilt er að veita rekstrarlán úr ferðamálasjóði.

31. gr.

Við afgreiðslu lánanna skal þess gætt, að lánveiting styðji ekki að óheilbrigðri eða óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi er fyrir.

32. gr.

Beiðnir um lán úr ferðamálasjóði skulu vera skriflegar, og fylgi þeim:

a. Ýtarleg umsögn um það, hvernig verja eigi lánsupphæðinni.
b. Efnahagsreikningur lánbeiðanda og enn fremur rekstrarreikningur síðasta árs, ef um eldra fyrirtæki er að ræða.
c. Aðrar upplýsingar, sem lánbeiðandi telur máli skipta eða sjóðsstjórn kann að óska eftir.

33. gr.

Upphæð láns ákveðst eftir því, til hvers það á að notast. Ekkert lán má þó vera hærra en sem nemur einum fimmta hluta þess fjármagns, sem sjóðurinn getur haft til umráða til útlána á árinu, þegar lántökuheimild hans er meðtalin.

34. gr.

Lánstími er allt að 15 árum. Lánin má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin, enda greiðist þau eftir það með jöfnum afborgunum. Ráðherra ákveður vaxtafót lánanna.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt, að dómi ráðherra.

35. gr.

Reikningar ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

36. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn ferðamálaráðs, að greiddur skuli aðgangseyrir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem eru eign ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku innlendra og erlendra ferðamanna, sem þangað koma.

37. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara heldur uppi starfsemi, sem telst ferðaskrifstofa samkvæmt skilgreiningu laga þessara, skal innan eins árs sækja til ráðuneytisins um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, ella fellur réttur til reksturs hennar niður.

38. gr.

Ráðuneytið getur vikið frá ákvæðum laga þessara, að því er varðar ferðaskrifstofur, sem starfandi eru við gildistöku laganna, að undanskildum ákvæðum 5. gr. Sama gildir um stjórnendur slíkra ferðaskrifstofa.

39. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 20 000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um Ferðaskrifstofu ríkisins, nr. 33 1. febrúar 1936, ásamt breytingu á þeim lögum, nr. 20 12. marz 1947.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 29. júní 1962 skipaði samgöngumálaráðherra, Ingólfur Jónsson, nefnd þriggja manna til þess að gera tillögur um framtíðarskipan ferðamála á Íslandi og starfsemi ferðaskrifstofa, og semja frumvarp til laga um það efni. Í nefndina voru skipaðir: Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Sigurður Bjarnason, alþingismaður, og Þorleifur Þórðarson, forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins. Nefndin aflaði sér ýmissa gagna varðandi skipan ferðamála í ýmsum Evrópulöndum og hafði til hliðsjónar í starfi sínu.

Samdi nefndin frumvarp til laga um ferðamál, sem flutt var á síðasta þingi, en það fékk ekki fullnaðarafgreiðslu.

Á s. l. sumri leitaði nefndin umsagnar ýmissa aðila um frumvarpið. Svör bárust frá Félagi íslenzkra ferðaskrifstofa og annað bréf undirritað af því félagi svo og af flugfélögunum báðum, Eimskipafélagi Íslands h.f. og Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda og enn fremur barst ítarleg umsögn Flugfélags Íslands h.f. sér í lagi. Eru umsagnir þessara aðila prentaðar sem fylgiskjöl með frumvarpi þessu.

Eins og sjá má af fylgiskjölum þessum, eru umsagnir nefndra aðila yfirleitt jákvæðar, og eigi eru gerðar tillögur um grundvallarbreytingar um annað en varðar stöðu Ferðaskrifstofu ríkisins, þ. e. að hún hafi einungis með höndum landkynningu en eigi almennan ferðaskrifstofurekstur.

Að vel athuguðu máli hefur nefndin ekki séð ástæðu til þess að breyta frumvarpinu í þessa átt. Má á það benda í þessu sambandi, að ríkisjárnbrautirnar í Danmörku, Svíþjóð og í Noregi, hafa allar með höndum rekstur almennra ferðaskrif-

stofa í samkeppni við einstaklinga, og eru a .m. k. hinar dönsku og sænsku ferðaskrifstofur ríkisjárnbrautanna mjög umsvifamiklar. Hins vegar starfa í þessum löndum sérstakar ríkisreknar landkynningarstofnanir, sem eigi hafa með höndum ferðaskrifstofuviðskipti. Virðist um að ræða stigmun einan saman en eigi eðlismun, að almennur ferðaskrifstofurekstur verði hér á landi í beinum tengslum við þá ríkisstofnun, sem ríkið felur að annast landkynninguna, þar sem sambærileg ríkisrekin samgöngufyrirtæki eru hér eigi til staðar. Þykir því eigi að svo stöddu ástæða til þess að binda starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins við landkynninguna eina, heldur heimila henni áfram að starfa sem almenn ferðaskrifstofa með jafnri aðstöðu við aðrar ferðaskrifstofur.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er svo til samhljóða eldra frumvarpi um sama efni, er áður getur. Þó hefur ákvæði 5. gr., um setningu tryggingarfjár, verið breytt þannig, að í stað kr. 200 þús. komi kr. 350 þús. Er talið að minni megi tryggingin ekki vera, ef hún á að ná tilgangi sínum, og vísast nánar um það efni til skýringa við einstakar greinar frumvarpsins. Þá hefur verið felld niður 1. mgr. 17. gr., þ. e. ákvæði um að Ferðaskrifstofa ríkisins fylgist með hvers konar starfsemi í landinu varðandi móttöku ferðamanna, að því er snertir verðlag, gæði, þjónustu og viðurgerning, enda hefur slíkt eftirlit verið falið gisti- og veitingastaðaeftirliti ríkisins skv. lögum nr. 53/1963.

Hér fara á eftir athugasemdir þær og skýringar við einstakar greinar, er fylgdu frumvarpi því um þetta efni, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi, óbreyttar að öðru en því, sem leiðir af breytingum þeim, sem gerðar hafa verið á frv. og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan:

Fyrsti kafli frumvarps þessa, sem hér liggur fyrir, er efnislega svipaður norskum lögum um þetta efni frá 1950 með breytingu frá 1956.

Rekstur ferðaskrifstofa er að því leyti frábrugðinn flestri annarri atvinnustarfsemi, að viðskiptamaðurinn greiðir þar oft fyrirfram þá þjónustu, sem ferðaskrifstofan veitir. Af því leiðir, að viðskiptavinurinn á það þá undir heiðarleika ferðaskrifstofunnar fyrst og fremst, hvort hann fær þá þjónustu fyrir greiðslu sína, sem til er ætlazt og um var samið. Þegar við þetta bætist, að ferðaskrifstofur fá í langflestum eða öllum tilfellum gjaldfrest hjá skipafélögum, flugfélögum, hótelum og greiðasölustöðum, liggur í augum uppi, að starfsemi ferðaskrifstofa krefst ekki mikils rekstursfjár. Nokkur freisting er því fyrir hendi fyrir einstaklinga til þess að hefja rekstur ferðaskrifstofa í skjóli þessa, án þess að ráða yfir nægilegu fjármagni til þess að mæta óvæntum áföllum.

Í flestum löndum Evrópu hefur því verið talið nauðsynlegt að setja lög til þess að vinna gegn þessu og vernda hagsmuni ferðamanna. Slík lög voru sett í Austurríki þegar árið 1935, í Grikklandi, Þýzkalandi og Ítalíu árið 1937, í Frakklandi og á Spáni 1942 og í Noregi 1948.

Í samskiptum landa gegna ferðaskrifstofur nú orðið miklu og vaxandi hlutverki. Fyrir því ber brýna nauðsyn til, að rekstur þeirra fyrirtækja, sem fást við að veita ferðamönnum þjónustu, sé með sem allra heilbrigðustum og skipulegustum hætti. Árið 1952 var innan OEEC skipuð nefnd til þess að semja fyrirmynd að lögum um ferðaskrifstofur og stuðla á þann hátt að því að löggjöf hinna ýmsu landa um þetta efni væri samræmd svo sem verða mætti.

Fyrsti kafli frumvarpsins fjallar um almennar ferðaskrifstofur. Efni hans er fyrst og fremst skilgreint í hugtakinu „ferðaskrifstofa“, um heimild til þess að reka ferðaskrifstofu og skilyrði þess að sú heimild sé veitt. Er kafli þessi algert nýmæli, þar á meðal það ákvæði, að setja þurfi tryggingu fyrir leyfi til reksturs ferðaskrifstofu. Þetta ákvæði er sameiginlegt öllum þeim fyrirmyndum að lögum um ferðamál í öðrum löndum, sem nefndin hefur haft til hliðsjónar.

Annar kafli frv. fjallar um ferðamálaráð, hlutverk þess og hvernig það skuli skipað, en fjórði kaflinn fjallar um ferðamálasjóð, hlutverk hans og stjórn.

Um efni þessara kafla hafa áður verið flutt frumvörp á Alþingi, þ. e. frv. til

laga um ferðamál og landkynningu, sem flutt voru af alþingismönnunum Gunnari Thoroddsen, Magnúsi Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni og Jóhanni Hafstein á árunum 1954—1955, en náðu eigi fram að ganga. Samkvæmt þeim frumvörpum skyldi ferðamálaráð taka við stjórn og rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins, en í þessu frv. er gert ráð fyrir að hún starfi áfram á sama hátt og nú.

Í fjórða kafla frv. er að finna ákvæði um ferðamálasjóð. Hér er einnig um nýmæli að ræða, en hugmyndina er hins vegar að finna í frv. frá 1954—1955, sem áður getur, þótt hlutverk sjóðsins sé verulega breytt frá því, sem þar var ráð fyrir gert. Samkvæmt meðfylgjandi frv. skal ferðamálasjóður hafa það eitt hlutverk að veita stofnlán gegn ákveðnum skilyrðum til byggingar gisti- og veitingahúsa í landinu. Til hans skal árlega veita eigi lægri upphæð en eina milljón króna á fjárlögum, en heimilt er honum að taka lán með ríkisábyrgð, að fengnu samþykki ráðherra, til þess að endurlána vegna stofnkostnaðar gisti- og veitingahúsa. Í fjárlögum þessa árs, 13. gr. F, XI, er veitt ein milljón króna í þessu skyni.

Í þriðja kafla frv. er skilgreint, hvert vera skuli hlutverk Ferðaskrifstofu ríkisins. Um hana hafa gilt lög nr. 33, 1. febrúar 1936, en þeim var breytt í nokkrum atriðum með lögum nr. 20, 12. marz 1947. Samkvæmt lögunum frá 1936 hafði Ferðaskrifstofan ein rétt til þess að hafa með höndum móttöku erlendra ferðamanna, en heimilt var þó ráðherra að leyfa erlendum ferðaskrifstofum, sem áður höfðu starfað hér á landi, að hafa umboðsmenn hér á landi.

Meginrökin fyrir einkarétti til handa Ferðaskrifstofunni voru þau, að ella væri hætta á óeðlilegri samkeppni um viðskipti við erlenda ferðamenn, sem meðal annars gæti komið fram í því, að þeim yrði veitt lakari þjónusta en efni stæðu til, að tiltölulega fáir menn hefðu reynslu af þeim störfum, sem unnin eru á almennum ferðaskrifstofum, og að ferðamannastraumur erlendra manna til landsins væri enn eigi svo mikill, að til skipta væri fyrir margar ferðaskrifstofur. Að því er varðar tvennt hið síðartalda, hefur mikil breyting orðið á síðustu árum. Upp hafa risið ferðaskrifstofur, sem skipulagt hafa fjölmargar ferðir til útlanda, og starfsmenn þeirra öðlazt nokkra reynslu. Ferðamannastraumurinn vex hröðum skrefum og gistimöguleikar hafa aukizt verulega, bæði með byggingu nýrra hótela og með því að gerð hafa verið veruleg átök til nýtingar skólahúsnæðis. Að öllu þessu athuguðu er talið tímabært að einkaréttur Ferðaskrifstofunnar verði afnuminn, en jafnframt gerðar strangar kröfur til hæfni forstöðumanna almennra ferðaskrifstofa og þess freistað að tryggja hagsmuni hinna fjölmörgu viðskiptamanna slíkra ferðaskrifstofa, með skyldu til setningar tryggingarfjár. Eru allir þeir aðilar, sem lagt hafa hönd á plóg um samningu frumvarps þessa, sammála því meginefni þessa frumvarps, sem hér um ræðir. Mun það og mála sannast, að Ferðaskrifstofa ríkisins hafi eigi haldið fast á þessum einkarétti sínum hin síðari ár.

Af niðurfellingu einkaréttar Ferðaskrifstofu ríkisins samkvæmt framansögðu leiðir það, að veruleg útfærsla verður á starfsemi annarra þeirra ferðaskrifstofa, sem hér hafa risið upp á s. l. árum.

Til nýmæla í þessum kafla frv. má einnig telja, að gert er ráð fyrir föstu framlagi á fjárlögum til landkynninga, óháðu rekstursafkomu Ferðaskrifstofunnar í heild. Þar er einnig það nýmæli upp tekið, að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli vinna að hagnýtingu skólahúsnæðis í ríkisskólum til gistihalds og annast rekstur í þeim, að fengnu samþykki ráðherra. Enn fremur er það nýmæli í hlutverki ferðaskrifstofunnar, að hún vinni að því í samvinnu við ferðamálaráð, að stofnuð verði ferðamálafélög í þeim bæjum og byggðarlögum, sem ferðamenn sækja öðrum fremur, svo og stuðla að útgáfu leiðarlýsinga fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Að öðru leyti er svo ráð fyrir gert, að Ferðaskrifstofa ríkisins starfi á sama hátt og hún hefur gert samkvæmt lögum nr. 33, 1. febrúar 1936, með öllum réttindum og skyldum almennra ferðaskrifstofa öðrum en leyfi til reksturs og setningar tryggingarfjár.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI
Almennar ferðaskrifstofur.

Um 1. gr.

Hér er hugtakið ferðaskrifstofa skilgreint á sama hátt og í þeirri fyrirmynd OEEC að löggjöf um ferðaskrifstofur, er áður getur, að því viðbættu, sem segir í síðustu málsgrein varðandi úrskurð í vafatilfellum. Þess má geta, að t. d. Norðmenn fylgja þessari fyrirmynd allnákvæmlega. Ætti þar með að vera allvel fyrir því séð, að einkaaðilar, sem hyggjast gera fyrirgreiðslu fyrir ferðamenn að atvinnu sinni, þyrftu ekki að vera í vafa um í hverju starfsemin ætti að vera fólgin til þess að hún fengist viðurkennd sem ferðaskrifstofurekstur.

Sú þjónusta, sem um ræðir í liðum a—d, verður að vera innt af hendi í atvinnuskyni til þess að teljast veitt af ferðaskrifstofu. Orðin „að einhverju eða öllu leyti“ lúta að því, að starfsemin geti talizt vera innt af hendi af ferðaskrifstofu, þótt hún nái aðeins til hluta af því, sem talið er í greininni.

Um 2. gr.

Rétt þykir að hafa ákvæði í lögunum til þess að koma í veg fyrir að notað sé í auglýsingum eða á annan hátt orðið ferðaskrifstofa, nema leyfi samgöngumálaráðuneytisins komi til, og er þetta gert til þess að almenningur geti treyst því, að þjónusta af þessu tagi, sem boðin er fram, sé innt af hendi af ábyrgum aðila.

Um 3. og 4. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er fyrst og fremst bundið við persónu. Kemur hér til að sú tegund þjónustu, sem veitt er á ferðaskrifstofum, verður eigi innt af hendi svo vel sé, nema forstöðumaður, sem væntanlega er þá leyfishafi, hafi til að bera staðgóða þekkingu á ferðamálum, enda er svo til ætlazt að hann hafi með höndum daglega stjórn. Í c-lið er svo fyrir mælt, að leyfishafi verði að hafa alllanga starfsreynslu. Í fyrirmynd OEEC er þó kveðið allmiklu fastar að orði, en þar er til þess ætlazt, að viðkomandi hafi hlotið alhliða þjálfun og reynslu í öllum þeim störfum, sem fyrir koma í rekstri ferðaskrifstofa.

Þrátt fyrir þetta þykir þó sjálfsagt að halda opnum þeim möguleika, að veita félagi eða fyrirtæki heimild til reksturs ferðaskrifstofu (sbr. 3. málsgr. 4. gr.), enda sé dagleg stjórn í höndum manns, sem uppfyllir skilyrði 4. greinar.

Um 5. gr.

Það ákvæði, sem hér um ræðir, er sett af tveimur ástæðum fyrst og fremst. Hin fyrri er sú, að eðlilegt þykir að veita viðskiptamönnum ferðaskrifstofa fjárhagslega tryggingu, þ. e. þeim, sem greiða fyrirfram fyrir veitta þjónustu fyrir hennar milligöngu. Hin ástæðan er sú, að grípa þurfi til tryggingarfjárins til þess að mæta réttmætum kröfum erlendra aðila, sem skipta við íslenzkar ferðaskrifstofur. Sennilega yrði í framkvæmd algengast að sett yrði bankatrygging.

Gert er ráð fyrir því, að ráðuneytið geti vikið frá kröfu um tryggingarfé, og þá því aðeins, að um sé að ræða skráð hlutafélög með innborguðu hlutafé minnst kr. 350 000, en það er hámark þess tryggingarfjár, sem krafizt verður. Athygli skal vakin á því, að hér er aðeins um heimild til þess að ræða. Þykir ástæða til þess að benda á nauðsyn þess að beita þessari undanþáguheimild varlega, þar eð

hlutafé fyrirtækis yrði eigi ævinlega hvorki innlendum né erlendum viðskiptavinum ferðaskrifstofu sú vernd, sem tryggingarfénu er ætlað að vera, vegna þess að aðrar rétthærri kröfur gengju fyrir. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að nánari ákvæði varðandi setningu tryggingar, ávöxtun og varðveizlu tryggingarfjár, svo og um endurgreiðslu og brottfall tryggingar, ef starfsemi hættir, yrðu sett með reglugerð.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru til tryggingar því, að eigi sé til greiðslu krafna af tryggingarfé gripið, nema í þeim tilvikum einum að á réttmæti þeirra leiki enginn minnsti vafi, og þá því aðeins, að kröfurnar séu sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjáreiganda.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Hér er ákveðið að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli undanþegin því að setja tryggingarfé eða öðlast leyfi til ferðaskrifstofureksturs, svo og ferðafélög eða eigendur samgöngutækja, er stofna til skipulagðra hópferða. Slíkir aðilar, að undanskilinni Ferðaskrifstofu ríkisins, eru ekki ferðaskrifstofur í skilningi laganna, en Ferðaskrifstofan er ríkisfyrirtæki, og er það að sjálfsögðu nóg trygging öllum þeim, er við hana skipta. Vert er að vekja athygli á nauðsyn þess, að í reglugerð verði kveðið nánar á um, hvað teljist sala á farseðlum í eigin ferðir eða með eigin samgöngutækjum, þar sem ella kynnu að gefast í undanþáguákvæðum þessarar greinar möguleikar til þess fyrir eigendur samgöngutækja að stofna til meira eða minna víðtæks ferðaskrifstofureksturs og sniðganga með því almennar ferðaskrifstofur.

Um 9. gr.

Hér eru taldar ástæður þess, að leyfi falli niður. Frumskilyrði þess að leyfi sé veitt, er að umsækjandi uppfylli þau persónulegu skilyrði, að hafa forráð bús síns og að hann sé búsettur í landinu (4. gr.) og að hann setji tryggingu fyrir rekstrinum (5. gr.). Það er því eðlilegt, að skilyrði þess, að leyfi viðhaldist, séu þau, að eigi verði grundvallarbreyting á högum leyfishafa að þessu leyti. Þetta þýðir, að leyfi hlýtur að falla niður, ef leyfishafi hættir að vera fjárráða eða er sviptur lögræði, flyzt af landinu eða að trygging skv. 5. gr. fellur niður eða hættir að fullnægja settum reglum.

Um 10. gr.

Almenn þekking á ferðamálum og starfsreynsla á þeim vettvangi er eitt af skilyrðunum fyrir því að leyfi sé veitt til reksturs ferðaskrifstofu. Af því leiðir að almenna reglan hlýtur að vera sú, að leyfi til rekstursins falli niður við andlát leyfishafa.

Í 10. gr. er svo ráð fyrir gert, að ekkju leyfishafa, er situr í óskiptu búi, sé heimilt að halda rekstrinum áfram, og er henni það heimilt í eitt ár. Vilji hún halda rekstrinum lengur áfram, þarf hún að sækja um rekstursleyfi og er þá gert að skilyrði að sá, er veita skal fyrirtækinu forstöðu, uppfylli skilyrði til leyfisveitingar, en auk þess sé að sjálfsögðu fullnægt almennum skilyrðum um tryggingarfé. Eins árs fresturinn er hugsaður til þess að veita ekkjunni eða dánarbúinu frest til búskipta, til sölu á fyrirtækinu eða þess háttar aðgerða sem afleiðinga af fráfalli leyfishafa. Almennt er ekki talin þörf á að hafa frest til þessa lengri en eitt ár.

II. KAFLI
Um ferðamálaráð.

Um 11. gr.

Í sumum ferðamannalöndum eru ferðamál í höndum sérstakra ráðuneyta. Má nefna Ítalíu og Spán til dæmis þar um. Sýnir það ljósar en flest annað, hvílíka þýðingu þessi lönd telja ferðamál hafa fyrir þjóðarbúskapinn. Í öðrum löndum Evrópu mun skipunin hins vegar vera sú, að ráð eða stofnun, hálfopinber eða í sambandi við þá aðila, sem hafa mestan áhuga og hagsmuni í þessum málum, hafi með höndum yfirstjórn þeirra.

Í frv. er lagt til að þessi leið verði farin hér á landi. Er lagt til að bæði flugfélögin, Eimskipafélag Íslands, Félag sérleyfishafa, Ferðaskrifstofa ríkisins, Ferðafélags Íslands, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda og samtök íslenzkra ferðaskrifstofa, sem opin séu öllum viðurkenndum ferðaskrifstofum og hlotið hafa staðfestingu ráðherra, tilnefni fulltrúa og varamenn þeirra til ólaunaðra starfa í stofnun, er nefnist ferðamálaráð. Mun vart vera um aðra að ræða, sem sambærilega hagsmuni hafa af ferðamálum í landinu. Er þess að vænta, að þannig skipuð stofnun hafi öll skilyrði til þess að geta gegnt því hlutverki, sem ferðamálaráði er ætlað skv. 12. gr., og að þar verði lifandi og vakandi áhugi fyrir starfinu.

Um 12. gr.

Aðalhlutverk ferðamálaráðs er að vera Alþingi og ríkisstjórn ráðgefandi um allt, sem lýtur að ferðamálum. Skal ráðið í þessu skyni bera fram tillögur til umbóta og framkvæmda, eftir því sem tilefni gefst og aðstæður krefjast hverju sinni. Hér er m. a. haft í huga, að því er lýtur að framkvæmdum og umbótum, að ferðamálaráð sé ráðgefandi um samgöngumál, hvort heldur er á landi, sjó eða í lofti, að því leyti sem þau snerta ferðalög til eða frá landinu og innan þess. Er hér t. d. haft í huga, að ferðamálaráð geri tillögur um lagningu vega til þeirra staða, sem mjög eru sóttir af ferðamönnum, um leiðarvísa og þess háttar á slíkum vegum með sérstöku tilliti til útlendinga, um útgáfu vegakorts og leiðarlýsinga o. s. frv.

Annað aðalhlutverk ferðamálaráðs er að gera áætlanir og tillögur um skipan gistihúsamála í landinu. Þar í felst eigi einungis að leggja á ráð um nýbyggingar gistihúsa, heldur og að gera tillögur um hvar helzt sé nauðsynlegt að auka húsakost eða bæta, hver tegund gistihúsa skuli vera á hverjum stað og með hvaða hætti þeim skuli komið upp.

Mjög hefur þótt á það skorta, að gistihúsakostur á Íslandi væri fullnægjandi. Er talið, að það hafi öðru fremur dregið úr ferðamannastraumi til landsins. Í öðru lagi veldur hið bágborna ástand í gistihúsamálum því, að ekki er sæmandi að hvetja útlendinga til þess að koma hingað, þar sem vitað er hversu erfitt er að veita þeim þjónustu í þessu efni. Má segja að orðið sé mjög tímabært að sinna gistihúsamálum af fullri alvöru. Ísland er þegar orðið allvel þekkt sem ferðamannaland og ferðamannastraumur til landsins mun fara vaxandi á næstu árum. Er hér mikið verkefni fyrir höndum og full nauðsyn á því, að virkja kunnáttu og reynslu þeirra aðila, sem ætlazt er til að eigi sæti í ferðamálaráði, til þess að leita, — í samráði við einstaklinga og það opinbera, — varanlegrar lausnar á þessu mikilvæga málefni.

Til þess er og ætlazt, að ferðamálaráð hafi heimild til þess að veita viðurkenningu gisti- og veitingahúsum og öðrum þeim aðilum, sem annast móttöku og fyrirgreiðslu fyrir ferðamenn svo að til fyrirmyndar sé. Er þessu ætlað að örva til heilbrigðrar samkeppni milli gisti- og veitingastaða um að veita erlendum og innlendum ferðamönnum sem bezta þjónustu, en það myndi aftur koma fram í aukinni aðsókn og þar með vaxandi ferðamannastraumi.

III. KAFLI
Um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Um 13. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins fékk með lögum nr. 33, 1. febrúar 1936, rétt til þess að hafa með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu fyrir innlenda og erlenda ferðamenn, og hafði hún ein rétt til þess að annast slíka fyrirgreiðslu, þegar um var að ræða erlenda menn, nema í vissum undantekningartilfellum, sem um var rætt í inngangi. Samkvæmt þessari grein er staða Ferðaskrifstofunnar óbreytt frá því, sem áður var, að öðru leyti en því, að einkaréttur til þess að hafa fyrirgreiðslu fyrir erlenda ferðamenn fellur niður. Það er nýmæli í þessari grein, að árlega skuli veitt fé til hennar í fjárlögum, er sérstaklega skuli varið til landkynningar. Í fjárlögum undanfarin ár hefur verið veitt fé til landkynningar og hefur Ferðaskrifstofa ríkisins annast framkvæmdir.

Hér er lagt til, að árlega skuli veitt fast framlag, eigi lægra en hálf milljón króna, til greiðslu kostnaðar við landkynningu á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins, og skuli það framlag óháð rekstursafkomu skrifstofunnar að öðru leyti. Forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins, sem sæti átti í nefnd þeirri, er samdi frumvarp þetta, telur upphæð þessa of lága og lagði til, að árlegt framlag yrði ein milljón. Meiri hluti nefndarinnar taldi upphæð þá, sem er í frumvarpinu, viðunandi, og benti jafnframt á, að þar væri um lágmarksupphæð að ræða, sem búast mætti við, að yrði hækkuð, ef brýn nauðsyn krefði.

Um 14. gr.

Hér er svo kveðið á, að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli annast landkynningu með því fé, sem veitt er til þeirrar starfsemi skv. 13. gr. Í greininni kemur fram við hvað er átt með landkynningu, en hér undir heyrir fyrst og fremst að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt að erlendir menn fái sem gleggsta hugmynd um hagi og háttu lands og þjóðar í menningar- og atvinnulegum efnum. Þá hefur utanríkisráðuneytið einnig fasta fjárveitingu til landkynningar og er eðlilegt að þessir aðilar hafi samvinnu um, hvernig féð getur komið að sem beztum notum.

Um 15. gr.

Hér er Ferðaskrifstofu ríkisins lagt á herðar að veita ferðamönnum ókeypis upplýsingar um landið, sem þeim mega að haldi koma á ferðalögum þeirra, en jafnframt að hún útvegi þeim, sem óska eftir viðskiptum við hana sem almenna ferðaskrifstofu, hverja þá fyrirgreiðslu, sem slíkum stofnunum ber og þá að sjálfsögðu gegn gjaldi.

Um 16. gr.

Í þessari grein er svo fyrir mælt, að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli skipuleggja ódýrar orlofsferðir og orlofsdvalir, eða veita óbeina aðstoð með því að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafyrirtækja fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé, og leita samvinnu í þessu skyni við stéttarfélög launþega, til þess að stuðla að sem virkastri framkvæmd orlofslöggjafarinnar. Jafnframt nái þetta til hópferða, sem stofnað er til af bændum landsins eða samtökum þeirra.

Um 17. gr.

Rétt þykir að ákveða, að Ferðaskrifstofa ríkisins sé ráðgefandi og leiðbeinandi um hvað betur megi fara í aðbúnaði og rekstri gisti- og greiðasölustaða, og

gera viðvart um, ef sérstök ástæða þykir til. Vegna reksturs Ferðaskrifstofu ríkisins sem almenn ferðaskrifstofa er hægt að halda uppi slíku eftirliti af hennar hálfu með litlum sem engum tilkostnaði, en það mundi létta á sarfi þeirra, sem annars eiga að halda uppi þess konar eftirliti lögum samkvæmt.

Um 18. gr.

Skylda og réttur Ferðaskrifstofu ríkisins til eftirlits nái skv. þessari grein til aðbúnaðar og hreinlætis farartækja, sem ætluð eru til flutnings á erlendum ferðamönnum um landið.

Um 19. gr.

Til þess að auðvelda Ferðaskrifstofu ríkisins eftirlitsstarf hennar skv. 17. og 18. gr., er eigendum gisti- og veitingahúsa, svo og eigendum samgöngutækja, skylt að láta henni í té gjaldskrá yfir selda þjónustu slíkra fyrirtækja.

Síðara ákvæði þessarar greinar er sett til þess að fyrirbyggja að akstri sé óréttlátlega skipt.

Um 20. gr.

Hér er Ferðaskrifstofu ríkisins gert að skyldu að skipuleggja námskeið fyrir túlka og leiðsögumenn og veita þeim starfsréttindi að afloknu tilskildu prófi, en gert er ráð fyrir því að í reglugerð verði kveðið á um námstilhögun og prófkröfur. Þetta hefur Ferðaskrifstofan þegar fengizt nokkuð við og með allgóðum árangri, en hitt er nýmæli að hliðstæð námskeið verði haldin fyrir framreiðslufólk á veitingastöðum og aðra þá, er veita ferðamönnum þjónustu á slíkum stöðum aðeins á ákveðnum árstímum. Þykir eðlilegt að fela einhverjum aðila að hafa forystu í þessu efni, svo stórmikla þýðingu sem það hefur að kunna vel til verka á þessum sviðum þegar erlendir ferðamenn eiga í hlut, en það getur, sem kunnugt er, ráðið úrslitum um það, hvort dvöl viðskiptamanna ferðaskrifstofa hér verður þeim til ánægju eða hið gagnstæða.

Um 21. gr.

Á síðari árum, og þá einkum á s. l. ári, hefur allmyndarlegt átak verið gert til þess að bæta aðstöðu ýmissa ríkisskóla til gistihalds. Hefur Ferðaskrifstofan verið aðili að þeim framkvæmdum, og er svo til ætlazt, að svo verði framvegis, enda verði að sjálfsögðu engum endanlegum ráðum ráðið varðandi skólana í þessu efni án heimildar menntamálaráðherra. Er talið að góð samvinna milli stjórnvalda annars vegar og ráðamanna skóla í héraði hins vegar í þessu efni myndi verða hinn mesti ávinningur fyrir ferðamál í landinu almennt.

Um 22.—25. gr.

Hér eru talin upp nokkur fleiri verkefni Ferðaskrifstofu ríkisins og er eigi talið að efni greinanna þarfnist sérstakra skýringa. Þó skal á það minnzt, að Ferðaskrifstofa ríkisins hefur látið semja og gefið út á sinn kostnað allgóðar leiðarlýsingar. Þessu þarf að halda áfram. Góðar leiðarlýsingar eru ferðamönnum mikill fengur og leiðsögumönnum verðmætar og til mikils léttis í starfi þeirra.

IV. KAFLI

Um ferðamálasjóð.

Um 26. gr.

Hér er lýst hlutverki ferðamálasjóðs, sem er fyrst og fremst það, að veita fjárhagslega aðstoð við byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu.

Tvímælalaust er, að skortur gistihúsa er það vandamál, sem helzt stendur í vegi fyrir því að hægt sé að taka svo á móti ferðamönnum hér á landi sem skyldi. Mun það eigi orka tvímælis að á hinu opinbera hvílir nokkur skylda í því efni, að stuðla fyrir sitt leyti að því að úr verði bætt, og fjallar efni þessa kafla frv. um stofnun sjóðs, er myndaður sé af framlagi þess opinbera og með framangreindu hlutverki.

Um 27. gr.

Hér er rætt um fjáröflun ferðamálasjóðs. Er gert ráð fyrir framlagi á fjárlögum eigi lægra en einni milljón króna árlega, en heimild til lántöku með ríkisábyrgð allt að 20 milljónum króna. Samkvæmt greininni skal það vera hlutverk ferðamálaráðs, að beita sér fyrir því, að einkaaðilar, sem hagsmuni hafa að auknum ferðamannastraumi, greiði frjáls framlög til sjóðsins.

Um 28. og 29. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Það er skýrt fram tekið, að eigi megi veita fé úr ferðamálasjóði, nema um sé að ræða stofnkostnað, hvort heldur sem er til nýbygginga eða aukninga og endurbóta á eldri byggingum, sem rekin eru sem gisti- eða veitingahús.

Um 31. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Telja verður nauðsynlegt að lánbeiðnum fylgi allítarlegar upplýsingar um það, hvernig verja eigi umbeðnum lánum úr ferðamálasjóði, bæði að því er varðar áætlaðan stofnkostnað og um rekstursafkomu, þegar um eldri fyrirtæki er að ræða. Stjórn sjóðsins verður að hafa sem allra bezta aðstöðu til þess að meta, hvernig því fé verði bezt varið, sem hún hefur yfir að ráða, og hafa rúma heimild til þess að krefjast upplýsinga, bæði að því er varðar nytsemi fyrirhugaðra framkvæmda og greiðslugetu lánaumsækjenda.

Um 33. gr.

Hámarksákvæði það, sem í þessari grein felst, er ætlað til tryggingar því að fjármagni ferðamálasjóðs verði ekki varið til örfárra staða, enda er talið, með tilliti til þess hversu almenn þörfin er, að farsælla sé að dreifa fjármagninu og muni það á þann hátt koma að betri notum.

Um 34.—35. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 36. gr.

Hér er það nýmæli, að ráðherra sé heimilt, að fengnum tillögum ferðamálaráðs þar um, að ákveða að greiddur skuli aðgangseyrir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem eru eign ríkisins og er þá til þess ætlazt að fé því, sem þannig safnast, verði varið til þess að fegra og snyrta viðkomandi stað, og til þess að bæta þar aðstöðu til móttöku innlendra og erlendra ferðamanna. Eftir atvikum mundi það hins vegar fara, hvernig umrætt gjald yrði innheimt. Kemur þar aðallega tvennt til, að það yrði innheimt í fargjaldi eða sérstaklega á staðnum sjálfum. Enda þótt

þessu hafi ekki verið beitt fyrr hér á landi, er þetta þó algengt í öðrum ferðamannalöndum, og þykir sjálfsagt að hafa þennan möguleika opinn einnig hér, enda verður að teljast eðlilegt að fjár til uppbyggingar staðarins verði aflað hjá þeim, sem þangað koma, í stað þess að verja til þess almannafé.

Um 37. gr.

Hér er starfandi ferðaskrifstofum gert að skyldu að sækja um leyfi til rekstursins innan eins árs frá gildistöku laga þessara. Er þetta að sjálfsögðu nauðsynlegt ákvæði, og eðlilegt að láta skilyrði laganna fyrir veitingu rekstursleyfa einnig ná til þeirra almennu ferðaskrifstofa, sem þegar eru starfandi, þar sem þær geta allar fengið aukin starfsréttindi frá því, sem nú er.

Um 38. gr.

Hér er um að ræða heimild fyrir ráðherra til þess að víkja frá ákvæðum um skilyrði fyrir rekstursleyfum til handa ferðaskrifstofum, sem starfandi verða við gildistökuna, en þó er óheimilt að víkja frá ákvæðum varðandi setningu tryggingarfjár.

Um 39. og 40. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 25. september 1963.

Vegna bréfs hins háa ráðuneytis, dags. 13. þ. m., þar sem óskað er álits á frumvarpi því um ferðamál, sem lagt var fyrir Alþingi á síðastliðnum vetri, hafa undirritaðir haldið fundi að undanförnu og samþykkt eftirgreint einróma í dag:

1. Við teljum miklu skipta, að starfssvið Ferðaskrifstofu ríkisins verði takmarkað við að annast almenna landkynningu og annað það, er ferðamálaráð kann að telja heppilegt að fela henni.
2. Við teljum tillögur frumvarpsins um ferðamálaráð til mikilla bóta að því tilskildu að ráðið fái nokkur fjárráð og aukin völd frá því, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og að starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins falli undir valdsvið þess.
3. Við teljum hugmyndirnar um ferðamálasjóð hinar athyglisverðustu og brýna nauðsyn að þær verði að veruleika með samþykkt frumvarpsins.
4. Við erum reiðubúnir til samstarfs um þær breytingar og lagfæringar á frumvarpinu, sem leiða af ofangreindum þrem meginsjónarmiðum.

Virðingarfyllst,

f. h. Eimskipafélags Íslands h.f.
S. Þorkelsson.

f. h. Loftleiðir h.f.
Sig. Magnússon.

f. h. Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda
Ludvig Hjálmtýsson.

f. h. Félags íslenzkra ferðaskrifstofa
Geir H. Zoëga.

f. h. Flugfélags Íslands h.f.
Birgir Þórhallsson.

Til Samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FÉLAG ÍSLENZKRA FERÐASKRIFSTOFA

27. september 1963.

Með tilvísun til bréfs hins háa ráðuneytis, dags. 13. þ. m., þar sem óskað er umsagnar varðandi frumvarp það um ferðamál, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi, og til viðbótar því, sem greint er frá í bréfi til ráðuneytisins, dags. 25. þ. m., undirrituðu af okkur ásamt báðum flugfélögunum, Eimskipafélagi Íslands og Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, leyfum við okkur hér með að gera frekari grein fyrir afstöðu okkar til þessa máls:

1. Eins og fram kemur í sameiginlegu svari, dags. 25. þ. m., þá leggja allir aðilar ríka áherzlu á, að starfssvið Ferðaskrifstofu ríkisins takmarkist eingöngu við almenna landkynningu, enda þekkist hvergi á Norðurlöndum eða annars staðar í Vestur-Evrópu, að hið opinbera reki almenna ferðaskrifstofu.
2. Sú breyting, sem lagt er til, að gerð verði á rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins í sameiginlegu bréfi, dags. 25. þ. m., mundi leiða af sér nokkurn sparnað, þar sem starfsfólki mætti fækka.
3. Tekjuliðir Ferðaskrifstofu ríkisins í breyttu rekstursfyrirkomulagi, eins og að ofan greinir, mundu verða þessir: a) Minjagripasala; b) Sala á prentuðum bæklingum, myndum o. s. frv. í landkynningarskyni til ferðaskrifstofa, flugfélaga, skipafélaga og gistihúsa. Þá eru samtök okkar reiðubúin að benda á fleiri heppilegar leiðir til tekjuöflunar, sem standa mundu að öllu leyti undir rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins.
4. Við teljum, að sú breyting, sem óskað er eftir að gerð verði á rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins, mundi skapa eðlilega og friðsamlega samvinnu um ferðamál almennt, sem verða mundi landi og þjóð til meira gagns og sóma.
5. Við mælumst eindregið til þess, að samtök okkar verði höfð með í ráðum um þær væntanlegu breytingar, sem gerðar kunna að verða á frumvarpinu, áður en það verður lagt fyrir næsta Alþingi.

Með mikilli virðingu,

Geir H. Zoëga,
formaður.

Njáll Símonarson,
ritari.

Til Samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 24.9 1963.

Varðandi frumvarp til laga um ferðamál.

Með tilvísun til bréfs hins virðulega samgöngumálaráðuneytis frá 13. þ. m., varðandi frumvarp til laga um ferðamál, leyfir Flugfélag Íslands sér hér með, samkvæmt tilmælum yðar, að fara um frumvarpið nokkrum orðum.

Fyrst er þess að geta, að við teljum frumvarpið fela í sér margar heillavænlegar nýjungar og þess vegna er það von okkar, að það verði samþykkt sem lög frá næsta reglulegu Alþingi, þrátt fyrir það, að við teljum frumvarpið ekki gera ráð fyrir beztu lausnum í öllum atriðum þeirra málefna, sem það tekur til. Skal nú vikið nánar að fáeinum efnisatriðum frumvarpsins.

1. kafli. Almennar ferðaskrifstofur.

Í 5. grein frumvarpsins er talað um að ferðaskrifstofa skuli leggja fram 200 000.00 kr. tryggingarfé áður en hægt sé að samþykkja umsókn hennar um

ferðaskrifstofurekstur. Okkur þykir tryggingarupphæðin vera til mikilla muna of lág og mundum við telja eðlilegt, að hún væri 500 000.00 kr. en undir öllum kringumstæðum ekki lægri en 350 000.00 kr. Auk þess sem tryggingarupphæðin er að okkar dómi of lág, þarf að tryggja raunhæft gildi hennar með því að binda hana við núverandi gengi, t. d. Bandaríkjadollara, enda eru flugför og allar þjónustur erlendis háðar genginu, hvað krónutölu snertir.

Í 8. grein frumvarpsins er talað um að ákvæði fyrsta kafla laganna nái ekki til „viðurkenndra ferðafélaga eða eiganda samgöngufyrirtækja, að því er tekur til sölu á farseðlum í eigin ferðir eða með eigin samgöngutækjum, né heldur til hópferða, sem slíkir aðilar þannig skipuleggja enda þótt næturgisting fylgi". Það er greinilegt af athugasemdum við frumvarpið, að semjendum þess er það ljóst, að hér þurfa að koma skýrari og nákvæmari ákvæði. Væri grein þessi tekin bókstaflega, felast í henni mjög víðtækar undantekningar, enda verður vafalaust örðugt, ef ekki gersamlega óframkvæmanlegt, að skilgreina hugtak eins og „viðurkennd ferðafélög".

Við mundum telja farsælast að frumvarpið yrði sjálft gert gleggra, hvað þetta atriði snertir og vörpum fram til umhugsunar þeirri hugmynd, hvort undanþágurnar, sem grein þessi felur í sér, ættu e. t. v. eingöngu að miðast við þá aðila, sem reka alþjóðlegar samgöngur og/eða samgöngur hérlendis, sem sérleyfi eru veitt fyrir (eða aðrar samgöngur með sérstöku leyfi, öræfaferðir o. s. frv.). Lögin virðast ekki þurfa að ná til eigin ferðahópa innan tiltekinna félaga. Er hér átt við það, að ekki sýnist vera nauðsynlegt að krefjast þess af, t. d. Karlakór Reykjavíkur, eða öðrum hliðstæðum aðilum, að þeir fylgi ákvæðum ferðamálalaganna þó að skipulagðar væru ferðir á vegum kórsins og eingöngu fyrir kórfélaga. Væri hins vegar um það að ræða, að kórinn skipulegði ferðir í ábataskyni, þyrfti að setja hömlur við slíku. Ef þér væruð sjónarmiðum þessum sammála, teljum við vafalaust, að hægt sé að ganga þannig frá 8. gr. frumvarpsins, að allir megi við una, enda þótt við teljum vafasamt að hægt verði að girða fyrir alla misnotkunarmöguleika, sem óhjákvæmilega verða að felast í þessari grein í lýðræðisríki.

2. kafli. Ferðamálaráð.

Auk þeirra verkefna, sem ferðamálaráði eru falin skv. frumvarpinu, teljum við að ferðamálaráð sé heppilegur aðili til þess að vinna að því, í samvinnu við viðkomandi ráðuneyti, að hér á landi sé sem fyrst létt af hömlum, sem hafa dagað uppi hér í sambandi við ferðalög, löngu eftir að þeim hefur verið létt af annars staðar. Nægir í því sambandi að minna á atriði eins og skattakvittanir þær, sem krafizt er af farþegum er ferðast vilja til útlanda.

Sömuleiðis getur verið álitamál, hvort ferðamálaráð er ekki heppilegasti aðilinn til þess að hafa tengsl af Íslands hálfu við þær stofnanir sameinuðu þjóðanna, sem vinna að ferðamannamálum. Enn fremur virðist ferðamálaráð vera heppilegur aðili til þess að gangast fyrir söfnun víðtækra upplýsinga um ferðamannastrauminn, svo og mati á þeim („market research" og „market analyses"). Slíka starfsemi ber að stunda til þess að fjárnotkun, bæði við auglýsingastarfsemi og til bættrar þjónustu við hina erlendu gesti okkar, geti ætíð borið sem beztan árangur. Það er augljóst, að því meira sem vitað er um þarfir markaðsins og eðli hans, því hægara á að verða um vik fyrir alla þá, sem að málum þessum vinna, að hagnýta getu sína sem allra bezt. Störf þeirrar tegundar, sem hér um ræðir, kosta peninga og m. a. þess vegna verður að ætla ferðamálaráði fé til þess að standast straum af kostnaði við ofangreindar athuganir og rannsóknarstarfsemi.

Það er að líkindum orðið tímabært, að opinberum aðilum sé gert mögulegt með lögum að hafa einhvers konar eftirlit með stangarveiði, einkum laxveiði, hér á landi, sérstaklega er hér átt við sölu á stangarveiðiréttindum til útlendinga. Séu ekki um þessi mál ákvæði í öðrum lögum og/eða reglugerðum, væri jafnvel athugandi, hvort ferðamálaráð væri ekki rétti aðilinn til þessa eftirlits af opinberri hálfu.

Flugfélagið telur eðlilegast, að ráðuneytisstjóri þess ráðuneytis, sem á hverjum tíma fer með málefni þessi, sé formaður ferðamálaráðs.

3. kafli. Um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Eins og fram kemur í bréfi Flugfélagsins, dags. 8.4. s. l., til samöngumálanefndar efri deildar Alþingis, telur Flugfélagið eðlilegast að starfsemi Ferðaskrifstofunnar heyri undir ferðamálaráð.

Hitt skal tekið fram, að Flugfélagið telur það ekki frágangssök þó að Ferðaskrifstofa ríkisins verði rekin áfram með svipuðu sniði og verið hefur, miðað við það, að ekki sé vilji fyrir því á Alþingi að breyta starfsgrundvelli hennar og beina kröftum stofnunarinnar sem mest að landkynningarmálefnum. Okkur er ljóst, að frumvarpið gerir allar götur ráð fyrir tengslum og einhvers konar samvinnu á milli ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofunnar. Umfram allt teljum við, að ekki megi tefja framgang frumvarpsins á þingi þó að ekki sé alger samstaða um starfsgrundvöll Ferðaskrifstofunnar.

4. kafli. Um ferðamálasjóð.

Flugfélag Íslands fagnar tilkomu ferðamálasjóðs og hefur félagið ekki nema allt hið bezta um hann að segja. Hugsazt getur, að 32. grein frumvarpsins mætti verða ögn rækilegri. Þykir okkur t. d. eðlilegt, að teikningar og önnur lýsing á því, sem framkvæma á fyrir lánsfé fylgi með lánsumsóknum, enda verður að telja það veigamikið atriði í sambandi við lánveitingar þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að öruggrar smekkvísi sé gætt varðandi útlit húsa o. s. frv. — auk veðtryggingarhliðar þessa máls.

Ýmislegt.

Auk þess, sem að framan greinir, er rétt að taka það fram, að við teljum nauðsynlegt, að ferðamálaráð hafi einhver fjárráð umfram það, sem um er getið í sambandi við hugsanlegar markaðsrannsóknir á vegum ráðsins. Á því stigi, sem mál þessi eru nú, sýnist okkur, að fyrst og fremst sé um að ræða smávægilegar fjárveitingu. Verði talið fært að breyta starfsgrundvelli ferðamálaráðs þannig, að það fengi víðtækara verksvið, þyrfti augljóslega jafnframt að tryggja ráðinu auknar tekjur til þess að standast straum af umfangsmeiri starfsemi.

Að endingu viljum við koma því á framfæri, að við teljum mjög æskilegt, að reglugerðir, sem samdar kunna að verða á grundvelli ferðamálalaganna, njóti stuðnings og skilnings meiri hluta ferðamannaráðs, og þess vegna er það tillaga okkar, að viðkomandi ráðuneyti leiti ávallt umsagnar ferðamálaráðs áður en reglugerðir yrðu settar á grundvelli ferðamálalaganna.

Eins og nærri má geta er Flugfélag Íslands hvenær sem er reiðubúið til þess að gera hinu háa ráðuneyti nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum í þessum málum, sé þess óskað.

Með sérstakri virðingu,

f. h. Flugfélags Íslands h.f.,

Birgir Þórhallsson.

Til Samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Ed. 302. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 20. febr. 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Helgi Bergs. Karl Kristjánsson. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 303. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um laun forseta Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 20. febr. 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Helgi Bergs. Karl Kristjánsson. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Sþ. 304. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um bankaútibú á Sauðárkróki.

Flm.: Ragnar Arnalds, Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita áhrifum sínum til þess, að einhver ríkisbankanna setji upp útibú á Sauðárkróki.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur bankakerfi þjóðarinnar verið í miklum vexti, og hafa bankarnir keppzt um að reisa stórhýsi og útibú fyrir starfsemi sína. Ekki verður þó sagt, að landsmenn allir hafi notið góðs af þessari bættu þjónustu bankanna, og hefur í engu rætzt úr aðstöðu sumra byggðarlaga, sem enga bankaþjónustu hafa.

Á Sauðárkróki er starfandi sparisjóður, en löng leið er til útibúa bankanna á Akureyri, Siglufirði og Blönduósi, enda mun Skagafjörður ekki talinn eðlilegt viðskiptasvæði þessara útibúa. Almennur áhugi er fyrir því á Sauðárkróki, að einhver ríkisbankanna stofnsetji þar útibú, þar sem bankaviðskipti eru Skagfirðingum nú óþarflega torveld.

Fyrir rúmu ári var samþykkt einróma í bæjarstjórn Sauðárkróks að leita eftir því við Landsbankann, að bankinn stofnaði þar útibú. Var bankaráði Landsbankans ritað bréf um málið, en enn þá hefur ekkert svar borizt. Þar sem fordæmi eru fyrir því, að fjallað sé um slík mál á Alþingi, þykir rétt að hreyfa þessu nauðsynjamáli með tillögu til þingsályktunar.

Nd. **305. Nefndarálit** [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 48 16 apríl 1963.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. ásamt frv. um breyt. á jarðræktarlögum (131. mál), en þessi tvö frv. eru flutt samhliða og mjög skyld. Nefndin varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu þeirra. Létu framsóknarmennirnir í nefndinni þó uppi, að þeir væru samþykkir aðalatriðum frumvarpsins, en munu skila séráliti og bera fram brtt.

Jarðræktarlögin hafa verið í endurskoðun, fyrst hjá nefnd, sem búnaðarþing setti til þess starfa, og afgreiddi búnaðarþing síðan frumvarp frá sér. Síðar var frv. búnaðarþings endurskoðað í nefnd, er landbúnaðarráðherra skipaði. Það frv. var síðan til athugunar hjá ríkisstjórninni, og eru þau tvö stjórnarfrv.: um breyt. á stofnlánadeildarlögunum og breyt. á jarðræktarlögunum, sem nefndin hafði til athugunar á fundi sínum, árangur þeirrar athugunar, sem samkomulag hefur orðið um með stjórnarflokkunum að fá lögfest í Alþingi. En þessi frv. veita miklu meiri stuðning til ræktunarmála en lagt var til með áðurnefndum frv. Áætlað var, að aukin útgjöld skv. því frv. næmu um 15 millj. kr. á ári, en skv. þessum frv. ríkisstjórnarinnar munu árleg útgjöld verða um 20 millj. kr.

Þegar jarðræktarlögin voru sett 1923, var það meginmarkmið þeirra að hrinda af stað ræktunaröldu í landinu. Allar ræktunarframkvæmdir nutu sama stuðnings, hvar sem þær voru gerðar og hvort sem þær voru í meiri eða minni mæli. Síðar hafa þessi meginsjónarmið breytzt nokkuð. Stafar það bæði af því, að framkvæmdahugur hefur farið stórum vaxandi og getan vaxið mjög hjá einstaklingunum og að viðhorf hafa skapazt vegna mismunandi markaðs- og samgönguaðstöðu. Þannig hefur stuðningur jarðræktarlaganna í seinni tíð verið sveigður inn á þá braut að vera viðleitni ríkisvaldsins að jafna aðstöðu bænda til búskapar. Ræktunin og þá heyöflunin er undirstaðan. Í seinni tíð hefur framlag til ræktunar verið mismunandi hátt eftir túnstærð býla, verið mun hærra á ræktun á býlunum með litlu túnin. Þetta frv. byggist á þessu sjónarmiði, og er nú gert stærra átak en nokkurn tíma fyrr með ræktunarstuðningi til þess að skapa grundvöll að lífvænlegri afkomu á flestum býlum landsins með því að færa aukastuðningsmarkið upp í 25 ha. túnstærð á býli. Um þessa stefnu, að sveigja jarðræktarstuðninginn, sem upphaf sitt á í jarðræktarlögunum 1923, í þá átt að vera markvís viðleitni ríkisvaldsins til þess að jafna búrekstraraðstöðu býlanna í landinu, virðist ekki teljandi ágreiningur. En stjórnarandstaðan leitast þó við að gera lítið úr þessum frumvörpum.

Framsóknarmenn hamra sífellt á því og m. a. mjög við 1. umr. þessara mála á Alþingi, að í tíð núverandi ríkisstj. hafi stuðningur við ræktunina og landbúnaðinn verið vanræktur. Er því rétt að rifja upp nokkrar breyt., er gerðar hafa verið á þessum tvennum lögum síðustu árin. 1960 var ákveðið, að 25 þús. kr. byggingarstyrkur, sem veittur var til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum, skyldi einnig ná til endurbygginga á jörðum hjá efnalitlum bændum. Hefur það ákvæði síðan verið ómetanlegur stuðningur mörgum efnalitlum bónda. Þá var einnig framlengt um 4 ár, til ársloka 1964, ákvæðið um aukastuðning við ræktun upp að 10 ha. á býli, en upphaflega var því ákvæði aðeins ætlað að gilda til ársloka 1960. Árið 1961 er stuðningurinn til íbúðarhúsabygginga aukinn í 40 þús. kr. Á síðasta Alþingi var svo ræktunarmarkið fært úr 10 ha. í 15 ha., sem hærra framlags nýtur, og byggingarstyrkur hækkaður i 50 þús. kr. til íbúðarhúsa hjá þeim bændum, sem hafa meðaltekjur eða lægri. Með þeim tveimur frv., er nú liggja fyrir, er svo gert stórfellt átak til stuðnings landbúnaðinum og stærra en áður hefur verið gert í einu.

Minna má á það, að við lögfestingu aukastyrks á tún litlu býlanna 1957 vildu framsóknarmenn ekki ganga lengra en í 10 ha. Landbúnaðarráðherra þeirra þá,

Hermann Jónasson, talaði um óskalista, sem væri ekki hægt að taka í alvöru, ef lengra ætti að ganga. Nú, þegar þeir eru ekki í stjórn og bera ekki ábyrgð, þá er hægt að gera lítið úr því, sem er margfalt við það, sem þeir lögðu til, er þeir báru ábyrgð á fjármálunum og stjórn landsins.

Nefndin tekur ekki afstöðu til breytingartillagna við frv., sem fram hafa komið, en leggur til, að frv. á þskj. 235 verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 22. febr. 1964.

Gunnar Gíslason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson, frsm.

Nd. 306. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn, þeir Gunnar Gíslason, Benedikt Gröndal og Jónas Pétursson, vill afgreiða frv. óbreytt. Minni hlutinn mælir með samþykkt þess, en gerir þó breytingartill., er hann flytur á sérstöku þingskjali.

Minni hlutanum er ljóst, að íslenzkur landbúnaður stendur nú á tímamótum, og veltur því á miklu fyrir framtíð bændastéttarinnar, hvaða stefnu löggjafarvaldið hefur varðandi þennan elzta atvinnuveg þjóðarinnar, sem enn er og mun verða einn þýðingarmesti atvinnuvegur hennar. Efnahagskerfið, sem núverandi valdhafar innleiddu hér fyrir fjórum árum, hefur samfara mikilli aflasæld fiskiflotans og eftirspurn eftir vinnuafli leitt af sér mjög öra fólksflutninga úr sveitunum. Efnahagskerfið hefur spennt fjárfestingar- og fjármagnskostnaðinn upp úr öllu hófi. Dýrtíðarflóðið hefur gert ungu fólki ókleift að eignast jarðir, byggja hús, kaupa bústofn og vélar. Jarðir, jafnvel í hinum beztu sveitum, hafa af þessum sökum farið í eyði, og yfir fjölda jarða í viðbót vofir sú hætta að leggjast í eyði, þegar þeir, sem þar búa enn, verða vegna elli eða af öðrum ástæðum að hætta búskap.

Eftir því sem sveitabyggðir grisjast og bændum fækkar, því erfiðara verður fyrir þá, sem eftir eru, að haldast við. Þeir, sem burt flytjast eftir langan búskap, mega margir horfa á ævistarf sitt verða að engu, þegar enginn vill lengur eða getur keypt eignirnar. Hér þarf þjóðfélagið skjótlega að koma til og leggja fram þá aðstoð, bæði með fjármagni og fyrirgreiðslu, er stöðvað geti hina yfirvofandi eyðingu frjósamra sveita.

Það mun hafa verið talið, að eðlilegt væri, að ábúendaskipti færu árlega fram á 300 bændabýlum. Það þarf að hjálpa ungu fólki til þess að hefja búskap á þessum 300 býlum árlega.

Bezta hjálpin og sú, sem þjóðinni allri kæmi að mestu gagni í þessu efni, væri það, ef ríkisvaldið gæti minnkað verulega fjármagnskostnað frumbýlinganna.

Framsóknarflokknum er ljóst, að ef hér á að þróast frjáls og farsæl bændastétt, sem auðvitað er þjóðarnauðsyn, þá verður ríkisvaldið að styðja öfluglega frumbýlinga og þá bændur, sem aftur úr hafa dregizt með framkvæmdir á jörðum sínum. Þetta frv. er að vísu spor í þá átt, sem ber að stefna að, en að dómi minni hlutans nær það allt of skammt.

Fyrir hinu háa Alþingi, er nú situr að störfum, liggur fjöldi frumvarpa og tillagna, er þingmenn Framsóknarflokksins hafa lagt fram og miða að því að stöðva flóttann frá landbúnaðinum og efla þá, sem vilja búa. Í þessum þingmálum kemur

fram landbúnaðarmálastefna flokksins. Er rétt að draga hér saman í stuttu yfirliti helztu tillögur framsóknarmanna, er snerta beint eða óbeint landbúnaðinn.

Fyrst er að nefna frumvarpið um allsherjar vaxtalækkun og að hætt verði að draga saman spariskildinga almennings í Seðlabankann og halda þeim bundnum þar. Fyrsta og æðsta boðorð þeirra, er stýra efnahagsmálum, á að vera það, að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar — landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður — hafi hófleg vaxtakjör.

Hér skal getið hins gagnmerka frumvarps um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Er þar gert ráð fyrir skipulegum rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi, þar sem fólksfækkun á sér stað. Jafnvægissjóður, sem á að hafa hinn fjárhagslega stuðning með höndum, á að fá árlega 1½% af tekjum ríkissjóðs. Norðmenn hafa með hliðstæðum ráðstöfunum hjá sér bjargað stórum landshlutum frá því að fara í eyði.

Frumvarp framsóknarmanna í efri deild um bústofnslánasjóð sýnir bezt, hvernig flokkurinn vill láta löggjafarvaldið koma til liðsinnis við frumbýlinga og efnalitla bændur með lánum á hóflegum vöxtum til bústofns- og vélakaupa.

Þá hafa allir þingmenn framsóknarflokksins í efri deild flutt frumvarp um samvinnubúskap, en samvinnubúskapur er ein leiðin til þess að létta störf bændanna og koma í veg fyrir, að fólki fækki og jarðir eða jafnvel heilar sveitir fari í eyði. Í því frv. er meðal annars lagt til, að 10 millj. kr. verði varið úr ríkissjóði á ári í næstu 10 ár til stuðnings samvinnubúskap og hafi Landnám ríkisins með höndum yfirstjórn þessara mála og úthlutun fjárins.

Þá er einnig frumvarp allra þingmanna Framsóknarflokksins í efri deild um að afnema bændaskattinn til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, en í staðinn leggi ríkissjóður fram aukið fé til deildarinnar, er skattinum nemur. Þá er einnig gert ráð fyrir, að Seðlabankanum verði skylt, ef ríkisstjórnin óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans ekki minna en 50 milljónir gegn 5% vöxtum, er endurgreiðist á 20 árum, enn fremur að veðdeildinni verði heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og að veðdeildin geti gert það að skilyrði fyrir lánveitingum til jarðakaupa, að 40% lánsfjárhæðarinnar sé greitt í bankavaxtabréfum. Næði þetta fram að ganga, þá mundi það mjög auðvelda, að eigendaskipti geti farið fram á jörðum.

Í efri deild hafa framsóknarmenn flutt frv., þar sem lagðar eru til hinar sömu breytingar á stofnlánadeildarlögunum og þær, sem ríkisstjórnin hefur nú borið fram með frv. sínu á þingskjali 235. Þó gerir frv. framsóknarmanna ráð fyrir 65% framlagi af ræktunarkostnaði til þeirra, sem hafa minna tún en 25 ha., í stað 50% í frv. ríkisstjórnarinnar. Hefur minni hlutinn tekið upp tillöguna um 65% af ræktunarkostnaðinum og ber hana fram á sérstöku þingskjali ásamt öðrum breytingartillögum sínum.

Fyrir þessu þingi liggja mörg fleiri frumvörp og tillögur frá framsóknarmönnum landbúnaðinum til stuðnings. Má þar m. a. nefna frv. um heftingu sandfoks og græðslu lands. Er þar gert ráð fyrir öflugri sókn til að bæta og stækka gróðurríki landsins og koma í veg fyrir landeyðingu af völdum ofbeitar eða ágangs náttúruaflanna.

Margar tillögur til þingsályktunar liggja einnig fyrir hinu háa Alþingi fluttar af framsóknarmönnum málefnum bændastéttarinnar til framdráttar.

Ein þeirra er um búfjártryggingar, tryggingar gegn uppskerubresti o. fl.

Önnur er um aukin ríkisframlög til súgþurrkunar og votheysgerðar.

Hin þriðja er um, að athugað verði, af hverju góðar bújarðir fara í eyði, og um ráðstafanir til að halda hlunnindajörðum í ábúð.

Hin fjórða fjallar um, að ríkisbankarnir sjái landbúnaðinum fyrir nauðsynlegum afurða- og rekstrarlánum.

Hin fimmta er um nýja rafvæðingaráætlun, og skal sú áætlun við það miðuð, að rafvæðingu sveitanna verði að fullu lokið á árinu 1968 og þá hafi öll sveitabýli fengið raforku.

Landbúnaðarstefna Framsóknarflokksins er skýrt mörkuð með flutningi þeirra mála, er hér að framan hefur stuttlega verið drepið á, og með þeim breytingartillögum, er minni hlutinn flytur. Veigamesta breytingartillagan er um 25 milljón króna framlag úr ríkissjóði árlega í næstu 5 ár til aukningar á tæknibúnaði og vélvæðingu landbúnaðarins.

Þeir bændur, sem eiga eftir að vélvæða búskapinn, þurfa fljótt á aðstoð að halda, og frumbýlingarnir verða að fá hjálp til að geta hafið búskap, jafnóðum og hinir eldri hætta, og til þess að taka strax véltæknina í þjónustu atvinnurekstrarins. Minni hlutinn leggur til, að 25 millj. kr. á ári á næstu 5 árum verði lánaðar til vélvæðingar og tæknibúnaðar í sveitum og að lánin verði til 30 ára með 2% vöxtum.

Þá leggur minni hlutinn til, að sérstakur kafli í stofnlánadeildarlögunum verði um bústofnslán. Er ríkissjóði gert að veita óafturkræft framlag, 40 millj. kr., á næstu 8 árum með 5 millj. kr. framlagi á ári, og enn fremur er Stofnlánadeildinni heimilað að taka 60 millj. kr. lán, sem fjármálaráðherra ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs. Þetta fé er síðan lagt til að lánað verði frumbýlingum og efnalitlum bændum til bústofnskaupa með þeim skilmálum, sem nánar eru tilgreindir.

Alþingi, 22. febr. 1964.

Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 307. Breytingartillögur [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyt. á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Á undan 1. gr. komi nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) 2. og 3. málsl. 7. gr. laganna falli niður.
   b. (2. gr.) Á eftir II. kafla laganna (23. gr.) komi nýr kafli, sem verður III. kafli, með 8. greinum og fyrirsögninni: **Um bústofnslán,** svo hljóðandi:
      1. (24. gr.) Stofnlánadeild veitir lán frumbýlingum og öðrum bændum til bústofnsaukningar og vélakaupa, eftir því sem nánar segir í þessum kafla laganna.
      2. (25. gr.) Stofnfé til bústofnslána er þetta:
         a. 40 milljón króna óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal deildinni á næstu átta árum með 5 milljón króna framlagi á ári;
         b. 60 milljón króna lán, er stjórn deildarinnar heimilast að taka, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.
      3. (26. gr.) Bústofnslán skulu veitt frumbýlingum og öðrum bændum, sem fullnægja skilyrðum 27. gr., til að kaupa bústofn eða búvélar.
      4. (27. gr.) Skilyrði fyrir bústofnsláni eru:
         a. að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg;
         b. að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að áliti bankastjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi eigi efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum;
         c. að umsækjandi sé að dómi bankastjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni;
         d. að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er bankastjórnin tekur gilda;

e. að umsækjandi geti að dómi bankastjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið lán samkvæmt lögum þessum.

5. (28. gr.) Bústofnslán má veita gegn eftirtöldum tryggingum:
   1. gegn veði í fasteign;
   2. gegn veði í vélum og verkfærum;
   3. gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, frá 4. nóv. 1887;
   4. gegn hreppsábyrgð;
   5. gegn sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila.

   Bankastjórnin metur, hverja tryggingu skuli taka gilda.
6. (29. gr.) Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun bankastjórnar.
7. (30. gr.) Vextir af bústofnslánum mega ekki vera hærri en 5%. Lánstími fer eftir ákvörðun bankastjórnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 10 ár. Það skal og áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi bankastjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé bankastjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.

   Heimilt er bankastjórn að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.

   Gjalddagi lánanna skal vera 1. nóvember ár hvert.
8. (31. gr.) Umsóknir um lán samkvæmt lögum þessum skulu sendar bankastjórninni eða þeim, sem hún vísar til. Umsóknum skulu fylgja þau gögn, er bankastjórnin ákveður.

2. Við 6. gr. Í stað „50%“ í 3. málsgr. komi: 65%.
3. Við 8. gr. Greinin orðist þannig:

   64. gr. laganna orðist svo:

   Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkv. 63. gr., greiðir ríkissjóður árlega á árunum 1964—1972, að báðum árum meðtöldum, þá fjárhæð, er þarf til að greiða tilskilinn hluta ríkisins samkvæmt ákvæðum þessara laga.
4. Á eftir 8. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

   Á eftir 64. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

   Ríkissjóður greiðir Stofnlánadeild landbúnaðarins sérstakt framlag 25 millj. kr. árlega næstu 5 ár. Fé þetta skal lánað bændum og búnaðarfélögum til framleiðniaukningar í landbúnaði og skulu lánin vera til 30 ára með 2% vöxtum.

   Lánin skulu veitt, að fengnum tillögum nýbýlastjórnar, til vélvæðingar og tæknibúnaðar á sveitabýlum, svo sem til endurbóta á fóðurgeymslum og peningshúsum, súgþurrkunar, færibanda, mjaltavéla, dráttarvéla og jeppabíla. Enn fremur til steypuhrærivéla, jarðtætara og annarra jarðyrkjuverkfæra, sem búnaðarfélög kaupa.

Nd. 308. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin klofnaði um málið. Meiri hl. (BGr, GunnG og JP) leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. (ÁÞ og BP) var þó ekki andvígur frv., en kvaðst mundu flytja breytingartillögur og skila séráliti.

Alþingi, 21. febr. 1964.

Gunnar Gíslason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Jónas Pétursson.

Nd. 309. Breytingartillögur [131. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   5. gr. laganna orðist svo:
   Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.
   Laun héraðsráðunauta og ferðakostnaður þeirra greiðist að ⅔ hlutum úr ríkissjóði, en að ⅓ hluta af hlutaðeigandi búnaðarsambandi.
   Þóknun mælingamanna greiðist á sama hátt, enda samþykki landbúnaðarráðherra launagreiðslur búnaðarsambandanna vegna starfsemi þeirra.
2. Í stað 1. og 2. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
   1. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:
   Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:
   I. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir og handgrafnir opnir skurðir, svo og hvers konar lokuð ræsi, þar á meðal plógræsi):
   Framlag 75% kostnaðar.
   II. Jarðrækt:
   a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðurs- og kornræktar.
   b. Túnrækt á söndum.
   c. Túnrækt á valllendi, móum og melum.
   d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi.
   e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis.
   f. Grjótnám.
   Framlag 25% kostnaðar.
   III. Girðingar um ræktunarlönd:
   a. Sex strengja gaddavírsgirðing.
   b. Fimm strengja gaddavírsgirðing.
   c. Þriggja strengja gaddavírsgirðing á skurðbakka.
   d. Vírnetsgirðing með einum gaddavírsstreng.
   Framlag 25% kostnaðar.

IV. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni:
Framlag 15% kostnaðar.
V. Votheyshlöður úr varanlegu efni:
Framlag 25% kostnaðar.
VI. Áburðargeymslur:
a. Safnþrær.
b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar.
Framlag 25%.
VII. Súgþurrkunarkerfi með eða án blásara:
Framlag 40% kostnaðar.
VIII. Garðávaxtageymslur steyptar með þaki úr varanlegu efni:
Framlag 15% kostnaðar.

Búnaðarfélag Íslands og Teiknistofa landbúnaðarins láta sérfræðinga sína meta árlega kostnað hverrar tegundar framkvæmda, sem upp eru taldar í grein þessari.

Sþ. 310. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um tæknistofnun sjávarútvegsins.

Flm.: Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um tæknistofnun í þágu sjávarútvegsins. Verkefni hennar skulu vera rannsóknir á hagkvæmustu gerðum fiskiskipa, miðað við íslenzkar aðstæður, rannsóknir veiðitækja og veiðarfæra, svo og upplýsingastarfsemi um slík efni. Skal undirbúningi hraðað svo, að hægt verði að leggja frumvarp um þetta mál fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Enda þótt sjávarútvegur sé slík meginstoð undir íslenzkum þjóðarbúskap, sem raun ber vitni, skortir enn mjög á, að rannsóknastarfsemi í þágu þessa mikilvæga atvinnuvegar sé nægilega mikil og fjölþætt. Á sviði sjávarútvegsins hafa um alllangt skeið starfað tvær rannsóknarstofnanir. Er þar annars vegar um að ræða fiskideild atvinnudeildar háskólans, hins vegar rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands. Á vegum fiskideildar eru framkvæmdar hafrannsóknir, rannsóknir á göngum og stofnsveiflum íslenzkra sjávardýra, fiskileit á áður kunnum veiðisvæðum og leit nýrra fiskimiða. Rannsóknarstofa Fiskifélagsins fæst hins vegar við rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins. Hvort tveggja eru þetta mikilvæg verkefni, og er þess full þörf, að þessum stofnunum báðum verði hið bráðasta tryggð bætt starfsskilyrði og stóraukið fjármagn, svo að þær geti bætt við sig mannafla og tækjum og skilað enn árangursríkara starfi en um getur verið að ræða við óbreyttar aðstæður. En slíkt er þó engan veginn fullnægjandi. Okkur skortir með öllu einhverja hina mikilvægustu stofnun, sem nútíma sjávarútvegur hlýtur að styðjast við, eigi hann að fylgjast með tímanum og hagnýta sér á farsælan hátt þá vélvæðingu og tækniþróun, sem fiskveiðar byggjast á í stöðugt ríkari mæli. Hér er átt við stofnun, sem hefði það verksvið að framkvæma rannsóknir á veiðitækni hvers konar, fylgjast sem bezt með erlendum og innlendum nýjungum á því sviði, hafa frumkvæði um prófun þeirra við íslenzkar aðstæður og veita íslenzkum útvegsmönnum og fiskimönnum sem gleggstar upplýsingar um niðurstöður slíkra athugana og rannsókna. Rannsóknir þessar þyrftu að ná til stærða og gerða fiskiskipa, með tilliti til mismunandi veiða, svo og til veiðarfæra hvers konar og veiðiaðferða.

Að því er fiskiskipin sjálf varðar, skortir mjög á, að gerðar hafi verið nauðsyn-

legar athuganir á hæfni þeirra og hagkvæmni við hinar ýmsu veiðar, sem um getur verið að ræða hér við land. Almenn reynsla síðustu ára er talin hafa sýnt, að 200—250 smálesta skip nái beztum árangri við síldveiðar með herpinót. Hins vegar munu skip af þeirri stærð of dýr í rekstri til að geta borið sig á þorskveiðum með línu og net. Að sjálfsögðu leitast útgerðarmenn við að laga sig eftir því, sem reynsla sjálfra þeirra og annarra kennir þeim. Stundum gerist það þó ekki fyrr en eftir dýrkeyptar tilraunir margra aðila, sem í ýmsum tilfellum hefði mátt spara. En til þess þyrftu að liggja fyrir athuganir og útreikningar á því, hvaða bátastærðir gæfu bezta raun við hinar ýmsu veiðar og með hinum mismunandi veiðarfærum.

Tækni- og rannsóknarstofnun er þó alveg sérstaklega nauðsynleg að því er varðar veiðarfæri hvers konar og hin margvíslegu áhöld og tæki, sem nú þykja sjálfsögð í hverju fiskiskipi. Varla líður nú svo missiri, að ekki komi á markaðinn veiðarfæri úr nýjum gerviefnum eða með nýju sniði. Framleiðendur hafa tekið sölutækni nútímans í þjónustu sína, og hver heldur fast fram sinni vöru. Meðan enginn aðili er hér á landi, sem hefur það sérstaka hlutverk að fylgjast með nýjungum og kanna þær með sérstöku tilliti til aðstæðna við fiskveiðar á Íslandsmiðum, eiga útgerðarmenn oft úr vöndu að ráða og hljóta óhjákvæmilega að gera ýmis mistök, sem kosta stórfé, en hægt hefði verið að komast hjá í mörgum tilfellum, ef til staðar hefði verið rannsóknarstofnun í landinu sjálfu.

Ljóst dæmi um það mikla tjón, sem hlotizt getur af skorti tæknilegra rannsókna og leiðbeininga á þessu sviði, eru hnútalausu herpinæturnar, sem tekið var að flytja hingað inn fyrir rúmu ári. Þessar nætur voru framleiddar í Ítalíu, Noregi og ef til vill víðar. Þær voru lítið eitt ódýrari en aðrar herpinætur. Að sögn framleiðenda og umboðsmanna þeirra höfðu nætur þessar reynzt vel erlendis, jafnvel betur en aðrar tegundir. Nýjung þessi vakti að vonum mikla athygli útgerðarmanna hér. Á skömmum tíma voru keyptar hingað nálægt 30 nætur af þessari gerð. Kaupverð hverrar nótar var um 800 þús. kr. Nú er þar skemmst af að segja, að nætur þessar reyndust mjög óhentugar á síldarmiðunum við Ísland, enda er svo komið, að flest eða öll síldveiðiskip, sem urðu fyrir því áfalli að prófa þær, hafa lagt þær til hliðar og fengið sér hnútanætur að nýju. En þessi tilraun hefur kostað útgerðina og þjóðarheildina mikið fé. Er þar ekki aðeins um að ræða verð sjálfra veiðarfæranna, heldur einnig aflatjón, sem vafalaust skiptir milljónum, ef ekki tugum milljóna.

Íslenzkir útvegsmenn leggja á það mikið kapp að fylgjast sem bezt með nýjungum í veiðitækni. Hafa þeir varið til þess miklum fjármunum að afla sér sem beztra og fullkomnastra veiðitækja, enda hafa mörg þeirra gefið ágæta raun. En svo lengi sem hér á landi skortir með öllu tæknistofnun, sem vinnur markvisst að rannsóknum í þágu sjávarútvegsins, hljóta öðru hvoru að koma fyrir mistök og alvarleg óhöpp af því tagi, sem nefnt hefur verið dæmi um hér að framan. Og þó að útvegsmenn séu yfirleitt fljótir að tileinka sér nýjungar í fiskveiðitækni, einkum að því er síldarútveginn varðar, er við búið, að þeir treysti sér ekki til að prófa alla þá nýbreytni, sem fullkomin óvissa ríkir um, hvernig hér hentar, en gæti þó gefið góða raun. Skorturinn á rannsóknarstofnun á notagildi veiðarfæra hefur því án efa tvenns konar tjón í för með sér. Annars vegar freistast útvegsmenn til, stundum margir í senn, því að samkeppnin er hörð, að kaupa dýru verði handa skipum sínum nýjar tegundir veiðarfæra og fiskileitartækja, sem reynast síðan ekki svo vel sem skyldi. Ef til vill hafa þá mörg fiskiskip verið notuð sem eins konar tilraunadýr, þar sem eitt eða tvö hefðu nægt, og árangur komið fyrr í ljós en ella með rannsókn og undir eftirliti sérfróðra manna. Hins vegar kann útvegurinn að fara algerlega á mis við hin ágætustu veiðarfæri og tæki, vegna þess að einstakir útgerðarmenn treysta sér ekki til að framkvæma þær rannsóknir og þá tilraunastarfsemi, sem skorið getur úr um gagnsemi þeirra á íslenzkum fiskimiðum. Hér þarf sérstök stofnun, sem hefur þetta tiltekna verkefni, að koma til og leysa vandann.

Á undanförnum árum hafa verið flutt inn í landið fiskileitartæki, sem samtals

hafa kostað hundruð milljóna króna. Þegar á heildina er litið, blandast engum kunnugum hugur um, að tæki þessi hafa átt geysimikinn þátt í því að gera síldveiðar með herpinót að þjóðhagslega arðsamri atvinnugrein á ný. Hitt vita allir, sem til þekkja, að tæki þessi hafa verið misgóð. Þá er og reynslan sú, að afar miklu máli skiptir, hvernig tekst til um staðsetningu þeirra í skipum. Hefur oft komið fyrir, að óhentug eða skökk staðsetning gerði ágæt tæki nær óvirk. Í þessu efni hafa menn verið að þreifa sig áfram, svo að segja hver í sínu horni, án þess að nein leiðbeining af hálfu opinberra stofnana kæmi til.

Bóndi, sem vill hagnýta sér sérfræðiþekkingu og tækni nútímans í starfi sínu, getur snúið sér til tiltekinna stofnana og ráðunauta um hvað eina, er að búrekstri lýtur. Á það jafnt við um búfénað, ræktun, vélakaup og vélanotkun. Þetta þykir og er sjálfsagt. En útgerðarmaður, sem kaupir nýtt fiskiskip fyrir 15 millj. kr. eða meira, og skipstjóri, sem á að stjórna þessu dýra skipi, ásamt þeim tækjum öllum og veiðarfærum, sem því fylgja, þessir menn hafa í harla fá hús að venda um ráðleggingar varðandi val og meðferð tækja sinna. Þeir verða að mestu að treysta á eigið hyggjuvit og athuganir, sem oft er torvelt að öðlast nema að fenginni dýrkeypri reynslu. Þetta er fráleitt. Hér þarf sérstök stofnun að koma til, stofnun, sem hefur yfir að ráða sérmenntuðu starfsliði, fjármunum og tækjum, svo að hún geti sinnt því yfirgripsmikla verkefni að vera útvegsmönnum og sjómönnum til ráðuneytis og leiðbeiningar um tæknileg efni. Slíka stofnun hefur okkur Íslendinga skort lengi, en þörfin fyrir hana er þó brýnni nú en nokkru sinni fyrr, eftir að veiðitæknin er orðin mikil og fjölþætt og ný gerviefni, sem notuð eru í margvísleg veiðarfæri, streyma sífellt á markaðinn.

Aðrar fiskveiðiþjóðir, sem framarlega standa, hafa fyrir löngu skilið nauðsyn þessarar starfsemi. Hollendingar munu hafa riðið á vaðið. Það var þegar árið 1911, sem útgerðarmannasamtök þar í landi stofnuðu rannsóknarstofu, sem skyldi einkum hafa það verkefni að kanna veiðarfæraefni og veiðarfæri. Árið 1928 hófust skipulagðar rannsóknir Þjóðverja á þessu sviði. Eftir síðari heimsstyrjöld hafa margar fleiri fiskveiðiþjóðir, svo sem Kanadamenn, Japanir, Rússar, Indverjar o. fl., siglt í kjölfar Hollendinga og Þjóðverja og hafa nú komið sér upp slíkum rannsóknarstofnunum.

Um veiðarfærarannsóknir á Íslandi kemst Jakob Jakobsson fiskifræðingur svo að orði í tímaritinu Ægi 1. des. s. l.: „Þar eð Íslendingar nota einungis innflutt efni í veiðarfæri, er ljóst, hve mikið verkefni er hér á sviði veiðarfærarannsókna, og gegnir raunar furðu, hve lítið hefur verið unnið að þeim til þessa. Rannsóknarstofa Fiskifélags Íslands fékk tæki til prófunar á fínu garni árið 1936 og hefur að sjálfsögðu veitt útvegsmönnum þá þjónustu, sem þeir hafa óskað og unnt hefur verið að framkvæma með hinni einu litlu og ófullkomnu vél, sem sú stofnun hefur yfir að ráða. Þá hafa ýmsir aðrir aðilar, t. d. atvinnudeild háskólans og Netaverksmiðja Björns Benediktssonar, veitt mikla hjálp á þessu sviði, en um skipulegar rannsóknir á eiginleikum og notagildi veiðarfæraefna hefur ekki verið að ræða á landi hér. Vansalaust má slíkt ekki við svo búið standa öllu lengur."

Þess skal að lokum getið, að á Alþingi 1962 var lagt fram stjórnarfrumvarp um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Er það allmikill lagabálkur, saminn af atvinnumálanefnd ríkisins. Hafði nefndin lokið störfum við þetta verkefni í maímánuði 1960 og afhent um það leyti ríkisstjórninni frumvarpið ásamt ýtarlegum athugasemdum og greinargerð. Var málið síðan til meðferðar hjá stjórnarvöldum, unz það var lagt fram á Alþingi tveimur árum síðar. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu í það sinn og hefur ekki verið lagt fram síðan. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir tveimur rannsóknarstofnunum í þágu sjávarútvegsins, hafrannsóknadeild, er taka skyldi við verkefnum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og nokkrum að auki, og fiskiðnaðardeild, sem hafa átti sama verksvið og rannsóknarstofa Fiskifélagsins hefur nú. Meðal þeirra verkefna, sem hafrannsóknadeild skyldi falið, var að hafa með höndum „tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir

þar að lútandi". Er hér um að ræða eitt hið mikilvægasta þeirra rannsóknarefna, sem í þessari þingsályktunartillögu er lagt til að heyri undir tæknistofnun sjávarútvegsins. Nú er sýnt, að dráttur ætlar að verða á því, að sett sé heildarlöggjöf um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. En þó að það verði gert bráðlega, svo sem mjög er aðkallandi, er flm. þessarar þingsályktunartillögu eindregið þeirrar skoðunar, að tæknilegar rannsóknir á fiskiskipum, veiðarfærum og fiskileitartækjum eigi að fela sjálfstæðri stofnun, sem verði að rísa á fót sem allra fyrst. Löggjöf um tæknistofnun sjávarútvegsins þarf að setja þegar á næsta Alþingi. Á því leikur enginn vafi, að slík stofnun gæti gert hvort tveggja: sparað útveginum og þar með þjóðarheildinni mikla fjármuni og aukið framleiðslugetu fiskiflotans verulega, jafnvel svo að velta kynni á tugum milljóna ár hvert. Þegar sett verður heildarlöggjöf um rannsóknir í þágu íslenzkra atvinnuvega, hvort sem þess verður skammt eða langt að bíða, mundu lagaákvæði um tæknistofnunina falla inn í hana. Yrðu rannsóknarstofnanir sjávarútvegsins þá þrjár: hafrannsóknastofnun, rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og tæknistofnun útvegsins. Þær hefðu að sjálfsögðu ýmsa samvinnu sín í milli, en væru þó ekki um of háðar hver annarri, enda hefði hver sitt tiltekna verksvið.

Ed. 311. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Daníel Ágústínusson.

1. gr.

4. gr. laganna breytist þannig:
Orðin „leikhúsum og hvers konar" í f-lið falli niður.

2. gr.

7. gr. laganna breytist þannig:

1. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður, þannig:
   Vinna með skurðgröfum, jarðvinnsluvélum og hvers konar vegagerðarvélum.
2. 2. tölul. (verður 3. tölul.) orðist svo:
   Vinna við viðgerðir á skipum, flugvélum, landbúnaðarvélum og vegagerðarvélum.
3. Á eftir 11. tölul. (verður 12. tölul.) komi tveir nýir töluliðir, þannig:
   a. Þvottahús sjúkrahúsa, bæjar- og sveitarfélaga og samvinnuþvottahús.
   b. Leiksýningar og samkomur menningar- og líknarfélaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um söluskatt eru fjögurra ára. Upphaflega var hinn almenni söluskattur ákveðinn 3%, en hefur nýlega verið hækkaður í 5½%. Söluskatturinn, sem leggst með fullum þunga á allar lífsnauðsynjar, á veigamikinn þátt í dýrtíðarflóðinu undanfarin ár. Einn ef aðalhöfundum hans, núverandi viðskiptamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, sagði á Alþingi 1953 um söluskatt:

„Við þetta allt saman bætist svo, að söluskatturinn er í eðli sínu ranglátur. **Það er einhver ranglátasti skattur, sem lagður hefur verið af íslenzka löggjafanum.** Og það er ekki nóg með það, að hann sé ranglátur í eðli sínu. Framkvæmdin á sölu-

skattsinnheimtunni hefur og verið þannig, að á því er enginn vafi, að enginn skattur hefur verið svikinn jafnstórkostlega og söluskatturinn. Það er ekki aðeins ríkissjóður, sem tekur inn mikið fé í skjóli þessara lagaákvæða um söluskattinn, heldur taka ýmiss konar atvinnurekendur einnig inn stórfé í skjóli þessara ákvæða, Það er auðvelt að svíkja tekjuskatt fyrir því, sem hafa stórfelldan atvinnurekstur með höndum. Það er margfalt auðveldara að svíkja söluskatt. Það er jafnopinbert leyndarmál og skattsvikin í tekjuskattinum, að þau eru gífurleg í söluskattinum.“ — Alþt. 1953, B. 81.

Um svipað leyti sagði þáverandi formaður Alþýðuflokksins, Haraldur Guðmundsson, eftirfarandi um söluskatt:

„Ég álít — og Alþýðuflokkurinn er sömu skoðunar — að af — mér liggur við að segja — öllum þeim tollum, sem á eru lagðir hjá okkur, sé söluskatturinn ranglátastur og óskynsamlegastur. Hann er ranglátastur af því, að hann lendir langþyngst á þeim, sem minnsta getu hafa til að greiða til opinberra þarfa. Hann fellur langþyngst á barnmargar fjölskyldur og stór heimili, og það þarf ekki orðum að því að eyða, hversu ranglátt slíkt fyrirkomulag er til innheimtu opinberra gjalda.“ — Alþt. 1953, B. 109.

Það er því ekki óeðlilegt, að ástæða væri til breytinga á jafnvíðtækri löggjöf, sem hlotið hefur framangreinda lýsingu af höfundum sínum.

Með frumvarpi þessu er aðeins gerð tilraun til að sníða nokkra augljósa vankanta af lögunum. Tekin eru fá atriði, sem snerta starfsemi og þjónustu. Er farið mjög hóflega í breytingar í þeirri von, að um þær geti orðið almennt samkomulag og þær hljóti afgreiðslu á þessu þingi, svo sem mikil nauðsyn er á. Ég hef leyft mér að flytja fjórar breytingartillögur um aukin undanþáguákvæði í 7. gr. laganna. Skulu breytingar þessar skýrðar í einstökum atriðum:

1) Lagt er til, að skurðgröfur, jarðvinnsluvélar og allar tegundir vegagerðarvéla verði undanþegnar söluskatti. Í upphafi héldu margir, að vinna með fyrrnefnd tæki væri ekki söluskattskyld. Hafa þeir sennilega gert ráð fyrir því, að hún félli undir úrskurð ráðherra og hlyti þannig undanþágu. En niðurlag 7. gr. laganna er þannig: **„Ráðherra kveður nánar á um það, hvað fellur undir undanþáguákvæði þessarar greinar og næstu greinar hér á undan.“**

Í leiðbeiningum um söluskatt, sem fjármálaráðherra hefur látið gefa út — til viðbótar reglugerðinni — og skattheimtumönnum ríkissjóðs er ætlað að fara eftir, segir m. a.:

„Búnaðarfélög og ræktunarsambönd eru söluskattskyld af allri seldri vinnu og hliðstæðri starfsemi, sbr. úrsk. um vélavinnu.

Vélamenn: Vinna vélamanna skoðast sem hluti af vélavinnu og er söluskattskyld, sbr. vélavinna.

Vélavinna, þar með talin vinna þeirra, er vélunum stjórna.

Vinna með vélum og öðrum meiri háttar tækjum, sem notuð eru við húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð, svo sem ámokstursvélar, steypuvélar, jarðýtur, skurðgröfur, vegagerðarvélar o. s. frv., er skattskyld. Gildir þetta jafnt, hvort í hlut eiga einstaklingar eða fyrirtæki ríkis og bæjar. Vinna þeirra manna, sem með vélarnar fara, er einnig skattskyld.“

Það er því ekki um það að villast, að samkvæmt úrskurði ráðherra er starfsemi þessi söluskattskyld, enda þótt furðulegt megi teljast. Hér er yfirleitt ekki um venjulega sölu að ræða. Þótt búnaðarfélög og ræktunarsambönd semji gjaldskrár fyrir vélar sínar, miðast hún við það eitt að greiða nauðsynlegan rekstrarkostnað og halda tækjunum sæmilega við. Hér er því um samvinnu margra bænda að ræða um kaup og rekstur á jarðvinnsluvélum, í stað þess að einstakir bændur kaupi vélar til þeirrar starfsemi. Hefur þetta reynzt ágætlega og skilað margföldum árangri við það, sem einstaklingum væri kleift. Ræktunarframkvæmdirnar — hvort sem um er að ræða skurðgröft eða jarðvinnslu — eru því nánast gerðar á kostnaðarverði. Með jarðræktarstyrknum greiðir svo ríkissjóður hluta af kostnaðinum.

Það er óhugsandi, að ræktunarframkvæmdir bænda geti nokkurn tíma orðið tekjustofn fyrir ríkissjóð, eins og ætlazt er til með lögunum um söluskatt. Hér hlýtur því að vera um regin-misskilning að ræða, sem nauðsynlegt er að leiðrétta strax. En eins og lögin eru nú með viðeigandi skýringum, er hér um að ræða beinan skatt — 5½% á stærstu kostnaðarliðina við alla nýrækt í landinu.

Sama er að segja um söluskatt á vegagerðarvélar. **Hann er ekkert annað en skerðing á fjárveitingu til vegamála.** Ríkissjóður veitir tugi milljóna til vega- og brúamála í landinu, og alltaf er þörfin umfram fjárveitingu. Hvernig í ósköpunum má það svo ske, að vegagerðin er allt í einu orðin tekjustofn fyrir ríkissjóð?

2) Viðgerð á skipum og flugvélum er undanþegin söluskatti, samkv. 7. gr. laganna. Það er með öllu óeðlilegt, að sama gildi ekki um landbúnaðarvélar og vegagerðarvélar, því að annars er aðalatvinnuvegum þjóðarinnar stórlega mismunað. Með frumvarpinu er lagt til, að úr misræmi þessu verði bætt.

Búnaðarfélög og ræktunarsambönd hafa víða komið sér upp viðgerðarverkstæðum eða gerzt aðilar að þeim. Með þeim hætti er viðhald vélanna raunverulega unnið á kostnaðarverði. Verkstæði þessi hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir íslenzkan landbúnað til viðhalds og endurbóta á þeim mikla vélakosti, sem bændur hafa aflað sér á undanförnum árum. Það er alveg fráleitt að skattleggja þetta samvinnustarf íslenzkra bænda, frekar en verkstæði, sem einstakir bændur kynnu að reka á heimilum sínum til viðhalds eigin tækjum. Hér er því um mjög eðlilega og sjálfsagða leiðréttingu að ræða.

3) Samkvæmt 7. gr. laganna um söluskatt er rekstur sjúkrahúsa undanþeginn söluskatti. Hins vegar segir ráðherra í leiðbeiningum til skattheimtumanna sinna eftirfarandi:

„**Þvottahús bæjar- og sveitarfélaga** og annarra opinberra aðila, þar með talin þvottahús sjúkrahúsa, eru söluskattskyld af allri starfsemi sinni."

Það orkar vart tvímælis, að þvottur er mikilsverður þáttur í rekstri sjúkrahúsanna. Þess vegna munu öll sjúkrahús landsins telja jafnnauðsynlegt að hafa rúmgott þvottahús með fullkomnum vélum eins og eldhús, skurðstofu og herbergi til myndatöku. Það mætti því nákvæmlega á sama hátt leggja söluskatt á matinn í sjúkrahúsunum, skurðaðgerðir, myndatökur o. s. frv. Sama gildir og um þvottahús annarra heilbrigðisstofnana og elliheimila. Þetta er því fráleitara, þegar þess er gætt, að flest eða öll sjúkrahús landsins eru rekin með miklum halla og njóta þar að auki daggjalda frá ríkissjóði. **Hvaða vit er í því að gera slíkan rekstur að tekjustofni fyrir ríkissjóð?**

Sama er auðvitað að segja um þvottahús bæjar- og sveitarfélaga. Það er mjög skynsamleg ráðstöfun, sem ýmis sveitarfélög hafa gert, að byggja almenningsþvottahús — eitt eða tvö í hverju hreppsfélagi eftir staðháttum — með stórvirkum og fjölbreyttum þvottavélum, í stað þess að hvert heimili sé að kaupa slíkar vélar, þótt í smærri stíl sé. Með þessu fást betri vélar og öruggari í rekstri, auk hins mikla sparnaðar á vélakaupum. Rekstrarkostnaður vélanna skiptist svo á notendurna. **Hvaða skynsamleg rök mæla með því að gera þessa samhjálp þegnanna að tekjustofni fyrir ríkissjóð frekar en þvottavélar einstakra húsmæðra í landinu?** Áreiðanlega verða þau vandfundin. Það er einnig mjög virðingarverð þjónustustarfsemi, ef einstök bæjarfélög tækju að sér rekstur þvottahúsa til hagræðis fyrir íbúana. Ekki væri sæmandi, að ríkið gerði slíka starfsemi að tekjustofni sínum, frekar en annað, sem nefnt er hér að framan. Sama máli gegnir um samvinnuþvottahús, sem rekin eru í landinu.

4) **Samkomuhald er söluskattskylt.** Í fyrrnefndum leiðbeiningum ráðherra er fyrst rætt um skemmtanir, sem eru háðar hinum almenna skemmtanaskatti. Síðan segir:

„Af öðrum skemmtunum, sem aðgangur er seldur að, hvort heldur um er að ræða skemmtun, sem skattur er greiddur af til sveitarfélaga, eða skemmtun, sem aðeins þarf leyfi lögreglustjóra til að halda, skal söluskattur reiknaður af sölu-

verði aðgöngumiða. Sé aðgangur ekki seldur, skal skatturinn miðast við veltu, sem svarar til heildarkostnaðar skemmtunarinnar. Lögreglustjóri skal jafnan tilkynna formanni skattanefndar um hverja skemmtun, sem leyfi eru veitt fyrir.“

Það er fráleit lagasetning, að menn megi aldrei koma saman til fagnaðar án þess að gjalda ríkinu skatt eða verða lögbrjótar ella. En framangreind skýring ráðherra sýnir það ljóslega. Hér er lagt til að rýmka þetta ákvæði stórum og undanþiggja leiksýningar og samkomur menningar- og líknarfélaga frá skattheimtunni. Öll eiga þessi félög það sameiginlegt að vanta fé til starfsemi sinnar og berjast í bökkum fjárhagslega. Hér er því um mjög óeðlilegan tekjustofn að ræða fyrir ríkissjóð. Þó tekur út yfir, að þegar fólk kemur saman til gleðskapar og skiptir sameiginlegum kostnaði niður á þátttakendur, þá skuli samt vera skylt að leggja söluskatt á samkomuhaldið. Hér gengur skattheimtan áreiðanlega út yfir öll skynsamleg takmörk.

Eins og áður segir, hef ég í frumvarpi þessu valið fá atriði í von um það, að um þau fáist samkomulag á þessu þingi, enda ætti öllum að vera ljóst, að eðlilegt er að leiðrétta ýmsa vankanta á jafnviðtækri löggjöf, eftir að nokkur reynsla er fengin af framkvæmd hennar. Hér er ekki um tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð að ræða, sem skiptir verulegu máli, og í ýmsum þeim atriðum, sem frumvarp þetta fjallar um, hlýtur innheimtan að vera seinleg og erfið. Ég vænti því, að Alþingi geti fallizt á breytingartillögur þær, sem í frumvarpinu felast, og telji þær sanngjarnar og eðlilegar eftir þá reynslu, sem fengin er.

Nd. 312. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn, þeir Gunnar Gíslason, Benedikt Gröndal og Jónas Pétursson, vill afgreiða frumv. óbreytt. Minni hlutinn mælir með samþykkt þess, en gerir breytingartillögur, er hann flytur á sérstöku þingskjali.

Jarðræktarlögin eru sú lagasetning um landbúnaðarmál, sem segja má að sé móðir allra annarra laga um málefni landbúnaðarins. Með setningu jarðræktarlaganna kom fyrst verulegt skrið á ræktunarframkvæmdir bænda, enda var með þeim lögum fyrst viðurkennt í verki af löggjafans hálfu, að ræktun landsins og umbætur til eflingar atvinnurekstri bænda er mál, sem þjóðina alla varðar. Íslenzkur landbúnaður var að mestu byggður á rányrkju, allt fram til þess er jarðræktarlögin fóru að hafa áhrif, en þá hófst hér eins konar landnám á þann hátt, að bændur fóru að rækta og bæta landið, svo að uppskeran óx og varð árvissari og minna háð sveiflum tíðarfarsins en áður var. Með þátttöku ríkisins í kostnaði við ræktun og umbætur í sveitunum hefur þjóðin verið að tryggja sér örugga fótfestu í landinu. Framleiðsla hinna hollu matvæla er undirstaða þess, að þjóðinni geti fjölgað og liðið vel. Aðrar þjóðir, sem búa þó við meiri landkosti og hlýrra loftslag, telja ekki eftir há fjárframlög til að styrkja bændur í starfi þeirra.

Ákvæði jarðræktarlaganna um ríkisframlög eru úrelt orðin vegna breytts verðlags. Framlögin eru bundin við krónutölu á hverja einingu framlagsskyldra framkvæmda, að viðbættri verðlagsuppbót samkv. vísitölu, sem sett var föst á sínum tíma. Hefur þetta haft þau áhrif, að raunverulega er ríkisframlagið sífellt að lækka. Aðstaða bænda til að framkvæma umbætur hefur þannig stórversnað ár frá ári, eftir því sem dýrtíðin hefur stigið hærra og hærra. Með því að hækka jarð-

ræktarframlagið á túnrækt fyrst upp að 10 ha. og síðan upp í 15 ha., hefur þetta ekki orðið eins tilfinnanlegt hvað jarðræktina snertir og viðvíkjandi því að koma upp girðingum og byggingum, svo sem heyhlöðum, votheysgeymslum, garðávaxtageymslum, súgþurrkunarkerfum, safnþróm og áburðargeymslum.

Úr þessu þarf að bæta sem fyrst, svo að þessar framkvæmdir stöðvist ekki, en verði haldið áfram að reisa þær í því formi, er hæfir nútímabúskap.

Með hverju ári sem líður eykst mjög þörfin fyrir leiðbeiningarstörf kunnáttumanna í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins. Búnaðarsamböndin, sem nú bera verulegan hluta af kostnaði við störf héraðsráðunauta, bæði kaupi þeirra og ferðakostnaði, eru ekki fær um að standa undir þeim útgjöldum, hvað þá að auka þau með fjölgun ráðunauta, sem þó væri hin mesta þörf. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að taka tillit til þessa ástands og leggur til, að hækkaður verði hluti ríkisins af kostnaði við laun og ferðir héraðsráðunauta.

Sjálfsagt er að viðurkenna, að hið nýja framlag, sem í frv. er ákveðið til plógræsa, er þýðingarmikið og mun hjálpa verulega til við þurrkun lands. En lengra þarf að ganga, svo áríðandi sem það er, að þurrkun mýrlendis, bæði til ræktunar og beitar, gangi hratt. Ekki er með frv. gert ráð fyrir hækkuðu framlagi til annarrar framræslu en plógræsanna, en þau eiga að fá, að því er virðist, um 60% af kostnaði. Minni hlutinn vill, að framlag til hvers konar framræslu og annarra framkvæmda, sem framlagsskyldar eru, verði ákveðinn hluti af kostnaði og sé kostnaður við hverja tegund framkvæmda árlega metinn af sérfræðingum.

Lagt er til, að framlagið til framræslu, bæði opinna skurða og hvers konar lokaðra ræsa, verði 75% af kostnaði.

Þá vill minni hlutinn, að framlag til frumvinnslu lands til túnræktar verði hækkað, og leggur til, að það verði 25% af kostnaði, en nú mun þetta nema um 10%, og að það verði látið ná einnig til frumvinnslu vegna grænfóðurs- og kornræktar, því að slík fóðuröflun er jafn þýðingarmikil og taðan.

Án girðinga kemur ræktun ekki að gagni. En slíkar framkvæmdir eru kostnaðarsamar, og mun núverandi framlag til þeirra ekki vera nema 11% af verði girðinganna. Minni hlutinn leggur til, að þetta framlag hækki og verði 25%.

Framlag til þurrheyshlöðubygginga, sem eru mjög dýrar framkvæmdir, er svo lágt, að litlu máli skiptir fyrir þá, sem slíkar framkvæmdir gera, hvort þeir fá það eða ekki, en það mun vera sem næst 2.3% af kostnaði. Í tillögum minni hlutans er gert ráð fyrir, að það verði 15%.

Bændur hafa mjög verið hvattir til að koma upp votheysgeymslum til að auka öryggi í fóðurverkuninni. Framlag til þeirra er mjög lágt eða um 8.5% af kostnaðarverði. Er í tillögum minni hlutans gert ráð fyrir allríflegu framlagi, 25% af kostnaði, og mætti þá gera ráð fyrir örum framkvæmdum af þessu tagi, en aukin votheysgerð er mjög aðkallandi og þýðingarmikill þáttur til að efla afkomu bændanna.

Þá leggur minni hlutinn einnig til að hækka verulega framlög til áburðargeymslna (safnþróa, áburðarhúsa, haugstæða og kjallara) og að það verði 25% af kostnaðarverði slíkra bygginga. Enn fremur að framlag til garðávaxtageymslna, sem nú mun vera um 8.5%, verði 15%.

Í frumvarpinu er framlag til súgþurrkunar hækkað allmikið, er það góð ráðstöfun, svo langt sem hún nær. Minni hlutinn vill þó ganga lengra og hafa þetta ákveðinn hluta af kostnaði og leggur til, að það verði 40%.

Alþingi, 24. febr. 1964.

Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 313. Breytingartillaga [28. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi.

Frá Jóhanni Hafstein.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „sýslumanni Þingeyjarsýslu“ komi: eða öðrum.

Sþ. 314. Nefndarálit [19. mál]

um till. til þál. um sérstakar örorku- og dánarbætur sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þessa tillögu og fengið um hana umsagnir Tryggingastofnunar ríkisins, Sambands íslenzkra tryggingafélaga, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands og Sjómannasambands Íslands. Í þremur fyrstnefndu umsögnunum er ekki tekin bein afstaða til málsins, en Alþýðusambandið og Sjómannasambandið mæla eindregið með samþykkt tillögunnar, og er umsögn Sjómannasambands Íslands prentuð hér sem fylgiskjal.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, á hvern hátt megi tryggja, að allir íslenzkir sjómenn njóti sérstakrar slysatryggingar, eigi lægri en 200 þúsund krónur miðað við fulla örorku eða dauða. Athugun skal lokið fyrir þinglok vorið 1965.

Alþingi, 24. febrúar 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.
Pétur Sigurðsson.	Sverrir Júlíusson.	Einar Ágústsson.
	Gísli Guðmundsson.	

Fylgiskjal.

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 25. nóv. 1963.

Sjómannasambandið hefur móttekið heiðrað bréf allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 16. nóv. s. l., þar sem óskað er umsagnar sambandsins um meðfylgjandi till. til þál., um sérstakar örorku- og dánarbætur sjómanna.

Stjórn sambandsins hefur kynnt sér framangreindar tillögur og telur brýna nauðsyn bera til, að tryggingamálum sjómanna verði komið í viðunandi horf, og skorar því alvarlega á Alþingi að samþykkja tillögur þessar.

Eins og kunnugt er, þá eru þeir sjómenn, sem eru á skipum, sem skylda er að lögskrá á (þ. e. skip 12 smálestir og stærri), allir tryggðir fyrir kr. 200000.00 til kr. 250000.00, samkv. samningum sjómannafélaganna við útgerðarmenn, og er sú trygging auk hinnar lögbundnu tryggingar, en útgerðarmenn greiða iðgjöld.

Á bátum undir 12 smálestir og hinum svokölluðu trillum eru sjómenn aðeins tryggðir skv. hinum lögbundnu tryggingum, er hækka að vísu nú um áramótin, en samt

sem áður eru þeir mörgu sjómenn, sem á smærri bátunum eru, tryggðir fyrir um það bil helmingi lægri upphæð en þeir, sem á stærri bátum eru.

Þegar þessum málum hefur verið hreyft, hefur alltaf verið á það bent, hversu erfitt væri að innheimta iðgjöld af mönnum, sem eru á bátum, sem ekki er skylt að lögskrá á, en þar er vandinn auðleystur.

Ríkisstjórnin á einfaldlega að semja við eitthvert tryggingarfélagið að taka að sér þessar tryggingar, og ríkissjóður á að greiða iðgjöldin. Síðan má fela bæjarfógetum og hreppstjórum að innheimta iðgjöldin, um leið og innheimt eru iðgjöldin af hinni lögbundnu tryggingu og á sama hátt. Ef eitthvað kynni að verða vanheimt af iðgjaldaupphæðinni, verður ríkissjóður að greiða mismuninn.

Á það skal bent, að það er ekki lítill hluti af ársaflanum hverju sinni, sem færður er að landi af þessum smærri bátum. Sjómenn á þeim hafa verri aðstöðu til veiða en þeir, sem á stærri bátunum eru, og að mörgu leyti lakari aðbúð og kulsamari störf einnig, svo að segja má, að ekki væri ósanngjarnt, þótt ríkissjóður greiddi að fullu iðgjöld þeirra vegna eða a. m. k. einhvern hluta þeirra.

Sé vilji fyrir hendi, hlýtur að vera hægt að finna leið varðandi greiðslu eða innheimtu iðgjalda, og er hér bent á eina, sem verður að telja vel færa.

Stjórn Sjómannasambandsins vill í þessu sambandi minna á mannskaðana miklu, er urðu í apríl þessa árs, er 16 menn fórust af 6 bátum, og voru þeir menn mjög misjafnlega hátt tryggðir eftir því, hvort þeir fórust af smærri bátum eða stærri.

Slíkt **má ekki** koma fyrir aftur. Þessum málum verður að kippa í lag.

Virðingarfyllst,

f. h. Sjómannasambands Íslands,

Jón Sigurðsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 315. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um að rannsaka aðstöðu til vatnsaflsvirkjunar í Nauteyrarhreppi.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela raforkumálaskrifstofunni að rannsaka aðstöðu til vatnsaflsvirkjunar fyrir byggðina í Skjaldfannardal í Norður-Ísafjarðarsýslu og Langadalsströnd, nánar til tekið bæina Skjaldfönn, Laugaland, Laugarás, Ármúla I og II, svo og bæina Vonaland, Melgraseyri, Hamar, Hallsstaði, Hafnardal, Nauteyri, Rauðamýri og Tungu.

Skal rannsókn þeirri, er í tillögunni greinir, vera lokið, áður en næsta Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Byggðarlag það, sem um ræðir í tillögunni, er þannig sett, að það mun tæpast geta fengið raforku frá samveitukerfi ríkisins. Þess vegna ber að rannsaka hið fyrsta, hvort hagkvæm skilyrði séu fyrir hendi til vatnsaflsvirkjunar á þessum slóðum eða ekki.

Frá leikmanns sjónarmiði virðast virkjunarskilyrði vera álitleg í utanverðum Nauteyrarhreppi, og koma þar ýmis vatnsföll til greina.

Sérfræðiathugun virkjunarskilyrða þarf í fyrsta lagi að beinast að því, **hvert** þessara vatnsfalla hafi upp á hagkvæmust virkjunarskilyrði að bjóða, í annan stað

að skera úr, hve mörg býli á þessum slóðum geti fengið raforku frá sameiginlegri virkjun og í þriðja lagi, hver þeirra hefðu e. t. v. bezt skilyrði til sérvirkjana. — Þá þarf sérfræðiathugun að sjálfsögðu einnig að beinast að kostnaðarhlið þessara virkjunarframkvæmda, ef til kæmi.

Þau vatnsföll, sem til greina gætu komið til virkjunar fyrir bæina í Skjaldfannardal, eru einkum Traðarlækur og Bæjará, e. t. v. saman, þar eð á milli þeirra eru aðeins 150—200 metrar. Þar er fallhæð ágæt, en vatnsmagn takmarkað.

Öruggt má telja, að þarna sé næg orka fyrir bæina Skjaldfönn, Laugaland og Laugarás. Úr hinu þarf að skera með athugun, hvort sú virkjun gæti einnig séð bæjunum Ármúla I og II, Vonalandi og Melgraseyri fyrir nægri raforku.

Reynist vatnsmagn Traðarlækjar og Bæjarár ekki nægilegt, ber að rannsaka virkjunarskilyrði Selár hjá Selfossi. Þar er orkumagnið ekki rannsóknarefni, heldur miklu fremur leiðslukostnaður orkunnar.

Hraundalsá kemur sennilega ekki til álita.

Auk þeirra vatnsfalla, sem nú hafa verið nefnd, er það álit flutningsmanna, að einnig beri að athuga virkjunarskilyrði Kaldár, sem virðist hafa góð miðlunarskilyrði í Kaldárvatni og ágæta fallhæð, svo og virkjunarskilyrði Blævardalsár, sem kemur úr Mávavötnum og virðist einnig hafa upp á líkleg virkjunarskilyrði að bjóða. Sú á fellur til sjávar milli bæjanna Hamars og Hallsstaða, og kæmi til álita að virkja hana fyrir þá bæi og Hafnardal, eða jafnvel fyrir allan ytri hluta Nauteyrarhrepps. Æskilegt er, að einnig verði rannsökuð virkjunarskilyrði Hafnardalsár, Þverár og Hvannadalsár.

Á því svæði, sem um ræðir í tillögu þessari, eru ýmsar góðar bújarðir og sumar ágætar. Þá er í Skjaldfannardal gnægð jarðhita, og hefur þar nú verið reist garðyrkjunýbýli, sem e. t. v. er hið nyrzta í heimi. Jarðhiti er einnig innar á Langadalsströnd.

Með tilliti til þess, er nú var sagt, svo og álitlegra skilyrða til vatnsaflsvirkjana í þessu byggðarlagi, leggja flutningsmenn áherzlu á, að rannsókn sú, er í tillögunni greinir, verði framkvæmd, áður en næsta Alþingi kemur saman.

Ed. 316. Breytingartillögur [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá Daniel Ágústínussyni.

Við 2. gr.

1. Á eftir 3. tölulið komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
   29. töluliður orðist svo:
   29. Að fella niður gjöld af hljóðfærum til notkunar í skólum.
2. Við 4. tölulið bætist nýr undirliður, svo hljóðandi:
   37. Að fella niður aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir félagsheimili og skóla.

Nd. 317. Frumvarp til laga [170. mál]

um menntaskóla Austurlands á Eiðum.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jónas Pétursson, Halldór Ásgrímsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Stofna skal menntaskóla Austurlands á Eiðum.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Það er markmið skólans að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólanum eru fjórir ársbekkir.

4. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru þessi:

1. Að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum.
2. Að nemandi hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið.
3. Að hann sé siðferðilega óspilltur.
4. Að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

6. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólans veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

7. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólans verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með tilskilinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annað hvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kannað hafa hlaupið yfir.

8. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu og félagsfræði, kristinfræði, bókfærslu, íþróttir og söng. Heimilt er stjórn skólans að fjölga námsgreinum eða fækka að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

9. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok hvers skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.

10. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

11. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólans um úrlausnir hver hjá öðrum. Við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs og forstöðumanns skólans. Nánar verður kveðið á um próf og einkunnir í reglugerð skólans.

12. gr.

Forstöðumaður skólans og fastir kennarar hans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þeir skulu

skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild. Forstöðumaður ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans með samþykki fræðslumálastjórnar.

13. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð, ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má þó kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og í 17 stundir, er hann verður sextugur.

Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við forstöðumann og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum eitt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur greinargerðina fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt ársorlof nema einu sinni. Beiðni um ársorlof skal senda ráðherra með árs fyrirvara.

Menntamálaráðuneytið veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir, að orlofsári loknu, að gefa fullnægjandi skýrslu um orlofið að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Þess skal gætt, að framkvæmd orlofs trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

Nánari ákvæði um réttindi og skyldur kennara verða sett með reglugerð.

16. gr.

Menntamálaráðuneyti hefur á hendi yfirstjórn skólans. Forstöðumaður skólans og fastir kennarar skipa skólastjórn, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er eitt af skilyrðum þess, að byggðin í landinu þróist með eðlilegum hætti, að ríkisvaldið styðji sem víðtækasta starfsemi í hverjum landsfjórðungi og beiti sér fyrir framkvæmdum í því skyni.

Miklu máli skiptir, að skólar og aðrar menntastofnanir séu efldar í hverjum landshluta og nýjum komið á fót.

Með skólalöggjöfinni, sem í gildi er, var stefnt að því að gera aðstöðu ungmenna til framhaldsnáms hvarvetna á landinu sem jafnasta, þannig að í kaupstöðum og hinum fjölmennari héruðum landsins gætu nemendur í skólum gagnfræðastigsins lokið prófi, er gilti sem inntökupróf í menntaskóla. Þetta hefur greitt götu margra æskumanna á námsbraut, þótt ekki hafi tekizt alls staðar að

ná settu marki, þar sem orðið hefur sökum þrengsla í héraðsskólunum að synja um skólavist allmörgum, er sótt hafa um inntöku í þá skóla. Þannig er því farið um hina merku menntastofnun Austurlands, Eiðaskóla.

Skólaárið 1962—63 voru samt við nám í Eiðaskóla 126 nemendur. Í gagnfræðaskóla Neskaupstaðar sátu þá 79 nemendur. Og í unglingaskólum á ýmsum stöðum í Austurlandskjördæmi stundaði þá nám 181 nemandi. Í þessum landsfjórðungi voru þá nemendur á gagnfræðastiginu samtals 386.

En æskumönnum á Austurlandi gefst ekki kostur á menntaskólanámi heima í fjórðungnum. Allir þeir, er sækja vilja um inntöku í menntaskóla, verða að leita þaðan burt.

Að dómi flutningsmanna þessa frv. er eðlilegt og réttmætt, að stofnaður verði sem fyrst menntaskóli á Austurlandi, enda mjög mikilvægt, að slík menntastofnun verði reist og starfi í landsfjórðungnum.

Í 1. gr. þessa frv. er svo fyrir mælt, að stofna skuli menntaskóla Austurlands á Eiðum og að kostnaður við stofnun hans og rekstur greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti eru í frv. almenn ákvæði um starfsemi skólans, og eru þau að öllu leyti hliðstæð ákvæðum í gildandi lögum um menntaskóla.

Allir þingmenn Austurlands standa að flutningi málsins.

Sþ. 318. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um héraðsskóla að Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa byggingu héraðsskóla að Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Greinargerð.

Allir héraðsskólar eru nú yfirfullir, og verða ungmenni oft að bíða eitt til tvö ár eftir því að geta fengið námsvist í héraðsskóla. Þetta er afleiðing þess, að enginn nýr héraðsskóli hefur verið byggður síðastliðin 15 ár. Skógaskóli mun vera sá yngsti þeirra, en hann tók til starfa árið 1949. Hér stappar nærri, að í óefni sé komið, því að vissulega verður það að teljast meðal dýrmætustu mannréttinda æskufólks að geta aflað sér nauðsynlegrar almennrar menntunar. Og tvímælalaust er það ekki rétt stefna að láta löngum og löngum undir höfuð leggjast að byggja skóla til almennrar fræðslu, en þurfa síðan að rjúka í að byggja marga samtímis. Í þessu efni sem öðrum er affarasælast að svara kröfum eðlilegrar þróunar með jöfnum skrið.

Sem stendur munu vera starfandi 7 héraðsskólar á öllu landinu, og getur hver þeirra aðeins tekið á móti 35—40 nýjum nemendum á ári. Það eru því í mesta lagi 250—300 nemendur, sem nám geta hafið árlega í öllum héraðsskólunum. Þetta er sorglega lág tala og ber áhuga og skilningi stjórnarvalda um almenna alþýðumenntun ekki allt of fagurt vitni.

Það getur þannig ekki orðið ágreiningsefni, að þess er full þörf, að nýr héraðsskóli — eða jafnvel fleiri en einn — verði reistur hið fyrsta.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja eðlilegt, að Reykhólar í Austur-Barðastrandarsýslu verði fyrir valinu sem skólasetur. Þar hefur verið haldið uppi unglingaskóla nokkur undanfarin ár af miklum áhuga og fórnfýsi heimamanna, en sú kennsla hefur nú fallið niður vegna erfiðrar aðstöðu og brottflutnings forgöngumannsins, Sigurðar Elíassonar tilraunastjóra.

Nokkur byggð er þegar komin á Reykhólum, og bendir allt til þess, að þar rísi á næstu árum kauptún, er byggi á landbúnaði og iðnaði.

Það var á sínum tíma vel ráðið, er héraðsskólunum var yfirleitt valinn staður, þar sem gnægð var jarðhita, og hann nýttur fyrir þessar stofnanir, bæði til upphitunar húsakosts, til sundlauga og á ýmsan annan hátt. Hefur þetta þegar sparað þjóðfélaginu ógrynni fjár. Með tilliti til þessara náttúruauðæfa var héraðsskólunum að Laugarvatni, Laugum, Reykholti, Reykjanesi og Reykjum í Hrútafirði valinn staður.

Svo sem kunnugt er, búa Reykhólar yfir miklum auðæfum jarðhita, sem hingað til hafa ekki verið hagnýtt sem skyldi. Meðal annars með tilliti til þessa eru Reykhólar valinn skólastaður. Þá mundi skóli vera þarna vel settur. Enginn héraðsskóli er á öllu Vesturlandi allt frá Reykholti í Borgarfirði. Þá mundi skóli á Reykhólum vera merkur liður í uppbyggingu staðarins, en ýmis fyrirheit hafa að undanförnu verið gefin af opinberri hálfu um eflingu byggðar að Reykhólum, hinu forna og landkostaríka stórbýli og höfðingssetri.

Margt fleira, sem óþarft er hér að telja, mælir með því, að almennur æskulýðsskóli verði reistur á Reykhólum, og er það von flutningsmanna, að málinu verði svo vel tekið á háttvirtu Alþingi, að það fái afgreiðslu á þessu þingi, svo að skólabygging geti hafizt strax, er nauðsynlegum undirbúningsframkvæmdum væri lokið.

Sþ. 319. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Flm.: Unnar Stefánsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson.
Jón Þorsteinsson, Birgir Finnsson.

Alþingi ályktar að skora í ríkisstjórnina að láta athuga, með hverjum hætti hið opinbera geti haft eftirlit með viðleitni fyrirtækja til að hafa með sameiginlegri afstöðu á markaði óæskileg áhrif á verðmyndun í landinu og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í meira vöruúrvali og hagstæðara verðlagi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á seinasta þingi, en varð eigi afgreidd. Fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

„Ísland er nú eina ríkið meðal þjóða Vestur-Evrópu, sem hefur ekki lög um heimild hins opinbera til að hamla móti einokun eins fyrirtækis eða samtökum fyrirtækja um að halda uppi í skjóli einkasöluaðstöðu óeðlilega háu verði til að afla sér óréttmæts ágóða. Verðlagseftirlit í núverandi mynd gegnir ekki þessu hlutverki. Í Noregi er verðlagseftirlit. Þar hafa þó verið bannaðir nær 400 verðsamningar einkaaðila.

Mikil brögð eru hérlendis að samtökum fyrirtækja í sömu grein viðskipta, sem geta haft óæskileg áhrif, þótt ekki sé um risafyrirtæki að ræða. Verðsamkomulag tveggja eða þriggja smáaðila, sem ráða yfir miklum hluta framboðs í einni grein viðskipta, hefur ekki síður skaðleg áhrif á sínu sviði en myndun stórhrings, sem auðveldara væri að henda reiður á.

Í umsögn Hagstofu Íslands um tillöguna segir m. a.: „Ýmislegt bendir til þess, að fyrirtækjasamtök séu nú orðin talsvert útbreidd hér á landi, en hins vegar vantar alla vitneskju um ástand þessara mála hér í einstökum atriðum, vegna þess að aldrei hefur farið fram nein athugun á þeim. Hníga ýmis rök að því, að slík athugun verði látin fara fram."

Íslenzk löggjöf hefur ekki ákvæði, sem lúta að heimild hins opinbera til að hafa eftirlit með tilraunum fyrirtækjasamtaka til aðgerða, sem gætu haft óæski-

leg áhrif á vöruval og verðlag í landinu. Með flutningi þessarar tillögu er lagt til, að ríkisstjórnin láti rannsaka starfsemi þeirra fyrirtækjasamtaka, sem hafa einkasöluaðstöðu eða líkleg þykja til að geta öðlazt hana, og láti síðan undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um opinbert eftirlit með slíkum samtökum einkafyrirtækja.

Myndun fyrirtækjasamtaka hefur verið eitt meginvandamálið í markaðsþróun síðustu áratuga, einkum meðal þeirra þjóða, sem hafa vilja í heiðri lögmál **frjálsrar** verðmyndunar og athafnafrelsi einstaklinga. Sérstaklega kveður að þessum vanda í þeim ríkjum, sem nú eru með lækkun tolla og afnámi innflutningshafta að taka upp frjálsari viðskiptahætti sín á milli.

Víðari markaðsheild á Vesturlöndum ásamt greiðari samgöngum og fullkomnara vörudreifingarkerfi eykur til muna hagkvæmni sérgreiningar og stórrekstrar, sem á hinn bóginn skapar skilyrði til enn víðtækari verkaskiptingar yfir landamærin, en það er einmitt ein aðalundirstaða efnahagslegra framfara.

En samtímis því, að aukin sjálfvirkni í vélvæðingu og nýjar uppfinningar, sem gera byltingu á sviði tækniframfara, leiða til enn frekari stóriðju, þá safnast framleiðsla hverrar einstakrar vörutegundar saman á færri og stærri hendur, sem fá með þessum hætti einokunaraðstöðu og efnahagsleg völd.

Þessi þróun stafar meðal annars af því, að markaðshættir nútímans mótast í vaxandi mæli af einkasölusamkeppni með miklum fjölbreytileika vörutegunda, þar sem hver framleiðandi keppir að því, að gefa afurð sinni einhverja sérstöðu, sem veitir honum tækifæri til að reka sjálfstæða verðstefnu án verulegs tillits til verðákvörðunar annarra.

Reynsla undanfarinna áratuga hefur sýnt, að rík tilhneiging hefur verið til samvinnu fyrirtækja í stað samkeppni. Hafa fyrirtækin myndað með sér efnahagssamsteypur (trusts) eða efnahagssamtök (cartels) til að sölsa undir sig einhvers konar einkasöluaðstöðu á markaðinum. Í staðinn fyrir verðsamkeppni kemur þá formlegur verðsamningur eða leynilegt samkomulag, og er þannig úr sögunni frjáls samkeppni um verð, og í hennar stað kemur samkeppni á sviði sölustarfs, viðskiptagæða, þjónustu og auglýsinga.

Af þessum ástæðum má fullyrða, að stórum hafi dregið úr gildi frjálsrar samkeppni um verð í nútíma verzlunarháttum. Er ekki aðeins, að sjálfstæð einkafyrirtæki geti í krafti samtaka sinna, með hömlum á framboði eða framleiðslu, dregið úr eða útilokað samkeppni, heldur geta þau einnig staðið gegn auknum afköstum, hagnýtingu tækninýjunga og eðlilegri framþróun, sem ella mundi leiða til meiri heildarframleiðslu og aukinnar hagsældar. Einstök afbrigði fyrirtækjasamtaka geta haft að markmiði, auk þess að halda uppi verði, að takmarka gæði, samræma söluskilmála, leggja höft á innflutning og hömlur á framboð, skipta með sér sölusvæðum og viðskiptavinum og ákvarða sölukvóta í því skyni að bæta hag meðlima sinna á kostnað neytenda.

Samræmdar aðgerðir, sem að yfirlögðu ráði hafa þvílík markmið, geta ekki talizt einkamál viðkomandi fyrirtækja, sem geta verið mikilsverður hlekkur í þjóðarbúskapnum og eiga því skyldum að gegna við samfélagið.

Ríkisvaldið hefur því víðast hvar látið þetta vandamál til sín taka, annaðhvort bannað slík samtök með öllu, eins og í Bandaríkjunum, Ástralíu og Japan, eða tekið upp strangt eftirlit með starfsemi þeirra, eins og á Norðurlöndum, Englandi, Írlandi, Hollandi, Belgíu, Kanada og víðar. Fyrirtækjum er þá yfirleitt gert að tilkynna alla samninga sína hinu opinbera og gefa þær upplýsingar, sem það biður um.

Íslenzki markaðurinn er þröngur og hefur vegna smæðar sinnar og mikils innflutnings þá sérstöðu, að hér væri auðvelt fyrir kaupmenn, innflytjendur eða framleiðendur með framleiðendasamtökum og innkaupasamböndum að öðlast einkasöluaðstöðu og efnahagsleg völd.

Hins vegar hefur ríkisvaldið um langt skeið með verðlagseftirliti og sérstakri skipan innflutnings- og gjaldeyrismála tryggt sér aðstöðu til að fylgjast allnáið með

verðmyndun innanlands, sem af þeim sökum hefur ekki lotið neinum lögmálum frjálsrar verðmyndunar. Hefur af þessum sökum ekki verið talin ástæða til frekari íhlutunar um verðmyndun með markaðsrannsóknum og nánara eftirliti af hálfu ins opinbera.

Enda þótt verðlagseftirlit sé mikilsvert tæki til að vernda hagsmuni neytenda, þá hefur það að óbreyttri löggjöf engin skilyrði til að ná þeim tilgangi, sem hér er gert ráð fyrir. Ríkisstjórnin stefnir að frjálsum influtningi og heitir landsmönnum, að með því vilji hún stuðla að meira vöruframboði og frjálsara neyzluvali, en svo fremi getur hún náð þessu marki, að innflytjendur sjálfir láti ekki samtök sín viðhalda þeim óæskilegu höftum, sem hún vill afnema, og komi þannig beinlínis í veg fyrir, að ráðstafanir hennar í þessum efnum nái tilætluðum árangri.“

Til viðbótar framansögðu er rétt að láta þess getið, að borgarstjórn Reykjavíkur hefur nýlega samþykkt tillögu frá Óskari Hallgrímssyni, borgarfulltrúa Alþýðuflokksins, og er hún á þessa leið:

„Borgarstjórn Reykjavíkur beinir þeim tilmælum til hæstvirtrar ríkisstjórnar, að hún hafi forgöngu um, að sett verði á yfirstandandi Alþingi sérstök löggjöf um rekstur og starfsemi stórfyrirtækja og fyrirtækjasamsteypa, þar sem reistar verði sérstakar hömlur gegn einokunaraðstöðu, svo og gegn samtökum um verðákvarðanir, en hagsmunir neytenda verndaðir, m. a. með því að tryggja samkeppnisskyldur slíkra fyrirtækja.“

Sþ. 320. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um eflingu byggðar í Selvogi.

Flm.: Helgi Bergs, Ágúst Þorvaldsson, Óskar Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á vegum landnámsstjóra í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands athugun á því, á hvern hátt megi bezt koma í veg fyrir eyðingu byggðar í Selvogshreppi og efla byggð þar að nýju. Athugunin beinist m. a. að því, hvort ekki væri hagkvæmt að koma þar upp byggðahverfi samkv. lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, þar sem yrði gert ráð fyrir ræktun jarðávaxta í samvinnu- eða félagsrekstri.

Leiði slík athugun til jákvæðrar niðurstöðu að dómi landnámsstjóra og nýbýlastjórnar, skal þegar hefja undirbúning undir landnám samkv. IV. kafla nefndra laga.

Greinargerð.

Það er full þörf á, að gát sé höfð á því, að byggðarlög, þar sem atvinnuskilyrði eru góð, fari ekki í eyði vegna einangrunar eða annarra aðstæðna, sem viðráðanlegt er að ráða bót á. Ekki á þetta sízt við um þau byggðarlög, sem þannig eru í sveit sett, að þau liggja vel við samgöngum til helztu markaðssvæða.

Ein af þeim sveitum, þar sem mjög sígur á ógæfuhlið með þróun byggðarinnar, er Selvogshreppur í Árnessýslu, og liggur þó sú sveit vel við samgöngum við þéttbýlustu svæðin við sunnanverðan Faxaflóa og býr yfir ýmsum þeim landkostum, sem ætla mætti að nægðu til, að þar gæti þróazt blómlegur búskapur, ef til kæmi opinber stuðningur til að létta þá erfiðleika, sem þetta byggðarlag hefur átt við að stríða um hríð.

Lengst af íslenzkrar sögu hefur dafnað blómlegur búskapur í Selvogi og þar verið ýmis höfuðból að fornu og nýju, og þar er hin þjóðkunna Strandarkirkja. Selvogur var numinn á landnámstíð, og segir Landnáma frá því, að þar og í Krýsuvík hafi Þórir haustmyrkur og synir hans numið land. Í manntalinu 1703 eru þar

talin 18 bændabýli, 11 hjáleigur og 5 húsfólksheimili, en íbúar hreppsins voru þá 190 talsins. Síðar fer fólki þar fækkandi, einkum undir lok 19. aldar, og upp úr aldamótum er íbúafjöldinn kominn niður fyrir 100 manns. Helzt sú tala lítið breytt fram um 1940, og árið 1941 eru 89 manns á manntali í hreppnum, en þá fer aftur að fækka. 1951 eru þar 63 og 1960 43 íbúar á manntali. Á þeim árum, sem síðan eru liðin, hafa brottflutningar haldið áfram, og nú er aðeins búið á fimm býlum á þrem jörðum í hreppnum. Hætt er við, að þrautseigja þeirra, sem eftir eru, kunni að bresta, þegar þannig er komið.

Þegar þessar tölur eru athugaðar, ber að hafa það í huga, að áður var útræði stundað úr Selvogi, en það lagðist af, þegar bátar stækkuðu og hafnarskilyrði voru þeim ófullnægjandi. Eðlilega á þetta sinn þátt í fólksfækkuninni, en skýrir hana þó alls ekki að fullu, miðað við þá landkosti, sem virðast vera fyrir hendi. Sjálfsagt verður ekki aftur tekið upp útræði úr Selvogi, enda er nú að rísa upp hafnarbær þar skammt austar, Þorlákshöfn, sem liggur vel við aðdráttum og viðskiptum við Selvoginn.

Flm. virðist líklegt, að aðstæður til ræktunar jarðávaxta séu sérstaklega góðar í Selvogi. Veðurfar er mjög hagstætt og ræktunarskilyrði virðast góð. Kemur bæði til greina að rækta sandinn austur með ströndinni og rofin milli Selvogsheiðar og Hlíðarvatns. Eru það víðáttumikil svæði.

Flm. eru þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt hlutverk Landnáms ríkisins að hafa með höndum athugun á skilyrðum og forgöngu um ráðstafanir til þeirrar eflingar byggðarinnar í Selvogi, sem nauðsynleg er.

Við erum enn fremur þeirrar skoðunar, að samvinnu- eða félagsrekstur henti einkar vel slíkum búskap, sem hér er helzt gert ráð fyrir. En við viljum láta þá skoðun í ljós, að nauðsynlegt sé, að þær ráðstafanir, sem gerðar yrðu í þessu efni, væru svo stórar í sniðum, að stofnsett yrðu nægilega mörg heimili til þess að skapa grundvöll að eðlilegum nútíma þægindum og félagslífi, t. d. yrði þegar í stað að tengja Selvoginn rafveitukerfinu með því að leggja línu frá Þorlákshöfn eða Ölfusi um 15 km leið.

Sþ. 321. Fyrirspurn [174. mál]

til fjármálaráðherra um skiptingu framkvæmdalánsins (enska lánsins), sem tekið var samkvæmt lögum nr. 86 1962.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Helga Bergs.

1. Tiil hvaða framkvæmda á vegum ríkisins var fé varið af þessu láni og hve mikilli fjárhæð varið til hverrar framkvæmdar?
2. Hvaða aðilar, fyrirtæki og einstaklingar, fengu hluta af láninu? Hve háa fjárhæð fékk hver aðili, til hvaða verks og með hvaða kjörum?

Ed. 322. Lög [152. mál]

um laun forseta Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 25. febr.)

Samhljóða þskj. 275.

Ed. 323. Lög [146. mál]

um þingfararkaup alþingismanna.

(Afgreidd frá Ed. 25. febr.)

Samhljóða þskj. 266.

Nd. 324. Lög [39. mál]

um breyting á lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 25. febr.)

Samhljóða þskj. 108.

Nd. 325. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til laga um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið á nokkrum fundum sínum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hl. nefndarinnar (EI, MB og US) fellst á, að nauðsynlegt hafi verið, eins og á stóð, að setja bráðabirgðalög um lausn kjaradeilu verkfræðinga á síðastliðnu sumri. Hins vegar telur meiri hl. nefndarinnar óeðlilegt, að gildistími laganna sé ekki ákveðinn. Meiri hl. leggur því til, að frumv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

4. gr. orðist svo:

Ákvarðanir gerðardóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistökudegi laga þessara, þar til nýir heildarsamningar hafa verið gerðir við ríkisstarfsmenn eða kjaradómur hefur fellt nýjan úrskurð um launakjör þeirra eftir árslok 1965.

Nú fellir kjaradómur úrskurð samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og skulu þá kjör verkfræðinga samkvæmt gerðardómi, dags. 28. okt. 1963, breytast til samræmis við úrskurð kjaradóms um kjör hliðstæðra ríkisstarfsmanna.

Minni hluti nefndarinnar (SkG og ÓskJ) er andvígur frumvarpinu og leggur fram sérstakt nefndarálit um það.

Alþingi, 25. febr. 1964.

Einar Ingimundarson, form., frsm.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.

Ed. **326. Frumvarp til laga** [175. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Björn Jónsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert í 1¾ virkan dag fyrir hvern mánuð, sem hann hefur unnið næsta orlofsár á undan, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið frá 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími er ekki talinn með. Brot orlofsdags, sem nemur meira en hálfum degi skv. 1. málsgr., telst heill dagur, en lægra broti skal sleppt.

Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt eða hann er í orlofi. Það telst einnig vinnutími samkvæmt þessari grein, ef kona er frá vinnu vegna barnsburðar í allt að 12 vikur.

2. gr.

a. 1. málgsr. 4. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem fer í orlof, á rétt á að fá greitt sem orlofsfé 8% — átta af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan.

b. 2. málsgr. 4. gr. laganna falli brott.

c. 4. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsmenn, sem eru í föstu starfi. Þegar þeir fara í orlof og hafa unnið hjá sama vinnuveitanda samfleytt næsta orlofsár á undan, halda þeir kaupi sínu óskertu orlofsdagana og fá auk þess greiðslu, sem svarar 8% — átta af hundraði — af kaupi því, sem þeir hafa fengið fyrir unna eftir-, nætur- og helgidagavinnu næsta orlofsár á undan. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag, áður en orlof hefst.

3. gr.

Aftan við 8. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt, ef betur þykir henta, að veita Alþýðusambandi Íslands umboð til að fara með þá framkvæmd þessarar greinar, sem ella fer fram á vegum póststjórnarinnar, gegn hæfilegri þóknun, sem samkomulag verður um.

4. gr.

Ákvæði laga þessara um lengd orlofs taka gildi 15. maí 1965. Að öðru leyti taka lög þessi gildi nú þegar.

Greinargerð.

Lög um orlof voru fyrst sett hér á landi árið 1943, en undanfari þeirrar löggjafar voru samningar stærstu verkalýðsfélaganna (Dagsbrúnar) um orlofsrétt og starf milliþinganefndar, sem kjörin var af Alþingi 1941 samkv. þál. um skipun slíkrar nefndar „til undirbúnings löggjafar um lögverndað orlof verkamanna og sjómanna og ráðstöfunar til framkvæmda þeim málum“, eins og það var orðað í till. Þegar hér var komið sögu, var orlofsréttur opinberra starfsmanna þegar viðurkenndur, svo og verzlunar- og skrifstofufólks.

Þessi fyrsta orlofslöggjöf gekk að vísu ekki stórum lengra en svo, að lögfest voru réttindi, sem þegar höfðu náðst af hinum stærri verkalýðsfélögum og aðrir höfðu náð án beinna samninga, en þó var þar um allmörg nýmæli að ræða (orlof sjómanna), og mikils var um vert, að með lögunum voru hin fengnu réttindi tryggð

til frambúðar og framkvæmd orlofsréttarins settar fastmótaðar skorður. Við setningu orlofslaganna var í verulegum mæli höfð hliðsjón af orlofslöggjöf Norðurlanda, en þar höfðu slík lög gilt árum saman (í Noregi frá 1936, í Svíþjóð frá 1938 og í Finnlandi frá 1939).

Með orlofslögunum 1943 var öllum, sem störfuðu í þjónustu annarra, tryggt orlof í einn dag fyrir hvern almanaksmánuð, sem þeir höfðu unnið næsta orlofsár á undan, og greiðsla fyrir orlofstímann ákveðin með þeim hætti, að fastir starfsmenn héldu óskertum launum, en lausráðið fólk fékk með kaupgreiðslum hverju sinni orlofsmerki, sem voru útleysanleg í byrjun orlofs fyrir upphæð, sem svaraði til 4% af dagvinnukaupi næstliðið orlofsár, og að auki jafnháan hundraðshluta af kaupi fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu reiknuðu eins og sú vinna hefði öll verið unnin í dagvinnu.

Síðan 1943 hafa aðeins einu sinni verið gerðar umtalsverðar breytingar á orlofslöggjöfinni, en það var gert með lögum 4. febr. 1957, er þáv. félagsmálaráðherra, Hannibal Valdimarsson, beitti sér fyrir. Með þeim lögum voru felld inn í löggjöfina þau auknu réttindi, sem verkalýðssamtökin höfðu náð fram með samningum við atvinnurekendur, hlutarsjómönnum tryggð full greiðsla orlofsfjár úr hendi atvinnurekenda og fyrningarréttur orlofsfjár ákveðinn hinn sami og um venjulegar kaupkröfur væri að ræða. En verkalýðsfélögin höfðu í desemberverkfallinu 1952 náð samningum um hækkun orlofsfjár úr 4% í 5%, og enn höfðu þau knúið fram hækkun í verkföllunum miklu vorið 1955 úr 5% í 6%, og orlofstíminn var þá ákveðinn 18 virkir dagar fyrir fullvinnandi starfsfólk.

Síðan 1957 hefur engin breyting verið gerð á orlofslögunum, en á því tímabili, sem síðan er liðið, hefur verkalýðshreyfingin fengið fram þá breytingu á greiðslu orlofsfjár (í vinnudeilunni 1961), að það er nú greitt með 6% af öllum kaupgreiðslum lausráðins fólks. Þeir, sem eru í föstu starfi, búa þó enn við þau ákvæði, að orlofsgreiðsla kemur ekki fyrir eftir-, nætur- eða helgidagavinnu þeirra. Einstök verkalýðsfélög hafa einnig náð hagstæðari samningum um lengd orlofstíma fyrir starfsfólk, sem unnið hefur lengi hjá sama vinnuveitanda.

Af framangreindu er ljóst, að orlofslöggjöfin hefur ekki breytzt í samræmi við þróun þess orlofsréttar, sem verkalýðssamtökin hafa samið um við atvinnurekendur, og því fer enn fjarri, að löggjafinn hafi á nokkurn hátt rutt brautina fyrir nýjum umbótum.

Á sama tíma og alger kyrrstaða hefur verið í þessum efnum hér á landi af hálfu löggjafans um fjölda ára, hefur annars staðar um Norðurlönd orðið veruleg breyting á orlofslöggjöf til aukins réttar vinnandi manna, og stendur hin íslenzka orlofslöggjöf því nú mjög verulega að baki orlofslöggjöf hinna Norðurlandanna. Þannig hafa Svíar nú fyrir skömmu (1963) samþykkt nýja orlofslöggjöf, og tekur hún fullt gildi á komandi vori. Samkvæmt henni verður lágmarksorlof fullvinnandi fólks nú á þessu ári **24 virkir dagar** (2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á næstliðnu orlofsári), og orlofsfé er ákveðið 9% af kaupi. Ríkisstjórn Danmerkur hefur gefið út yfirlýsingu um stórbætta orlofslöggjöf á næstunni, en orlofsfé er þar nú 7¼% af kaupi. Norðmenn búa við orlofslöggjöf frá 1962, og er lágmarksorlof samkvæmt henni 21 virkur dagur og orlofsfé 7½% af kaupi. Því má svo við bæta, að stöðugri sókn er haldið uppi á þessu sviði af hálfu alþýðusamtakanna, með meiri eða minni stuðningi viðkomandi ríkisstjórna.

Þegar gerður er samanburður við hin Norðurlöndin í þessum efnum, verður að hafa það í huga, að þar býr alþýða manna við miklu skemmri vinnudag en tíðkast hér á landi, yfirleitt ekki yfir 45 stundir á viku, og eru af þeim ástæðum enn sterkari rök, sem að því hníga, að vinnustéttunum hér á landi sé tryggður a. m. k. jafn réttur til árlegs orlofs og þar er nú í gildi og þó helzt nokkru betri vegna hins mikla vinnuálags, sem verkafólk verður almennt að þola hér á landi.

Að þeim breytingum samþykktum, sem hér er lagt til að gerðar verði á gildandi orlofslögum, verður að telja, að í meginatriðum væru þau orðin sambæri-

leg við hliðstæða löggjöf annarra Norðurlanda, en breytingarnar eru efnislega sem hér segir:

1. Að lágmarksorlof verði lengt úr 18 dögum í 21 dag.
2. Að orlofsfé verði 8% af kaupi í stað 6% nú.
3. Að fólki í föstu starfi verði tryggð greiðsla orlofsfjár af eftir-, nætur- og helgidagavinnu á sama hátt og verkalýðsfélögin hafa tryggt skjólstæðingum sínum slíkar greiðslur með samningum.
4. Að ríkisstjórninni verði heimilað að fela Alþýðusambandi Íslands þá framkvæmd orlofslaganna, sem nú er falin póststjórninni, en flm. telur, að með þeim hætti væri framkvæmd hinna mikilvægu orlofsréttinda færð nær þeim, sem þeirra eiga að njóta, og yrðu því raunhæfari þeim til hagsbóta og heilla.
5. Að konur skuli einskis í missa um orlofsrétt, þótt þær séu frá verkum í allt að 3 mánuði vegna barnsburðar.

Flm. vill að lokum vænta þess, að frv. þetta hljóta greiða afgreiðslu á hv. Alþingi, ekki sízt með tilliti til þeirrar staðreyndar, að íslenzkt verkafólk á sjó og landi hefur nú um skeið lagt á sig meiri vinnu og meira erfiði til þess að auka þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur en dæmi eru til a. m. k. í okkar heimsálfu og á því sérstakan kröfurétt á því, að sá hluti þess grundvallarréttar að mega njóta hæfilegrar hvíldar frá störfum, sem fólginn er í réttinum til orlofs, sé veittur því af rausn og réttlæti.

Sþ. 327. Þingsályktun [18. mál]

um að bæta viðgerðarþjónustu í sambandi við fiskileitartæki síldarflotans.

(Afgreidd frá Sþ. 26. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvernig bæta megi viðgerðarþjónustu í sambandi við fiskileitartæki síldveiðiflotans, þar á meðal verði athugaðir möguleikar á hreyfanlegri þjónustu.

Sþ. 328. Þingsályktun [66. mál]

um rannsókn á kali í túnum.

(Afgreidd frá Sþ. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 71.

Sþ. 329. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um vinnuaðstöðu og sumarhvíld barna og unglinga.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd, sem taki til athugunar aðstöðu barna og unglinga innan 15 ára aldurs til eðlilegrar og heilbrigðrar sumarhvíldar og hæfilegrar og þroskandi vinnu þann tíma, sem börnin eru ekki í skóla.

Nefndin geri ýtarlega skýrslu um athuganir sínar, sem lögð sé fyrir Alþingi, og skili jafnframt tillögum um úrbætur í þessum efnum fyrir haustþing 1964.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þeirri, sem hér er flutt, var flutt á síðasta þingi af frú Margréti Sigurðardóttur, sem þá átti sæti á Alþingi. Þannig greinargerð fylgdi tillögu hennar:

„Í flestum löndum, þar sem um svipaða skólaskyldu er að ræða og hér á landi, eru skólarnir starfræktir mestan hluta ársins. Þar eru skólaleyfin einungis notuð nemendum og kennurum til hressingar og hvíldar frá störfum og námi.

Hér á landi er hafður annar háttur á. Skólar eru yfirleitt ekki starfræktir lengur en í 8 mánuði árlega. Vissir kostir þessa stutta árlega námstíma liggja í augum uppi, svo sem möguleikar nemenda til þess að afla tekna til námskostnaðar, þátttaka nemenda í atvinnulífi landsmanna og kynning og samskipti við hinar ýmsu þjóðfélagsstéttir. Fyrir þá, sem stunda langskólanám, hefur þetta hin jákvæðustu áhrif, en gagnvart börnum og unglingum, sem eru í skyldunámi, koma þessi rök ekki til greina.

Um það eru líka farnar að heyrast raddir, að þróunin hér á landi hljóti að leiða til lengri árlegs námstíma, líkt og erlendis. Hins vegar eru þessar kröfur ekki svo almennar, að ástæða sé til að ætla, að róttækar breytingar á fræðslukerfi okkar í þessa átt standi fyrir dyrum. „Iðjuleysið er rót alls ills," segir máltækið. Og börn una iðju- eða réttara sagt athafnaleysi aldrei. Aðalvandræðin og e. t. v. má segja hættan er fólgin í því, að þegar börnin missa hið skipulega aðhald skólanámsins, er freistingin langtum meiri til að leiðast út í athafnir, sem eru miður heppilegar fyrir börnin og oft óþolandi fyrir umhverfi barnanna, fjölskyldur þeirra og nágranna.

Þetta er flestum foreldrum ljóst, og þess vegna reyna þeir að koma börnunum í einhvers konar vinnu.

Fyrsta verkefni slíkrar nefndar, sem hér er lagt til að kosin verði, yrði því að athuga, hvernig sumarvinnu barna og unglinga er varið, hve mörg stunda ákveðna vinnu, hvers konar vinnu og hve langur vinnudagur þeirra er. Þá fyrst, er nokkurt yfirlit er fengið í því efni, er unnt að gera sér grein fyrir, á hvern hátt framlag og frumkvæði ríkisins kæmi bezt að haldi. Þar getur orðið um ýmsar leiðir að ræða, t. d. rekstur vinnuskóla, að láta unglinga sitja fyrir um vinnu eða mynda heila vinnuflokka, sem vinna störf, sem þeim eru holl og heppileg, og fleira. Sömuleiðis kemur til álita, hvort ríkið hefði slíkan rekstur algerlega á sínum vegum eða aðallega yrði farin sú leið að styrkja á myndarlegan hátt slíka starfsemi á vegum bæjarfélaga og kauptúna og félagasamtaka.

Einnig þyrfti að athuga, hvort hægt væri að annast einhvers konar miðlun um sumardvöl barna á sveitabæjum og þá jafnframt eftirlit með slíkri dvöl.

Þörfin á því, að athafnaþrá barna og unglinga sé virkjuð með einhvers konar vinnu, er viðurkennd hér á landi. Má heita, að það hafi verið grundvallarsjónarmið í uppeldismálum þjóðarinnar í gegnum aldir.

Í augum fjölda fólks er það grundvallarsjónarmið í uppeldismálum enn þá.

Það er þó nauðsynlegt að skilja, að eigi þjóðin að svara þeim kröfum, sem nútímaþjóðfélag gerir um langa og jafnframt stranga skólagöngu og sérhæfingu á ótalmörgum sviðum, og eigi hún jafnframt að halda því, sem hefur verið aðalsmerki íslenzkrar menningar, þ. e. traust alþýðumenning, þarf hún að búa mjög vel að æsku landsins.

Það nægir ekki fleiri og betri skólar og betri aðstaða kennara. Það þarf einnig að skipuleggja hin löngu, samfelldu „sumarfrí", sem börn og unglingar hafa frá skólanámi. Þann tíma má ekki einungis nota til stritvinnu, sem að vísu forðar e. t. v. frá öðru verra og gefur peninga í aðra hönd, heldur þarf sá tími fyrst og fremst að notast til uppbyggingar andlegra og líkamlegra krafta, veita unglingum félagslegt uppeldi og siðferðisþrótt.

Í þeim tilgangi er annar liður þessarar tillögu fram borinn.

Nefndin ætti að athuga möguleika á að hefja starfsemi sumarbúða fyrir unglinga, svo að að því yrði stefnt, að skólabörn frá 12—15 ára aldurs ættu slíkrar dvalar

kost í nokkrar vikur árlega fyrir viðráðanlegt gjald. Í slíkum búðum yrðu börnin undir handleiðslu hæfra manna (t. d. kennara), iðkuðu íþróttir, leiki, gönguferðir og náttúruskoðun.

Slík starfsemi er ekki með öllu óþekkt hér á landi. T. d. hefur Kristilegt félag ungra manna og kvenna rekið sumarbúðir í Vatnaskógi í Borgarfjarðarsýslu, og nú síðustu árin hafa tveir ungir íþróttamenn hafið slíka starfsemi á eigin vegum.

Það er skoðun flutningsmanns þessarar tillögu, að hér sé um merkt mál að ræða, sem ástæða sé til að athuga af gaumgæfni, og að það sé líklegt, ef vel tekst til um framkvæmd, til að verða hollur þáttur í þjóðaruppeldi Íslendinga.

Þeirri nefnd, sem hér er lagt til að kosin verði, bæri að sjálfsögðu að leita sér nákvæmra upplýsinga hjá þeim aðilum, sem gerst vita um ástand og líklegastir eru til að kunna ráð til úrbóta í þeim efnum, sem þingsályktunartillaga þessi fjallar um.“

Ed. 330. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til lóðakaupa í Hveragerðishreppi.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi breytingu samkvæmt ábendingu skipulagsstjóra.

BREYTINGARTILLAGA:

Við 1. gr. Aftan við orðin „lóðir og landspildur í Hveragerði“ bætist: meðal annars með makaskiptum á lóðum.

Alþingi, 27. febr. 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Karl Kristjánsson. Daníel Ágústínusson.

Nd. 331. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til laga um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Við leggjum til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 27. febr. 1964.

Skúli Guðmundsson, frsm. Óskar Jónsson.

Nd. 332. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Lúðvík Jósefssyni og Geir Gunnarssyni.

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Verði ungmenni undir 21 árs aldri uppvíst að ölvun, skulu viðkomandi lögregluyfirvöld skyld að hefja rannsókn á því, hver selt hefur eða veitt áfengið, og skulu hinir seku sæta sektum.
2. Við 3. gr. Orðin „nema í fylgd með forráðamönnum sínum“ falli niður.

Nd. 333. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [28. mál]

í málinu: Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi.

Frá Einari Olgeirssyni.

Þar eð deildin álítur, að eigi beri að selja fleiri þjóðjarðir, nema þá máske ábúendum, felur hún ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á því annars vegar, hve margar þjóðjarðir eru enn óseldar, og hins vegar, hve margar jarðir í einstaklingseign eru í eyði eða að fara í eyði, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 334. Þingsályktun [101. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda alþjóðasamninginn um takmarkað bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn.

(Afgreidd frá Sþ. 27. febr.)

Samhljóða þskj. 128.

Sþ. 335. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um endurskoðun á reglum um unglingafræðslu utan kaupstaða.

Flm.: Björn Pálsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gefa út nýja reglugerð um unglingafræðslu utan kaupstaða, þar sem m. a. séu ákvæði um eftirtalin atriði:

a. Aðstoð vegna ólögboðinnar unglingafræðslu utan kaupstaða verði aukin þannig, að kennarar við hana njóti svipaðra launakjara og við hliðstæða skóla í kaupstöðum, enda sé lágmarkstala nemenda ákveðin.
b. Ákveðið verði um skiptingu á kostnaði við milliferðir, húsnæði o. fl. milli nemenda, sveitarfélaga og ríkissjóðs.
c. Reglur verði settar um námsgreinar og próf, sem tryggi það, að unglingafræðslan í heimangönguskólum sé hliðstæð og í tveimur fyrri bekkjum gagnfræðaskóla og miðskóla.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Árið 1946 voru samþykkt lög um fræðslumál. Samkvæmt þeim lögum var unglingum í kaupstöðum og stærri kauptúnum skylt að stunda nám í 2 vetur að loknu barnaprófi, nema undanþága væri veitt til styttri fræðsluskyldu. Þessari námsskyldu hefur ekki enn verið komið á í flestum sveitahreppum og fámennari kauptúnum.

Skólanám unglinga hefur mjög aukizt síðan 1946. Kröfur til menntunar nú eru meiri vegna vaxandi vinnutækni, og efnahagur fólks hefur batnað, svo að auðveldara er fyrir foreldra að aðstoða börn sín til náms. Gagnfræðaskólar og miðskólar með landsprófi hafa verið stofnaðir í kaupstöðum og nokkrum kauptúnum. Gerbreytir það námsaðstöðu unglinga á viðkomandi stöðum. Ódýrara er að búa á heimilum foreldra og betra fyrir óþroskaða unglinga að geta dvalizt í heimahúsum. Unglingar í sveitum og fámennari kauptúnum hafa hins vegar aðra og lakari námsaðstöðu. Í nokkrum byggðarlögum eru héraðsskólar, þar sem unglingar geta lokið gagnfræða- eða landsprófi. Þessir skólar eru of fáir, svo að mörgum unglingum þarf árlega að neita um skólavist.

Ríki og sveitarfélög hafa ekki enn lagt fram nægilegt fé, svo að hægt sé að veita öllu æskufólki landsins skólavist. Úr þessu hefur ofurlitið verið reynt að bæta með unglingaskólum í þorpum. Fjárveiting til þeirra hefur vægast sagt verið mjög takmörkuð, og reglugerðarákvæði um þá eru algerleg ófullnægjandi, sem eðlilegt er. Skólaárið 1961—62 hafa 95 nemendur fengið tilsögn í slíkum skólum, og styrkur frá ríkinu nam það ár 165 þús. kr., eða 1740 kr. á nemanda. Á fjárlögum 1963 er fjárveiting til héraðsskóla, sem hafa um 100 nemendur, nálægt 1 millj. kr., eða 10000 kr. á nemanda. Hér er því um ósamræmi að ræða. Það er óverjandi, að ríki og byggðarlög búi ekki þannig að æskufólki, að skilyrði til menntunar geti verið sem líkust, eftir því sem við verður komið, án tillits til þess, hvar fólkið er búsett.

Unglingaskólar eru of fáir og litlar líkur til, að úr því verði bætt til fulls næstu árin. Með tilliti til bættra samgangna er gerlegt í ýmsum byggðarlögum að starfrækja heimangönguskóla fyrir unglinga. Það verður samt ekki gert, nema fjárráð séu nægileg, til þess að unnt sé að fá hæfa kennara og gera aðstöðu að öðru leyti viðunandi. Flestir foreldrar kjósa frekar að þurfa eigi að senda 13—15 ára unglinga til fjarlægra staða til náms, ef kostur væri, að þeir gætu notið hliðstæðrar menntunar í heimasveit. Slíkt mundi og hafa minni kostnað í för með sér, en fjárráð flestra eru takmörkuð, a. m. k. þar til þeir hafa náð þeim aldri að geta unnið fyrir námskostnaðinum. Þó að ríkið styrkti unglingaskóla mun meira en verið hefur, mundi kostnaður við hvern nemanda verða minni en á heimavistarskólum. Báðir aðilar gætu því hagnazt.

Með reglugerð þarf að ákveða um skyldur og réttindi kennara og nemenda við heimangönguskóla, enda eðlilegt, að aukinni aðstoð fylgi meira eftirlit. **Tryggja þarf,** að námstilhögun og námsárangur verði eigi lakari en í gagnfræðaskólunum, þannig að unglingarnir gætu farið úr heimangönguskólum í efri bekki gagnfræða- og miðskóla.“

Sþ. 336. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um vináttuheimsókn fulltrúa Alþingis til Grænlendinga.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að senda nefnd fimm alþingismanna í vináttuheimsókn til Grænlendinga á sumri komandi eða næsta ári, eftir því hvernig á stendur fyrir

forustumönnum Grænlendinga að taka á móti slíkri heimsókn. Skal þessi alþingisför til Grænlands farin til þess að koma á meira og betra sambandi milli grænlenzku og íslenzku þjóðarinnar. Skal alþingisnefndinni heimilt að gera í förinni ýmsar ráðstafanir, er orðið gætu til þess að efla menningartengsl og vináttu þjóðanna. Skal þá meðal annars haft í huga, að komin væru á náin kynni og góð samskipti þjóðanna, er að því kæmi að minnast þess, að 1000 ár væru liðin frá því, að Íslendingar fundu Grænland.

Nefndin skal skipuð á þann hátt, að forseti sameinaðs Alþingis sé formaður hennar, en síðan tilnefndur einn þingmaður frá hverjum flokki. Nefndin skal hafa heimild til þess að bjóða vísindamönnum og blaðamönnum með í förina. Kostnaður við heimsóknina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Grænlendingar eru næstu nágrannar vorir. Vér höfum þó haft við þá minni samskipti en við nokkra aðra þjóð, þá er byggir Norðurlönd, sumpart af óviðráðanlegum ástæðum.

Land þeirra, Grænland, er tengt sögu þjóðar vorrar órjúfanlegum böndum.

Íslenzkri þjóð ber því að sýna landi og þjóð Grænlendinga ræktarsemi og vináttu. Þar að auki ber þess að minnast, að þeir eru ein minnsta þjóð heims, og ættum vér manna bezt að skilja, hverrar vináttu og viðurkenningar slík þjóð þarfnast.

Brátt kemur að því, að liðin eru 1000 ár, síðan Íslendingar fundu Grænland og byggðu það. Það væri ánægjulegt að þegar að því kæmi að minnast þess á veglegan hátt, þá væru komin á góð og vinsamleg samskipti milli Grænlendinga og Íslendinga og að þessar þjóðir gætu báðar minnzt slíks merkisatburðar með miklum og góðum gagnkvæmum heimsóknum, er væru þá hámark mikilla menningarlegra tengsla.

Þá er og ljóst, að í norrænu samstarfi eiga bæði Færeyingar og Grænlendingar að vera virkir aðilar, sem þær þjóðir, er þar eru fyrir. Ber oss Íslendingum að stuðla að því, að svo megi verða.

Það er rétt, að Alþingi Íslendinga ryðji brautina til vináttu við hina grænlenzku þjóð, til þess lands, er eitt sinn var „í vorum lögum“. Því er hér lagt til, að Alþingi sendi nefnd fimm alþingismanna í vináttuheimsókn til Grænlands í sumar eða næsta sumar, eftir því hvenær forustumönnum Grænlendinga þætti hentugt að taka á móti slíkri heimsókn.

Slík heimsókn þyrfti að vera vel undirbúin af hálfu Alþingis. Það hafa þegar verið gerðar nokkrar ráðstafanir af hálfu Alþingis til þess, að grænlenzkur nemandi gæti lært hér tungu vora og sögu og að Íslendingur lærði grænlenzka tungu. Sendinefnd Alþingis þyrfti í samráði við ríkisstjórn að geta gert ráðstafanir til þess að auka menningartengsl þjóðanna.

Eðlilegt þykir, að sami háttur sé á hafður um samsetningu slíkrar sendinefndar eins og þá er stærri þjóðir eru heimsóttar, að allir flokkar þingsins fái aðstöðu til að votta viðkomandi þjóð virðingu sína og vináttu. Einnig er sjálfsagt, að blaðamönnum gefist kostur á að vera með í slíkri för, jafnt íslenzkum sem grænlenzkum, þar sem slíkt mundi flýta mikið fyrir góðum kynnum, enda sé íslenzkum blaðamönnum gefinn sem beztur kostur á að kynnast sögu Grænlands og Grænlendinga, áður en förin er farin. Þá er og alveg nauðsynlegt, að nokkrir íslenzkir vísindamenn, ekki sízt sagnfræðingar, séu með í slíkri för, enda hafa þeir sýnt mikinn áhuga á að efla að nýju kynni þessara nábúaþjóða.

Sþ. 337. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um utanríkisstefnu íslenzka lýðveldisins.

Flm.: Gils Guðmundsson, Einar Olgeirsson, Alfreð Gíslason, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að þessi eru grundvallaratriði íslenzkrar utanríkisstefnu:

1) að íslenzka þjóðin haldi fullu sjálfstæði sínu, stjórnarfarslegu sem efnahagslegu;
2) að Íslendingar einir hafi eignar- og yfirráðarétt yfir auðlindum lands síns og atvinnutækjum;
3) að hvorki sé á Íslandi her né herbækistöðvar;
4) að Ísland sé hlutlaust í hernaðarátökum, enda segi það sig úr Atlantshafsbandalaginu jafnskjótt og samningar leyfa;
5) að Ísland starfi innan Sameinuðu þjóðanna og hvarvetna á alþjóðavettvangi að friðsamlegri lausn deilumála og styðji hverja þá viðleitni til takmarkaðrar eða almennrar afvopnunar, sem fram kann að koma;
6) að Ísland veiti undirokuðum og nýfrjálsum þjóðum ötulan stuðning í baráttu þeirra fyrir fullu frelsi og efnahagslegu sjálfstæði;
7) að Ísland hafi við hverja þjóð sérhver þau skipti, menningarleg og viðskiptaleg, sem samrýmast hagsmunum og sæmd íslenzku þjóðarinnar.

Greinargerð.

Tillaga sú, sem hér er flutt, miðar að tvennu: Í fyrsta lagi, að gerð verði sú breyting á inntaki íslenzkrar utanríkisstefnu, sem flutningsmönnum þykir nauðsynleg í ljósi fyrri atburða og nýrra viðhorfa. Í öðru lagi, að Alþingi lýsi því í samfelldri ályktun skýrt og skorinort, hverjir séu hornsteinar íslenzkrar utanríkisstefnu, þannig að íslenzka þjóðin eða aðrir aðilar þurfi ekki að fara í grafgötur um það efni, hvorki nú né í framtíðinni.

Skal nú farið örfáum orðum um hvern lið þessarar tillögu um sig.

1) Við vænum engan um það að vilja af ráðnum hug farga sjálfstæði þjóðarinnar. En dæmin sanna, að óvitið ræður oft orðum manna og gerðum. Hér skal á það minnt, að ekki er liðið nema rösklega hálft annað ár síðan lagt var til í stærsta blaði landsins og lögð á það talsverð áherzla, að Íslendingar sæktu um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, en bæði það blað og önnur börðust síðan um hríð fyrir svokallaðri aukaaðild að bandalaginu. Ef málum hefði undið fram með þeim hætti, sem þessir áróðursmenn vildu, værum við þegar komnir inn í þetta bandalag og hefðum þá um leið afsalað okkur efnahagslegu sjálfstæði okkar að verulegu leyti, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir hið stjórnarfarslega sjálfstæði, þegar stundir liðu fram.

Það er jafnt í þágu nútíðar og framtíðar, að Alþingi lýsi yfir því sem grundvallaratriði íslenzkrar utanríkisstefnu, að íslenzka þjóðin haldi ævinlega óskertu sjálfstæði, jafnt um efnahag sem stjórnarfar.

2) Flutningsmenn þessarar tillögu telja harla mikilvægt og mjög tímabært, að Alþingi marki þá stefnu, að Íslendingar einir skuli eiga auðlindir landsins og fasteignir og hafa full yfirráð yfir þeim atvinnutækjum, sem hér eru eða kunna að verða sett á stofn. Fyrir um það bil hálfri öld hafði erlendum auðfélögum tekizt að ná eignarhaldi á öllum þorra hinna mikilvægustu íslenzku fallvatna. Hugðust þau efna hér til stórvirkjana og stóriðju, sem án efa gat leitt til þess, að erlent auðmagn næði sterkum tökum á íslenzku efnahags- og atvinnulífi, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir sjálfstæði landsins og frelsi þjóðarinnar. Framsýnum og þjóðhollum stjórnmálamönnum tókst þá með viturlegri löggjöf að koma

í veg fyrir ráðagerðir hinna erlendu auðhringa. Nú er á ný hafinn áróður fyrir stórfelldum flutningi erlends fjármagns inn í landið, og er augljóst, að ýmsir áhrifamenn vilja sem minnstar skorður reisa við athöfnum erlendra auðfélaga á íslenzkri grund. Öllum fullhugsandi mönnum ætti þó að vera ljóst, hvern háska slíkt kallaði yfir sjálfstætt efnahagslíf þjóðarinnar. Hér er því rík ástæða til að vera á verði og hvika í engu frá þeirri stefnu, að Íslendingar einir ráði yfir íslenzkum auðlindum og atvinnulífi. Sá tími getur aldrei komið, að skerða megi sjálfstæði okkar fyrir útlenda stóriðju.

Dýrmætustu auðlindir okkar eru fiskimiðin umhverfis landið. Með útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 12 sjómílur var stigið mikilvægt skref til að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar og rétt hennar yfir auðlindum sínum. Landhelgissamningur sá, sem núverandi ríkisstjórn gerði við Breta fyrir tæpum þremur árum, skerti þennan dýrmæta rétt okkar, algerlega að nauðsynjalausu. Nú er fyllsta ástæða til, að Alþingi lýsi yfir því, að Ísland muni ekki ljá máls á neinum ívilnunum öðrum þjóðum til handa varðandi landhelgina, heldur taki sér óskoraðan yfirráðarétt yfir henni. Jafnframt sé því hiklaust lýst yfir, að tólf mílna fiskveiðilögsaga sé aðeins áfangi að því lokamarki, að Íslendingar öðlist full yfirráð yfir fiskveiðum á öllu landgrunninu.

3) Þarflaust er að tíunda hér röksemdir okkar hernámsandstæðinga gegn dvöl erlends herliðs í landinu; þær eru öllum kunnar. Þetta herlið gæti ekki varið okkur í ófriði, heldur mundi það kalla yfir þjóðina eyðingu og dauða. En nú er það einnig komið á daginn, — sem raunar þurfti ekki að koma neinum á óvart, — að herstöðin á Keflavíkurvelli er hrollvekjandi spillingardíki. Vitað er, að í sambandi við dvöl hins erlenda herliðs hefur árum saman átt sér stað umfangsmikil vændismiðlun. Áhrifa amerísks hermannasjónvarps gætir nú á þúsundum íslenzkra heimila. En í viðbót virðist herstöðin hafa orðið gróðrarstía þjófafélaga. Þar verður uppi svik og fals og eitrar þjóðlífið langar leiðir í allar áttir. Herstöðin og herliðið yrði til þess, að landið eyddist í stríði, en það spillir einnig siðum þjóðarinnar í friði. Slíkt díki ber vitaskuld að ræsa fram.

Á það skal einnig minnt, ef einhver skyldi hafa gleymt því, að forvígismenn Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins lýstu því yfir fyrir 15 árum, þegar Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, að þeir mundu aldrei una erlendu herliði á íslenzkri grund á friðartímum. Hafa verið stríðstímar síðan 1951? Eru stríðstímar í dag? Eða vilja forustumenn hernámsflokkanna í raun og sannleika standa uppi ómerkir orða sinna um alla framtíð? Eru ekki 13 ár nógu langur tími handa þeim?

4) Ísland lýsti sig hlutlaust í ófriði, um leið og það öðlaðist fullveldi sitt 1918. Baráttan fyrir hlutleysi Íslands var veigamikill þáttur í sjálfstæðisbaráttunni framað þeim tíma. Atlantshafsbandalagið er hernaðarbandalag, sem stofnað var á tímum kalda stríðsins og átti sinn þátt í að magna það. Ísland var látið ganga í þetta hernaðarbandalag og farga hlutleysi sínu. Nú standa rökstuddar vonir til, að úr valdi hernaðarbandalaga dragi. Hlutleysisstefnunni vex ásmegin með hverjum degi, end er hún í innstu rótum einungis sú stefna, að mannkynið skuli lifa. Í henni felst sjálf afneitun vopnavaldsins. Við Íslendingar, vopnlaus þjóð, sem aldrei hefur háð ófrið við aðrar þjóðir, erum sjálfkjörnir til að fylgja þeirri stefnu, bæði vegna sjálfra okkar og annarra. Þeir, sem veitast að íslenzkri hlutleysisstefnu, eru í rauninni að lýsa yfir því, að bæði þeir sjálfir og meiri hluti Íslendinga séu reiðubúnir að falla fyrir vopnum, ef tröllríkin í austri og vestri skyldu þrátt fyrir allt taka að beita þeim. Íslenzkir alþingismenn verða ekki síður en aðrir menn að gera sér grein fyrir verkum sínum og afleiðingum þeirra. Ákvörðun um hlutleysi eða aðild að hernaðarbandalagi er ekki ákvörðun um orð, heldur er það verknaður, sem líf eða dauði þjóðarinnar gæti oltið á.

5) Jafnvel forustumenn alvopnaðra stórvelda segja nú fullum fetum, að friðurinn verði ekki varinn með vopnum; þeim er að skiljast, að hann er nafnið á

óvígbúnum heimi. Verndun friðarins er mál allra mála nú á dögum, og friður er þeim mun tryggari sem vopnum fækkar og vígbúnaður þverr. Hugsjón afvopnunarinnar er von heimsins. Engin þjóð í víðri veröld ætti að skilja þau sannindi betur en við; og engin þjóð á jörð ætti að vera valdari til að styðja sérhverja tilraun til afvopnunar. Og meira en það: við Íslendingar erum ekki of góðir til að hugsa svo hátt, að við gætum sjálfir átt frumkvæði að þvílíkri viðleitni.

6) Mjög margar þjóðir hafa á undanförnum árum hlotið sjálfstæði; sumar þeirra hafa unnið það með blóði og stríði og miklum fórnum. Hvað hefur hin forna og um langt skeið þrautpínda nýlenda Ísland gert til að létta þeim róðurinn? Tvö dæmi koma þegar í hugann. Árin 1954—1962 háði franska herveldið styrjöld við Alsírbúa til að halda þeim ánauðugum. Frakkar drápu að meðaltali um 100 þúsund manns á ári, eða samtals meira en fjórfalda tölu Íslendinga allra. En allan þennan tíma voru Íslendingar í Atlantshafsbandalaginu með Frökkum. Sá her, sem annars átti að vera undir stjórn Atlantshafsbandalagsins, var notaður til að fremja þessi síframlengdu fjöldamorð í nafni fagurra hugsjóna. Við erum sömuleiðis í vestrænum friðar- og frelsissamtökum með grimmustu nýlendukúgurum nútímans, Portúgölum. Undanfarin ár hafa þeir stjórnað stærstu nýlendu sinni með morðum, t. d. á þann veg, að þeir hafa grafið innborna frelsismenn lifandi, með höfuðið eitt upp úr jörðinni — og síðan farið yfir völlinn með jarðýtum. Eflaust hafa ekki margir Íslendingar hugsað þá spurningu til hlítar, hvernig það orki á þjóðina að una þvílíku samfélagi og bera þannig siðferðilega ábyrgð á slíkum voðaverkum. En það er sannfæring okkar, að sjálfsvirðing Íslendinga hafi beðið mikinn hnekki við þetta, hvort sem þeir gera sér það ljóst eða ekki; en af rýrnandi sjálfsvirðingu flýtur síðan margvísleg lækkun hugarfarsins. Það liggja víða rætur að óförunum í íslenzku þjóðlífi og sálarlífi nú á dögum.

7) Flutningsmenn þessarar tillögu telja rétt og eðlilegt, að Alþingi lýsi yfir, að hér búi þjóð, sem hyggist jafnan ástunda vináttu og bróðurleg samskipti við alla menn og allar þjóðir, innan þeirra marka, sem hagur okkar sjálfra og sómi setja, enda stöndum við þeim mun betur að vígi í heiminum sem fleiri gjalda okkur í sama mæli. Það væri ekki aðeins viturleg stefna, heldur gæti það verið ýmsum löndum nytsamlegt íslenzkt fordæmi, ef við létum það vitnast, að góður hugur til allra manna og framandi þjóða væri einmitt einn hornsteinninn í utanríkisstefnu Íslendinga.

Sjálfsagt er, að Íslendingar taki virkan þátt í raunhæfu samstarfi Norðurlandaþjóða, kosti kapps um að efla samstöðu þeirra og tengsl á sviði menningar- og félagsmála.

Andrúmsloftið í heiminum breytist mjög til batnaðar þessi árin. Vopnatrúin og valdstefnan eru á undanhaldi, hernaðarbandalögum hrakar. Stórveldin, sem áður höfðu heila þjóðahópa að hlýðnum hjúum, eru nú sem óðast að missa þau tök sín, og þau verða þeim mun hóglátari til orðs og æðis sem þau kenna fylgi sitt ótraustara. Friðnum verður þannig þeim mun betur komið sem stórveldin eiga minna blindu fylgi að fagna. Þess gætir ekki enn, að íslenzk stjórnarvöld hafi kennt þessarar loftslagsbreytingar. Hún er staðreynd eigi að síður. Við Íslendingar þurfum nú að rísa úr ösku herstefnunnar, ganga fram á alþjóðavettvangi með óbundnar hendur og ferska sjón, hætta að hanga aftan í fjarlægu vopnaveldi eins og volað barn í móðurpilsum og láta sjást, að við séum frjálsir menn, gæddir yfirsýn og ábyrgðartilfinningu gagnvart heill okkar sjálfra og lífi mannkynsins. Verkefni okkar er í senn sjálfstæði Íslands og friðurinn í heiminum.

Sþ. **338. Tillaga til þingsályktunar** [180. mál]

um undirbúning löggjafar um embætti lögsögumanns.

Flm.: Kristján Thorlacius.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til þess að undirbúa löggjöf um stofnun embættis lögsögumanns, með sérstakri hliðsjón af löggjöf á Norðurlöndum um embætti „ombudsmands“.

Hverjum þingflokki skal gefinn kostur á að tilnefna einn mann í nefndina. Hinn fimmti skal tilnefndur af hæstarétti, og sé hann formaður.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi fjallar um nefndarskipun til þess að undirbúa löggjöf um stofnun embættis lögsögumanns með sérstakri hliðsjón af löggjöf Norðurlanda um starf „ombudsmands“.

Í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hefur verið komið á fót embættum, sem hafa því hlutverki að gegna að tryggja, að einstaklingar í þjóðfélaginu séu ekki beittir órétti eða valdníðslu. Embættismaður þessi hefur hjá nágrannaþjóðum okkar verið nefndur „ombudsmand“.

Í tillögu þessari er lagt til, að hliðstæður íslenzkur embættismaður beri hið forna heiti lögsögumaður. Þykir fara vel á því, þar sem eitt af verkefnum hans yrði að leiðbeina mönnum um, hvað væru lög, en einmitt því hlutverki gegndi lögsögumaðurinn að fornu, þótt með öðrum hætti væri.

Svíar hafa lengsta reynslu af starfi „ombudsmands“ síns, en þar í landi var slíkt embætti stofnað árið 1809 og hefur verið rækt síðan. Annars staðar á Norðurlöndum er þessi starfsemi miklu yngri. Norsk löggjöf um þetta efni var sett á árinu 1962.

Hér á landi hefur á síðari áratugum orðið ör þróun í þá átt, að ríkisvaldið og bæjaryfirvöld hafi æ meiri afskipti af málum, er snerta daglegt líf einstaklinganna. Og þótt allir eigi að vera jafnir fyrir lögunum, vill út af því bregða.

Tilgangurinn með stofnun embættis lögsögumanns á að vera sá að auka möguleika þess, að lög og reglur þjóðfélagsins gangi réttlátlega yfir alla. Er þá jöfnum höndum átt við þau hlunnindi, sem þjóðfélagið veitir þegnum sínum, og þær kvaðir, sem á þá eru lagðar, sem og meðferð refsimála og afplánun refsinga þeirra, er brotlegir gerast.

Löggjöf Norðurlanda um þetta efni er nokkuð sitt með hverjum hætti, og í okkar fámenna þjóðfélagi eru aðstæður á ýmsan hátt aðrar en hjá fjölmennari þjóðum. Þess vegna hlýtur löggjöf um lögsögumann að verða í ýmsu frábrugðin hliðstæðri löggjöf annarra Norðurlandaþjóða í þessu efni.

Lagt er til, að nefnd manna úr öllum þingflokkum sé falið að annast undirbúning löggjafar þessarar, og sýnist eðlilegt, að hæstiréttur eigi þar einnig hlut að máli og tilnefni formann nefndarinnar.

Ed. **339. Frumvarp til laga** [130. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

(Eftir 3. umr. í Nd., 2. marz.)

1. gr.

Aftan við 4. tölulið 8. gr. laganna bætist:

Lán til bústofnsauka má veita hreppsfélögum gegn tryggingu í fasteign eða sýsluábyrgð. Skilyrði þess, að hreppsfélag geti fengið slíkt lán, er, að myndaður hafi verið í hreppnum bústofnsleigusjóður. Reglur fyrir bústofnsleigusjóði hreppanna skulu m. a. fela í sér:

1. Hreppsnefnd hefur á hendi stjórn sjóðsins.
2. Höfuðstóll sé lifandi peningur, annaðhvort haustlömb (gimbrar) eða kelfdar kvígur.
3. Búpeningurinn sé leigður frumbýlingum í hreppnum fyrst og fremst, en einnig öðrum bændum, er sérstaka þörf hafa fyrir aukinn bústofn, t. d. ef óhöpp hafa hent, er valda skepnumissi.
4. Leigutími búpeningsins skal að jafnaði eigi skemmri en 6—10 ár. Lánið sé endurgreitt í sama formi og það er tekið, þ. e. skilað haustgimbrum eða kelfdum kvígum.
5. Leiga (vextir) af þessum bústofnslánum skal greidd í lifandi peningi og sé hún einn gripur (haustgimbur eða kelfd kvíga) á ári fyrir hverja 30 gripi, sem leigðir eru.

2. gr.

2. málsgr. 27. gr. laganna orðist þannig:

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 9.5 milljónir króna árlega árin 1965—1985 að báðum árum meðtöldum.

3. gr.

Í stað orðanna „15 ha“ í fyrstu málsgr. 39. gr. laganna komi: 25 ha.

4. gr.

Í stað orðanna „15 ha“ í fyrstu málsgr. 47. gr. laganna komi: 25 ha.

5. gr.

Í stað orðanna „50 þúsund krónur“ í fyrstu málsgr. 48. gr. laganna komi: 60 þúsund krónur.

Síðari málsgr. 48. gr. laganna orðist svo:

Til þessara ráðstafana leggur ríkissjóður fram minnst 2.4 milljónir króna árlega árin 1965—1985 að báðum árum meðtöldum.

6. gr.

Í stað orðanna „15 ha“ í 50. gr. laganna komi: 25 ha.

7. gr.

60. grein laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1965—1972 að báðum árum meðtöldum er heimilt að veita jörðum, sem setnar eru í lögformlegri ábúð eða sjálfsábúð og hafa minni véltæk tún en 25 ha, óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að þessari túnstærð sé náð.

Ákvæði þetta nær til lögbýlisjarða, þar sem athuganir Landnáms ríkisins hafa leitt í ljós, að aukin ræktun geti tryggt viðunandi lífsafkomu á jörðunum og komi í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði.

Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi, að viðbættu framlagi samkvæmt jarðræktarlögum, 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert.

Framræslukostnaður og framlög til hans samkvæmt jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkvæmt þessari grein.

8. gr.

Á eftir orðunum „örðugan fjárhag" í 63. gr. laganna komi: og hafa meðaltekjur eða lægri.

9. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður 17.725 milljónir króna árlega á árunum 1965—1972 að báðum árum meðtöldum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framkvæmda, sem unnar verða á árinu 1964. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 48 16. apríl 1963.

Nd. 340. Frumvarp til laga [36. mál]

um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. marz.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum aðilum en ríkinu. Dómurinn skal einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu, hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu, samkvæmt launakerfi því, er gildir frá 1. júlí 1963.

Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu, skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955 og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar.

3. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stéttarfélags verkfræðinga, sem nú eru háð.

4. gr.

Ákvarðanir gerðardóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistökudegi laga þessara, þar til nýir heildarsamningar hafa verið gerðir við ríkisstarfsmenn eða kjaradómur hefur fellt nýjan úrskurð um launakjör þeirra eftir árslok 1965.

Nú fellir kjaradómur úrskurð samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og skulu þá kjör verkfræðinga samkvæmt gerðardómi, dags. 28. okt. 1963, breytast til samræmis við úrskurð kjaradóms um kjör hliðstæðra ríkisstarfsmanna.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 46 13. apríl 1963, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Sþ. 341. Tillaga til þingsályktunar [181. mál]

um úthlutun listamannalauna 1964.

Frá menntamálaráðherra.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að skipta fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 1964 til rithöfunda, skálda og annarra listamanna.

Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árið 1964 eru á 14. gr. B. XV veittar 3 millj. kr. til skálda, rithöfunda og listamanna. Undanfarin ár hefur þingkjörin nefnd annazt úthlutun þessa fjár. Þangað til lög verða sett um úthlutun listamannalauna, þykir rétt að halda þeim hætti.

Ed. 342. Frumvarp til laga [182. mál]

um stækkun Mosfellshrepps í Kjósarsýslu.

Flm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.

1. gr.

Sá hluti Kjalarneshrepps, sem liggur austan Kleifa á Kjalarnesi, skal innlimaður í Mosfellshrepp.

2. gr.

Hreppamörk Kjalarneshrepps hins nýja og Mosfellshrepps hins nýja skulu vera landamerki jarðanna Esjubergs og Mógilsár frá sjó til landamerkja Kjósarhrepps. Að öðru leyti skulu hreppamörk Mosfellshrepps vera óbreytt frá því, sem nú er.

3. gr.

Andríðsey skal fylgja Kjalarneshreppi hinum nýja, en Lundey og Þerney Mosfellshreppi.

4. gr.

Mosfellshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, sem öðlazt hafa eða öðlast kunna framfærslurétt í þeim hluta Kjalarneshrepps hins forna, sem innlimaður verður Mosfellshreppi með lögum þessum.

5. gr.

Ef ekki næst samkomulag um skipti milli Mosfellshrepps og Kjalarneshrepps hins nýja á eignum og skuldum Kjalarneshrepps hins forna, er leiðir af sameiningu umræddS hluta Kjalarneshrepps við Mosfellshrepp, skal félagsmálaráðuneytið skera úr ágreiningi um þau mál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til, að þau komi til framkvæmda á árinu 1964.

Ákvæði um stundarsakir.

Hreppsnefnd Kjalarneshrepps hins forna fer með stjórn hreppsins, þar til hreppsnefndarkosningar hafa farið fram vegna sameiningar hluta hreppsins við Mosfellshrepp, sbr. 2. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á seinasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Er það nú flutt á ný samkvæmt ósk sömu aðila og fyrr. Um tildrög og efni frumvarpsins vísast til greinargerðar þeirrar, er áður fylgdi því, en hún var svo hljóðandi:

„Frumvarp þetta er flutt samkvæmt eindreginni ósk íbúa þess hluta Kjalarneshrepps, sem liggur austan Kleifa á Kjalarnesi.

Vegna legu þess hreppshluta, sem liggur austan Kleifa, hafa mestöll félagsleg samskipti íbúanna þar fyrr og síðar verið við íbúana í Mosfellshreppi, og virðist allt benda til þess, að þróunin í náinni framtíð verði sú, að þau samskipti fari æ vaxandi.

Milli hinna tveggja hluta Kjalarneshrepps, austan Kleifa og vestan, eru í raun-inni engin önnur tengsl en þau, sem eru þeirri staðreynd samfara, að þeir tilheyra að formi til sama sveitarfélagi. Hreppsbúar austan Kleifa hafa að sama skapi náin og vaxandi félagsleg samskipti við nágrannahreppinn, Mosfellshrepp, og samskiptin við hreppsbúa Kjalarneshrepps vestan Kleifa eru hverfandi lítil og fara minnkandi.

Sem dæmi um hin nánu samskipti milli Kjalnesinga austan Kleifa og Mosfellshreppsbúa má t. d. nefna sameiginlega kirkjusókn, sameiginlegt búnaðarfélag, ungmennafélag og kvenfélag allt frá upphafi og barnafræðslu, því að mörg börn frá heimilum í Kjalarneshreppi, austan Kleifa, sækja skóla að Brúarlandi, þar sem ekki er nauðsynlegt, að börnin dveljist í heimavist, en hjá því er aftur á móti ekki hægt að komast, ef senda á börnin í skólann að Klébergi.

Hvað snertir allt félagslíf Kjalarnesbúa austan Kleifa, þá er það sannast sagna, að það hefur með hverju árinu sem líður orðið meira og meira tengt félagslífi íbúa Lágafellssóknar í Mosfellshreppi, t. d. munu allar meiri háttar samkomur, sem haldnar eru í Hlégarði, félagsheimili Mosfellshrepps, vera jöfnum höndum sóttar af þeim íbúum Kjalarneshrepps, sem búa austan Kleifa, og íbúum Mosfellshrepps.

Samkvæmt framansögðu er það staðreynd, að landfræðileg lega umræddS hluta Kjalarneshrepps og náin og sívaxandi félagsleg samskipti fólksins austan Kleifa við fólkið í næsta nágrannahreppnum að sunnan, Mosfellshreppi, gera það í alla staði eðlilegt og sjálfsagt, að sá hluti Kjalarneshrepps, sem er austan Kleifa, verði sameinaður Mosfellshreppi, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpi þessu.

Ekki þykir ástæða til að gera sérstaka grein fyrir einstökum greinum þessa frumvarps. Þær skýra sig sjálfar.“

Sþ. 343. Fyrirspurn [183. mál]

til ríkisstjórnarinnar um fimm ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar á fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi.

Frá Sigurvin Einarssyni og Hermanni Jónassyni.

1. Er lokið áætlun þeirri og tillögugerð til stöðvunar fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi, sem Alþingi með þingsályktun 19. apríl 1963 skoraði á ríkisstjórnina að fela Framkvæmdabanka Íslands í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs og hlutaðeigandi sýslunefndir og bæjarstjórn að gera fyrir árslok 1963?
2. Á hvern hátt hefur verið haft samráð við sýslunefndir og bæjarstjórn á Vestfjörðum um hina fyrirhuguðu áætlunar- og tillögugerð?

Sþ. 344. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um sjómannatryggingar.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Jón Árnason, Sverrir Júlíusson, Sigurður Ágústsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd, sem athugi til hlítar, hvort ekki sé unnt að breyta núverandi sjómannatryggingum í eina heildartryggingu. Nefndin verði skipuð tveimur tryggingafræðingum og einum manni eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Jafnhliða verði athugað, ef slík breyting telst framkvæmanleg, hvort ekki sé grundvöllur fyrir, að heildartryggingin verði boðin út á frjálsum markaði.

Greinargerð.

Tryggingar sjómanna á íslenzka fiskiskipaflotanum hafa á undanförnum árum þróazt í þá átt, að þær eru nú þegar orðnar flóknari en svo í framkvæmd, að við verði unað, ef nokkur kostur er til úrbóta. Gerir framangreind tillaga ráð fyrir skipun þriggja manna nefndar, sem athugi möguleika til og geri tillögu um einfaldari framkvæmd þessara mála, ef fært þykir.

Eins og nú er, greiða útgerðarmenn tryggingariðgjöld vegna áhafna skipa sinna í sjö liðum, ef með eru talin sjúkrasamlagsiðgjöld, sjúkrasjóðsiðgjöld og atvinnuleysistryggingariðgjöld, og grípur hver tryggingin í mörgum tilfellum að meira eða minna leyti inn á svið annarra.

Tryggingar þær, sem hér um ræðir, eru: Í fyrsta lagi hin almenna lögboðna slysatrygging samkvæmt almannatryggingalögunum. Tekur trygging þessi til sjúkrahjálpar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta. Í öðru lagi samningsbundin 200 þús. kr. trygging á hvern skipverja. Tekur trygging þessi til dánarbóta og bóta vegna varanlegrar örorku. Í þriðja lagi samningsbundin ábyrgðartrygging að upphæð 1250 þús. kr. á skip, þó þannig, að ekki greiðist hærri bætur en 500 þús. kr. fyrir einstakling, hvort sem um örorku eða dánarbætur er að ræða. Og í fjórða lagi samningsbundnar tryggingar vegna fata og aflaverðmætis áhafnar.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Útvegsbændafélags Vestmannaeyja eru iðgjöld fyrir þessar tryggingar sem hér segir, og er þá miðað við 100 tonna skip með 11 manna áhöfn og 9 mánaða úthald:

1.	Slysatrygging samkvæmt almannatryggingalögunum	kr. 26169.00
2.	Samningsbundin 200 þús. kr. trygging á skipverja	— 16940.00
3.	Samningsbundin ábyrgðartrygging	— 10460.00
4.	Fatatrygging og trygging aflaverðmætis áhafnar	— 10000.00
	Samtals	kr. 63569.00

Iðgjöld vegna annarra tilgreindra trygginga, sjúkrasamlagsiðgjalda og fleira munu nema samtals um 22500 kr., miðað við sömu tölu skipverja og sama úthaldstíma skipa.

Flutningsmenn telja sjálfsagt, að athugað verði, hvort ekki sé unnt að gera tryggingar þessar einfaldari í framkvæmd með því að færa þær saman í eina heildartryggingu og þá um leið ódýrari, án þess að réttur hinna tryggðu verði í nokkru skertur. Telja flutningsmenn, að um tvær leiðir geti verið að velja í þessu sambandi: að hið almenna tryggingarkerfi landsmanna, almannatryggingarnar, taki að sér allar framangreindar tryggingar gegn einu ákveðnu iðgjaldi, eða að tryggingarnar verði boðnar út á frjálsum markaði sem ein heildartrygging.

Ed. 345. Frumvarp til laga [75. mál]

um heimild fyrir ríkissjóð til lóðakaupa í Hveragerðishreppi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. marz.)

1. gr.

Ríkissjóði er heimilt að kaupa lóðir og landspildur í Hveragerði, meðal annars með makaskiptum á lóðum, þar sem þannig stendur á, að óhagstæð landamörk valda erfiðleikum við framkvæmd skipulags þorpsins og nýtingu lóða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 346. Nefndarálit [62. mál]

um till. til þál. um auknar framkvæmdir til heftingar sandfoks og uppblásturs við Þorlákshöfn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. þessa og leitað umsagnar sandgræðslustjóra og hreppsnefndar Selvogshrepps. Nefndin mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 4. marz 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.
Sverrir Júlíusson.	Einar Ágústsson.	Ragnar Arnalds.
	Gísli Guðmundsosn.	

Nd. 347. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til laga um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið ýtarlega á mörgum fundum. Enn fremur hefur hún leitað um það álits margra aðila, svo sem íslenzku flugfélaganna, flugmálastjórnarinnar, Félags íslenzkra atvinnuflugmanna og póst- og símamálastjórnarinnar. Hafa nefndinni borizt ýtarlegar og rökstuddar álitsgerðir frá þessum aðilum, ásamt allmörgum tillögum til breytinga á einstökum atriðum frumvarpsins.

Nefndin er sammála um, að þetta frumvarp um loftferðir marki merkilegt framfaraspor í íslenzkri löggjöf um loftferðir og flugmál. Er það einnig skoðun flestra þeirra aðila, sem um þessi mál fjalla og nefndin hefur haft samráð við um afgreiðslu málsins. Engu að síður hefur nefndin orðið sammála um að flytja allmargar breytingartilögur við frumvarpið. Er þar m. a. komið til móts við ýmsar ábendingar frá þeim aðilum, sem loftferðamálin varða mest.

Til nokkurra atriða, sem fullkomið samkomulag ríkir ekki um, hefur nefndin ekki tekið endalega afstöðu, en mun gera það milli 2. og 3. umræðu.

Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún leggur til að gerðar verði á því samkvæmt breytingartillögunum, er hún flytur á þskj. 349.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við frv. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 4. marz 1964.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Sigurvin Einarsson.

Björn Pálsson. Jónas Pétursson.

Sþ. 348. Nefndarálit [93. mál]

um till. til þál. um eflingu innlendra skipasmíða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta á nokkrum fundum og leitað umsagnar nokkurra aðila, þ. á m. Fiskveiðasjóðs Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Fiskifélags Íslands, og mæla þessir aðilar með samþykkt tillögunnar.

Umsagnar Seðlabanka Íslands hefur einnig verið leitað, og vitnar hann í lagaákvæði um fiskveiðasjóð, þar sem heimilað er að lána til fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, 75% af matsverði þeirra í stað 67% af matsverði skipa, sem smíðuð eru erlendis.

Tillaga sú, er hér um ræðir, fjallar ekki um þetta atriði, heldur hitt, að innlendar skipasmíðastöðvar fái þá aðstöðu að geta boðið viðskiptavinum sínum sömu kjör og erlendar skipasmíðastöðvar gera, þ. e. a. s. að veita lán til nokkurra ára.

Það sést bezt á reikningum fiskveiðasjóðs, í hve litlum mæli hann hefur haft fjármagn til þess að styðja þennan þátt, því að í reikningum hans fyrir árið 1962 á hann útistandandi í nýbyggingum skipa 10.5 millj. kr., en í árslok 1963 9 millj. kr.

Það er mjög áríðandi fyrir skipasmíðastöðvar, er veita fiskiskipaflotanum viðgerðarþjónustu, að hafa völ á nægum fjölda kunnáttumanna, því að yfirleitt þarf

að framkvæma viðgerðir á sem stytztum tíma, þar sem sú þjónusta er í flestum tilfellum bundin við vertíðarundirbúning.

Verkefni fyrir skipasmíðastöðvarnar, á milli þess að unnið er að vertíðarundirbúningi veiðiskipaflotans, er því hagsmunamál, ekki aðeins skipasmíðastöðvanna, heldur einnig útgerðarinnar, er þarf að fá viðgerðarþjónustuna framkvæmda á sem skemmstum tíma.

Í þeim 17 skipasmíðastöðvum, sem starfandi eru í landinu, unnu á árinu 1961, þegar flestir voru við störf, 537 menn, en komust niður í 357, þegar þeir voru fæstir. Á árinu 1963 var mesti fjöldi þeirra 584, en komust niður í 375 menn.

Það fer ekki á milli mála, að öruggasta leiðin til að halda þessum kunnáttumönnum í sínu fagi er, að skipasmíðastöðvunum sé gert kleift að vinna að nýsmíði milli vertíða, en það verður því aðeins gert, að þær geti keppt við erlendar skipasmíðar, bæði hvað snertir lánskjör og verðlag á nýsmíði.

Nefndin leitaði einnig umsagnar Landssambands iðnaðarmanna, Félags íslenzkra dráttarbrautaeigenda og Framkvæmdabanka Íslands, og eru þær umsagnir allar jákvæðar. Umsagnir þessara þriggja aðila fylgja hér með sem fylgiskjöl.

Nefndin leggur einróma til, að tillagan verði samþykkt eins og hún liggur fyrir á þskj. 106.

Alþingi, 3. marz 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Sverrir Júlíusson, frsm.
Einar Ágústsson.	Ragnar Arnalds.	Gísli Guðmundsson.
	Pétur Sigurðsson.	

Fylgiskjal I.

LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA

Alsherjarnefnd sameinaðs þings,
Alþingi,
Rvk.

3. febrúar 1964.

INNLENDAR SKIPASMÍÐAR.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur beiðzt umsagnar Landssambands iðnaðarmanna um tillögu til þingsályktunar um eflingu skipasmíða innanlands.

Í því tilefni leyfir Landssambandið sér að vísa til eftirfarandi ályktunar, sem gerð var á 25. Iðnþingi Íslendinga, sem haldið var í Reykjavík dagana 24.—26. október 1963:

„25. Iðnþing Íslendinga skorar á ríkisstjórnina að gera nú þegar raunhæfar ráðstafanir, er stefni að því að byggja upp íslenzkan skipasmíðaiðnað, þannig að íslenzkir aðilar verði þess megnugir að fullnægja þörf þjóðarinnar um byggingu fiskiskipa og viðhald fiskiflotans í náinni framtíð."

Landssambandið leggur því eindregið til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt, enda mundi það verða baráttu Landssambandsins á þessu sviði að miklu liði.

Virðingarfyllst,

Landssamband iðnaðarmanna,

Otto Schopka.

Fylgiskjal II.

FÉLAG ÍSLENZKRA DRÁTTARBRAUTAEIGENDA

Reykjavík, 29. jan. 1964.

Með bréfi yðar, dags. 18. jan. 1964, er óskað eftir umsögn Félags ísl. dráttarbrautaeigenda um tillögu til þingsályktunar um eflingu innlendrar skipasmíði.

Félagið mælir eindregið með samþykkt tillögunnar, en vill jafnframt benda á, að þróun síðustu ára í stækkun fiskibátanna hefur leitt í ljós þá staðreynd, að viðhald fiskiflotans verður ekki framkvæmt innanlands án stórfelldrar uppbyggingar á skipasmíðastöðvunum.

Hin algenga stærð fiskibáta var áður 35—100 rúmlestir, og dráttarbrautir og öll aðstaða til nýsmíða hefur verið miðuð við þá stærð báta.

Tilkoma nýrrar tækni við síldveiðar hin síðari ár hefur kallað fram stökkbreytingu í stærð fiskibáta, þannig að nú er hin algenga stærð 150—300 rúmlestir. Margt bendir til, að stækkun fiskibáta sé ekki enn þá komin á lokastig, og undirstrika verður sérstaklega, að tími tréskipanna er að fjara út og hin nýju skip eru og verða byggð úr stáli.

Það er því fyrst og fremst þörf á að tryggja fjármagn til stofnlána vegna bygginga á nýjum dráttarbrautum, er fullnægja þörf hins nýja flota, sem þegar er kominn, og jafnframt byggja upp aðstöðu til stálskipasmíða.

Virðingarfyllst,

f. h. Félags íslenzkra dráttarbrautaeigenda,

Bjarni Einarsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs þings, Alþingi.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 6. febrúar 1964.

FRAMKVÆMDABANKI ÍSLANDS

Framkvæmdabanka Íslands hefur borizt bréf frá allsherjarnefnd sameinaðs þings hins háa Alþingis, þar sem farið er fram á umsögn bankans um tillögu til þingsályktunar um eflingu skipasmíða innanlands.

Framkvæmdabanki Íslands er þeirrar skoðunar, að æskilegt sé að efla innlendar skipabyggingar. Þetta er hægt að gera með því að leggja meira fjármagn heldur en gert hefur verið í heppilega staðsettar skipabyggingastöðvar, einkum fé til stofnlána. Þetta fjármagn þyrfti að vera það mikið, að skipabyggingastöðvarnar verði það stórar og vel útbúnar, að þær geti unnið með sem allra beztum afköstum. Undanfarin ár hafa sýnt það, að þessi iðnaður á fullan rétt á sér, enda virðist það liggja í augum uppi, að það ætti að vera hægt að reka hér skipabyggingastöðvar, ef hæfir menn eru til, menn, sem hafa menntun til þess, því að frjálst er að kaupa allt það til skipanna, sem aðrir hafa aðgang að. Og hér er allstór markaður fyrir skip.

Talsvert hefur verið byggt af fiskibátum úr tré. En nú eru að rísa nýjar skipabyggingastöðvar, sem byggja úr stáli. Það verður að líta svo á, að heppilegra hefði verið að verja nokkrum hluta þess fjármagns, sem farið hefur til þess að kaupa skip erlendis frá, til þess að setja upp og efla skipabyggingastöðvar hér á landi.

Aðgangur að lánsfé til skipakaupa, einkum bátakaupa, er of auðveldur, þegar miðað er við aðgang að lánsfé til annarra jafnþarfra hluta.

Framkvæmdabankinn mælir með því, að tillagan verði samþykkt.

Með sérstakri virðingu,

Framkvæmdabanki Íslands,

Benjamín Eiríksson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs þings, Alþingi.

Nd. 349. Breytingartillögur [20. mál]

við frv. til laga um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðsins „flugmálaráðherra“ í c-lið gr. komi: ríkisstjórninni.
2. Við 28. gr. Orðin „unz bætt er úr spjöllum samkvæmt reglum, er ráðherra setur. Annars helzt ógildingin“ í næstsíðustu málsgrein falli niður.
3. Við 33. gr. Í stað orðsins „verkvísum“ komi: sérfróðum — og í stað „verkvísa“ komi: sérfróða.
4. Við 52. gr.
   a. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Flugstjóri og flugverjar, sem teljast til áhafnar loftfara, svo og flugumferðarstjórar, mega ekki neyta áfengis síðustu 18 klukkustundir, áður en störf eru hafin, né heldur meðan þeir eru að starfi. Varðar það að jafnaði missi skírteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til að tryggja fyllsta öryggi.
5. Við 56. gr. 1. málsl. orðist svo:
   Flugöryggisþjónustu skal veita loftferðum til öryggis og léttis.
6. Við 84. gr. Aftan við fyrri mgr. bætist orðin: þar á meðal um farm- og fargjöld.
7. Við 140. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Skylt er flugmálaráðherra að skipa rannsóknarnefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslyss, ef manntjón hefur orðið.
8. Við 142. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
   Nú hefur flugslys orðið á íslenzku yfirráðasvæði, og má hvorki hreyfa né nema á brott loftfarið, hluta þess, innihald þess né verksummerki slyssins, unz rannsókn er lokið, enda hafi lögregla í samráði við rannsóknaraðila eigi leyft það.
9. Við 144. gr. Upphaf 1. mgr. orðist svo:
   Þá er rannsókn er lokið, skal svo fljótt o. s. frv.
10. Við 150. gr. Í stað „39. gr.“ í 1. mgr. komi: 33. gr.
11. Við 184. gr. 8. mgr. falli niður.
12. Við 190. gr. Greinin orðist svo:
    Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32/1929 og lög nr. 24/1945. Þó skulu halda gildi sínu 1. mgr. 27. gr., 30. gr., 36. gr. og 40. gr. laga nr. 32/1929, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 49/1947.

Sþ. **350. Nefndarálit** [45. mál]

um till. til þál. um undirbúning geðveikralaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þessa tillögu og fengið um hana umsögn landlæknis, dags. 20. febr. s. l., og umsögn Geðlæknafélags Íslands, dags. 24. febr. s. l. Báðar umsagnirnar eru jákvæðar. Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt með nokkurri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa frumvarp til geðveikralaga og láta leggja slíkt frumvarp fyrir næsta þing.

Alþingi, 4. marz 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.
Einar Ágústsson.	Gísli Guðmundsson.	Sverrir Júlíusson.
	Pétur Sigurðsson.	

Fylgiskjal I.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 20. febrúar 1964.

Hér með svar við bréfi allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 17. þ. m., þar sem óskað er umsagnar minnar um till. til þál. um undirbúning geðveikralaga.

Ég er flutningsmanni sammála um nauðsyn þess, að sett verði geðveikralög hér á landi eins fljótt og auðið er, og ég sé ekki ástæðu til að auka neinu við rökstuðning hans fyrir þeirri nauðsyn.

Sig. Sigurðsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal II.

GEÐLÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 24. febrúar 1964.

Til allsherjarnefndar sameinaðs þings.

Fundur í Geðlæknafélagi Íslands, haldinn 22. febrúar 1964, skorar á hið háa Alþingi að samþykkja framkomna þingsályktunartillögu um setningu geðveikralaga.

Með virðingu,

f. h. Geðlæknafélags Íslands,

Tómas Helgason
p. t. formaður.

Sþ. 351. Þingsályktun [19. mál]

um sérstakar örorku- og dánarbætur sjómanna.

(Afgreidd frá Sþ. 4. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, á hvern hátt megi tryggja, að allir íslenzkir sjómenn njóti sérstakrar slysatryggingar, eigi lægri en 200 þúsund krónur miðað við fulla örorku eða dauða. Athugun skal lokið fyrir þinglok vorið 1965.

Nd. 352. Frumvarp til laga [185. mál]

um breyting á lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, nr. 66 17. júlí 1946.

Flm.: Matthías Bjarnason, Guðlaugur Gíslason, Lúðvík Jósefsson, Gísli Guðmundsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera vélstjóri á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 150 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 600 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 32. gr.

2. gr.

1. málsl. 32. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt vélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 150 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 600 hestafla vél.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með 150, en ekki yfir 600 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 34. gr.

4. gr.

1. málsl. og a-liður 34. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 600 hestafla vél, sem:

a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 150 hestafla vél eða sem vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi í 24 mánuði.

5. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku fiskiskipi með meira en 600, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem um ræðir í 36. gr.

6. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt undirvélstjóraskírteini á íslenzku fiskiskipi með meira en 600, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

a. hefur staðizt hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands;
b. hefur siglt sem yfirvélstjóri á skipi með yfir 150 hestafla vél í 24 mánuði.

7. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með meira en 600, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 38. gr.

8. gr.

1. málsl. og a-liður 38. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á íslenzku fiskiskipi með meira en 600, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, sem:

a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 600 hestafla vél í 24 mánuði, eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 36. gr.

9. gr.

1. málsl. og a-liður 44. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með yfir 1800 hestafla vél, sem:

a. hefur, eftir að hafa öðlazt rétt til skírteinis þess, sem um ræðir í 42. gr., siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél í 24 mánuði, þar af annar vélstjóri í 12 mánuði, eða yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 600 hestafla vél í 12 mánuði.

10. gr.

48. gr. laganna liðir b—e orðist svo:

b. Á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 150 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 32. gr., og einn aðstoðarmaður, sem öðlazt hefur réttindi samkv. 30. gr. Aðstoðarmaður þessi má þó jafnframt gegna öðrum starfa á skipinu.

c. Á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 600 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 34. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 32. gr. Fiskiskip og bátar, sem ætlað er að koma daglega að landi með afla sinn, eru þó ekki skyld til að hafa undirvélstjóra, ef skipstjóri hefur öðlazt vélgæzluréttindaskírteini samkvæmt 32. gr.

d. Á mótorskipi með meira en 600, en ekki yfir 900 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 38. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 36. gr.

e. Á fiskiskipi með meira en 600, en ekki yfir 900 hestafla (mótor)vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 38. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 36. gr. Sé skipið verzlunar- eða varðskip með meira en 600 hestafla mótorvél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 42. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr., og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr. Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal að auki vera á því einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 47 10. júní 1958, að undanskildum 9.—13. gr., og 20. gr. laga nr. 35 24. marz 1961.

Ákvæði til bráðabirgða:

Vélstjórar þeir, sem með lögum þessum fá aukin réttindi sín, úr réttindum til að vera vélstjórar við 400 ha. vélar í réttindi til að vera vélstjórar við 600 hestafla vélar, skulu, áður en þeir fá útgefin ný vélstjóraskírteini, sækja námskeið í rafmagnsfræði, sem halda skal á vegum Fiskifélags Íslands.

Námskeið þessi skal halda í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Neskaupstað og Vestmannaeyjum.

Ráðherra heimilast að setja nánari reglur um námskeið þessi.

Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa vélstjóraskírteini eða prófskírteini frá mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, skulu eiga rétt á að fá útgefin ný vélstjóraskírteini í samræmi við ákvæði þessara laga, en í engu skulu lög þessi skerða þann rétt, sem vélstjóri átti fyrir gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Frá því að lög nr. 47/1958 og lög nr. 35/1961, sem eru lög um breytingu á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, tóku gildi, hafa miklar breytingar orðið á fiskiskipastól landsmanna. Aðal breytingarnar eru fólgnar í tilkomu mun stærri skipa. Samfara stækkun skipanna eru vélar hinna nýju skipa aflmeiri en áður var, þannig að af öllum þeim fjölda skipa, sem komið hafa til landsins eða hafa verið byggð innanlands s. l. 2—3 ár og eru yfir 60—70 rúmlestir, er ekkert með minni aflvél en yfir 400 hestöfl.

Þessi þróun hefur haft það í för með sér, að vélstjórar þeir, sem haft hafa réttindi til að stjórna 400 ha. vélum, þurfa nú að fá undanþágur til að geta verið vélstjórar á hinum nýju skipum, þar sem hvergi nærri er fullnægt eftirspurn eftir vélstjórum, sem fullgild réttindi hafa.

Með þessari þróun hafa og vélstjórar þeir, sem réttindi hafa til að stjórna 100 ha. vélum, flutzt til á stærri báta með aflmeiri vélum en 100 hestöfl.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í sér eftirtaldar höfuðbreytingar:

1. Réttindi þeirra vélstjóra, sem nú mega stjórna 100 hestafla vélum, verði miðuð við 150 hestafla vélastærð.
2. Réttindi þeirra vélstjóra, sem nú mega stjórna 400 hestafla vélum, verði miðuð við 600 hestafla vélastærð.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því, að vélstjórar þeir, sem aflað höfðu sér vélstjórnarréttinda, miðað við þær kröfur, sem gerðar voru til menntunar vélstjóra við algengustu vélastærð í íslenzkum fiskibátum, fyrir mörgum árum, fái nú aukin réttindi með tilkomu stærri véla.

Flutningsmenn þessa frumvarps leggja þó til, að jafnhliða því, að vélstjórar fái aukin réttindi úr 400 ha. í 600 ha., verði þeir að taka þátt í námskeiði í rafmagnsfræði, sem lagt er til, að haldið verði á vegum Fiskifélags Íslands, samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Með þessu ætti að vera tryggt, að þeir öðlist nægilega þekkingu í rafmagnsfræði, en jafnhliða hinum stærri skipum og vélum hefur tækjum í skipunum fjölgað mjög og orðið margbrotnari.

Nd. 353. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að samræmis gætti um afgreiðslu þessa frv. milli deilda þingsins, fól nefndin 4 þingmönnum, tveimur úr allsherjarnefnd hvorrar deildar, að athuga ásamt skrifstofustjóra Alþingis frv. og umsóknir, er því fylgdu, sem og allmargar umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar höfðu borizt.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955

og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Þeir 17 umsækjendur, sem greindir eru í tölulíðum 1—17 í breytingartillögum nefndarinnar, fullnægja að dómi nefndarinnar þeim skilyrðum, sem greind er hér að framan, svo og þeir umsækjendur, sem taldir eru í frumv., en aðrir umsækjendur ekki.

Alþingi, 5. marz 1964.

Einar Ingimunarson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Skúli Guðmundsson. Óskar Jónsson.

Nd. 354. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Altmann, Walburga Maria Hedwig Theodora, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. desember 1926.
2. Ågestad, Gudmund, vélvirki á Selfossi, f. í Noregi 7. júní 1928.
3. Bat-Yosef, Miriam Hellerman, listmálari á Kirkjubæ I, Kirkjubæjarhreppi, f. í Ísrael 31. janúar 1931.
4. Grashoff, Christina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Hollandi 26. marz 1926.
5. Jansen, Ruth Erna Margarethe, húsmóðir á Selfossi, f. í Þýzkalandi 10. ágúst 1934.
6. Jensen, Trond, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. september 1901.
7. Joensen, Frida, húsmóðir í Múla, Aðaldælahreppi, f. í Færeyjum 16. desember 1938.
8. Kidson, Peter George William, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Englandi 24. maí 1919.
9. Kroll, Marga, húsmóðir í Króki í Grafningshreppi, f. í Þýzkalandi 13. desember. 1934.
10. Mooney, Carll Ingvar, nemandi í Ytri-Njarðvík, f. í Bandaríkjunum 17. nóvember 1945.

11. Neffe, Harald Albert, skósmíðanemi í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 13. janúar 1942.
12. Pedersen, Reidar Gunnar, skrifstofumaður í Reykjavík, f. á Íslandi 21. desember 1942.
13. Peschel, Ida Anna, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 20. desember 1918.
14. Peschel, Wiktor Paul Walter, útvarpsvirki í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 12. maí 1944.
15. Simonsen, Bjarnfrida, húsmóðir á Þingeyri, f. í Færeyjum 9. júlí 1924.
16. Stö, Asbjörn, garðyrkjumaður á Þórustöðum í Ölfushreppi, f. í Noregi 22. febrúar 1920.
17. Sönderskov, Harry, vélvirki í Hafnarfirði, f. í Danmörku 17. desember 1927.

Ed. 355. Frumvarp til laga [28. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi.

(Eftir 3. umr. í Nd., 5. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhanni Skaptasyni, bæjarfógeta á Húsavík, sýslumanni Þingeyjarsýslu, eða öðrum, eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 356. Tillaga til þingsályktunar [186. mál]

um ráðstafanir gegn tóbaksreykingum.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir öflugri fræðslustarfsemi um skaðsemi tóbaksreykinga.

Leitað skal til samtaka lækna og kennara um samstarf svo og til góðra fyrirlesara.

Ráðstafanir skulu gerðar til þess, að sem flestir skólar í landinu séu heimsóttir og í þeim fluttir fræðandi fyrirlestrar og kvikmyndir sýndar til aðvörunar við hættum þeim, sem tóbaksreykingum eru samfara.

Heimilt er að verja úr ríkissjóði allt að 2 milljónum króna á yfirstandandi ári til framkvæmda samkv. tillögu þessari.

Greinargerð.

Fyrir rúmu ári flutti ég tillögu á Alþingi um að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði einni milljón króna til baráttu gegn tóbaksreykingum æskufólks. Nokkru áður höfðu læknar í Bretlandi sent frá sér skýrslu um skaðsemi tóbaksreykinga og augljóst samband, sem væri á milli mikilla sígarettureykinga og krabbameins í lungum. Brezk stjórnarvöld höfðu tekið upp allmikla baráttu gegn reykingum æskufólks og fréttir bárust um hliðstæðar ráðstafanir frá öðrum löndum. Tillaga mín var þó felld á Alþingi.

Enn á ný hafa borizt fréttir af athyglisverðum skýrslum erlendis frá um hættur þær, sem eru samfara miklum sígarettureykingum. Að þessu sinni hafa mesta athygli vakað rannsóknir, sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum og fullkomlega staðfesta það, sem áður hafði komið fram um samband tóbaksreykinga og ýmissa banvænna sjúkdóma.

Allir þeir, sem rannsakað hafa þessi mál, eru á einu máli um nauðsyn þess, að dregið verði sem mest úr reykingum æskufólks. Vegna þess eru þegar gerðar mjög öflugar ráðstafanir í mörgum löndum til þess að koma sem mest í veg fyrir tóbaksreykingar unglinga. Í mörgum löndum eiga stjórnarvöld landsins beinan þátt í slíkum ráðstöfunum.

Góður árangur hefur náðst í ýmsum tilfellum í baráttunni gegn sígarettureykingum æskufólks. Áhrifa af hinum eindregnu og ákveðnu niðurstöðum læknavísindanna um skaðsemi tóbaksreykinga gætir líka í vaxandi mæli. Þannig er t. d. talið, að sígarettureykingar hafi minnkað um 20—25% í flestum ríkjum Bandaríkjanna á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs, eða síðan læknaskýrslan þar kom fram.

Hér á landi hafa tóbaksreykingar mjög farið í vöxt á síðustu árum, og alvarlegast er, hve mikið af ungu fólki venur sig á tóbaksnotkun. Hér er því brýn nauðsyn á, að hafizt sé handa um baráttu gegn sígarettureykingum og alveg sérstaklega gegn reykingum æskufólks. Hér verður ríkisvaldið að hafa forustuna. Það verður að leggja fram fé til þessarar baráttu, enda er hér um að ræða baráttu til þess að koma í veg fyrir sjúkdóma og vanheilsu uppvaxandi kynslóðar.

Með tillögu þeirri, sem hér er flutt, er lagt til, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að hafin verði sókn gegn tóbaksreykingum í landinu, og áætlað er að verja á yfirstandandi ári úr ríkissjóði um 2 milljónum króna til slíkrar starfsemi. Ráðgert er að beita fræðslustarfsemi eins og kostur er og fá til liðs í slíku starfi lækna og kennara og góða fyrirlesara. Þá er sjálfsagt að notfæra sér kvikmyndir, sem til eru, til upplýsinga og skýringa um þessi mál.

Enginn vafi er á, að ef stjórnarvöld landsins vildu taka með alvöru og einlægni á þessu vandamáli, þá mætti ná miklum árangri. Það er von mín, að svo muni verða.

Nd. 357. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frv. Þó er ágreiningur um tímatakmarkið, og fylgja sumir 3 ára tíma í stað 5 ára. Af þeim sökum áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 6. marz 1964.

Gunnar Gíslason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Björn Pálsson.
Jónas Pétursson. Matthías Ingibergsson.

Nd. 358. Breytingartillaga [88. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá Jónasi Péturssyni, Birni Pálssyni og Matthíasi Ingibergssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna „5 ár“ komi: 3 ár.

Nd. 359. Breytingartillaga [131. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. l. nr. 29 9. maí 1955 og l. nr. 23 12. maí 1960.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr. orðist svo:

11. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir c-lið II. liðar komi nýr liður, svo hljóðandi:
Plógræsi ..... kr. 0.20 pr. m.

b. III. liður orðist svo:
Framræsla vegna túna-, akra-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir skurðir):
65% rekstrarkostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi:
Leiga greidd vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður, sem ekki er innifalinn í leigunni, vírar, hlerar og olíur og mannahald, eftir því sem er ákveðið eða samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands.
Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft, þar sem því verður við komið. Ríkisframlög á vélgröfuskurði, sem ræktunarsambönd og búnaðarfélög og einstaklingar láta grafa með eigin vélum eða leiguvélum, greiðast ekki á hærri kostnað en þann, sem Búnaðarfélag Íslands telur eðlilegan á viðkomandi ræktunarsvæði, enda leiti það upplýsinga um raunverulegan kostnað hjá Landnámi ríkisins og Vélasjóði.

Ed. 360. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum um breytingar á þeim.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 9. marz 1964.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Gils Guðmundsson. Jón Þorsteinsson.

Sþ. 361. Nefndarálit [94. mál]

um till. til þál. um athugun á auknum iðnrekstri í kauptúnum og kaupstöðum, þar sem atvinna er ónóg.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað þingsályktunartillögu þessa og telur, að með henni sé hreyft nauðsynjamáli, og leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Upphaf tillgr. orðist svo:
Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd til þess að

athuga, hvað hægt sé að gera til þess að auka iðnað í þeim kauptúnum og kaupstöðum, þar sem ónóg er atvinna. Störf nefndarinnar skulu vera:

Alþingi, 9. marz 1964.

Jónas G. Rafnar, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Gunnar Gíslason, frsm. Halldór Ásgrímsson.
Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason. Jón Árnason.
Guðlaugur Gíslason. Geir Gunnarsson.

Ed. 362. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á jarðræktarlögum nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

(Eftir 3. umr. í Nd., 10. marz.)

1. gr.

11. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir c-lið II. liðar komi nýr liður, svo hljóðandi:
Plógræsi ..... kr. 0.20 pr. m.

b. III. liður orðist svo:
Framræsla vegna túna-, akra-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir skurðir):
65% rekstrarkostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi:
Leiga greidd vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður, sem ekki er innifalinn í leigunni, vírar, hlerar og olíur og mannahald, eftir því sem er ákveðið eða samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands.
Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft, þar sem því verður við komið. Ríkisframlög á vélgröfuskurði, sem ræktunarsambönd og búnaðarfélög og einstaklingar láta grafa með eigin vélum eða leiguvélum, greiðast ekki á hærri kostnað en þann, sem Búnaðarfélag Íslands telur eðlilegan á viðkomandi ræktunarsvæði, enda leiti það upplýsinga um raunverulegan kostnað hjá Landnámi ríkisins og Vélasjóði.

2. gr.

VII. liður laganna orðist svo:
Heyhlöður:

a.	Þurrheyshlöður, steyptar með járnþaki eða þaki úr öðru efni jafngóðu	kr.	1.00	pr. m^3
b.	Þurrheyshlöður á steyptum grunni úr timbri, asbesti, járni eða öðru jafngildu efni	—	0.75	— —
c.	Votheyshlöður, steyptar með þaki úr varanlegu efni	—	5.50	— —
d.	Garðávaxtageymslur, steyptar með þaki úr varanlegu efni ..	—	5.50	— —
e.	Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður, miðað við gólfflöt	—	12.00	— m^2
f.	Súgþurrkunarkerfi með fasttengdum blásara	—	18.00	— —

3. gr.

2. mgr. ákvæða til bráðabirgða sbr. 6. gr. laga nr. 29/1955, 2. gr. laga nr. 23/1960 og 2. gr. laga nr. 10/1963 orðist svo:

Til ársloka 1972 skulu þau býli, er hafa minna en 25 ha tún, njóta 450 króna framlags á ha til jarðræktar (þar á meðal vegna kalskemmda) og 3 kr. á hvern m^3 í handgröfnum skurðum, ef ekki þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands fært að fá skurðgröfu til að vinna verkið, hvort tveggja að viðbættri verðlagsuppbót.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til þeirra framkvæmda, er gerðar voru á árinu 1963.

Nd. 363. Frumvarp til laga [15. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. marz.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Altmann, Walburga Maria Hedwig Theodora, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. desember 1926.
2. Ågestad, Gudmund, vélvirki á Selfossi, f. í Noregi 7. júní 1928.
3. Bagutti, Sonja Jolanda (Ólafsson), húsmóðir að Syðstu-Mörk í V.-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, f. í Sviss 12. okt. 1935.
4. Bat-Yosef, Miriam Hellerman, listmálari á Kirkjubæ I, Kirkjubæjarhreppi, f. í Ísrael 31. janúar 1931.
5. Grashoff, Christina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Hollandi 26. marz 1926.
6. Jansen, Ruth Erna Margarethe, húsmóðir á Selfossi, f. í Þýzkalandi 10. ágúst 1934.
7. Jensen, Trond, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. september 1901.
8. Joensen, Frida, húsmóðir í Múla, Aðaldælahreppi, f. í Færeyjum 16. desember 1938.
9. Kidson, Peter George William, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Englandi 24. maí 1919.
10. Kroll, Marga, húsmóðir í Króki í Grafningshreppi, f. í Þýzkalandi 13. desember 1934.
11. Larsen, Benny Heinrich, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 23. ágúst 1936.
12. Mooney, Carll Ingvar, nemandi í Ytri-Njarðvík, f. í Bandaríkjunum 17. nóvember 1945.
13. Neffe, Harald Albert, skósmíðanemi í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 13. janúar 1942.
14. Pedersen, Reidar Gunnar, skrifstofumaður í Reykjavík, f. á Íslandi 21. desember 1942.
15. Peschel, Ida Anna, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 20. desember 1918.
16. Peschel, Wiktor Paul Walter, útvarpsvirki í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 12. maí 1944.
17. Olesen, Jörgen Faurholt, garðyrkjumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 10. nóv. 1926. (Fær réttinn 30. apríl 1964).
18. Rasmussen, Finn, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Danmörku 15. nóv. 1937.
19. Simonsen, Bjarnfrida, húsmóðir á Þingeyri, f. í Færeyjum 9. júlí 1924.
20. Stö, Asbjörn, garðyrkjumaður á Þórustöðum í Ölfushreppi, f. í Noregi 22. febrúar 1920.
21. Sönderskov, Harry, vélvirki í Hafnarfirði, f. í Danmörku 17. desember 1927.
22. Östlund, Pétur Davíð, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 3. des. 1943.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **364. Nefndarálit** [90. mál]

um till. til þál. um athugun á sem hagkvæmastri skipan og um aukningu stofnlánasjóða sjávarútvegsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa og fengið um hana umsögn frá þessum aðilum: Framkvæmdabanka Íslands, Seðlabanka Íslands, fiskimálasjóði, Fiskveiðasjóði Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samlagi skreiðarframleiðenda.

Öll sölusamtök útvegsins, Landssamband íslenzkra útvegsmanna og fiskimálasjóður mæla einróma með samþykkt tillögunnar. Seðlabankinn og Framkvæmdabankinn mæla einnig með, að tillagan verði samþykkt, en gera báðir nokkrar athugasemdir við stofnlán útvegsins og framkvæmd þeirra. Fiskveiðasjóður „hefur fyrir sitt leyti ekkert á móti því, að umrædd athugun fari fram“, og bendir á nauðsyn þess, að fiskveiðasjóður fái aukið fjármagn til umráða.

Það er einróma álit nefndarinnar, að æskilegt sé, að sú athugun fari fram, sem till. gerir ráð fyrir, og leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt óbreytt, eins og hún liggur fyrir á þskj. 103.

Alþingi, 9. marz 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr., frsm.	Pétur Sigurðsson.
Ragnar Arnalds.	Sverrir Júlíusson.	Einar Ágústsson.
	Gísli Guðmundsson.	

Fylgiskjal I.

FRAMKVÆMDABANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 6. febrúar 1964.

Framkvæmdabanka Íslands hefur borizt bréf frá allsherjarnefnd sameinaðs þings hins háa Alþingis, dagsett 18. janúar 1964, varðandi framkomna tillögu til þingsályktunar um athugun á sem hagkvæmastri skipan og um aukningu stofnlánasjóða sjávarútvegsins. Í bréfinu er beðið um umsögn bankans.

Framkvæmdabankinn er þeirrar skoðunar, að það sé mjög æskilegt, að tillaga þessi verði samþykkt og að athugun sú, sem hún gerir ráð fyrir, verði framkvæmd. Fer hér á eftir rökstuðningur fyrir þessari skoðun.

Nauðsynlegt er, að hinum ýmsu atvinnugreinum landsmanna sé gert kleift að útvega sér hæfilegt fé sem stofnlán með skaplegum kjörum. Til grundvallar skiptingu fjár til stofnlána, er Alþingi kynni að vilja ákveða, hlýtur að verða að liggja ákveðin skoðun um það, á hvern hátt atvinnuvegir þjóðarinnar muni þróast eða æskilegt sé að þeir þróist. Sameiginlegt er samt um alla atvinnuvegina, að æskilegt er, að hæfilegt hlutfall sé á milli eigin fjár atvinnurekendanna annars vegar og þess lánsfjár, sem þeir geta fengið fyrir atbeina hins opinbera, hins vegar. Það er óheilbrigt, að atvinnuvegur — og hvaða atvinnuvegur svo sem á í hlut — starfi að mestu leyti með stofnfé, sem fengið sé að láni. Gangi atvinnuvegurinn skaplega, getur þetta ekki grundvallazt á öðru en því, að út úr þeim atvinnuvegi sé dregið óhæfilega mikið fé til annarra hluta. Það getur því ekki verið markmið í sjálfu sér að beina sem mestu fjármagni inn í tiltekinn atvinnuveg, hvernig svo sem á stendur og hvað sem öðrum atvinnuvegum líður. Höfuðvandamálið er rétt hlutföll.

Nauðsynlegt er, að allri þættir sömu atvinnugreinar eigi sem jafnastan aðgang að lánsfé. Lánin þurfa að vera í hæfilegu hlutfalli, miðað við þarfir atvinnuvegarins

í heild. Má í því sambandi benda á, að til fiskiskipa hefur Fiskveiðasjóður Íslands, samkvæmt greinargerðinni fyrir tillögunni, lánað samtals 508 milljónir króna, en til fiskvinnslustöðvanna aðeins 37 milljónir króna. Í þessum lánum til fiskiskipa munu þó ekki vera lán til togara. Nú er það vitað mál, að þegar skip eru keypt til landsins, þá er nauðsynlegt að leggja mikið fé í mannvirki vegna vinnslu sjávaraflans í landi, vegna framleiðslu veiðarfæra og vegna ýmiss konar þjónustu við vélar, skrokk og veiðarfæri. Í þessa hluti þarf að leggja að minnsta kosti annað eins og fer í sjálft skipið. Auk þess eru síðan margvíslegar þarfir, sem standa í sambandi við stækkun flotans, svo sem hafnarbyggingar. Það er því augljóst mál, að það leysir alls ekki það vandamál að veita hæfilegu fjármagni sem stofnlánum til sjávarútvegsins að setja upp stofnun eins og Fiskveiðasjóð Íslands og láta hann síðan lána aðeins til bátakaupa og það ríflega, enda hefur reynslan orðið sú, að til þess að greiða fram úr brýnustu vandræðunum í sambandi við þarfir sjávarútvegsins, aðrar en skipakaupin ein, hefur orðið að taka meginhlutann af öðru lausu fé, sem hefði átt að renna til annarra framkvæmda, og lána það til þess að bæta aðstöðu útgerðarinnar í landi. Þetta mikla misvægi er ástand, sem er óviðunandi til lengdar.

Þá er einnig mjög áríðandi, að fé sé tiltækt til þess að kosta með nýjungar í sambandi við framleiðslu sjávarútvegsins. Fiskimálasjóður var upphaflega stofnaður í þessu augnamiði, en hlutverki hans hefur í reyndinni verið breytt. Fé hans er nú að mestu tekið í fiskvinnslustöðvarnar, fé, sem hefði átt að nota til þess að kosta með nýjungar, helzt einnig rannsóknir. Öflun nýrrar þekkingar með tilraunum, prófunum og margvíslegu framtaki kostar mikið fé, en það fé, sem í þetta ætti að fara, er nú að miklu leyti notað til þess að halda jafnvægi milli hinna ýmsu þátta sjávarvöruframleiðslunnar. Framfarirnar eru því vanræktar. Þessu ástandi þyrfti að breyta.

Framkvæmdabankinn hefur, eins og stendur í greinargerðinni, lánað 161 milljón króna á undanförnum 10 árum í sjávarútveginn, aðallega til frystihúsabygginga og til vélvæðingar frystihúsanna. En með tilliti til hinnar brýnu nauðsynjar þess að skapa og efla fleiri iðngreinar í landinu en sjávarvöruiðnaðinn, þá er það óæskileg ráðstöfun að binda til langframa fjármagn Framkvæmdabankans að einhverju verulegu leyti í sjávarvöruiðnaðinum. Þetta fjármagn þarf að vera tiltækt, til þess að hægt sé að nota það í sambandi við þarfir iðnvæðingarinnar yfirleitt og þá að sjálfsögðu einnig til **nýjunga** á sviði fiskvinnslunnar.

Tiltölulega auðvelt er nú að fá lán til fiskiskipakaupa, en að sama skapi erfitt að fá lán til annarra þarfa sjávarútvegsins. Þetta er ótækt ástand og hefur leitt til ofþenslu í atvinnulífinu, þar sem hin mikla aukning bátaflotans (um 60% af rúmlestatölu á 5 árum) skapar stórauknar þarfir á fjölmörgum sviðum, eins og áður er á minnzt. Hinn gífurlegi fiskiskipainnflutningur er ein ástæðan til þess, að skapazt hefur erfitt ástand á vinnumarkaðinum. Hinn mikli innflutningur fiskiskipa hefur skapað margvíslega auknar þarfir og misvægi og þar með mikinn þrýsting á flestum sviðum efnahagslífsins. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að skynsamlegra hefði verið að leggja eitthvað af því fé, sem farið hefur í kaup á nýjum fiskibátum erlendis og óhjákvæmilegar viðbótarframkvæmdir vegna tilkomu þeirra, í það að koma á laggirnar góðum og afkastamiklum skipabyggingaiðnaði, svo að fleira sé nefnt en fiskveiðar og fiskvinnsla. Sé með heilbrigðum hætti hægt að spara erlendan gjaldeyri, jafngildir það aukningi útflutningsins.

Með sérstakri virðingu,

Framkvæmdabanki Íslands.

Dr. Benjamín Eiríksson bankastjóri.

Til allsherjarnefndar sameinaðs þings, Alþingi.

Fylgiskjal II.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 1. febrúar 1964.

Seðlabanka Íslands hefur borizt til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stofnlánamál sjávarútvegsins.

Efnisatriði þingsályktunartillögunnar eru þrjú. Í fyrsta lagi er rannsókn á möguleikum á auknum stofnlánum til sjávarútvegsins. Í öðru lagi er athugun á samræmingu eða sameiningu stofnlánastarfsemi í þágu sjávarútvegsins. Í þriðja lagi skipun nefndar til þess að vinna að þessu verkefni.

Seðlabankinn vill benda á eftirfarandi atriði í þessu sambandi:

1) Mjög ólíkt er farið um stofnlán vegna hinna tveggja meginþátta sjávarútvegsins, fiskiskipa annars vegar og vinnslustöðva hins vegar. Eftirspurn eftir lánsfé vegna fiskiskipa hefur verið fullnægt af fiskveiðasjóði með eðlilegum stofnlánum, og hefur fé hans að langmestu leyti runnið til þess. Eftirspurn eftir lánsfé til vinnslustöðva hefur hvorki verið fullnægt né hafa þau lán, sem fengizt hafa frá ýmsum aðilum, að öllu leyti fullnægt þeim kröfum, sem gera þarf til fjáröflunar vegna framkvæmda. Aðstaða fiskiðnaðarins til lánsfjáröflunar hefur þó sízt verið lakari en annarra atvinnuvega. Auk þess má benda hér á, að síaukinn fiskiskipafloti kallar ekki aðeins á nýjar vinnslustöðvar, heldur einnig á hafnir og viðgerðarstöðvar með nýrri fjárfestingu, sem þeim hlýtur óumflýjanlega að fylgja.
2) Varhugavert er að líta á stofnlán sjávarútvegsins sem afmarkað vandamál, þar sem rekstrar- og afurðalán og eigið fé eru aðrar hliðar sama vandamálsins.
3) Lánamálum sjávarútvegsins verða ekki gerð skil til neinnar hlítar, nema einnig sé litið til hliðstæðra vandamál hjá öðrum atvinnugreinum og til efnahagsmálanna í heild. Breyting á lánamálum sjávarútvegsins gæti orðið fordæmi fyrir breytingum hjá öðrum atvinnugreinum. Hafa verður einnig í huga, að sú heildarfjárhæð, sem til er handa atvinnuvegum landsins, er takmörkuð, og verður þá ekki fram hjá því komizt, að því meira fé sem beint er af opinberri hálfu til sjávarútvegsins, því minna verður eftir til annarra þarfa.

Seðlabankinn fellst á það sjónarmið í grundvallaratriðum, sem fram kemur í þingsályktunartillögunni, að skipulagsbreyting sé æskileg á sviði lánamála sjávarútvegsins. Vel má hugsa sér, að öll stofnlán sjávarútvegsins verði veitt við eina stofnun, enda eigi þeir bankar, sem veita sjávarútveginum rekstrarlán, aðaladild að stjórn slíkrar stofnunar. Með þessu mætti vera stefnt að því, að einn þáttur sjávarútvegsins fái ekki stofnlán á kostnað annars, eins og komið hefur fyrir. Bankinn er og meðmæltur því, að nefnd verði skipuð til þess að sinna verkefni því, sem í þingsályktunartillögunni felst, enda hafi hún meðal annars í huga í starfi sínu þau sjónarmið, sem koma fram í 3. lið hér að framan.

Virðingarfyllst,

Seðlabanki Íslands.

Jón G. Maríasson. Vilhjálmur Þór.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA

Reykjavík, 28. janúar 1964.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi, dags. 18. janúar, beiðzt umsagnar vorrar um tillögu til þingsályktunar um athugun á sem hagkvæmastri skipan og um aukningu stofnlána sjávarútvegsins.

Vér mælum eindregið með því, að umrædd þingsályktunartillaga verði samþykkt, og viljum taka undir þau rök í greinargerð tillögunnar, þar sem segir: **„að aukin verði eðlileg stofnlán til sjávarútvegsins og þannig stuðlað að heilbrigðri þróun þessa undirstöðuatvinnuvegar landsmanna".**

Í greinargerðinni er enn fremur vakin athygli á því, að stofnlán sjávarútvegsins liggi m. a. í ýmsum sjóðum, er lánað hafa gegn ríkisábyrgð, svo sem lífeyrissjóðum, atvinnuleysistryggingasjóði o. fl. Stór hluti tekna atvinnuleysistryggingasjóðs kemur frá útflutningsatvinnuvegunum. Verður því að teljast eðlilegt, að útlánastarfsemi hans beinist að verulegu leyti til þarfa útflutningsframleiðslunnar. Leyfum vér oss því að leggja til, að við endurskoðun og samræmingu útlánastarfseminnar í þágu fiskiðnaðarins og sjávarútvegsins verði þetta haft sterkt í huga.

Hin mikla endurnýjun fiskiskipastólsins og aukning sjávarafla útheimtir, að fiskvinnslustöðvar séu efldar og aðstaðan í landi bætt í þeim tilgangi, að hið verðmæta hráefni — fiskurinn — sé betur nýtt.

Viljum vér því leggja áherzlu á þýðingu þess, að sú aðstaða verði mynduð, er leiði til þess, að aukið fjármagn fari í undirstöðuatvinnugreinar þjóðarbúsins — sjávarútveg og fiskiðnað. Slík tilhögun mun efla hag þjóðarinnar og tryggja um leið aukna framleiðslumöguleika og afkomu hins mikla fjölda verkamanna, verkakvenna, sjómanna, útvegsmanna og fiskframleiðenda, sem eru meginstofnarnir í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Virðingarfyllst,

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Guðm. H. Garðarsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Sþ. 365. Fyrirspurnir. [187. mál]

I. Til menntamálaráðherra um lóðamál Sjómannaskólans.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hafa tekizt samningar við Reykjavíkurborg um stærð og afhendingu þeirrar lóðar, sem tilheyra skal Sjómannaskólanum?
2. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að skipuleggja og prýða umhverfi Sjómannaskólans?

II. Til samgöngumálaráðherra um endurskoðun laga og reglugerða um fjarskiptastöðvar í íslenzkum skipum.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 9. marz 1960 um endurskoðun laga og reglugerða um fjarskiptastöðvar í íslenzkum skipum?

III. Til ríkisstjórnarinnar um vörukaupalán í Bandaríkjunum o. fl.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hve miklu nema svonefnd PL 480 lán, sem tekin hafa verið í Bandaríkjunum, þ. e. andvirði keyptra vara, sundurliðað frá ári til árs, ásamt ónotuðum kaupheimildum?
2. Hverjum hafa lán þessi verið framlánuð?
3. Hve miklu nema þær greiðslur samanlagt, sem Bandaríkin hafa fengið endurgreiddar í íslenzkum peningum fyrir Marshallfé og PL 480 lán og þau mega ráðstafa að vild sinni hér á landi?
4. Er ríkisstjórninni kunnugt um, hvernig Bandaríkjastjórn og bandaríska sendiráðið hafa ráðstafað þessu fé hér á landi?

Sþ. 366. Nefndarálit [59. mál]

um till. til þál. um varnir byggðanna í Álftaveri og Vík í Mýrdal gegn hugsanlegu tjóni af völdum Kötluhlaups.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og sent hana til umsagnar vegamálastjóra, forstöðumanns almannavarna, Slysavarnafélags Íslands og Búnaðarfélags Íslands. Eru allir þessir aðilar málinu meðmæltir. Leggur fjárveitinganefnd til, að tillagan verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Geir Gunnarsson, hefur þó áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., er fram kynnu að koma.

Alþingi, 10. marz 1964.

Jónas G. Rafnar, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gíslason, frsm. Halldór E. Sigurðsson.
Jón Árnason. Gunnar Gíslason. Halldór Ásgrímsson.
Geir Gunnarsson. Ingvar Gíslason.

Nd. 367. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og kynnt sér gögn, sem fyrir liggja varðandi það. Hefur nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu, og skilar minni hl. séráliti.

Í trausti þess, að gerð verði ýtarleg athugun á framtíðarþörf þjóðarinnar fyrir menntaskóla og ekkert verði til sparað að tryggja nægilegan skólakost á því sviði, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að **frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 11. marz 1964.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Gunnar Gíslason, fundaskr. Einar Ingimundarson.

Nd. 368. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og kynnt sér gögn, sem fyrir liggja varðandi það. Hefur nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu, og skilar minni hl. séráliti.

Í trausti þess, að gerð verði ýtarleg athugun á framtíðarþörf þjóðarinnar fyrir menntaskóla og ekkert til sparað að tryggja nægilegan skólakost á því sviði, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að **frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 11. marz 1964.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Gunnar Gíslason, fundaskr. Einar Ingimundarson.

Nd. 369. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um menntaskóla Austurlands á Eiðum.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og kynnt sér gögn, sem fyrir liggja varðandi það. Hefur nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu, og skilar minni hl. séráliti.

Í trausti þess, að gerð verði ýtarleg athugun á framtíðarþörf þjóðarinnar fyrir menntaskóla og ekkert til þess sparað að tryggja nægilegan skólakost á því sviði, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að **frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 11. marz 1964.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Gunnar Gíslason, fundaskr. Einar Ingimundarson.

Sþ. 370. Þingsályktun [45. mál]

um undirbúning geðveikralaga.

(Afgreidd frá Sþ. 11. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa frumvarp til geðveikralaga og láta leggja slíkt frumvarp fyrir næsta þing.

Sþ. 371. Þingsályktun [62. mál]

um auknar framkvæmdir til heftingar sandfoks og uppblásturs við Þorlákshöfn.

(Afgreidd frá Sþ. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 67.

Sþ. 372. Tillaga til þingsályktunar [188. mál]

um athugun á áfengisvandamálinu.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö alþingismanna til þess að rannsaka svo sem verða má ástandið í áfengismálum þjóðarinnar og eðli og orsakir þessa mikla vandamáls. Skal nefndin jafnframt kynna sér framkvæmd áfengisvarna, starfsemi bindindissamtaka og endurskoða eftir þörfum gildandi löggjöf um áfengismál. Að loknum athugunum sínum skal nefndin gera rökstuddar tillögur um þær úrbætur, er hún telur nauðsynlegar og framkvæmanlegar.

Greinargerð.

Það dylst engum hugsandi manni, að áfengisnautn veldur miklu böli hér á landi svo sem með flestum öðrum þjóðum. Skýrslur sýna, að áfengisnautn fer vaxandi, og stóraukin vínneyzla unglinga hlýtur að vera öllum mikið áhyggjuefni. Ýmis bindindissamtök áhugamanna hafa unnið ómetanlegt starf að áfengisvörnum, og með stofnun áfengisvarnaráðs var af opinberri hálfu hafin mikilvæg forusta um áfengisvarnir, en engu að síður hefur ríkt allt of mikið andvaraleysi um þetta mikla þjóðfélagsvandamál. Síðustu árin hefur þó stundum keyrt svo um þverbak og hneykslisatburðir orðið svo áberandi, að þjóðin hefur almennt rumskað og blöðin, sem óneitanlega geta haft mikið áhrifavald í þessum efnum sem öðrum, hafa fordæmt ósómann og hvatt til varnaraðgerða.

En því miður hafa menn verið gjarnari á að finna að starfsháttum þeirra, sem reynt hafa að spyrna gegn áfengisbölinu, heldur en leggja þá sjálfir hönd á plóginn í virku starfi eftir öðrum leiðum til lækningar þessu vandamáli. Og hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á starfi þessara eða hinna bindindissamtaka, þá er áfengisbölið orðið slíkt þjóðfélagsvandamál, að af hálfu ríkisvaldsins er ekki auðið að skjóta því lengur á frest að reyna að kanna þetta mikla vandamál til hlítar og freista þess að taka upp skipulega baráttu gegn hinum óheillavænlegu afleiðingum áfengisnautnarinnar. Það má auðvitað enginn láta sér til hugar koma, að umbætur á þessu sviði séu auðveldar, en hér er of mikið í húfi til þess, að leggja megi árar í bát.

Ýmsum kann að þykja ástandið í áfengismálum þjóðarinnar svo augljóst, að ekki þurfi sérstaka athugun á því, og naumast heldur hægt að vænta þess, að ný úrræði séu finnanleg. Það er hins vegar skoðun flutningsmanns, að hér sé þörf miklu ýtarlegri rannsóknar, bæði á eðli vandamálsins og orsökum þess.

Athugun þessi þarf að vera svo raunsæ og hlutlæg sem verða má. Auðvitað þarf að kynna sér reynslu þeirra aðila, sem að meira eða minna leyti hafa helgað sig áfengisvörnum og bindindisstarfsemi, og jafnframt styðjast við þekkingu sérfræðinga á áfengisvandamálinu, en það er skoðun flutningsmanns, að æskilegast sé, að hlutlaus opinber aðili annist athugunina og vinni að tillögugerð að rannsókn lokinni.

Bæði af þessari ástæðu og einnig til þess að leggja sérstaka áherzlu á mikilvægi málsins er hér lagt til, sem er óvenjulegt, að nefndin verði valin úr hópi alþingismanna. Á þann hátt er tryggt, að nefndarmenn séu í nánum tengslum við löggjafann, og til þess að tryggja það, að allir þingflokkar geti átt aðild að þessari athugun, sem nauðsynlegt er að hafi alhliða stuðning, þótt málið sé ekki stjórnmálalegs eðlis, er lagt til, að nefndin verði skipuð sjö mönnum.

Það verður að teljast svo sjálfsagt, að eigi þurfi að taka það fram í tillögunni, að opinberar stofnanir skuli veita nefndinni nauðsynlega aðstoð, og enn fremur, að nefndinni sé heimilt að leita sérfræðilegrar aðstoðar eftir þörfum.

Nd. 373. Breytingartillaga [108. mál]

við frv. til l. um afnám laga nr. 27/1954, um verðlagsskrár.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir 2. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú er í gildi samningur um, að greiðsla skuli miðuð við verðlagsskrá, og skal hagstofustjóri þá meta greiðsluna til peningaverðs, nema aðilar komi sér saman um annað.

Nd. 374. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um afnám l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og laga nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. marz 1964.

Davíð Ólafsson, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr., Einar Ágústsson, frsm.
Matthías Á. Mathiesen. Skúli Guðmundsson.

Sþ. 375. Þingsályktun [93. mál]

um eflingu innlendra skipasmíða.

(Afgreidd frá Sþ. 12. marz.)

Samhljóða þskj. 106.

Sþ. 376. Þingsályktun [94. mál]

um athugun á auknum iðnrekstri í kauptúnum og kaupstöðum, þar sem atvinna er ónóg.

(Afgreidd frá Sþ. 12. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd til þess að athuga, hvað hægt sé að gera til þess að auka iðnað í þeim kauptúnum og kaupstöðum, þar sem ónóg er atvinna. Störf nefndarinnar skulu vera:

1. Athugun á því, hvar mest er þörf fyrir aukinn iðnað vegna ónógrar atvinnu.
2. Athugun á því, hvaða iðngreinar er hagkvæmast að starfrækja á hverjum stað.
3. Að gera tillögur um, á hvern hátt eigi að útvega fjármagn, svo að hægt sé að starfrækja iðnfyrirtækin.
4. Að gefa upplýsingar um þá faglegu þekkingu, sem nauðsynleg er, til þess að hægt sé að starfrækja þau iðnfyrirtæki, sem nefndin leggur til að stofnuð verði.

Nd. **377. Frumvarp til laga** [20. mál]

um loftferðir.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. marz.)

Samhljóða þskj. 20 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Loftfari er rétt að fljúga um íslenzkt yfirráðasvæði, enda hafi það:

a. íslenzkt þjóðerni eða
b. þjóðerni erlends ríkis, sem hefur með sáttmála verið veittur réttur til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði.
c. Þá er sérstakar ástæður eru til, er ríkisstjórninni rétt að veita loftfari, sem eigi er svo farið sem í 1. mgr. segir, heimild til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði með því skilorði, er telja má nauðsynlegt, svo sem til öryggis. Slíkt leyfi má afturkalla, er vill.

28. gr. hljóðar svo:

Nú lætur flugmálaráðherra eigi öðruvísi mælt, og verður íslenzkt lofthæfisskírteini ógilt:

a. Þá er eigi hefur verið framkvæmd fyrirskipuð skoðun á loftfari.
b. Þá er gerð hefur verið slík breyting á loftfari og búnaði þess, að máli getur skipt um lofthæfi þess.
c. Þá er loftfar eða búnaður þess hefur orðið fyrir spjöllum, sem einsýnt er, að máli skiptir um lofthæfi þess.

Flugmálaráðherra er annars rétt að ógilda lofthæfisskírteini, þá er einhver þau atvik verða, sem skipta að dómi hans máli um lofthæfi loftfars.

Í tilviki því, er í stafl. c greinir, helzt ógildingin, unz flugmálastjórnin lýsir loftfar lofthæft.

Nú er lofthæfisskírteini ógilt, og er flugmálastjórninni rétt að heimta það til sín.

33. gr. hljóðar svo:

Rétt er flugmálaráðherra að ákveða, að smíði loftfara, búnaðar, tækja og varahluta þeirra og svo nánar tiltekin störf við viðhald, viðgerðir og breytingar á loftförum, búnaði, tækjum og varahlutum þeirra skuli einungis falin sérfróðum mönnum, sem sérstaklega eru til slíks starfs löggiltir, eða fyrirtækjum, sem til starfans setja sérfróða og löggilta menn.

52. gr. hljóðar svo:

Enginn flugverji má hafa á hendi starfa í loftfari, sé hann vegna neyzlu áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja, vegna sjúkdóms eða þreytu eða annarrar líkrar orsakar óhæfur til að rækja starfann á tryggilegan hátt. Nú er vínandamagn í blóði flugstjóra eða annars flugverja yfir 0.4‰ eða áfengi er í líkama hans, sem leitt getur til slíks vínandamagns í blóðinu, og telst hann með áhrifum áfengis og eigi hæfur til að starfa í loftfari. Eigi leysir það aðila undan sök, þótt hann ætli vínanda í blóði sínu minni.

Flugstjóri og flugverjar, sem teljast til áhafnar loftfara, svo og flugumferðarstjórar, mega ekki neyta áfengis síðustu 18 klukkustundir, áður en störf eru hafin, né heldur meðan þeir eru að starfi. Varðar það að jafnaði missi skírteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Sá, sem starfað hefur í loftfari, má eigi neyta áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja næstu 6 klukkutíma, eftir að starfa hans í loftfari lauk, enda hafi hann ástæðu til að ætla, að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann.

Rétt er lögreglumönnum, þá er ástæða er til, að flytja aðila til læknis til rannsóknar, þ. á m. til blóð- og þvagrannsóknar, og er honum skylt að hlíta nauðsynlegri meðferð læknis.

Bannað er að fela manni starfa í loftfari, þá er hann er haldinn þeim meinbug, sem í 1. og 3. mgr. getur.

Nú neytir flugstjóri eða annar flugverji áfengis á opinberum veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann muni verða brotlegur við 1. og 3. mgr., og ber þeim að gera allt, sem unnt er, til að afstýra broti, þar á meðal að gera lögreglu viðvart. Lögreglustjórar skulu, hver í sínu umdæmi, brýna ákvæði þessarar greinar fyrir veitingamönnum.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til að tryggja fyllsta öryggi.

56. gr. hljóðar svo:

Flugöryggisþjónustu skal veita loftferðum til öryggis og léttis. Flugmálaráðherra setur reglur um hana og ákveður, að hve miklu leyti aðrir en ríkisstofnanir skuli hafa hana á hendi.

84. gr. hljóðar svo:

Veita skal leyfi um tiltekinn tíma og binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um farm- og fargjöld.

Rétt er í leyfi að áskilja ríkinu heimild til innlausnar.

140. gr. hljóðar svo:

Nú ferst maður, sem staddur er í loftfari eða utan þess, í flugslysi eða hlýtur mikil meiðsl, eða loftfar eða hlutir utan þess verða fyrir miklum spjöllum, og skal flugmálastjórnin láta fara fram rannsókn á flugslysinu.

Slíka rannsókn skal og hefja, þá er legið hefur við flugslysi eða ástæða er til að ætla, að loftfari, flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna.

Skylt er flugmálaráðherra að skipa rannsóknarnefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslyss, ef manntjón hefur orðið.

142. gr. hljóðar svo:

Nú hefur flugslys orðið á íslenzku yfirráðasvæði, og má hvorki hreyfa né nema á brott loftfarið, hluta þess, innihald þess né verksummerki slyssins, unz rannsókn er lokið, enda hafi lögregla í samráði við rannsóknaraðila eigi leyft það.

Án slíks leyfis má þó hreyfa, flytja til eða nema á brott loftfarið, hluta þess eða innihald, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt reynist til að frelsa menn eða dýr, ná pósti úr loftfari, afstýra spjöllum af eldi eða öðrum orsökum eða koma í veg fyrir, að loftfarið, hlutar þess eða innihald valdi háska eða almenningi miklum baga.

144. gr. hljóðar svo:

Þá er rannsókn er lokið, skal, svo fljótt sem verða má, semja skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar og senda hana flugmálaráðherra, saksóknara og dómsmálaráðherra. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins, auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir, sem gera má til þess að afstýra áframhaldandi slysum af sömu eða líkum orsökum.

Með skýrslunni skal einnig fylgja yfirlýsing um, hvort ástæða sé til að ætla, að brotnar hafi verið réttarreglur eða starfsreglur.

Nú telur flugmálastjórnin, að rannsókn flugslyss leiði í ljós, að skírteinishafi hafi í sambandi við slysið orðið sekur um atferli, er veiti tilefni til að svipta hann skírteininu, og skal hún gera tillögur þess efnis.

Flugmálaráðherra er rétt að kveða svo á, að birta skuli skýrslu um rannsókn á flugslysi.

150. gr. hljóðar svo:

Eigandi eða notandi loftfars og réttur umráðandi viðurkennds flugvallar eða annars loftferðavirkis er skyldur að láta í té þá vitneskju, sem flugmálastjórnin krefst til að geta rækt störf sín. Sömu skyldu hefur forráðandi viðurkenndrar starfsemi samkvæmt 33. gr. eða annarrar starfsemi, sem rekin er samkvæmt viðurkenningu eftir lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

Rétt er flugmálastjórninni að skýra þriðja aðilja frá vitneskju, sem hún hefur fengið með framangreindum hætti, að því leyti sem það er nauðsynlegt samkvæmt alþjóðasamningi. Að öðru leyti er rétt að skýra frá slíkri vitneskju eða birta hana almenningi, enda sé eigi um að tefla viðskipta- eða rekstrarhuliðsmál. Nú hefur sá, sem telur sig eiga rétt til launungar, mótmælt því, að vitneskja fari lengra eða sé birt, og verður það einungis samkvæmt úrskurði flugmálaráðherra.

Nú hefur maður fengið greinda vitneskju í starfa sínum, og hefur hann þagnarskyldu, að því leyti sem vitneskjan eigi má fara lengra eða hana má eigi birta.

162. gr. hljóðar svo:

Nú innir maður af hendi starfa í loftfari eða reynir það andstætt ákvæðum 1. mgr. 52. gr., og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Ef hann framkvæmir starfa með áhrifum áfengis eða annars æsandi eða deyfandi lyfs eða hann hefur brotið gegn ákvæði 3. mgr. 52. gr., skal beita varðhaldi eða fangelsi.

184. gr. hljóðar svo:

Svipta skal flugstjóra eða flugverja með dómi rétti til að starfa í loftfari, þá er hann hefur rækt starfa sinn á mjög vítaverðan hátt eða telja verður með hliðsjón af eðli mistaka hans eða atferli við starfann varhugavert af öryggisástæðum, að hann starfi í loftfari.

Nú brýtur maður gegn ákvæðum 52. gr. og starfar síðan eða reynir að starfa í loftfari, og skal svipta hann með dómi rétti til slíkra starfa.

Svipting réttar skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 6 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Svipting réttar samkvæmt 2. mgr. skal þó að jafnaði eigi vera styttri en 1 ár. Nú hefur maður verið sviptur rétti um stundarsakir samkvæmt ákvæðum 5. mgr. hér á eftir, og skal ákveða í dómi, hvort sá tími dragist frá endanlegum sviptingartíma.

Nú hefur maður verið sviptur rétti til að starfa í loftfari eða til að öðlast hann um lengri tíma en 3 ár, og má bera undir þann dómstól, sem dæmt hafði til fullnaðar sviptingu réttar, kröfu um endurheimtu hans, þótt sviptingartíminn sé eigi runninn út. Mál skal reka að hætti opinberra mála, þó þannig að hinn dómfelldi er sóknaraðili, en ákæruvaldið varnaraðili. Slíkt málskot má í fyrsta lagi verða, þá er 3 ár eru liðin frá uppsögu fullnaðardóms um sviptingu réttar. Réttur verður einungis endurheimtur, þá er sérstakar ástæður mæla með því. Nú hefur sóknaraðili áður verið sviptur með dómi rétti til að starfa í loftfari, og verður réttur inn í undantekningartilvikum einungis dæmdur honum aftur og í fyrsta lagi, þá er 6 ár eru liðin frá uppsögu þess dóms, er svipti hann réttindum.

Nú telur flugmálastjórnin, að efni séu til að svipta mann rétti til að starfa í loftfari, og er henni rétt að svipta hann réttinum til bráðabirgða, þó svo að dómari sá, sem málið ber undir, getur, hvenær sem er og áður málið er dæmt til fullnaðar, ógilt ákvörðun flugmálastjórnar.

Nú er kveðinn upp sýknudómur í héraði og ákæruvaldið áfrýjar honum, og er því rétt í kærumáli að æskja dóms Hæstaréttar, að ákærði sé sviptur réttindum, meðan á áfrýjun stendur, enda séu gildar ástæður til.

Nú er maður sviptur rétti til starfa í loftfari til bráðabirgða eða með dómi til fullnaðar, og skal flugmálastjórnin taka skírteini hans í sínar vörzlur.

Nú hefur manni, sem hefur íslenzkt ríkisfang eða íslenzkt heimilisfang, verið resfað erlendis fyrir atferli, sem leitt hefði samkvæmt grein þessari til sviptingar á rétti til að starfa í loftfari, ef mál hefði dæmt verið eftir lögum þessum, og er rétt að krefjast slíkrar sviptingar á réttindum í opinberu máli hér á landi. Ákvæðum greinar þessarar skal þá beita með samsvarandi hætti.

Ákvæðum 1.—7. mgr. skal með samsvarandi hætti beita um menn, sem starfa þann hafa á hendi, er í 80. gr. getur.

190. gr. hljóðar svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32/1929 og lög nr. 24/1945. Þó skulu halda gildi sínu 1. mgr. 27. gr., 30. gr., 36. gr. og 40. gr. laga nr. 32/1929, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 49/1947.

Nd. 378. Lög [88. mál]

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

(Afgreidd frá Nd. 12. marz.)

Samhljóða þskj. 278.

Nd. 379. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Á eftir 9. tölul. komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

Klein, Siglinde Eleonore, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 30. janúar 1937. (Fær réttinn 23. júní 1964).

Sþ. 380. Tillaga til þingsályktunar [189. mál]

um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Kristján Thorlacius, Jón Skaftason, Karl Kristjánsson, Matthías Ingibergsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga, í því skyni að finna nýja tekjustofna, er geri kleift að fella niður eða lækka verulega útsvar af framfærslutekjum manna.

Nefndin taki einnig til athugunar önnur atriði laganna, eftir því sem ástæða þykir til.

Greinargerð.

Núgildandi reglur um álagningu útsvara á framfærslutekjur eru orðnar mjög ósanngjarnar. Raunverulegur framfærslukostnaður meðalfjölskyldu er nú á annað hundrað þúsund krónur á ári. Er fjölskyldufrádrátturinn því í engu samræmi við framfærslukostnaðinn.

Það er hin mesta nauðsyn, að nú þegar verði hafizt handa um að leita að nýjum leiðum, er tryggi, að unnt verði að komast hjá útsvarsálagningu á almennar launatekjur eða a. m. k. lækka útsvar af þeim verulega.

Það er alkunna, að útsvör, eins og aðrir beinir skattar, bitna þyngst á launamönnum, og í reyndinni taka þeir á sig mikinn hluta af þeirri gjaldabyrði, sem öðrum aðilum er ætlað að bera lögum samkvæmt, þar sem ekki hefur tekizt að tryggja rétt framtöl.

Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru tekjur einstaklinga, er nema eigi hærri fjárhæð en 50 þús. kr., skattfrjálsar. Á sama hátt eru hjónum reiknaðar 70 þús. kr. skattfrjálsar og auk þess 10 þús. kr. fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs.

Samkvæmt yfirlýsingu fjármálaráðherra í fjárlagaræðunni s. l. haust hyggst hann leggja til, að þessar skattfrjálsu tekjur verði hækkaðar um 30%, og var þar með viðurkennt af hans hálfu, að vegna vaxandi dýrtíðar þyrfti breytinga við.

Mikils ósamræmis gætir þannig nú orðið um persónufrádrátt við álagningu tekjuskatts og útsvars, en á hinn bóginn verður að teljast eðlilegt, að svipaðar reglur gildi í þessu efni bæði um tekjuskatt og útsvar.

Sveitarsjóðirnir verða auðvitað að fá sínar tekjur, en til þess að afla þeirra hljóta að vera ýmsar aðrar leiðir en álagning útsvara á framfærslutekjur.

Þess vegna er með tillögu þessari lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til þess að finna nýja tekjustofna sveitarfélaga, er geri kleift að fella niður eða lækka verulega útsvör af framfærslutekjum manna, og athuga aðrar þarfar breytingar á lögunum.

Nd. 381. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft þetta frumvarp til athugunar í alllangan tíma, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, en á það hefur meiri hluti nefndarinnar ekki viljað fallast.

Fyrri kafli frv. er um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar. Þar segir, að stuðlað skuli að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur orðið undanfarið eða er talin yfirvofandi. Samkvæmt frumvarpinu á Alþingi að kjósa, að loknum alþingiskosningum hverju sinni, fimm aðalmenn og fimm varamenn í jafnvægisnefnd. Nefndin á að hafa með höndum framkvæmdir samkv. lögunum og ráðstöfun þess fjár, sem til þeirra er veitt.

Síðari kafli frumvarpsins er um jafnvægissjóð. Til hans sé árlega greitt 1½% af tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi. Hlutverk sjóðsins á að vera að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna. Gert er ráð fyrir að veita lán úr sjóðnum til hvers konar framkvæmda, sem að dómi jafnvægisnefndar stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en heimilt skal einnig að veita beina styrki úr sjóðnum í þessu skyni, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þá sé jafnvægisnefnd heimilt, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd jafnvægissjóðs meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang laganna, enda sé ekki mögulegt að stofna fyrirtækið með öðrum hætti. Til þess er ætlazt, að Framkvæmdabanki Íslands annist afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins fyrir hönd jafnvægisnefndar.

Í greinargerð með frumvarpinu er skýrsla um mannfjölda í einstökum lands-

hlutum árin 1940 og 1962. Kemur þar fram, að á árunum þar á milli hefur orðið bein fólksfækkun í einum landshluta og hlutfallsleg fækkun fólks á öllum landsvæðum öðrum en Reykjavík og næsta nágrenni hennar.

Sú þróun, að byggðirnar eyðist af fólki, er mjög óheillavænleg, og þarf án tafar að gera ráðstafanir til að stöðva áframhald hennar. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna. En til þess þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf í þeim landshlutum, þar sem góð afkomuskilyrði eru fyrir hendi, en hætta er á fólksfækkun. Að því er stefnt með flutningi frumvarpsins, sem hér liggur fyrir. — Hitt er einnig jafnljóst, að fleira þarf að gera af opinberri hálfu til að bæta lífsskilyrðin og lífskjörin á hinum ýmsu landssvæðum, til þess að fólk geti unað þar áfram. Má í því sambandi t. d. benda á, að brýn þörf er að ljúka rafvæðingu landsins á sem skemmstum tíma, vinna ötullega að umbótum í samgöngumálum, sjá fyrir góðri heilbrigðisþjónustu og gera möguleika unga fólksins til menntunar sem bezta og jafnasta um land allt.

Síðan 1955 hefur verið veitt nokkurt fé á fjárlögum til atvinnuaukningar. Hæst var sú fjárveiting, 15 millj. kr., árið 1957. Síðustu árin hafa verið veittar 10 millj. kr. árlega í þessu skyni, og gengur fjárveitingin nú til atvinnubótasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 40 21. apríl 1962. Í lögunum um atvinnubótasjóð eru fyrirmæli um, að lán og styrkir úr sjóðnum skuli fyrst og fremst ganga til atvinnuaukningar á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysi er. Það er gagnleg ráðstöfun, en vegna þess hvað árlegar tekjur sjóðsins eru litlar, miðað við núverandi verðlag, verða áhrifin af starfsemi hans til atvinnuuppbyggingar allt of takmörkuð. Árið 1963 mun sjóðsstjórnin hafa ráðstafað fyrir fram um það bil helmingi af væntanlegri fjárveitingu til sjóðsins árið 1964, og er því lítið fé þar til notkunar á því ári, sem nú er að líða.

Þó að sú starfsemi, sem byggð er á lögunum um atvinnubótasjóð, sé á engan hátt vanmetin, enda ekki við henni hróflað með ákvæðum þessa frumvarps, má öllum vera ljóst, að á þeim grundvelli og með því mjög takmarkaða fjármagni, sem sá sjóður hefur, verður ekki unnið á viðunandi hátt að þeim stóru og þýðingarmiklu verkefnum, er um getur í þessu frumvarpi. Til þess að árangurs megi vænta í þeim efnum, þarf meira fjármagn og sérstaka stofnun til að vinna að þeim málum. Hún þarf að fylgjast sem bezt með atvinnulífinu um land allt, gera áætlanir um framkvæmdir, sem óhjákvæmilegt er að styðja, til þess að byggð haldist í héruðunum, og stjórna fjárhagsaðstoðinni til þeirra.

Sá er ekki tilgangur þeirra manna, er beita sér fyrir ráðstöfunum til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, að búseta skuli haldast á hverju einstöku býli, sem byggt hefur verið að undanförnu. Hitt er aðalmarkmiðið, að koma í veg fyrir, að góðar sveitir og sjávarþorp, þar sem álitleg framleiðsluskilyrði eru, leggist í auðn. Sú stefna er mörkuð í þessu frumvarpi, að gæði landsins og fiskimiðin umhverfis landið verði nýtt, hvar sem þau eru, að svo miklu leyti sem mögulegt er, og að öll byggileg landssvæði skuli setin. Þetta verður gert með því að auka ræktun landsins og einnig með því að efla atvinnulíf í sjávarþorpum og kauptúnum, sem fyrir eru, og koma upp nýjum þéttbýlisstöðvum í ýmsum héruðum, sem gætu orðið miðstöðvar viðskipta og iðnaðar fyrir nálægar byggðir. Það fé, sem veitt verður til slíkrar uppbyggingar, mun skila sér aftur með vöxtum og vaxtavöxtum í vaxandi framleiðslu og þjóðartekjum til hagsbóta fyrir alla íbúa landsins.

Minni hl. lítur svo á, að til þess að styrkja fjárhag, sjálfstæði og menningu þjóðarinnar þurfi nú þegar að hefjast handa um þær framkvæmdir, sem frv. þetta fjallar um. Eins og áður segir, er það því tillaga minni hlutans, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 16. marz 1964.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson.

Nd. 382. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til skipulagslaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið um það umsagnir frá skipulagsnefnd ríkisins og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins, Hjálmar Vilhjálmsson, mætti á einum fundi nefndarinnar til viðræðna um frumvarpið. Breytingartillögur Sambands ísl. sveitarfélaga voru vandlega athugaðar og sumar þeirra teknar til greina. Skipulagsnefnd ríkisins mælti með samþykkt frumvarpsins.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim brtt., sem prentaðar eru á þskj. 383. Nefndarmennirnir Jón Skaftason og Matthías Ingibergsson áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja frekari breytingartilögum.

Alþingi, 16. marz 1964.

Guðlaugur Gíslason, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Matthías Bjarnason.

Jón Skaftason. Matthías Ingibergsson.

Nd. 383. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til skipulagslaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. 4. málsgr. orðist svo:
   Nú telur skipulagsstjóri, að byggingarleyfi brjóti í bága við samþykkt eða fyrirhugað skipulag, og skal hann þá leita úrskurðar ráðherra um, hvort það skuli fellt úr gildi. Ef skipulagsstjóri leitar úrskurðar samkvæmt framansögðu, er óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum samkvæmt nefndu byggingarleyfi, unz úrskurður ráðherra liggur fyrir, en leita skal ráðherra áður umsagnar skipulagsstjórnar og viðkomandi sveitarstjórnar, sem skulu senda umsagnir sínar innan hæfilegs frests, sem ráðherra tiltekur.
2. Við 3. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Sveitarstjórnir þær, er hlut eiga að máli, skipa hvor eða hver um sig tvo menn í samvinnunefnd, en skipulagsstjórn skipar einn mann í nefndina, og skal hann vera formaður hennar.
3. Við 12. gr. Í stað orðanna „sem þar er stundaður, þegar skipulagning er ákveðin“ í 3. málsl. 2. málsgr. komi: sem þar er fyrir.
4. Við 15. gr. 2. málsgr. falli niður.
5. Við 16. gr. Orðið „(skipulagsnefnd)“ í 3. málsgr. falli niður.
6. Við 17. gr. Í stað orðanna „samkvæmt 20. og 21. gr.“ komi: samkv. 15. og 16. gr.
7. Við 18. gr. Í stað orðanna „4 vikna“ í 2. málsgr. komi: 8 vikna.
8. Við 36. gr. Á undan orðunum „1000 króna dagsektum“ í 2. málsgr. komi: allt að.

Nd. 384. Frumvarp til laga [190. mál]

um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

I. KAFLI
Rannsóknaráð ríkisins.

1. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Í Rannsóknaráði skulu eiga sæti 17 menn.

Á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi 5 alþingismenn og jafn marga alþingismenn til vara í Rannsóknaráð. Aðra fulltrúa í Rannsóknaráði skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir:

Einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Fiskifélags Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu Efnahagsstofnunarinnar. Skal hann hafa lokið háskólaprófi í hagfræði.

Einn samkvæmt tilnefningu Raforkuráðs og raforkumálastjóra sameiginlega.

Þrjá samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, og skulu þeir hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Þrjá fyrir hagnýtar rannsóknir samkvæmt sameiginlegri tilnefningu stjórna eftirtalinna rannsóknastofnana:

Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar.

Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann Rannsóknaráðs.

3. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er ráðgjafarstofnun, sem vinnur að eflingu hagnýtra rannsókna í landinu, en einnig að eflingu undirstöðurannsókna, að því leyti sem þau verkefni eru eigi í höndum Háskóla Íslands, og þá jafnan í fullu samráði við hann.

4. gr.

Rannsóknaráð kýs úr sínum hópi 5 manna framkvæmdanefnd, sem í umboði Rannsóknaráðs gerir tillögur um þau málefni, sem því eru falin í lögum þessum. Í framkvæmdanefndinni skulu ekki sitja starfsmenn eða meðlimir stjórna eða fastanefnda við rannsóknastofnanir, sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við tillögur nefndarinnar um fjárframlög til rannsókna. Nefndin kýs sér formann. Ráðherra ákveður laun hennar.

5. gr.

Rannsóknaráð skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um rannsóknamál. Það skal gera hlutaðeigandi ráðuneyti aðvart um rannsóknaverkefni, er það telur að sinna ætti. Rannsóknaráð skal hafa samstarf við rannsóknastofnanir. Skylt er þeim stofnunum og einstaklingum, sem fá framlag úr ríkissjóði til rannsókna, að láta Rannsóknaráði ríkisins í té upplýsingar og hafa samstarf við það, þegar þess er óskað og við verður komið.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs, að fengnum tillögum ráðsins. Sérfræðinga við Rannsóknaráð skipar menntamálaráðherra að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Framkvæmdanefnd ræður annað starfslið. Framkvæmdastjóri annast daglegar framkvæmdir Rannsóknaráðs, fjárreiður þess og reikningsskil. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

7. gr.

Rannsóknaráð skal koma saman ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Ráðið er ólaunað. Það heldur gjörðabók um störf sín. Reikningar þess skulu endurskoðaðir árlega af ríkisendurskoðuninni, og skýrslu um störf Rannsóknaráðs skal senda menntamálaráðuneytinu að loknu hverju reikningsári, svo og samrit af reikningum ráðsins.

8. gr.

Verkefni Rannsóknaráðs ríkisins skulu vera:

1. Efling og samræming hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu. Ráðið skal hafa náið samstarf við hinar ýmsu rannsóknastofnanir. Það skal hafa sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og gera tillögur til úrbóta, ef það telur rannsóknastarfsemina ófullnægjandi, rannsóknaskilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknaverkefni vanrækt.
2. Athuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina, enda skulu allar tillögur um nýjungar á sviði atvinnuvega og atvinnugreina, sem berast ríkisvaldinu, sendar ráðinu, og skal það beita sér fyrir því, að fram fari tæknileg og þjóðhagsleg athugun þeirra, ef það telur þess þörf.
3. Gera tillögur um framlög ríkisins til rannsóknamála og fylgjast með ráðstöfun opinberra fjárframlaga til þeirra rannsóknastofnana, sem lög þessi ná til.
4. Öflun fjármagns til rannsóknastarfseminnar almennt til viðbótar framlagi ríkisins og tillögugerð um skiptingu þess á milli rannsóknastofnana og rannsóknaverkefna.
5. Að hafa í sínum vörzlum skýrslur um rannsóknir á sviði raunvísinda, sem kostaðar eru af opinberu fé og hlutast til um að niðurstöður séu kynntar. Rannsóknaráð semur árlega skýrslu um rannsóknastarfsemina í landinu.
6. Að stuðla að söfnun erlendra rita og annarra upplýsinga um vísindastörf, rannsóknastörf og tækni og úrvinnslu þeirra til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Upplýsingum þessum skal komið á framfæri við rannsóknastofnanir.
7. Að beita sér fyrir skjótri hagnýtingu tæknilegra nýjunga hjá atvinnuvegunum með kynningastarfsemi og upplýsingaþjónustu.
8. Samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir og að stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknamála.
9. Önnur þau verkefni, sem æskilegt reynist að sameina fyrir rannsóknastarfsemina.

II. KAFLI

Rannsóknastofnanir.

9. gr.

Á vegum ríkisins skulu starfræktar eftirtaldar rannsóknastofnanir eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

Hafrannsóknastofnunin.
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
Rannsóknastofnun iðnaðarins.
Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins

Ráðherra getur að fengnum tillögum Rannsóknaráðs ríkisins og með samþykki Alþingis stofnsett rannsóknastofnanir, sem vinni að öðrum verkefnum en greinir í III. til VII. kafla laga þessara.

III. KAFLI
Hafrannsóknastofnunin.

10. gr.

Hafrannsóknastofnunin er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsmálaráðuneytið.

11. gr.

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera þrír menn: Forstjóri stofnunarinnar, fiskimálastjóri og maður tilnefndur af ráðgjafarnefnd samkvæmt 15. gr. til fjögurra ára í senn. Sé ráðgjafarnefnd ekki starfandi, skipar ráðherra stjórnarnefndarmann í hennar stað. Ráðherra skipar formann og ákveður stjórnarlaun.

12. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og semur starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

13. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Hafrannsóknastofnunina að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum og vera sérfróður um hafrannsóknir. Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

14. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

15. gr.

Komi fram ósk um skipun ráðgjafarnefndar við Hafrannsóknastofnunina, af hálfu eins eða fleiri þeirra aðila, sem nefndir eru hér á eftir, er ráðherra heimilt að koma slíkri ráðgjafarnefnd á fót. Skal þessum aðilum veittur kostur á að tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefndina til fjögurra ára í senn sem hér segir:

Landssambandi ísl. útvegsmanna tvo menn.
Fiskifélagi Íslands einn mann.
Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda einn mann.
Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands einn mann.
Alþýðusambandi Íslands einn mann.
Sjómannasambandi Íslands einn mann.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórnarnefnd til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðagjafarnefnd er ólaunuð.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

16. gr.

Hafrannsóknastofnunin skal hafa yfirstjórn fiskirannsóknaskipa, sem eru í eigu ríkisins.

17. gr.

Verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera:

1. Rannsóknir á göngum og stofnsveiflum íslenzkra sjávardýra og áhrifum þeirra á aflamagn, veiðihorfur og hámarksnýtingu. Enn fremur rannsóknir á dýra-

stofnum og öðrum sjávarverðmætum, sem ónytjuð eru, í því skyni að auka fjölbreytni sjávarútvegsins.
2. Rannsóknir á lifnaðarháttum og lífsskilyrðum sjávardýra og sjávargróðurs.
3. Rannsóknir á sviði efna- og eðlisfræði sjávar.
4. Skipulagning og stjórn rannsókna og fiskileitar á veiðisvæðum og leit nýrra fiskimiða.
5. Tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi.
6. Að stuðla að söfnun og úrvinnslu veiðiskýrslna.
7. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna í vísinda- og fræðsluritum.

Hafrannsóknastofnunin ein skal annast þau verkefni, sem tilgreind eru hér að framan og unnið er að á vegum ríkisins.

18. gr.

Til framkvæmda á verkefnum, sem um ræðir í 17. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:
1. Síldar-og svifrannsóknir.
2. Botnfiska- og botndýrarannsóknir.
3. Sjófræði- og lífeðlisfræðirannsóknir.
4. Veiðitæknirannsóknir.

IV. KAFLI
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

19. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsmálaráðuneytið.

20. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu vera þrír menn: Forstjóri stofnunarinnar, fiskimálastjóri og maður tilnefndur af ráðgjafarnefnd samkvæmt 24. gr. til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann og ákveður stjórnarlaun. Sá ráðgjafarnefnd ekki starfandi, skipar ráðherra stjórnarnefndarmann í hennar stað.

21. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og semur starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

22. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum og vera sérfróður um fiskiðnað. Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

23. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

24. gr.

Komi fram ósk um skipan ráðgjafarnefndar við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins af hálfu eins eða fleiri þeirra aðila, sem nefndir eru hér á eftir, er ráðherra heimilt að koma slíkri ráðgjafarnefnd á fót. Skal þessum aðilum veittur kostur á að tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefndina til fjögurra ára í senn sem hér segir, einn fulltrúa hver:

Fiskifélagi Íslands.

Frystihúsaeigendum.

Lýsis- og fiskimjölsframleiðendum.
Sambandi ísl. samvinnufélaga.
Síldarsaltendum.
Skreiðarframleiðendum.
Saltfiskframleiðendum.
Fiskniðursuðuframleiðendum.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og fiskiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórnarnefnd til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

25. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ásamt Hafrannsóknastofnuninni eigandi hússins Skúlagötu 4 í Reykjavík. Þegar byggingarnefnd hússins Skúlagötu 4 hefur lokið störfum, annast stjórnir fiskiðnaðarstofnunarinnar og Hafrannsóknastofnunarinnar rekstur hússins og önnur mál, er varða þessar stofnanir sameiginlega.

26. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu vera:

1. Rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins til þess að tryggja fyllstu nýtingu hráefnanna og gæði afurðanna.
2. Aðstoð og leiðbeiningar við fiskiðnaðinn við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðar.
3. Kynning á nýjungum í fiskiðnaði, tækjum og vinnsluaðferðum og prófun á gagnsemi þeirra.
4. Nauðsynleg rannsóknaþjónusta við fiskiðnaðinn.
5. Námsskeið fyrir matsmenn, vélstjóra og verkstjóra í fiskiðnaðinum.
6. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna í vísinda- og fræðsluritum.

27. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 26. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Efnafræðirannsóknir.
2. Efnaverkfræðirannsóknir.
3. Gerlafræðirannsóknir.
4. Rannsóknir á sviði véla- og verksmiðjutækni.

V. KAFLI
Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

28. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

29. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skulu vera þrír menn: Forstjóri stofnunarinnar, búnaðarmálastjóri og maður tilnefndur af tilraunaráði samkvæmt 33. gr. til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann og ákveður stjórnarlaun. Sé tilraunaráð ekki starfandi, skipar ráðherra stjórnarnefndarmann í hennar stað.

30. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og semur starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

31. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Rannsóknastofnun landbúnaðarins að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum og vera sérmenntaður í einhverri grein búvísinda. Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

32. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

33. gr.

Komi fram ósk um skipun tilraunaráðs við Rannsóknastofnun landbúnaðarins af hálfu eins eða fleiri þeirra aðila, sem nefndir eru hér á eftir, er ráðherra heimilt að koma slíku tilraunaráði á fót. Skal þessum aðilum veittur kostur á að tilnefna fulltrúa í tilraunaráðið til fjögurra ára í senn sem hér segir:

Einn tilnefndur af sérfræðingum og tilraunastjórum, sem fara með verkefni samkvæmt 1.—5. tölulið 35. gr.

Einn tilnefndur af sérfræðingum og tilraunastjórum, sem fara með verkefni samkvæmt 6.—9. tölulið 35. gr.

Tveir tilnefndir af stjórn Búnaðarfélags Íslands og sé annar þeirra ráðunautur í jarðrækt en hinn í búfjárrækt.

Einn tilnefndur af Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í tilraunaráði og er formaður þess.

Tilraunaráðið er tengiliður milli stofnunarinnar og hinna ýmsu greina landbúnaðarins. Það er forstjóra og stjórnarnefnd til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Tilraunaráð er ólaunað.

Landbúnaðarráðuneytið getur fjölgað mönnum í tilraunaráði og setur þá reglur um hvernig vali þeirra nefndarmanna skuli hagað.

34. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal annast eða hafa umsjón með öllum rannsóknum og tilraunum á sviði landbúnaðarins, sem fé er veitt til á fjárlögum, og falla undir eftirtalin verkefni:

1. Rannsóknir og tilraunir til öflunar vísindalegrar og hagnýtrar þekkingar og reynslu í undirstöðuatriðum jarðræktar og búfjárræktar.
2. Rannsóknir á orsökum þess, að landgæði spillast, eða landnytjar ganga úr sér og tilraunir með varnarráðstafanir.
3. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins, sem miða að betri og fullkomnari nýtingu.
4. Þjónusta við landbúnaðinn með rannsóknum samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.
5. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna og starfsemi stofnunarinnar í vísinda- og fræðsluritum.

35. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 34. gr. skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirfarandi verksvið:

1. Jarðvegsrannsóknir, áburðar- og jarðræktartilraunir.
2. Jurtakynbætur, lífeðlisfræðirannsóknir, gróður- og frærannsóknir.
3. Rannsóknir á beitilöndum.

4. Garðyrkju- og ylræktarrannsóknir.
5. Rannsóknir á sjúkdómum og meindýrum jurtagróðurs og varnir gegn þeim.
6. Vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir með búvélar.
7. Búfjárkynbætur og arfgengisrannsóknir búfjár.
8. Fóðurrannsóknir, fóðrunartilraunir og rannsóknir á fóðrunarsjúkdómum.
9. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins.

36. gr.

Miðstöð rannsókna og tilraunastarfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skal vera í Reykjavík eða nágrenni, enda skal stofnunin fá þar hentugt jarðnæði fyrir þær rannsóknir, sem þar er nauðsynlegt að framkvæma.

Stofnunin skal fá umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar, sem ríkið á. Þar skulu framkvæmdar tilraunir í jarðrækt, búfjárrækt, heyverkun og öðru, eins og stjórn stofnunarinnar ákveður.

Stofnuninni er heimilt að láta framkvæma tilraunir í jarðrækt, garðrækt, vinnu- og verktækni og búfjárrækt við bændaskólana og tilraunir í garðrækt og ylrækt við Garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að semja við einstaka bændur og búnaðarsambönd um tilraunir, ræktun úrvals fræs og annað í sambandi við starfsemi stofnunarinnar, eins og hún telur hentugt.

VI. KAFLI

Rannsóknastofnun iðnaðarins.

37. gr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðuneytið.

38. gr.

Í stjórn Rannsóknarstofnunar iðnaðarins skulu vera þrír menn: Forstjóri stofnunarinnar, einn tilnefndur af Félagi íslenzkra iðnrekenda og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd samkvæmt 42. grein. Stjórnin skal skipið til 4 ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og til sama tíma. Sé ráðgjafarnefnd ekki starfandi, skipar ráðherra stjórnarnefndarmann í hennar stað. Ráðherra skipar formann og ákveður stjórnarlaun.

39. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og semur starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

40. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Rannsóknastofnun iðnaðarins, að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

41. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

42. gr.

Komi fram ósk um skipun ráðgjafarnefndar við Rannsóknastofnun iðnaðarins af hálfu eins eða fleiri þeirra aðila, sem nefndir eru hér á eftir, er ráðherra heimilt að koma slíkri ráðgjafarnefnd á fót. Skal þessum aðilum veittur kostur á

að tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefndina til fjögurra ára í senn sem hér segir, einn fulltrúa hver:

Alþýðusambandi Íslands.
Félagi íslenzkra iðnrekenda.
Iðnaðarbanka Íslands.
Iðnaðarmálastofnun Íslands.
Landssambandi iðnaðarmanna.
Sambandi íslenzkra samvinnufélaga.
Verzlunarráði Íslands.
Vinnuveitendasambandi Íslands.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og iðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn stofnunarinnar til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.

Iðnaðarmálaráðherra getur fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

43. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu vera:

1. Rannsóknir til eflingar og hagsbóta fyrir iðnaðinn í landinu og rannsóknir vegna nýjunga á sviði iðnaðar og annarrar framleiðslu.
2. Rannsóknir á nýtingu náttúruauðæfa landsins.
3. Nauðsynleg rannsóknaþjónusta í þeim greinum, sem stofnunin fæst við.
4. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna í vísinda- og fræðsluritum.

44. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem getur í 43. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Efnarannsóknir vegna sérverkefna og nýjunga í iðnaði og annarri framleiðslu.
2. Almennar efnarannsóknir, samkvæmt 3. lið 43. gr.
3. Gerlarannsóknir.
4. Rannsóknir vegna tilraunaframleiðslu.
5. Rannsóknir á sviði véla og tækni.

45. gr.

Til greiðslu kostnaðar við Rannsóknastofnun iðnaðarins, auk þeirra framlaga og tekna, sem stofnunin fær samkvæmt ákvæðum 55. gr. VIII. kafla, skal innheimt hjá iðnfyrirtækjum, verksmiðjum og verkstæðum gjald, sem nemur 2‰ af útborguðu kaupi hvers slíks fyrirtækis til verkafólks og fagmanna.

Undanþegin gjaldi samkvæmt 1. mgr. eru hraðfrystihús, síldar- og fiskmjölsverksmiðjur, hvalstöðvar og annar iðnaður úr sjófangi, sláturhús, kjötiðnaður, mjólkurbú og annar slíkur iðnaður, sem vinnur úr landbúnaðarafurðum, svo og sements- og áburðarframleiðsla.

Verði ágreiningur um gjaldskyldu, sker iðnaðarmálaráðherra úr og er úrskurður hans endanlegur.

VII. KAFLI

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

46. gr.

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðuneytið.

47. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu vera þrír menn: Forstjóri stofnunarinnar, einn tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna og einn

tilnefndur af ráðgjafarnefnd samkvæmt 51. gr. Stjórnin skal skipuð til 4 ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og til sama tíma. Sé ráðgjafarnefnd ekki starfandi, skipar ráðherra stjórnarnefndarmann í hennar stað.

Ráðherra skipar formann og ákveður stjórnarlaun.

48. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og semur starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

49. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

50. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

51. gr.

Komi fram ósk um skipun ráðgjafarnefndar við Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins af hálfu eins eða fleiri þeirra aðila, sem nefndir eru hér á eftir, er ráðherra heimilt að koma slíkri ráðgjafarnefnd á fót. Skal þessum aðilum veittur kostur á að tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefndina til fjögurra ára í senn sem hér segir, einn fulltrúa hver:

Alþýðusambandi Íslands.
Arkitektafélagi Íslands.
Félagi íslenzkra iðrekenda.
Húsameistara ríkisins.
Húsnæðismálastofnun ríkisins.
Iðnaðarmálastofnun Íslands.
Landssambandi iðnaðarmanna.
Borgarstjórn Reykjavíkur.
Sementsverksmiðju ríkisins.
Teiknistofu landbúnaðarins.
Verkfræðingafélagi Íslands.
Vinnuveitendasambandi Íslands.
Raforkumálastjóra.
Vegamálastjóra.
Vitamálastjóra.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og byggingaiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn stofnunarinnar til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar.

Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.

Iðnaðarmálaráðherra getur fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

52. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu vera:

1. Endurbætur í byggingaiðnaði og lækkun kostnaðar við mannvirkjagerð, þar á meðal sjálfstæðar grundvallarrannsóknir í byggingatækni, hagnýtingu húsrýmis, bæjarskipulagning og gatnagerð. Í þeim tilgangi skal stofnunin fylgjast með nýungum í byggingaiðnaði og laga þær að íslenzkum staðháttum.

2. Hagnýtar jarðfræðirannsóknir.
3. Vatnsvirkjarannsóknir.
4. Kynning á niðurstöðum rannsókna og veiting upplýsinga um byggingafræðileg efni.
5. Aðstoð við eftirlit með byggingaefnum og byggingaframkvæmdum.
6. Nauðsynleg rannsóknaþjónusta í þeim greinum, sem stofnunin fæst við.

53. gr.

Af öllu innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárni skal greiða ½% aðflutningsgjald og ½% framleiðslugjald af sementi, sem framleitt er hér á landi.

Gjöld þessi renna til greiðslu kostnaðar við starfsemi Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, auk þeirra framlaga og tekna, sem stofnunin hlýtur samkvæmt ákvæðum 55. gr. VIII. kafla.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

54. gr.

Forstjórar rannsóknastofnana, sérfræðingar og annað starfsfólk tekur laun samkvæmt gildandi kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

55. gr.

Tekjur hinna ýmsu rannsóknastofnana eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Gjöld, sem fást með álagningu á framleiðsluvörur eða á annan hátt eins og ákveðið kann að vera í lögum.

Framlag ríkisins, samkv. 1. lið, skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst samkvæmt 5. lið.

Verkefni, sem rannsóknastofnun vinnur að beiðni einkaaðila eða samtaka þeirra eða þeim til hagsbóta, skulu verðlögð í gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum hlutaðeigandi rannsóknastofnana.

56. gr.

Eignum Atvinnudeildar Háskólans skal ráðstafa þannig:

Eignir fiskideildar skulu falla til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Eignir búnaðardeildar skulu falla til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Eignum iðnaðardeildar skal skipta á milli Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins samkvæmt ákvörðun iðnaðarmálaráðuneytisins.

Húseign Atvinnudeildar á lóð Háskólans, svo og eignum Rannsóknaráðs ríkisins, ráðstafar ríkisstjórnin í þágu hagnýtra rannsókna í landinu.

57. gr.

Forstjórar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar skulu halda fund ársfjórðungslega, eða oftar ef þurfa þykir, til að ræða málefni, sem sameiginleg eru þessum stofnunum. Þeir setja sér fundarreglur.

58. gr.

Ríkið kemur upp hentugum byggingum og athafnasvæðum í rannsóknahverfi til handa þeim rannsóknastofnunum, sem um getur í lögum þessum, að svo miklu leyti, sem stofnunum er ekki séð fyrir þeirri aðstöðu annars staðar, svo og rannsóknatækjum og öðrum hjálpargögnum, sem sameiginleg not geta orðið af fyrir margar rannsóknastofnanir.

Forstjórar þeirra rannsóknastofnana, sem hér eiga hlut að máli, skulu hafa umsjón með landssvæðum, framkvæmdum og sameiginlegum byggingum og tækjum, sem um getur að ofan, en einstakar byggingar skulu þó vera til óskertra umráða þeirra stofnana, sem þær nota.

Um tilhögun bygginga og athafnasvæða skal, svo sem við verður komið, farið eftir tillögum þeirra rannsóknastofnana, sem ætlað er að nota þau.

59. gr.

Hver rannsóknastofnun hefur aðskilinn fjárhag og bókhald. Þó skal kappkosta, eins og við verður komið, að rannsóknastofnanir noti sameiginlega starfskrafta við skrifstofustörf og önnur þjónustustörf.

60. gr.

Fé það, sem Háskóla Íslands ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands, rennur í byggingasjóð rannsóknastarfseminnar.

61. gr.

Þær stofnanir, sem um getur í lögum þessum, skulu eiga aðgang að upplýsingum, sem opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða starfsemi þeirra.

62. gr.

Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir sem kostaðar eru af einstakling, félagi eða stofnun, nema með samþykki hennar. Ef þagnarskylda er brotin, varðar það ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.

63. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi stofnana þeirra, er lög þessi taka til, má setja með reglugerðum. Þar á meðal er heimilt að ákveða breytingu á verksviðum eineinstakra stofnana.

64. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 68/1940 um náttúrurannsóknir, lög nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

65. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, var lagt fyrir Alþingi 1962, en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er nær óbreytt frá hinu fyrra frumvarpi að öðru leyti en því, sem nú skal greina.

Í 1. gr. frumvarpsins var gert ráð fyrir að Seðlabanki Íslands tilnefndi mann í Rannsóknaráð ríkisins. Eftir að frumvarpið var lagt fram á árinu 1962, hefur Efnahagsstofnuninni verið komið á fót og þykir eðlilegra að hún tilnefni rannsóknaráðsmann í stað Seðlabankans.

6. gr. og 54. gr. er breytt í samræmi við lög nr. 55 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Höfuðbreytingin er gerð á 38. gr. frumvarpsins um skipun stjórnar Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Í frumvarpinu frá 1962 var gert ráð fyrir að stjórnarnefndarmenn væru fimm, forstjórinn sjálfkjörinn, Félag íslenzkra iðnrekenda og Samband íslenzkra samvinnufélaga áttu að tilnefna einn stjórnarnefndarmann hvort um sig og síðan átti ráðherra að skipa tvo menn í stjórnina án tilnefningar. Nú er gert ráð fyrir að stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins sé skipuð þremur mönnum eins og stjórnir hinna rannsóknastofnananna, forstjóranum, einum manni tilnefndum af Félagi íslenzkra iðnrekenda og hinum þriðja tilnefndum af ráðgjafanefnd samkvæmt 42. gr.

Þá er 47. gr. breytt á þann veg, að þriðji maður í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins er tilnefndur af ráðgjafanefnd samkvæmt 51. gr., en ekki af ráðherra eins og eldra frumvarpið gerði ráð fyrir.

57. gr. eldra frumvarpsins, um verðlaunaveitingar til sérfræðinga, er felld niður, þar sem ýmsir annmarkar þykja vera á framkvæmd hennar. Utan þeirra rannsóknastofnana, sem frumvarpið fjallar um, starfa sérfræðingar á sviði raunvísinda að rannsóknum, sem kostaðar eru af opinberu fé, og er hætt við að þessir vísindamenn telji sig sniðgengna með téðu ákvæði. Þá ber þess að gæta, að fjöldi sérfræðinga verður misjafn við rannsóknastofnanirnar.

Loks skal getið þeirra breytinga á 12., 21., 30., 39. og 48. gr., að bætt er nýrri málsgrein við þessar greinar þess efnis, að fjárhagsáætlun rannsóknastofnananna skuli senda ráðherra til staðfestingar og þarfnast þessar breytingar ekki skýringa.

Nd. 385. Frumvarp til laga [191. mál]

um Landsspítala Íslands.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Auk Landsspítalans í Reykjavík skal ríkið reka fjórðungsdeildir Landsspítalans í öllum landsfjórðungum. Skal ein fjórðungsdeildin vera á Vestfjörðum, ein eða tvær á Norðurlandi, sú þriðja á Austfjörðum, en hin fjórða á Suðurlandsundirlendinu, ef heilbrigðismálastjórnin telur ástæðu til að staðsetja þar landsspítaladeild, sökum nálægðar og góðra samgangna við aðalspítalann í Reykjavík.

2. gr.

Fjórðungsdeildir Landsspítalans skulu vera búnar fullkomnustu lækningatækjum og vera undir stjórn vel menntaðra sérfræðinga í skurðlækningum og lyflækningum.

3. gr.

Nú er starfandi sjúkrahús í einhverjum landsfjórðungi þannig búið eða staðsett, að það þyki vel fallið til að verða fjórðungsdeild Landsspítalans, og skal þá ríkið semja um yfirtöku þess við eiganda sjúkrahússins.

4. gr.

Heimilt er stjórn ríkisspítalanna að fela Tryggingastofnun ríkisins að sjá um hagkvæman rekstur fjórðungsdeildar, ef heilbrigðismálaráðherra óskar þess.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Greinargerð.

Það nýmæli í skipan heilbrigðismála felst í þessu frumvarpi, að Landsspítala Íslands sé skipt í deildir þannig, að auk Landsspítalans í Reykjavík reki ríkið einnig landsspítaladeild á Vestfjörðum, á Norðurlandi og Austfjörðum, svo og á Suðurlandi, ef ástæða væri talin til þess, sakir nálægðar og góðra samgangna við aðalspítalann í Reykjavík.

Frumvarpið byggir á þeirri hugsun, að ríkinu beri skylda til að tryggja þegnunum sem jafnast öryggi í heilbrigðismálum, án tillits til búsetu.

Það getur naumast réttlátt talizt, að ríkið reki stórt og fullkomið sjúkrahús í Reykjavík og létti þannig miklum útgjöldum af herðum skattborgara höfuðborgarinnar, en ætli hins vegar tiltölulega fámennum bæjarfélögum úti á landi að leggja á gjaldþegna sína þungar byrðar vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa. Með þessu er freklega gert upp á milli þegnanna eftir því, hvort þeir hafa valið sér búsetu í höfuðborginni eða ekki.

Í gildandi löggjöf er viðurkennd nauðsyn þess að efla eitt tiltölulega fullkomið sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi. Þetta er gert með ákvæðunum um nokkuð ríflegri rekstrarfjárframlög úr ríkissjóði til þeirra sjúkrahúsa, sem fullkomnust eru og bezt búin lækningatækjum og sérfræðilegri kunnáttu. Þannig eru fjórðungssjúkrahúsin á Ísafirði, Akureyri og í Neskaupstað til komin. Þessi sjúkrahús fá aðsókn og taka við sjúklingum langt út fyrir lögsagnarumdæmi heimahéraðsins, sem gert er að standa undir rekstri þeirra, að frátöldum smávægilegum styrk frá ríkinu. Öll eru þessi sjúkrahús rekin með miklum rekstrarhalla, og leggst sú byrði á gjaldþegna viðkomandi bæjarfélags. Þetta er í fyrsta lagi ranglátt vegna þess, að meira en helmingur sjúklinganna er utanbæjarfólk. Og í annan stað er þetta sérstaklega ósanngjarnt vegna þess, að bæjarfélögin, sem sjúkrahúsin eiga, fá ekki sjálf að ákveða sjúkradaggjöldin eftir tilkostnaði við rekstur sjúkrahúsanna og eru þannig dæmd til að standa undir rekstrarhallanum. Þetta er, eins og fyrr segir, í fullu ósamræmi við það, að ríkið rekur sjálft Landsspítalann í Reykjavík. Með því tekur ríkið ekki aðeins á sig að bera hallann af heilbrigðisþjónustu vegna utanborgarsjúklinga á Landsspítalanum, heldur einnig vegna Reykvíkinga sjálfra.

Að vísu yrði fullum jöfnuði ekki náð í þessum efnum með neinu öðru móti en því, að ríkið tæki að sér rekstur allra sjúkrahúsa. En hér er farin sú millileið, að ríkið reki stærstu sjúkrahúsin, sem mestar kröfur eru gerðar til, þannig að eitt ríkisrekið sjúkrahús a. m. k. sé í hverjum landsfjórðungi. Þó er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, vegna fjölmennis í Norðlendingafjórðungi, að þar kynni að verða talið við hæfi, að ríkið ræki tvö sjúkrahús. Engu er þó slegið föstu um það.

Á því er full hætta, að bæjarsjúkrahús, sem rekin eru til lengdar með stórfelldum halla, fái ekki fullnægjandi viðhald og verði ekki eins vel búin lækningatækjum og sérfræðilegu starfsliði og æskilegt er. Er það trú flutningsmanna, að þessari hlið málsins ætti að vera betur borgið með deildskiptum landsspítala. Sama er að segja um dreifingu hinnar fullkomnustu læknisfræðilegu sérþekkingar. Þegar aðalsjúkrahúsin í öllum landshlutum væru orðin deildir einnar og sömu stofnunar, verður ekki séð, að neitt væri því til fyrirstöðu, að færustu læknar Landsspítalans í Reykjavík tækju sér ferð á hendur til fjórðungsdeildanna, þegar mikið þætti við liggja, eða jafnvel, að hægt væri að skáka sérfræðingum stofnunarinnar til eftir atvikum, eða til tímabundinnar dvalar í fjórðungsdeildunum.

Með deildskiptum landsspítala í öllum landsfjórðungum er fólkinu úti um byggðir landsins gert jafnhátt undir höfði og íbúum höfuðborgarinnar. Fólkið fengi aukið öryggi í heilbrigðismálum, og hin fullkomnasta læknisfræðilega sérþekking notaðist betur en með núverandi fyrirkomulagi.

Þess vegna er það sannfæring okkar, flutningsmanna þessa frumvarps, að auk Landsspítalans í Reykjavík eigi Vestfirðingar að fá sína fjórðungsdeild Landsspítala, Austfirðingar með sama hætti sína landsspítaladeild, Norðlendingar sína — e. t. v.

tvær — svo og Sunnlendingar sína, ef heilbrigðisyfirvöld telja, að með því verði íbúum Suðurlandsundirlendisins veitt betri og öruggari heilbrigðisþjónusta en með núverandi skipan, þ. e. beinni þjónustu Landsspítalans í Reykjavík.

Fjórðungssjúkrahúsin, sem nú starfa, hafa innt merkilegt hlutverk af hendi og sannað nauðsyn þess, að a. m. k. eitt vel búið sjúkrahús sé í hverjum landsfjórðungi.

En þetta fyrirkomulag hefur þá meginannmarka, að rekstur þeirra hefur reynzt ofviða bæjarfélögunum, eigendum þeirra. Það býður aftur heim þeirri hættu, að viðhald þeirra og tæknilegur og fræðilegur búnaður svari eigi ávallt kröfum tímans. Eigi getur heldur réttlátt talizt, að lítil bæjarfélög beri halla af rekstri sjúkrahúsa, sem að miklum minni hluta eru sótt af innanbæjarsjúklingum.

Við, flutningsmennirnir, teljum, að fram hjá þessum annmörkum verði bezt sneitt með landsspítaladeildum í öllum landsfjórðungum í stað fjórðungssjúkrahúsanna, sem nú starfa, og eru í eigu einstakra bæjarfélaga. Jafnframt teljum við, að með þeirri skipan sjúkrahúsmála, sem til er lagt í frumvarpinu, sé stefnt að auknu jafnrétti og öryggi í heilbrigðismálum.

Nd. 386. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1964.

Davíð Ólafsson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.

Einar Ágústsson. Matthías Á. Mathiesen.

Sþ. 387. Fyrirspurnir. [192. mál]

I. Til heilbrigðismálaráðherra um Ljósmæðraskóla Íslands og endurskoðun ljósmæðralaga.

Frá Kristjáni Thorlacius og Halldóri E. Sigurðssyni.

1. Hvað líður undirbúningi fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi ljósmæðranáms? Hvenær má vænta þess, að þær komi til framkvæmda?
2. Hvað líður endurskoðun ljósmæðralaganna? Er ætlun ríkisstjórnarinnar að flytja frumvarp til nýrra ljósmæðralaga, og ef svo er, þá hvenær?

II. Til fjármálaráðherra um lán til fiskvinnslustöðva.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Helga Bergs.

Hvaða fiskvinnslustöðvar fengu hluta af þeirri 21 milljón króna, sem ríkið lánaði til fiskvinnslustöðva á árinu 1963? Hve mikið fékk hver fiskvinnslustöð, til hverra framkvæmda og með hvaða kjörum?

III. Til fjármálaráðherra um ríkisábyrgðir.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Helga Bergs.

Hve mikið hefur ríkisábyrgðasjóður greitt vegna ríkisábyrgða á árinu 1963, fyrir hverja og hve mikið fyrir hvern aðila?

IV. Til fjármálaráðherra um greiðslur vegna ríkisábyrgða á árunum 1962 og 1963.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hve háar fjárhæðir hefur ríkisábyrgðasjóður orðið að greiða vegna áfallinna ríkisábyrgða: a) árið 1962, b) árið 1963?
2. Vegna hvaða fyrirtækja, stofnana og einstaklinga voru greiðslur þessar inntar af hendi, og hve mikil var greiðslan umrædd ár fyrir hvern aðila um sig?

Sþ. 388. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um ráðstafanir til að hraða meðferð dómsmála.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta rannsaka, með hverjum hætti sé unnt að hraða rekstri og afgreiðslu dómsmála hér á landi, og gera síðan að rannsókn lokinni viðeigandi ráðstafanir eða leggja tillögur um það efni fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Þess hefur lengi gætt hér á landi, að óhæfilegur dráttur yrði á meðferð dómsmála. Hefur meðferð eins og sama máls oft staðið yfir árum saman, áður en endanlegur dómur fékkst. Slík málsmeðferð hefur í för með sér tilfinnanlegt tjón og óhagræði fyrir aðila og er dómstólum til álitshnekkis. Áður fyrr mátti að nokkru leyti rekja þessa ágalla á dómsmálameðferðinni til þess, að hér var lengi búið við gamlar, ófullkomnar og úreltar réttarfarsreglur. Á síðustu áratugum hefur farið fram gagnger endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar, og hefur sú endurskoðun meðal annars leitt til þess, að sett hafa verið ný lög um meðferð einkamála í héraði, um meðferð opinberra mála og um hæstarétt. Með þessum nýju lögum var ráðin bót á ýmsum annmörkum réttarfarsins, og má fullyrða, að þau hafi leitt til ýmissa umbóta varðandi dómsmálameðferð.

Þessi nýju lög áttu meðal annars að stuðla að greiðari rannsókn og meðferð máls fyrir dómi og koma í veg fyrir, að mál drægjust jafnóhæfilega á langinn og áður átti sér stað. Vafalaust hefur orðið talsverð breyting til batnaðar í þessu efni eftir setningu hinna nýju réttarfarslaga. Málsmeðferðin almennt er tvímælalaust greiðari en áður fyrr. Samt sem áður skortir enn allmikið á, að dómgæzlan sé að þessu leyti til komin í viðunandi horf. Dómsmál dragast enn allt of oft óhæfilega lengi. Á það bæði við um einkamál og opinber mál, enda þótt sumir málaflokkar gangi yfirleitt greiðlega og með eðlilegum hraða. Sjálfsagt er og þetta eitthvað mismunandi í hinum einstöku lögsagnarumdæmum, enda fjöldi dómsmálanna þar mjög mismunandi. Eigi að síður er það staðreynd, að enn er oft mikill seinagangur á málarekstri. Það mun engan veginn ótítt, að málsmeðferð fyrir héraðsdómi standi yfir svo að árum skipti. Þegar svo við bætist málsmeðferð fyrir hæstarétti, þá er ljóst, að menn geta þurft að bíða alllengi eftir endanlegum dómi um mál sín. Hér þarf að finna ráð til úrbóta. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Sþ. 389. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um stuðning við bindindisfélög unglinga.

Flm.: Halldór Kristjánsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga, sem veiti félagasamtökum unglinga, sem hafa bindindi um nautn áfengis og tóbaks, rétt til að ráða sér leiðtoga á opinberan kostnað.

Greinargerð.

Ekki þarf að fjölyrða um þær áhyggjur, sem menn hafa nú almennt hér á landi vegna áfengisneyzlu ungu kynslóðarinnar, né heldur um álit vísindamanna um áhrif þess, að fólk venjist á tóbaksnautn á æskuskeiði eða jafnvel bernskuárum. Eru allar ástæður til þess, að ríkisvaldið snúist gegn þeim voða með fjölþættum aðgerðum og mun svo væntanlega verða.

Þar sem útbreiðsluhættir og venjur tóbaksnautnar og drykkjuskapar barna og unglinga hefur verið ýtarlega rannsakað, svo sem í Noregi og Svíþjóð, hefur komið í ljós, að félagshópurinn ræður miklu. Í sumum bekkjum skólanna eru reykingar t. d. næstum því óþekktar eða alveg, þar sem aðrir mega heita undirlagðir þeirri venju. Félagshópurinn mótar venjur barns og unglings.

Það virðist því augljóst, að þróttmikið og heilbrigt félagslíf meðal unglinga geti valdið miklu um að vernda vaxandi kynslóð frá þeirri spillingu, sem hér er um að ræða.

Eins og nú standa sakir, eru tvenn ærið víðtæk félagasamtök æskumanna hér á landi, sem hafa í lögum sínum persónulegt bindindi félagsmanna á tóbak og áfengi. Það eru Samband bindindisfélaga í skólum og æskulýðsfélög Góðtemplarareglunnar. Nú er unnið að því að koma á samstarfi með þessum félagsheildum, og má vænta mikils góðs af því.

Tillaga þessi miðar að því, að slík umbótafélög unga fólksins geti ráðið sér menn, sem þurfi ekki öðru að sinna en störfum fyrir þau. Hver einn heppilegur maður, sem gæti algerlega helgað sig slíku starfi, mundi hafa mikil áhrif. Hann mundi vera með unglingunum á fundum þeirra og skemmtunum og í ferðalögum með þeim. Hann mundi vera með þeim í ráðum að velja sér verkefni og laða krafta þeirra til þroskandi starfa. Það yrði góður þáttur í heilbrigðu þjóðaruppeldi.

Þróttmikil og fjörug starfsemi bindindisfélaga æskufólksins getur valdið og á að valda straumhvörfum í skemmtanalífi þjóðarinnar og afstöðu vaxandi kynslóða á Íslandi til tóbaks og áfengis yfirleitt.

Nd. 390. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi. Voru nefndarmenn einróma með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 17. marz 1964.

Gunnar Gíslason, form. Benedikt Gröndal, fundaskr. Jónas Pétursson, frsm.
Björn Pálsson. Matthías Ingibergsson.

Ed. **391. Frumvarp til laga** [15. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. marz.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Altmann, Walburga Maria Hedwig Theodora, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. desember 1926.
2. Ågestad, Gudmund, vélvirki á Selfossi, f. í Noregi 7. júní 1928.
3. Bagutti, Sonja Jolanda (Ólafsson), húsmóðir að Syðstu-Mörk í V.-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, f. í Sviss 12. okt. 1935.
4. Bat-Yosef, Miriam Hellerman, listmálari á Kirkjubæ I, Kirkjubæjarhreppi, f. í Ísrael 31. janúar 1931.
5. Grashoff, Christina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Hollandi 26. marz 1926.
6. Jansen, Ruth Erna Margarethe, húsmóðir á Selfossi, f. í Þýzkalandi 10. ágúst 1934.
7. Jensen, Trond, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. september 1901.
8. Joensen, Frida, húsmóðir í Múla, Aðaldælahreppi, f. í Færeyjum 16. desember 1938.
9. Kidson, Peter George William, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Englandi 24. maí 1919.
10. Klein, Siglinde Eleonore, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 30. janúar 1937. (Fær réttinn 23. júní 1964.)
11. Kroll, Marga, húsmóðir í Króki í Grafningshreppi, f. í Þýzkalandi 13. desember 1934.
12. Larsen, Benny Heinrich, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 23. ágúst 1936.
13. Mooney, Carll Ingvar, nemandi í Ytri-Njarðvík, f. í Bandaríkjunum 17. nóvember 1945.
14. Neffe, Harald Albert, skósmíðanemi í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 13. janúar 1942.
15. Pedersen, Reidar Gunnar, skrifstofumaður í Reykjavík, f. á Íslandi 21. desember 1942.
16. Peschel, Ida Anna, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 20. desember 1918.
17. Peschel, Wiktor Paul Walter, útvarpsvirki í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 12. maí 1944.
18. Olesen, Jörgen Faurholt, garðyrkjumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 10. nóv. 1926. (Fær réttinn 30. apríl 1964.)
19. Rasmussen, Finn, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Danmörku 15. nóv. 1937.
20. Simonsen, Bjarnfrida, húsmóðir á Þingeyri, f. í Færeyjum 9. júlí 1924.
21. Stö, Asbjörn, garðyrkjumaður á Þórustöðum í Ölfushreppi, f. í Noregi 22. febrúar 1920.
22. Sönderskov, Harry, vélvirki í Hafnarfirði, f. í Danmörku 17. desember 1927.
23. Östlund, Pétur Davíð, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 3. des. 1943.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 392. Frumvarp til laga [108. mál]

um afnám laga nr. 27/1954, um verðlagsskrár.

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. marz.)

1. gr.

Lög nr. 27/1954, um verðlagsskrár, eru hér með felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú er í gildi samningur um, að greiðsla skuli miðuð við verðlagsskrá, og skal hagstofustjóri þá meta greiðsluna til peningaverðs, nema aðilar komi sér saman um annað.

Nd. 393. Frumvarp til laga [195. mál]

um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

10. grein laganna orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í veðdeild Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, er safnað hefur fé í sjóð samkvæmt 1. mgr., hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal hann eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti 50000 kr.

Sérhverjum skal heimilt að leggja til hliðar í þessu skyni hærri hluta launa sinna en 15%, byrja sparnaðinn fyrr en tilskilið er og halda honum áfram lengur. Þeir, sem lagt hafa fé í veðdeild Búnaðarbankans og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr deildum Búnaðarbankans. Heimilt er Búnaðarbanka Íslands og húsnæðismálastjórn að semja um, að réttindi þessi verði gagnkvæm.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 9. grein, skal vera skatt-

og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna sívaxandi þarfar á fjármagni til íbúðabygginga er lagt til með frumvarpi þessu, að skyldusparnaður fólks á aldrinum 15—25 ára, verði hækkaður úr 6% af launatekjum þess í 15%.

Áætlað hefur verið, að þessi hækkun á skyldusparnaðinum muni nema ca. 30 millj. krónum fyrsta árið. Fé það, sem þannig er aflað til íbúðalána mun þó fara minnkandi með hverju ári, sem líður vegna þeirra, sem ná 26 ára aldri og taka þá jafnan strax út skyldusparnað sinn.

Um leið og lagt er til að hækka skyldusparnaðinn eins og að ofan greinir, er einnig lagt til að orðin „— að öðru jöfnu“ í 3. mgr. verði felld niður, en af því leiðir, að forgangsréttur til íbúðalána, sem nú er veittur, „— að öðru jöfnu —“ verður fortakslaus til þeirra, sem lokið hafa skyldusparnaði og uppfylla önnur skilyrði laganna til þess að fá lán. Lánveitingar til þeirra ganga því fyrir öllum öðrum lánveitingum til íbúða. Um leið og forgangsrétturinn er þannig aukinn, er eðlilegt, að breyta lágmarkinu úr kr. 25000.00 í 50000.00.

Tekjur fólks á aldrinum 16—25 ára hafa aukizt mjög mikið nú hin síðustu árin, svo að fjármagn það, sem þetta fólk hefur undir höndum, er að margra dómi meira en heppilegt er fyrir ungt fólk, sem oft skortir nokkuð á ráðdeild hjá, um meðferð sjálfsaflafjár.

Frumvarp þetta ætti því að geta stuðlað að farsælli framtíð unga fólksins og nokkurri úrlausn aðkallandi vandamáls, ef að lögum verður.

Nd. 394. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um loftferðir.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Við 7. gr. Í stað e—h-liða komi:

e. Félagssamtök, hlutafélög svo og önnur félög með takmarkaðri eða ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu að minnsta kosti tveir þriðju hlutar félagsmanna íslenzkir ríkisborgarar, er eigi að minnsta kosti tvo þriðju hlutafjár eða félagseignar.

Nd. 395. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um loftferðir.

Frá Sigurvin Einarssyni og Benedikt Gröndal.

Við 160. gr. Síðari málsgrein falli niður.

Nd. **396. Frumvarp til laga** [196. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Gunnarsson, Jón Skaftason, Birgir Finnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Hafnarfjarðarkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Hafnarfjarðarkaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði hefur með bréfi, dags. 11/3 '64, sem prentað er sem fylgiskjal hér á eftir, óskað eftir því, að frv. til laga um heimild til handa ríkisstjórninni til sölu á jörðinni Ás í Hafnarfirði verði flutt og samþykkt á yfirstandandi þingi. Í bréfinu er gerð grein fyrir þörf kaupstaðarins fyrir kaup á landinu.

Fylgiskjal.

Bréf bæjarstjórans í Hafnarfirði.

Hafnarfirði, 11. marz 1964.

Hr. alþingismaður
Matthías Á. Mathiesen, Hafnarfirði.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 14. jan. s. l. var samþykkt að leita eftir því við ríkissjóð, að Hafnarfjarðarbær fengi keypt land jarðarinnar Áss í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Stærð landsins, sem um er að ræða, mun vera um 550 ha. Jörðin Ás kom undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 31 9. maí 1959.

Með tilliti til þess, að óðum gengur á heppilegt land til bygginga í kaupstaðnum, er bænum nauðsyn á að fá land þetta keypt.

Fyrir því leyfi ég mér að fara þess á leit við yður, hr. alþingismaður, að þér beitið yður fyrir því, að frv. verði flutt nú á þessu þingi, er veiti heimild til sölu jarðarinnar til Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Mál þetta hef ég rætt við landbúnaðarráðherra Ingólf Jónsson, sem telur ekkert því til fyrirstöðu, að bærinn gæti fengið landið keypt.

Virðingarfyllst,

Hafsteinn Baldvinsson.

Sþ. 397. Nefndarálit [181. mál]

um till. til þál. um úthlutun listamannalauna 1964.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með því, að hún verði samþykkt með neðangreindri breytingu. Var breytingartillagan gerð í samráði við flutningsmann tillögunnar, hæstv. menntamálaráðherra.

BREYTINGARTILLAGA:

Í stað orðsins „fimm“ í tillögugreininni komi: sjö.

Alþingi, 18. marz 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.
Matthías Bjarnason, fundaskr.
Ragnar Arnalds.
Pétur Sigurðsson.
Gísli Guðmundsson.
Einar Ágústsson.
Sverrir Júlíusson.

Nd. 398. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkissjóð til lóðakaupa í Hveragerðishreppi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 19. marz 1964.

Einar Ingimundarson, form.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Björn Fr. Björnsson, frsm.
Matthías Bjarnason.
Skúli Guðmundsson.

Nd. 399. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 16. apríl 1962, um breyt. á l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Undirritaðir mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. marz 1964.

Einar Ágústsson, frsm.
Skúla Guðmundsson.

Nd. 400. Frumvarp til laga [197. mál]

um Ljósmæðraskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Ríkið rekur ljósmæðraskóla í sambandi við Landspítalann í Reykjavík, og skal hann veita nemendum sínum menntun til þess að gegna ljósmóðurstörfum á Íslandi.

2. gr.

Skólinn heitir Ljósmæðraskóli Íslands og starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna gegnir skólanefndarstörfum fyrir skólann.

3. gr.

Námstími ljósmæðraskólans er 2 ár. Yfirlæknir fæðingardeildar Landspítalans er skólastjóri og yfirljósmóðir aðalkennari ásamt skólastjóra. Heimilt er að ráða að skólanum aukakennara eftir ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Nemendur ljósmæðraskólans fá kaup, sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Landspítalinn selur nemendum fæði við kostnaðarverði.

5. gr.

Í reglugerð skulu vera ákvæði um árlegan starfstíma skólans, tölu nemenda, inngönguskilyrði, námsefni og kennslutilhögun, próf og vitnisburði, réttindi og skyldur nemenda og laun kennara.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1964. Jafnframt falla úr gildi lög um ljósmæðra- og hjúkrunarskóla Íslands, nr. 13 23. júní 1932.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landlæknir hefur samið frumvarp þetta og gerir fyrir því eftirfarandi grein:

Aðalbreytingin, sem frumvarpið felur í sér frá gildandi lögum, er að Ljósmæðraskólinn verður tveggja ára skóli í stað eins nú. Námstími ljósmæðra hefur mjög lengi verið óbreyttur hér á landi, og þó að íslenzkar ljósmæður hafi yfirleitt reynzt vel dugandi í starfi, þykir eins árs nám ekki lengur nægilegt til að veita undirbúningsmenntun í samræmi við kröfur um nútíma heilbrigðisþjónustu. Á það má benda, að þar sem langt er til læknis, getur reynt mjög á þekkingu og færni ljósmæðra, en auk þess eru ljósmæðrum utan kaupstaða iðulega falin hjúkrunarstörf, bæði á heimilum og við sjúkraskýli, þar eð ekki er völ á hjúkrunarkonum. Er ekki líklegt, að á þessu verði breyting í náinni framtíð. Vel menntaðar ljósmæður geta því bætt mjög úr hjúkrunarkvennaskorti í dreifbýlinu. Þess má geta, að í nágrannalöndunum er ljósmæðranám yfirleitt tvö ár, en nýlega hefur það verið lengt í þrjú ár í Danmörku og Frakklandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Greinin er í samræmi við núgildandi lög um ljósmæðraskóla.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að skólinn starfi undir yfirstjórn heilbrigðismálaráðherra, en stjórnarnefnd ríkisspítalanna gegni skólanefndarstörfum, og er það að efni til óbreytt.

Um 3. gr.

Hér eru fólgnar aðalbreytingar þær, er frumvarpið felur í sér frá gildandi lögum, sbr. athugasemdir hér að framan. Útgjöld, er því yrðu samfara, að skólinn yrði tveggja ára skóli í stað eins, hafa verið áætluð af skrifstofu ríkisspítalanna, og er sú áætlun prentuð hér á eftir.

Að öðru leyti sýnist greinin ekki þarfnast skýringa.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að nemar ljósmæðraskólans fái laun og er þetta í samræmi við það, er gildir um hjúkrunarnema, enda þykir nauðsynlegt að sams konar reglur gildi að þessu leyti um nemendur beggja skólanna. Er þetta breyting frá því, sem nú er, en samkvæmt núgildandi lögum fá nemar ljósmæðraskólans styrk úr ríkissjóði, allt að fæðiskostnaði þeirra svo og ókeypis húsnæði með ljósi og hita, vinnuföt og þjónustu. Skylda til að þjóna ljósmóðurumdæmi að loknu prófi að viðlagðri endurgreiðslu styrksins er niður felld, enda mun því ákvæði ekki hafa verið framfylgt hin síðari ár.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

SKRIFSTOFA RÍKISSPÍTLANNA

Reykjavík, 26. febrúar 1964.

Hér með að nýju endurskoðuð áætlun um breytingar á kostnaði í rekstri Ljósmæðraskóla Íslands og Fæðingardeildar Landspítalans, miðað við, að Ljósmæðraskólinn verði gerður að tveggja ára skóla í stað eins árs skóla, sem nú gildir.

1. Ljósmæðraskóli Íslands.

Samkvæmt meðfylgjandi áætlun eru gjöldin áætluð kr. 723 660.00, tekjur kr. 141 450.00 og rekstrarhalli kr. 582 210.00.

Áætlað er að 10 nemar hefji nám í skólanum hvert skólaár. Laun til nema eru áætluð 35% af launum ljósmæðra með árs hækkun, sem er í samræmi við laun til hjúkrunarnema.

Fæðiskostnaður er reiknaður á kostnaðarverði Landspítalans, en selt fæði til nema á hinu opinbera matsverði á fæði til starfsfólks.

Fjárþörf 1964. Starfi skólinn eftir gömlu lögunum fram til 30. sept. 1964 og samkvæmt nýju lögunum frá 1. okt. 1964, verður rekstrarhalli skólans árið 1964 alls **kr. 415 400.00.** Fjárveiting til skólans í fjárlögum 1964 er kr. **360 600.00.**

2. Fæðingardeild Landspítalans.

Við stækkun Ljósmæðraskólans er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum í rekstri Fæðingardeildar:

Fyrsta heila starfsár skólans, 1. október 1964 til 30. september 1965, verður að fjölga um 1 ljósmóður vegna breytinga á námstilhögun ljósmæðranema frá því sem verið hefur. **Kostnaður á ári áætlaður kr. 92 760.00.**

Annað starfsár, 1. október 1965 til 30. september 1966, sem tveggja ára skóla, verða tveir nemahópar í skólanum. Gert er ráð fyrir, að Fæðingardeildin borgi laun til nema á seinna námsári, sem eru áætluð **kr. 463 800.00.** Laun nema síðara námsár eru áætluð 50% af launum ljósmæðra með árs hækkun, sem er í samræmi við kjör hjúkrunarnema. Hins vegar má fækka aftur um þá ljósmóður, sem bætt var við fyrsta starfsár skólans og auk þess fækka um 2 ljósmæður miðað við núverandi fjölda þeirra. Hækkun á launakostnaði verður því kr. 463 800.00 að frádregnum laun-

um tveggja ljósmæðra kr. 185 520.00 eða **kr. 278 280.00.** Gera má ráð fyrir hækkun á fæði kr. 68 550.00 (þ. e. 210 000 ÷ 141 450) og öðrum kostnaðarliðum kr. 50 000.00. Þá má áætla innborgun fyrir húsnæði ljósmæðranema kr. 12 000.00 eða hækkun alls á rekstrarkostnaði deildarinnar **kr. 384 830.00** (þ. e. 278 280 + 68 550 + 50 000.00 ÷ 12 000).

Kostnaðaraukning 1964.

Miðað við að skólinn starfi samkvæmt nýju lögunum frá 1. október 1964, verður Fæðingardeildin að borga laun 1 ljósmóður frá 1. október til 31. desember, sem nema **kr. 23 190.00.**

Virðingarfyllst,

Georg Lúðvíksson.

Fylgiskjal II.

LJÓSMÆÐRASKÓLI ÍSLANDS

Áætlun um gjöld og tekjur heilt skólaár, miðað við þá breytingu, að skólinn verði 2 ára skóli og Fæðingardeildin borgi laun ljósmæðranna síðara námsárið.

I. Gjöld:			
1. Laun	kr.	453 660.00	
2. Fæðiskostnaður (350 × 60)	—	210 000.00	
3. Skólabækur og tímarit	—	20 000.00	
4. Ýmis gjöld	—	40 000.00	
			kr. 723 660.00
		Samtals	kr. 723 660.00
II. Tekjur:			
1. Selt fæði (115 mán × 1 230.00)			kr. 141 450.00
Rekstrarhalli			— 582 210.00
		Samtals	kr. 723 660.00

Sundurliðun á launakostnaði:

1 forstöðumaður og aðalkennari	kr.	36 000.00
1 kennari, yfirljósmóðir Fæðingardeildar	—	18 000.00
Stundakennsla lækna og sérfræðinga	—	50 000.00
Laun 10 nema (10 × 32.466.00)	—	324 660.00
Skrifstofukostnaður	—	25 000.00
Samtals	kr.	453 660.00

Kostnaður 1964.

Sé gert ráð fyrir, að skólinn starfi eftir gömlu lögunum til 30. sept. 1964, en samkvæmt nýju lögunum frá 1. okt., verður fjárþörf hans árið 1964 **alls kr. 415 400.00.**

Fjárveiting til skólans í fjárlögunum 1964 er **kr. 360 600.00.**

Nd. 401. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til laga um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið um það umsögn Seðlabanka Íslands, sem telur ekki óeðlilegt, að reynt verði að framkvæma þær umbætur á lánaaðstöðu iðnaðarins, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Íslenzkur iðnaður er ört vaxandi og gegnir æ þýðingarmeira hlutverki í þjóðarbúskapnum. Benda má á, að hliðstæðar ráðstafanir hafa verið gerðar vegna sjávar-

útvegs og landbúnaðar, og er frumvarpið sýnilega samið með hliðsjón af lögum um það efni. Verður að telja réttmætt og eðlilegt, að iðnaðurinn njóti sömu aðstöðu.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 19. marz 1964.

Davíð Ólafsson, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. Einar Ágústsson.
Matthías Á. Mathiesen. Skúli Guðmundsson.

Nd. 402. Breytingartillaga [68. mál]

um frv. til l. um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

Frá Davíð Ólafssyni, Matthíasi Á. Mathiesen og Sigurði Ingimundarsyni.

Við 2. gr. 2. málsgr. orðist svo:
Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu áliti stjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarmálaráðherra.

Ed. 403. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyt. á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum. Meiri hl. n. (BGuðm, JÞ, SÓÓ) leggur til, að það verði samþykkt eins og neðri deild gekk frá því við 3. umræðu. Minni hl. (PÞ og ÁB) telur, að frumv. stefni í rétta átt, en nái of skammt, og munu þeir því skila séráliti.

Alþingi, 19. marz 1964.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Þorsteinsson.

Ed. 404. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. l. nr. 29 9. maí 1955 og l. nr. 23 12. maí 1960.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum. BGuðm, SÓÓ og JÞ leggja til, að það verði samþykkt óbreytt. PÞ og ÁB munu skila séráliti.

Alþingi, 19. marz 1964.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Þorsteinsson.

Sþ. 405. Þingsályktun [181. mál]

um úthlutun listamannalauna 1964.

(Afgreidd frá Sþ. 19. marz.)

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að skipta fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 1964 til rithöfunda, skálda og annarra listamanna.

Ed. 406. Lög [108. mál]

um afnám laga nr. 27/1954, um verðlagsskrár.

(Afgreidd frá Ed. 19. marz.)

Samhljóða þskj. 392.

Nd. 407. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til meðferðar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Þær byltingar í atvinnuháttum, sem orðið hafa í heiminum á næstliðnum tveimur öldum, hafa haft í för með sér meiri röskun í byggð landanna en áður er kunnugt um á svo skömmum tíma. Meginstraumar þeirra fólksflutninga hafa legið úr sveitunum og strjálbýlinu yfirleitt til borganna og þéttbýlisins, þar sem uppvaxandi iðnaður hefur sífellt kallað á fleiri hendur til starfa.

Enda þótt mönnum hafi löngum verið ljós sú félagslega hætta, sem fylgir slíkum stórfelldum fólksflutningum og mikilli samansöfnun fólks í þéttbýli, var það hins vegar viðurkennt, að þessi þróun var forsendan fyrir þeim gífurlegu efnahagslegu framförum, sem orðið hafa í heiminum á þessu tímabili.

Sú þróun, sem átt hefur sér stað í þessu efni hér á landi, á sér að vísu miklu skemmri sögu, þar sem segja má, að hún hafi öll orðið á þessari öld. En ef tekið er tillit til allra aðstæðna, er hún í eðli sínu ekki síður byltingarkennd. Fyrst í stað lá straumurinn úr sveitinni að sjónum, þegar uppbygging sjávarútvegsins hófst fyrir alvöru snemma á þessari öld. Smám saman óx svo aðdráttaraflið, þar sem reynslan sýndi, að aflavonin var mest, þangað safnaðist fiskiskipaflotinn, og þéttbýlið, sem byggði afkomu sína á útgerð og fiskvinnslu, skapaðist. Þessu fylgdi svo einnig uppbygging margs konar iðnaðar og þjónustustarfsemi, sem jafnan fylgir slíkri þróun atvinnuvega og þéttbýli.

En einnig hér á landi er ljóst, að þessi þróun atvinnuveganna var forsendan fyrir þeirri öru efnahagslegu framþróun, sem orðið hefur undanfarna áratugi og hefur leitt til þess, að þjóðin, einnig og ekki síður sá hluti hennar, sem í dreifbýlinu býr, lifir nú við betri lífskjör en nokkru sinni fyrr og verður ekki líkt við neitt, sem áður hefur þekkzt í því efni.

Þrátt fyrir þetta hafa mönnum verið þessir miklu fólksflutningar áhyggjuefni, þar sem dregið hefur til landauðnar í sumum sveitum og heilir landshlutar hafa orðið að horfa upp á það, að íbúum þar hefur annaðhvort fjölgað mjög lítið eða

beinlínis fækkað á síðustu tveimur áratugum, þegar fólksflutningarnir hafa verið hvað örastir.

Um þetta vandamál hefur ítrekað verið fjallað á Alþingi. Um árabil var það svo, að á fjárlögum var ákveðin sérstök fjárveiting til þess, sem nefnt var atvinnu- og framleiðsluaukning. Var sú fjárveiting fyrst og fremst ætluð til að styðja atvinnulíf í þeim landshlutum, sem erfiða áttu aðstöðu vegna fólksflutninganna, og þannig ætlað að stuðla að því, sem nefnt hefur verið jafnvægi í byggð landsins.

Hinn 29. marz 1961 var samþykkt ályktun á Alþingi þess efnis, að ríkisstjórnin undirbyggi og legði fyrir Alþingi frv. til laga um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins. Þetta frv. var síðan lagt fyrir Alþingi á þinginu 1961 og afgreitt sem lög um atvinnubótasjóð 1962. Var þetta í fyrsta sinn, sem Alþingi afgreiddi lög um þetta efni. Að meginstefnu til er ekki hægt að segja, að neinn teljandi munur sé á þessum lögum og því frv., sem hér liggur fyrir. Þó gerir þetta frv. ráð fyrir, að meira fjármagni verði varið í þessu skyni en nú er, samkvæmt gildandi lögum, en því ákvæði laganna má breyta, þegar talið verður fært og nauðsynlegt, m. a. með tilliti til breytinga á verðlagi frá því, sem var, er lögin voru samþykkt.

Þá var á s. l. ári tekin upp sú nýbreytni af hálfu ríkisstjórnarinnar að hefja gerð framkvæmdaáætlunar í því skyni að koma fastara skipulagi á framkvæmdir í landinu, sem m. a. mun leiða til þess, að við veitingu fjármagns til framkvæmda verður unnið meira eftir fyrirframgerðri áætlun en verið hefur. Fer það einnig í svipaða átt og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Að framangreindu athuguðu leggur meiri hluti fjárhagsnefndar til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem þegar hafa verið sett lög um atvinnubótasjóð, en þetta frv. fer að meginstefnu til í sömu átt og þau lög, og tilgangur þeirrar löggjafar er fyrst og fremst að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, telur deildin ekki þörf nýrrar lagasetningar í þessu efni og samþykkt frumvarpsins því óþarfa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. marz 1964.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 408. Frumvarp til skipulagslaga. [33. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. marz.)

Samhljóða þskj. 33 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar skipulagsstjóra ríkisins að fengnum tillögum skipulagsstjórnar. Hann fer í umboði ráðuneytisins og skipulagsstjórnar með framkvæmdir í skipulagsmálum eftir því, sem lög þessi ákveða.

Skipulagsstjóri sér um mælingar, gerð skipulagsuppdrátta, svo og endurskoðun eldri uppdrátta. Hann getur þó leyft, að slíkar mælingar og gerð skipulagsuppdrátta séu falin sérmenntuðum mönnum, er starfi í samráði við hann. Hann ákveður í samráði við skipulagsstjórn, að hvaða skipulagsverkefnum skuli unnið hverju sinni.

Skipulagsstjóri hefur umsjón með því, að hvarvetna sé farið eftir gildandi skipulagi. Hann skal fylgjast með störfum byggingarnefnda. Skipulagsstjóri skal sitja

fundi skipulagsstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Honum er heimilt með sama hætti að sitja fundi byggingarnefnda.

Nú telur skipulagsstjóri, að byggingarleyfi brjóti í bága við samþykkt eða fyrirhugað skipulag, og skal hann þá leita úrskurðar ráðherra um, hvort það skuli fellt úr gildi. Ef skipulagsstjóri leitar úrskurðar samkvæmt framansögðu, er óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum samkvæmt nefndu byggingarleyfi, unz úrskurður ráðherra liggur fyrir, en leita skal ráðherra áður umsagnar skipulagsstjórnar og viðkomandi sveitarstjórnar, sem skulu senda umsagnir sínar innan hæfilegs frests, sem ráðherra tiltekur.

Skipulagsstjórn og skipulagsstjóri skulu árlega gefa ráðuneytinu skýrslu um störf sín.

Laun skipulagsstjóra, svo og annar kostnaður við störf hans, svo sem laun starfsmanna hans, skrifstofu- og ferðakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.

3. gr. hljóðar svo:

Nú hagar svo til, að skipulag í einu sveitarfélagi er, að dómi skipulagsstjórnar, svo háð skipulagi í nærliggjandi sveitarfélagi, eða í fleiri nærliggjandi sveitarfélögum, að nauðsyn beri til þess að gera að einhverju leyti sameiginlegt skipulag fyrir þessi sveitarfélög, og getur ráðherra þá ákveðið, að samvinnunefnd verði skipuð til þess að gera tillögur um skipulag, sem að þessu leyti er sameiginlegt fyrir sveitarfélögin.

Sveitarstjórnir þær, er hlut eiga að máli, skipa hvor eða hver um sig tvo menn í samvinnunefnd, en skipulagsstjórn skipar einn mann í nefndina, og skal hann vera formaður hennar.

Skipulagsstjórn skal aðstoða nefndina við störf sín eftir þörfum.

Samvinnunefnd getur með samþykki skipulagsstjórnar leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar, sem þörf krefur.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur og ákveður kjörtíma hennar, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

12. gr. hljóðar svo:

Nú er ákveðið að beita ákvæðum 3. gr. um svæðaskipulagningu, og skal þá gera uppdrátt af því svæði, sem um er að ræða, svo sem fyrir er mælt í 10. gr., eftir því sem þörf krefur.

Ef talið er æskilegt að fresta um tiltekið árabil, þó ekki lengur en 10 ár í senn, ákvörðun um skipulagningu hluta af svæðinu, skal auðkenna það sérstaklega á uppdrætti. Er þá óheimilt að reisa á svæðinu nokkur varanleg mannvirki, nema sérstök heimild skipulagsstjórnar komi til. Heimilt er þó sveitarstjórn í samráði við skipulagsstjóra að leyfa byggingar á svæðinu, ef hún telur slíkt nauðsynlegt vegna atvinnurekstrar, sem þar er fyrir. Binda má leyfi því skilyrði, að umrætt mannvirki verði fjarlægt sveitarsjóði að kostnaðarlausu, þegar þess verður krafizt.

Þinglýsa má slíkum ákvörðunum sem kvöðum á þeim eignum, sem ákvarðanir taka til. Skulu slík skjöl undanþegin gjöldum í ríkissjóð og sveitarsjóð.

Samvinnunefndin skal sérstaklega auðkenna þau svæði, sem hún telur heppilegast að skipulögð verði endanlega og gerð byggingarhæf á næstu 10 árum frá því, að uppdrátturinn tekur gildi.

Í reglugerð má kveða nánar á um gerð slíkra uppdrátta, sbr. og 13. gr.

15. gr. hljóðar svo:

Þegar skipulagsstjórn hefur lokið við tillögu að skipulagsuppdrætti, samkvæmt 10. gr. (svo og 11. gr. að því leyti, sem slíkt er nauðsynlegt), skal tillagan send viðkomandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum) til umsagnar. Sveitarstjórn skal láta í

té umsögn sína innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé settur. Ef umsögn berst ekki innan tiltekins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

16. gr. hljóðar svo:

Þegar samvinnunefnd hefur lokið tillögu um skipulag ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni, skal hún senda málið til meðferðar skipulagsstjórnar.

Nú fellst skipulagsstjórn á skipulagstillöguna og skal tillagan þá send til umsagnar þeirra sveitarfélaga, sem hún tekur til. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé veittur. Ef umsögn berst ekki innan tilskilins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

Ef sveitarstjórn gerir breytingartillögur og samvinnunefnd getur ekki á þær fallizt, þá skal skipulagsstjóri boða til fundar samvinnunefndar og fulltrúa þeirra sveitarstjórna, sem um málið hafa fjallað að því leyti, sem málið geti varðað viðkomandi sveitarstjórn. Náist ekki samkomulag þar, ákveður skipulagsstjórn, hvort tillagan skuli lögð fram.

Nú hefur verið gerður skipulagsuppdráttur og ákveður skipulagsstjórn þá, hvort taka skuli athugasemdir sveitarstjórna til greina að einhverju eða öllu leyti.

17. gr. hljóðar svo:

Nú ákveður skipulagsstjórn að leggja skipulagstillögu, samkvæmt 15. og 16. gr., fram opinberlega, og skal hún þá auglýsa slíkt á þann hátt, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á umræddum stað. Skal þar tilgreint yfir hvaða svæði tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hve lengi, en það má eigi vera skemur en 6 vikur, hvert skila skuli athugasemdum við tillöguna og innan hvers frests, en hann má eigi vera skemmri en 8 vikur frá birtingu auglýsingar, og jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem eigi geri athugasemdir innan tilskilins frests, teljist samþykkja tillöguna.

Skipulagsstjórn getur falið sveitarstjórn að annast framlagningu tillagna og auglýsinga, samkvæmt 1. mgr.

18. gr. hljóðar svo:

Athugasemdum við skipulagstillögu skal skilað til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal innan 8 vikna, nema skipulagsstjórn ákveði lengri frest, senda skipulagsstjórn athugasemdir þær, er borizt hafa, ásamt umsögn sinni um hverja athugasemd og endanlega umsögn um uppdráttinn.

Hafi samvinnunefnd fjallað um skipulagstillöguna, skal leitað umsagnar hennar um athugasemdirnar.

Skipulagsstjórn gengur síðan endanlega frá uppdrættinum og sendir hann ráðherra til staðfestingar.

Þegar ráðherra hefur staðfest uppdrátt, skal það birt í Stjórnartíðindum ásamt greinargerð skipulagsstjórnar um mörk hins skipulagða svæðis og annað, er hún telur máli skipta.

36. gr. hljóðar svo:

Brot gegn lögum þessum skulu varða sektum allt að 100000 krónum, sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem honum er skylt að vinna samkvæmt lögum þessum, eða það er unnið á annan hátt en fyrir er mælt, getur skipulagsstjórn lagt fyrir hann að vinna það á tilskilinn hátt að viðlögðum allt að 1000 króna dagsektum, er renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með lögtaki.

Ed. 409. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. l. um breyt. á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðurinn stendur höllum fæti um þessar mundir. Kostnaður við framkvæmdir er orðinn svo gífurlegur, að það er ungu, efnalitlu fólki ókleift að stofna bú í sveit, nema það eigi kost á miklum fjárhagslegum stuðningi. Að öðrum kosti vofir sú hætta yfir, að sveitabyggðin eyðist meira en orðið er.

Enahagskerfi núverandi ríkisstjórnar veldur því, að þessi hætta fer vaxandi.

Hagur bændastéttarinnar og gengi hennar framvegis veltur að miklu leyti á því, hvaða stefnu löggjafarvaldið hefur gagnvart þessum elzta atvinnuvegi þjóðarinnar og hve mikinn fjárhagsstuðning það veitir.

Fjárhagur bændastéttarinnar í heild verður ekki nægilega vel tryggður með hækkun á afurðaverði einungis. Ríkisvaldið þarf, jafnframt því að tryggja bændum réttlátt afurðaverð, að stórauka fjárhagslegan stuðning við framkvæmdir í landbúnaði, einkum til þeirra, sem hafa lítil bú eða eru að hefja búskap.

Síðan núverandi stjórnarflokkar komust til valda fyrir rúmum fimm árum, hefur verið fátt um nýmæli í löggjöf til stuðnings landbúnaði. Sú hækkun, sem gerð hefur verið á þessu tímabili á framlögum til jarðræktar og íbúðarhúsa í sveitum, hefur horfið óðar en varir í dýrtíðarhítina.

Framsóknarflokkurinn hefur á þessu þingi sem fyrr flutt mörg mál til hagsbóta fyrir landbúnaðinn, en stjórnarflokkarnir hindra framgang þeirra.

Frv. þetta stefnir í rétta átt, þar sem veita á samkvæmt því sérstakt framlag til jarðræktar að 25 ha túnstærð á hverri jörð og hækka nokkuð óafturkræft framlag til íbúðarhúsa í sveitum. En minni hl. nefndarinnar telur frv. ná of skammt og brýna þörf á að setja ný lagaákvæði um fleiri atriði, er landbúnaðinn varða.

Minni hl. n. vill freista þess að fá úr því bætt og ber fram á sérstöku þingskjali breytingartillögur um bústofnslán, um að ríkisframlög til ræktunar á jörðum, sem hafa minna en 25 ha tún, nemi 65% af kostnaði í stað 50% og að ríkissjóður greiði Stofnlánadeild landbúnaðarins sérstakt framlag, 25 millj. kr. árlega næstu 5 ár, og að þetta fé verði lánað til framleiðnaukningar í landbúnaði.

Minni hl. n. mun styðja frv., þó að brtt. hans verði ekki samþykktar.

Alþingi, 21. marz 1964.

Páll Þorsteinsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 410. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyt. á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   2. og 3. málsl. 7. gr. laganna falli niður.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir II. kafla laganna (23. gr.) komi nýr kafli, sem verður III. kafli, með 8 greinum og fyrirsögnini: **Um bústofnslán,** svo hljóðandi:

a. (24. gr.) Stofnlánadeild veitir lán frumbýlingum og öðrum bændum til bústofnsaukningar og vélakaupa, eftir því sem nánar segir í þessum kafla laganna.
b. (25. gr.) Stofnfé til bústofnslána er þetta:
   a. 40 milljón króna óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal deildinni á næstu átta árum með 5 milljón króna framlagi á ári;
   b. 60 milljón króna lán, er stjórn deildarinnar heimilast að taka, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.
c. (26. gr.) Bústofnslán skulu veitt frumbýlingum og öðrum bændum, sem fullnægja skilyrðum 27. gr., til að kaupa bústofn eða búvélar.
d. (27. gr.) Skilyrði fyrir bústofnsláni eru:
   a. að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg;
   b. að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að áliti bankastjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi eigi efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum;
   c. að umsækjandi sé að dómi bankastjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni;
   d. að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er bankastjórnin tekur gilda;
   e. að umsækjandi geti að dómi bankastjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið lán samkvæmt lögum þessum.
e. (28. gr.) Bústofnslán má veita gegn eftirtöldum tryggingum:
   1. gegn veði í fasteign;
   2. gegn veði í vélum og verkfærum;
   3. gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, frá 4. nóv. 1887;
   4. gegn hreppsábyrgð;
   5. gegn sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila.

   Bankastjórnin metur, hverja tryggingu skuli taka gilda.
f. (29. gr.) Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun bankastjórnar.
g. (30. gr.) Vextir af bústofnslánum mega ekki vera hærri en 5%. Lánstími fer eftir ákvörðun bankastjórnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 10 ár. Það skal og áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi bankastjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé bankastjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.

   Heimilt er bankastjórn að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.

   Gjalddagi lánanna skal vera 1. nóvember ár hvert.
h. (31. gr.) Umsóknir um lán samkvæmt lögum þessum skulu sendar bankastjórninni eða þeim, sem hún vísar til. Umsóknum skulu fylgja þau gögn, er bankastjórnin ákveður.

3. Við 7. gr. Í stað „50%“ í 3. málsgr. komi: 65%.
4. Við 9. gr. Greinin orðist þannig:

   64. gr. laganna orðist svo:

   Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkv. 63. gr., greiðir ríkissjóður árlega á árunum 1964—1972, að báðum árum meðtöldum, þá fjárhæð, er þarf til að greiða tilskilinn hluta ríkisins samkvæmt ákvæðum þessara laga.
5. Á eftir 9. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

   Á eftir 64. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

   Ríkissjóður greiðir Stofnlánadeild landbúnaðarins sérstakt framlag 25 millj.

kr. árlega næstu 5 ár. Fé þetta skal lánað bændum og búnaðarfélögum til framleiðniaukningar í landbúnaði og skulu lánin vera til 30 ára með 2% vöxtum.

Lánin skulu veitt, að fengnum tillögum nýbýlastjórnar, til vélvæðingar og tæknibúnaðar á sveitabýlum, svo sem til endurbóta á fóðurgeymslum og peningshúsum, súgþurrkunar, færibanda, mjaltavéla, dráttarvéla og jeppabíla. Enn fremur til steypuhærivéla, jarðtætara og anarra jarðyrkjuverkfæra, sem búnaðarfélög kaupa.

Ed. 411. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Fyrir Alþingi liggur frv. til breytinga á jarðræktarlögum. Eigi skal gert lítið úr þeim breytingum, það sem þær ná, en almennt mun bændastéttin hafa búizt við því, að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir heildarendurskoðun jarðræktarlaga.

Enn þá mega bændur horfa fram á það, að öll framlög ríkisins samkv. jarðræktarlögum hverfi smám saman í ört vaxandi viðreisnardýrtíð ríkisstjórnarinnar. Þannig hefur það verið undanfarandi ár, og í þessu jarðræktarlagafrv. er á þessu engin breyting gerð. Vísitalan, sem jarðræktarframlagið byggist á, var bundin 1960 og hefur verið það síðan og virðist eiga að vera það áfram. Þess mun því ekki langt að bíða, að þær breytingar, sem ríkisstjórnin leggur nú til í þessu frv., hverfi í dýrtíðarhít ríkisstjórnarinnar.

Það er öllum landslýð kunnugt, hvernig hugarfar stjórnarflokkanna er gagnvart landbúnaðinum. Árlega fella þm. stjórnarflokkanna eða drepa á dreif öllum þeim frv., sem fram koma á Alþingi og miða að því að efla landbúnaðinn. Þetta lýsir innsta eðli þeirra og vantrú á mátt moldarinnar og varanlega uppbyggingu landbúnaðarins. Árlega verða margir bændur að hætta búskap, sakir elli eða annarra ástæðna. Þetta væri út af fyrir sig ekki athugavert, ef svo væri að ungu kynslóðinni búið, að hún gæti hafið búskap, en því fer víðs fjarri, nema hún njóti ríkulegrar hjálpar sinna nánustu. Þetta lýsir vel þeim þætti stjórnarstefnunnar, hvernig búið er að unga fólkinu, svo að það geti hafið búskap og haldið áfram að rækta og nema landið, eins og gert hefur verið allt fram til þessa.

Jarðræktarlögin hafa átt sinn mikla þátt í því að létta undir með bændum í því nýja landnámi, sem hófst eftir að þau voru sett. Eigi jarðræktarlögin að hafa jafnmikið gildi nú og í framtíðinni eins og þau höfðu fyrir viðreisn, þarf að stíga stærra skref en gert er með þessu frv.

Við, sem erum í minni hl. landbúnaðarnefndar, munum fylgja þeim breytingartillögum, sem þetta jarðræktarlagafrv. gerir ráð fyrir, en þar sem þessar breytingar ná að okkar dómi allt of skammt, flytjum við breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Okkur finnst, að það megi ekki dragast að lögfesta þær breytingar, ef ekki á að verða of stórt skarð í íslenzka bændastétt á næstu árum.

Alþingi, 21. marz 1964.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Páll Þorsteinsson.

Ed. **412. Breytingartillögur** [131. mál]

við frv. til l. um breyt. jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   5. gr. laganna orðist svo:
   Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.
   Laun héraðsráðunauta og ferðakostnaður þeirra greiðist að ⅔ hlutum úr ríkissjóði, en að ⅓ hluta af hlutaðeigandi búnaðarsambandi.
   Þóknun mælingamanna greiðist á sama hátt, enda samþykki landbúnaðarráðherra launagreiðslur búnaðarsambandanna vegna starfsemi þeirra.
2. Í stað 1. og 2. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
   1. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:
   Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:
   I. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir og handgrafnir opnir skurðir, svo og hvers konar lokuð ræsi, þar á meðal plógræsi):
   Framlag 75% kostnaðar.
   II. Jarðrækt:
   a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðurs- og kornræktar.
   b. Túnrækt á söndum.
   c. Túnrækt á valllendi, móum og melum.
   d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi.
   e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis.
   f. Grjótnám.
   Framlag 25% kostnaðar.
   III. Girðingar og ræktunarlönd:
   a. Sex strengja gaddavírsgirðing.
   b. Fimm strengja gaddavírsgirðing.
   c. Þriggja strengja gaddavírsgirðing á skurðbakka.
   d. Vírnetsgirðing með einum gaddavírsstreng.
   Framlag 25% kostnaðar.
   IV. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni:
   Framlag 15% kostnaðar.
   V. Votheyshlöður úr varanlegu efni:
   Framlag 25% kostnaðar.
   VI. Áburðargeymslur:
   a. Safnþrær.
   b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar.
   Framlag 25% kostnaðar.
   VII. Súgþurrkunarkerfi með eða án blásara:
   Framlag 40% kostnaðar.
   VIII. Garðávaxtageymslur steyptar með þaki úr varanlegu efni:
   Framlag 15% kostnaðar.
   Búnaðarfélag Íslands og Teiknistofa landbúnaðarins láta sérfræðinga sína meta árlega kostnað hverrar tegundar framkvæmda, sem upp eru taldir í grein þessari.

Nd. **413. Breytingartillögur** [20. mál]

við frv. til l. um loftferðir.

Frá Pétri Sigurðssyni, Jóni Skaftasyni, Sigurði Ingimundarsyni og Einari Olgeirssyni.

1. Við 52. gr.
   a. Niðurlag 3. mgr. frá orðinu „hann“ orðist svo: fengið aðvörun um það, áður en vakttíma hans lýkur, að ástæða sé til að ætla, að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Þyki ástæða til að ætla, að flugverji hafi brotið ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, er lögreglumönnum heimilt að færa hann til læknis til rannsóknar. Verði flugverja tekið blóð, skal honum ekki heimilt að hefja flug næstu 12 klst. á eftir, þó að rannsókn vegna meints brots á 1. mgr. þessarar greinar leiði í ljós, að hann sé ekki sekur.
2. Á eftir 52. gr. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (53. gr.) Nú veikist eða slasast flugverji fjarri heimili sínu og fjarvistin er vegna starfs hans. Ber þá vinnuveitanda að greiða allan kostnað við læknishjálp, sjúkrahúsvist og flutning sjúklings til heimilis hans.
   b. (54. gr.) Hámarkstími, sem flugverji má starfa um borð í loftfari hverju sinni, skal vera sem hér segir:

1 flugmaður í áhöfn	12 klst.
2 flugmenn áhöfn	14 —
2 flugmenn o. fl.	16 —
3 flugmenn o. fl.	24 —

Vari flug lengur en 16 klst., skulu a. m. k. tveir flugmannanna hafa flugstjóraréttindi og vera hvíla um borð fyrir einn flugmann.

Sé flugvélastjóri í áhöfn og flug varir lengir en 16 klst., skal honum séð fyrir hvílu.

Flugverja er óheimilt að fljúga fleiri flugstundir en 125 á hverjum 30 dögum.

Lágmarkshvíldartími flugverja skal vera sem hér segir:

Eftir 10	klst.	flug	.....	10	klst.	hvíld.
11—12	—	—	.....	12	—	—
12—13	—	—	.....	13	—	—
13—14	—	—	.....	14	—	—
14—15	—	—	.....	15	—	—
15—16	—	—	.....	16	—	—
16—17	—	—	.....	18	—	—
17—18	—	—	.....	20	—	—
18—19	—	—	.....	22	—	—
19—20	—	—	.....	24	—	—
20—21	—	—	.....	26	—	—
21—22	—	—	.....	28	—	—
22—23	—	—	.....	30	—	—
23—24	—	—	.....	32	—	—

Sá tími sem nær ekki 7 klst., telst ekki hvíldartími.

Vakttími flugverja skal að hámarki vera þannig:

1—2 flugmenn	18 klst.
2 flugmenn o. fl.	20 —
3 flugmenn o. fl.	28 —

3. Fyrirsögn á undan 140. gr. hljóði svo:
   Um loftferðadómstól og rannsókn á flugslysum.

4. 140. gr. orðist svo:
   Skipaður skal loftferðadómstóll. Dómsmálaráðherra skipar menn í dóminn. Skal dómurinn skipaður til 4 ára í senn. Formaður dómsins og varaformaður skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.
   Auk formanns og varaformanns skulu skipaðir í loftferðadómstólinn 5 menn, sem hafa sérþekkingu á starfsgreinum í flugi og flugmálefnum.
   Við dómstörf skulu 2 hinna sérfróðu manna starfa með formanni dómsins, og skal við val þeirra tekið tilllit til þess, hvert verkefnið er og hverrar sérþekkingar helzt er þörf.
5. Á eftir 140. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Verkefni loftferðadómstóls eru:
   1. Að rannsaka og dæma í málum vegna flugslysa.
   2. Að rannsaka og dæma mál, þar sem ástæða þykir að ætla að flugslys hafi legið nærri; einnig ef alvarleg bilun hefur komið fram á loftfari eða ástæða er til að ætla, að flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna.
6. Við 142. gr. Í stað orðsins „flugmálastjórnin“ komi: loftferðadómstóll, — og í stað „flugmálastjórnina“ komi: loftferðadómstólinn.
7. 143. gr. orðist svo:
   Loftferðadómstóll hefur yfirstjórn rannsóknar vegna flugslyss.
   Dómstólnum er heimilt að fela starfsmönnum flugmálastjórnarinnar að aðstoða við rannsókn á flugslysi, og skal að öðru jöfnu fela þeim það, nema ástæða sé til að ætla, að rekja megi flugslys til yfirsjónar hjá starfsmanni flugmálastjórnarinnar eða bilana í tækjum og mannvirkjum, sem flugmálastjórnin sér um rekstur á.
   Krefja má lögreglu til aðstoðar við rannsóknina, eftir því sem þurfa þykir.
   Þeir, sem að rannsókn starfa, skulu jafnan eiga frjálsan aðgang að slysstað.
   Eiganda loftfars, umráðanda og öðrum, sem hlut eiga að máli, skal kynna það, sem rannsókn leiðir í ljós, og leyfa að vera viðstaddir rannsóknina, nema loftferðadómstóll ákveði annað.
8. 144. gr. orðist svo:
   Þegar rannsókn er lokið, skal loftferðadómstóll senda flugmálaráðherra, saksóknara og dómsmálaráðherra skýrslu um niðurstöðu rannsóknar. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins, auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir, sem gera má til þess að afstýra áframhaldandi slysum af sömu eða líkum orsökum.
   Saksóknari ákveður síðan, hvort mál skuli höfðað.
9. 160. gr. falli niður.

Sþ. 414. Breytingartillögur [144. mál]

við till. til þál. um tekjustofna handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Í stað orðsins „þjóðkirkju“ og út setninguna komi svo hljóðandi: barnaheimilum og stofnunum fyrir vangefin börn og um aðstoð ríkisins við að byggja hús fyrir rekstur þessara stofnana. Þá skal og ríkisstjórn, þegar þessum þörfum hefur verið fullnægt, athuga um aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu, ef það kemur í ljós við rannsókn, að kirkjur verði yfirleitt að tvísetja vegna aðsóknar, svo sem er með barnaskóla nú.
2. Fyrirsögn till. verði:
   Tillaga til þingsályktunar um tekjustofna handa barnaheimilum og stofnunum fyrir vangefin börn o. fl.

Sþ. 415. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]

um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna.

Flm.: Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson, Helgi Bergs, Gísli Guðmundsson, Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að athuga í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, á hvern hátt megi efla markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar, svo og bæta gæðaeftirlit, þannig að sem beztum árangri verði náð með minnstum tilkostnaði, og leggja niðurstöður fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Íslendingar eiga mikið undir því, að útflutningsverzlunin sé rekin á sem hagkvæmastan og árangursríkastan hátt. Aukið framleiðslumagn og fjölbreyttari framleiðslutegundir krefjast þess, að beitt sé vísindalegum aðferðum í markaðsleit og í auglýsinga- og kynningarstarfsemi. Stöðugt vaxandi samkeppni um kaupmátt neytendanna og háþróuð tækni í vörukynningarstarfsemi hinna voldugu verzlunarhringa gerir aðstöðu þeirra, sem hafa ekki bolmagn eða þekkingu til að fylgjast með þróuninni, stöðugt erfiðari.

Ekki verður hjá því komizt, að við Íslendingar nýtum nýjustu sölutækni fyrir útflutningsafurðir okkar og sömuleiðis hlýtur stofnun nýrra fyrirtækja að grundvallast meira en verið hefur á ýtarlegum markaðsrannsóknum. Að vísu hafa stærstu útflutningsgreinar fiskiðnaðarins unnið gott starf á þessu sviði, a. m. k. á einstökum mörkuðum, en hins vegar er aðstaða smærri framleiðenda mjög erfið að þessu leyti, enda er útflutningsiðnaður okkar Íslendinga tiltölulega smár, jafnvel miðað við einstök fyrirtæki erlendis. Rétt virðist því að athuga, hvort ekki komi til greina einhvers konar sameiginleg þjónusta í markaðsrannsóknum, markaðsleit og auglýsingastarfsemi, a. m. k. fyrir þær útflutningsatvinnugreinar og þau útflutningsfyrirtæki, sem versta aðstöðu hafa til slíkrar starfsemi á eigin spýtur.

Hið opinbera getur veitt mikla og dýrmæta aðstoð í þessum efnum með því að standa fyrir þeirri athugun, sem hér er lögð til, og með því að efla hvers konar upplýsingastarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna, bæði innanlands og á vegum utanríkisráðuneytisins, svo sem flestar menningarþjóðir hafa gert um áratuga skeið með miklum árangri. Við sendiráð flestra ríkja eru starfandi verzlunarfulltrúar, sérmenntaðir um markaðsmál, er vinna að öflun og útbreiðslu alls konar upplýsinga. Telja má, að nokkrum árangri megi ná með slíkri þjónustu.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að skipulegar markaðsrannsóknir og starfsemi til þess að vinna nýja markaði og nýta betur hina eldri, fullkomin upplýsinga-, kynningar- og auglýsingaþjónusta, ásamt sérhæfðri sölustarfsemi, séu forsendur fyrir arðbærri framleiðslu og undirstaða þess, að hún sé í sem fyllstu samræmi við kröfur markaðanna. Slík starfsemi er hins vegar ekki á færi einstakra smærri útflytjenda, og er því nauðsynlegt að athuga, á hvern hátt má veita þeim þessa nauðsynlegu þjónustu.

Komið gæti til greina að setja á fót stofnun, sem veitti þessa þjónustu þeim, sem þess óskuðu, með markaðsrannsóknum, markaðsleit og auglýsingastarfsemi. Slík stofnun þyrfti að hafa á að skipa færustu sérfræðingum, og ætti hverjum útflytjanda að vera frjálst að leita þjónustu hennar fyrir hæfilegt gjald. Stofnun sem þessi, ef sett verður á fót, ætti fyrst og fremst að vera frjáls rannsóknarstofnun undir sérstakri stjórn, óháð beinum afskiptum ríkisvaldsins og án skuldbundinnar þátttöku atvinnuveganna, en veitti þeim útflytjendum þjónustu, sem þess óskuðu. Vel má vera, að stærstu útflytjendur sjávarafurða þyrftu ekki á slíkri þjónustu að halda, en því er alls ekki svo farið um marga hina minni og sérstak-

lega ýmsar iðngreinar, sem verið er að reyna að koma á fót til útflutningsframleiðslu. Sú athugun, sem hér er lagt til að gerð verði, ætti að leiða í ljós, hvort æskilegt sé að koma á fót slíkri stofnun, og nánar, hvert verksvið hennar ætti að verða, eða á hvern hátt annan sameina má kraftana í markaðsrannsókn, markaðsleit og sölutækni með nýjustu aðferðum.

Einnig er lagt til, að athugað sé, á hvern hátt má auka gæðaeftirlit. Ekki er það hugmynd flutningsmanna, að setja þurfi upp nýja stofnun, sem annist allt gæðaeftirlit á útflutningsvörum landsmanna. Hins vegar virðist eðlilegt, ef niðurstaðan verður sú að setja upp sameiginlega stofnun, eins og að ofan greinir, sem veiti þjónustu í markaðsrannsóknum, markaðsleit og auglýsingastarfsemi, að sú stofnun gangi úr skugga um gæði þeirrar framleiðslu, sem flutt kann að verða út fyrir hennar tilstilli. Gæti hún þá stuðzt við það gæðaeftirlit, sem fyrir er í landinu, og stuðlað á einn hátt eða annan að endurbótum og eflingu gæðaeftirlits, þar sem þess er þörf. Stofnanir sem þessar eru algengar erlendis, og leggja framleiðendur þá oft mikla áherzlu á að fá viðurkenningu slíks aðila á framleiðslu sinni, t. d. með því að prenta viðurkenningu stofnunarinnar á smekklegan hátt á merki framleiðslunnar. Gæti það orðið mjög þýðingarmikill þáttur í útflutningi íslenzkrar framleiðslu, ef einhver slíkur aðili gæti áunnið sér viðurkenningu erlendis sem tryggingu fyrir gæðum framleiðslunnar.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu leggja áherzlu á, að máli þessu sé hraðað og niðurstöður séu lagðar fyrir næsta Alþingi.

Nd. 416. Breytingartillögur [68. mál]

við frv. til laga um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

Frá Einari Ágústssyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 2. gr.

a. Í stað „15 ár“ komi: 20 ár.
b. Í stað „7 ár“ komi: 10 ár.

Sþ. 417. Þingsályktun [141. mál]

um tryggingar gegn uppskerubresti og afurðatjóni í landbúnaði.

(Afgreidd frá Sþ. 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 255.

Sþ. 418. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um að varðveita Björnsstein á Rifi.

Flm.: Benedikt Gröndal, Jón Árnason, Ásgeir Pétursson, Ásgeir Bjarnason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta varðveita svonefndan Björnstein á Rifi á Snæfellsnesi og búa um hann eftir fyrirmælum þjóðminjavarðar. Skal kostnaður teljast með stofnkostnaði landshafnar á Rifi.

Greinargerð.

Spölkorn upp af norðurgarði hinnar nýju Rifshafnar á Snæfellsnesi eru klettar, en fram undan þeim bjarg, hálfsokkið í sand. Rétt við bjargið liggur vegur

upp á Háarif, sem nú heitir, en þar er fyrsta röð íbúðarhúsa þeirrar borgar, sem mun rísa við landshöfnina. Spölkorn frá bjarginu er nýleg verbúðabygging, og fram undan henni hamast stórvirkar vélar við hafnargerð.

Bjargið í sandinum er svonefndur Björnssteinn, stundum kallaður Bjarnarsteinn. Herma munnmæli, að þarna hafi Björn ríki Þorleifsson fallið í viðureign við enska kaupmenn fyrir fimm öldum. Á hann að hafa barizt vasklega á klettunum, en hörfað undan ofurefli niður á steininn og verið hálshöggvinn þar.

Síðla sumars árið 1467 hélt Björn hirðstjóri út á Snæfellsnes, þar sem enskir kaupmenn, Lynnverjar, höfðust við og ráku óleyfilega verzlun. Ekki ber heimildum saman um þeirra skipti, nema hvað dró til vopnaviðskipta og falls hirðstjóra. Færðu Englendingar lík hans á skip út, köstuðu því síðan í sjóinn, rændu fólk og brenndu bæi.

Atburður þessi hefur lifað í minningum Íslendinga. Hefur sérstakur ljómi verið um viðbrögð konu Björns, Ólafar Loftsdóttur, er á að hafa mælt, er hún frétti fall bónda síns: „Ekki skal gráta Björn, heldur safna liði."

Sjálfsagt virðist að varðveita þann stein, sem slíkar minningar hafa verið tengdar við í fimm aldir. Veldur það landshöfninni engum vanda, en getur orðið henni til prýði, ef vel tekst. Tillaga þessi er flutt til að fá fyrirmæli Alþingis um, að kostnaður við að ganga frá Björnssteini til frambúðar skuli greiddur af landshöfninni á Rifi, þar sem steinninn er á sjálfu hafnarsvæðinu.

Nd. 419. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en nefndarmenn hafa ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. vill vísa frv. til ríkisstjórnarinnar, en undirritaðir nm. leggja til, að það verði samþykkt.

Þeirri reglu er fylgt í skólakerfi landsins að dreifa hinum almennu skólum sem jafnast um byggðir landsins. Með þessu eru æskufólki gerð auðveldari afnot skólanna. Þetta er þýðingarmikið atriði til jafnvægis í menningarmálum byggðarlaganna. Menntastofnun í héraði gefur því aukið líf og aðdráttarafl og verður héraðinu á margan hátt til vaxtar og framfara.

Í tveimur landshlutum, Vestfjörðum og Austurlandi, er enginn menntaskóli. Aðstaða ungmenna til menntaskólanáms í þessum byggðarlögum er því sýnu verri en hinna, sem fyrir löngu hafa fengið menntaskóla í sínum héruðum.

Minni hl. menntmn. vill bæta úr þessu misrétti og telur þess vegna rétt, að frv. þetta um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði verði samþykkt.

Alþingi, 2. apríl 1964.

Sigurvin Einarsson, frsm. Óskar Jónsson.

Nd. 420. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um menntaskóla Austurlands á Eiðum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en nefndarmenn hafa ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. vill vísa frv. til ríkisstjórnarinnar, en undirritaðir nm. leggja til, að það verði samþykkt.

Þeirri reglu er fylgt í skólakerfi landsins að dreifa hinum almennu skólum sem jafnast um byggðir landsins. Með þessu eru æskufólki gerð auðveldari afnot skólanna. Þetta er þýðingarmikið atriði til jafnvægis í menningarmálum byggðarlaganna. Menntastofnun í héraði gefur því aukið líf og aðdráttarafl og verður héraðinu á margan hátt til vaxtar og framfara.

Í tveimur landshlutum, Austurlandi og Vestfjörðum, er enginn menntaskóli. Aðstaða ungmenna til menntaskólanáms í þessum byggðarlögum er því sýnu verri en hinna, sem fyrir löngu hafa fengið menntaskóla í sínum héruðum.

Minni hl. menntmn. vill bæta úr þessu misrétti og telur þess vegna rétt, að frv. þetta um menntaskóla Austurlands á Eiðum verði samþykkt.

Alþingi, 2. apríl 1964.

Sigurvin Einarsson, frsm. Óskar Jónsson.

Sþ. 421. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til að tryggja, að hlunnindajarðir haldist í ábúð, og athugun á því, hvers vegna góðar bújarðir fari í eyði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa á fundum sínum og mælir einróma með samþykkt hennar með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við fyrri hluta tillgr. Í stað 3. tölul. komi tvær málsgr., er orðist svo:
   Nefndin hraði störfum svo sem auðið er og skili tillögum til úrbóta svo fljótt sem verða má.
   Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.
2. Síðari hluti tillgr.: „Í sambandi við undirbúning að lagafrumvarpi“ o. s. frv. til loka tillgr. falli niður.

Alþingi, 20. marz 1964.

Jónas G. Rafnar, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Árnason, frsm.
Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason. Halldór Ásgrímsson.
Gunnar Gíslason. Guðlaugur Gíslason. Geir Gunnarsson.

Nd. 422. Lög [149. mál]

um breyting á lögum nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs.

(Afgreidd frá Nd. 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 270.

Nd. 423. Lög [123. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi.

(Afgreidd frá Nd. 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 209.

Nd. 424. Frumvarp til laga [200. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

91. gr. laganna orðist þannig:

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í 87. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, þó 15. apríl árið 1964, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu skrásetningarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal sleppt. Lækka skal eða endurgreiða skatt samkvæmt 87. gr., að réttri tiltölu, ef skattskyld bifreið hefur ónýtzt eða skrásetningarmerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði, þannig að meira en hálfur mánuður reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt. Kröfur um endurgreiðslu samkvæmt framansögðu skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, enda fellur endurgreiðsluréttur niður.

Greiðsluskyldan hvílir á þeim, sem skráður er eigandi bifreiðarinnar í ársbyrjun, svo og þeim, sem síðar á skattárinu kunna að verða eigendur hennar.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni þungaskattur fyrir yfirstandandi skattár, svo og skoðunargjald og vátryggingargjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skrásetningarmerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöld af henni ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu svo sem að framan segir.

Bifreiðaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og vátryggingargjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu þeir, sem greitt hafa þungaskatt af bifreiðum sínum eða bifhjólum fyrir skattárið 1963, eiga rétt á að fá þann skatt dreginn frá þungaskatti, sem þeim ber að greiða fyrir skattárið 1964, samkvæmt lögum þessum, eða fá hann endurgreiddan, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samgöngumálaráðherra hefur óskað þess, að samgöngumálanefnd flytti frumvarp þetta. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Með vegalögum, nr. 71 30. desember 1963, eru ákveðnir þeir föstu tekjustofnar, sem standa eiga undir kostnaði við vegamálin. Meðal þeirra er s.n. þungaskattur, en samkvæmt 87. gr. vegalaga er hann óbreyttur af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, og af bifhjólum, en allmiklu hærri en áður var af dieselbifreiðum.

Í athugasemdum við frv. til vegalaga, sbr. t. d. 7. tl. skýringa við 96. gr. frv., kemur fram, að ætlazt er til, að tekjur af þessari skatthækkun verði til ráðstöfunar á yfirstandandi ári. Í sömu átt hníga ummæli samgöngumálaráðherra í framsöguræðu hans við 1. umr. vegalagafrv. á Alþingi og framsögumanns samgöngumálanefndar Ed. Alþingis, við 3. umr. vegalagafrv. í Ed.

Þessum skilningi var ekki mótmælt á Alþingi, og virðist ekki vafi á, að ágreiningslaust var um þetta atriði við meðferð vegalagafrv. á Alþingi.

Í framkvæmd hefur hins vegar verið talið, að þar sem skattár það, sem þungaskatturinn 1964 miðast við, er raunverulega undanfarandi ár, þ. e. 1963, gæti vafi á því leikið, hvort nægilega skýr heimild væri til að innheimta skattinn á þessu ári samkvæmt hinum nýju reglum.

Enda þótt ekki sé ljóst, eftir hvaða reglum þá ætti að fara, þar eð eldri heimild er nú úr gildi fallin með hinum nýju vegalögum, þykir rétt, að aflað sé óvefengjanlegrar heimildar til innheimtu skatts samkvæmt texta 87. gr. gildandi vegalaga árið 1964, og er frumvarpi þessu ætlað að tryggja það.

Í sambandi við þetta mál hefur, við nánari athugun, þótt rétt að breyta innheimtu þannig, að hún félli jafnan á viðkomandi skattár, í stað þess að skatturinn væri greiddur allur eftir á, eins og verið hefur og enn er lögfest, sbr. 91. gr. vegalaga.

Í frv. þessu er 91. gr. vegalaga orðuð þannig um, að skattár er það sama og það almanaksár, sem skattgreiðsla fellur á, og þannig mundi skattur sá, sem á þessu ári yrði greiddur, samkv. 87. gr. vegalaga, vera fyrir skattárið 1964, en hins vegar félli greiðsla niður fyrir 1963, og sá, sem þegar kann að hafa greitt þungaskatt fyrir skattárið 1963, á rétt á að fá honum skuldajafnað eða hann endurgreiddan, sbr. 2. gr. frv.

Frv. þessu er ætlað að tryggja sjóðum vegamálanna það fé, sem telja verður fullvíst, að Alþingi hafi gert ráð fyrir, að til ráðstöfunar yrði 1964, er vegalögin voru afgreidd, og auk þess að gera breytingu þá, er skýrð var hér að framan, á skattári og eindaga þungaskattsins.

Eru ekki gerðar aðrar efnislegar breytingar á vegalögum en sem varða þessi tvö atriði.

Nd. 425. Frumvarp til laga [201. mál]

um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju við Mývatn og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu, til þess að vinna markaðshæfan kísilgúr úr botnleðju Mývatns. Í því skyni er henni heimilt:

1. Að leggja fram allt að kr. 50 millj. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi. Einnig er henni heimilt að taka lán í þessu skyni og til greiðslu undirbúningskostnaðar.
2. Að selja verksmiðjunni hráefni úr kísilgúrnámunni í Mývatni utan netlaga eða leigja hlutafélaginu afnot hennar.
3. Að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðnæði við Mývatn og Námaskarð eftir því, sem þarfir hennar krefjast og ríkið á eða kann að eignast samkvæmt 7. gr.
4. Að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu, er ríkisstjórnin lætur reisa og reka og m. a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til reksturs síns.
5. Að semja um lækkun aðflutningsgjalda af vörum til byggingar verksmiðjunnar.

2. gr.

Áður en framleiðslufélag er stofnað samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka þátt í stofnun sérstaks hlutafélags til bráðabirgða, er annist skipulagningu kísilgúrverksmiðjunnar og annan undirbúning að byggingu og rekstri hennar, enda sé stefnt að því, að framleiðslufélagið taki við af slíku undirbúningsfélagi.

Um hlutafjárframlag ríkisins til undirbúningsfélagsins skal heimilt að beita 1. tölulið 1. gr., enda öðlist ríkissjóður endurgjaldslaust hlutabréf í framleiðslufélaginu við stofnun þess, er að nafnverði samsvari hlutafjáreign hans í undirbúningsfélaginu, sem þá verði slitið.

3. gr.

Stofnun hlutafélaga skv. 1. og 2. gr. skal bundin eftirtöldum skilyrðum:

1. Hlutafélagið greiði ríkissjóði, annaðhvort í peningum eða hlutabréfum, allan kostnað, sem hann hefur haft af undirbúningsrannsóknum og áætlunum vegna kísilgúrverksmiðjunnar.
2. Hlutabréf séu skráð á nafn.

4. gr.

Fjöldi stofnenda hlutafélags skv. 1. og 2. gr. skal vera óháður ákvæði 1. málsliðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög. Sama máli gegnir um hluthafa þess að því er snertir 38. gr. hlutafélagalaganna.

Íslenzka ríkinu og þeim erlenda aðila, sem samvinna verður höfð við um stofnun hlutafélaganna, skal heimilt að vera meðal fullgildra stofnenda þeirra.

5. gr.

Af hlutafé félaga, sem stofnuð verða skv. 1. og 2. gr., skal ekki minna en 51% vera í eigu íslenzka ríkisins.

Ákvæði 2. málsliðs 2. mgr. 31. gr. laga nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félögunum.

6. gr.

Hlutafélagi skv. 1. gr. skal heimilt að festa kaup á hlutabréfum í erlendu hlutafélagi, sem stofnað kann að verða til að annast sölu og dreifingu á framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar erlendis.

7. gr.

Krefjist framkvæmd 1. gr. kaupa á jarðnæði og annarri aðstöðu í eigu annarra en ríkisins, án þess að samningar náist um kaup þessara réttinda, skal ríkisstjórninni heimilt að taka þau eignarnámi gegn bótum eftir mati óvilhallra manna. Um eignarnámið skal farið að lögum nr. 61 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms.

8. gr.

Þar til gerður hefur verið tvísköttunarsamningur við það land eða þau lönd, þar sem erlendis búsettir hluthafar í félagi skv. 1. gr. eru skattskyldir, skal um skatta- og útsvarsgreiðslur af arði af hlutabréfum þeirra heimilt að fara eftir 10. gr. í tillögum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) að milliríkjasamningi um tvísköttun.

9. gr.

Iðnaðarmálaráðherra fer með mál, er snerta eignarhlutdeild ríkisins í kísilgúrverksmiðjunni.

Ráðherra raforkumála fer með mál varðandi hitaveituna, og setur hann nánari reglur um stofnun hennar og rekstur.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, sem nú er lagt fram, er árangur langs undirbúningsstarfs, er unnið hefur verið á undanförnum árum. Hafa margir lagt þar hönd að verki. Stóriðjunefnd hefur unnið að undirbúningi frumvarpsins og þeim viðskiptalegu athugunum og samningum, sem því hafa verið tengdir. Hin tæknilega hlið málsins hefur hins vegar verið í höndum raforkumálastjóra og Rannsóknaráðs ríkisins. Árangur þessara athugana hefur verið jákvæður, og undibúningi málsins er nú svo langt komið áleiðis, að ríkisstjórnin telur tímabært að afla nauðsynlegra heimilda Alþingis til stofnsetningar fyrirtækis, er hafi það hlutverk að reisa og reka kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Næsti áfangi í undirbúningi þessa máls er að hefjast handa um lokaáætlanir um verksmiðjubygginguna sjálfa, sölufyrirkomulag og önnur atriði, er varða rekstur fyrirtækisins. Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar, að heppilegast sé, að þessi þáttur undirbúningsstarfsins verði unninn á vegum sérstaks undirbúningsfélags, er til þess verði stofnað. Enn er margt óunnið í þessu máli, og traustar niðurstöður um líklega rekstrarafkomu fyrirtækisins fást ekki, fyrr en hið fyrirhugaða undirbúningsfyrirtæki hefur lokið lokaáætlunum sínum.

Stofnsetning kísilgúrverksmiðju við Mývatn getur orðið upphaf mjög mikilsverðs útflutningsiðnaðar. Það er því mikið í húfi, að vel takist um alla framkvæmd og undirbúningur sé svo vandaður sem verða má. Hér er um nýja framleiðslu að ræða hér á landi, sem leita þarf markaða víða um lönd í harðri samkeppni við öfluga framleiðendur, sem lengi hafa búið um sig á heimsmarkaðinum. Þótt árangur þeirra athugana, sem fram hafa farið til þessa, sé jákvæður, er hér ekki um svo arðvænlegt fyrirtæki að ræða í upphafi, að það geti tekið á sig veruleg áföll. Fyrirtækið þarf því að vera fjárhagslega vel upp byggt og vera stutt sterku sölukerfi erlendis. Takist hins vegar þessi fyrstu skref giftusamlega eiga öll skilyrði að vera fyrir hendi til þess, að kísilgúrverksmiðjan verði vaxandi þáttur í útflutningsframleiðslu þjóðarinnar og geti jafnvel náð margfaldri þeirri stærð, sem gert er ráð fyrir í upphafi. Ytri skilyrði slíkrar þróunar virðast vera hin æskilegustu, þar sem annars vegar er hin mikla og nær óþrjótandi kísilgúrnáma í Mývatni, en hins vegar markaður, sem allt bendir til að muni fara ört vaxandi með aukinni iðnþróun og batnandi lífskjörum.

Um leið og frumvarp þetta er lagt fram, er ástæða til þess að fagna því, hvern þátt íslenzkir vísindamenn hafa átt í því að finna þá auðsuppsprettu, sem kísilgúrnáman í Mývatni er, og að leysa margvísleg tæknivandamál, sem eru samfara nýtingu hennar. Að öðrum ólöstuðum, er sérstök ástæða til þess að geta hins mikla starfs, sem Baldur Líndal, verkfræðingur, hefur lagt af mörkum í þessu efni. Á hinn bóginn er einnig skylt að geta þess, að Íslendingar hafa átt í þessu máli mjög mikilsvert samstarf við erlenda aðila, sérstaklega hollenzka fyrirtækið AIME í Amsterdam. Aðalávinningur þeirrar samvinnu hefur ekki verið fjárhagslegs eðlis, heldur samvinna um tæknilegar og viðskiptalegar athuganir, svo sem markaðsrannsóknir. Er óhætt að fullyrða, að mál þetta ætti enn langt í land, ef Íslendingar hefðu ekki notið svo náinnar samvinnu við hið hollenzka fyrirtæki. Er ráðgert, að komið verði á fastri samvinnu við hið hollenzka fyrirtæki um sölu kísilgúrsins erlendis, en það eigi jafnframt lítinn hluta í kísilgúrverksmiðjunni sjálfri. Að öðru leyti verði kísilgúrverksmiðjan eign Íslendinga, en hreinn meirihluti verði í eigu ríkisins.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er eingöngu fjallað um mál, er beinlínis varða skipulag kísilgúrverksmiðjunnar sjálfrar. Á hinn bóginn er rétt að benda á, að stofnun slíks fyrirtækis við Mývatn mun kalla á ýmsar aðrar aðgerðir af hálfu ríkisstjórnar og Alþingis. Er þá fyrst þess að minnast, að kísilgúrverksmiðjan mun verða þess valdandi, að upp rísi verksmiðjuþorp við Mývatn, sem stuðlað gæti að myndun verulegs þéttbýlis, er fram líða stundir. Skilyrði til bæjarmyndunar við Mývatn eru að mörgu leyti ákjósanleg. Mundi slíkur bær vera í þjóðbraut milli

tveggja landsfjórðunga, nærri nægum jarðhita og á einum fegursta stað landsins, sem vafalaust á mikla framtíð sem eftirlætisstaður ferðamanna. Það skiptir því miklu máli, að sú byggð, sem þar rís upp, verði eins fögur og vel skipulögð og hæfir hinu glæsta umhverfi og tækni og kunnáttu þessarar aldar. Vill ríkisstjórnin kappkosta, að svo geti orðið, og hafa um það nána samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélag og aðra aðila.

Annað mál, sem upp kemur í sambandi við stofnsetningu kísilgúrverksmiðju, eru áhrif hennar á þróun vegakerfisins og þarfir hennar í því efni. Í þeim áætlunum, sem hér fylgja á eftir, hefur verið gert ráð fyrir því, að lagður verði nýr vegur frá Mývatni austanverðu til Húsavíkur, er stytti flutningaleiðir verksmiðjunnar mjög verulega. Þetta mál þarf sérstakrar athugunar við, og þarf þá jafnframt að hafa í huga þarfir hinnar nýju byggðar, sem rísa mun í nágrenni verksmiðjunnar. Ríkisstjórnin telur hins vegar eðlilegt, að verksmiðjan njóti um þetta svipaðrar aðstöðu og önnur atvinnufyrirtæki hér á landi, en þau munu yfirleitt ekki hafa þurft að leggja í vegaframkvæmdir af eigin fé. Hér er hins vegar um málefni að ræða, sem kanna þarf frekar en orðið er, en rétt hefur þótt að minna sérstaklega á í sambandi við frumvarp þetta.

Í athugasemdum þeim, sem hér fara á eftir, ásamt fylgiskjölum, er nánari grein gerð fyrir sögu kísilgúrmálsins, einstökum atriðum frumvarpsins og þeim athugunum, sem gerðar hafa verið í sambandi við undirbúning málsins.

Um alllangt skeið hefur verið kunnugt, að leðju þá, sem safnazt hefur fyrir á botni Mývatns og aðallega er leifar af skeljum örsmárra þörunga, sem lifa í vatninu, má að verulegu leyti nýta til framleiðslu á kísilgúr, sem er notaður mjög mikið í nútíma efnaiðnaði.

Í sambandi við rannsókn, sem Baldur Líndal, efnaverkfræðingur, annaðist á vegum raforkumálastjóra á árunum 1950—1953 á nýtingarmöguleikum jarðhitans í Námaskarði við Mývatn, beindist athygli hans að efni þessu og vinnslu þess. Gerði Baldur talsverðar rannsóknir á botnleðjunni og fékk jafnframt gerðar rannsóknir á henni hjá þekktri rannsóknastofnun í Bandaríkjunum, auk þess sem hann kannaði lauslega það magn botnleðju, sem er í Mývatni. Á árunum 1955—1957 gerði Tómas Tryggvason, jarðfræðingur, síðan nánari athuganir á magninu, sem staðfestu, hversu geysistór náma þessi er. Árið 1956 hóf Baldur Líndal tilraunir með vinnslu kísilgúrs úr leðjunni, og hefur þeim tilraunum verið haldið áfram af og til síðan eftir því sem kostur hefur verið.

Árin 1956—1959 komu hingað til lands fjórir þýzkir sérfræðingar í þessu efni á vegum tækniaðstoðar Vestur-Þýzkalands og gáfu skýrslur um rannsóknir sínar.

Eðli málsins samkvæmt hafa athuganir þær, sem að framan er getið, farið fram í samvinnu raforkumálastjóra og Rannsóknaráðs ríkisins.

Á grundvelli framangreindra rannsókna var samin alllöng álitsgerð á vegum Rannsóknaráðs og raforkumálastjóra til glöggvunar á því, hvers vænta mætti af vinnslu kísilgúrs úr Mývatni. Var þessi álitsgerð birt fjölrituð í marz 1961 undir heitinu „Kísilgúrverksmiðja við Mývatn". Þrátt fyrir varlegar áætlanir í mörgu tilliti, er niðurstaða álitsgerðarinnar sú, að líkurnar fyrir, að hér geti orðið um arðbæran iðjurekstur að ræða, séu svo miklar, að ekki megi láta hjá líða að halda rannsóknum áfram.

Meðan frumrannsóknir á kísilgúrnum úr Mývatni stóðu yfir, sendi Baldur Líndal ýmsum aðilum erlendis sýnishorn af gúrnum. Af því leiddi, að áhugi á þessu máli vaknaði hjá hollenzku fyrirtæki, Algemene Industriële, Mineraal- en Ertsmaatschappij (skammst. AIME) í Amsterdam, og sendi það fulltrúa sína hingað til lands vorið 1961 til að kanna málið. Varð niðurstaða þeirra athugana sú, að fyrirtækið lét í ljós ósk um að mega verða aðili að væntanlegri kísilgúrframleiðslu, ef framhald rannsókna á gúrnum gæfi jákvæðar niðurstöður.

Vegna tækniaðstoðar þeirrar, sem þýzka sambandslýðveldið lét í té við rannsókn kísilgúrsins, fylgdist þýzka sendiráðið hér mjög vel með allri framvindu málsins.

Fyrir milligöngu sendiráðsins varð kunnugt um áhuga þýzks fyrirtækis, Oberoher Kieselgurwerke, Unterlüss, Niedersachsen, á þessu máli. Óskaði fyrirtækið að mega fylgjast með málinu og ef svo bæri undir gerast aðili að verksmiðjunni. Síðar lýsti fyrirtæki þetta yfir því, að það hefði ekki lengur áhuga á þátttöku.

Með bréfi, dags. 31. ágúst 1961, setti AIME fram ákveðna ósk um að verða hlut-hafi í væntanlegu félagi um kísilgúrverksmiðju og bauðst jafnframt til að kosta rannsóknir þær, sem gera þyrfti erlendis, áður en ákvarðanir yrðu teknar um bygg-ingu verksmiðjunnar. Jafnframt setti fyrirtækið skilyrði, sem það taldi þurfa að fullnægja af hálfu Íslendinga til að úr slíkri samvinnu yrði. Kom fulltrúi AIME síðan hingað til lands og tóku fulltrúar ríkisstjórnarinnar upp viðræður við hann um málið. Það skal tekið fram, að á meðan á viðræðum þessum stóð hóf AIME sam-vinnu um mál þetta við hollenzkt námafyrirtæki, Billiton, í Haag.

Áður en raktar verða niðurstöður viðræðna við fulltrúa AIME, er nauðsynlegt að gera grein fyrir ástæðunum til þess, að léð hefur verið máls á erlendri hlutdeild í hinum fyrirhugaða iðjurekstri.

Kísilgúrverksmiðjan við Mývatn yrði ekki mjög stórt iðjufyrirtæki, t. d. saman-borið við sementsverksmiðjuna og áburðarverksmiðjuna. Fjárhagslega og tæknilega væri ekki útilokað fyrir Íslendinga eina að reisa verksmiðjuna, enda kæmi erlent lánsfé til. Vandamálið liggur hins vegar í því, að allur kísilgúrinn yrði að seljast úr landi í harðri keppni við gróna keppinauta um markaðinn, andstætt því, sem gegnir að mestu um sement og köfnunarefnisáburð. Þar við bætist hið sérstæða eðli mark-aðsins fyrir kísilgúr. Notkun hans er afar margbreytileg, en sjaldnast notað nema mjög lítið magn hjá hverjum kaupanda, auk þess sem kröfur um gæði og afhend-ingu eru mjög mismunandi. Af þessum ástæðum er sala á kísilgúr mjög mikið starf, sem krefst góðrar skipulagningar og ekki síður traustra viðskiptasambanda, þar eð kísilgúrmarkaðurinn í Evrópu er í höndum tiltölulega fárra en sterkra aðila.

Aðstæður þær, sem lýst hefur verið hér að framan, benda eindregið til, að al-íslenzk kísilgúrverksmiðja, sem sjálf mundi annast sölu gúrsins, mundi mæta miklum söluerfiðleikum.

Fyrirtækið AIME er framleiðslu- og verzlunarfyrirtæki með efnavörur ýmiss konar. Hefur fyrirtækið gott dreifingarkerfi fyrir slíkar vörur og traust viðskipta-sambönd. Samvinna við slíkt fyrirtæki mundi minnka, eins og kostur er á, áhættuna, sem fólgin er í sölutregðu á kísilgúrnum og verður því ekki aðeins talin æskileg, heldur nauðsynleg. Samvinna þessi þykir bezt tryggð með því, að hið erlenda fyrir-tæki hætti sjálft fjármagni í kísilgúrverksmiðjunni.

Í nóvember 1961 gerðu fulltrúar íslenzku ríkisstjórnarinnar því samkomulag við AIME um, að AIME og Billiton létu gera á sinn kostnað umfangsmiklar rann-sóknir á stóru sýnishorni af botnleðju úr Mývatni, sem sent var til Hollands í því skyni. Skyldu rannsóknir þessar unnar hjá þekktri opinberri rannsóknastofnun þar í landi, TNO (Nederlandsche Centrale Organisatie voor Teogepast-Natuurweten-schappelijk Onderzock), og vera bæði tæknileg rannsókn á eðli og eiginleikum gúrsins og rannsókn á markaðsmöguleikum.

Jafnframt var AIME-Billiton heitið hlutafjáreign í hlutafélagi um verksmiðjuna, ef til kæmi.

Samkomulag þetta var uppsegjanlegt af hálfu hvors aðila um sig með 6 mánaða fyrirvara, ef samningar tækjust ekki um stofnun nefnds hlutafélags.

Í október 1962 gáfu markaðsrannsóknir TNO til kynna, að kísilgúr mundi fara halloka á næstu árum í samkeppni við bikstein. Á hinn bóginn voru niðurstöður af tæknilegum rannsóknum TNO jákvæðar svo langt sem þær voru þá komnar.

Vegna þessara nýju viðhorfa TNO til markaðsmálanna töldu AIME og Billiton ekki að svo stöddu koma til greina veruleg fjárfesting af þeirra hálfu í kísilgúrverk-smiðjunni. Að fyrirlagi Billiton sögðu fyrirtækin því upp samkomulaginu frá í nóvember 1961. Jafnframt voru tæknirannsóknir TNO stöðvaðar.

Tæknirannsóknunum var haldið áfram af hálfu Baldurs Líndals og reyndust

niðurstöður þeirra mjög jákvæðar. AIME og hinir íslenzku aðilar gerðu því nýtt samkomulag í apríl 1963 um áframhaldandi samvinnu í máli þessu. Samkvæmt því skyldi íslenzka ríkið standa straum af kostnaði við, að TNO lyki tæknirannsóknum sínum. Jafnframt skyldi AIME gera fullkomna markaðsrannsókn á sinn kostnað. Tæknirannsóknirnar skyldu einkum taka til rannsóknar á tæknilegum möguleikum til framleiðslu síunargúrs úr botnleðju Mývatns, svo og áætlunar á stofnkostnaði kísilgúrverksmiðju við Mývatn og framleiðslukostnaði. Markaðsrannsóknunum var ætlað að beinast ekki hvað sízt að samkeppnishæfni biksteins við kísilgúr. Báðum þessum rannsóknum lauk í desember 1963 með jákvæðum árangri.

Vísast í þessu efni til skýrslu Baldurs Líndals, efnaverkfræðings, í fylgiskjali I, um kísilgúrvinnslu við Mývatn, en þar koma fram niðurstöður Baldurs, AIME, TNO og annarra í máli þessu. Þá er að finna stutta frásögn í fylgiskjali II af rannsóknum AIME og TNO og áætlun um stofnkostnað og framleiðslukostnað kísilgúrverksmiðjunnar í fylgiskjali III.

Til að rekstur kísilgúrverksmiðjunnar geti verið með eðlilegum hætti, þarf að tryggja henni öruggt vegasamband við hlutaðeigandi útflutningshöfn allt árið um kring. Er sérstaklega vikið að þessu vandamáli í fylgiskjali VI.

Á grundvelli afstaðinna rannsókna var hinn 27. febrúar 1964 gert nýtt samkomulag við AIME um að hrinda í framkvæmd á ákveðinn hátt ráðagerðum um stofnun og rekstur kísilgúrverksmiðjunnar, enda fengist til þess nauðsynleg heimild Alþingis. Samkvæmt því skal stofnsett undirbúningsfélag hér í hlutafélagsformi til að láta teikna og undirbúa á annan hátt kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Félaginu er ætlað að leiða til lykta allan tæknilegan, viðskiptalegan og fjárhagslegan undirbúning að byggingu og rekstri verksmiðjunnar með það fyrir augum, að byrjað verði að reisa hana sumarið 1965. Jafnframt mun það gera markaðsmálunum frekari skil. Telji báðir aðilar árangur þessa undirbúnings viðunandi, gerir samkomulagið ráð fyrir stofnun tveggja hlutafélaga, framleiðslufélags og sölufélags.

Framleiðslufyrirtækinu er ætlað að taka við af undirbúningsfélaginu og annast framleiðslu og útflutning kísilgúrsins.

Sölufélaginu er tryggður einkaréttur á sölu kísilgúrsins utan Íslands og er ráðgert að stofna fyrirtæki þetta í Hollandi. Er talið, að hér sé um að ræða hentugasta sölufyrirkomulagið, sbr. athugasemdir við 6. grein frumvarpsins.

Varðandi samkomulag þetta vísast að öðru leyti til fylgiskjals VII, þar sem það birtist í íslenzkri þýðingu, svo og til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Með því að stofnun félags um kísilgúrverksmiðju sýnist nú tímabær, er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi.

Frumvarpinu er ætlað að veita ríkisstjórninni þær heimildir Alþingis, sem henni eru nauðsynlegar til að vinnsla kísilgúrs úr botnleðju Mývatns geti orðið veruleiki.

Um frekari skýringar á frumvarpinu vísast til eftirfarandi athugasemda við einstakar greinar þess:

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rannsóknir hafa leitt í ljós, að úr botnleðju Mývatns sé á arðbæran hátt unnt að framleiða markaðshæfan kísilgúr. Í grein þessari er ríkisstjórninni því falið að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Hlutafélagsformið sýnist vera eina félagsformið, sem til greina komi við reksturinn með hliðsjón af fyrirhugaðri erlendri hlutdeild í fyrirtækinu, sbr. það, sem áður segir um það efni.

Auk þessa eru í 1. gr. veittar heimildir til handa ríkisstjórninni í fimm töluliðum, sem ræddir verða hver fyrir sig.

1. Hér er heimild til hlutafjárframlags af hálfu ríkissjóðs allt að 50 millj. kr.

Samkomulagið við AIME gerir ráð fyrir því, að hlutafé framleiðslufélagsins verði minnst 30 millj. kr. alls. Þar af leggji íslenzka ríkið fram eigi minna en 51%, en mest getur framlag þess orðið 90% samkvæmt samkomulaginu. Á hinn bóginn liggja ekki fyrir endanlegar áætlanir um stofnkostnað verksmiðjunnar. Ætla má samt sem áður, að engan veginn komi til þörf á hærra hlutafjárframlagi af hálfu ríkisins en heimild þessi tekur til.

Tollar af vörum til uppbyggingar verksmiðjunnar, svo og tekjur af sölu eða leigu ríkisins á réttindum til hennar, mundu auðvelda ríkissjóði fjáröflun til greiðslu hlutafjárframlags þess. Telji ríkisstjórnin eftir sem áður nauðsynlegt að dreifa greiðslu hlutafjárframlagsins á lengri tíma, er henni ætluð heimild til lántöku í því skyni.

Enn fremur er gert ráð fyrir, að lántökuheimildin taki til greiðslu undirbúningskostnaðar. Er þá einkum átt við kostnað við að reisa hitaveitu við Námaskarð. Þar sem hitaveitan yrði eign ríkisins, mundi hér vera um að ræða framlag af hálfu ríkissjóðs til greiðslu stofnkostnaðar hitaveitunnar og því vera óviðkomandi ákvæði 1. töluliðs 3. gr., um endurgreiðslu undirbúningskostnaðar.

2. Hér er ríkissjóði heimilað að selja verksmiðjunni hráefni úr kísilgúrnámunni í Mývatni utan netlaga eða leigja hlutafélaginu rétt til að nýta hana.

Um rétt til ráðstöfunar kísilgúrnámunnar vísast til álitsgerðar Ólafs Jóhannessonar, prófessors, sem prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal IV.

Rétt þykir, að ríkisstjórnin hafi óbundnar hendur um, hvort hún lætur sjálf vinna hráefni úr námunni og selur verksmiðjunni eða leigir henni rétt til töku hráefnis úr námunni.

3. Hér er gert ráð fyrir heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kísilgúrverksmiðjunni nauðsynlegt jarðnæði, sem ríkið á eða eignast við eignarnám.

4. Til að sjá kísilgúrverksmiðjunni fyrir jarðhita koma tvær leiðir til greina. Önnur er sú að veita verksmiðjunni ákveðinn rétt til að hagnýta á eigin vegum jarðhitann við Námaskarð. Hin er, að ríkið reisi og reki þar hitaveitu, er selji verksmiðjunni jarðhita. Hér er gert ráð fyrir, að síðarnefnda leiðin sé farin og þar með lagður grundvöllur að sölu á jarðhita til fleiri aðila en verksmiðjunnar.

5. Loks er ríkisstjórninni veitt heimild til að semja um lækkun aðflutningsgjalda af vörum til byggingar verksmiðjunnar.

Athugun hefur leitt í ljós, að miðað við núgildandi reglur, mundu aðflutningsgjöld af innfluttum vörum til byggingar kísilgúrverksmiðju að líkindum hækka heildarbyggingarkostnað verksmiðjunnar um 20% og t. d. nema nál. 41% af fobverði véla, en nál. 11% af heildarverði bygginga og um 26% af heildarverði flutningatækja og námavinnslutækja. Þótt tölur þessar séu áætlunartölur, má telja fullvíst, að þær séu ekki fjarri sanni. Slík tollun vara til stofnsetningar iðjuvera til útflutningsiðnaðar mun naumast nokkurs staðar þekkjast utan Íslands og getur því ráðið úrslitum um samkeppnishæfni iðjuvers, sem reist er hér á landi til framleiðslu á vörum til útflutnings. Endanlegt mat á því, hver greiðslugeta slíks fyrirtækis er í þessu efni, getur hins vegar ekki farið fram, fyrr en endanlegar kostnaðaráætlanir hafa verið gerðar.

Á það er einnig vert að benda í sambandi við samkeppnisaðstöðu kísilgúrverksmiðju við Mývatn, að verksmiðjan verður ekki vel staðsett, við vetrarríki með þeim erfiðleikum, sem því fylgir og langan veg að útflutningshöfn. Auk þess þarf verksmiðjan að þurrka allt hráefni sitt með verulegum kostnaði, meðan erlendar verksmiðjur vinna almennt sitt hráefni mun þurrara úr uppþornuðum stöðuvötnum. Þá er verulegur munur á, hversu vandaðri og þar með dýrari verksmiðjuhús þurfa að vera hér á landi en víðast annars staðar, þar sem kísilgúr er unninn við góð veðurskilyrði.

Vegna þessa er ekki annars kostur en veita heimild til að lækka aðflutningsgjöld af vörum til verksmiðjunnar eins og hér er gert ráð fyrir, eftir því sem nauðsynlegt reynist og um semst.

Um 2. gr.

Ríkisstjórninni er hér heimiluð þátttaka í stofnun undirbúningsfélags í hlutafélagsformi, er annist skipulagningu kísilgúrverksmiðjunnar og annan undirbúning að byggingu hennar og rekstri. Samkomulagið við AIME gerir ráð fyrir stofnun slíks félags, sem framleiðslufélagið samkvæmt 1. gr. taki síðan við af.

Hlutafé undirbúningsfélagsins er ráðgert 10 millj. kr., sem leggst fram með þrem jöfnum greiðslum, þ. e. við stofnun félagsins, 1. júlí 1964 og 1. des. sama ár. Framlagi ríkisins er ætlað að nema 80% hlutafjárins og framlagi AIME 20% þess. Hvor aðili fær endurgreiddan í hlutabréfum þann kostnað, sem lagt hefur verið í vegna undirbúningsrannsókna. Við stofnun framleiðslufélagsins veita hlutabréf í undirbúningsfélaginu rétt til hlutabréfa í hinu nýja félagi að sama nafnverði.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru sett tvö skilyrði í sambandi við stofnun hlutafélags skv. 1. gr. og 2. gr.

1. Þegar ríkissjóður leggur í verulegan kostnað til undirbúnings tilteknu fyrirtæki og annar aðili tekur síðan við, verður að telja eðlilegt, að ríkissjóður krefjist endurgreiðslu undirbúningkostnaðarins eða með öðrum orðum selji undirbúningsvinnuna við kostnaðarverði. Sama máli mundi að sjálfsögðu gegna um aðra þá, sem leggja í undirbúningskostnað.

Því er gert ráð fyrir skilyrði um endurgreiðslu alls útlagðs kostnaðar ríkissjóðs vegna þessa máls.

2. Gert er ráð fyrir nafnskráningu hlutabréfa til að öruggt eftirlit verði haft með hlutafjáreigninni.

Um 4. gr.

Fjöldi stofnenda hlutafélaga skv. 1. gr. og 2. gr. er hér undanþeginn ákvæði hlutafélagalaga um, að þeir megi ekki vera færri en 5. Jafnframt er hér veitt undanþága frá því ákvæði sömu laga um, að slíta beri hlutafélagi verði hluthafar færri en 5.

Þá er ríkinu og hinum erlenda aðila hér veittur réttur til að vera fullgildir aðilar að stofnun hlutafélaganna. Er hér um að ræða undanþágu frá hlutafélagalögunum, sem gera aðeins ráð fyrir því, að einstaklingar geti verið meðal stofnenda.

Íslenzka ríkið og erlendi aðilinn munu tilnefna fulltrúa í stjórn hlutafélaganna. Sem umboðsmenn hluthafa þurfa þeir ekki að fullnægja því skilyrði 1. málsliðs 1. mgr. 32. gr. hlutafélagalaganna, að engan megi kjósa í stjórn hlutafélags, nema hann eigi hlut í félaginu. Á hinn bóginn þarf væntanlega að koma til sérstök undanþága samkvæmt niðurlagi 4. gr. laganna um iðju og iðnað nr. 18 frá 31. maí 1927, til að umboðsmenn erlenda aðilans geti svo gilt sé verið í stjórn hlutafélaganna án þess að eiga heimilisfang hér á landi.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um, að íslenzka ríkið skuli ekki eiga minna en 51% hlutafjár í framleiðslufélaginu og undirbúningsfélaginu. Eðlilegt er, að ríkinu sé þannig tryggður meiri hluti hlutafjárins, þar sem ríkisstjórnin hefur haft veg og vanda af málinu allt frá upphafi og námuréttindin, sem um er að ræða, eru í almenningseign.

Í samkomulaginu við AIME er kveðið svo á, að hlutaféð í framleiðslufélaginu skuli ekki vera minna en kr. 30 millj. Með þessu móti er ætlunin að tryggja traustan fjárhagslegan grundvöll félagsins og hafa erlendar skuldir þess eins lágar og kostur er. Í samkomulaginu er á sama hátt og í frumvarpinu gert ráð fyrir því, að minnst 51% hlutafjárins sé í eigu íslenzka ríkisins, en AIME leggi fram minnst 10% þess og mest 20%. Í hlutafjárframlagi AIME yrði í þessu sambandi meðtalin sú hlutafjáreign, sem hið erlenda sölufélag samkvæmt 6. gr. mundi öðlast í framleiðslufélaginu við hlutabréfaskipti þau, sem samkomulagið við AIME gerir ráð

fyrir, að fari fram milli sölufélagsins og framleiðslufélagsins. Að öðru leyti verði hlutafjárframlagið tryggt með viðbótarframlagi ríkisins eða sölu á hlutabréfum til bæjar- og sveitarfélaga eða annarra aðila hér á landi.

Í 2. mgr. felst undanþága frá því ákvæði hlutafélagalaganna, að enginn megi fara með meira en 1/5 hluta atkvæða í hlutafélagi.

Um 6. gr.

Mikilvægt er, að kísilgúrverksmiðjan hafi sem bezta aðstöðu til að fylgjast með og hafa áhrif á sölu og dreifingu framleiðslunnar erlendis, en eins og áður er komið fram er ráðgerð náin samvinna í þessu efni við erlent fyrirtæki. Talið er, að slík aðstaða verði bezt tryggð með því, að stofnsett verði sérstakt hlutafélag erlendis til að gegna téðu hlutverki og kísilgúrverksmiðjunni tryggð hlutdeild í því. Hér er því gert ráð fyrir heimild til handa kísilgúrfyrirtækinu til kaupa á hlutabréfum í slíku hlutafélagi.

Í samkomulaginu við AIME eru lögð drög að stofnun umrædds sölufélags í Hollandi með hlutafé, er nemi 200 000—400 000 Dfl. (2.4—4.8 millj. kr.). Framleiðslufélaginu er í samkomulaginu tryggður réttur til að eignast allt að 40% hlutafjárins með hlutabréfaskiptum. Jafnframt er því tryggður a. m. k. einn fulltrúi í stjórn sölufélagsins, án tillits til hlutafjáreignar. Þá er framleiðslufélaginu áskilinn forkaupsréttur að þeim hlutabréfum í sölufélaginu, sem AIME kynni að vilja selja síðar meir.

Um 7. gr.

Hér er ríkisstjórninni veitt heimild til að taka jarðnæði og önnur réttindi eignarnámi eftir því sem nauðsyn krefur til að tryggja framkvæmd 1. gr.

Af tveimur ástæðum er ekki unnt að greina ákveðið, hvaða landssvæði og hver réttindi hér er um að ræða. Áætlunum um verksmiðju og hitaveitu er ekki svo langt komið, að unnt sé að tilgreina nákvæmlega hagkvæmustu staðsetningu mannvirkja, auk þess sem ekki er lokið athugun á, hversu víðtæk réttindi ríkissjóðs eru við Mývatn og Námaskarð.

Um 8. gr.

Ef um verður að ræða eignarhlutdeild af hálfu hollenzkra aðila í fyrirhugaðri kísilgúrverksmiðju, rís vandamálið um tvísköttun arðs af hlutafé, sem yrði í þeirra eigu. Tvísköttunarsamningur hefur ekki verið gerður milli Íslands og Hollands, svo að arðurinn yrði að öllu óbreyttu skattlagður hér sem tekjur hinna erlendu eigenda hlutafjárins og síðan aftur í Hollandi.

Slíkt fyrirkomulag um skattgreiðslur mundi útiloka með öllu hlutdeild hinna erlendu aðila í væntanlegu hlutafélagi.

Þessi grein gerir aðallega ráð fyrir því, að gerður verði tvísköttunarsamningur við Holland. Slík samningsgerð tekur alltaf nokkurn tíma. Þar til slíkur samningur er gerður, er því gert ráð fyrir heimild til að haga skatt- og útsvarsgreiðslum af arðgreiðslum til erlendis búsettra hluthafa í samræmi við 10. grein í tillögu að millirikjasamningi um tvísköttun, sem OECD-ráðið samþykkti hinn 30. júlí 1963. Ætla má, að í höfuðatriðum verði tillaga þessi smám saman lögð til grundvallar í tvísköttunarsamningum aðildarríkja OECD. Umrædd grein tillögunnar fjallar um skattlagningu arðs af hlutabréfum og er hún prentuð hér á eftir í íslenzkri þýðingu sem fylgiskjal V.

Um 9. gr.

Hér er ákvæði um, hvaða ráðherrar fari stjórnskipunarlega séð með málefni kísilgúrverksmiðjunnar og hitaveitunnar.

Fylgiskjal I.

Baldur Líndal, efnaverkfræðingur:

Kísilgúrvinnsla við Mývatn.

28. janúar 1964.

Við höfum nefnt hinar ólífrænu leifar kísilþörunga kísilgúr hér á landi. Orðið kísilgúr er dregið af þýzka nafninu á þessu efni, sem er **Kieselgur.** Á ensku er samsvarandi heiti **diatomite** og einnig **diatomaceous earth,** en hið síðarnefnda er meira notað um óunnið eða lítið unnið efni.

Þessar leifar kísilþörunga eru mjög mismunandi lagaðar kísilskeljar, því venjulega er um að ræða margar tegundir af þörungum og hver tegund um sig hefur sína eigin sérkennilegu lögun. Skeljar þessar eru örsmáar og lögun þeirra sést einungis í smásjá, því stærðin er yfirleitt milli eins þúsundasta og 200 þúsundustu úr millimeter. Þær falla til botns í sjó og vötnum og mynda set, sem oft á tíðum finnast síðar á þurru landi sökum breytinga, sem þá hafa átt sér stað á afstöðu láðs og lagar.

Kísilskeljarnar eru nærri hreint kísilhydrat (SiO_2 + kristalvatn), en í námunum er kísilgúrinn alltaf blandaður meiru og minna af aðkomuefnum, svo sem vatni, rótum, sandi, leir, járnsamböndum og jafnvel magnesíum og kalsíum karbónötum. Auk þess er venjulega eitthvað af lífrænu efni eftir á þessum skeljum. Efnið í námunum hefur sem heild verið nefnt kísilmold hér á landi.

Vinnsla kísilgúrs úr kísilmold er að mjög miklu leyti fólgin í að hreinsa aðkomuefnin frá kísilskeljunum, en kísilgúrinn er þó hagnýtanlegur á ýmsum stigum þessarar hreinsunar. Um þrjú megin vinnslustig er þá að ræða.

Í fyrsta stiginu fæst hinn svokallaði náttúrlegi gúr, sem er þurrkað efni og ef til vill eru grófustu óhreinindin, svo sem sandur og rætur numin burtu. Litur gúrsins er þá oft ljósgrár.

Annað stig vinnslunnar gefur hinn glædda kísilgúr, sem hefur verið hitaður að minnsta kosti upp í 600°, og oftast hreinsaður að meira eða minna leyti. Liturinn á gúrnum er þá bleikur.

Þriðja stigið er hinn efnaglæddi gúr, sem hefur verið hitaður upp í 1100° með smávegis íblöndun natríumefna og hreinsaður fullkomlega. Liturinn er þá hvítur.

Yfirleitt er gúrinn því dýrari sem hann er meira unninn og hinn náttúrlegi gúr því venjulega verðlægstur og hinn efnaglæddi hæstur.

Hins vegar er reyndin sú, að það er fremur fátítt að hráefnið sé það gott, að efnaglæðing sé tiltækileg. Algengasta ástæðan er þá sú, að óhreinindin nást ekki burtu á fullnægjandi máta. Flestir framleiðendur verða því að sætta sig við framleiðslu á hinum verðminni tegundum gúrsins. Hinn efnaglæddi kísilgúr er einkanlega notaður við síun á vökvum.

Heimsframleiðslan.

Í hinni víðustu merkingu orðsins kísilmold finnst hún mjög víða, því að kísilþörungar lifa bæði í sjó og fersku vatni og lög af leifum þeirra myndast auðveldlega. Hins vegar eru hinar hagnýtu námur ekki ýkja margar og kemur þar margt til.

Í fyrsta lagi þarf magn gúrsins að vera mikið. Í öðru lagi þurfa aðstæður til vinnslu námunnar að vera góðar. Í þriðja lagi þarf að vera unnt að hreinsa efnið á ódýran hátt og kísilþörungaskeljarnar þurfa að vera af hagnýtri gerð. Gera má ráð fyrir, að heimsframleiðslan nemi nú 1 millj. tonna á ári. Þar af framleiða Bandaríkin um það bil helming, og helztu Evrópulönd sem hér segir árið 1962: Frakkland (+ Tripoli) 110 000 tonn, Þýzkaland 72 000 tonn, Danmörk 33 000 tonn („moler" undansk.), Ítalía 55 000 tonn og Bretlandseyjar 24 900 tonn. Mörg önnur lönd framleiða eitthvað af kísilgúr, en öruggar skýslur eru ekki fyrir hendi frá þeim öllum.

Bandaríkin virðast hafa staðið einna fremst í kísilgúrframleiðslu um nokkurt skeið, og var notkun kísilgúrs þar á eftirfarandi hátt árið 1960:

Í síun	48%
Sem fylliefni	25%
Einangrun	5%
Ýmislegt	22%

Í Evrópu eru þessi hlutföll mikið önnur, og er einangrunar- og fylliefnanotkunin mikilvægari þættir þar, en síunarefnaþátturinn er mun minni, enda er þar skortur á efni, sem hæft sé til efnaglæðingar.

Botnleðja Mývatns.

Mývatn mun vera um 38 km² að stærð og í miklum hluta þess hefur reynzt vera þykk botnleðja, sem er kísilmold. Mælingar hafa bent til þess, að þykktin sé víðast meira en 3 metrar og á stórum svæðum meira en 4 metrar. Þykktarmælingarnar eru þó of fáar til þess að unnt sé að gera nákvæma grein fyrir heildarmagninu, en þó má ætla, að það sé nálægt 100 millj. rúmmetrum. Þar að auki á sér stað nokkur aukning árlega, en hve mikil hún er, er ekki vitað með neinni vissu.

Nú munu 100—150 kg af fullunnum kísilgúr víðast hvar fást úr einum rúmmetra af leðjunni í Mývatni, svo að þá ættu 100 millj. rúmmetrar að samsvara 10—15 millj. tonnum af fullunnum kísilgúr. Þótt við gerðum ráð fyrir, að aðeins 15% af þessu magni væri gott til námugraftar, sem er án efa of lág tala, væri það samt nægilegt magn fyrir 50 000 tonna verksmiðju í 30—45 ár. Það er því enginn efi á því, að nægilegt magn af kísilgúr er þarna fyrir hendi, enda mun Mývatnsnáman sem heild vera á meðal þeirra stærri, sem þekktar eru.

Hráefnið í Mývatni er gott til framleiðslu á efnaglæddum gúr og ætti framleiðsla þarna því að geta bætt nokkuð úr skorti þeim, sem á þess konar gúr er í Evrópu. Tilraunir með að nota efnið við síun hafa gefið góða raun.

Vinnsla við Mývatn.

Þar sem kísilgúrleðjan í Mývatni er óvenjulega vatnsmikil, miðað við það, sem kísilmold unnin annars staðar er vön að vera, er gert ráð fyrir að taka hana upp úr vatninu með sem minnstri vatnsíblöndun. Með það fyrir augum er fyrirhugað að nota sérstaklega gerðan grabba við gröftinn. Við flutning leðjunnar í land má annað hvort nota pramma eða flot-færibönd. Í seinna tilfellinu má knýja tækin með raforku. Nú er fyrirhugað að byrja leðjunámið í hinum svonefnda Ytri-Flóa í Mývatni, en það er sá hluti vatnsins, sem næstur er Reykjahlíð.

Næsta skref vinnslunnar er að nema burtu vatnið. Jafnvel þótt engin íblöndun eigi sér stað, nemur það um 80% af þunga hráefnisins. Ríflega einn þriðja hluta þessa vatns má nema burtu með síun jafnt sem þurrkun. Við síunina er líka um það að velja að nota vélræna síun eða náttúrlega síun, þar sem vatnið væri látið síga úr leðjunni í stæði á þurru landi. Þessi síðar nefnda aðferð mun vera ódýrari og heppilegri á flestan hátt. Því er nú gert ráð fyrir að koma upp slíku stæði sem næst Mývatni. Í svona stæði þarf leðjan að standa í um það bil eitt ár, áður en frekari vinnsla fer fram. Að því loknu er gert ráð fyrir að flytja efnið að verksmiðjunni, sem nú er fyrirhuguð í Bjarnarflagi við Námaskarð,

Það, sem nú er eftir af vatni í hráefninu, verður að nema burtu með þurrkun. Við þann hluta vinnslunnar er fyrirhugað að nota gufu, sem þarna má fá úr jörðu.

Næsta skrefið er hreinsun lífrænna efna úr gúrnum. Þau eru brennd úr með því að hita efnið upp í um 600°. Þá er sandur og smærri ólífræn efni skilin frá, sem venja er til, og hinn lág-glæddi gúr er þá fenginn.

Hinn efna-glæddi gúr fæst nú með hitun upp í 1000—1100°, ásamt efnaíblöndun. Þetta fer fram í olíukyntum snúningsofni og kemur gúrinn þaðan sem hvítt efni, sem síðan er stærðargreint og sekkjað. Það er einungis þessi efnaglæddi gúr, sem fyrirhugað er að framleiða við Mývatn í bili, og er hann nær einvörðungu ætlaður í síun.

Fylgiskjal II.

Frásögn af rannsóknum AIME og TNO.

Í apríl 1963 gerðu fulltrúar íslenzku ríkisstjórnarinnar og hollenzka fyrirtækið Algemene Industriële Mineraal- en Ertsmaatschappij (skammst. AIME) samkomulag um frekari samvinnu við undirbúning kísilgúrframleiðslu við Mývatn. Samkvæmt því skyldi AIME gera rannsókn á sinn kostnað á markaði fyrir íslenzkan kísilgúr. Þá skyldi hollenzka rannsóknarstofnunin Nederlandsche Centrale Organisatie voor Teogepast-Naturwetenschappelijk Onderzock (skammst. TNO) rannsaka á kostnað íslenzka ríkisins eiginleika hráefnisins úr Mývatni til kísilgúrvinnslu og endurskoða áætlun um framleiðslukostnað.

Markaðsrannsóknir AIME.

Í árslok 1962 þótti líklegt, að í náinni framtíð mundi biksteinn (perlite) leggja undir sig þó nokkurn hluta síunarefnamarkaðsins og hafa áhrif á verð síunargúrs til lækkunar. Með markaðsrannsókn AIME var því ekki hvað sízt ætlað að kanna til fullnustu samkeppnisaðstöðu biksteins gagnvart kísilgúr.

Í stórum dráttum voru niðurstöður rannsóknarinnar þessar:

1. Öruggt má telja, að notkun síunargúrs í Evrópu sé í örum vexti.
2. Horfur eru á hækkandi markaðsverði á síunargúr í Evrópu.
3. Fullvíst má telja, að biksteinn og síunargúr hafi haslað sér völl hvor á sínu notkunarsviði og notkun beggja muni þróast í vaxandi mæli, án þess að áhrif annars til lækkunar á verði hins gæti svo miklu nemi.
4. Álitið er, að unnt sé að selja minnst 12 000 tonn af íslenzkum síunargúr í Evrópu á ári, án þess að það valdi verðlækkun á markaðnum.

Tæknirannsóknir TNO.

Rannsóknirnar hófust í júní 1963, samkvæmt ósk stóriðjunefndar, og snerust um tæknilega möguleika til framleiðslu á kísilgúr úr botnleðju Mývatns. Rannsóknir TNO höfðu þá legið niðri síðan í september 1962. Í millitíðinni vann Baldur Líndal að tilraunum á þessu sviði. Beindust þær einkum að tvennu. Í fyrsta lagi að því að hreinsa gúrinn sem bezt með því að ná úr honum öskunni með þar til gerðu hreinsunartæki. Í öðru lagi að þeim þáttum glæðingarinnar á gúrnum, sem haft gætu áhrif á gæði hins fullunna gúrs. Árangur þessara tilrauna réttlættu áframhald þeirra af hálfu TNO í stærri stíl.

Helztu niðurstöður rannsókna TNO voru þessar:

1. Tilraunir sýna, að unnt er að framleiða síunargúr úr botnleðju Mývatns, sem er fyllilega sambærilegur við þann bandaríska hvað gæði snertir.
2. Með því að nýta 100 000 tonn af botnleðju á ári (80% vatn) má framleiða 11 500 tonn af síunargúr af ýmsum tegundum.

Í áætlun þeirri um stofnkostnað og reksturskostnað kísilgúrverksmiðjunnar, sem birtist í fylgiskjali III, er m. a. stuðst við niðurstöður rannsókna TNO í því efni.

Fylgiskjal III.

5. febrúar 1964.

Stofnkostnaður, framleiðslukostnaður og arðgjöf.

Gerðar hafa verið áætlanir um stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Er hér um að ræða bráðabirgðaáætlanir, sem gerðar voru upphaflega af hollenzku rannsóknarstofnuninni TNO, en hafa síðan verið endurskoðaðar og auknar m. a. með tilliti til aðstæðna hér á landi, einkum af Baldri Líndal, efnaverkfræðingi. Miðast áætlanirnar við, að í verksmiðjunni megi framleiða 11 500 tonn af síunargúr á ári. Er það lítil verksmiðja a. m. k. miðað við aðstæður í Bandaríkjunum, þar sem lágmarksstærð slíkra verksmiðja er talin vera 35 000 tonn. Allt

hefur að svo stöddu mælt með því, að miða ekki við stærri verksmiðju hér í byrjun en 11 500 tonn, þótt sum tæki, sem miðað er við í áætlununum hafi þrefalt meiri afkastagetu þegar frá byrjun.

Bráðabirgðaáætlun um stofnfjárþörf bendir til þess, að hún nemi um 130 milljónum króna. Er þar innifalið, auk stofnkostnaðar hinnar eiginlegu verksmiðju, graftrartæki, flutningatæki vegna flutninga á hráefni til verksmiðju og fullunnum vörum til hafnar, afurðageymslur bæði við verksmiðjuna og við höfn, skrifstofu- og mötuneytisbygging og þrjú íbúðarhús. Aðflutningsgjöld af innfluttum vélum og efni eru meðtalin. Auk þessa er meðtalinn rannsóknar- og undirbúningskostnaður og loks nokkur upphæð vegna rekstrarfjár, sem leggja þarf til í upphafi. Hins vegar hefur ekki þótt eðlilegt að innifela fé til vegalagna í þessari áætlun, enda þótt þeirra verði vafalaust þörf.

Fast starfslið verksmiðjunnar er áætlað 50—60 manns. Enn fremur er gert ráð fyrir talsvert auknu starfsliði að sumri til og að sjálfsögðu ná þessar tölur ekki til útskipunarvinnu og ýmiss konar þjónustu, sem óhjákvæmileg er slíkri framleiðslu sem þessari.

Í áætlun um rekstrarkostnað verksmiðjunnar er gert ráð fyrir, að öll framleiðslan verði flutt út. Bráðabirgðatölur um rekstrarkostnað benda til þess, að beinn rekstrarkostnaður, að meðtöldum flutningskostnaði til erlendrar hafnar, en án vaxta og afskrifta, nemi um 32 millj. kr. á ári miðað við fulla nýtingu afkastagetu. Nú mun mega gera ráð fyrir, að verksmiðjan fái kr. 4000—5000 fyrir tonnið komið í erlenda höfn. Hærra verðið er nálægt því að vera það verð, sem nú er á kísilgúr af svipuðum gæðum og gert er ráð fyrir að framleiða megi við Mývatn, en lægra verðið er það lægsta, sem eðlilegt er talið að reikna með nú. Samkvæmt ofangreindum forsendum og miðað við fulla nýtingu afkastagetu verður því rekstrarafgangur upp í vexti, afskriftir og ágóða sem hér segir:

	M. kr.
Beinn rekstrarkostnaður	32.1
1. Söluandvirði 4000 kr. á tonn	46.0
Afgangur upp í vexti, afskriftir og ágóða ..... eða ca. 11% af stofnkostnaði.	13.9
2. Söluandvirði 5000 kr. á tonn	57.5
Afgangur upp í vexti, afskriftir og ágóða ..... eða ca. 20% af stofnkostnaði.	25.4

Ef aðflutningsgjöld eru felld niður að mestu og stofnkostnaður lækkar í 110 millj. kr., verður afgangur upp í vexti og afborganir og ágóða sem hér segir:

Miðað við 4000 kr. verð á tonn	12.6%
Miðað við 5000 kr. verð á tonn	23.1%

Gerð hefur verið áætlun um arðgjöf fjármagns þess, sem í verksmiðjuna væri lagt, eftir nokkru flóknari forsendum og þá m. a. gert ráð fyrir, að nokkur ár taki að ná fullri nýtingu afkastagetu. Í fyrsta lagi er áætluð arðgjöf eigin fjár verksmiðjunnar miðuð við, að hún hæfi rekstur með 55 millj. kr. eigin fé. Í öðru lagi var áætluð arðgjöf heildarfjármagnsins, sem í verksmiðjuna væri lagt, að frátöldum aðflutningsgjöldum af vélum og efni og nokkrum stofnkostnaðarliðum öðrum, en arðgjöf heildarfjármagnsins þannig reiknuð er nokkur mælikvarði á þjóðhagslega hagkvæmni verksmiðjunnar. Niðurstöðurnar eru þessar:

a. Söluandvirði 4000 kr. á tonn:	
Arðgjöf eigin fjárins	1%
Arðgjöf heildarfjármagnsins	7%

b. Söluandvirði 5000 kr. á tonn:
Arðgjöf eigin fjárins 16%
Arðgjöf heildarfjármagnsins 17%

Ekki hefur hér verið tekið tillit til þess, að unnt væri að stækka verksmiðjuna á hagkvæman hátt, ef sölumöguleikar og söluverð leyfa.

Framangreindir útreikningar hafa einkum verið byggðir á eftirfarandi skýrslum, sem Baldur Líndal, efnaverkfræðingur, hefur samið með aðstoð Rögnvaldar Þorlákssonar, byggingarverkfræðings, og í samvinnu við þá Jakob Gíslason, raforkumálastjóra og Steingrím Hermannsson, framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins:

1. Stofnkostnaður kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

(Bráðabirgðaáætlun.)

Grundvöllur: Framleiðsla 11 500 tonna af síunargúr á ári.

		M. kr.
Hráefnaöflun:		
a. Graftrar- og aðfærslutæki	14.0	
b. Bryggja í Helgavogi	0.3	
		14.3
Undirbúningsmeðferð:		
a. Garður og sigflöt	2.1	
b. Vegagerð o. fl.	0.7	
c. Flutningatæki	2.0	
		4.8
Verksmiðjan í Bjarnarflagi:		
a. Vélar	42.8	
b. Byggingar fyrir vélar	5.6	
c. Geymsla fyrir unna vöru	4.8	
d. Skrifst., mötun. o. fl.	2.2	
		55.4
Íbúðarhús		3.0
Heimtaugargjald		1.0
Gufutengigjald		3.0
Húsavíkurflutningskerfið:		
a. Flutningabílar	1.7	
b. Geymsla og útskipunartæki, Húsavík ..	7.8	
		9.5
		91.0
Ýmiss og ófyrirséður kostnaður 15%		13.7
		104.7
Verkfræðikostnaður 5%		5.2
		109.9
Vextir á byggingatíma 7%		7.7
		117.6
Rannsókna- og undirbúningskostnaður		3.0
Rekstrarfé		10.0
Stofnkostnaður samtals		130.6

2. Beinn rekstrarkostnaður 11 500 tonna kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

		M. kr.
Hráefnaöflun, beinn kostnaður		0.5
Orkugjafar:		
a. Raforka	1.6	
b. Jarðgufa	2.0	
c. Olía	1.3	
		4.9
Rekstrarefni:		
a. Pappírspokar	3.6	
b. Salt	1.0	
c. Efni til viðh. + varahl. í verksm.	1.0	
d. Annað	0.2	
		5.8
Vinnulaun í verksmiðju:		
a. Stjórn, eftirl. og skrifstofukostn.	1.3	
b. Laun í verksmiðju	4.3	
c. Annað	0.6	
		6.2
Flutningskostnaður, beinn:		
a. Við verksmiðju	0.7	
b. Til Húsavíkur	1.3	
c. Óviss útgjöld við flutn. til Húsavíkur	0.8	
d. Móttaka og útsk., Húsavík	0.9	
		3.7
Hafnargj. á Húsavík o. fl.		0.4
Flutningur til útlanda		6.9
Ýmiss kostnaður		3.7
Samtals millj. kr.		32.1

3. Sundurliðun framleiðslukostnaðar í verðmyndunarþætti.

Grundv.: 7% vextir og endingartími véla og mannvirkja.

	Kr. tonn	%
1. Hráefnisöflun	241	6.4
2. Sig og flutn. að verksmiðju	122	3.2
3. Vinnsla í verksmiðju	1831	48.6
4. Umbúðir (pokar)	345	9.2
5. Verksmiðjugeymsla	45	1.2
6. Flutningur til Húsavíkur	228	6.1
7. Móttaka og geymsla Húsavík	95	2.5
8. Útskipun	103	2.7
9. Farmgjöld	660	17.5
10. Ótalinn kostnaður	99	2.6
Samtals kr. C.I.F.	3769	100%

Fylgiskjal IV.

Álitsgerð Ólafs Jóhannessonar, prófessors.

Reykjavík, 2. október 1961.

Ég hef verið beðinn að láta í ljós álit mitt á því, hvernig háttað sé eignarrétti að kísilgúr á botni Mývatns.

Eignarréttur á kísilgúrnum er efalaust bundinn við eignarréttinn að vatnsbotninum. Sú spurning, sem hér þarf raunverulega að leysa úr, er því sú, hver eigi rétt til vatnsbotnsins.

Í 4. gr. vatnalaganna nr. 15/1923 segir: „Nú liggur landareign að stöðuvatni, og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka, er hann verður talinn framhald af 115 metra út í vatn (netlög)". Samkvæmt þessu lagaákvæði tilheyra netlögin, þ. e. 115 metrar frá vatnsbakka, aðliggjandi landareign — eru hluti þeirrar fasteignar. Til fasteignar teljast allir eðlilegir hlutar hennar, hvort sem eru lífrænir eða ólífrænir, jafnt jarðargróður sem sandur, möl, leir, vatn o. s. fv. Um eignarrétt að kísilgúr þeim, sem fyrir finnst í netlögum, er því enginn vafi. Hann tilheyrir jörð þeirri, sem netlög fylgja, og er eign jarðareiganda með sama hætti og önnur jarðargæði.

Hins vegar getur orðið spurning um, hvernig háttað sé eignarrétti að vatnsbotni í almenningi stöðuvatna, þ. e. á svæðinu utan netlaga einstakra jarða. Um það efni eru ekki bein lagafyrirmæli. Hins vegar eru í lögum ákvæði um veiði og veiðirétt í almenningi stöðuvatna. Í 8. gr. l. nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði, segir: „Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins, og er hún þeim öllum jafnheimil. Sé forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis. — Nú hefur dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanförnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis. — Rétt er að skipta veiði þeirri, er um ræðir í þessari grein, eftir 4. gr. — Nú er fiskræktarfélag stofnað við stöðuvatn, og hverfur þá veiðiréttur til þeirra einna, er félagar eru í fiskræktarfélaginu, enda starfi félagið svo sem fyrir er mælt í samþykkt þess."

Í 5. gr. l. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, segir svo: „Landeigendum, sem land eiga að stöðuvatni, eru einum heimilaðar fuglaveiðar í almenningi vatns, og eru þær þeim öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess, að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landeignum, skal sú venja gilda eftirleiðis."

Í þessum tveim síðast nefndu lögum er aðeins um að ræða rétt til veiði. Þar er eigi kveðið á um rétt til vatnsbotnsins og þess, er honum fylgir. Spurningin er nú sú, hverjar ályktanir verði dregnar af framangreindum ákvæðum vatnalaga og veiðilaga um það úrlausnarefni, sem hér liggur fyrir. Hér er tvennt hugsanlegt, annaðhvort að ályktа frá þeim e contrario, sem kallað er, eða lögjafna frá ákvæðunum um veiðirétt. Sé fyrrnefnda leiðin valin, er litið á ákvæðin um veiðirétt í almenningi stöðuvatns sem undantekningarákvæði, og fyrirmælin um netlög sem algerlega tæmandi að því er tekur til réttar strandareiganda til vatnsbotnsins. Væri síðarnefndi skilningurinn aftur á móti talinn leyfilegur, væru ákvæðin um veiðirétt talin bera vitni um meginreglu þess efnis, að almenningur stöðuvatns, með gögnum öllum og gæðum, þar með talinn vatnsbotn, sé í óskiptri sameign þeirra, er land eiga að stöðuvatni, nema önnur lögmæt skipan hafi þar á verið gerð. Hér verður að kanna, hvort hægt sé að finna, hver tilgangur löggjafans hafi verið, og hvernig litið hafi verið á þessi mál, þegar ákvæði vatnalaganna um netlög voru lögfest, en áður voru ekki bein ákvæði um netlög í stöðuvötnum.

Vatnalögin eru byggð á frumvörpum fossanefndarinnar svokölluðu, en hún skiptist í meiri og minni hluta, sem kunnugt er, og skilaði hvor nefndarhluti frumvarpi og áliti.

Í ritgerð Einars Arnórssonar: Um vatnsréttindi, er fylgdi áliti meiri hluta fossanefndarinnar (Guðm. Björnssonar, Bjarna Jónssonar og J. Þorlákssonar), segir m. a. um þetta svo: „en af þessum ákvæðum (þ. e. ákvæðum um netlög í sjó) verður ekkert leitt um eignarrétt að vatnsbotni stöðuvatna. Í samþykkt einni, sem gerð hefur verið um silungsveiði í Þingvallavatni, með heimild í lögum nr. 55 30. júlí 1909, segir, að landeigendur eigi „veiðirétt" út í mitt vatnið (Stjt. B 1911). Svo er

talað um það, ef ágreiningur verður milli „veiðieigenda um mörkin í vatninu." Hér er sýnilega einungis verið að skera úr því, hversu hver megi veiða langt út í vatnið, en eigi því, hver eigi vatnsbotn. Og þar sem samþykktin segir fyrst, að hverri jörð, sem land á að vatninu, fylgi „veiðiréttur", mætti ef til vill ályktа, að gert væri ráð fyrir því, að vatnsbotninn fylgdi jörðunum ekki. Það er og alkunnugt, að notendur jarða, sem að veiðivatni liggja, hafa veitt í vatninu, hvar sem þeim hefur sýnzt, og í sumum veiðivötnum hefur verið almenning frá fornu fari, t. d. Mývatni (bréf í Dipl. Isl. VI. nr. 105, 1477). Virðist því, að helzt megi ætla, að landi fylgi eigi af vatnsbotni stöðuvatna, nema sem svarar netlögum í sjó. Löggjafarvaldið hefur að minnsta kosti frjálsar hendur í því efni (Svo hefur landbúnaðarnefndin frá 4. nóv. 1870 og litið á, sbr. skýrslu hennar, Rvík 1877, bls. 5 — meiri og minni hluta frv.). (Einar Arnórsson: Um vatnsréttindi, bls. 24.).

4. greinin í frumvarpi meiri hluta fossanefndarinnar var að efni til nær samhljóða 4. gr. núgildandi vatnalaga, sem áður er rakin. Í athugasemdum við 4. gr. frv. segir meiri hlutinn: „Í lögum vorum segir hvergi, hversu fara skuli um eignarrétt að botni stöðuvatna. Hins vegar eru ákvæði um það, hversu langt í sjó út landeigandi skuli eiga (netlög). Eru það eftir gildandi lögum 60 faðmar miðað við stórstraumsfjörumál, tilsk. 20. júní 1849, 3. gr. og l. 39 2. júní 1914, 2. gr. Er eigi kunnugt, að skapazt hafi neinar fastar reglur um eignarrétt landeiganda að vatnsbotni, og virðist löggjafinn því almennt hafa frjálsar hendur um það efni. Er þá þrennt til, 1. að landeigandi eigi ekkert af vatnsbotninum, 2. að hann eigi hann allan eða, ef stöðuvatn skilur lönd manna, þá eigi hver að miðdepli botns þess, eða 3. að landeigandi eigi ákveðið belti meðfram landi sínu. Síðasta reglan er í samræmi við ákvæðin um netlög í sjó fram, og hefur meiri hlutinn hallast að þeirri reglu, og ákveðið netlög í vatni 115 metra, sem er rúmir 60 faðmar."

1. mgr. í frumvarpi minni hluta fossanefndarinnar (G. Eggerz og Sv. Ólafsson) hljóðaði svo: „Nú liggja tvær eða fleiri landareignir að stöðuvatni, og eiga þær þá allar, hver út frá sér, jafn langt fram í vatnið, þó eigi lengra en 115 metra, en sé þá umfram af vatninu, er það almenningur, nema svo sé, að veiði í því heyri undir sérstakar jarðir eða sérstakar sveitir eftir fornri venju eða löglegum samþykktum."

Í athugasemdum minni hlutans við 4. gr. frumvarpsins segir: „Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar Rb. kap. 61, bls. 169, voru netlög utast „er selnót stendur grunn XX möskva djúpt af fjöru ok komi þá flár upp or sjá." En með tilsk. um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 3. gr. eru netlög ákveðin 60 faðmar á haf út frá stórstraumsfjörumáli, sbr. einnig lög 2. nóvember 1914 um beitutekju.

Þessi ákvæði viðkomandi hafinu vill minnihlutinn nota um stöðuvötn svo, að landareignum, er að þeim liggja, fylgi land og vatn 60 faðma eða 115 metra út í vatnið, þannig að þetta belti verði skoðað sem einn hluti landareignarinnar. Raunar er hér að því leyti vikið frá ákvæðum Jónsbókar, sem dýpra vatn á stundum fylgir landinu en eftir þeim. Hins vegar eru Jónsbókarákvæðin eftir eðli sínu nokkuð óákveðin. Minnihlutinn telur ekki varhugavert að lögfesta þessa reglu, en vill hins vegar ekki fara eins langt og gert er að því, er til veiðiréttar kemur í samþykkt um silungsveiði í Þingvallavatni, staðfestri af Stjórnarráði Íslands 29. ágúst 1911, en þar er kveðið svo á í 1. gr., að hver jörð, sem land á að Þingvallavatni, eigi veiðirétt í því fyrir sínu landi út í mitt vatnið til móts við ábúanda.

Minnihlutanum hefur hins vegar þótt rétt að telja þann hluta vatnsins almenning, eða ríkiseign, sem liggur fyrir utan vatnsbelti landareignanna, þó með þeim takmörkunum, er réttmætar kunna að þykja vegna veiðiréttarins. Um önnur afnot mun naumast að ræða."

Tekið er fram, að greinin sé aðallega sniðin eftir 10. gr. í frumvarpi meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar frá 1877. Ennfremur er tekið fram, að Sv. Ólafsson hafi nokkra sérstöðu. Vildi hann, að landeigandi ætti ætið út á 8 metra dýpi.

Frumvarp að vatnalögunum náði eigi fram að ganga fyrr en það hafði verið lagt fram fimm sinnum. Var af ríkisstjórnarinnar hálfu sett saman frumvarp, þar sem frumvörpum meiri og minni hluta var steypt saman og nokkrar breytingar gerðar, sem hér er annars eigi ástæða til að rekja.

Með frumvarpi því, sem lagt var fram á Alþingi 1921, fylgdu athugasemdir frá ríkisstjórninni. Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins, sem var samhljóða 4. gr. núgildandi vatnalaga, sem ákveður netlögin, og til hefur verið vitnað hér að framan, segir svo: „Það virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að lögleiða það, að landi fylgi ekki vatnsbotn eða vatnsréttindi lengra út í stöðuvatn en nú er út í sjó, gildandi lögum samkvæmt, sjá tilsk. 20. júní 1849, 3. gr. og lög nr. 39 2. nóv. 1914, 2. gr., enda hefur fossanefndin öll orðið á það sátt."

Í 126. gr. þessa frumvarps að vatnalögunum var svo mælt: „Í stöðuvatni er öllum veiði heimil fyrir utan netlög, nema forn venja banni, enda sé landi annarra ekki spillt, né það notað til uppsáturs eða til að koma þar fyrir veiðigögnum eða öðru slíku." Í athugasemdum stjórnarinnar við þessa frumvarpsgrein segir: „Hvorki í fornum lögum né nýjum er nokkur regla um það, hversu langt landeigandi eigi út í botn stöðuvatns. Ef vatn er merkivatn, og allsstaðar mjórra en 230 metrar, fer um það sem merkivötn eftir 124. gr. En ef vatn er annað hvort ekki merkivatn eða breiðara en sagt var, þá er ekki lögmælt um réttindi landeigenda. Af fyrirmælum 120. gr. 1. liðs, leiðir ákvæði 1. liðs þessarar greinar um veiðiréttinn í netlögum. Netlög í sjó eftir gildandi reglum eru hér tekin til fyrirmyndar um vötn, eins og landbúnaðarnefndin frá 1870 og gerði, sjá 10.—13. gr. frv. meiri hl. þeirrar nefndar. Vera kynni, að forn venja heimili eigendum að landi við vatn einum veiði í því, og er þá sleginn varnagli í grein þessari að því leyti. Sbr. og samþykkt um silungsveiði í Þingvallavatni 29. ágúst 1911, 1. gr., sem trauðla mun þó bindandi um veiðirétt landeiganda eins, hver sem er í því vatni.

Samkvæmt framanskráðu er eigi vafasamt, hvað fyrir löggjafanum hefur að þessu leyti vakað við setningu vatnalaganna. Það er alveg ljóst og óumdeilanlegt, að það var sjónarmið höfunda vatnalaganna, að almenningur stöðuvatns, þar með talinn vatnsbotninn, væri ríkiseign. Á það sjónarmið féllst löggjafinn, og eru ákvæði vatnalaganna ótvírætt á því byggð. Samkvæmt því virðist niðurstaðan hér hljóta að verða sú, — hvort sem mönnum finnst sú niðurstaða eðlileg eða ekki, og hvort sem skilningur höfunda vatnalaganna á eldri löggjöf var að þessu leyti í raun og veru réttur eða ekki — að yfir almenningi stöðuvatns eigi strandareigendur ekki annan rétt en þann, sem löggjöfin á hverjum tíma sérstaklega heimilar þeim eða þeir kunna að hafa öðlast með langri notkun. Er og ljóst, þegar athuguð eru og rakin ákvæðin um veiðirétt í almenningum stöðuvatna, að löggjafinn hefur talið sig geta skipað þeim málum að vild sinni — veitt þeim réttindin, er hann vildi.

Í vatnalagafrumvörpum fossanefndarinnar voru ekki ákvæði um veiðiréttindi almennt. Inn í það frumvarp, er Einar Arnórsson að tilhlutan ríkisstjórnarinnar tók saman úr frumvörpum meiri og minni hlutans, og lagt var fyrir Alþingi 1921, var hins vegar skotið inn nýjum kafla um það efni, er síðar varð 13. kafli laganna. Hefur hér að framan verið vikið að einni greininni í þeim kafla, 126. gr., og athugasemdum við hana. Samkvæmt frumvarpsgreininni var aðalreglan sú, að öllum, alveg án tillits til búsetu, væri heimil veiði í almenningi stöðuvatns. Er þáverandi atvinnumálaráðherra, Pétur Jónsson, fylgdi frumvarpinu úr hlaði, mælti hann meðal annars: „Ég vil benda á eina viðbót eða atriði, sem vantaði í bæði frumvörp fossanefndarinnar, sem sé almenn ákvæði um veiðirétt í vötnum, þar á meðal um eignarrétt á veiði í stöðuvötnum. Eldri ákvæði í lögum eru tekin hér upp, en ákvæði um eign á veiði í stöðuvötnum hefur vantað áður og lögfræðinga greint á um það, t. d. hvort ákvæðin um straumvötn gildi einnig um stöðuvötn. Þetta nýja ákvæði er nú sett í samræmi við samhljóða álit fossanefndarinnar um eignarrétt á vatnsbotni; enn fremur gamlar venjur við eitt helzta veiðivatn landsins, Mývatn. At-

hugasemd í jarðabók Árna Magnússonar frá 1712, þar sem almenningur er talinn í Mývatni, ber vott um þetta.

Sömuleiðis vil ég benda hv. nefnd á þá spurningu, hve almenningsrétturinn eigi að ná langt, hvort heldur til alls landsins, eða t. d. aðeins til sveitarfélaga þeirra, sem lönd eiga að vatninu.“

Við umræðu þessa um málið sagði Bjarni Jónsson m. a.: „Það gladdi mig, að hann (ráðh.) er okkur í nefndinni sammála um netlögin, enda getur það atriði varla verið vafa bundið.“

Hér umræddu frumvarpsákvæði var síðan breytt með hliðsjón af ábendingu Péturs Jónssonar. Varð 1. mgr. 126. gr. vatnalaganna svohljóðandi: „Veiði í almenningi stöðuvatna eiga sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatninu, nema forn venja banni.“

Með lögunum um lax- og silungsveiði nr. 61/1932 var 13. kafli vatnalaganna felldur úr gildi, en ákvæði hans tekin upp í veiðilögin, þó með ýmsum breytingum. Í stað 126. gr. vatnalaganna kom þá 8. gr. veiðilaganna, sem er samhljóða 8. gr. í núgildandi lögum um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957, en hún er birt hér að framan. Þá var lögfest sú aðalregla, að þeir einir skyldu eiga veiðirétt í almenningi stöðuvatns, sem land eiga að vatninu. Var þar með um leið tekinn rétturinn af öðrum sveitarmönnum, sem höfðu haft hann eftir vatnalögunum, án þess að nokkrar bætur kæmu þar til greina.

Frumvarpið að lögum nr. 61/1932 var samið af nefnd, er í áttu sæti þeir Ólafur Lárusson, Pálmi Hannesson og Jörundur Brynjólfsson. Í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins sagði meðal annars svo: „Greinin svarar til 126. gr. vtl. með allmiklum breytingum þó. Veiði í almenningum stöðuvatna hér á landi hefur sumsstaðar frá fornu fari fylgt landeignum þeim, er að vatninu liggja, þannig að miðlína vatnsins hefur ráðið veiðimörkum. 126. gr. vtl. lét slíkar venjur haldast og sama er gert í þessu frumvarpi, sbr. niðurl. 1. mgr. Hins vegar leiddu vtl. það nýmæli í lög, að þar sem ekki var um slíka venju að ræða, skyldu sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatninu, eiga veiði í almenningi þess. Þessari reglu telur nefndin rétt að breyta. Það verður ekki séð, að það sé að neinu leyti eðlilgt eða sanngjarnt að láta réttinn til veiði í almenningi vatns fara eftir hreppaskiptingunni; þvert á móti er það í sumum tilfellum næsta óeðlilegt.“

Með skírskotun til alls þess, er að framan greinir, verður svar mitt við þeirri spurningu, sem hér er til athugunar, þetta: Kísilgúr í netlögum tilheyrir þeirri jörð, er netlög fylgja. Vatnsbotn í stöðuvötnum utan netlaga er almenningur landsmanna allra — er ríkiseign. Kísilgúr á vatnsbotni utan netlaga er því eign þjóðarheildarinnar, sem löggjafinn getur ráðstafað að vild sinni. Getur löggjafinn því einnig að sjálfsögðu veitt landeigendum eða öðrum rétt til kísilgúrsins. Valdi kísilgúrtaka í almenningi netlagaeigendum eða veiðiréttarhöfum í vatninu tjóni, eiga þeir auðvitað rétt á fullum bótum.

Ólafur Jóhannesson (sign.)

Fylgiskjal V.

10. gr. í tillögu Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) frá 30. júlí 1963, um skattlagningu arðs af hlutabréfum.

1. Arður, sem greiddur er af fyrirtæki, sem á heimili í öðru aðildarríkjanna, til aðila, sem búsettur er í hinu aðildarríkinu, má skattleggjast í síðarnefnda ríkinu.
2. Engu að síður hefur það aðildarríki, sem fyrirtækið er heimilisfast í, heimild til að skattleggja slíkan arð samkvæmt sínum eigin lögum, en skatturinn, sem það leggur á, má ekki fara fram úr:
   a) 5% af brúttó-upphæð arðsins, ef móttakandi arðsins er félag (annað en sameignarfélag), sem á að minnsta kosti 25% af hlutafé félagsins, sem greiðir arðinn.

b) 15% af brúttó-upphæð arðsins í öllum öðrum tilfellum.

Þar til bær stjórnarvöld beggja ríkjanna skulu koma sér saman um á hvern hátt þessum takmörkunum er beitt.

Þessi málsgrein skal ekki hafa áhrif á skattlagningu félagsins að því er varðar hagnað þann, sem arðurinn er greiddur af.

3. Orðið „arður“ táknar, að því er tekur til greinar þessarar, tekjur af hlutareign í hlutafélagi, samlagshlutafélagi eða öðru félagi með takmarkaðri ábyrgð, tekjur af námuhlutabréfum, hlutdeildarskuldabréfum og öðrum kröfum, sem ekki teljast skuldakröfur, en veita rétt til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur af annarri félagshlutdeild, sem jafna má til arðs af hlutabréfum samkvæmt skattalögum þess ríkis, sem félagið, er úthlutar arðinum, er heimilisfast í.
4. Ákvæði 1. og 2. málsgreinar skulu ekki gilda, ef móttakandi arðsins, sem er heimilisfastur í öðru aðildarríkjanna, hefur fasta atvinnustöð í hinu ríkinu, sem félagið, er úthlutar arðinum, er heimilisfast í og hlutareignin, sem arðurinn er greiddur af, er í raunverulegum tengslum við atvinnustöðina. Í slíku tilviki skulu ákvæði 7. greinar gilda.
5. Þegar félag, sem á heimili í öðru aðildarríkjanna, fær hagnað eða tekjur frá hinu aðildarríkinu, má síðarnefnda ríkið ekki leggja skatt á arðsúthlutun félagsins til aðila, sem ekki er heimilisfastur í því, eða skattleggja óúthlutaðan hagnað félagsins, enda þótt hinn úthlutaði arður eða óúthlutaði ágóði eigi, að öllu eða einhverju leyti, rót sína að rekja til hagnaðar eða tekna, sem þar hafa orðið til.

Fylgiskjal VI.

Vegamálastjóri:

Flutningaleiðir fyrir kísilgúr.

Við athugun á flutningaleiðum fyrir kísilgúr frá Reykjahlíð í Mývatnssveit til Húsavíkur hafa tvær leiðir sérstaklega þótt koma til greina.

Leið 1.

Leið þessi miðast við að nota núverandi þjóðvegi til flutninganna og þá fyrst og fremst Norðurlandsveg frá Reykjahlíð að Einarsstöðum (47 km) og Þingeyjarsýslubraut þaðan til Húsavíkur (39 km). Þessi leið er öll aðalleið, Norðurlandsvegurinn til Austfjarða, en Þingeyjarsýslubrautin til Húsavíkur og Norðausturlands. Undanfarin ár hafa um 22 km af henni verið endurbyggðir, en endurbyggja þarf enn um 50 km og laga langan kafla, svo að hún verði fær að vetrar- og vorlagi.

Áætla má, að það kosti um 15 millj. króna.

Alls er leið þessi 86 km löng.

Leið 2.


Þessi leið miðast við að gera flutningaleiðina sem allra skemmsta og þá gert ráð fyrir, að frá Grímsstöðum í Mývatnssveit verði lagður nýr vegur niður í Reykjahverfi, en þaðan farið eftir þjóðvegi til Húsavíkur, svo og á leiðinni milli Reykjahlíðar og Grímsstaða.

Áætlað er, að nýbyggingin, sem er á 25 km löngum kafla, kosti um 9.3 millj. króna, en lagfæring og endurbygging þjóðvegakaflanna um 6 millj. kr.

Alls er þessi leið 56 km löng.

Við val á leið kemur því fyrst og fremst til álita, hvort lækkun flutningskostnaðar á styttri leiðinni vegur upp á móti auknum kostnaði við vegagerð og vegaviðhald, þar sem leið 1 yrði endurbyggð hvort sem hún yrði notuð til kísilgúrflutninga eða ekki, vegna þeirrar þýðingar, sem hún hefur fyrir samgöngur á Norðurlandi.

Reikna má með, að eftirtaldir vegakaflar yrðu endurbyggðir og lagaðir á kostnað ríkisins (sjá kort).


Flutningaleiðir fyrir kísilgúr
Leið 1: AFGDE
AF = 22 km
FG = 25 —
GD = 30 —
DE = 9 —
86 km
Leið 2: ABCDE
AB = 4 km
BC = 25 —
CD = 18 —
DE = 9 —
56 km
Skjálfandi
Húsavík
E
Laxamýri
D
Reykjahverfi
Fljótsheiði
G
Geitafell
Laxá
C
B
A
Grímsstaðir
Reykjahlíð
Mývatn
Reykjadalsá
F
= = = : Fyrirhuguð ný leið um Hólasand = Leið 2, BC = 25 km

Leið 1: Öll leiðin AD, DE hefur þegar verið endurbyggð.
Leið 2: CD 18 km og síðar meir AB, 4 km.

Á leið 1 yrði allt sumarviðhald, ca. 6000 kr. á km, greitt af ríkisfé og vetrarviðhald allt á helming leiðarinnar, en að hálfu á hinum helming hennar. Ef kísilgúrverksmiðjan greiddi þann hluta að hálfu móti ríkinu má áætla, að hennar hluti yrði um 325 þús. kr.

Á leið 2 mundi ríkið greiða sumarviðhald á 31 km, en verksmiðjan á 25 km vegalengd, en vetrarviðhald má áætla að skiptist þannig, að ríkið greiði allan kostnað á leiðinni Húsavík, Laxamýri og til helminga á öðrum þjóðvegum, sem eru samtals 22 km, en að verksmiðjan greiði snjómokstur á leiðinni um Hólasand, 25 km, og hálfan kostnað á 22 km löngum þjóðvegum.

Samkvæmt þessu bæri kísilgúrverksmiðjan eftirfarandi kostnað, eftir því hvaða leið yrði farin:

Á leið 1.

Hálfan kostnað af vetrarviðhaldi á ca. 43 km leið: $43 \times 15 \times ½ = 325$ þús. kr. á ári. Hér er viðhaldskostnaður reiknaður 15 þús. kr. á ári á km, sem er mun hærri tala en venjulega er reiknað með, enda miðað við, að til að kísilgúrflutningar geti gengið greitt og reglulega, þurfi mun meira vetrarviðhald en nú tíðkast. Að öðrum kosti er ekki hægt að reikna með eins lágum flutningskostnaði pr. tonn km og gert er.

Á leið 2.

Verksmiðjan þarf að bera kostnað af lagningu 25 km vegar, **9.3 millj. kr.**	
Auk þess sumarviðhald 6 þús. kr. á km af 25 km leið	150 þús. kr. á ári
Vetrarviðhald á 25 km leið, 25×15	375 — — — —
Hálft vetrarviðhald á 22 km leið, $22 \times 15 \times ½$	165 — — — —
Alls	690 þús. kr. á ári

Kostnaður við leið 2 umfram leið 1 er því:
Stofnkostnaður 9.3 millj. kr., rekstrarkostnaður $690 - 325 = 365$ þús. kr. á ári.
Ef reiknað er með að afskrifa stofnkostnaðinn á 20 árum með 6% vöxtum, samsvarar það árlegri greiðslu að upphæð kr. $9.3 \times 0.0872 = 0.81$ millj. kr. Verður því verksmiðjan að bera árlegan kostnað sem svarar $810 + 365 = 1\,175$ þús. kr. á ári við það að fara leið 2 í stað leiðar 1.

Hagnaður verksmiðjunnar af að fara leið 2 í stað leiðar 1, sem kemur fram í lægri flutningskostnaði á 30 km styttri leið, verður samkv. áætlun Baldurs Líndals, verkfræðings:

	Minnst	Mest	Meðaltal
1966	200 þús.	600 þús.	400 þús.
1967	500 —	1100 —	800 —
1968	860 —	1200 —	1000 —
1969	1100 —	1400 —	1250 —
1970	1250 —	1450 —	1350 —
1971	1350 —	1700 —	1550 —
1972	1450 —	2100 —	1750 —
1973	1550 —	2600 —	2050 —
1974	1700 —	3100 —	2400 —
1975	1750 —	3600 —	2700 —

Reiknað er með meiri háttar stækkun í fyrsta lagi 1971, en í síðasta lagi 1974.

Séu þessar tölur bornar saman sést, að ef flutningur verksmiðjunnar verður eins og hann er áætlaður hæstur, vegur hagnaður útgjöld upp á árinu 1968, en miðað við minnst flutningsmagn á árinu 1970.

Fylgiskjal VII.

Samkomulag við AIME.

Samkomulag þetta var gert 27. febrúar 1964 milli stóriðjunefndar og fulltrúa AIME, sem þá voru staddir í Reykjavík. Það hefur síðan verið staðfest af AIME og ríkisstjórn Íslands. Staðfestingin var að sjálfsögðu með þeim fyrirvara, að Alþingi veitti nauðsynlega lagaheimild til að framkvæma samkomulagið.

Ríkisstjórn Íslands og AIME eru sammála um, að niðurstöður tæknilegra rannsókna, svo og rannsókna um markaðsmöguleika, sem framkvæmdar voru á árinu 1963, séu nægilega jákvæðar til þess að réttlæta stofnun undirbúnings-hlutafélags, er annist endanlega skipulagningu og annan undirbúning að byggingu kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Báðir aðilar eru sammála um að stofna hlutafélag í þessum tilgangi svo fljótt sem auðið er að því tilskyldu, að Alþingi samþykki nauðsynleg lög í því skyni. Einnig hafa aðilar komið sér saman um eftirfarandi atriði varðandi skipulag hlutafélags þessa:

1. Íslenzka ríkisstjórnin skal eiga 80% af hlutabréfum í félaginu og AIME 20%.
2. Hlutaféð í félaginu skal nema 10 milljónum íslenzkra króna. Hvor aðili um sig skal fá afhent hlutabréf án endurgjalds að upphæð, sem jafngildir þeim kostnaði, er þeir hafa staðið straum af fram að þessu til undirbúnings kísilgúrvinnslunni. Það, sem þá er eftir að leggja fram af hlutafénu, skal greitt með þremur jöfnum afborgunum, svo sem hér segir:
   1) Þegar hlutafélagið er stofnað.
   2) Hinn 1. júlí 1964.
   3) Hinn 1. desember 1964.
3. Stjórn undirbúningshlutafélagsins, sem stofnað verður til bráðabirgða, skal skipuð fimm mönnum, og skal einn þeirra vera fulltrúi AIME.
4. Tilgangur þessa hlutafélags skal vera sá að ljúka öllum undirbúningi, bæði að því er varðar tækniatriði, viðskiptamál og fjármál, að byggingu og rekstri kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn. Skal stefnt að því að hefja byggingarframkvæmdir sumarið 1965.
5. Félagið skal annast rannsóknir á kísilgúrmarkaðnum til að ganga úr skugga um, hvert sé líklegt markaðsverð og sölumagn. Hlutafjárframlag AIME í reiðufé skal lagt til hliðar til greiðslu á þeim kostnaði, sem til fellur vegna þessara rannsókna í Hollandi.

Þegar lokið er framangreindum undirbúningi með þeim árangri, sem báðir aðilar telja viðunandi, skal stofnað til tveggja félaga, framleiðslufélags og sölufélags, á þann hátt sem hér greinir:

1. Kísilgúrfélagið við Mývatn.

Félag þetta skal vera framleiðslufélag, er starfi á Íslandi að framleiðslu kísilgúr síunarefna og flytji þau til Rotterdam eða annarra geymslustöðva sölufélagsins.

Kísilgúrfélagið við Mývatn skal taka við af undirbúnings-hlutafélagi því, sem stofnað verður til bráðabirgða, og skal hver hluthafi í hinu síðar nefnda félagi fá afhent hlutabréf í hinu nýja félagi, sem að nafnverði samsvari hlutabréfaeign þeirra í undirbúningsfélaginu.

Heildarhlutafé í kísilgúrfélaginu við Mývatn skal minnst nema 30 milljónum íslenzkra króna. Þar af skal hlutafjárframlag íslenzku ríkisstjórnarinnar nema minnst 51%, en AIME skal leggja fram eigi minna en 10% og eigi meira en 20% hlutafjárins. Þau 29—39%, sem þá eru eftir, skal íslenzka ríkið annað hvort sjálft leggja fram, eða selja tilsvarandi hlutabréf bæjar- og sveitarfélögum eða öðrum aðilum á Íslandi.

AIME er tryggður einn fulltrúi í stjórn kísilgúrfélagsins við Mývatn.

2. Sölufélagið.

Hlutafélag þetta skal eitt hafa rétt til þess að selja framleiðslu kísilgúrfélagsins við Mývatn utan Íslands. Félagið skal hafa aðsetur í Hollandi, og skal hlutafé þess nema 200 000 til 400 000 hollenzkum flórínum.

Með skiptum á hlutabréfum skal kísilgúrfélagið við Mývatn eiga rétt á því að eignast allt að því 40% af hlutafé sölufélagsins, og skal því tryggt að eiga að minnsta kosti einn fulltrúa í stjórn sölufélagsins.

Ef AIME skyldi síðar óska þess að selja hlutafjáreign sína í sölufélaginu, skal kísilgúrfélagið við Mývatn eiga forkaupsrétt að þeim hlutabréfum.

Félögin tvö skulu gera með sér samkomulag, er tryggi sanngjarna skiptingu hagnaðar milli félaganna.

Íslendingum skal veitt tækifæri til að starfa í sölufélaginu til að tryggja beztu hugsanlega samvinnu milli félaganna beggja og til þess að Íslendingar geti öðlast reynslu í sölustarfinu.

Nd. 426. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar vill vísa því til ríkisstjórnarinnar og skilar um það séráliti. Undirritaðir, sem eru minni hluti nefndarinnar, leggja til, að frumvarpið verði samþykkt.

Svo sem fram kemur í greinargerð fyrir frumvarpi þessu, virðist augljóst, að brýna nauðsyn beri til að reisa sem allra fyrst nýjan menntaskóla í Reykjavík. Í menntaskóla Reykjavíkur eru nú rúmlega 900 nemendur, og er húsnæði skólans fyrir þann fjölda nemenda mjög ábótavant.

Það er álit margra skólamanna, að menntaskólar ættu ekki að hafa fleiri en 500—600 nemendur. Miðað við þann nemendafjölda gætu tveir menntaskólar verið fullsetnir í Reykjavík innan eins til tveggja ára. Sjá því allir, að brýna nauðsyn ber til að setja nú þegar löggjöf um nýjan menntaskóla í Reykjavík til að mæta þeim stóraukna nemendafjölda, er hlýtur í hraðvaxandi mæli að sækja um menntaskólanám í hinni ört vaxandi höfuðborg og fjölmennum byggðum í nágrenni hennar.

Breyttir þjóðfélagshættir stórauka þörfina á sérmenntuðu fólki til starfs í margvíslegum greinum. Þess vegna má ekki dragast úr hömlu, að hafizt verði handa um byggingu nýs menntaskóla í Reykjavík, ef vísindi og tæknimenntun eiga að geta blómgazt og orðið sá hornsteinn, sem atvinnuvegir þjóðarinnar og öll framtíðaruppbygging verður að vera reist á.

Þá er ekki nema sjálfsagt, að heimildum þeim, sem verið hafa í gildi í lögum til starfrækslu menntaskóla á Akureyri og á Laugarvatni og notaðar hafa verið fyrir löngu, verði breytt í það form, er ástandið, sem nú ríkir og ríkt hefur, gefur tilefni til.

Þar sem sérfrumvörp um menntaskóla fyrir Vestfirði og Austurland hafa verið lögð fyrir neðri deild, vísar minni hlutinn til nefndarálita, er fyrir liggja um þá menntaskóla.

Alþingi, 3. apríl 1964.

Óskar Jónsson, frsm. Sigurvin Einarsson.

Nd. **427. Frumvarp til laga** [202. mál]

um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

I. KAFLI
Holl og góð vinnuskilyrði.

1. gr.

Húsakynnum vinnustaðar skal ávallt haldið vel hreinum. Atvinnurekanda ber skylda til að sjá um, að hita- og rakastig andrúmslofts sé hæfilegt og loft án ryks, óþefs, reyks, svo og án óheilnæmra lofttegunda eða gufu.

Umferð um vinnustað sé hindrunarlaus og örugg. Lýsing skal vera góð og nægilegt loftrými á vinnustað, hvort tveggja þannig, að heilbrigðiskröfum sé örugglega fullnægt.

Á vinnustað eða í námunda við hann skal ávallt vera heilnæmt og gott drykkjarvatn, einnig nægilegt þvottavatn, svo og hæfileg tala salerna.

Upphituð og vistleg kaffistofa (matstofa) af hæfilegri stærð skal jafnan vera á vinnustað.

Þá skal á vinnustað hverjum vera aðstaða til að veita „hjálp í viðlögum", þegar slys eða sjúkdóma ber að höndum.

Nú fullnægir vinnustaður eigi skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisútbúnað og er heilbrigðisyfirvöldum og öryggiseftirliti þá heimilt að láta loka vinnustaðnum, ef ekki fæst úr bætt. Starfsmenn skulu í hvívetna gæta reglusemi og vandaðs og góðs hátternis á vinnustað.

II. KAFLI
Vinnutími og vinnutilhögun.

2. gr.

Almennur vinnutími er á tímabilinu kl. 8 til kl. 17. Vinna milli kl. 17 og 20 telst eftirvinna, nema öðruvísi sé ákveðið í stéttarfélagasamningi, og vinna milli kl. 20 og kl. 8 árdegis telst næturvinna, og má þá ekki vinna nema með leyfi viðkomandi stéttarfélags.

3. gr.

Maður, sem lokið hefur 8 stunda vinnudegi, er ekki skyldur til að vinna aukavinnu. Samfelldur hvíldartími verkamanns má aldrei vera skemmri en 9 klst. á sólarhring, og fjöldi yfirvinnu- og næturvinnutíma má aldrei fara fram úr 24 á viku. Sé um ákvæðisvinnu að ræða, má fjöldi yfirvinnu- og næturvinnustunda, eða aukavinnu, ef um vaktavinnu er að ræða, ekki fara fram úr 2 á dag og eigi fram úr 6 á viku. Með samþykki viðkomandi stéttarfélags má þó vinna í ákvæðisvinnu allt að 24 klst. í yfir- og næturvinnu á viku, ef um er að ræða björgun verðmæta frá skemmdum eða störf, sem almannaheill krefst, að unnin séu.

4. gr.

Stéttarfélag getur þó gert kjarasamning um, að unnið skuli að nóttu til, og einnig má í slíkum samningum ákveða vaktaskipan og setja önnur ákvæði um skiptingu vinnutímans í samræmi við eðli starfs og aðstæður.

5. gr.

Vinnuhvíld skal vera frá kl. 18 daginn fyrir sunnu- eða helgidag og til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag.

Á aðfangadag jóla, gamlársdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal vinnuhvíld vera frá kl. 15 til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag.

6. gr.

Um bráðnauðsynlega vinnu á sunnu- og helgidögum skal gera samning eða afla undanþágu viðkomandi stéttarfélags.

7. gr.

Vikulegur frídagur skal jafnan, ef því verður við komið, vera á sunnudegi.

Starfsmaður, sem unnið hefur sunnu- eða helgidagavinnu, skal jafnan eiga frí næsta sunnu- eða helgidagssólarhring.

8. gr.

Almennur vinnutími starfsmanna má ekki vera lengri en 8 stundir á sólarhring og ekki lengri en 48 stundir á viku.

9. gr.

Á næstu 5 árum skal almennur vinnutími á viku styttast árlega um eina klukkustund án skerðingar heildartekna, þannig, að almenn vinnuvika sé eigi lengri en 43 stundir að þessum 5 árum liðnum.

10. gr.

Almennt deilist vinnutíminn á 6 daga í viku, en leyfilegt skal vera að gera samning við stéttarfélag um skiptingu á færri daga.

11. gr.

Við vinnu, sem unnin er að nóttu til og á sunnu- og helgidögum, skal hin almenna vinnuvika eigi vera lengri en 45 stundir.

12. gr.

Nú er unnið samfellt í námu eða jarðgöngum, og má vinnuvika þá ekki lengri vera en 40 stundir. Til vinnutíma telst einnig ferðatími í námu eða jarðgöngum.

III. KAFLI

Sérstök ákvæði um vinnu kvenna.

13. gr.

Konu skal vera heimilt að vera fjarverandi frá vinnu fyrstu 6 vikur. eftir að hún hefur alið barn. Hún getur og krafizt að mega vera fjarverandi allt að sex vikum í viðbót og þannig, að fjarvera sé að öllu leyti eða að hluta fyrir eða eftir fæðingu.

14. gr.

Krefjast má vottorðs frá lækni eða ljósmóður um, hvenær fæðing sé væntanleg. Tilkynna verður atvinnurekanda um fjarveru fyrir fæðingu með eigi skemmri en þriggja daga fyrirvara.

15. gr.

Ef kona sýnir með læknisvottorði, að hún þjáist af sjúkdómi, sem er afleiðing af þungun eða fæðingu, getur hún krafizt að mega vera fjarverandi frá vinnu umfram það, sem áður segir, allt að sex vikum fyrir eða eftir fæðingu.

16. gr.

Konu, sem er fjarverandi frá vinnu samkv. ákvæðum 13.—15. gr., má ekki segja upp starfi, þegar atvinnurekanda er ljóst, að fjarvera hennar er af þessum ástæðum, eða hún tilkynnir honum án tafar, að þessi er ástæðan fyrir fjarveru

hennar. Hafi henni þegar verið sagt upp miðað við dag, er fellur innan ramma þess tímabils, sem getið er um í 13. gr., er uppsögnin gild, en uppsagnarfrestur lengist sem tímabilinu nemur.

Hafi vinnuráðning átt sér stað fyrir ákveðna, tímabundna vinnu, skal ákvæði þessarar greinar ekki beitt, þegar vinnunni er lokið, áður en konan mætir aftur til vinnu.

17. gr.

Kona, sem hefur barn sitt á brjósti, getur krafizt frítíma, sem hún þarf vegna þess, og eigi skemur en hálfa stund tvisvar sinnum á dag.

IV. KAFLI

Sérstök ákvæði um vinnuvernd barna og unglinga.

18. gr.

a. Barn er skv. lögum þessum sérhver sá, sem er ekki fullra 14 ára að aldri.
b. Unglingur er samkvæmt lögum þessum sérhver sá, sem er á aldrinum 14—16 ára.

19. gr.

Börn má ekki ráða til innivinnu í vinnustofum, verkstæðum né verksmiðjum, og eigi heldur til vinnu við útskipun eða uppskipun á vörum.

20. gr.

Alger hámarksvinnutími barna er hálfur ævialdur þeirra, þ. e. 6—7 stundir á dag.

Átta stunda vinnutímabil skulu jafnan annast tveir vinnuhópar barna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

21. gr.

Unglingar mega ekki annast gæzlu gufukatla eða véla, sem útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu.

22. gr.

Börn og unglinga má ekki ráða til neinnar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis er á nokkurn hátt hættuleg heilsu þeirra eða þroska.

23. gr.

Hámarksvinnutími unglinga skal vera 8 klst. á dag án undantekninga. Öll vinna barna og unglinga, frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori, er óheimil. Til vinnu í þessu sambandi telst blaðburður, sala blaða og tímarita og sendisveinastörf.

24. gr.

Atvinnurekandi skal halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hann hefur í vinnu, og er skylt að afhenda viðkomandi verkalýðsfélagi, svo og heilbrigðis- og skólayfirvöldum, slíka skrá, ef krafizt er.

V. KAFLI

Um greiðslu vinnulauna o. fl.

25. gr.

Vinnulaun skal ávallt greiða í gjaldgengu reiðufé, nema samið hafi verið um greiðslu með tékka, bankaávísun eða „gíró“. Greiðsla vinnulauna skal fara fram á eða við vinnustað í vinnutímanum.

26. gr.

Hafi verið samið um tíma-, dag- eða vikukaup, skal greiðsla fara fram ekki sjaldnar en einu sinni í viku.

Fyrir ákvæðisvinnu má fresta uppgjöri, unz verkefni er lokið, en þó skal í viku hverri greiða hæfilega fyrirframgreiðslu fyrir þá vinnu, sem innt hefur verið af hendi. Annan uppgjörstíma má og ákveða með sérstökum samningi.

Greiðslur til starfsmanna á mánaðar- eða árskaupi skulu fram fara ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði, ef ekki hefur verið um annað samið skriflega.

27. gr.

Engan launafrádrátt má framkvæma án skriflegs samnings, nema heimilað sé í lögum eða um sé að ræða stéttarfélagsgjöld, útsvör eða innborganir í tryggingasjóði eða sjúkrasamlög með staðfestri reglugerð.

Þegar laun eru greidd, eða strax á eftir, getur starfsmaður krafizt skriflegs yfirlits yfir upphæð launa, hvernig þau eru reiknuð, og frádrátt, ef einhver er. Skulu fullnægjandi kvittanir ávallt fylgja um sérhvern launafrádrátt.

VI. KAFLI

Uppsagnarfrestir.

28. gr.

1. Ef um annað er ekki gerður skriflegur samningur, eða um það ákvæði í kjarasamningi, lögum eða reglugerð, gildir eftirfarandi:
   a. Fyrir starfsmenn, sem hafa tíma-, dag-, viku- eða ákvæðiskaup, er uppsagnarfrestur aldrei skemmri en 14 dagar.
   b. Fyrir starfsmenn, sem taka mánaðar- eða árskaup, er uppsagnarfrestur aldrei skemmri en einn mánuður, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

   Ákvæði þessi gilda ekki um starfsmenn, sem ráðnir eru til ákveðins reynslutíma eða til þess að framkvæma ákveðna vinnu, sem tímabundin er. Ef við annað verður ekki ráðið af aðstæðum, má rifta slíkri ráðningu, þótt reynslutíma sé ekki lokið, eða áður en hinu ákveðna verki er lokið, með eins dags fyrirvara.
2. Starfsmaður, sem verið hefur samfleytt 4 ár í þjónustu sama fyrirtækis, eða atvinnurekanda, eftir 21 árs aldur, hefur a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfrest, talinn frá lokum almanaksmánaðar.
3. Uppsagnarfrestur er hinn sami fyrir báða aðila. Uppsögn skal ávallt vera skrifleg.

29. gr.

Atvinnurekandi er skaðabótaskyldur, ef starfsmaður, sem unnið hefur samfleytt í 2 ár eftir 21 árs aldur hjá sama atvinnurekanda eða fyrirtæki, verður að víkja úr starfi vegna uppsagnar, nema réttmætar ástæður séu tilgreindar fyrir uppsögninni.

Nú hefur starfsmanni verið ólöglega sagt upp starfi skv. 1. málsgrein þessarar greinar, og má þá dæma atvinnurekanda samkvæmt kröfu starfsmanns, sem látið hefur af starfi, til þess að ráða hann aftur til starfa í fyrirtækinu í sömu stöðu, eða stöðu, sem svarar til þeirrar, er hann hafði. Dómstólar ákveða, að hve miklu leyti starfsmaðurinn skuli einnig fá bætur fyrir þann tíma, sem hann var sviptur starfi hjá fyrirtækinu.

Bætur geta numið allt að hálfum síðustu árslaunum starfsmannsins hjá fyrirtækinu, ef hann hefur starfað þar eigi skemur en 5 ár samfleytt.

Hafi starfsmaður starfað hjá fyrirtækinu eigi skemur en 10 ár samfleytt eftir 21 árs aldur, geta bætur þó numið launum síðasta árs hjá fyrirtækinu. Hafi starfsmaður á sama hátt starfað hjá fyrirtækinu í 20 ár, geta bætur numið launum starfsmannsins hjá fyrirtækinu undanfarin 3 ár.

Mál gegn atvinnurekanda skal höfða innan tveggja mánaða frá móttöku skriflegrar uppsagnar, þar sem tilgreindur er málsóknarfrestur. Ef uppsögn er einungis munnleg, skal málsóknarfrestur vera 3 mánuðir.

30. gr.

1. Starfsmanni, sem starfað hefur full tvö ár samfleytt hjá sama atvinnurekanda eða fyrirtæki, og verður að vera fjarverandi vegna slyss eða sjúkdóms, má ekki segja upp starfi af þeim sökum fyrstu 3 mánuði, eftir að hann varð óvinnufær, nema hann hafi slasazt eða sýkzt af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, eða hann hafi vísvitandi þagað yfir sjúkdómi, þegar hann var ráðinn.
2. Hafi starfsmaður starfað eigi skemur en 10 ár samfleytt hjá sama atvinnurekanda, skal uppsögn óheimil, þótt starfsmaður sé óvinnufær allt að einu ári samfleytt.

31. gr.

Nú hefur dregið úr starfsgetu starfsmanns vegna slyss eða sjúkdóms, og ber atvinnurekanda þá að leitast við að finna honum starf hjá fyrirtækinu, er hentar hæfni hans og heilsu, e. t. v. að lokinni nauðsynlegri þjálfun.

VII. KAFLI
Refsiákvæði.

32. gr.

Liggi ekki við strangari refsingar samkvæmt almennum hegningarlögum, skal atvinnurekandi, eða eigandi fyrirtækis, sæta sektum, ef hann:

1. Brýtur ákvæði laganna um tryggingu heilbrigðra og öruggra vinnuskilyrða.
2. Brýtur ákvæði laganna eða fyrirmæli um nætur-, sunnu- eða helgidagavinnu, eða brýtur reglur um lengd vinnutíma eða um hvíldartíma eða sérvernd kvenna, barna og unglinga.
3. Lætur hjá líða að birta fyrirskipaðar tilkynningar eða halda þær skrár, sem fyrirskipaðar eru í lögunum.
4. Brýtur ákvæði um uppsagnarfresti, greiðslu vinnulauna, uppgjör við starfsmenn, eða gerist sekur um brot á öðrum ákvæðum laga þessara.

33. gr.

Foreldrar og aðstandendur, sem láta börn framkvæma vinnu, sem brýtur í bág við lög þessi, skulu sæta sektum.

34. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal almennt farið að hætti opinberra mála.

35. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laganna, eftir því, sem ástæða þykir til.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

36. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1965, og eru þá öll eldri lagaákvæði, sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga og veita starfsmanni naumari rétt, jafnframt úr gildi fallin.

Greinargerð.

Engin almenn vinnuverndarlöggjöf er til hér á landi, en með sívaxandi fjölbreytni atvinnuhátta er orðið bráðnauðsynlegt, að slík löggjöf verði sett. Lögin

um öryggisráðstafanir á vinnustöðum frá 1952 grípa að vísu inn á þetta svið, en eru allt of takmörkuð. Þá fjalla lögin um greiðslu verkkaups frá 19. maí 1930 einnig um sama efni og V. kafli þessa frumvarps. En að öðru leyti er frumvarp þetta að mestu frumsmíð í íslenzkri löggjöf, enda er við samningu þess höfð allnáin hliðsjón af almennri vinnuverndarlöggjöf nágrannalandanna. — Skal það fúslega játað, að margt getur orkað tvímælis í slíkri löggjöf, og er flutningsmaður þá að sjálfsögðu til viðræðu um hugsanlegar breytingar á sérhverju því í frumvarpinu, sem betur mætti fara.

Um I. kafla.

Frumvarpið er í átta köflum. Fyrsti kaflinn er um holl og góð vinnuskilyrði á vinnustað. Í honum er ekki að neinu ráði fjallað um öryggisbúnað vinnustaðar, þar sem þeirri hlið málsins eru gerð allgóð skil í gildandi lögum, þ. e. lögunum frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Skýlaust ákvæði er í þessum kafla um, að loka megi vinnustað, ef hann fullnægi ekki skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisbúnað,

Um II. kafla.

Annar kafli frumvarpsins fjallar um vinnutíma og hvíldartíma.

Þó að 8 stunda vinnudagur sé fyrir löngu viðurkenndur hér á landi með samningum stéttarfélaga og atvinnurekenda, eru engin ákvæði til í gildandi lögum um 8 stunda vinnudag. 8 stunda vinnudagurinn hefur þannig ekki enn þá verið lögfestur hér á landi. Það mundi hins vegar gert, ef frumvarp þetta yrði að lögum.

Í 2 gr. segir, að almennur vinnudagur skuli vera frá kl. 8 árdegis til kl. 17, og er þá gert ráð fyrir einnar stundar miðdegishvíld.

Í 3. gr. segir, að maður, sem lokið hafi 8 stunda vinnudegi, sé engum skyldum háður um að bæta á sig aukavinnu. Í sömu grein segir, að samfelldur lágmarkshvíldartími fullorðins verkamanns skuli eigi skemmri vera en 9 klst. á sólarhring. Allströng ákvæði eru í þessari grein um aukavinnu, þegar um ákvæðisvinnu er að ræða.

Stéttarfélagi er heimilað í 4. gr. að semja um framkvæmd vinnu að nóttu til og um vaktaskipan, ef nauðsyn krefst, svo og að setja önnur ákvæði um skiptingu vinnutímans í samræmi við eðli starfs og aðstæður.

Vinnuhvíld skal vera frá kl. 18 daginn fyrir sunnu- eða helgidag og til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag. Nokkru strangari ákvæði eru þó um vinnuhættur fyrir stórhátíðir. Á aðfangadag jóla, gamlársdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal vinnuhvíld hefjast kl. 15.

Ef því verður við komið, skal vikulegur frídagur vera sunnudagur. Þó má frá þessu víkja, vegna bráðnauðsynlegrar vinnu á sunnu- og helgidögum, ef um það takast samningar við viðkomandi stéttarfélag. Starfsmaður, sem unnið hefur sunnu- eða helgidagavinnu, skal jafnan eiga frí næsta sunnu- eða helgidagssólarhring.

Í öðrum kafla frumvarpsins eru ákvæði um styttingu vinnutímans í áföngum á næstu 5 árum án skerðingar heildartekna. Þar segir, að 48 stunda vinnuvikan í almennri vinnu skuli árlega styttast um eina klukkustund, þannig, að við lok 5 ára tímabilsins sé hún eigi lengri en 43 stundir.

Við vinnu, sem unnin er að nóttu til og á sunnu- og helgidögum, skal vinnuvikan eigi vera lengri en 45 stundir, og við námuvinnu eigi lengri en 40 stundir. Reglan um styttingu vinnuvikunnar um eina klukkustund árlega næstu 5 árin gildir að sjálfsögðu einnig í þessum tilvikum.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru konu tryggð þau réttindi að mega vera fjarverandi frá vinnu 6 vikur, eftir að hún hefur alið barn. Þó getur hún krafizt að vera fjarverandi allt að sex vikum í viðbót, og má fjarvistin vera að öllu leyti eða hluta fyrir eða eftir fæðingu.

Nú sannar kona með læknisvottorði, að hún þjáist af sjúkdómi, sem sé afleiðing af þungun eða fæðingu, og getur hún þá krafizt að mega vera frá vinnu allt að sex vikum í viðbót, án þess að vistráðning eða réttur til launagreiðslu rofni.

Kona, sem hefur barn sitt á brjósti, getur samkvæmt þessum kafla frumvarpsins um vinnuvernd kvenna krafizt þess að fá nauðsynlegan frítíma til þess, allt að hálfri stund tvisvar á dag.

Um IV. kafla.

Í 18.—24. gr. frumvarpsins eru ýmis sérákvæði um vinnuvernd barna og unglinga. Barn er samkvæmt frumvarpinu sérhver sá, sem er ekki fullra 14 ára að aldri. Unglingur er hver sá, sem er á aldrinum 14—16 ára.

Við því er lagt bann í 19. gr. frumvarpsins, að börn innan 12 ára aldurs stundi innivinnu í vinnustofum, verkstæðum og verksmiðjum, svo og út- og uppskipunarvinnu. Skal skólayfirlæknir yfirleitt hafa úrskurðarvald í slíkum málum.

Alger hámarksvinnutími barna er hálfur ævialdur þeirra, þ. e. 6—7 stundir á dag. En jafnan skulu tveir vinnuhópar barna annast átta stunda vinnutímabil til móts við fullorðna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna einnig tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

Bannað er með öllu að fela börnum gæzlu gufukatla eða véla, ef gæzlan útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu. — Þá er óheimilt með öllu að ráða börn til nokkurrar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis getur á nokkurn hátt talizt hættuleg heilsu barna eða þroska.

Alger hámarksvinnutími er 8 klukkustundir.

Bönnuð er öll barnavinna og unglingavinnu frá því að skólaganga hefst að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori.

Samkvæmt þessum kafla frumvarpsins er atvinnurekendum skylt að halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hjá þeim vinna. Einnig er atvinnurekendum skylt að afhenda viðkomandi stéttarfélagi, svo og heilbrigðis- og skólayfirvöldum, slíka skrá, hvenær sem krafizt er.

Um V. kafla.

Fimmti kafli frumvarpsins fjallar um greiðslu vinnulauna og ýmislegt það, sem tryggja skal rétt launþega í þeim efnum umfram það, sem gert er í gildandi lögum frá 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Þar segir, að vinnulaun skuli ávallt greiða í gjaldgengu reiðufé, nema samið hafi verið um greiðslu með tékka, bankaávísun eða „gíró". Greiðsla vinnulauna skal að sjálfsögðu ávallt fara fram á eða við vinnustað í vinnutímanum, svo sem fyrir löngu er orðin föst venja samkvæmt séttarfélagasamningum.

Launagreiðsla til tíma-, dag- eða vikukaups manna skal fram fara eigi sjaldnar en vikulega.

Laungreiðsla vegna ákvæðisvinnu skal einnig fram fara vikulega, hlutfallslega eftir því, sem verki vindur fram, en annars að verki loknu. Annan uppgjörstíma má þó ákveða vegna ákvæðisvinnu með sérstökum samningi.

Greiðsla til starfsmanna á mánaðarkaupi eða árskaupi skal fram fara eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði, nema um annað hafi verið samið skriflega.

Um það eru strengileg ákvæði í þessum kafla frumvarpsins, að engan launafrádrátt megi framkvæma við launagreiðslur án skriflegs samnings, nema heimilað sé í lögum. Undanþegin eru þó félagsgjöld stéttarfélaga, útsvarsgreiðslur að lögum og innborganir í tryggingasjóði og sjúkrasamlög með staðfestri reglugerð.

Rétt á launþegi á greinilegu skriflegu yfirliti yfir, hvernig laun eru reiknuð, svo og hvers konar launafrádráttur hefur verið inntur af hendi, og skulu fullnægjandi kvittanir fyrir sérhvern launafrádrátt ávallt fylgja uppgjöri.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru mörg nýmæli, sem öll hníga að því að tryggja verkafólki fyllri rétt en nú er í lögum gagnvart uppsögn af hendi atvinnurekanda.

Þeir, sem vinna tíma-, dag-, viku- eða ákvæðisvinnu, eiga aldrei skemmri uppsagnarfrest en 14 daga.

Lágmarksuppsagnarfrestur starfsmanns, sem tekur mánaðar- eða árskaup, er aldrei skemmri en mánuður, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

Starfsmaður, sem verið hefur samfleytt 4 ár í þjónustu sama fyrirtækis eða atvinnurekanda eftir 21 árs aldur, hefur a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfrest, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur, og skal uppsögn ávallt vera skrifleg.

Sé starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt 2 ár eftir 21 árs aldur hjá sama atvinnurekanda, sagt upp starfi, án þess að réttmætar ástæður fyrir uppsögn séu tilgreindar, varðar það skaðabótaskyldu.

Hafi starfsmaður látið af störfum vegna ólöglegrar uppsagnar, getur atvinnurekandi orðið dæmdur til að ráða hann aftur í sömu eða aðra hliðstæða stöðu þeirri, er hann áður hafði. Bætur geta einnig komið til álita fyrir þann tíma, er starfsmaður var sviptur starfi hjá fyrirtækinu. Slíkar bætur geta numið 6 mánaða launum, ef starfsmaðurinn hefur verið 5 ár í þjónustu fyrirtækisins, árslaunum eftir 10 ára þjónustu og þriggja ára launum, ef starfsmaður hefur starfað hjá fyrirtækinu í 20 ár.

Þá er í þessum kafla frumvarpsins ákvæði um það, að ekki megi segja starfsmanni upp vegna slysfara eða sjúkdóms. Starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt tvö ár hjá sama atvinnurekanda, má ekki segja upp fyrstu 3 mánuðina, eftir að hann varð óvinnufær. Og hafi starfsmaður starfað 10 ár hjá sama atvinnurekanda, er uppsögn óheimil, þótt starfsmaður sé óvinnufær allt að einu ári.

Hafi dregið úr starfsgetu starfsmanns vegna slysfara eða sjúkdóms, er atvinnurekanda skylt að leitast við að finna honum starf hjá fyrirtækinu, er hentar hæfni hans og heilsu, jafnvel þótt til þess þurfi sérstaka starfsþjálfun.

Um VII. kafla.

Þessi kafli er einungis um refsiákvæði vegna brota á lögunum. Segir þar, að brot varði sektum, *nema strangari refsingar liggi* við samkvæmt *almennum* hegningarlögum.

Í 33. gr. frumvarpsins er fram tekið, að foreldrar og aðstandendur, sem láti börn framkvæma vinnu, sem brjóti í bág við vinnuverndarlögin, skuli vera ábyrg fyrir slíkum verknaði og sæta sektum.

Með brot gegn þessum lögum skal farið að hætti opinberra mála.

Um alla nánari framkvæmd laga þessara skal félagsmálaráðherra setja nánari ákvæði í reglugerð, svo sem þurfa þykir.

Um VIII. kafla.

Lokakafli frumvarpsins er einungis um gildistöku.

Gildistakan er miðuð við 1. janúar 1965, og skulu þá öll núgildandi lagaákvæði, sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga og veita starfsmanni naumari rétt en í því greinir, úr gildi fallin.

Með því, sem nú hefur verið sagt, hefur verið gerð grein fyrir flestum þeim nýmælum og réttarbótum verkafólki til handa, sem í frumvarpi þessu felast, og verður hér látið staðar numið í trausti þess, að háttvirt Alþingi sýni málinu skilning, fallist á það í meginatriðum og geri það að lögum, ef ekki á þessu þingi, þá eigi síðar en á næsta þingi.

Ed. 428. Nefndarálit [165. mál]

um frumvarp til laga um ferðamál.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með neðangreindri breytingu. Tveir nefndarmanna, ÁB og PÞ, áskilja sér rétt til að flytja frekari breytingartillögur við frumvarpið.

BREYTINGARTILLAGA:

Við 5. gr. Í stað „200 000.00 kr.“ í 1. mgr. komi: 350 000.00 kr.

Alþingi, 1. apríl 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Jón Árnason, fundaskr. Bjartmar Guðmundsson.
Ásgeir Bjarnason. Páll Þorsteinsson.

Nd. 429. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til skipulagslaga.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 30. gr. komi nýjar greinar í nýjum kafla, er verði VIII. kafli, undir fyrirsögninni: **Um skiuplagssjóði,** svo hljóðandi:

a. (31. gr.) Til fjáröflunar í því skyni að greiða kaupverð fasteigna, sem sveitarstjórn kaupir, til þess að skipulagsbreytingu verði komið í framkvæmd, þar á meðal til greiðslu bóta fyrir eignarnám, er sveitarstjórn heimilt að gera samþykkt um stofnun skipulagssjóðs fyrir bæjar- eða hreppsfélagið.

b. (32. gr.) Nú er samþykkt um stofnun skipulagssjóðs gerð af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal þá samþykktin send félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar. Virðist ráðherra einhver ákvæði samþykktarinnar fara í bága við lög eða vera gagnstæð lögvörðum réttindum manna, endursendir hann samþykktina án staðfestingar og tilkynnir sveitarstjórn ástæður þess, að hann vilji eigi staðfesta hana. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Samþykkt, er ráðherra hefur staðfest, verður aðeins breytt með sama hætti og hún var sett.

c. (33. gr.) Í samþykkt um skipulagssjóð er heimilt að kveða svo á, að sjóðnum skuli aflað tekna með árlegu gjaldi af öllum fasteignum í umdæminu, öðrum en fasteignum annarra ríkja, sem notaðar eru í utanríkisþjónustu þeirra.

Upphæð gjaldsins má vera jafnhá fasteignaskatti samkv. II. kafla laga nr. 69 28. apríl 1962 og skal ákveðin í samþykktinni til 5 ára í senn.

Gjalddagi skal og ákveðinn í samþykkt.

Gjaldið er lögtakskræft án undangengins dóms eða sáttar, og fylgir því lögveð í hinni gjaldskyldu eign, á sama hátt og lögveð er fyrir fasteignagjöldum samkvæmt greindum lögum, nr. 69/1962.

d. (34. gr.) Hafi sveitarfélag vegna fyrirhugaðs skipulags keypt fasteign eða látið taka eignarnámi og fasteign þessi er síðan seld að nokkru eða öllu leyti, skal hagnaður sá, sem verður af þeirri sölu, renna í skipulagssjóð. Sama gildir um leigutekjur, sem sveitarfélagið kann að hafa af fasteignum, sem það hefur eignazt með þessum hætti.

Enn fremur má ákveða í samþykkt, að tekjur af sölu eða leigu fasteigna, sem sveitarfélagið hefur eignazt með öðrum hætti, skuli renna að meira eða minna leyti í skipulagssjóð.

e. (35. gr.) Við fasteignamat skal meta sérstaklega fyrir hverja fasteign þá verðhækkun, sem á henni er orðin frá síðasta fasteignamati og telja má að stafi af skipulagsbreytingu, hvort sem sú skipulagsbreyting er þegar komin til framkvæmda eða aðeins ráðgerð á staðfestum skipulagsuppdrætti.

Þegar skipulagsuppdráttur er lagður fram, getur sveitarstjórn og látið fram fara sams konar mat, er komi í stað mats samkvæmt 1. mgr., þar sem kveðið sé á um verðhækkun einstakra fasteigna við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar samkv. uppdrættinum.

Slíkt mat skal gert af þriggja manna matsnefnd: Einum manni tilnefndum af sveitarstjórn, öðrum af ráðherra sveitarstjórnarmála, en hinum þriðja af hæstarétti, og er hann formaður matsnefndarinnar. Kostnaður við þetta mat greiðist úr sveitarsjóði eða skipulagssjóði, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

Af verðhækkun, sem metin verður samkv. 1. og 2. mgr., skal eiganda fasteignarinnar skylt að greiða allt að 100% í skipulagssjóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í samþykkt.

Um gjalddaga á verðhækkunarskatti þessum skal setja ákvæði í samþykkt, og er heimilt að kveða á um gjaldfresti, gegn greiðslu vaxta, og annað varðandi innheimtuna.

Sveitarstjórn getur tilkynnt fjárhæð skattsins til innritunar í veðmálabækur og öðlast þá lögveð í hinni skattlögðu eign, er gangi fyrir öllum síðari veðböndum.

Undanþegnar verðhækkunarskatti samkvæmt þessari grein eru einungis fasteignir annarra ríkja, sem notaðar eru í utanríkisþjónustu þeirra.

Nú eru gerðar breytingar á framlögðum (og staðfestum) skipulagsuppdrætti, og skal þá metið á ný, hvort verðhækkunarskattur breytist. Slíkt endurmat skal gert af sömu aðilum, sem mátu verðhækkunina samkvæmt 1. eða 2. mgr.

Ed. 430. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og rætt það á fundum sínum. Einnig hefur nefndin leitað umsagnar um málið frá Fiskifélagi Íslands, atvinnudeild Háskóla Íslands (fiskideild) o. fl.

Þegar nefndin afgreiddi málið á fundi sínum, hafði aðeins borizt umsögn frá atvinnudeild háskólans (fiskideild), og vísar deildin þar m. a. í bréf sitt frá 11. marz 1963. Í umræddu bréfi kemur fram m. a., að við tilraunaveiði á ýsu í Garðsjó 1959 var aflinn tæplega 800 fiskar á togtíma, en í ágústmánuði 1962 reyndist aflinn aðeins 146 fiskar á togtíma á þessu sama veiðisvæði. Fiskifræðingarnir segja síðan: „Ekki er vafamál, að dragnótin á hér einhvern þátt í, hve mikinn, vitum við ekki enn þá, né hvort það sé á nokkurn hátt hættulegt stofninum.“ Í niðurlagsorðum bréfs fiskideildarinnar, dags. 4. marz s. l., segir: „Af því, sem vitað er um ástand þorsk-, ýsu- og skarkolastofnsins hér við land, telur fiskideildin ekki ástæðu til að banna dragnótaveiði í Faxaflóa.“

Þá hefur Alþingi borizt bréf og áskorun frá 227 sjómönnum og útgerðarmönnum á Akranesi og enn fremur áskorun frá hreppsnefnd Gerðahrepps, dags. 26. febr.

s. l., þar sem í báðum tilfellum er eindregið hvatt til þess, að Alþingi samþykki frumvarp til laga um bann við dragnótaveiðum í Faxaflóa.

Það er álit nefndarinnar, að samþykkja beri ofangreint frumvarp og stöðva þar með hina hættulegu rányrkju, sem rekin er í Faxaflóa með dragnótaveiðunum. — Tveir nefndarmanna, Ólafur Jóhannesson og Þorv. Garðar Kristjánsson, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma við frumvarpið. Einn nefndarmanna, Helgi Bergs, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 2. apríl 1964.

Jón Árnason, form., frsm.
Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.
Ólafur Jóhannesson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 431. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til laga um búfjárhald í Reykjavík.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og leitað um það álits Búnaðarfélags Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar og Fjáreigendafélags Reykjavíkur. Jákvæðar umsagnir bárust frá þessum aðilum öðrum en Fjáreigendafélaginu, sem er frv. andvígt.

Þá hafa nefndinni borizt erindi frá bæjarráðum Akureyrar og Kópavogs og bæjarstjórn Hafnarfjarðar þess efnis, að frv. verði einnig látið ná til þeirra kaupstaða. Er nefndin sammála um að verða við þeim erindum og flytur í samræmi við það breytingartillögur við frv. á sérstöku þskj.

Þrír nefndarmenn, JÞ, KK og ÁB, lýstu því yfir í nefndinni, að þeir mundu flytja brtt. varðandi 2. gr. frv.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 7. apríl 1964.

Jón Þorsteinsson, form.
Auður Auðuns, fundaskr., frsm.
Karl Kristjánsson, með fyrirvara.
Ásgeir Bjarnason, með fyrirvara.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 432. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til laga um búfjárhald í Reykjavík.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
   Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórnum Akureyrar, Hafnarfjarðar og Kópavogs er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjárhald á þessum stöðum.

2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „í borginni“ komi: í kaupstaðnum (borginni).
   b. Í stað orðanna „innan borgarlandsins“ komi: innan bæjarlandsins (borgarlandsins).
3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „innan borgarinnar“ í 1. málsl. komi: innan kaupstaðarins (borgarinnar).
   b. Í stað orðsins „borgarráð“ í 2. málsl. komi: bæjarráð (borgarráð).
4. Við 4. gr. Í stað orðsins „borgarráði“ í 2. mgr. komi: bæjarráði (borgarráði).
5. Við 5. gr. Í stað orðsins „borgarsjóði“ komi: bæjarsjóði (borgarsjóði).
6. Við 6. gr. Í stað orðsins „borgarsjóð“ komi: bæjarsjóð (borgarsjóð).
7. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum.

Sþ. 433. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um verðtryggingu sparifjár.

Flm.: Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson, Karl Kristjánsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að athuga, með hverjum hætti verði við komið verðtryggingu sparifjár, að öllu eða einhverju leyti.

Nefndin skal skila áliti svo fljótt sem kostur er.

Greinargerð.

Íslenzkt fjármálalíf hefur allt frá síðustu heimsstyrjöld einkennzt öðru fremur af sífelldu verðfalli peninga. Er auðvelt að sanna með tölum, að innlánsvextir af sparifé hafa þetta tímabil hvergi nærri nægt til þess að vega í móti þeirri verðfellingu peninga, sem átt hefur sér stað. Þessi þróun hefur haft óheppilegar afleiðingar á mörgum sviðum og er ein aðalorsök þeirrar verðbólguþróunar, sem einkennt hefur tímabilið og þá ekki sízt síðustu 2 árin.

Innlendur sparnaður er ein mikilvægasta forsenda þróttmikillar og heilbrigðrar efnahagsstarfsemi. Eðlileg afleiðing verðfalls peninga síðustu 20—25 árin er ónógur sparnaður. Hefur það leitt til lánsfjárskorts til hvers kyns framkvæmda og rekstrar atvinnufyrirtækja. Lánastarfsemi hefur í sívaxandi mæli einkennzt af stuttum og óhagkvæmum lánum úr bankakerfinu og vaxandi lánastarfsemi utan þess.

Af þessu ástandi hefur mikill hluti efnahagsstarfsemi landsmanna liðið, og mundi það ein hin mesta búbót, sem hægt væri að gera atvinnuvegunum, ef þeir ættu kost á nægum lánum til fjárfestingar og rekstrar.

Hin stöðuga verðrýrnun peninga hefur matað verðbólgudrauginn, sem tröllríður íslenzkri þjóðfélagsbyggingu meir og skaðvænlegar en flest annað. Gróðinn, sem sífellt verðfall peninganna hefur skapað, orsakar æðisgengið kapphlaup um hið takmarkaða lánsfé og verðbólgu-fjárfestingu. Endurskipting eigna þjóðfélagsins, þar sem lántakendur hagnast stöðugt á kostnað lánveitenda, getur ekki talizt sanngjörn né verðskulduð.

Með þeirri þingsályktunartillögu, sem hér er flutt, er lagt til, að kosin sé 5 manna milliþinganefnd, er athugi, með hverjum hætti mögulegt geti verið að verðtryggja sparifé að öllu eða einhverju leyti.

Sparifé hefur verið verðtryggt að meira eða minna leyti í Finnlandi, Frakklandi, Ísrael, Svíþjóð og ef til vill víðar, og er nauðsynlegt að kanna, hver reynslan af því hefur orðið í þessum löndum.

Fyrirsjáanlegir eru nokkrir framkvæmdaerfiðleikar við upptöku verðtryggingar á sparifé, en þeir ættu að vera yfirstíganlegir hér, ef þeir eru það í framangreindum löndum.

Mikilvæg spurning er, hversu víðtæk verðtryggingin eigi að vera, hvort hún eigi að ná til allra innlána ellegar aðeins til bundinna sparifjárinnstæðna. Fyrir fram er erfitt um slíkt að dæma, en það yrði eitt af verkefnum milliþinganefndarinnar að finna svör við þeirri spurningu.

Eðlilegt er að miða verðtryggingu sparifjárins við vísitölu neyzluverðlags, eins og hún er á hverjum tíma. Auðvitað yrði þá einnig að vísitölubinda útlán þessa fjár með samsvarandi hætti.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja knýjandi, að mál þetta sé rannsakað gaumgæfilega nú. Fer síðan eftir niðurstöðum þeirrar rannsóknar, hverjar leiðir þykja færar. Einskis má láta ófreistað til að sporna við þeirri óheillaþróun, sem hefur átt sér stað og færzt mjög í aukana seinustu árin. Rétta þarf hlut sparifjáreigenda og draga úr yfirstandandi dýrtíðarspennu, en verðtrygging gæti áreiðanlega haft mikla þýðingu til þess að vinna móti verðbólguþróun.

Fyrir máli þessu verður gerð fyllri grein í framsögu.

Sþ. 434. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um endurskoðun laga um félagsheimili og um eflingu félagsheimilasjóðs.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Benedikt Gröndal, Sverrir Hermannsson, Gunnar Gíslason, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara endurskoðun á gildandi lögum um félagsheimili með það fyrir augum, að félagsheimilasjóður verði efldur og að eðlileg skilyrði heilbrigðs félags- og menningarlífs verði sköpuð í sem flestum byggðarlögum landsins. Jafnframt verði ráðið fram úr þeim vandræðum, sem fjárskortur félagsheimilasjóðs hefur valdið einstökum héruðum. Skal þessari endurskoðun lokið fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var sú breyting gerð á lögunum um skemmtanaskatt, að lagt var sérstakt gjald á gesti þeirra veitingahúsa, sem leyfðar eru veitingar áfengra drykkja. Var þetta gert í því skyni að afla aukinna tekna til þeirrar starfsemi og stofnana, er skemmtanaskatturinn rennur til, m. a. félagsheimilasjóðs og Þjóðleikhússins. Var þá gert ráð fyrir, að tekjuauki félagsheimilasjóðs af þessu nýja gjaldi kynni að nema 2—3 millj. kr. á ári.

Ekki er enn þá fullvíst, hvort þessi áætlun muni standast. Hitt er augljóst, að félagsheimilasjóður er enn í tilfinnanlegri fjárþröng og þess alls ómegnugur að gegna hlutverki sínu. Í árslok 1962 voru 77 félagsheimili á úthlutunarskrá hjá sjóðnum. Var 22 þeirra fullokið, en 55 voru í byggingu. Til þess að sjóðurinn gæti staðið í skilum með 40% byggingarkostnaðar við þessi 77 félagsheimili, skorti hann þá 24 millj. kr. Einstök félagsheimili, sem orðin eru fokheld eða bygging þeirra jafnvel lengra á veg komin, hafa svo til engan stuðning hlotið frá félagsheimilasjóði. Veldur þetta mörgum byggðarlögum miklum erfiðleikum og stendur félagslífi þeirra fyrir þrifum.

Um það þarf ekki að fjölyrða, að félagsheimilasjóður hefur reynzt hin mesta þjóðnytjastofnun. Í skjóli hans hefur risið fjöldi myndarlegra og glæsilegra samkomuhúsa í öllum landshlutum. Í stað gamalla, hrörlegra og allsendis ófullnægjandi

húsa hafa verið byggð fögur og aðlaðandi samkomuhús, þar sem leiklist, hljómlist og hvers konar félagslíf fólksins í sveit og við sjó hefur eignazt athvarf. Hafa þessi nýju og vistlegu salakynni gerbreytt aðstöðu til félagslegs samstarfs og margvíslegrar menningarstarfsemi í fjölda byggðarlaga. Fólkið hefur ekki aðeins átt þess kost að koma þar saman til skemmtunar, félags- og menningarstarfs heima fyrir, heldur hefur það nú fengið heimsóknir beztu listamanna þjóðarinnar á sviði leiklistar og hljómlistar. Jafnvel hin unga Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur getað haldið hljómleika í öllum landshlutum, vegna þess að þar voru risin fögur og rúmgóð félagsheimili.

Öðru hverju hafa heyrzt raddir um það, að félagsheimilin séu gróðrarstía spillingar og upplausnar. Vitanlega er framkoma fólks á samkomum þar misjöfn eins og gerist í skemmtanalífi þjóðarinnar almennt. En óhætt er að fullyrða, að einmitt hin nýju og fallegu félagsheimili, sem byggð hafa verið víðs vegar um land, hafi átt ríkan þátt í að bæta samkomubrag og setja meiri menningarsvip á hinar ýmsu greinar félagslífsins. Aðstaða til löggæzlu og eftirlits er þar og stórum betri en í hinum gömlu og fegurðarsnauðu kumböldum, sem fólkið varð áður að sætta sig við. En vitanlega ber brýna nauðsyn til þess að draga úr óreglu og drykkjuskap á skemmtisamkomum, ekki aðeins í félagsheimilum, heldur og í öðrum samkomuhúsum og veitingastöðum.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að stuðla beri að auknum stuðningi við byggingu félagsheimila og heilbrigt félagslíf og menningarlíf fólksins í strjálbýlinu og raunar um land allt. Þess vegna er lagt til, að ríkisstjórnin láti endurskoða lögin um félagsheimili frá 1947 og freisti nýrra leiða til þess að efla félagsheimilasjóð og gera honum kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart þeim byggðarlögum og samtökum almennings, sem ráðizt hafa í byggingu félagsheimila víðs vegar um land eða hafa slíkar framkvæmdir í undirbúningi.

Nd. 435. Lög [75. mál]

um heimild fyrir ríkissjóð til lóðakaupa í Hveragerðishreppi.

(Afgreidd frá Nd. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 345.

Nd. 436. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum nr. 43 29. marz 1961, um breyting á lögum nr. 24 17. marz 1954, um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að kr. 100.00 á ári eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn“ í 1. gr. laganna komi: eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn, að fengnu samþykki kirkjumálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk biskups Íslands, en Safnaðaráð Reykjavíkur samþykkti svohljóðandi ályktun 27. febrúar 1964:

„Safnaðaráð Reykjavíkur skorar á kirkjumálastjórnina að hlutast til um það, að ákvæðum 1. gr. laga nr. 36/1948 um sóknargjöld, sbr. lög nr. 43/1961, verði breytt á þá lund, að þjóðkirkjusöfnuðir geti, að fengnu samþykki kirkjumálaráðherra, sjálfir ákveðið fjárhæð sóknargjalda sinna.

Telji kirkjumálastjórnin sér eigi fært að fá þessari lagabreytingu framgengt á þessu þingi, skorar Safnaðaráð Reykjavíkur á hana að beita sér fyrir því, að Alþingi það, sem nú situr, heimili hækkun á sóknargjöldum yfirstandandi árs í kr. 200.00."

Settur dómprófastur gerir svofellda grein fyrir ályktuninni í bréfi til kirkjumálaráðherra:

„Höfðu formenn safnaðanefnda í Reykjavík, áður komið saman, til þess að ræða nauðsynlega hækkun sóknargjalda fyrir söfnuði Reykjavíkur, vegna vaxandi dýrtíðar og aukinna útgjalda, en útgjöld safnaðanna eru mjög bundin við launagreiðslur til organista, söngfólks, kirkjuvarða o. s. frv. Þá hafa tekjur einstakra safnaða minnkað verulega við þá sóknaskiftingu, er fram fór í Reykjavík á s. l. ári.

Allt er þetta svo augljóst mál, að ekki er þörf að rökstyðja það nánar. Heimild til hækkunar sóknargjalda var síðast veitt 1961."

Þá hefur Kirkjuráð hinnar íslenzku þjóðkirkju samþykkt eftirfarandi ályktun um sama efni:

„Þar eð óhjákvæmileg útgjöld safnaða hafa hækkað mjög, síðan núgildandi lög um sóknargjöld voru sett, telur Kirkjuráð knýjandi nauðsyn, að heimiluð verði veruleg hækkun þessa gjalds. Leyfir Kirkjuráð sér að beina þeim tilmælum til kirkjumálaráðherra, að hann beiti sér fyrir því, að Alþingi heimili sanngjarna hækkun á hámarki sóknargjalda."

Enn fremur segir í bréfi frá biskupi til kirkjumálaráðherra, að þetta mál hafi mikið verið rætt á kirkjuþingi 1960 og einróma álit manna þar, að sú leið, sem Safnaðaráð bendir á í meðsendri ályktun, væri eðlilegri og stórum haganlegri en sú, sem gilt hefur síðan lög um sóknargjöld voru sett.

Ed. 437. Lög [131. mál]

um breyting á jarðræktarlögum nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

(Afgreidd frá Ed. 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 362.

Ed. 438. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til laga um búfjárhald í Reykjavík.

Frá Karli Kristjánssyni, Jóni Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 2. gr. Greinin hljóði svo:

Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins (borgarinnar). Enn fremur má ákveða í reglugerð, að eftir 1. okt. 1968 skuli heimilt að banna tiltekið búfjárhald.

Sþ. 439. Fyrirspurn [206. mál]

til félagsmálaráðherra um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá Óskari Jónssyni og Ingvari Gíslasyni.

1. Eru lögin um atvinnuleysistryggingar í endurskoðun? Ef svo er, er árangurs af þeirri endurskoðun að vænta á þessu þingi?
2. Hefur verið tekið tillit til þess við endurskoðun laganna, að verzlunarmannasamtökin eiga nú aðild að Alþýðusambandi Íslands, og þeim tryggð þátttaka í atvinnuleysistryggingasjóði á sama hátt og öðrum verkalýðsfélögum?

Nd. 440. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkv. l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og l. um breytingar á þeim.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 9. apríl 1964.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Gunnar Gíslason, fundaskr. Einar Ingimundarson.
Sigurvin Einarsson. Óskar Jónsson.

Sþ. 441. Þingsályktun [41. mál]

um ráðstafanir til að tryggja, að hlunnindajarðir haldist í ábúð, og athugun á því, hvers vegna góðar bújarðir fari í eyði.

(Afgreidd frá Sþ. 9. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd og sé hún þannig skipuð, að búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri séu sjálfkjörnir, en landbúnaðarráðherra skipi þriðja nefndarmanninn án tilnefningar.

Verkefni nefndarinnar séu:

1. Að kynna sér ástæður fyrir því, að jarðir fara í eyði, og sé einkum athugað, að hve miklu leyti þær fara í eyði vegna þess, að einstakir menn kaupi þær eða sleppi ekki eignarrétti sínum af þeim vegna laxveiði eða annarra hluninda.
2. Að safna gögnum um áhrif slíkrar þróunar á landbúnað annarra þjóða og ráðstafanir þeirra þjóða til varnar gegn henni.

Nefndin hraði störfum svo sem auðið er og skili tillögum til úrbóta svo fljótt sem verða má.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 442. Nefndarálit [53. mál]

um till. til þál. um staðsetningu og lagningu tvöfaldrar akbrautar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa á fundum sínum og hefur leitað umsagnar vegamálastjóra um tillöguna, og mælir hann með samþykkt hennar.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með eftirfaradi:

BREYTINGUM:

1. Aftan við tillgr. bætist: og lagningu nýs vegar ofan við núverandi byggð í Kópavogi og Garðahreppi í því skyni að beina umferðinni sem mest fram hjá þéttbýlinu.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um umferðarmál í Kópavogi og Garðahreppi.

Alþingi, 9. apríl 1964.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Gunnar Gíslason. Geir Gunnarsson. Halldór Ásgrímsson.
Ingvar Gíslason. Jón Árnason. Guðl. Gíslason.

Ed. 443. Frumvarp til laga [165. mál]

um ferðamál.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 301 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji tryggingu, eigi lægri en 350 000.00 kr. Ráðuneytið getur vikið frá kröfu um tryggingarfé, sé um að ræða skráð hlutafélag, með a. m. k. 350 000.00 kr. innborguðu hlutafé.

Ráðuneytið setur nánari reglur um, á hvern hátt trygging skv. 1. mgr. skal sett, um ávöxtun, viðhald og varðveizlu tryggingarfjár, svo og um endurgreiðslu og brottfall tryggingar, ef starfsemi hættir.

Ed. 444. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til laga um ferðamál.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 29. gr. Greinin orðist svo:

Umsóknir um lán úr ferðamálasjóði skulu sendar ferðamálaráði, sem gerir rökstuddar tillögur til samgöngumálaráðherra um lánveitingar.

Ráðherra veitir lán úr sjóðnum eftir tillögum ferðamálaráðs. Ef ferðamálaráð greinir á, sker ráðherra úr.

Sþ. 445. Breytingartillögur [163. mál]

við till. til þál. um, að gerð verði áætlun um stofnkostnað og rekstur fóðuriðnaðarverksmiðju á Norðausturlandi.

Frá Skúla Guðmundssyni, Gunnari Gíslasyni, Ólafi Jóhannessyni, Einari Ingimundarsyni, Birni Pálssyni, Jóni Þorsteinssyni og Ragnari Arnalds.

1. Við tillgr. bætist ný málsgrein, þannig:

Þá verði og á sama hátt gerð áætlun um kostnað við að reisa og reka slíka verksmiðju á Skagaströnd eða öðrum hentugum stað á vestanverðu Norðurlandi.

2. Við fyrirsögn tillögunnar. Í stað „fóðuriðnaðarverksmiðju á Norðausturlandi“ komi: fóðuriðnaðarverksmiðja á Norðurlandi.

Nd. 446. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „eftir á fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða“ í 3. málsl. 1. mgr. 69. gr. laganna komi: fyrir fram fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt þungaskatti og skoðunargjaldi bifreiða, og skal um endurgreiðslu iðgjaldsins vegna innilegu skrásetningarnúmers, ef til kemur, farið eftir þeim reglum, sem gilda um endurgreiðslu þungaskatts í slíkum tilfellum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu þeir, sem greitt hafa iðgjöld af ökumönnum bifreiða fyrir skattárið 1963, eiga rétt á að fá sömu upphæð dregna frá iðgjaldi því, sem þeim ber að greiða af ökumönnum bifreiða árið 1964 samkvæmt lögum þessum, eða fá hana endurgreidda, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðslsréttur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samgöngumálaráðherra hefur sent nefndinni frumvarp þetta með ósk um, að hún flytti það. Hefur nefndin orðið við þeirri ósk, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. við það. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Í frumvarpi til laga um breyting á vegalögum, nr. 71/1963, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, er ráðgert að innheimta þungaskatt af bifreiðum árið 1964 og framvegis fyrirfram. Verður þá vart hjá því komizt að hafa sama hátt á um skoðunargjald bifreiða og iðgjald af ökumönnum bifreiða og innheimta þau einnig fyrir fram. Hitt væri illframkvæmanlegt, að láta gjöld, sem innheimt eru saman, miðast við tvenns konar tímabil.

Nd. 447. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 52. gr. Aftan við síðustu málsgr. greinarinnar bætist: að fengnum tillögum félagssamtaka flugverja, flugfélaga og flugmálastjórnar.

Ed. 448. Lög [130. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 339.

Sþ. 449. Tillaga til þingsályktunar [208. mál]

um stofnun og starfrækslu tunnuverksmiðju á Skagaströnd.

Flm.: Björn Pálsson, Gunnar Gíslason, Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að stofnuð verði og starfrækt tunnuverksmiðja á Skagaströnd, svo fljótt sem við verður komið.

Greinargerð.

Aflaleysi hefur verið við Húnaflóa árið 1963 og það sem af er þessu ári. Flestir vinnufærir karlmenn hafa því farið frá Skagaströnd meira og minna yfir vetrarmánuðina til að afla sér tekna, svo að þeir gætu séð fyrir heimilum sínum. Segja má, að slíkt sé eigi óeðlilegt innan vissra takmarka. Þess ber þó að gæta, að ástæður ýmissa eru þannig, að þeir eiga eigi auðvelt með að yfirgefa heimili sín. Nauðsyn ber því til, að starfrækt sé einhver atvinnugrein á slíkum stöðum, sem hægt sé að vinna við þá mánuði ársins, er vinnu vantar í kauptúninu. Áhugi er fyrir því á Skagaströnd, að þar sé stofnuð og starfrækt tunnuverksmiðja. Bendir margt til þess, að það megi takast með tiltölulega litlum stofnkostnaði. Síldarverksmiðjur ríkisins eiga þar stóra mjölskemmu og fleiri hús, sem lítið eru notuð, þannig að líkur eru til, ef sú aðstaða væri notuð, að ekki þyrfti miklu til að kosta til að reisa hús, svo að hægt væri að starfrækja tunnusmíði. Vera má, að hagkvæmast sé, að síldarverksmiðjan reki tunnuverksmiðjuna. Eigi er ólíklegt, að það gæti tekizt, ef ríkisstjórnin beitir sér fyrir því og útvegar fjármagn vegna stofnkostnaðar. Vélar í tunnuverksmiðjuna kosta sennilega um 2 millj. kr., byggingarkostnaður eða breytingar við hús til að vinna í þyrfti ekki að vera mikill, ef sú aðstaða væri notuð, sem fyrir hendi er. Stofnkostaðurinn mundi því verða hóflegur. Verkstjórn og bókhald gæti verið ódýrt, ef síldarverksmiðjan sæi um starfræksluna. Flutningur á tunnum frá Skagaströnd, ef eigi þarf að nota þær þar, ætti ekki að vera óhagstæðari en frá Akureyri. Skip ríkisins, sem annast strandferðir, gætu oft tekið tunnur sér að meinalausu. Greiðsla fyrir slíkt væri færsla milli vasa sama eiganda. Tunnur smíðaðar hér á landi hafa verið eitthvað dýrari en innfluttar tunnur. Þannig er með mikið af innlendum iðnaði. Þó að tunnur, sem smíðaðar eru hér, væru 10% dýrari, eru það smámunir miðað við 70—100% innflutningsgjöld, sem ýmsar iðnaðarvörur njóta verndar af. Þess ber og að gæta, að lítið hefur verið gert til þess að gera tunnuverksmiðjur hér samkeppnisfærar. Bæjarfélög og fyrirtæki greiða mikið fé til atvinnuleysistryggingasjóðs árlega. Óeðlilegt væri ekki eða óhyggilegt, að slíkur sjóður lánaði fé fyrir litla sem enga vexti til þess að stofnsetja fyrirtæki, sem kæmi í veg fyrir atvinnuleysi. Það væri hagkvæmara en að greiða atvinnuleysisstyrki.

Sþ. **450. Nefndarálit** [121. mál]

um till. til þál. um fiskiðnskóla.

Frá allsherjarnefnd.

Efni þessarar tillögu er að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við sérfróða aðila undirbúa tillögur um stofnun og starfsemi almenns fiskiðnskóla hér á landi. Nefndin hefur athugað málið og kynnt sér álit hinna sérfróðu aðila, sem hér er einkum um að ræða.

Verðmæti sjávarafurða er yfir 90% af útflutningsverðmæti Íslands. Meðalársaflinn 1962 og 1963 var um 800 þús. tonn upp úr sjó og útflutningsverðmætið hátt á fjórða milljarð króna. Þjóðin á mikið undir því, að úr þessu mikla aflamagni sé hægt að vinna sem bezta og verðmætasta vöru. Fiskurinn, sem hér kemur á land, er að mestu leyti veiddur á miðum umhverfis landið og gott „hráefni" til vinnslu. Að því leyti standa Íslendingar ýmsum öðrum fiskframleiðsluþjóðum betur að vígi. En það eitt nægir ekki. Það er að miklu leyti undir fiskiðnaðinum komið, hvernig aflinn nýtist, hvernig vörugæðin reynast, þegar á markaðinn kemur, og hver framleiðslukostnaðurinn verður. Mikið veltur á tækniútbúnaði fiskiðnaðarfyrirtækjanna, en vélar og tæki koma þó ekki að fullu gagni, nema nægileg kunnátta, æfing í starfi og vinnuhagræðing sé einnig til staðar.

Fiskmatsstjórinn segir í álitsgerð sinni: „Hraði undanfarinna ára í framþróun og fjölbreytni á gæðum og framleiðslu sjávarafurða krefst meiri og samræmdari þekkingar við mat hinnar margþættu framleiðslu — — —. Nauðsynleg framþróun þessara mála hlýtur að verða fastur skóli fyrir fiskmatsmenn og fiskverkunarmenn til undirbúnings slíkum lífsstörfum". Fiskmatsráð segir, að „mikil þörf sé fyrir aukna fræðslu, sem miðuð er við þarfir matsmanna og verkstjórnarmanna í fiskiðnaðinum, enda mikill hörgull á sérhæfum mönnum í flestum greinum þessa undirstöðuatvinnuvegar". Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna segir, að „skortur á hæfu fólki til verkstjórnar og ýmiss konar leiðbeiningarstarfa hái frystihúsrekstri nú mjög mikið" og að „stofnun fiskiðnskóla mundi, ef vel tækist til, geta haft mikla þýðingu fyrir fiskiðnað landsmanna". Í sama streng tekur sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga og bendir á, að rétt sé að leita upplýsinga um starfsemi fiskiðnskóla þess, sem rekinn er í Vardö í Noregi. Starfsreglur Vardö-skólans eru birtar sem fylgiskjal með tillögunni. Sá skóli hefur fiskiðjuver til umráða. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sem — eins og kunnugt er — hefur með höndum sölu saltfisks, segir framleiðslu gæðavöru „bezt tryggða með aukinni þekkingu þeirra manna, sem hafa umsjón með framleiðslunni, og með leiðbeiningarstarfi kunnáttumanna í hverri grein" og að „nauðsyn beri til að stofna fiskiðnskóla hér til að búa menn undir fiskmatsstörf, verkstjórn og leiðbeiningarstarfsemi í fiskiðnaði og fiskvinnslu". Samlag skreiðarframleiðenda hefur einnig mælt með tillögunni um að undirbúa stofnun fiskiðnskóla.

Í fjárlögum fyrir árið 1964 er gert ráð fyrir, að ríkissjóður verji á því ári rúml. 400 millj. kr. til skólamála. Þegar á þetta er litið, virðist ekki óeðlilegt að gera hér eftir gangskör að því að sjá þeim mönnum fyrir starfsmenntun, sem eiga að inna af hendi það mikilsverða hlutverk að bera ábyrgð á miklum hluta þeirrar framleiðslu, sem utanríkisviðskipti þjóðarinnar byggjast á.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd í samráði við fiskmat ríkisins, fiskmatsráð og helztu samtök fiskiðnaðarins til þess að gera fyrir næsta

reglulegt Alþingi tillögur um stofnun og starfstilhögun almenns fiskiðnskóla í landinu. Skal nefndin m. a. kynna sér eftir föngum skipan fræðslumála fiskiðnaðarins í öðrum löndum.

Vegna veikinda var einn nefndarmanna, Ragnar Arnalds, fjarverandi, þegar málið var afgreitt og nál. undirritað.

Alþingi, 11. apríl 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Einar Ágústsson.	Pétur Sigurðsson.	Sverrir Júlíusson.

Ed. 451. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. bætist nýr málsliður svo hljóðandi:
Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn og sker þá ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

2. gr.

10. gr. b og c orðist svo:
b. Allt að 1% ef rekstri verzlunarskipa og af fiskiðnaði.
c. Allt að 1½% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum.
2. mgr. 10. gr. falli niður.

3. gr.

19. gr. orðist svo:
Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara samkv. 17.—18. gr. Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin, samkv. gjaldskrá, sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

4. gr.

26. gr. orðist svo:
Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um álagningu, áfrýjun úrskurða, gjalddaga og innheimtu landsútsvara, samkv. 17.—19. gr.

5. gr.

31. gr. orðist svo:
Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr.
Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær samkv. 32. gr.:
Fyrir einstaklinga 25000 kr.
Fyrir hjón 35000 kr.
Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda, 5000 kr.
Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

6. gr.

A-liður 32. gr. orðist svo:

A. Af útsvarsskyldum tekjum samkv. 31. gr. greiða:
1. Einstaklingar og hjón:
Af fyrstu 40000 kr. 20%.
Af 40000 kr. og þar yfir 8000 kr. af 40000 kr. og 30% af afgangi.
2. Félög:
Af fyrstu 75000 kr. 20%.
Af 75000 kr. og þar yfir kr. 15000 af 75000 kr. og 30% af afgangi.

7. gr.

34. gr. 2. mgr. orðist svo:

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 20 hundraðshlutum.

8. gr.

65. gr. orðist svo:

Sveitarstjórnum ber að endurgreiða skattayfirvöldum allan beinan útlagðan kostnað, sem leiðir af starfi þeirra fyrir sveitarfélögin, samkv. lögum þessum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um endurgreiðslu kostnaðar, samkv. 1. mgr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1964.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra, ásamt ákvæðum laga nr. 42/1963 og nr. 43/1963 inn í meginmál laga nr. 69/1962 og gefa lögin um tekjustofna sveitarfélaga út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur hundraðshluti veltuútsvars af fiskiðnaði verið lægri á árinu 1961 í einhverju sveitarfélagi en hámarkshundraðshluti aðstöðugjalds er af slíkri starfsemi, samkv. 2. gr. laga þessara, og má þá hundraðshluti aðstöðugjalds aðeins hækka árlega um þriðjung mismunarins á árunum 1964, 1965 og 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær frá núgildandi lögum, sem felast í frumvarpi þessu, ef að lögum verður, eru þessar helztar:

1. Lagt er til, sjá 5. gr., að reglunum, sem nú gilda um álagningu útsvara verði breytt í meginatriðum. Í stað afsláttar af útsvari vegna fjölskyldustærðar er gert ráð fyrir ákveðnum frádrætti frá tekjum til samræmis við þau ákvæði, sem gilda um tekjuskattsálagningu. Í öðru lagi er gjaldþrepum fækkað úr átta í tvö. Álagning verður þannig auðveldari og einfaldari í framkvæmd.
2. Hámarksákvæði um aðstöðugjald af fiskiðnaði er lækkað úr 1½% í 1%. Enn fremur er gert ráð fyrir að viðmiðun aðstöðugjalds við veltuútsvör á árinu 1961 verði úr gildi numin í áföngum á þremur árum, sbr. ákvæði til bráðabirgða.
3. Loks er lagt til, að gerðar verði ýmsar breytingar á ákvæðum laganna, sem reynslan hefur sýnt, að rétt sé að gera.

Verður nú vikið að athugasemdum við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 65. gr. laganna er gert ráð fyrir því, að ráðherra eigi úrskurð um gjaldstofna og gjaldskyldu, þegar um er að ræða ágreining um fasteignaskatt, aðstöðugjald og landsútsvar. Ákvæði um aðstöðugjald og landsútsvar voru nýmæli í lögunum um tekjustofna sveitarfélaga. Má því segja, að þessi ákvæði hafi verið eðlileg á meðan reynslan af þessum nýmælum var ekki fyrir hendi. Nú þykir komið í ljós, að fenginni reynslu, að óþarft sé að áskilja ráðherra þessa íhlutun. Eðlilegast er því, að skattayfirvöld fjalli endanlega um þessi ágreiningsefni á sama hátt og gildir

um útsvörin og tekju- og eignaskattinn. Öðru máli gegnir um fasteignaskattinn, enda er hér um að ræða álagningu, sem er annars eðlis en álagning útsvara og annarra gjalda samkvæmt lögum þessum. Frá upphafi hefur ágreiningur um gjaldskyldu og gjaldstofn fasteignaskatts heyrt undir úrskurð ráðherra. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til, að sú regla gildi framvegis. Þar eð hér er gert ráð fyrir, að ákvæðið taki aðeins til fasteignaskatts, þótti rétt að bæta því í þá grein, sem fjallar um álagningu hans, en fella það niður úr kaflanum um sameiginleg ákvæði.

Um 2. gr.

Eins og áður greinir er hér lagt til, að viðmiðun aðstöðugjalds við veltuútsvar á árinu 1961 verði felld úr gildi í áföngum á 3 árum, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Jafnframt er lagt til, að hámark aðstöðugjalds verði lækkað úr 1½% í 1% af alls konar fiskiðnaði.

Á árinu 1963 var aðstöðugjald af fiskiðnaði eins og hér segir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum:

Reykjavík 0.5%.
Kópavogskaupstaður 0.5%.
Hafnarfjarðarkaupstaður 1%.
Keflavíkurkaupstaður 0.4%.
Akraneskaupstaður 1%.
Ísafjarðarkaupstaður 1%.
Sauðárkrókskaupstaður 0.5%.
Siglufjarðarkaupstaður 1.2%.
Ólafsfjarðarkaupstaður 1%.
Akureyrarkaupstaður 0.5%.
Húsavíkurkaupstaður 0.75%.
Seyðisfjarðarkaupstaður 0.5%.
Neskaupstaður 0.45%, síldarsöltun 0.9%.
Vestmannaeyjar 1%.
Neshreppur utan Ennis 0.75%.
Ólafsvíkurhreppur 1%.
Eyrarsveit 0.8%.
Stykkishólmshreppur 0.7%.
Patrekshreppur 0.5%.
Hólshreppur 1%.
Eyrarhreppur 1%.
Súðavíkurhreppur 1%.
Kaldrananeshreppur 1.25%.
Hólmavíkurhreppur 1%.
Höfðahreppur 0.5%.
Hofsóshreppur 0.5%.
Dalvíkurhreppur 0.75%.
Hríseyjarhreppur 1.2%.
Raufarhafnarhreppur 0.8%.
Þórshafnarhreppur 0.5%.
Vopnafjarðarhreppur 1%.
Borgarfjarðarhreppur 0.5%.
Eskifjarðarhreppur 0.5%.
Búðahreppur 0.45%.
Búlandshreppur 1%.
Hafnarhreppur 0.5%.
Grindavíkurhreppur 1%.
Hafnahreppur 1%.
Miðneshreppur 1%.

Samband íslenzkra sveitarfélaga og fulltrúafundur kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi hafa lagt til, að 2. mgr. 10. gr. verði numin úr gildi. Í þessu sambandi má nefna sem dæmi síldarsöltun á nokkrum stöðum. Á Siglufirði er greitt 1.2%, á Húsavík 0.75%, á Raufarhöfn 0.8%, á Vopnafirði 1.0%, í Neskaupstað 0.9%, en á Seyðisfirði, þar sem aðstaðan til síldarsöltunar er nú hvað mest eftirsótt, aðeins 0.5%.

Um 3. gr.

Skattstjórinn í Reykjavík hefur annazt álagningu landsútsvara samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

Um 4. gr.

Breyting sú, sem hér um ræðir, er gerð til samræmis við þá framkvæmd, sem orðið hefur og ákveðin hefur verið með reglugerð.

Um 5. og 6. gr.

Greinar þessar fjalla um þá meginbreytingu, sem felst í frumvarpi þessu og áður er getið.

Reynsla síðustu ára hefur sýnt, að sveitarfélögin hafa nærri að segja undantekningarlaust veitt meiri eða minni afslátt frá hinum lögfestu útsvarsreglum. Mjög óvíða hefur afsláttur numið minna en 10% og flestir kaupstaðir og kauptún hafa veitt afslátt, sem numið hefur frá 15% til 30%, og einstaka meiri afslátt. Í sveitahreppum hefur afsláttur þessi verið mun meiri eða jafnaðarlega frá 40% og upp í 60%. Örfáir hreppar hafa veitt nokkru minni afslátt, en þó nokkrir hreppar hærri afslátt en 60% og jafnvel allt að 80%. Þessar staðreyndir benda eindregið í þá átt, að breyta þurfi gildandi útsvarsreglum. Hinir miklu afslættir, sem gefnir hafa verið, hafa enn fremur raskað eðlilegu samræmi í útsvarsálagningunni, þeim í óhag, sem hafa lágar tekjur eða stóra fjölskyldu.

Í núgildandi lögum er veittur afsláttur af útsvari vegna fjölskyldustærðar. Þess í stað er lagt til, að veittur verði frádráttur frá tekjum, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Enn fremur er í núgildandi lögum heimild til þess að veita hverjum gjaldanda 800 króna frádrátt frá útsvari. Þessi heimild hefur óvíða verið notuð, þrátt fyrir það, að afsláttur frá reglunum hefur verið gefinn, allt að 80%. Virðist því rétt að afnema þá heimild, þar sem gert er ráð fyrir ákveðnum frádrætti, sem öll sveitarfélög eru bundin við.

Í núgildandi lögum eru gjaldþrep útsvarsstiga átta, en hér er lagt til, sbr. 6. gr. frumvarpsins, að þeim verði fækkað í tvö. Ákvæði 5. og 6. gr. frumvarpsins munu gera álagningu útsvara auðveldari og einfaldari í framkvæmd.

Ákvæði 5. og 6. gr. frumvarpsins leiða til þess, að útsvör þeirra, sem hafa marga að framfæra eða hafa lágar tekjur, lækka verulega frá því, sem verið hefur.

Til fróðleiks eru hér birtar eftirfarandi töflur, sem sýna samanburð á útsvarsálagningu samkvæmt gildandi lögum og álagningunni eins og hún yrði, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Nettótekjur	Útsvör skv. gildandi útsvarsreglum	Útsvör skv. frv.
Einhleypingar:		
30 000	2 400	800
50 000	6 000	4 300
70 000	10 100	7 700
90 000	14 300	12 600
100 000	16 400	15 100
110 000	18 500	17 600
150 000	28 200	27 500
200 000	40 400	39 700

Nettótekjur	Útsvör skv. gildandi útsvarsreglum	Útsvör skv. frv.
Hjón:		
30 000	1 700	0
50 000	5 300	2 400
70 000	9 400	5 800
90 000	13 600	9 700
100 000	15 700	12 300
120 000	20 200	17 300
150 000	27 600	24 700
200 000	39 700	36 800
Hjón með 2 börn:		
40 000	1 700	0
50 000	3 500	700
70 000	7 700	4 100
100 000	14 000	9 700
120 000	18 600	14 800
140 000	23 500	19 600
170 000	30 800	26 900
200 000	38 100	34 300
Hjón með 3 börn:		
50 000	2 600	0
70 000	6 700	3 300
100 000	13 000	8 500
120 000	17 600	13 500
130 000	20 000	15 900
150 000	24 900	20 800
170 000	29 800	25 700
200 000	37 100	33 000

Svo sem töflur þessar sýna, munu reglur þær, sem frumvarp þetta hefur að geyma, gefa sveitarfélögunum yfirleitt lægri útsvarstekjur en núgildandi álagningarreglur gera. Það verður því að gera ráð fyrir því, að afsláttur frá útsvarsstiga verði minni en nú er. Jafnvel verður að ætla, að nokkur sveitarfélög verði að bæta við, samkvæmt ákvæðum 34. gr. Ekki er þó ástæða til að búast við því, að almennt verði þörf fyrir slíkt álag.

Um 7. gr.

Samkvæmt 34. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga skal hækka hvert útsvar að réttri tiltölu, ef niðurjöfnun leiðir í ljós, að útsvör reynast lægri en fjárhagsáætlunin segir til um. Þó má slík hækkun útsvara eigi fara fram úr 30%. Með þessu frumvarpi er lagt til, að hámarkið sé ákveðið 20% í stað 30%.

Síðan lögin um tekjustofna sveitarfélaga voru sett, hefur ekkert sveitarfélag notað heimild 34. gr. til hækkunar á útsvörum. Þó að reglur frumvarpsins muni gefa nokkru lægri útsvör í heild til sveitarfélaganna en núgildandi reglur, þykir mögulegt að lækka hækkunarheimild 34. gr. svo sem áður segir. Að vísu má búast við, að einstök sveitarfélög nái ekki þeirri útsvarsupphæð, sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir án álags, en mjög fá, ef nokkur, sveitarfélög munu þurfa hærra en 20% álag. Ef svo færi, þá koma til framkvæmda ákvæði 15. gr. d. um aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, en ráðuneytið getur þá sett það skilyrði fyrir aukaframlagi, að sveitarstjórn hafi notað heimildir til hækkunar fasteignaskatts og til innheimtu aðstöðugjalds.

Um 8. gr.

Lagt er til að ákvæðin um úrskurð ráðherra, sbr. 65. gr. laga nr. 69/1962, falli niður. Nánari grein er gerð fyrir þessari breytingu í athugasemdum við 1. gr.

Vegna þeirra meginbreytingar, sem gerð var með lögum nr. 69/1962, um það, að skattstjórar leggi á útsvör í stað niðurjöfnunarnefnda eins og áður var, þykir eðlilegt að ákveða, að sveitarfélögin endurgreiði beinan útlagðan kostnað, sem leiðir af starfi skattstjóranna fyrir sveitarfélögin í sambandi við álagningu útsvara og aðstöðugjalda.

Um 9.—10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sjá athugasemdir um 2. tölul. í inngangi athugasemda og um 2. gr.

Ed. 452. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Börn innan 16 ára aldurs, sem eru á framfæri foreldra sinna (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra) eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra, að undanskildum vöxtum af eignarskattfrjálsum innstæðum, sbr. 2. mgr. 21. gr. Ef hreinar tekjur barns nema meira en 13000 kr., er þó skattstjóra heimilt að ákveða því skatt sem sjálfstæðum skattþegni, enda komi fram tilmæli um það frá foreldrum. Hjá foreldrum skal þó alltaf telja til tekna 13000 kr. af tekjum barnsins, en hjá barninu það, sem umfram er.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

Eignir barna innan 16 ára aldurs teljast með eignum foreldra (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra) að undanskildum eignarskattfrjálsum innstæðum, sbr. 1. mgr. 21. gr. Heimilt er þó skattstjóra að ákveða börnum sérstaklega eignarskatt, ef tilmæli koma fram um það frá foreldrum, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

2. gr.

Aftan við F.-lið 1. mgr. 7. gr. bætist nýr málsliður svo hljóðandi:

Fjármálaráðherra er þó heimilt að ákveða, fyrir eitt ár í senn, að vinningar í tilteknum happdrættum teljist ekki til skattskyldra tekna, enda sé öllum ágóðanum af happdrættunum varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

3. gr.

Í stað orðanna „20000 kr.“ í A-lið 13. gr. komi: 26000 kr.

4. gr.

16 gr. orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér í landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 65000 kr.

B. Fyrir hjón 91000 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 45500 kr. hjá hvoru.

C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 13000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv 1. mgr. upphæð er nemur 13000 kr. að viðbættum 2600 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52 gr.

5. gr.

I.-liður 25. gr. orðist svo:

Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3. og 4. gr. og 6. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:

Af fyrstu 30000 kr. skattgjaldstekna greiðist 10%
Af 30000—50000 kr. greiðist 3000 kr. af 30000 kr. og 20% af afgangi.
Af 50000 kr. og yfir greiðist 7000 kr. af 50000 kr. og 30% af afgangi.

6. gr.

Í stað 3. mgr. 36. gr. komi tvær nýjar málgreinar svo hljóðandi:

Hvenær sem skattstjóri telur þess þörf, getur hann krafizt þess, að framteljendur leggi fram bókhaldsgögn sín, þar með talin verzlunarbréf og samningar, til athugunar, er framtal er sannreynt eða endurskoðað.

Vegna rannsókna skv. lögum þessum hefur ríkisskattstjóri og þeir menn, sem hann felur rannsóknarstörf, aðgang að bókun og bókhaldsgögnum, þar með talin verzlunarbréf og samningar, framtalsskyldra aðila, svo og allra stofnana, félaga og annarra aðila, sem ekki eru framtalsskyldir, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir. Enn fremur aðgang að starfsstöðum og birgðageymslum þessara aðila, svo og heimild til að taka skýrslur af þeim eða fyrirsvarsmönnum þeirra.

7. gr.

37. gr. orðist svo:

Þegar framtalsfrestur er liðinn, skal skattstjóri leggja tekjuskatt og/eða eignarskatt á gjaldanda samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar reikningsskekkjur í framtali svo og einstaka liði, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Enn fremur er skattstjóra heimilt að leiðrétta einstaka liði, ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattþegni strax viðvart um slíkar breytingar. Nú er framtalsskýrsla eða einstakir liðir hennar ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg eða skattstjóri telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hann þá skora á framteljanda að láta í té skýringar eða gögn, er á skortir, innan ákveðins tíma, og er framteljanda skylt að verða við áskorun skattstjóra. Ef skattstjóri fær fullnægjandi svar, leggur hann skatt á samkvæmt framtali og framkomnum skýringum, sbr. þó 47. gr. Fáist eigi fullnægjandi svar, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattþegns eftir beztu vitund og ákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó einnig 47. gr. Niðurstöðu skal jafnan tilkynna skattþegni skriflega. Ef eigi er kunnugt um dvalarstað framteljanda eða

umboðsmanns hans, má skattstjóri, ef svo er ástatt sem í 3. málsl. þessarar mgr. segir, áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

Telji skattþegn eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, sbr. 1. mgr. 35. gr., skal skattstjóri áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri, sbr. þó 47. gr.

Hafi skattstjóri grun um, að veruleg skattsvik hafi verið framin, skal hann senda ríkisskattstjóra skýrslu um málið. Þegar ríkisskattstjóra hefur borizt slík skýrsla, skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

8. gr.

2. og 3. mgr. 38. gr. orðist svo:

Nú hefur skattþegn eigi talið fram til skatts og skattar því áætlaðir, en síðar kemur í ljós, að áætlun hefur verið of lág, svo og ef skattþegni hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum, og skal þá reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra aftur í tímann en 6 ár. Sama gildir, ef skattþegn vantar á skrá.

Þegar skattur er reiknaður að nýju skv. þessari gr. skal gæta ákvæða 37. gr., eftir því sem við á, og veita skattþegni færi á að kæra skattálagninguna, sbr. 40. og 41. gr. Beita má viðurlögum skv. 47. gr. svo og sektum skv. 1. mgr. 48. gr.

9. gr.

1. málsl. 40. gr. orðist svo:

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn, og getur hann þá sent skriflega kæru sína yfir því til skattstjóra eða umboðsmanns skattstjóra innan 14 daga frá því er skattskrá er lögð fram.

10. gr.

1. mgr. 41. gr. orðist svo:

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar. Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera 21 dagur frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra.

11. gr.

Í stað 2. mgr. 42. gr. komi tvær nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga þessara svo og annarra laga um skatta og gjöld, sem álögð eru af skattstjórum. Getur hann í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra, lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 36. gr. greinir.

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir skv. lögum þessum, eftir nánari ákvörðun ríkisskattstjóra.

12. gr.

47. gr. orðist svo:

Nú bætir skattþegn úr göllum á framtali sínu, sbr. 5. málsl. 1. mgr. 37. gr., og er þá skattstjóra heimilt, þrátt fyrir það, að bæta allt að 15% við þær tekjur og/eða eign, sem skattþegn kann að hafa undanfellt í framtali sínu.

Bæti skattþegn eigi úr göllum á framtali sínu, sbr. 6. málsl. 1. mgr. 37. gr., skal skattstjóri bæta 25% við þær tekjur og/eða eign, sem hann áætlar, að skattþegn hafi undanfellt í framtali sínu.

Telji skattþegn eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, sbr. 1. mgr. 35. gr., en framtalsskýrsla hans barzt áður en skattskrá er lögð fram, skal skattstjóri bæta 25% við þær tekjur og/eða eign, sem hann áætlar skattþegni, sbr. 2. mgr. 37. gr.

Nú telur skattþegn eigi fram áður en skattskrá er lögð fram og skal þá skattstjóri bæta 25% við þær tekjur og/eða eign, sem hann áætlar skattþegni, sbr. 2. mgr. 37. gr.

Nú kærir skattþegn ákvörðun skattstjóra, skv. 6. málsl. 1. mgr. 37. gr., sbr. 2. mgr. þessarar gr., til skattstjóra innan tilskilins kærufrests, og bætir þar úr göllum á framtali sínu og skal þá miða skattmat við það, sem rétt virðist skv. þá framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 20% viðurlögum við þær tekjur og/eða eign, sem ákvarðað er að hafi verið undanfelldar á framtali. Nú er eigi bætt úr göllum á framtali fyrr en við kæru til ríkisskattanefndar og skal þá miða skattmat við það, sem rétt virðist skv. þá framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 25% viðurlögum við þær tekjur og/eða eign, sem ákvarðað er að hafi verið undanfelldar á framtali.

Framtal skattþegns, sem berst eftir lok framtalsfrests, en áður en skattskrá er lögð fram, skal tekið sem kæra til skattstjóra, hvort sem skattþegn kærir álagningu eða ekki, og skal þá miða skattmat við þær tekjur og/eða eign, sem réttar virðast skv. þá framkomnum gögnum og rökum. Má þá lækka viðurlög þau, sem um ræðir í 3. mgr. þessarar gr., í 15% af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eign.

Nú sendir skattþegn framtal með kæru til skattstjóra og skal þá miða skattmat við þær tekjur og/eða eign, sem réttar virðast skv. framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 20% viðurlögum af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eign. Nú sendir skattþegn framtal með kæru til ríkisskattanefndar og skal þá miða skattmat við þær tekjur og/eða eign, sem réttar virðast skv. framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 25% viðurlögum af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eign.

Fella má niður viðurlög skv. þessari grein, ef skattþegn færir rök að því, að honum verði eigi kennt um galla á framtali, að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því, að hann bætti eigi úr göllum á framtali, gerði framtalsskýrslu, eða hún kæmi til skila á réttum tíma.

13. gr.

48 gr. orðist svo:

Nú skýrir skattþegn af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta skattþegn, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífalda skattupphæð þá, sem áætlun var of lág, ef skattur er reiknaður að nýju skv. 2. mgr. 38. gr. Eigi má þó reikna skattsekt skv. þessari mgr. lengra aftur í tímann en 6 ár, sbr. 38. gr. Ríkisskattstjóri ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi gefur skattayfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem varða skattframtöl annarra aðila eða gegnir eigi skyldu sinni skv. 36. gr., skal sekur um allt að helming af þeirri fjárhæð, sem undan skyldi draga með hinum röngu eða villandi upplýsingum eða fellt var undan að gefa upplýsingar um. Ríkisskattstjóri ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Hver sá, sem í atvinnuskyni aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda, skal sekur um allt að helming þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinni röngu eða villandi skýrslugjöf. Ríkisskattstjóri ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot skv. 1., 3. og 4. mgr. þessarar gr. má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggi ekki þyngri refsing við brotunum skv. hinum almennu hegningarlögum.

14. gr.

50. gr. orðist svo:

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni skv. 36. gr. eða skorast undan að láta þar nefndar upplýsingar, skýrslur og gögn af hendi og skal þá ríkisskattstjóri skera úr um skilaskylduna og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

Skiptaráðendur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra, gefa skattstjóra skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meira en 10000 kr.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1963.

16. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 70 1962, og gefa lögin um tekjuskatt og eignarskatt út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Lagt er til, að innstæður barna í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, svo og vextir af þeim innstæðum, verði skattfrjálsar án tillits til skulda foreldra.

Þá er lagt til, að heimildin, til þess að börn verði talin sjálfstæðir skattþegnar, verði við það bundin, að *hreinar tekjur* þeirra nemi meira en 13000 kr. í stað þess, að í lögunum er miðað við 10000 kr. *árstekjur*. Hér er um staðfestingu á framkvæmdavenju að ræða, en hækkunin er gerð með hliðsjón af þeim breytingum, sem lagt er til að gerðar verði á fjölskyldufrádrætti, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Enn fremur er lagt til, að fyrstu 13000 kr. af tekjum barns, sem gert verður sjálfstæður skattþegn, séu ætíð taldar með tekjum foreldra. Er þetta staðfesting á framkvæmdarvenju og í samræmi við það, að nemi hreinar tekjur barns 13000 kr. eða minna, þá skuli þær ávallt teljast með tekjum foreldra.

Þá er og lagt til, að einungis þær tekjur, sem eru umfram 13000 kr., séu taldar til tekna hjá barni, sem gert hefur verið sjálfstæður skattþegn. Hér er um nýmæli að ræða, þar sem allar tekjur barnsins voru áður taldar hjá því.

Um 2. gr.

Lagt er til, að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að undanþiggja vinninga í tilteknum happdrættum frá skattskyldum tekjum. Undanþáguna má eigi veita lengur en til eins árs í senn og það skilyrði sett, að öllum ágóða af slíkum happdrættum sé varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

Í fskj. A er skrá um þá aðila, sem á undanförnum árum hafa fengið heimild til skattfrelsis af vinningum happdrætta, með sérstökum lögum.

Um 3. gr.

Með hliðsjón af breytingum skv. 4. gr. er lagt til, að frádráttur vegna heimilisstofnunar verði hækkaður samsvarandi.

Um 4. gr.

Með hliðsjón af breytingum á kaupgjaldi þykir rétt að leggja til, að fjölskyldufrádráttur verði hækkaður um 15000 kr. fyrir einstakling, um 21000 kr. fyrir hjón og um 3000 kr. fyrir hvert barn.

Í 3. mgr. er lagt til, að felld verði niður ákvæði um frádrátt handa einstaklingum, sem halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, aðra en börn, þar sem ákvæði

um frádrátt vegna slíkra skylduómaga eru í 4. tl. 1. mgr. 52. gr. laganna, enda hefur slíkur frádráttur ekki verið veittur skv. þessari mgr. Enn fremur er lagt til, að grunnfrádrátturinn vegna heimilishalds einstæðs foreldris verði 13000 kr. í stað 10000 kr. og frádráttur að auki vegna hvers barns verði 2600 kr. í stað 2000 kr.

Um 5. gr.

Skv. gildandi lögum eru þrepin í skattstiganum sex, þ. e. 5%, 10%, 15%, 20%, 25%, og 30%. Hér er lagt til, að þeim verði fækkað í þrjú, sem sé 10%, 20% og 30% og mun það gera skattálagninguna einfaldari í framkvæmd.

Ákvæði 4. og 5. gr. frumvarpsins munu hafa í för með sér verulega lækkun á skatti á lágum tekjum og meðaltekjum og sér í lagi hjá fjölskyldufólki. Lækkun þessi tekur til allra, nema einstaklinga með 140 þús. kr. nettótekjur eða hærri, þar verður skattur óbreyttur.

Rétt þykir að setja fram nokkur dæmi til skýringar þessu máli, sbr. fskj. B.

Um 6. gr.

Lagt er til, að 3. mgr. 36. gr. laganna verði breytt þannig, að heimildir ríkiskattstjóra til rannsókna hjá framteljendum verði rýmkaðar, m. a. verði honum heimilað að taka skýrslu af framteljendum og/eða fyrirsvarsmönnum þeirra. Eru ákvæði þessi í meginatriðum hliðstæð ákvæðum 15. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt. Enn fremur eru ríkisskattstjóra veittar samsvarandi heimildir til rannsókna hjá aðilum, sem ekki eru framtalsskyldir. Verður að telja slíkt nauðsynlegt, til þess að unnt sé að sannreyna framtöl og aðrar skýrslur til skattyfirvalda og kanna efnahag gjaldþegna.

Um 7. gr.

1. og 2. mgr. er efnislega óbreytt frá lögunum, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að viðurlögum verði beitt skv. 12. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er lagt til, að hafi skattstjóri grun um, að veruleg skattsvik hafi verið framin, þá hefji hann ekki rannsókn sjálfur, heldur sendi skýrslu um málið til ríkisskattstjóra, sem síðan tekur nánari ákvarðanir um meðferð þess. Nauðsynlegt er, að slíkar rannsóknir séu samræmdar og skipulagðar. Þess er og ekki að vænta, að hver einstakur skattstjóri hafi starfsliði á að skipa til umfangsmikilla bókhaldsskoðana, en hins vegar til þess ætlazt, að ríkisskattstjóri hafi þjálfaða starfsmenn til slíkra rannsókna, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Lagt er til, að tímatakmark það, sem um ræðir í 2. mgr. 38. gr. laganna verði lengt úr 4 árum í 6 ár, til samræmis við tímatakmarkið í 1. mgr. sömu gr. laganna.

Hin sérstöku viðurlagaákvæði, sem voru í 2. mgr. 38. gr. laganna eru flutt í 3. mgr. sömu gr. laganna og þar gert ráð fyrir að beita megi viðurlagaákvæðum 12. og 13. gr. frumvarpsins eftir því, sem við á.

Þá er og bætt við að gæta skuli ákvæða 37. gr. laganna, þegar um álagningu vangreidds skatts er að ræða, þannig að skattþegni gefist kostur á að koma að skýringum og gögnum áður en skatthækkun er ákveðin.

Um 9. gr.

Skv. 40. gr. laganna, er kærufrestur til skattstjóra eða umboðsmanns skattstjóra 30 dagar í öllum skattumdæmum, nema í Reykjavík, þar er kærufresturinn 15 dagar. Lagt er til, að kærufrestur verði hinn sami um land allt og er fresturinn styttur í 14 daga frá því er skattskrá er lögð fram, enda virðist það nægilegur tími, þegar litið er til samgangna nú. Þá er fresturinn ákveðinn í samræmi við kærufrest yfir gjöldum til sveitarfélaga, sbr. 51. og 52. gr. laga nr. 69/1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Samkvæmt vegáætlun verða þjóðbrautir alls 2857.3 km eða um 31% af þjóðvegakerfinu. Fjárveitingar til þeirra vega, sem nú verða þjóðbrautir, voru á s. l. ári svo sem hér segir:

Í fjárl. 13. gr. A II a	6.475	millj. kr.
— — 13. — A II c endurbyggingarfé	0.570	— —
— — 13. — A II d millibyggðafé	4.500	— —
— — 13. — A II e samgöngubótafé	1.795	— —
Alls	13.340	millj. kr.

Fjárveiting í ár að uppphæð kr. 23 millj. kr. myndi skiptast þannig:

1. Til greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánum samkv. framkvæmdaáætlun 1963		4.685	millj. kr.
2. Til greiðslu bráðabirgðalána:			
a. Fyrirframgreiðslur úr ríkissjóði	1.450		
b. Bráðabirgðalán úr héraði	5.150		
		6.600	— —
3. Til nýrra framkvæmda í ár		11.715	— —
Alls		23.000	millj. kr.

Það skal tekið fram, að upphæð bráðabirgðalána úr héraði er ekki nákvæm tala, þar sem reikningsskilum er ekki enn lokið.

3. Til landsbrauta.

Samkvæmt vegáætlun verða landsbrautir alls 6275.5 km eða um 68% af þjóðvegakerfinu.

Fjárveitingar til þeirra vega, sem nú teljast til landsbrauta, voru á s. l. ári svo sem hér segir:

Í fjárl. 13. gr. A II a	14.005	millj. kr.
— — 13. — A II c endurbyggingarfé	0.230	— —
— — 13. — A II d millibyggðafé	0.600	— —
— — 13. — A II e samgöngubótafé	3.605	— —
Alls	18.440	millj. kr.

Fjárveiting í ár að uppphæð 24.595 millj. kr. myndi skiptast þannig:

1. Til greiðslu bráðabirgðalána:
   a. Fyrirframgreiðslur úr ríkissjóði 1.850
   b. Bráðabirgðalán úr héraði 13.350
   ——— 15.200 millj. kr.
2. Til nýrra framkvæmda ..... 9.395 — —

Alls 24.595 millj. kr.

Um bráðabirgðalán til landsbrauta gildir sama og um sömu lán til þjóðbrauta, að hér er ekki um nákvæmar upphæðir að ræða.

IV. Til fjallvega, reiðvega og ferjuhalds.

1. Til aðalfjallvega.

Aðalfjallvegir skv. vegáætlun eru alls 444 km. Til þessara vega var á s. l. ári varið 325 þús. kr. af fjallvegafé. Á sérstökum lið í fjárl. 1963 var 350 þús. kr. fjárveiting til kláfferju á Tungnaá. Er hér lagt til, að heildarfjárveiting þessi verði 1.3 millj. kr. Þar af mun þurfa til kláfferjunnar á Tungnaá 900 þús. kr. Aukning á framkvæmdafé umfram kláfferjuframlagið yrði aðallega til lagfæringar á Sprengisandsleið og til þess að mæta verðhækkunum.

2. Til annarra fjallvega.

Til fjallvega. sem ekki verða þjóðvegir eða aðalfjallvegir skv. vegáætlun, voru á s. l. ári veittar 505 þús. kr. og að auki 140 þús. kr. til vegar um Lyngdalsheiði, sem kemur til endurgreiðslu í ár. Með 800 þús. kr. framlagi yrði rétt haldið í horfinu miðað við verðhækkanir. Geta má þess, að þegar hefur borizt fjöldi umsókna um framlag af fjallvegafé.

3. Til reiðvega.

Hér er lagt til, að tekin verði í vegáætlun 200 þús. kr. fjárveiting til reiðvega skv. 46. gr. vegalaga. Borizt hafa óskir frá Landssambandi hestamanna um 200 þús. kr. framlag í þessu skyni, og er því hér gerð tillaga um að mæta þessum óskum.

4. Til ferjuhalds.

Gerð er tillaga um 15 þús. kr. fjárveitingu eins og verið hefur í fjárlögum undanfarin ár til greiðslu kostnaðar við lögferjur, sem eru nú mjög fáar orðnar. Af þessu fé hefur ferjuhald yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi verið styrkt nokkuð.

V. Til brúargerða.

1. Til stórbrúa.

Lagt er til, að framlag til stórbrúa verði 13.0 millj. kr. í ár og því fé varið á sama hátt og fé brúasjóðs áður. Tekjur brúasjóðs á s. l. ári urðu 10.4 millj. kr., en af þeirri upphæð fara um 600 þús. kr. til greiðslu á umframeyðslu á því ári. Til ráðstöfunar hefðu því í ár orðið 9.8 millj. kr. Er því hér um 25% hækkun að ræða.

2. Til brúa 10 m og lengri.

Fjárveiting til þessara brúa var á s. l. ári 10.705 millj. kr. og er endurbyggingafé gamalla brúa þá meðtalið. Tillagan um 12.0 millj. kr. fjárveitingu er samsvarandi upphæð og s. l. ár, þegar tekið er tillit til verðhækkana við brúargerðir, sem er um 12%.

Af þessari upphæð munu 2.2 millj. kr. ganga til greiðslu á fyrirframgreiðslum úr ríkissjóði, bráðabirgðalánum af geymslufé annarra brúa og lána úr héraði.

3. Til smábrúa.

Tillaga er hér gerð um 6.0 millj. kr. fjárveitingu og er það 50% hærri upphæð en í fjárlögum s. l. ár. Af þessari upphæð ganga um 2 millj. kr. til greiðslu kostnaðar við smábrýr, sem byggðar voru á s. l. ári gegn væntanlegri fjárveitingu í ár.

VI. Til sýsluvegasjóða.

Samkvæmt manntali 1. des. 1963 var íbúafjöldi í sýslum landsins alls 60 273. Framlag hvers íbúa skv. 21. gr. verður kr. 85.02, þar sem kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins var 1. des. 1963 kr. 28.34. Miðað við framangreindan íbúafjölda yrðu tekjur sýsluvegasjóða af þessum lið 5.12 millj. kr. Tekjur skv. 23. gr. nema alls 463 þús. kr. Með þessu móti verða heildartekjurnar úr héraði 5.58 millj. kr. og ætti þá ríkisframlagið að verða rétt liðlega 11 millj. kr., eða sama upphæð og vegalaganefnd hafði reiknað með.

Hins vegar kemur í ljós, að í flestum sýslum vilja kauptún, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, beita ákvæðinu í 26. gr. um að láta helming sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð. Sá fólksfjöldi, sem þannig dregst frá heildaríbúatölu sýslnanna, nemur um 8600 manns og verður þá framlagið skv. íbúatölu um 4.4 millj. kr. Fasteignaframlagið skv. 23. gr. lækkar trúlega eitthvað af kauptúnunum, sem falla undir 26. gr., en heildaryfirlit yfir það hefur ekki fengizt. Samkvæmt þessu verður framlag sýslnanna um 4.86 millj. kr. og framlag ríkisins tæpar 10 millj. kr. eða 1 millj. kr. lægri upphæð en reiknað hefur verið með. Þar sem nokkur óvissa er um frádrátt kauptúnanna skv. 26. gr. er hér lagt til, að miðað verði við 10.0 millj. kr. framlag til sýsluvegasjóða í vegáætlun og úthlutun skv. reglugerð verði miðuð við þá upphæð í ár.

VII. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Samkvæmt 32. gr. skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum vera 12½% af heildartekjum vegamála ár hvert. Sömuleiðis skal ½% af heildartekjum til vegamála ganga til tilraunastarfsemi við vega- og gatnagerð skv. 96. gr.

Heildartekjur vegamála verða skv. tekjuáætlun í ár 242.1 millj. kr.

Samkvæmt framansögðu verður hluti kaupstaða og kauptúna:

12½% af 242.1 millj. kr.	=	30 262 500 kr.
Til tilrauna skv. 96 gr. ½% af 242.1 millj. kr. ...	=	1 210 500 —
Samtals af óskiptu	=	31 473 000 kr.

Samkvæmt manntali Hagstofunnar 1. des. 1963 voru íbúar í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa, svo sem hér segir:

Reykjavík	76 057	íbúar
Kaupstaðir	50 058	—
Kauptún yfir 300 íbúa (39 alls)	25 730	—
Alls	151 845	íbúar

Samkvæmt 34. gr. skal 10% af framlagi til kaupstaða og kauptúna haldið eftir, og koma því til skipta 30 262 500 ÷ 10% = 27 236 250 kr. eða

$$\frac{27\,236\,250}{151\,845} = 179.37 \text{ kr./íbúa.}$$

VIII. Til véla- og áhaldakaupa.

1. **Til véla- og verkfærakaupa.**

Lagt er til, að fjárveiting á þessum lið verði 11.0 millj. kr. Í fjárlögum 1963 var fjárveiting til vélakaupa 2.770 millj. kr. og til verkfærakaupa 95 þús. kr. eða samtals 2.865 millj. kr. Af þessari upphæð gengu á s. l. ári 1.8 millj. kr. til greiðslu á 5 ára láni hjá sölunefnd varnarliðseigna vegna vélakaupa 1961, sem var að upphæð 7 millj. kr. Voru vélakaup þessi á sínum tíma gerð aðallega vegna Reykjanesbrautar. Af fjárv. á s. l. ári var því aðeins um 1.0 millj. kr. til frjálsra vélakaupa.

Á s. l. ári keypti Vegagerðin vélar fyrir 18 millj. kr. og var um 9.4 millj. kr. af þeirri upphæð erlent lán til eins árs, sem nú hefur fengizt framlengt til 3 ára, þannig að af þessari upphæð koma um 3.2 millj. kr. til greiðslu í ár. Þá hefur Vegagerðin samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins fest kaup á vélum út á lán frá Eximbankanum í Bandaríkjunum að upphæð 160 þús. dollara eða um 9.6 millj. kr. Enn fremur önnur óhjákvæmileg vélakaup fyrir um 2.8 millj. kr. Alls nema þegar gerðar skuldbindingar Vegagerðarinnar vegna vélakaupa í ár eftirfarandi upphæðum:

Sölunefnd varnarliðseigna	1.8 millj. kr.
Greiðslur vegna vélakaupa 1963	3.2 — —
Vélakaup fyrir Eximb.lán	9.6 — —
Önnur vélakaup 1964	2.8 — —
Alls	17.4 millj. kr.

Þar sem Vegagerðin mun ekki geta staðið straum af nema um 6 millj. kr. til vélakaupa af afskriftafé, er óhjákvæmilegt, að fjárveiting til vélakaupa verði 11 millj. kr. í ár, þar sem til viðbótar bætist greiðsla á 3.0 millj. kr. fyrirframgreiðslu úr brúasjóði á s. l. ári vegna vélainnkaupanna 1963.

2. **Til bókasafns verkamanna.**

Fjárveiting þessi er hin sama og var í fjárlögum 1963.

IX. Til tilrauna við vega- og gatnagerð.

Þessi upphæð er skv. 96. gr. ½% af heildartekjum vegamála í ár, sbr. útreikning við lið VII.

X. Iðgjald til slysatrygginga.

Upphæð þessi er miðuð við dagsverkafjölda við framkvæmdir á s. l. ári og er sem næst 0.37% af heildarfé til beinna framkvæmda á því ári.

XI. Gjöld skv. lögum um orlof verkamanna.

Upphæð þessi er miðuð við reynslu s. l. árs og áætlað framkvæmdafé í ár. Af hagkvæmnisástæðum er heppilegra að hafa orlofsfé sem sérstaka fjárveitingu frekar en að telja það með fjárveitingum til einstakra framkvæmda.

XII. Atvinnuleysistryggingagjöld.

Gjald þetta er lögbundið og greiðist eftir á eins og iðgjald til slysatrygginga og nemur tæpum helmingi af því gjaldi eða um 0.18% af öllu framkvæmdafé.

III. UM FLOKKUN VEGA

Við flokkun þjóðvega samkv. 12. gr. vegalaga nr. 71/1963 og bráðabirgðaákvæði sömu laga um það, að enginn vegur skuli falla úr þjóðvegatölu næstu fimm ár eftir gildistöku laganna, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals, hefur eftirfarandi reglum verið fylgt:

1. Fyrst eru taldir upp eftir kjördæmum allir þeir vegir, sem vera skuli þjóðvegir á áætlunartímabilinu í samræmi við ofangreind ákvæði án tillits til þess, hvort þeir eiga að vera hraðbrautir, þjóðbrautir eða landsbrautir. Hver vegur er merktur með bókstaf, er tilgreinir kjördæmið, svo og númeri.

   Við skilgreiningu á vegi er fylgt sömu reglum og voru í vegalögunum 1955. Í athugasemdum er gerð grein fyrir því, hvort skilgreiningin er sú sama og var í gömlu lögunum eða hvort vegur hefur fengið nýtt nafn eða hvort um nýjan veg er að ræða.

   Þar sem þjóðvegur er talinn byrja eða enda í kaupstað eða kauptúni með yfir 300 íbúa er aðeins nefnt nafn staðarins. Þar sem enn hefur eigi unnizt tími til þess að semja reglugerð samkv. 30. gr. um það hvaða vegir í kaupstöðum og kauptúnum skuli teljast þjóðvegir hefur ekki verið talið fært að ákveða þessi mörk við skilgreiningu vega í vegáætlun.

   Af þessum ástæðum hefur á yfirliti um lengd einstakra þjóðvega verið miðað við þau mörk, sem giltu samkv. vegalögunum frá 1955 og lengd þeirra þjóðvega, sem verða innan kaupstaða og kauptúna því ekki talin með í heildaryfirliti um lengd vegakerfisins. Þegar vegáætlun fyrir 1965—1968 verður lögð fram á hausti komanda verður samningu reglugerðar samkv. 30. gr. lokið og þá hægt að ákveða þjóðvegamörkin við kaupstaði og kauptún í vegáætlun nánar ef ástæða þykir til. Á yfirliti yfir lengd þjóðvega í þéttbýli er af þessum sökum miðað við þau mörk sem gilt hafa áður svo og hugmyndir vegalaganefndar.

   Í nokkrum tilvikum hafa verið tekin upp ný nöfn á vegum og þá aðallega til þess, að sameina í einu vegarheiti mismunandi nöfn á einum og sama vegi. T. d. heitir nú Vestfjarðavegur einu nafni vegurinn úr Þorskafjarðarbotni um Barðastrandarsýslu, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu til Ísafjarðar, en þessi vegum hét áður sjö mismunandi nöfnum.

   Reynt hefur verið að láta sama aðalveginn halda sama númeri í hinum ýmsu kjördæmum eins og t. d. Vesturlandsveg, Norðurlandsveg, Austurlandsveg og Suðurlandsveg, sem allsstaðar er nr. 1, sem hinn stóri hringvegur umhverfis landið. Síðar meir er ætlunin að einkenna vegina eingöngu með tölustöfum eins og tíðkast í flestum löndum.

2. Við ákvörðun á því, hvaða vegir skuli koma í þjóðvegatölu, hefur verið fylgt skilgreiningu 12. gr. um landsbrautir. Hins vegar getur oft leikið nokkur vafi á því, hvort einhver sýsluvegur skuli verða landsbraut eða ekki, þar sem upplýsingar um lengd einstakra sýsluvega eru oft næsta ófullnægjandi og einnig leikur nokkur vafi á því hvort einbýli eða tvíbýli eru á einstökum jörðum. Um þessi atriði hefur verið leitazt við að afla sem beztra upplýsinga, en fullnaðarathugun á einstökum vafatriðum verður að bíða næsta sumars og verður þá endanlega hægt að ákveða þessi atriði áður en vegáætlun fyrir 1965—1968 verður lögð fram á hausti komanda.

   Um tengivegi milli aðalvega hefur í aðalatriðum verið fylgt tillögum vegalaganefndar. Víða má í framtíðinni hugsa sér að tengja saman einstaka sýsluvegi og koma þannig á hringvegum, sem við það ættu að komast í þjóðvegatölu sem landsbrautir. Ekki hefur þótt ástæða til þess að gera slíkt hér, þar sem þessi áætlun nær aðeins yfir eitt ár og raunar ástæðulítið að taka slíka

tengivegi inn í vegáætlun fyrr en líkur eru fyrir því að þeir verði lagðir á áætlunartímabilinu.

3. Þeir fjölmörgu vegir, sem komast í tölu þjóðvega sem landsbrautir samkv. undanþáguákvæðum 12. gr. um skóla, kirkjur, félagsheimili o. s. frv., eru taldir upp sérstaklega í lok yfirlits fyrir hvert kjördæmi. Eru þessir vegir þar merktir með aukanúmerum út frá þeim vegi, sem þeir liggja frá. Þessir vegir eru allir innan við 2 km að lengd og er því talið ástæðulaust að skilgreina þá frekar en með nafni þess staðar, sem þeir liggja að, það er skóla, kirkju o. s. frv.
4. Á eftir yfirlitinu yfir þjóðvegi eftir kjördæmum fylgir skrá yfir þá vegi, sem teljast skulu hraðbrautir A—B og þjóðbrautir. Við þessa flokkun er aðeins tilgreint númer þessara vega eins og þeir eru flokkaðir eftir kjördæmum, til þess að komast hjá því að skilgreina þá að nýju.
5. Þá fylgir sérstök skrá yfir aðalfjallvegi og hefur þar verið fylgt tillögum vegalaganefndar.

Framangreind atriði, sem talin eru upp undir liðum 1—5 ættu að nægja, til þess að ljóst sé, hvaða vegir teljast þjóðvegir á áætlunartímabilinu. Til frekari glöggvunar og fróðleiks fylgir með flokkuninni, sem sérstök fylgiskjöl, heildaryfirlit yfir lengd hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta og hve mikið af vegum í hverjum flokki er lagt, rutt eða ekki bílfært. Einnig fylgir sérstakt yfirlit yfir óbrúaðar ár á þjóðvegum, fjöldi bæja, sem hafa ekkert eða ófullkomið vegasamband í hverju kjördæmi. Þá fylgir yfirlit yfir lengingu þjóðvega í hverju kjördæmi við hin nýju vegalög, svo og yfirlit yfir vegi í þéttbýli.

Að lokum fylgir svo heildaryfirlit yfir alla þjóðvegi í árslok 1963 og sams konar yfirlit yfir alla þjóðvegi eins og þeir verða 1. jan. þessa árs samkv. vegáætlun.

Við samanburð á yfirliti um lengd þjóðvega í árslok 1963 og ársbyrjun 1964 samkv. vegáætlun, sést að þjóðvegirnir lengjast úr 8217.8 km í 9263.8 km eða um 1046 km. Lengist því þjóðvegakerfið um 12.8%. Akfærir þjóðvegir lengjast hins vegar úr 7768.1 km í 8628.1 km, það er um 860 km, eða 11%.

Af þeim 1046 km, sem bætast við þjóðvegatölu samkv. vegáætlun, eru 597.4 km vegir, sem áður voru í sýsluvegatölu en 448.6 km voru áður ýmist fjallvegir eða í engum vegaflokki. Styttast því sýsluvegir úr 2387.8 km samkv. ályktun vegalaganefndar í 1790.4 km samkv. vegáætlun. Hins vegar mun eftir því sem bezt verður séð, bætast í tölu sýsluvega um 412.3 km, sem áður voru í hreppavegatölu. Verða því sýsluvegir væntanlega um 2200 km eða um 8% styttri en áður var.

Það skal þó tekið fram, að hér er aðeins um áætlun að ræða, þar sem sýslunefndir hafa enn ekki endurskoðað samþykktir sýsluvegasjóða samkv. hinum nýju lögum.

Í áliti vegalaganefndar voru sýsluvegir taldir alls 2387.8 km en hreppavegir 1137 km eða sýslu- og hreppavegir samtals 3524.8 km. Hér er þó rétt að benda á, að yfirlitið um lengd hreppaveganna er frá 1958, en yfirlitið um lengd sýsluveganna mun yngra. Er enginn vafi á því að mikið að hreppavegum hefur verið tekið í tölu sýsluvega á tímabilinu frá 1958—1963. Að sjálfsögðu fellur eitthvað af sýsluvegum í tölu einkavega, en það mun þó ekki verða mikið.

Sýsluvegir þeir sem áður voru, styttast um 25%, en við bætast hreppavegir þannig að sýsluvegakerfið verður sem heild um 8% styttra en áður var. Þegar á það er litið að kostnaður við hreppavegina hvíldi áður algjörlega á sveitarfélögunum, þá er það augljóst mál, að með hinum nýju vegalögum batnar aðstaða sýslu- og hreppsfélaga til að halda við sínu vegakerfi stórlega frá því sem áður var.

Fylgiskjal I.

VIÐHALDSKOSTNAÐUR ÞJÓÐVEGA

Ár	Vh.kostn. í millj. kr.		Eyðsla yfir fjárv.		Hlut-fallst. viðh.k.	Lengd akf.þjv. í km	Vh.kostn. á km í kr.	Vh.kostn. á km í kr. miðað við 1949	Bílafj. í ársb.	Vh.kostn. á hvern ekinn km miðað við verðl. 1949 í aur/km
	Fjárv.	Kostn.	í millj. kr.	í % af fjárv.						
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
1949	11.0	13.3	2.3	21.0	100	5350	2480	2480	10520	12.7
1950	12.8	13.9	1.1	8.6	118	5500	2520	2140	10680	11.0
1951	13.8	20.2	6.4	46.4	146	5650	3580	2450	10716	12.9
1952	17.4	19.4	2.0	11.5	168	6000	3230	1920	10634	10.9
1953	21.0	24.0	3.0	14.3	171	6150	3910	2280	10774	13.0
1954	20.5	29.1	8.1	39.5	181	6300	4620	2550	11216	14.3
1955	24.0	26.7	2.7	11.3	190	6500	4110	2160	12193	11.5
1956	29.0	33.4	4.4	15.2	225	7000	4700	2120	15611	9.5
1957	33.0	35.2	2.2	6.7	232	7150	4920	2120	16583	9.3
1958	33.0	41.0	8.0	24.2	270	7400	5540	2050	17802	8.3
1959	41.8	42.9	1.1	2.6	281	7500	5720	2040	18807	8.1
1960	50.0	51.7	1.7	3.4	344	7550	6850	1990	20256	7.4
1961	52.0	54.7	2.7	5.2	382	7600	7200	1875	21631	6.6
1962	58.0	62.1	4.1	7.1	392	7700	8070	2060	23300	6.8
1963	63.0	67.0	4.0	6.3	412	7800	8600	2090	25485	6.4
Fjárl. frv. 1964	70.0				412	7800	8850	2140	28000	6.1
Vegáætl. 1964	85.0				460	8628	9950	2140	29244	6.0

Fylgiskjal II.

Hraðbraut A og B, 1. janúar 1964.

	Ekki bílf. km	Rutt km	Lagt km	Hraðbr. alls km
A. Reykjaneskjördæmi	10.0	58.1	14.8	82.9
B. Vesturlandskjördæmi	0.0	0.0	0.0	0.0
C. Vestfjarðakjördæmi	0.0	0.0	0.0	0.0
D. Norðurlandskjördæmi vestra	0.0	0.0	0.0	0.0
E. Norðurlandskjördæmi eystra	0.0	10.0	0.0	10.0
F. Austurlandskjördæmi	0.0	0.0	0.0	0.0
G. Suðurlandskjördæmi	0.0	38.1	0.0	38.1
Alls	10.0	106.2	14.8	131.0

Fylgiskjal III.

Þjóðbraut, 1. janúar 1964.

Kjördæmi	Ekki bílf. km	Rutt km	Lagt km	Þjóðbr. alls km
A. Reykjaneskjördæmi	0.0	13.5	70.2	83.7
B. Vesturlandskjördæmi	2.0	31.9	393.7	427.6
C. Vestfjarðakjördæmi	32.4	122.7	338.9	494.0
D. Norðurlandskjördæmi vestra	6.0	24.8	321.6	352.4
E. Norðurlandskjördæmi eystra	8.0	127.2	423.1	558.3
F. Austurlandskjördæmi	5.0	286.3	406.4	697.7
G. Suðurlandskjördæmi	12.0	4.7	226.9	243.6
Alls	65.4	611.1	2180.8	2857.3

Fylgiskjal IV.

Landsbraut, 1. janúar 1964.

Kjördæmi	Ekki bílf. km	Rutt km	Lagt km	Landsbr. alls km
A. Reykjaneskjördæmi	11.2	61.0	164.2	236.4
B. Vesturlandskjördæmi	96.4	241.2	707.6	1045.2
C. Vestfjarðakjördæmi	194.1	372.2	496.1	1062.4
D. Norðurlandskjördæmi vestra	28.7	222.0	571.6	822.3
E. Norðurlandskjördæmi eystra	21.8	203.5	528.2	753.5
F. Austurlandskjördæmi	141.2	529.5	404.0	1074.7
G. Suðurlandskjördæmi	65.7	231.4	983.9	1281.0
Alls	559.1	1860.8	3855.6	6275.5

Fylgiskjal V

Bæir, sem hafa ekkert eða ófullkomið vegasamband 1. janúar 1964.

Kjördæmi	Alls ekki akfært	Erfiða á yfir að fara	Akfært á bryggju eða flugv.
A. Reykjaneskjördæmi	0	0	0
B. Vesturlandskjördæmi	1	31	0
C. Vestfjarðakjördæmi	21	3	25
D. Norðurlandskjördæmi vestra	13	23	0
E. Norðurlandskjördæmi eystra	5	5	0
F. Austurlandskjördæmi	5	20	26
G. Suðurlandskjördæmi	3	7	0
Alls	48	89	51

Fylgiskjal VI.

Óbrúaðar ár á þjóðvegum 1. janúar 1964.

	Lengd 4—10 m	Lengd >10 m
A. Reykjaneskjördæmi	2	1
B. Vesturlandskjördæmi	20	4
C. Vestfjarðakjördæmi	56	13
D. Norðurlandskjördæmi vestra	16	5
E. Norðurlandskjördæmi eystra	22	6
F. Austurlandskjördæmi	62	29
G. Suðurlandskjördæmi	9	12
Alls	187	70

Fylgiskjal VII.

Þjóðvegir í þéttbýli 1. janúar 1964.

	Vegur alls km
A. Reykjaneskjördæmi	25.7
B. Vesturlandskjördæmi	7.1
C. Vestfjarðakjördæmi	19.0
D. Norðurlandskjördæmi vestra	10.1
E. Norðurlandskjördæmi eystra	11.3
F. Austurlandskjördæmi	17.2
G. Suðurlandskjördæmi	7.4
Alls	97.8

Fylgiskjal VIII.

Lenging þjóðvega vegna nýju vegalaganna 1. janúar 1964.

	Lenging km
A. Reykjaneskjördæmi	51.8
B. Vesturlandskjördæmi	135.0
C. Vestfjarðakjördæmi	130.9
D. Norðurlandskjördæmi vestra	177.7
E. Norðurlandskjördæmi eystra	152.9
F. Austurlandskjördæmi	150.9
G. Suðurlandskjördæmi	246.8
Alls	1046.0

Fylgiskjal IX.

Yfirlit yfir þjóðvegi í árslok 1963.

Kjördæmi:	Þjóðvegir: Ekki bílf. km	Rutt km	Lagt km	Þjóðv. alls km	Óbrúaðar ár á þjóðv.: 4–10 m	≧10 m	Bæir, sem hafa ekkert eða ófullk. vegasamb.: Alls ekki akfært	Erfiða á yfir að fara	Akfært bryggju eða flug·
A. Reykjaneskjördæmi	11.2	54.2	285.8	351.2	2	1	0	0	0
B. Vesturlandskjördæmi ..	53.7	236.5	1047.6	1337.8	21	5	1	31	0
C. Vestfjarðakjördæmi	194.0	446.2	785.3	1425.5	57	15	21	3	25
D. Norðurlandskjörd. vestra	0.0	352.4	822.3	1174.7	16	5	13	23	0
E. Norðurlandskjörd. eystra	17.1	273.2	878.6	1168.9	16	3	5	5	0
F. Austurlandskjördæmi ..	105.5	732.8	783.2	1621.5	51	21	5	20	26
G. Suðurlandskjördæmi ...	62.6	193.0	1060.3	1315.9	8	8	3	7	0
Alls:	449.7	2121.7	5646.4	8217.8	168	57	48	89	51

Fylgiskjal X.

Yfirlit yfir þjóðvegi 1. jan. 1964.

Kjördæmi:	Þjóðvegir: Hraðbr. A og B km	Þjóðbr. km	Landsbr. km	Þjóðv. alls km	Óbrúaðar ár á þjóðv: 4–10 m	≧10 m	Bæir, sem hafa ekkert eða ófullk. vegasamb.: Alls ekki akfært	Erfiða á yfir að fara	Akfært bryggju eða flug·
A. Reykjaneskjördæmi	82.9	83.7	236.4	403.0	2	1	0	0	0
B. Vesturlandskjördæmi ...	0.0	427.6	1045.2	1472.8	20	4	1	31	0
C. Vestfjarðakjördæmi	0.0	494.0	1062.4	1556.4	56	13	21	3	25
D. Norðurlandskjörd. vestra	0.0	352.4	822.3	1174.7	16	5	13	23	0
E. Norðurlandskjörd. eystra	10.0	558.3	753.5	1321.8	22	6	5	5	0
F. Austurlandskjördæmi ..	0.0	697.7	1074.7	1772.4	62	29	5	20	26
G. Suðurlandskjördæmi ...	38.1	243.6	1281.0	1562.7	9	12	3	7	0
Alls:	131.0	2857.3	6275.5	9263.8	187	70	48	89	51

Nd. 454. Frumvarp til laga [212. mál]

um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

I. KAFLI
Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita þá fræðslu, er þarf til þess að standast fiskimannapróf.

2. gr.

Skólinn starfar í einni tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf.

II. KAFLI
Kennsla.

3. gr.

Í skólanum skal kenna: stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, sjórétt. heilsufræði, vélfræði, bókhald, veðurfræði, sjómennsku og íþróttir.

III. KAFLI
Próf.

4. gr.

Í skólanum skal vera fiskimannapróf.

5. gr.

Til fiskimannaprófs útheimtist:

I. Stærðfræði (skrifleg):

1. Í reikningi: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót og notkun logaritma.

2. Í flatarmálsfræði: Beinar línur, horn, hringurinn, marghyrningur, sporbaugur, reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðungum, rétthyrndur þríhyrningur, einslaga og samfalla þríhyrningar, flatarmál hrings og marghyrninga, uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.

3. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatar rétthyrndra þríhyrninga samkv. henni.

4. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sívalnings.

II. Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

1. Þekking á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd; kompáslínur og kompásstrik.

2. Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvísun og halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verður fundin með jarðlægum athugunum; þekking á hallasegulskekkju; kunna að finna misvísun eða segulskekkju með viks-(amplitude-)athugun sólar og með azimut-athugun sólar.

3. Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun: að búa til vaxandi kort.

4. Þekking á skriðmæli, vegmæli og djúpmælitækjum; þekking á leiðarreikningi, straumi og drift; að setja stefnu skipsins og finna stað skipsins á kortinu.

5. Þekking á dagbókarhaldi; kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.

6. Þekking á sextanti og notkun hans.

7. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfing hennar.

8. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans.

9. Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólarinnar.

10. Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólarinnar í hádegisbaug.

11. Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið með hæðaraðferðinni.

III. Sjómennska (munnleg, skrifleg og verkleg):

1. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og bjargtækjum og notkun þeirra.

2 Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morse-stafrófi.

3. Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, siglum, reiða, seglum, köðlum og vírum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur, enn fremur meðferð og hirðingu veiðarfæra. Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

IV. Íslenzka (skrifleg og munnleg):
Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttritun og geta samið stutta ritgerð um einfalt efni, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett.
V. Danska (munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er varðar sjómennsku.
VI Enska (munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.
VII. Sjóréttur (skriflegur):
Að þekkja helztu lagaákvæði, er varða rétt og skyldur skipstjóra.
VIII. Heilsufræði (munnleg):
Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:
1. hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma;
2. samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim;
3. næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða;
4. almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.
IX. Vélfræði (munnleg):
Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.
X. Bókhald:
Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.
XI. Veðurfræði:
Nemendum er skylt að hlýða á fyrirlestra um veðurfræði.

6. gr.

Við burtfararpróf skulu auk kennarans, sem prófar, vera tveir prófdómendur í hverri grein, og skipar stjórnarráðið til þess sérfræðinga eftir föngum.
Munnleg próf má halda í heyranda hljóði.

7. gr.

Þeir, sem staðizt hafa burtfararpróf við stýrimannaskólann, skulu fá prófskírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir. Prófskírteini skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu öðru Norðurlandamáli.

IV. KAFLI
Inntaka nemenda.

8. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru:
1. Að fullnægja kröfum reglugerðar um siglingatíma.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.

V. KAFLI
Kennslutími.

9. gr.

Skólinn starfar frá byrjun októbermánaðar og til þess tíma, er ákveðinn verður í reglugerð.

VI. KAFLI
Kennarar skólans.

10. gr.

Við skólann skal, auk skólastjóra, vera einn fastur kennari og stundakennarar eftir þörfum.

Skólastjóri og fastir kennarar eru opinberir starfsmenn og taka laun samkvæmt kjarasamningum við bæjarstjórn Vestmannaeyja.

11. gr.

Til þess að geta orðið skólastjóri stýrimannaskólans verður hlutaðeigandi að hafa lokið farmannaprófi við stýrimannaskólann í Reykjavík og síðar víðtækara farmannaprófi við erlendan skóla, hvort tveggja með góðum vitnisburði.

Til þess að verða fastur kennari í siglingafræði verður hlutaðeigandi að hafa lokið góðu farmannaprófi.

Til þess að verða tungumálakennari skólans verður hlutaðeigandi að hafa lokið embættisprófi í einhverju af þeim málum, sem kennd eru við skólann. Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði þeim, sem reyndur er að nægri kunnáttu og kennarahæfileikum.

Enginn getur orðið fastráðinn til starfa við skólann, nema hann hafi verið settur til að gegna því í eitt ár að minnsta kosti.

Stundakennara ræður bæjarstjórn samkvæmt tillögum skólastjóra.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Yfirstjórn skólans er í höndum fimm manna skólanefndar. Kýs bæjarstjórn Vestmannaeyja fjóra, en ráðherra skipar einn, og skal hann vera formaður skólanefndar.

13. gr.

Kostnaður við stofnun skólans og rekstur greiðist úr bæjarsjóði Vestmannaeyja.

14. gr.

Með reglugerð verður nánar kveðið á um tilhögun kennslunnar, próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kennslutíma og leyfa, reglu og aga, kennara skólans og skólalækni. Reglugerð setur ráðherra samkvæmt tillögum skólanefndar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á fundi sínum hinn 30. marz s. l. samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja að beita sér fyrir því, að stofnaður yrði stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum, þar sem

kenndar yrðu sömu námsgreinar og kenndar eru undir fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík. Inntökuskilyrði yrðu hin sömu og þar og prófverkefni við brottskráningu í engu léttari, þannig að öruggt væri, að þeir, sem útskrifuðust frá fyrirhuguðum stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum, hefðu óvefengjanlega hlotið jafna menntun og þeir, sem útskrifast frá stýrimannaskólanum í Reykjavík. En til þess að prófskírteini frá fyrirhuguðum skóla í Vestmannaeyjum veiti fullgild réttindi, þarf um hann hliðstæð lög og nú gilda um stýrimannaskólann í Reykjavík varðandi fiskimannapróf. Af þeirri ástæðu er frumvarp þetta fram borið.

Að baki samþykktar bæjarstjórnar Vestmannaeyja liggja eðlilegar orsakir. Sú þróun hefur átt sér stað hér á landi hin síðari ár, að flestöll fiskiskip, sem smíðuð eru fyrir Íslendinga, hvort heldur er hér heima eða erlendis, eru yfir þá stærð, 120 tonn, sem hið svokallaða minna fiskimannapróf veitir rétt til skipstjórnar á. Verður að reikna með, að þessi þróun í byggingu íslenzkra fiskiskipa haldi áfram. Útheimtir þetta að sjálfsögðu fleiri sérmenntaða menn með fullgild réttindi til skipstjórnar og sem stýrimenn á skipum yfir 120 tonn. Er því eðlilegt að gera ráð fyrir aukinni aðsókn að þeim skóla eða skólum, sem slík réttindi geta veitt lögum samkvæmt.

Í Vestmannaeyjum hefur þessi þróun einnig átt sér stað. Hugur æ fleiri ungra sjómanna þar stefnir í þá átt að afla sér aukinnar menntunar í sinni grein og réttinda til skipstjórnar. Allir hafa þessir menn stundað sjómennsku um nokkurt árabil og margir komnir á þann aldur og í þá aðstöðu, að þeir hafa stofnað heimili og eignazt fjölskyldu. Gerir þetta mönnum erfiðara fyrir fjárhagslega að afla sér aukinnar menntunar. Menn veigra sér við að taka sig upp frá heimili sínu og fjölskyldu til tveggja vetra náms í Reykjavík, á sama tíma og þeir missa möguleika til tekjuöflunar. Allt mundi þetta miklu léttara, ef þeir hefðu aðstöðu til að dveljast á eigin heimili, á meðan á náminu stendur, en þyrftu ekki að dveljast utan þess jafnhliða því, sem þeir verða að sjá heimilinu farborða.

Annað er það og, sem kemur til greina. Margir reyndir aflamenn, sem hafa aðeins réttindi til að vera með skip að 120 tonnum að stærð, eiga nú kost skipstjórnar á stærri skipum, en geta ekki tekið slíkum boðum, nema undanþága til skipstjórnar fáist. Er ekki óeðlilegt að ætla, að margir þessara manna muni hafa hug á að afla sér frekari menntunar og fullra réttinda í sambandi við starf sitt. Mun einnig þetta auka aðsókn að þeim skólum, sem slíka menntun og réttindi veita. Er ekki ástæða til að ætla annað en að stýrimannaskólinn í Reykjavík verði fullsetinn þegar á þessu ári, miðað við það húsrúm, sem hann nú hefur til umráða, og miðað við, að ekki þurfi að tvísetja í kennslustofur. Með því að óumdeilanlegt er, að Vestmannaeyjar eru stærsta verstöð landsins utan Reykjavíkur, telur flm. eðlilegt, að næsti stýrimannaskóli, sem stofnað verður til, verði þar staðsettur, og telur flm. slíkt þegar tímabært. Er þetta því eðlilegra þar sem fyrir liggur, að Vestmanneyingar eru reiðubúnir að bera allan kostnað af stofnun slíks skóla þar, svo sem kaupum á tækjum og búnaði og einnig af rekstri hans, þar til Alþingi síðar meir kann að telja skólann þess verðan að verða í einhverju formi tekinn inn í fræðslukerfi landsins. Gerir frv. ekki ráð fyrir neinum fjárútlátum úr ríkissjóði í þessu sambandi, heldur því einu, að prófskírteini frá skólanum veiti lögum samkvæmt full réttindi til skipstjórnar á fiskiskipum, jafnt og skírteini þau, sem nú eru gefin út af stýrimannaskólanum í Reykjavík að afloknu fiskimannaprófi.

Fullyrða má, að vandað verður til stofnunar skólans og að engu minni kröfur verða gerðar til menntunar og hæfni forstöðumanns hans og kennara en gert er við stýrimannaskólann í höfuðborg landsins.

Um I. kafla.

Frumvarpið er í sjö köflum og er í grundvallaratriðum, að fjárhagshliðinni undantekinni, sniðið eftir gildandi lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík. I. kafli frumvarpsins er um markmið skólans og skipulag.

Um II. kafla.

II. kafli frumvarpsins er í stórum dráttum skilgreining á þeim námsgreinum, sem kenna á í skólanum.

Um III. kafla.

Meginefni III. kafla frv. er í 5. gr., sem er í 11 aðalliðum, þar sem nákvæmlega eru tilgreindar þær kennslugreinar, sem kenndar skulu í skólanum, og er þar fylgt ákvæðum laga um stýrimannaskólann í Reykjavík í stóru og smáu, að því er varðar kennslu undir fiskimannapróf. Þá fjallar þessi kafli einnig um burtfararpróf, prófdómendur og útgáfu prófskírteina.

Um IV. kafla.

IV. kafli fjallar um inntökuskilyrði, og eru þau hin sömu og krafizt er við inntöku í stýrimannaskólann í Reykjavík.

Um V. og VI. kafla.

V. kafli er um starfstíma skólans, þar sem gert er ráð fyrir að hann starfi frá byrjun októbermánaðar og til þess tíma, er ákveðinn verður í reglugerð. VI. kafli frv. er um skólastjóra, tölu fastra kennara og skilyrði, sem krafizt er um menntun þeirra, ráðningu þeirra, svo og ráðningu stundakennara.

Um VII. kafla.

VII. kafli er um yfirstjórn skólans og um greiðslu kostnaðar við stofnun hans og rekstur. Er þar gert ráð fyrir, að bæjarstjórn Vestmannaeyja kjósi fjóra menn í yfirstjórn hans, en einn verði stjórnskipaður, og skal hann vera stjórnarformaður. Verður þetta að teljast eðlilegt, þar sem 13. gr. frv. gerir ráð fyrir, að bæjarsjóður Vestmannaeyja beri allan kostnað af stofnun skólans og rekstri hans.

Ed. 455. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. apríl 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Jón Árnason, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason. Bjartmar Guðmundsson.

Sþ. 456. Nefndarálit [44. mál]

um till. til þál. um nýja héraðsskóla o. fl.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur athugað tillögu þessa og sent hana fræðslumálastjóra til umsagnar. Hann skýrir svo frá, að um margra ára skeið hafi verið unnið að flestu

því, sem milliþinganefnd samkv. tillögunni sé ætlað að gera, og meginniðurstöður um þessi mál séu þegar fyrir hendi eða nærtækar.

Að svo vöxnu máli leggur undirritaður meiri hluti nefndarinnar til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 14. apríl 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. | Matthías Bjarnason, fundaskr. | Pétur Sigurðsson.

Sverrir Júlíusson.

Nd. 457. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frv.

Alþingi, 14. apríl 1964.

Gunnar Gíslason, form., frsm. | Benedikt Gröndal, fundaskr. | Ágúst Þorvaldsson,

Sverrir Hermannsson. | Björn Pálsson.

Nd. 458. Frumvarp til laga [213. mál]

um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

I. KAFLI

Almennar náttúrurannsóknir.

1. gr.

Með almennum náttúrurannsóknum er í lögum þessum átt við undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landfræði, sem ekki eru unnar beinlínis í þágu atvinnuveganna. Menntamálaráðherra hefur yfirumsjón allra slíkra rannsókna.

2. gr.

Náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón, er þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða náttúrugripi, sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti, sem áður voru ókunn, og ber þá rannsakanda að tilkynna það rétthafa þess lands, þar sem verðmætin eru.

3. gr.

Íslenzkir ríkisborgarar skulu hafa forgangsrétt til almennra rannsókna á náttúru Íslands.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, veitt erlendum náttúrufræðingum heimild til að stunda almennar náttúrurannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma, enda hafi þeir samráð við stofnunina og láti henni í té skýrslur um rannsóknir sínar, allt samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

4. gr.

Skylt er öllum þeim, er njóta opinbers styrks eða fyrirgreiðslu til almennra rannsókna á náttúru Íslands, að hafa samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og láta henni árlega í té skýrslur um rannsóknirnar.

II. KAFLI

Náttúrufræðistofnun Íslands.

A. Hlutverk.

5. gr.

Aðalverkefni stofnunarinnar eru þessi:

a. Að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands, vinna að slíkum rannsóknum, samræma þær og efla.
b. Að koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni íslenzkra og erlendra náttúrugripa og varðveita það.
c. Að koma upp sýningarsafni, er veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi.
d. Að hafa eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga hér á landi og gæta íslenzkra hagsmuna í sambandi við þær.
e. Að greina frá meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu og frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum.

6. gr.

Stofnunin skal annast fuglamerkingar, og hefur hún ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi.

B. Stjórn og skipulag.

7. gr.

Í Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera þrjár deildir, dýrafræðideild, grasafræðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

8. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar og skipar að fengnum tillögum forstöðumanns deildarstjóra, sérfræðinga og annað starfslið hennar. Deildarstjórar skulu vera jafnmargir deildum stofnunarinnar og skulu þeir vera sérfræðingar í einhverri þeirra aðalgreina, sem falla undir viðkomandi deild. Ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í senn og ákveður tölu sérfræðinga og annarra starfsmanna eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum.

Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið doktorsprófi, meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreinum sínum.

9. gr.

Forstöðumaður fer með stjórn sameiginlegra málefna stofnunarinnar, en deildarstjórar stjórna og bera ábyrgð á daglegum störfum og rekstri deilda sinna.

Deildarstjórar koma fram gagnvart innlendum og erlendum aðilum sem fulltrúar deilda sinna, en forstöðumaður er auk þess í fyrirsvari fyrir stofnunina í heild.

C. Fjármál.

10. gr.

Tekjur Náttúrufræðistofnunar Íslands eru:

a. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum eða að öðru leyti af opinberri hálfu.
b. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
c. Framlög eða gjafir einstaklinga, félaga eða stofnana.
d. Aðrar tekjur.

11. gr.

Laun starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962.

D. Almenn ákvæði.

12. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum, sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar.

13. gr.

Stofnunin skal ekki veita viðtöku gripagjöfum, ef þeim fylgja kvaðir um aðra meðferð þeirra en annarra muna stofnunarinnar. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef viðkomandi deildarstjóri mælir með því og forstöðumaður telur sérstaka ástæðu til.

Óheimilt er að lána sýningargripi stofnunarinnar.

14. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstur og starfsemi stofnunarinnar.

15. gr.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

Ákvæði I. og II. kafla laga nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, þau er lúta að almennum náttúrurannsóknum og afskiptum Rannsóknaráðs ríkisins af þeim.

Lög nr. 17/1951, um Náttúrugripasafn Íslands.

Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi og fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Frumvarp þetta er samið af atvinnumálanefnd rkisins í samráði við starfsmenn Náttúrugripasafns Íslands. Menntamálaráðuneytið sendi Háskólanum frv. til umsagnar og er svarbréf háskólarektors, dags. 12. jan. 1961, birt hér sem fylgiskjal. Ábendingar rektors um breytingar á 9. gr., 2. málsgr., 10. og 13. gr., hafa verið teknar til greina, og vakin er athygli á ummælum hans um athugasemd í greinargerð atvinnumálanefndar við 10. gr., d-lið. Þá hefur ráðuneytið gert þá breytingu á frumvarpinu, að setja í 11. gr. ákvæði um, að laun starfsmanna stofnunarinnar skuli ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962, en í frumvarpinu var svo mælt, að þau skyldu ákveðin í launalögum, sem var eðli-

legt á þeim tíma, er frumvarpið var samið (1960). Bætt er inn orðinu „vísindalegum“ í upphafi 12. gr., þannig, að stofnunin á eftir frv., eins og það nú er, að eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum, sem aðrar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar, en ekki upplýsingum almennt.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð frá atvinnumálanefnd:

„1. Almennar upplýsingar.

Með lögum nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, var sett heildarlöggjöf um allar náttúrurannsóknir hér á landi, bæði hinar almennu (undirstöðurannsóknir) og hagnýtu rannsóknir. Meginkafli laganna (III. kafli) fjallar um Atvinnudeild Háskólans og hinar hagnýtu rannsóknir, en framan við hann var skeytt tveimur smáköflum (I. og II. kafla), sem fjalla um hinar almennu rannsóknir og Rannsóknaráð ríkisins. Þegar þessi lög voru sett, var engin stofnun í landinu, sem gat annazt og haft umsjón með hinum almennu rannsóknum. Það var því ekki nema eðlilegt, að Rannsóknaráði væri falið að gegna því hlutverki, sem slík stofnun, ef til hefði verið, hefði átt að hafa með höndum.

Í ársbyrjun 1947 var Náttúrugripasafnið gert að ríkisstofnun og jafnframt voru ráðnir að safninu fastir starfsmenn. Með þessari ráðstöfun var sett á laggirnar opinber stofnun, er að sjálfsögðu ber, eins og ríkissöfnum í öðrum löndum, að annast og hafa forustu um hinar almennu rannsóknir á sviði dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landfræði. Í framhaldi af þessari ráðstöfun hefði að sjálfsögðu átt að endurskoða lögin frá 1940 og breyta þeim til samræmis við hinar breyttu aðstæður, en þetta hefur þó enn ekki verið gert, enda þótt nú séu liðin 13 ár frá því að Náttúrugripasafnið tók til starfa sem ríkisstofnun.

Á Alþingi 1951 voru sett lög um Nátúrugripasafn Íslands. Haustið 1950, er verið var að undirbúa þessa lagasetningu, varð brátt ljóst, að erfitt myndi reynast að ákveða á viðunandi hátt, hver ættu að vera hlutverk Náttúrugripasafnsins, þar sem sum af hinum sjálfsögðu hlutverkum þess voru þá þegar með lögum falin öðrum aðila, þ. e. a. s. Rannsóknaráði ríkisins. Kom þá til tals að endurskoða lögin um náttúrurannsóknir frá 1940 og skapa með því gleggri verkaskiptingu milli Rannsóknaráðs og Náttúrugripasafnsins. Úr þessu varð þó ekki og frumvarp til laga um Náttúrugripasafn Íslands var því lagt fyrir Alþingi og síðar samþykkt, eftir að felld höfðu verið úr frumvarpinu ýmis ákvæði varðandi verkefni, er ekki þótti fært, að væru falin bæði safninu og Rannsóknaráði. Eigi að síður varð ekki hjá því komizt, að hlutverk beggja þessara aðilja, eins og þau eru nú ákveðin í lögum, væru að nokkru leyti hin sömu. Menntamálanefnd Nd. Alþingis, sem á sínum tíma fjallaði um frumvarp til laga um Náttúrugripasafn Íslands, var líka ljós sú veila, er felst í því að tveimur opinberum aðilum væru að nokkru leyti falin hin sömu verkefni, og í nefndaráliti sínu um málið fórust henni þannig orð um þetta atriði: „Jafnframt vill nefndin vekja athygli á því, að ástæða væri til að athuga, hvort ekki væri hægt að samræma störf Rannsóknaráðs ríkisins, Atvinnudeildar Háskólans og Náttúrugripasafns Íslands betur en gert hefur verið hingað til“.

Meðfylgjandi frumvarp er samið fyrir tilstilli Atvinnumálanefndar ríkisins. Hefur nefndin samið frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem koma á í stað laga um náttúrurannsóknir nr. 68/1940. Þar sem lögin frá 1940 fjölluðu einnig um hinar almennu rannsóknir, varð ekki hjá því komizt, að taka nú einnig til endurskoðunar lög um Náttúrugripasafn Íslands nr. 17/1951 og fella inn í þau ýmis ákvæði laganna frá 1940 varðandi hinar almennu rannsóknir, sem ekki voru tekin upp í lögin um Náttúrugripasafn Íslands árið 1951.

Þetta er meginástæða þess, að samið hefur verið frumvarp það um Náttúrufræðistofnun Íslands, sem hér er lagt fram. Við samningu frumvarpsins hefur verið haft samráð við forstöðumann og deildarstjóra Náttúrugripasafnsins og ríkir enginn ágreiningur um efni þess. Hafa ákvæði laga um Náttúrugripasafn Íslands nr. 17/1951

sætt rækilegri endurskoðun að efni til og reynt hefur verið að gera þau skýrari og fyllri en verið hefur. Auk þess eru í frumvarpinu ýmis nýmæli, sem kveða nánar á um hlutverk safnsins og verkaskiptingu milli þess og annarra rannsóknarstofnana í landinu.

2. Helztu breytingar.

Það frumvarp til laga, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir eftirfarandi meginbreytingum á lögum nr. 17/1951 um Náttúrugripasafn Íslands:

1. Nafnið breytist úr Náttúrugripasafn Íslands í Náttúrufræðistofnun Íslands. Fyrra nafn stofnunarinnar hefur valdið töluverðum misskilningi. Margir hafa álitið, að verkefni stofnunarinnar hafi fyrst og fremst eða jafnvel eingöngu verið að safna náttúrugripum til sýnis fyrir almenning. Því er lagt til, að nafninu verði breytt og áherzla lögð á meginverkefni stofnunarinnar, sem er vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins.
2. Inn í þetta frumvarp eru felld ýmis ákvæði úr lögum nr. 68/1940 um náttúrurannsóknir, sem áður voru í verkahring Rannsóknaráðs ríkisins. 2., 3. og 4. gr. frumvarpsins eru efnislega samhljóða 1., 2., 3. og 6. gr. fyrrnefndra laga. Sömuleiðis er d-liður 5. gr. frumvarpsins, sem fjallar um hlutverk stofnunarinnar, efnislega samhljóða fyrri hluta 4. liðs 5. gr. sömu laga. Með þessu eru almenn ákvæði um náttúrurannsóknir innlendra og erlendra manna tengd Náttúrufræðistofnun Íslands og stofnuninni falið eftirlit með almennum rannsóknum erlendra nátúrufræðinga. Eins og minnzt er á að framan, hefur þessi samræming á hlutverkum Náttúrugripasafnsins og Rannsóknaráðs ríkisins áður verið talin nauðsynleg, þótt ekki hafi orðið úr henni fyrr, enda hefur safnið að meira eða minna leyti annazt þessi verkefni undanfarin ár samkvæmt ósk Rannsóknaráðs.
3. Í lögum nr. 17/1951 er það talið fremst í aðalhlutverkum safnsins að safna náttúrugripum og varðveita þá. Í þessu frumvarpi er þessu breytt og fyrst talið það mikilvæga verkefni stofnunarinnar að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru landsins.

3. Skýringar við einstakar greinar.

Um I. kafla.

Þessi kafli fjallar um almennar náttúrurannsóknir og er efnislega að mestu samhljóða I. kafla laga nr. 68/1940.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru almennar náttúrurannsóknir skilgreindar sem undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landfræði. Með undirstöðurannsóknum er átt við rannsóknir, sem ekki hafa beint hagnýtt gildi fyrir atvinnuvegi landsins.

Rétt þykir að fela menntamálaráðherra yfirumsjón þessara mála, jafnframt því sem hann fer með yfirstjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Um 2. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 68/1940. Þó er hér skýrar tekið fram, að náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúrurannsóknir á vegum hins opinbera, skuli frjálst að ferðast um lönd manna, en því ákvæði að sjálfsögðu jafnframt haldið, að þeir skuli forðast óþarfa átroðning.

Þá er bætt við ákvæði til þess að tryggja, að þessir sömu aðilar geti hindrunarlaust aflað náttúrugripa til vísindalegra þarfa, án þess að slíkt hafi í för með sér óhæfilegan kostnað, en samtímis tekið skýrt fram, að það ákvæði eigi ekki við, ef um er að ræða fémæta náttúrugripi fyrir rétthafa lands.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 68/1940, nema hvað þau eru nú látin ná aðeins til náttúrufræðinga og Náttúrufræðistofnun Íslands er falið það hlutverk, sem Rannsóknaráð ríkisins hefur í þessu sambandi samkvæmt lögum nr. 68/1940.

Um 4. gr.

Þessi grein er í samræmi við 6. gr. laga nr. 68/1940, nema hvað Náttúrufræðistofnun Íslands kemur í stað Rannsóknaráðs ríkisins.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um Náttúrufræðistofnun Íslands, hlutverk hennar, stjórn, skipulag og fjármál, auk nokkurra almennra ákvæða.

Flest þeirra ákvæða, sem hér er að finna, eru í samræmi við lög nr. 17/1951 um Náttúrugripasafn Íslands, sum jafnvel tekin orðrétt úr þeim lögum, en önnur eru í samræmi við ákvæði í 5. gr. laga nr. 68/1940.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um aðalhlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands. Lögð er áherzla á að Náttúrufræðistofnun Íslands sé vísindaleg rannsóknastofnun, með því að telja það verkefni hennar fyrst. Í samræmi við þetta hefur stofnuninni verið valið heitið Náttúrufræðistofnun Íslands í stað Náttúrugripasafns Íslands. Þó getur stofnunin eðlilega eftir sem áður haldið nafninu Náttúrugripasafn Íslands á sýningarsafninu, ef það er talið æskilegt.

Meðal annarra menningarþjóða eru stofnanir hliðstæðar Náttúrugripasafni Íslands fyrst orðnar til sem hrein söfn, eða því sem næst, sem safna saman sem fjölbreyttustum náttúrugripum og varðveita þá, jafnframt því sem reynt er að hafa eins mikinn hluta þeirra til sýnis fyrir almenning og við verður komið. Smám saman hefur starfsemin jafnframt beinzt inn á þá braut, að athuga og rannsaka þessi gögn og notfæra sér þau til þess að öðlast frekari þekkingu á náttúru viðkomandi lands. Jafnframt því sem almennur skilningur hefur aukizt á nauðsyn þess, að afla haldgóðrar þekkingar á náttúru hvers lands, hafa rannsóknaverkefni slíkra stofnana alls staðar aukizt og orðið meginþáttur í starfsemi þeirra. Því hefur nöfnum stofnananna víða verið breytt og áherzla lögð á hið fræðilega rannsóknarverkefni, enda þótt stofnanirnar hafi eftir sem áður haldið þeim hætti, að hafa náttúrugripi til sýnis fyrir almenning til fræðslu og ánægju. Þessi þróun hefur einnig orðið hér á landi, og er því lagt til, að nafni stofnunarinnar verði breytt og áherzla lögð á hið vísindalega verkefni hennar.

Liður a er efnislega samhljóða lið 1 í 5. gr. laga nr. 68/1940 og lið 4 í 2. gr. laga nr. 17/1951. Ákveðið er, að Náttúrufræðistofnun Íslands skuli vera miðstöð almennra rannsókna á náttúru Íslands. Eðlilegt virðist, að stofnunin gegni því mikilvæga hlutverki.

Liðirnir b og c eru í samræmi við liðina 1 og 2 í 2. gr. laga nr. 17/1951. Hér er tekið fram, að stofnunin skuli safna og hafa náttúrugripi til sýnis fyrir almenning eftir sem áður og þrátt fyrir nafnbreytinguna. Liður d er í samræmi við lið 4 í 5. gr. laga nr. 68/1940. Náttúrufræðistofnuninni er falið að annast það eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga, sem Rannsóknaráð ríkisins hafði áður.

Liður e er í samræmi við meginákvæði 3. gr. laga nr. 17/1951, en þó með þeirri breytingu, að ekki þótti rétt að binda útgáfustarfsemi stofnunarinnar með lögum við rit Náttúrugripasafnsins, Acta Naturalia Islandica, heldur almennt við fræðslu- og vísindarit. Þó mun Acta Naturalia Islandica eðlilega halda áfram að koma út.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við lið 3 í 2. gr. laga nr. 17/1951 og 1. málsgr. 25. gr. laga nr. 63/1954 um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar er tekið óbreytt úr 1. gr. laga nr. 17/1951, nema með breyttu nafni stofnunarinnar. Til greina kom að mynda við stofnunina deild í vatnalíffræði. Ekki verður deilt um nauðsyn þess, að stofnunin hefji sem fyrst almennar rannsóknir á lífi í ám og vötnum landsins, engu síður en á dýralífi á landi og í lofti, en talið var að slíkar rannsóknir gætu fallið undir dýrafræðideild, að minnsta kosti um sinn, enda ekki fáanlegur sérfræðingur á þessu sviði eins og er. Úr þessu verður að bæta sem allra fyrst.

Um 8. gr.

Flest ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði í 5. gr. laga nr. 17/1951.

Í þeim lögum er þó ekki skilgreint, hvaða ráðherra fari með málefni Náttúrugripasafnsins. Þetta hefur frá fyrstu tíð fallið í hlut menntamálaráðherra, og þykir eðlilegt, að fela þeim ráðherra yfirstjórn Náttúrufræðistofnunarinnar.

Í lögum nr. 17/1951 er ákvæði þess efnis, að deildarstjórar skiptist á um að fara með yfirstjórn sameiginlegra mála safnsins, í þrjú ár hver. Ekki þykir nauðsynlegt eða æskilegt að binda deildarstjóra þessari skyldu með lögum. Deildarstjórar kunna að vera misjafnlega til slíkra starfa fallnir og ekki virðist heldur ólíklegt að stofnuninni vaxi fiskur um hrygg og störf forstöðumanns verði allveruleg, þannig að ekki sé æskilegt, að um hann sé skipt að ástæðulausu. Samkvæmt þessu frumvarpi er þetta þó opið áfram, þar sem ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann, aðeins til þriggja ára í senn.

Í 5. gr. laga nr. 17/1951 segir, að ráðherra sé heimilt, að fenginni fjárveitingu, að ráða annað starfslið að Náttúrugripasafninu en deildarstjóra um eitt ár í senn, ef sérstök ástæða virðist til. Slík tímatakmörkun er ákaflega vafasöm, því erfitt er að fá dugandi starfslið við slík skilyrði. Þessi tímatakmörkun er því felld niður í þessu frumvarpi og ráðherra falið að meta aðstæður og málavöxtu og ákveða tölu sérfræðinga og annarra starfsmanna hverju sinni eins og fjárveitingar til stofnunarinnar leyfa. Ráðherra skipar deildarstjóra og annað starfslið að fengnum tillögum forstöðumanns. Þó að forstöðumaður sé jafnframt einn af deildarstjórunum, veldur þetta engum erfiðleikum, þar sem stofnunin er þegar starfandi, og því aðeins um ráðningu á nýju starfsliði að ræða.

Ákvæðið um menntun deildarstjóra er í samræmi við 5. gr. laga nr. 17/1951, en er nú einnig látið ná til sérfræðinga stofnunarinnar. Slíkt þykir eðlilegt, þar sem störf sérfræðinga eru mjög lítið frábrugðin störfum deildarstjóra. Ákvæði um menntun sérfræðinga og deildarstjóra stofnunarinnar er í fullu samræmi við það, sem tíðkast við sambærilegar stofnanir erlendis.

Um 9. gr.

Í þessari grein er að finna nokkur höfuðákvæði um fyrirkomulag á daglegu starfi stofnunarinnar.

Forstöðumaður fer með stjórn sameiginlegra málefna, en hver deild er að miklu leyti sjálfstæð undir stjórn deildarstjóra, sem ber ábyrgð á rekstri hennar og störfum. Ákvæði um þetta er ekki að finna í lögum nr. 17/1951, en í þetta horf hefur fyrirkomulag á starfsemi Náttúrugripasafnsins smám saman færzt og hefur gefið góða raun.

Ákvæðið um, að deildarstjórar og forstöðumaður stofnunarinnar komi fram gagnvart innlendum og erlendum aðilum sem fulltrúar landsins í þeim fræðigreinum, sem heyra undir deildir þeirra, er að nokkru leyti í samræmi við ákvæði í lið 4 í 5. gr. laga nr. 68/1940, en ítarlegar orðað. Varla er um aðra aðila að ræða í þessu skyni.

Til mála kom að setja í frumvarpið nánari ákvæði um störf sérfræðinga. Slíkt þótti þó ekki nauðsynlegt. Sérfræðingar hljóta ávallt að hlíta yfirstjórn viðkomandi deildarstjóra um verkaskiptingu og verkefnaval.

Um 10. gr.

Í þessari grein fjallar um tekjur Náttúrufræðistofnunarinnar.

Stofnunin mun að öllum líkindum fá tekjur sínar að langmestu leyti á fjárlögum ríkisins eins og verið hefur, og gert er ráð fyrir í lið a. Til greina getur þó komið, að stofnunin taki að sér sérstök verkefni fyrir einstaklinga og hljóti greiðslu fyrir, og gert er ráð fyrir þeim möguleika í lið b. Starfssvið stofnunarinnar er þó slíkt, að varla mun vera tími aflögu til slíkra starfa, ef sinnt er eins og þarf því mikilvæga verkefni, að kanna almennt náttúru landsins.

Algengt er erlendis, að einstaklingar, félög og stofnanir láti gjafir af hendi rakna við rannsóknastofnanir á borð við Náttúrufræðistofnunina. Lítið hefur verið um slíkt hér á landi, en gert er ráð fyrir þeim möguleika í lið c.

Af öðrum hugsanlegum tekjum (liður d) má nefna tekjur af happdrætti Háskóla Íslands, sem staðið hafa að verulegu leyti undir stofnkostnaði Náttúrugripasafnsins, o. fl.

Um 11. gr.

Þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er hrein ríkisstofnun þykir eðlilegt að laun starfsliðs séu ákveðin í launalögum. Kjör starfsliðs verða jafnframt að vera í samræmi við það, sem aðrar rannsóknastofnanir bjóða. Undanfarið hafa sérfræðingar við Náttúrugripasafnið hlotið nokkuð lakari kjör en t. d. sérfræðingar við Atvinnudeild Háskólans. Þetta er óeðlilegt, og nauðsynlegt að lagfæra.

Um 12. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar er ekki að finna í lögum nr. 17/1951, en þau eru sett hér að fenginni reynslu. Það er ógjörningur að veita gripagjöfum viðtöku, ef hverri gjöf fylgja skilyrði um sérstaka meðferð hennar. Sömuleiðis er óæskilegt að lána sýningargripi. Þegar slíkt hefur verið gert á Náttúrugripasafninu, er ekki óalgengt, að gripunum hafi verið skilað aftur skömmu síðar.

Um 14. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.“

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 12. janúar 1961.

Frumvarp til laga um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands. Db. rn. N—1.

Með bréfi, dags. 4. nóv. s. l., voru drög til ofangreinds lagafrumvarps send Háskóla Íslands til umsagnar. Frumvarpið var rætt á háskólaráðsfundi, og var mér þar falið að kanna frumvarpið og rita hæstvirtu ráðuneyti síðan um athuganir mínar.

Í greinargerð, er fylgir frumvarpinu, er sýnt ljóslega fram á þörfina á því, að heildarlög séu sett um þau efni, er greinir í frumvarpinu. Í frumvarpinu eru skýrð mörkin milli Rannsóknaráðs ríkisins og Náttúrugripasafns Íslands, sem nefnt er Náttúrufræðistofnun Íslands í frumvarpinu, og hinu síðarnefnda falin nokkur

verkefni, er lotið hafa rannsóknaráðinu, þótt þau í eðli sínu hafi jafnan verið tengdari Náttúrugripasafni. Að öðru leyti er hér lagt til, að steypt sé í einn lagabálk lögum 17/1951 um Náttúrugripasafn Íslands og ákvæðum I. kafla laga 68/1940 um náttúrurannsóknir.

Tekið skal þegar fram, að frá sjónarmiði Háskólans er ekki ástæða til sérstakra athugasemda við frumvarpsdrög þessi, enda gera þau ekki ráð fyrir neinni breytingu á tengslunum milli Háskólans og Náttúrugripasafns. Hins vegar er fullt efni til að minnast hér á þá höfuðþörf, sem á því er, að koma á stofn kennslu í náttúruvísindum við Háskóla Íslands. Þegar til slíkrar kennslu verður stofnað, þarf að nýju að endurskoða stöðu safnsins og tengsl þess við Háskólann.

Athugun á frumvarpinu leiðir í ljós, að það er vandvirknislega samið. Benda má á, að efni 6. gr. frumvarpsins er þegar í gildandi lögum, þ. e. í 25. gr., 1. málsgr. laga 63/1954 um fuglaveiðar og fuglafriðun. Fer illa á, að slík ákvæði séu á tveimur stöðum í lögum. Að efni til á ákvæðið betur heima í lögum um náttúrugripasafn, en þá ætti að fella það brott úr lögum 63/1954. Ákvæði 9. gr. 2. málsgr. er ekki viðfelldið í núverandi búningi, og efast ég um, að þar komi fram réttilega sú hugsun, sem vakað hefur fyrir semjendum. Mér skilst, að hér sé til þess stofnað, að kveða efnislega á um administrativa verkaskiptingu, og ætti ákvæðið þá að vera á þessa leið:

„Deildarstjórar koma fram gagnvart innlendum og erlendum aðiljum sem fulltrúar deilda sinna, en forstöðumaður er auk þess í fyrirsvari fyrir stofnunina í heild.“ Í 10. gr. frumvarpsins, a-lið, er heppilegra orðalag á þessa leið: „a. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum eða að öðru leyti af opinberri hálfu.“ Í 13. gr., í lok málsliðs, á að vera „stofnunarinnar“ í stað safnsins. Í 15. gr., 2. málsgr., gætir misskilnings, og ætti sú málsgrein að orðast svo: „Ákvæði I. kafla laga nr. 68/1940 um náttúrurannsóknir“.

Að lokum vil ég benda á athugasemd í greinargerð við 10. gr., d-lið. Segir þar: „Af öðrum hugsanlegum tekjum (liður d) má nefna tekjur af happdrætti Háskóla Íslands, sem staðið hefur að verulegu leyti undir stofnkostnaði Náttúrugripasafnsins o. fl.“ Framlag happdrættisins til safnsins er einskorðað við það, að happdrættið stendur straum að vissu marki af byggingarkostnaði. Er alrangt að telja þessi framlög til tekna safnsins, og fer ég þess eindregið á leit vegna Háskólans, að þessi athugasemd sé niður felld úr væntanlegri greinargerð.

Til viðbótar þessum athugasemdum þykir rétt að benda á það af Háskólans hendi, að höfuðþörf er á, að heildarlög verði sett hér á landi um undirstöðurannsóknir almennt. Ef að því ráði yrði horfið, myndu lög um náttúrurannsóknir verða einn þáttur þeirra. Þessi hugmynd er þó ekki því til fyrirstöðu, að framangreint frumvarp verði lögfest nú, enda er síðar hægt að fella þau lög, sem til yrðu á grundvelli frumvarpsins, inn í heildarlög um undirstöðurannsóknir.

Með sérstakri virðingu,

Ármann Snævarr, rektor.

Til Menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Sþ. 459. Nefndarálit [47. mál]

um till. til þál. um, að ríkisbankarnir sjái landbúnaðinum fyrir nauðsynlegum afurða- og rekstrarlánum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Efni þessarar tillögu er að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að landbúnaðurinn fái í ríkisbönkunum það lánsfé, sem honum er nauðsynlegt til þess að

geta rekið starfsemi sína á borð við aðra atvinnuvegi. En sérstaklega er í tillögunni fram á það farið, að bankarnir kaupi afurðavíxla af sölufyrirtækjum bænda í stærri stíl en gert hefur verið undanfarið og að með þessum afurðavíxlakaupum verði að því stefnt, að bændur geti, um leið og þeir afhenda búsafurðir sínar, fengið greitt það verð, sem þeim er ætlað í verðlagsgrundvellinum á hverjum tíma.

Talið er, bændur hér á landi séu tæplega sex þúsund talsins eða ekki fjarri þeirri tölu. Þeir voru á árinu 1962, samkvæmt nýútkomnum skýrslum frá Hagstofu Íslands, tekjulægsta atvinnustétt landsins. Verð á afurðum þeirra er nú ákveðið með sérstökum kjaradómi og á að vera við það miðað, að þeir hafi meðalkaup til jafns við meðalkaup verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna, en það meðalkaup er reiknað út á Hagstofunni samkvæmt úrtaki skattframtala. Ef rekstrarkostnaður búanna, annar en kaup bóndans, er of lágt áætlaður í verðlagsgrundvellinum, hlýtur það að koma niður á kaupi bóndans, þannig að það verður þá þeim mun lægra en til var ætlazt. Um það mál skal ekki nánar rætt hér, enda fjallar tillagan ekki um það, heldur möguleika á því, að bændur fái greitt á viðunandi hátt það, sem þeim ber samkvæmt verðlagsgrundvellinum.

Aðalbúgreinar hér á landi eru sauðfjárrækt og nautgriparækt. Rekstrarkostnað þarf búið að greiða meira og minna allt árið, þar á meðal framfærslukostnað bóndans og fjölskyldu hans, sem hann á að standa straum af með kaupi sínu. Afurðir af sauðfé fær bóndinn tvisvar á ári, en þó mestmegnis aðeins einu sinni, en aðalafurðir af nautgripum (þ. e. mjólkina) daglega. Um allar þessar vörur, nema þann hluta mjólkurinnar, sem seldur er til neyzlu, á það við, að sala þeirra á markaði fer fram smátt og smátt, og ekki er hægt að gera ráð fyrir, að sölunni sé að fullu lokið fyrr en árið er liðið, eða jafnvel enn lengri tími, ef illa árar að þessu leyti.

Samkv. núgildandi verðlagsgrundvelli fyrir verðlagsárið 1963—64 er talsvert meira en helmingur af því, sem bóndinn á að fá fyrir afurðir sínar, ætlað til greiðslu á útlögðum peningum vegna fjármagnskostnaðar, vélakostnaðar, kjarnfóðurs, tilbúins áburðar, aðkeyptrar vinnu, flutningskostnaðar o. s. frv. Til greiðslu á öllu þessu, svo og til þess að bóndinn geti fengið kaup sitt, verður hann að fá afurðirnar greiddar. Sú greiðsla þyrfti, ef vel væri, að geta farið fram um leið og bóndinn lætur afurðirnar af hendi eða sem næst þeim tíma. Það þykir nú á tímum yfirleitt nauðsynlegt, að fólk fái kaup sitt greitt vikulega eða mánaðarlega. Bændur þurfa þess með eins og aðrir, ef vel á að vera.

Sölufélög bænda hafa ekki fé til að borga út að fullu þær vörur, sem ekki er búið að selja, nema þau geti fengið það að láni í peningastofnunum. Að því þarf að vinna, að slík lán verði veitt eins og með þarf. Hér er ekki farið fram á það, að allir bændur fái kaup sitt greitt vikulega eða mánaðarlega. Margir mundu ekki fá það nema tvisvar á ári, þó að allar afurðir væru greiddar við afhendingu. Þar sem svo stendur á (þ. e. í sauðfjárbúskanum), er nauðsynlegt, að eitthvað af afurðalánunum sé greitt fyrir fram, t. d. síðari hluta vetrar eða að vorinu út á nokkuð af væntanlegum haustafurðum, eins og raunar hefur átt sér stað um nokkurt árabil, en í of smáum stíl nú í seinni tíð.

Þessi hluti hefur verið kallaður rekstrarlán. Árið 1959 voru þau, samkv. upplýsingum, sem minni hl. hefur aflað sér, 162 millj. kr. Þessum lánum er ætlað að greiða fyrir framleiðendum sauðfjárafurða við kaup á kjarnfóðri, áburði, rekstrarvörum til véla o. fl. Þau hafa staðið óbreytt að krónutölu síðan 1959, en verðmæti sauðfjárframleiðslunnar hefur á sama tíma meir en tvöfaldazt.

Nú er svo komið, að bændur eiga mjög erfitt með að fá fé til áburðarkaupa á þessu vori. Rekstrarvörurnar vaxa bæði að magni og verðmæti með hverju ári, og t. d. sýna áburðarpantanir bænda það nú, að verðmæti áburðarins muni að líkindum aukast um 30% á þessu ári. Þess vegna er nauðsynlegt að hækka rekstrarlánin verulega.

Búnaðarþing og stjórn Stéttarsambands bænda hafa farið fram á, að rekstrar-

lánin verði aukin í 320 millj. kr. á þessu ári til samræmis við aukið magn og verðmæti afurðanna.

Fyrir nokkrum árum var það venja, að Seðlabankinn veitti afurðalán að haustinu út á búsafurðir, ⅔ af verði þeirra. Nú lánar hann aðeins rúman helming verðs, og engar reglur eru um viðbótarlán í viðskiptabönkum, eins og á sér stað í sambandi við sjávarafurðir, og má þó ekki minna vera. Hér hefur því miðað aftur á bak í seinni tíð, í stað þess að afurðalánin hefðu fremur þurft að aukast frá því, sem áður var. Er hér um að ræða eina af þeim breytingum, sem gerðar voru á viðhorfi hins opinbera til landbúnaðarins svo að segja samtímis og orðið hafa til þess að veikja fjárhagsgrundvöll hans og bændastéttarinnar. Úr þessu þarf að bæta og halda síðan áfram í framfaraátt, þar sem fyrr var frá horfið.

Minni hl. mælir með því, að tillgr. verði samþykkt.

Alþingi, 11. apríl 1964.

Gísli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson.

Sþ. 460. Breytingartillaga [204. mál]

við till. til þál. um endurskoðun laga um félagsheimili og um eflingu félagsheimilasjóðs

Frá Ásgeiri Péturssyni.

Við tillöguna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Stefnt verði að því í hinni fyrirhuguðu löggjöf um félagsheimili, að forráðamönnum þeirra verði framvegis gert kleift að efla menningarlega fræðslu- og skemmtistarfsemi í félagsheimilum í ríkari mæli en unnt hefur verið fram að þessu. Verði hluta af tekjum félagsheimilasjóðs framvegis varið til þess að greiða fyrir slíkri starfsemi.

Sþ. 461. Nefndarálit [79. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til eflingar byggðar á Reykhólum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þessa tillögu og fengið um hana umsögn frá landnámsstjóra og fræðslumálastjóra um þann þátt tillögunnar, er að skólamálum lýtur.

Umsögn landnámsstjóra er birt sem fylgiskjal með áliti þessu.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt eins og hún liggur fyrir á þskj. 86 með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. málsl. síðustu málsgr. orðist svo:

Skal einn nefndarmanna tilnefndur af hreppsnefnd Reykhólahrepps, annar af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu, þriðji af fjórðungsþingi Vestfirðinga, en hinir tveir skipaðir án tilnefningar.

Vegna veikinda var einn nefndarmanna, Ragnar Arnalds, fjarverandi, þegar nefndarálitið var undirritað.

Alþingi, 13. apríl 1964.

Jón Þorsteinsson, form.
Matthías Bjarnason, fundaskr., frsm.
Einar Ágústsson.
Gísli Guðmundsson.
Sverrir Júlíusson.
Pétur Sigurðsson.

Fylgiskjal.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 20. febrúar 1964.

Með bréfi, dags. 17. þ. m., hefur háttvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis beiðzt umsagnar um þingsályktunartillögu varðandi mál nr. 79, á þingskjali 86, sem lögð hefur verið fram á Alþingi, um ráðstafanir til eflingar byggðar á Reykhólum.

Í greinargerð þingsályktunartillögunnar er réttilega getið nokkurra þeirra umbóta, sem gerðar hafa verið á staðnum, frá því að þar var stofnuð tilraunastöð í jarðrækt 1944. Hinn 10. febrúar felur dóms- og kirkjumálaráðuneytið eftir ósk atvinnumálaráðuneytisins Landnámi ríkisins umráð yfir landi Reykhóla utan hins skipulagða svæðis heima á staðnum.

Í landi jarðarinnar hafa verið stofnaðar tvær lögbýlisjarðir, Seljanes og Mávavatn. Mestur hluti af ræktanlegu landi jarðarinnar ræstur fram og ræktaðir þar alls um 52 ha. Búsetu á staðnum hafa að undanförnu haft þar 50—60 manns. Landbúnaðaraðstaða jarðarinnar hefur á undanförnum árum verið fullnýtt að meiri hluta af því fólki, sem býr á staðnum, en einnig með leigu ræktunar til nærliggjandi bænda, sem umfram var þörf þeirra, sem á Reykhólum búa.

Öll skilyrði eru til, að Reykhólar geti orðið miðstöð sveitarinnar, með því að á staðnum sé aukin byggð. Jarðhitinn hefur eigi verið nýttur nema til upphitunar húsa, og nauðsynlegt er, að komið verði upp samvirkjun á jarðhitanum, verði byggð þar aukin og jarðhitinn notaður til upphitunar gróðurhúsa.

Það er full ástæða til, að fram fari nýjar athuganir á því, hvernig skilyrði þau, sem þarna eru á staðnum, verði sem bezt nýtt í almannaþágu og til eflingar viðkomandi sveitarfélags, enda mundu áhrif frá menningarmiðstöð á Reykhólum geta stutt að viðhaldi byggðar og auknu athafnalífi í nærliggjandi sveitum. Eins og samgöngum er nú háttað, gildir það bæði um Gufudals- og Múlasveitir.

Með tilvísun til þessa mæli ég með því, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Sþ. 462. Fyrirspurn [214. mál]

til sjávarútvegsmálaráðherra um síldarleit.

Frá Gils Guðmundssyni.

Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að hægt verði að framkvæma síldarleit á vorvertíð fyrir Suður- og Vesturlandi og á sumarvertíð fyrir Norður- og Austurlandi?

Hafa verið gerðar ráðstafanir um öflun varanlegs skipakosts til síldarleitar?

Ed. 463. Frumvarp til laga [128. mál]

um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórnum Akureyrar, Hafnarfjarðar og Kópavogs er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjárhald á þessum stöðum.

Með búfjárhaldi er átt við nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt.

2. gr.

Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé algerlega bannað í kaupstaðnum (borginni), takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða bundið við tilekin svæði innan bæjarlandsins (borgarlandsins).

3. gr.

Ákveða má í reglugerð, að hver sá, sem búfjárhald vill stunda innan kaupstaðarins (borgarinnar), skuli sækja um leyfi til sliks og sé búfjárhald óheimilt án slíks leyfis. Skylt skal umsækjanda að gera grein fyrir því, hvernig geymslu búfjárins skulu hagað, og láta í té aðrar þær upplýsingar, sem bæjarráð (borgarráð) telur nauðsynlegar. Leyfi skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda. Einnig má binda það við ákveðinn tíma eða ákveða, að það sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án leyfis, skal heimilt að taka það búfé og selja á uppboði eða slátra því.

Ef leyfishafi fylgir ekki settum reglum, er bæjarráði (borgarráði) heimilt að svipta hann leyfi til búfjárhalds og fara með búfé hans sem um ræðir í 1. mgr.

5. gr.

Nú verður aðili fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, og skal þá greiða bætur úr bæjarsjóði (borgarsjóði).

6. gr.

Í reglugerð má ákveða gjald fyrir leyfi til búfjárhalds, allt að kr. 1000.00 á ári, og rennur það í bæjarsjóð (borgarsjóð).

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 464. Lög [156. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum um breytingar á þeim.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 287.

Ed. 465. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til laga um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum.

Frá Steinþóri Gestssyni.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Þó er reiðhestahald undanþegið ákvæðum laga þessara, ef það er á vegum hestamannafélaga og þau hafa sett um það reglur, sem hlutaðeigandi bæjarráð (borgarráð) staðfestir.

Ed. 466. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til laga um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum.

Frá Jóni Þorsteinssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
Algert bann við tilteknu búfjárhaldi skal tilkynnt búfjáreigendum með a. m. k. eins árs fyrirvara, miðað við 1. október.

Ed. 467. Frumvarp til laga [20. mál]

um loftferðir.

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. apríl.)

I. KAFLI
Upphafsákvæði.

1. gr.

Loftfar nefnist í lögum þessum hvert það tæki, sem lagað er til að hefja sig á loft eða haldast og hreyfast á lofti og telst að eðlisrökum loftfar.

2. gr.

Loftferðir um íslenzkt yfirráðasvæði (lofthelgi Íslands) eru háðar þeim skilyrðum og takmörkunum, er segir í lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

3. gr.

Loftfari er rétt að fljúga um íslenzkt yfirráðasvæði, enda hafi það:

a. íslenzkt þjóðerni eða
b. þjóðerni erlends ríkis, sem hefur með sáttmála verið veittur réttur til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði.
c. Þá er sérstakar ástæður eru til, er ríkisstjórninni rétt að veita loftfari, sem eigi er svo farið sem í 1. mgr. segir, heimild til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði með því skilorði, er telja má nauðsynlegt, svo sem til öryggis. Slíkt leyfi má afturkalla, er vill.

4. gr.

Rétt er forseta Íslands að takmarka eða banna loftferðir um tiltekna hluta íslenzks yfirráðasvæðis, enda horfi slík ráðstöfun eindregið til almannaöryggis eða allsherjarreglu.
Þá er brýna nauðsyn ber til, svo sem vegna almannaöryggis, er forseta Íslands rétt að takmarka eða banna loftferðir almennt um íslenzkt yfirráðasvæði.

5. gr.

Lög þessi taka einnig yfir loftferðir íslenzkra loftfara utan íslenzks yfirráðasvæðis, enda mæli hvorki lögin öðruvísi né skipan þessi fari í bág við erlend lög, sem beita skal samkvæmt samningi við erlent ríki eða annars samkvæmt almennum grundvallarreglum laga.
Flugmálaráðherra ákveður, að hve miklu leyti reglur, sem samdar eru samkvæmt lögum þessum, skuli gilda utan íslenzks yfirráðasvæðis.
Ákvæðum IX. kafla skal einnig beita um loftferðir erlends loftfars utan íslenzks yfirráðasvæðis, að því leyti sem það leiðir af milliríkjasamningi eða almennum réttarreglum.

II. KAFLI
Skrásetning, þjóðerni og merking.
Þjóðernisskrásetning.

6. gr.

Flugmálastjórnin skal halda skrá um loftför (þjóðernisskráning).
Um skráning réttinda í loftförum gilda sérstök lög.

7. gr.

Rétt er að skrásetja loftfar hér á landi, þá er íslenzkir aðilar eiga það.
Íslenzkir aðilar teljast:

a. Íslenzka ríkið og stofnanir, sem hlíta stjórn þess.
b. Íslenzk sveitarfélög.
c. Íslenzkir ríkisborgarar.
d. Mannúðarstofnanir, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, er þeir hafa aðsetur á Íslandi.
e. Samtök, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, er þeir hafa aðsetur á Íslandi, enda séu a. m. k. ⅔ samtakamanna íslenzkir ríkisborgarar.
f. Hlutafélög, sem hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara einna, er aðsetur hafa á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðrir, sem verða samkvæmt grein þessari settir á bekk með þeim, hlutabréf, er samsvari tveimur þriðju hlutafjár, og fari á aðalfundum hlutafélaga með a. m. k. tvo þriðju allra atkvæða.
g. Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, enda séu tveir þriðju hlutar félaga íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim, félagið eigi heimilisfang á Íslandi og hlíti stjórn íslenzkra ríkisborgara, búsettra þar.
h. Félög með ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu félagar allir íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim.

Flugmálaráðherra er rétt, þá er mjög mikilvægar ástæður eru til, að leyfa, að loftfar, sem heimastöð hefur á Íslandi og er í stöðugri notkun, megi skrá hér á landi, þótt eigandi þess fullnægi eigi skilyrðum 1. mgr. a—g.

8. gr.

Loftfar, sem skrásett er erlendis, verður eigi skrásett hér á landi, fyrr en það hefur verið strikað af erlendri skrá.

Nú hvíla á loftfari skráð réttindi, sem meta skal gild hér á landi samkvæmt samningi við erlent ríki, og verður loftfarið eigi tekið á íslenzka skrá, nema réttarhöfum hafi verið gerð full skil, þeir samþykki flutninginn eða réttindin séu niður fallin við nauðungarsölu.

9. gr.

Loftfar skal eigi skrásetja, nema það hafi lofthæfisskírteini, sem stjórn loftferðamála hefur gefið út eða metið gilt.

10. gr.

Skrásetja skal loftfar samkvæmt skriflegri umsókn eiganda þess. Umsókn skal geyma skýrslur, sem nauðsynlegar eru til skrásetningar, og henni skulu fylgja skilríki fyrir því, að umsækjandi sé eigandi loftfarsins, hvenær og af hverjum það er smíðað og svo að skilyrðum 7.—9. gr. sé fullnægt. Nú er eignarréttur umsækjanda bundinn skilyrðum eða takmörkunum, sem leitt geta til þess, að eignarrétturinn flytjist til annars aðila, og skal geta þess í umsókn.

Nú gerir umsækjandi sennilegt, að hann sé eigandi, en tekst eigi að leiða fullnægjandi sönnur að eignarheimild sinni, og er skrásetjara rétt að beiðni hans að birta opinberlega áskorun til þess, er kann að telja sig eiganda, að gefa sig fram, áður en liðinn er frestur, er eigi má vera styttri en tveir mánuðir. Ef enginn gefur sig fram, er skrásetjara rétt að viðurkenna eignarheimild umsækjanda.

11. gr.

Nú eru að dómi skrásetjara skilyrði skrásetningar fyrir hendi, og skrásetur hann loftfar og lætur því í té skrásetningarmerki.

Á skrá skal setja:

a. Þjóðernismerki og skrásetningarmerki loftfars.
b. Nauðsynlega skýrslu um annað það, er einkennir loftfar.
c. Skýrslu um eiganda og eignartöku hans á loftfari og, sé því að skipta, skilyrði og hömlur, sem greindar eru í 1. mgr. 10. gr.
d. Tilvísun til lofthæfisskírteinis handa loftfari.
e. Dag og ár skrásetningar.
f. Aðrar skýrslur eftir ákvörðun flugmálaráðherra.

12. gr.

Nú verða eftir skrásetningu eigandaskipti að loftfari að nokkru eða öllu, eigandi þess breytir þjóðerni sínu eða gerð er breyting á loftfarinu, sem máli skiptir um kennsl á því, og skal eigandi tafarlaust tilkynna skrásetjara breytinguna ásamt nauðsynlegum skýrslum og skilríkjum. Með sama hætti skal með fara, þá er eigandi fullnægir eigi lengur skilyrðum 7. gr.

Nú verða með samningi eigandaskipti að loftfari að nokkru eða öllu, og hvílir tilkynningarskylda einnig á afseljanda. Nú fer eignartaka á loftfari fram fyrir nauðungarsölu, beina fógetaaðgerð, gjaldþrot eða opinber skipti, og hvílir slík skylda á fógeta eða skiptaráðanda (skiptaforstjóra).

Skrásetjari skal skrá breytingu og geta, eftir því sem þörf er, ákvæða 10. og 11. gr. eða, beri atvik undir 13. og 14. gr., strika loftfar af skrá eða gera athugasemd á blað þess.

13. gr.

Loftfar skal strika af skrá, þá er:

a. þess er krafizt af þeim, sem skráður er eigandi þess;
b. skilyrðum 7. gr. er eigi lengur fullnægt, enda veiti flugmálaráðherra eigi leyfi til, að skráning loftfarsins haldist;
c. loftfar er rifið eða það hefur eyðilagzt;
d. loftfar er horfið. Loftfar telst horfið, þá er liðnir eru þrír mánuðir frá því síðasta flug hófst, og eigi er vitað, að það sé enn óskaddað.

Nú hefur að hendi borið eitthvert þeirra tilvika, sem nefnd eru í b—d þessarar greinar, og skal eigandi loftfars tafarlaust tilkynna það skráningaryfirvöldum, enda sé það eigi þegar gert samkvæmt 12. gr.

Nú hefur loftfar í þrjú ár eigi haft gilt lofthæfisskírteini, og má strika það af skrá, enda afli eigandi eigi slíks skírteinis, áður en liðinn er frestur, sem skrásetningaryfirvöld setja honum.

14. gr.

Nú er skráð haft á loftfari, og skal eigi fella loftfar niður af þjóðernisskrá, nema rétthafi samþykki. Í þess stað skal gera í skránni athugasemd um það tilvik, sem leiða hefði átt til niðurfellingar af skrá. Slík athugasemd hefur engin áhrif á haftið, en hefur að öðru sömu verkun sem afmáning af skrá.

Nú er loftfar fellt af þjóðernisskrá eða í hana er skráð slík athugasemd, sem í 1. mgr. getur, og skal tilkynna það til réttindaskrár.

15. gr.

Nú er skráð loftfar selt gegn afborgun og eignarréttarfyrirvara, og skal tilkynna skrásetjara tafarlaust samninginn. Tilkynningarskylda hvílir bæði á eiganda og kaupanda.

Skrásetjari skal skrá málavexti.

Nú er loftfar, sem skráð er hér á landi, látið um óákveðinn tíma eða eigi skemmri tíma en 14 daga í forræði leigutaka eða annars, sem notar það á sinn kostnað, og er hvorum samningsaðila rétt að tilkynna þetta skrásetjara, sem skráir umráðin.

16. gr.

Nú lætur íslenzkur aðili smíða á sinn kostnað loftfar erlendis eða fær þar eignarheimild í loftfari og fullnægt er skilyrðum 7. og 8. gr. til skrásetningar, og má samkvæmt umsókn hans skrá loftfarið til bráðabirgða í sérstakri deild loftfaraskrárinnar eftir nánari reglum, sem flugmálaráðherra setur.

17. gr.

Nú er loftfar í smíðum hér á landi, og má skrá það að beiðni eiganda þess til bráðabirgða í sérstakri deild loftfaraskrár, enda sé smíði þess komin á það stig, að þekkja má deili á því og eigandi fullnægir skilyrðum 7. gr.

18. gr.

Nú hefur loftfar verið skráð til bráðabirgða samkvæmt 16. eða 17. gr., og taka þá ákvæði 12.—15. gr. yfir það, eftir því sem við á. Nú verður slíkt loftfar skráð fullnaðarskráningu, og skal fella niður skráningu þess í hinni sérstöku deild, og höft, er getið var, skulu skráð að nýju á blaði þess í skránni.

19. gr.

Þjóðerni loftfara.

Nú er loftfar skráð samkvæmt 11. gr., og hlýtur það íslenzkt þjóðerni.

Skrásetjari gefur út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa loftfarinu.

20. gr.

Nú er loftfar fellt niður af skrá eða athugasemd gerð eftir 14. gr., og skal eigandi loftfarsins eða fyrri eigandi þess, sé það komið í eigu erlends aðila, tafarlaust senda skrásetjara þjóðernis- og skrásetningarskírteinið. Nú er annars færð á skrána einhver breyting á þeim atriðum, sem getur í skírteininu, og skal eigandinn án tafar senda skrásetjara skírteinið, sem getur breytingarinnar á skírteininu eða gefur út nýtt skírteini í stað hins.

21. gr.

Nú hefur loftfar verið skrásett til bráðabirgða samkvæmt 16. og 17. gr., og skal gefa út handa því bráðabirgða þjóðernis- og skrásetningarskírteini eftir nánari reglum, sem flugmálaráðherra setur.

Loftfarið hefur íslenzkt þjóðerni, meðan skírteinið heldur gildi sínu.

22. gr.

Í íslenzku loftfari, sem er í flugferðum samkvæmt lögum þessum, skal vera þjóðernis- og skrásetningarskírteini þess, er fullnægi reglum þessa kafla. Í erlendu loftfari skal, þá er það er á íslenzku yfirráðasvæði, vera þjóðernis- og skrásetningarskírteini þess eða samsvarandi skilríki frá erlendu ríki, sem samið hefur um rétt til flugferða um íslenzkt yfirráðasvæði.

Nú er loftfari samkvæmt c-lið 3. gr. veitt sérstakt leyfi til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði, og gilda um það reglur, er flugmálaráðherra setur.

23. gr.

Merking loftfara.

Nú hefur loftfar verið tekið á þjóðernisskrá samkvæmt 11., 16. eða 17. gr., og skal merkja það íslenzku þjóðernismerki og svo skrásetningarmerki því, sem því er úthlutað. Merki þessi skal loftfarið bera, meðan skrásetning þess er í gildi.

Nú á loftfar heima í erlendu ríki, sem samið hefur um rétt til flugferða á íslenzku yfirráðasvæði, og skal loftfarið í slíkum flugferðum vera merkt samkvæmt þeim reglum, er gilda í heimalandi þess.

Loftfar, sem leyfð er notkun þess samkvæmt c-lið 3. gr., skal merkja eftir reglum, sem flugmálaráðherra setur.

III. KAFLI
Um lofthæfi.

24. gr.

Loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal vera lofthæft.

Loftfar er einungis þá lofthæft, er það er þannig saman sett, smíðað, útbúið og því við haldið og það hefur þá flugkosti, að kröfum um öryggi er fullnægt.

25. gr.

Flugmálastjórnin framkvæmir skoðun á loftförum og hefur eftirlit með því, að loftför, sem notuð eru til flugferða eftir lögum þessum, séu lofthæf.

Flugmálastjórninni er rétt að láta íslenzkan eða erlendan kunnáttumann, er hún skipar til þess, og svo erlent stjórnvald framkvæma skoðun og eftirlit.

26. gr.

Nú er með skoðun eða á annan hátt sannreynt, að loftfar sé lofthæft, og gefur flugmálastjórnin út lofthæfisskírteini handa loftfarinu. Gefa má skírteini út til tiltekins tíma, og takmarka má það við loftferðir tiltekinnar tegundar eða á tilteknu svæði. Rétt er flugmálaráðherra að kveða svo á, að taka skuli upp í skírteinið eða sérstakt skjal, er skírteininu fylgi, leiðbeiningar um notkun loftfarsins, enda teljist það einungis þá lofthæft, er leiðbeiningunum er fylgt.

Lofthæfisskírteini skal samkvæmt umsókn endurnýja, enda sé loftfarið lofthæft samkvæmt gildandi ákvæðum, þá er endurnýja skal. Nú framkvæmir íslenzkur eða erlendur kunnáttumaður skoðun eða erlend yfirvöld samkvæmt 2. mgr. 25. gr., og er flugmálastjórninni rétt að fela aðila þeim, er skoðun framkvæmir, að endurnýja lofthæfisskírteini.

27. gr.

Íslenzkt loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal til sannindamerkis um lofthæfi sitt hafa lofthæfisskírteini, sem sé gefið út eða staðfest af flugmálastjórninni.

Erlent loftfar skal í loftferðum um íslenzkt yfirráðasvæði hafa annað tveggja slíkt skírteini eða lofthæfisskírteini, sem hefur verið út gefið eða staðfest í erlendu ríki, sem samið hefur verið við um viðurkenningu þess háttar skírteinis hér á landi.

Flugmálaráðherra er rétt að veita loftfari, sem eigi hefur lofthæfisskírteini samkvæmt 1. eða 2. mgr., sérstakt leyfi til loftferða á íslenzku yfirráðasvæði. Slíkt leyfi má taka aftur, ef vill.

28. gr.

Nú lætur flugmálaráðherra eigi öðruvísi mælt, og verður íslenzkt lofthæfisskírteini ógilt:

a. Þá er eigi hefur verið framkvæmd fyrirskipuð skoðun á loftfari.
b. Þá er gerð hefur verið slík breyting á loftfari og búnaði þess, að máli getur skipt um lofthæfi þess.
c. Þá er loftfar eða búnaður þess hefur orðið fyrir spjöllum, sem einsýnt er, að máli skiptir um lofthæfi þess.

Flugmálaráðherra er annars rétt að ógilda lofthæfisskírteini, þá er einhver þau atvik verða, sem skipta að dómi hans máli um lofthæfi loftfars.

Í tilviki því, er í stafl. c greinir, helzt ógildingin, unz flugmálastjórnin lýsir loftfar lofthæft.

Nú er lofthæfisskírteini ógilt, og er flugmálastjórninni rétt að heimta það til sín.

29. gr.

Ákvæði 26. og 28. gr. um íslenzkt lofthæfisskírteini skulu með tilsvarandi hætti eiga við um staðfestingu flugmálastjórnar á erlendu lofthæfisskírteini og svo um endurnýjun og ógildingu slíkrar staðfestingar.

30. gr.

Eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars, sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum, ber ábyrgð á því, að loftfarið sé lofthæft og að því fylgi gilt lofthæfisskírteini.

Nú ber við eitthvað það, sem máli skiptir um lofthæfi, og skal eigandi eða umráðandi loftfars samkvæmt reglum, er flugmálaráðherra setur, tilkynna það, svo fljótt sem verða má, flugmálastjórninni og veita henni alla þá vitneskju, sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu.

31. gr.

Flugmálastjórninni og svo kunnáttumanni þeim eða yfirvaldi, er í 26. gr. getur, er heimill aðgangur að hverju því loftfari, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, og rétt er nefndum aðilum að framkvæma hverja þá rannsókn á loftfarinu og búnaði þess, sem þeir telja nauðsynlega við skoðun og eftirlit. Sömu aðilum er í þessu skyni rétt að krefja eiganda, umráðanda (notanda) og áhöfn loftfars þeirrar aðstoðar, sem þörf er. Þeim er þannig rétt að krefjast þess, að loftfarið sé haft tiltækt til skoðunar, það affermt og prófflug og önnur próf framkvæmd.

Rannsókn samkvæmt grein þessari skal framkvæma með þeirri nærgætni, sem kostur er.

32. gr.

Nú þykir rétt að prófa kosti loftfars eða séu aðrar sérstakar ástæður til, og er flugmálastjórninni rétt eftir nánari reglum, er flugmálaráðherra setur, að veita undanþágu frá ákvæðum þessa kafla og reglum, settum samkvæmt þeim.

33. gr.

Rétt er flugmálaráðherra að ákveða, að smíði loftfara, búnaðar, tækja og varahluta þeirra og svo nánar tiltekin störf við viðhald, viðgerðir og breytingar á loftförum, búnaði, tækjum og varahlutum þeirra skuli einungis falin sérfróðum mönnum, sem sérstaklega eru til slíks starfs löggiltir, eða fyrirtækjum, sem til starfans setja sérfróða og löggilta menn.

IV. KAFLI

Áhöfn.

34. gr.

Hvert það loftfar, sem notað er til loftferða lögum þessum samkvæmt, skal hafa áhöfn, svo að tryggilegt sé.

Flugmálaráðherra setur nánari reglur um áhöfn.

Eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars ábyrgist, að það sé réttilega áhöfn skipað.

35. gr.

Flugmálastjórnin hefur eftirlit með því, að ákvæðin um áhöfn séu haldin. Rétt er henni að láta íslenzkan eða erlendan kunnáttumann og svo erlent yfirvald framkvæma eftirlitið.

36. gr.

Flugmálaráðherra ákveður, hverjum skilyrðum flugverjar, er í loftfari starfa, skuli fullnægja um ríkisfang, aldur, líkamlegt og andlegt hæfi, reglusemi, menntun og þjálfun.

37. gr.

Flugmálastjórnin gefur út skírteini flugstjóra og þeirra annarra flugverja, sem flugmálaráðherra kveður á um, enda leiði sá, er í hlut á, sönnur að því, að hann fullnægi skilyrðum til að rækja starfann.

Skírteini má binda við loftferðir loftfara tiltekinnar tegundar eða loftferðir á tilteknu svæði.

Skírteini skal gefa út til tiltekins tíma, og það skal eftir umsókn endurnýja til tiltekins tíma, enda fullnægi handhafi þess lögmæltum skilyrðum til starfans á endurnýjunarstundu.

Rétt er að synja skírteinis þeim manni, sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun, er veitir ástæðu til að ætla, að hann misfari með skírteinið.

38. gr.

Nú hefur maður á hendi starfa í loftfari, slíkan sem greinir í 37. gr., og skal hann sanna heimild sína til hans með skírteini, sem flugmálastjórnin hefur gefið út eða staðfest, eða skírteini, sem út er gefið eða staðfest af erlendu ríki, sem samið hefur verið við um viðurkenningu á þess háttar skírteini.

Nú hefur maður á hendi starfa á íslenzku loftfari í milliríkjaflugi, og skal hann hafa skírteini, sem út er gefið eða staðfest af flugmálastjórninni.

Flugmálastjórninni er rétt að synja viðurkenningar á skírteini, sem annað ríki hefur veitt íslenzkum ríkisborgara, að því er tekur til loftferða yfir íslenzku yfirráðasvæði.

Flugmálastjórninni er, án tillits til ákvæða 1. mgr., rétt að veita sérstakt leyfi til starfa í loftfari. Afturkalla má slíkt leyfi hvenær sem er.

39. gr.

Flugmálastjórninni er rétt að ógilda íslenzkt skírteini fyrir óliðinn gildistíma þess eða hluta hans, þá er skírteinishafi fullnægir eigi lengur skilyrðum til þess starfa, sem skírteinið varðar.

Nú þykir flugmálastjórninni ástæða til að ætla, að efni séu til þess að ógilda skírteini samkvæmt 1. mgr., og er henni rétt að fella skírteinið úr gildi um stundarsakir, unz útkljáð er, hvort skírteinið skuli ógilda að fullu.

Nú er skírteini ógilt eða fellt úr gildi um stundarsakir samkvæmt ákvæðum greinar þessarar, og skal skila flugmálastjórninni skírteininu.

40. gr.

Ákvæði 37. og 39. gr. um útgáfu, endurnýjun og ógilding skírteinis skulu með samsvarandi hætti taka yfir staðfestingu flugmálastjórnarinnar á erlendum skírteinum og svo endurnýjun og ógildingu slíkrar staðfestingar.

41. gr.

Nú hefur maður skírteini, sem flugmálastjórnin hefur gefið út eða gilt metið, og skal hann, svo fljótt sem verða má, tilkynna henni atriði, sem máli skipta, er meta skal, hvort hann fullnægi áfram skilyrðum til starfans. Honum er skylt, hvenær sem er, að gangast undir þá rannsókn og þau próf, sem flugmálastjórnin telur nauðsynleg.

Nú verður læknir þess vís, að flugverji er haldinn slíkri heilsubilun, að hætta stafi af starfa hans í loftfari, og ber lækninum að vara hann við og, stoði viðvörun eigi, tilkynna vitneskju sína flugmálastjórn eftir reglum, er flugmálaráðherra setur.

42. gr.

Flugmálastjórninni er rétt að leyfa, að loftfar sé notað til loftferða í æfingarskyni eða annars, séu sérstakar ástæður til, þótt það sé eigi áhöfn skipað samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

V. KAFLI
Um flugstjóra og flugstarfa.

43. gr.

Flugstjóri skal vera á hverju því íslenzku loftfari, sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum.

Flugstjóri hefur æðsta vald í loftfari.

44. gr.

Flugstjóri skal annast um, að loftfar sé lofthæft og tilhlýðilega búið, áhöfn skipað og fermt og að flug sé annars undirbúið og framkvæmt samkvæmt gildandi ákvæðum.

Flugstjóri skal hlíta ákvæðum 30. gr. um skyldu til að tilkynna flugmálastjórninni atriði, sem máli skipta um lofthæfi, og til að láta henni í té skýrslur, sem nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu. Honum er skylt samkvæmt reglum, er flugmálaráðherra setur, að gefa flugmálastjórninni skýrslur um atriði, sem máli skipta, er meta skal starfshæfi flugverja.

45. gr.

Flugstjóri hefur undir sinni forsjá loftfar, áhöfn, farþega og farm.

Honum er rétt, þá er hann telur nauðsyn til bera, að setja flugverja um stundarsakir til annarrar þjónustu en þeirrar, sem þeir eru ráðnir til.

Farþegum er skylt að fara eftir þeim fyrirmælum, sem flugstjóri setur um góða hegðun og reglu í loftfari.

Flugstjóra er rétt, er nauðsyn ber til, að synja viðtöku í loftfari eða vísa úr því flugverjum, farþegum eða varningi og farangri.

46. gr.

Rétt er flugstjóra að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig, enda sé það nauðsynlegt til uppihalds á góðri hegðun og reglu í loftfari.

Nú er loftfar í hættu statt eða annars konar neyðarástand er fyrir hendi, og er flugstjóra rétt að beita hverri þeirri aðferð, sem nauðsynleg er til að koma á reglu og hlýðni. Flugverja hverjum er skylt, og það án þess að á hann sé skorað, að veita flugstjóra aðstoð.

Nú er manni, er hlýðni neitar, veittur áverki eða ákoma, og má hann þá einungis koma fram ábyrgð af þeim sökum, að harðari aðferðum sé beitt en efni voru til.

47. gr.

Nú er í loftfari framið stórfellt lögbrot, og ber flugstjóra að gera, eftir því sem kostur er, þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til öflunar réttrar vitneskju um málið og eigi má að meinalausu fresta.

Flugstjóri skal, svo sem kostur er, annast um, að hinn seki komist eigi undan, og er flugstjóra rétt, ef nauðsyn ber til, að setja hann í gæzlu, unz hann verður afhentur lögreglu á Íslandi eða yfirvöldum, er í hlut eiga, erlendis.

Rétt er flugstjóra að taka í sína umsjá hluti, sem ætla má, að séu sönnunargögn, unz þeir verða afhentir lögreglu eða yfirvöldum, svo sem í 2. mgr. segir.

48. gr.

Flugstjóri skal gæta þess, að lögmæltar dagbækur og önnur flugskjöl séu í loftfari og að skráð sé í bækur þessar og skjöl, svo sem lög mæla.

49. gr.

Nú lendir loftfar í háska, og skal flugstjóri gera allt, sem honum er unnt, til bjargar loftfari, mönnum og varningi, sem í því eru. Nú ber nauðsyn til að yfirgefa loftfarið, og skal hann eftir megni annast um, að flugskjölum sé komið á óhultan stað.

50. gr.

Nú verður flugslys, sem af hlýzt mannslát, stórfelld meiðsl á mönnum, stórfelld spjöll á loftfari eða eignum utan þess, og ber flugstjóra tafarlaust að sjá um, að flugmálastjórninni sé sagt til slyssins, og gefa skal hann síðan skýrslu um það, svo fljótt er verða má. Sama gildir, ef alvarleg hætta á slíku slysi hefur vofað yfir eða eitthvað hefur að hendi borið, sem til þess bendir, að meiri háttar löstur sé á loftfari, flugvirkjum eða flugtækjum á jörðu niðri eða rekstri þeirra.

Nú er flugstjóra eigi unnt að gefa hina lögmæltu tilkynningu eða skýrslu, og hvílir skylda til þess á eiganda loftfars eða umráðanda (notanda).

Flugmálaráðherra er rétt að setja reglur um takmörkun tilkynningarskyldu, að skylda þessi taki til fleiri flugverja en flugstjóra eða tilkynna skuli fleirum en flugmálastjórninni.

51. gr.

Flugverji hver skal hlýða skipunum yfirmanna sinna í starfa sínum, vera umhyggjusamur um loftfar, menn og varning, sem í því eru, og rækja starfsskyldur sínar af samvizkusemi.

52. gr.

Enginn flugverji má hafa á hendi starfa í loftfari, sé hann vegna neyzlu áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja, vegna sjúkdóms eða þreytu eða annarrar líkrar orsakar óhæfur til að rækja starfann á tryggilegan hátt. Nú er vínandamagn í blóði flugstjóra eða annars flugverja yfir 0.4‰ eða áfengi er í líkama hans, sem leitt getur til slíks vínandamagns í blóðinu, og telst hann með áhrifum áfengis og eigi hæfur til að starfa í loftfari. Eigi leysir það aðila undan sök, þótt hann ætli vínanda í blóði sínu minni.

Flugstjóri og flugverjar, sem teljast til áhafnar loftfara, svo og flugumferðarstjórar, mega ekki neyta áfengis síðustu 18 klukkustundir, áður en störf eru hafin, né heldur meðan þeir eru að starfi. Varðar það að jafnaði missi skírteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Sá, sem starfað hefur í loftfari, má eigi neyta áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja næstu 6 klukkutíma, eftir að starfa hans í loftfari lauk, enda hafi hann ástæðu til að ætla, að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann.

Rétt er lögreglumönnum, þá er ástæða er til, að flytja aðila til læknis til rannsóknar, þ. á m. til blóð- og þvagrannsóknar, og er honum skylt að hlíta nauðsynlegri meðferð læknis.

Bannað er að fela manni starfa í loftfari, þá er hann er haldinn þeim meinbug, sem í 1. og 3. mgr. getur.

Nú neytir flugstjóri eða annar flugverji áfengis á opinberum veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann muni verða brotlegur við 1. og 3. mgr., og ber þeim að gera allt, sem unnt er, til að afstýra broti, þar á meðal að gera lögreglu viðvart. Lögreglustjórar skulu, hver í sínu umdæmi, brýna ákvæði þessarar greinar fyrir veitingamönnum.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til að tryggja fyllsta öryggi, að fengnum tillögum félagssamtaka flugverja, flugfélaga og flugmálastjórnar.

53. gr.

Nú veikist eða slasast flugverji fjarri heimili sínu og fjarvistin er vegna starfs hans. Ber þá vinnuveitanda að greiða allan kostnað við læknishjálp, sjúkrahúsvist og flutning sjúklings til heimilis hans.

54. gr.

Flugmálaráðherra kveður á, að hve miklu leyti ákvæði þessa kafla skuli taka til erlends loftfars á íslenzku yfirráðasvæði.

VI. KAFLI
Flugvellir og önnur flugvirki. Almenn ákvæði.

55. gr.

Flugvellir og önnur flugvirki skulu fullnægja þeim kröfum, sem flugmálaráðherra setur, enda mæli lög eigi öðruvísi.

Rétt er flugmálaráðherra að ákveða í reglugerð, hverjum skilyrðum flugvellir skuli fullnægja, er þeir hafa eigi verið sérstaklega til flugs gerðir.

Flugmálaráðherra setur reglur um rekstur og viðhald flugvalla og flugvirkja og um eftirlit með þeim. Sá handhafi stjórnvalds, sem hefur umsjón með flugvirkjum, skal einnig annast um, að haldin séu önnur þau ákvæði, sem kafli þessi geymir, og reglur, settar samkvæmt þeim. Rétt er honum að krefjast, hvenær sem er, aðgangs að flugvirkjum og öðrum stöðum, eftir því sem nauðsynlegt er til framkvæmdar á verki sínu.

56. gr.

Flugmálaráðherra er rétt að kveða á, að loftferðir á tilteknum leiðum eða yfir tilteknum svæðum skuli háðar sérstakri skipan.

57. gr.

Flugöryggisþjónustu skal veita loftferðum til öryggis og léttis. Flugmálaráðherra setur reglur um hana og ákveður, að hve miklu leyti aðrir en ríkisstofnanir skuli hafa hana á hendi.

Sérleyfi.

58. gr.

Sá, sem gera vill og starfrækja flugvöll, sem sé almenningi til afnota, þarf sérleyfi flugmálaráðherra auk viðurkenningar samkvæmt 63. gr. Ríkið þarfnast þó eigi sérleyfis.

Rétt er flugmálaráðherra að ákveða, að gera megi og starfrækja flugvöll án sérleyfis, þá er ásigkomulag flugvallarins, magn og tíðleiki umferðar eða aðrar sérstakar ástæður gera slíka skipan eðlilega.

59. gr.

Sérleyfi skal því aðeins veita, að almenn sjónarmið leiði til þess. Áður en sérleyfi er veitt, skal leita umsagnar sveitarstjórnar þeirrar, sem í hlut á.

60. gr.

Sérleyfi skal vera tímabundið og svo bundið slíkum skilyrðum, sem nauðsynleg teljast.

Í sérleyfi má áskilja ríkinu rétt til að leysa til sín flugvöll, önnur flugvirki og útbúnað sérleyfishafa. Um endurgjald fer samkvæmt ákvæðum laga um eignarnám.

61. gr.

Sérleyfi má taka aftur, ef sérleyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga, sérleyfisskilmála eða reglur, sem slíkan rekstur varða.

Nú má ætla, að sérleyfishafi sé eigi fær um að gera flugvirkin á fullnægjandi hátt eða halda rekstri uppi, og má afturkalla sérleyfið.

62. gr.

Flugmálaráðherra er rétt að ákveða, að leyfi hans þurfi til gerðar eða rekstrar á flugvelli, sem eigi er til almennrar notkunar, eða til annars flugvirkis. Hann setur reglur um slíkt leyfi.

Viðurkenning.

63. gr.

Flugvellir, sem ætlaðir eru til almennrar notkunar, þarfnast viðurkenningar flugmálaráðherra. Hann ákveður, að hve miklu leyti krefjast skuli slíkrar viðurkenningar um aðra flugvelli og önnur flugvirki.

Flugmálaráðherra bindur viðurkenningu sína þeim skilyrðum, sem nauðsynleg má telja.

Nú fullnægir flugvöllur eða annað flugvirki eigi lengur þeim kröfum, sem viðurkenning slíks flugvirkis er háð, eða sett skilyrði eru vanhaldin í mikilvægum atriðum, og er flugmálaráðherra rétt að afturkalla viðurkenningu sína.

Nú ber eitthvað við, sem í för með sér hefur, að flugvirki fullnægir eigi lengur settum kröfum, og er eiganda þess eða umráðanda skylt, undir eins og hann verður þess vís, að tilkynna það flugmálastjórninni.

Nú liggja atvik til þess, að hættulegt er að nota flugvirkið, og skal eigandi eða umráðandi þess stanza rekstur þess, án þess að bíða ákvörðunar flugmálastjórnarinnar.

Eignarnám og loftferðatálmanir.

64. gr.

Rétt er að framkvæma eignarnám samkvæmt lögum nr. 61 frá 1917 vegna gerðar flugvallar eða annars flugvirkis, vegna stækkunar, endurbóta eða viðhalds slíks virkis í þágu loftferða, enda telji flugmálaráðherra, að mannvirkisgerðin sé frá almennu sjónarmiði æskileg.

65. gr.

Aðflug að flugvelli, sem almenningi er heimil notkun hans til loftferða, skal vera tryggt samkvæmt þeim reglum, sem hér segir, en rétt er þó flugmálaráðherra að víkja frá þeim, þá er sérstaklega stendur á.

66. gr.

Flugmálaráðherra ber að setja skipulagsreglur fyrir flugvelli, þá er í 65. gr. getur, nema sérstök undantekning sé gerð samkvæmt þeirri grein.

Skipulagsreglur skulu m. a. geyma fyrirmæli um það svæði utan sjálfs flugvallarins, þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta, t. d. húsa, stanga, trjáa o. s. frv., eða takmörkun á meðferð fasteigna eða hluta, t. d. að því er varðar leiðslur, atvinnurekstur o. s. frv., enda séu slíkar kvaðir nauðsynlegar í þágu almenns öryggis. Kveða skal glöggt á um mörk þess svæðis, sem skipulagið tekur yfir.

Með sama hætti skal setja skipulagsreglur, eftir því sem þurfa þykir, um hafnarsvæði og vatnasvæði, þar sem loftför lenda á sjó eða vatni.

Innan skipulagssvæðis skal greina hinar mismunandi takmarkanir á mannvirkjahæð, sem nauðsynlegar eru til öruggrar lendingar og öruggs flugtaks.

Rétt er, að skipulagsreglur kveði á um tiltekna geira fyrir aðflug og fráflug, er séu breytilegir eftir því, hvort veður er gott eða skyggni slæmt.

Setja má reglur um tímabundið skipulag.

Uppkast að fyrirhuguðum skipulagsreglum skal liggja frammi mönnum til sýnis á hentugum stað, og skal auglýsa framlagningu í Lögbirtingablaði og skora á fasteignaeigendur og aðra, sem í hlut eiga, að gera athugasemdir við það, áður en liðinn er frestur, sem eigi má vera styttri en 4 vikur.

Flugmálastjórnin skal taka til gaumgæfilegrar athugunar þær athugasemdir, sem fram kunna að koma, og gefa þeim, sem í hlut eiga, færi á því að kynna sér breytingar, áður en gengið er frá skipulagi til fullnaðar. Fullnaðarskipulag skal birta með sama hætti og uppkastið.

Þinglýsa skal kvöð, sem lögð er á fasteignir vegna flugvalla, enda skipti kvöð máli.

67. gr.

Eigi má víkja frá hæðartakmörkun eða öðrum takmörkunum um forræði eigna, sem í skipulagsreglum segir, án samþykkis flugmálaráðherra. Fyrir slíku samþykki má setja skilyrði, svo sem um breytingu eða merkingu þeirra bygginga, sem máli skipta.

Nú er takmörkun eigi hlýtt, án þess að fyrir liggi samþykki, og skal flugmálastjórnin setja þeim, er í hlut á, frest til að ganga löglega frá málum. Sama gildir, ef eigi eru haldin skilyrði fyrir samþykki eftir 1. mgr.

Nú líður frestur, án þess að úr sé bætt, og er flugmálastjórn rétt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir með atbeina fógeta og á kostnað þess, sem í hlut á. Nú fær ríkið kostnað sinn eigi bættan úr hendi hans, og er rétt að krefjast kostnaðar úr hendi eiganda flugvallar.

68. gr.

Nú er fyrir hendi, er skipulagsreglur taka gildi, loftferðatálmi, sem fer í bága við skipulagið, og skal ryðja honum úr vegi, enda samþykki flugmálaráðherra eigi, að hann haldist. Ákvæði 67. gr. eiga hér við. Útgjöld af framkvæmdum skal eigandi flugvallar þó bera, enda sé eigi til að dreifa tilviki því, er greinir í 2. mgr. 67. gr.

69. gr.

Nú er kvöð lögð á eign manns eða forræðisskerðing vegna flugvallar, og á eigandi hennar eða réttindahafi kröfu til skaðabóta úr hendi eiganda flugvallar, enda hafi kvöð eða forræðisskerðing í för með sér, að eignin verði eigi hagnýtt til fulls, miðað við stærð hennar, legu og allar aðstæður, eða eigandi hennar verður fyrir fjárhagstjóni, sem hann á að fá bætt eftir meginreglum laga.

Bóta má og krefja úr hendi eiganda flugvallar, er aðili verður fyrir skaða vegna framkvæmda, er getur í 68. gr.

Skilyrði skaðabóta er, að leitað hafi verið heimildar til undanþágu samkvæmt 67. gr.

Ríkið ábyrgist, að skaðabætur séu af hendi inntar.

70. gr.

Skaðabætur skal ákveða eftir reglum laga nr. 61/1917.

Rétt er krefjanda skaðabóta að beiðast mats innan þess frests, sem ákveðinn er í skipulagsreglum. Frestur má eigi styttri vera en 2 ár frá birtingu skipulagsreglna. Rétt er flugmálaráðherra að veita uppreisn um 6 mánaða tímabil frá lokum frests.

71. gr.

Eigandi eða umráðamaður (notandi) flugvallar skal annast um, að hinni fyrirskipuðu forræðisskerðingu á eignum og mannvirkjum sé hlítt. Nú er út af þessu brugðið, og ber honum að tilkynna flugmálastjórninni það tafarlaust.

72. gr.

Við breytingu á skipulagsreglum skal beita sömu aðferð og við setningu nýrra. Veita má tilslökun á forræðisskerðingu, án þess að uppkast liggi áður frammi til sýnis.

73. gr.

Skipulagsreglur skulu halda gildi sínu, unz flugmálaráðherra fellir þær úr gildi eða gildistími þeirra er útrunninn.

Nú eru skipulagsreglur úr gildi felldar, og taka ákvæði 6. og 7. mgr. 66. gr. til þess með tilsvarandi hætti.

74. gr.

Rétt er flugmálaráðherra að krefjast þess, að brott séu numdir eða merktir tálmar, sem eru utan svæðis, sem skipulag tekur yfir, en vegna hæðar mega teljast hættulegir flugumferð. Beitt skal eignarnámi, ef því er að skipta. Kostnaður, þar með taldar skaðabætur handa eiganda eða notanda, greiðist úr ríkissjóði.

75. gr.

Rétt er flugmálaráðherra að kveða svo á, að eigi skuli setja upp eða nota og, sé því að skipta, að brott skuli nema eða færa í annað horf merki, ljós eða hljóðvirki, tæki er senda frá sér útvarpsbylgjur, eða önnur tilfæri, sem telja má flugumferð stafa hættu af.

Um skaðabætur fer eftir almennum reglum laga, ef því er að skipta.

Önnur ákvæði.

76. gr.

Flugmálaráðherra er rétt að kveða á um flugvelli þá, er loftför mega nota, þá er þau hefja sig til flugs eða lenda, enda segi eigi öðruvísi í sérlögum.

77. gr.

Rétt er flugmálaráðherra að setja reglur um aðgang að flugvöllum, umferð um þá og dvöl loftfara á þeim og svo, beri nauðsyn til, banna í samráði við samgöngumálaráðherra siglingu eða vist á vatna- eða sjóleiðum, sem notaðar eru um stundarsakir eða til frambúðar sem flugstöðvar.

78. gr.

Heimta má afgjöld fyrir not flugvallar eða annars mannvirkis í þágu loftferða, sem eru til almennra nota, eftir reglum, sem flugmálaráðherra setur. Taka má afgjöld lögtaki.

79. gr.

Flugvelli og önnur mannvirki í þágu loftferða, sem eru til almennra nota, mega erlend loftför einnig nota með sömu skilyrðum og íslenzk loftför í þvílíkum millilríkjaförum, enda sé fyrir hendi samningur um þetta við það erlenda ríki, sem í hlut á.

80. gr.

Flugmálaráðherra er rétt að kveða á, hverjum kostum þeir skulu búnir vera, sem starfa á flugvelli, í öðru flugvirki eða hafa á hendi annað það starf utan loftfars, sem mikilsvert er um öryggi loftferða. Ráðherra setur reglur um starfsskírteini fyrir slíkum starfa.

81. gr.

Ákvæði 52. gr. taka með viðeigandi hætti til þeirra, sem hafa eftirlit með loftförum og loftferðum, hafa á hendi tæknistörf við loftför eða önnur störf mikilsverð fyrir öryggi loftferða að dómi flugmálaráðherra.

VII. KAFLI
Leyfi til loftferðastarfsemi.

82. gr.

Leyfi flugmálaráðherra þarf til rekstrar reglubundinna loftferða í fjáraflaskyni yfir íslenzku yfirráðasvæði.

Leyfi flugmálaráðherra þarf einnig til rekstrar annarra loftferða til fjáröflunar yfir nefndu yfirráðasvæði, enda mæli ráðherra eigi öðruvísi.

Rétt er flugmálaráðherra að láta svo mælt, að kennsluflug, sýningarflug, samkeppnisflug og önnur loftferðastarfsemi sérstakrar tegundar þurfi leyfis, enda þótt starfsemin sé eigi rekin til fjáröflunar.

83. gr.

Leyfi má því aðeins veita, að almenn sjónarmið styðji það.

84. gr.

Nú er einungis um að tefla loftferðir milli staða á íslenzku yfirráðasvæði, og má veita leyfi samkvæmt 82. gr. þeim einum, er fullnægir skilyrðum til skrásetningar á loftfari, þeim er í 7. gr. getur.

Nú fullnægir leyfishafi eigi skilyrðum leyfis, og gengur leyfi úr gildi, nema úr sé bætt, áður en liðinn er frestur, sem flugmálaráðherra setur.

Þá er alveg sérstaklega stendur á, er flugmálaráðherra rétt að veita leyfi samkvæmt 82. gr., þótt skilyrðum þessarar greinar sé eigi fullnægt.

85. gr.

Veita skal leyfi um tiltekinn tíma og binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um farm- og fargjöld.

Rétt er í leyfi að áskilja ríkinu heimild til innlausnar.

86. gr.

Nú brýtur leyfishafi í hinni leyfðu starfsemi í mikilvægum atriðum lagaboð, skilyrði leyfis, önnur fyrirmæli um starfsemina, eða hann reynist ófær til að reka starfsemina, og er rétt að svipta hann leyfi.

87. gr.

Rétt er að víkja frá ákvæðum þessa kafla, þá er leyfi er veitt, að því leyti sem sáttmáli við erlent ríki gerir það nauðsynlegt.

88. gr.

Flugmálaráðherra er rétt að setja reglur um, með hverju skilorði afhenda megi loftfar eða flugvirki þess eða varahluti í hendur annars aðila til nota á sjálfs hans kostnað.

VIII. KAFLI
Um umferð í lofti.

89. gr.

Flugmálaráðherra setur reglur um verndarráðstafanir, sem gerðar skulu til að afstýra árekstri loftfara, öðrum flugslysum, hættum og óhagræði af loftferðum.

90. gr.

Rétt er flugmálaráðherra að setja reglur um flugleiðir loftfara inn á íslenzkt yfirráðasvæði og yfir því og hverja flugvelli nota megi í millilandaflugi.

91. gr.

Rétt er þeim handhafa stjórnvalds, er í hlut á, að skipa loftfari að lenda, enda miði sú skipan til uppihalds á allsherjarreglu og öryggi. Lenda skal þá, svo skjótt sem kostur er. Nú er eigi gefin skipun annars efnis, og skal loftfar lenda á næsta flugvelli hér á landi, sem er til almennra flugnota og lenda má á.

Nú flýgur loftfar inn á svæði, þar sem loftferðir eru bannaðar, og skal loftfarið tafarlaust fljúga út fyrir svæðið og tilkynna þetta þeim handhafa stjórnvalds, sem í hlut á, og mæli hann eigi annað, lenda á næsta flugvelli hér á landi, sem er til almennra flugnota og lenda má á.

Nú fer stjórnandi loftfars eigi eftir fyrirmælum þessarar greinar, og er handhafa stjórnvaldsins rétt með viðeigandi ráðum að hindra áframhaldandi flug loftfarsins.

92. gr.

Hergögn má eigi flytja í loftförum án leyfis flugmálaráðherra. Flugmálaráðherra setur í samráði við dómsmálaráðherra fyrirmæli um, hvað hergögn merkja. Flugmálaráðherra er rétt, í samráði við dómsmálaráðherra, að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

Rétt er flugmálaráðherra til uppihalds á allsherjarreglu og öryggi að banna eða setja reglur um flutning annars varnings en hergagna.

Rétt er flugmálaráðherra að banna eða setja reglur um heimild manna til að hafa meðferðis og nota ljósmyndatæki í loftfari.

93. gr.

Nú er eigi öðruvísi mælt í sérstökum lögum, og setur flugmálaráðherra reglur um dagbækur og önnur loftfarsskjöl, vist þeirra í loftfari, ef þurfa þykir, gerð þeirra, ritun og geymslu.

94. gr.

Hver, er það varðar hag hans að lögum, hefur rétt til að kynna sér efni dagbóka og annarra loftfarsskjala.

95. gr.

Flugmálaráðherra kveður á, að hverju ráði flugverjar skulu hafa meðferðis skírteini og önnur skjöl.

96. gr.

Flugmálastjórn, lögreglu og tollyfirvöldum er rétt að rannsaka loftfar og sannkanna þau skjöl, sem loftfar og flugverjar skulu vera búnir.

IX. KAFLI
Um loftflutninga.
Gildissvið.

97. gr.

Ákvæði þessa kafla taka yfir flutninga í loftfari á farþegum, farangri eða varningi, enda sé flutningur inntur af hendi gegn endurgjaldi. Nú framkvæmir loftferðafyrirtæki flutninga, og gilda ákvæði laganna, enda þótt flutningur sé ókeypis.

98. gr.

Ákvæði kafla þessa gilda eigi um póstflutninga.

Ákvæðin um flutningaskjöl í 99.—105. gr. taka eigi til flutninga, sem inntir eru af hendi við óvenjulegar aðstæður og falla utan venjulegrar loftferðastarfsemi.

Flutningaskjöl.

99. gr.

Nú eru farþegar fluttir, og skal flytjandi afhenda farseðil, þar sem greina skal:

a. Brottfararstað og ákvörðunarstað.
b. Að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður eru í sama ríki og samið er um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki.
c. Að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans eða lögum, sem til líka við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á mannskaða og glötun eða tjóni á farangri.

Nú eru eigi færðar sönnur á annað, og telst farseðill sönnun um gerð flutningssamnings og flutningskjör.

Nú er farseðill eigi gefinn út eða efni hans er eigi það, er mælt var, eða hann hefur glatazt, og er flutningssamningur engu að síður gildur. Nú er farþegi með samþykki flytjanda í loftfari, án þess að farmiði sé afhentur, eða farmiði geymir eigi þá vitneskju, sem í c. greinir, og getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði 118. gr. um takmörkun ábyrgðar.

100. gr.

Nú er innrituðum farangri veitt viðtaka til flutnings, og skal gefa út farangursmiða. Nú er farangursmiði eigi festur við eða felldur inn í farseðil farþega, sem fullnægir kröfum 1. mgr. 99. gr., og skal í farangursmiða greina:

a. Brottfararstað og ákvörðunarstað.
b. Að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður eru í sama ríki og samið er um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki.
c. Að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans eða lögum, sem til líka við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á farangri.

Nú eru eigi færðar sönnur á annað, og telst farangursmiði sönnun um innritun og viðtöku farangurs til flutnings og um flutningskjörin.

Nú er farangursmiði eigi gefinn út eða efni hans er eigi það, sem mælt var, eða hann hefur glatazt, og er flutningssamningurinn eigi að síður gildur.

Nú hefur flytjandi tekið við farangri, án þess að afhenda farangursmiða, eða farangursmiði geymir eigi þá vitneskju, sem í c. greinir, og hann er eigi heldur festur við eða felldur inn í farmiða, sem geymir vitneskju þá, sem segir í 1. mgr. c. 99. gr., og getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði 2. mgr. 118. gr. um takmörkun ábyrgðar.

101. gr.

Nú er varningur fluttur, og getur flytjandi krafizt, að sendandi gefi út og afhendi honum skjal, sem nefnist flugfarmbréf. Sendandi getur og krafizt, að flytjandi taki við skjali þessu.

Nú er flugfarmbréf eigi gefið út, eða það geymir eigi efni það, er mælt var, eða það hefur glatazt, og er flutningssamningurinn eigi að síður gildur.

102. gr.

Sendandi skal gefa flugfarmbréf út í þremur eintökum og afhenda þau flytjanda ásamt varningi. Á fyrsta eintakið skal rita „Handa flytjanda“, og skal sendandi undirrita það. Á annað eintakið skal rita „Handa viðtakanda“, og skulu bæði sendandi og flytjandi undirrita það. Skal það fylgja varningnum. Þriðja eintakið skal flytjandi undirrita og skila því sendanda, þá er varningnum hefur verið veitt viðtaka.

Flytjandi skal undirrita flugfarmbréf, áður en varningur er færður í loftfar. Undirritun má rita með stimpli. Rétt er, að undirritun sendanda sé prentuð eða letruð með stimpli.

Nú hefur flytjandi gefið út flugfarmbréf eftir beiðni sendanda, og skal talið, að hann hafi gert það fyrir hönd sendanda, nema annað sannist.

103. gr.

Nú eru fleiri en einn hlutir varnings fluttir, og skal sendandi gefa út sérstök flugfarmbréf, enda krefjist flytjandi þess.

104. gr.

Í flugfarmbréfi skal greina:

a. Brottfararstað og ákvörðunarstað.
b. Að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður eru í sama ríki og samið er um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki.
c. Að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans að lögum, sem til líka við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á varningi.

105. gr.

Nú er varningur með samþykki flytjanda færður í loftfar, án þess að flugfarmbréf sé gefið út, eða flugfarmbréf geymir eigi vitneskju þá, sem mælt var í 104. gr. c., og getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði 2. mgr. 118. gr. um takmörkun ábyrgðar.

106. gr.

Sendandi er ábyrgur fyrir tjóni, sem flytjandi eða einhver, sem flytjandi ber ábyrgð gegnt, bíður vegna þess, að frásögn sendanda í flugfarmbréfi um varning geymir eigi þau atriði, sem mælt var, eða er annars röng eða ófullkomin.

107. gr.

Flugfarmbréf er gild sönnun fyrir gerð flutningssamnings, viðtöku varnings og flutningsskilmálum, enda séu eigi leiddar sönnur að öðru.

Frásögn flugfarmbréfs um þyngd varnings, umtak, umbúðir og hlutatölu telst rétt, enda séu eigi sönnur leiddar að öðru. Aðrar skýrslur í flugfarmbréfi um magn varnings eða rúmtak eða ástand gilda hins vegar eigi sem sönnun gegn flytjanda, nema hann hafi í viðurvist sendanda kannað réttleik þeirra og staðfest það með áritun á flugfarmbréfið eða skýrslurnar varða sýnilegt ástand vöru.

Réttur til að ráðstafa varningi og afhending hans.

108. gr.

Nú fullnægir sendandi skuldbindingum sínum samkvæmt flutningssamningi, og er honum, flytjanda eða öðrum sendendum að meinfangalausu, rétt að ráðstafa varningi þann veg, að hann endurheimtir hann á brottfarar- eða ákvörðunarflugvelli, stöðvar flutning hans, þá er lent er á leiðinni, lætur afhenda hann á ákvörðunarstað eða á leiðinni öðrum aðila en þeim, sem tilgreindur er í flugfarmbréfi sem viðtakandi, eða krefst þess, að hann sé fluttur aftur til brottfararflugvallar. Sendandi skal þó greiða kostnað af þessum ráðstöfunum. Nú er eigi unnt að framkvæma fyrirmæli sendanda, og skal flytjandi tilkynna honum það þegar í stað.

Nú fer flytjandi eftir fyrirmælum sendanda, án þess að lagt sé fram eintak það af farmbréfi, sem sendanda var skilað, og er flytjandi ábyrgur fyrir tjóni, sem réttur handhafi flugfarmbréfs bíður við það, en framkröfur á flytjandi þó á hendur sendanda.

Réttur sendanda fellur niður, um leið og réttur viðtakanda hefst samkvæmt 109. gr. Nú neitar viðtakandi að taka við flugfarmbréfi eða varningi eða verður fundi hans eigi náð, og raknar þá við ráðstöfunarréttur sendanda á varningnum.

109. gr.

Nú er varningurinn kominn á ákvörðunarstað, og getur viðtakandi, sé eigi tilvikum 108. gr. til að dreifa, krafizt, að flytjandi láti af hendi við hann flugfarmbréfið og varninginn gegn greiðslu þess, sem ógoldið er, og gegn efndum á flutningsskilmálum þeim, sem í flugfarmbréfi greinir.

Flytjandi skal, þegar er varningur er kominn á leiðarenda, tilkynna það viðtakanda, enda sé eigi öðruvísi samið.

110. gr.

Nú viðurkennir flytjandi, að varningur hafi glatazt, eða hann er eigi kominn á leiðarenda í síðasta lagi sjö dögum eftir áætlun, og er viðkomanda rétt að neyta þess réttar, er flutningssamningurinn veitir honum, gegn flytjanda.

111. gr.

Samningur, sem geymir frávik frá ákvæðum 108—110. gr., er ógildur, nema hann sé tilfærður í flugfarmbréfi.

112. gr.

Sendanda er skylt að gefa þær skýrslur og láta fylgja flugfarmbréfi þau skjöl, sem nauðsynleg eru til fullnægju toll- og lögregluákvæðum, áður en varningur verður afhentur viðtakanda. Sendandi ber gagnvart flytjanda ábyrgð á því tjóni, sem hljótast kann af því, að þessar skýrslur eða skjöl vantar eða þau eru ófullkomin eða eigi í samræmi við settar reglur, nema flytjandi eða starfsmenn hans hafi gerzt sekir um yfirsjón eða vanrækslu.

Flytjanda er eigi skylt að rannsaka, hvort þessar skýrslur og skjöl séu rétt eða alger.

Ábyrgð flytjanda.

113. gr.

Nú lætur farþegi lífið eða hlýtur líkamsmeiðsl eða heilsutjón af völdum atburðar, sem gerist í loftfari eða þá er farið er upp í loftfar eða úr því, og ber flytjandi ábyrgð á því.

114. gr.

Nú spillist eða týnist innritaður farangur eða varningur af völdum atburðar, sem gerizt á þeim tíma, er farangurinn eða varningurinn eru í vörzlum flytjanda, hvort heldur það er á flugvelli, í loftfari eða á hverjum stað öðrum, þá er lent er utan flugvallar, og ber flytjandi ábyrgð á því.

Nú tekur flutningssamningur einnig til flutninga á láði eða legi utan flugvallar við fermingu, afhendingu eða endurfermingu, og skal hvers konar tjón, sem verður á farangri eða varningi talið hafa orðið á þeim tíma, er í 1. mgr. getur, unz annað sannast.

115. gr.

Flytjandi ber ábyrgð á tjóni, sem verður af völdum dráttar við loftflutning farþega, innritaðs farangurs eða varnings.

116. gr.

Flytjandi losnar undan ábyrgð, ef hann leiðir sönnur að því, að hann sjálfur og starfsmenn hans hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að afstýra tjóni eða það hafi eigi verið á þeirra valdi.

117. gr.

Nú sannar flytjandi, að sá, sem fyrir tjóninu varð, hafi sjálfur verið valdur eða samvaldur þess, og má færa skaðabætur niður eða fella þær niður.

118. gr.

Nú eru farþegar fluttir, og skal hámark á ábyrgð flytjanda vegna hvers einstaks farþega vera kr. 36 500.00. Semja má þó um hærra hámark ábyrgðar.

Nú er innritaður farangur eða varningur fluttur, og skal hámark á ábyrgð flytjanda vera kr. 37.00 á kg. Nú hefur farþegi eða sendandi, þá er farangur eða varningur er afhentur flytjanda, tilgreint sérstaklega þá hagsmuni, sem tengdir eru við afhendingu farangurs eða varnings á ákvörðunarstað, og greitt það aukafarmgjald, sem kveðið kann að vera á um, og gildir þá hin tiltekna fjárhæð sem hámark á ábyrgð flytjanda, nema hann sanni, að raunverulegir hagsmunir farþega eða sendanda hafi verið minni. Nú er um að tefla glötun, spjöll eða seinkun á hluta hins innritaða farangurs eða varnings eða einhvers, sem í farangri eða varningi kann að felast, og skal einungis leggja heildarþunga þess varnings, sem þannig stendur á um, til grundvallar við ákvörðun á hámarksábyrgð flytjanda. Ef glötun, spjöll eða seinkun lækkar verðmæti annarra hluta varnings, sem sami farangursmiði eða sama flugfarmbréf tekur til, skal einnig taka heildarþunga þessara varningshluta við ákvörðun á hámarksábyrgð.

Hámarksábyrgð flytjanda á varningi, sem farþegar halda í vörzlum sínum, skal vera kr. 730.00 til hvers farþega.

Rétt er dómara að dæma sækjanda málskostnað án tillits til hámarksábyrgðar samkvæmt grein þessari. Þetta gildir þó eigi, ef flytjandi hefur áður en 6 mánuðir eru liðnir, frá því er atburður sá gerðist, er tjónið hlauzt af, eða áður mál sé höfðað, boðið sækjanda skriflega skaðabætur, sem eigi eru lægri en dæmd fjárhæð að undanskildum málskostnaði.

Skaðabætur samkvæmt grein þessari skal reikna eftir gullgildi. Nú verða breytingar á gullgildi íslenzkrar krónu, því sem skráð er hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum við gildistöku laga þessara, og breytast tilgreindar hámarksbætur í samræmi við hið nýja gullgildi. Í dómsmáli skal reikna eftir gullgildi til íslenzks gjaldeyris á dómsuppsögudegi.

119. gr.

Ógildur er áskilnaður, sem miðar að því að leysa flytjanda undan ábyrgð eða kveða á um lægri hámarksábyrgð en í 118. gr. segir.

Nú er varningur fluttur, og er leyfilegt að gera áskilnað um tjón eða spjöll, sem leiðir af eðli varnings eða eðlislægum galla á honum.

120. gr.

Nú sannast, að flytjandi eða starfsmenn hans hafa við framkvæmd starfa síns valdið tjóninu, annaðhvort af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi samfara vitneskju um, að tjón myndi sennilega af hljótast, og skal eigi beita ákvæðum 118. gr. um hámarksábyrgð.

121. gr.

Nú eru starfsmenn flytjanda sóttir til fébóta fyrir skaða, sem þeir hafa við framkvæmd starfa síns valdið af minni háttar gáleysi en því, sem í 120. gr. getur og má heildarfjárhæð þeirra skaðabóta, sem þeim og flytjanda er gert að greiða, eigi fara fram úr hámarksábyrgð flytjanda.

122. gr.

Nú er tekið við innrituðum farangri eða varningi án fyrirvara af hálfu viðtakanda, og skal telja, að farangurinn eða varningurinn hafi verið afhentur í góðu lagi og í samræmi við flutningsskírteini, enda sannist eigi annað.

Nú hefur farangur eða varningur orðið fyrir spjöllum eða eitthvað af honum glatazt, og skal tilkynna það flytjanda, jafnskjótt sem tjónsins verður vart, og í síðasta lagi áður en liðnir eru frá viðtöku sjö dagar, að því er varðar farangur, en fjórtán dagar, að því er til annars varnings tekur. Tilkynningu um seinkun skal gefa, áður en liðinn er tuttugu og einn dagur frá þeim degi að telja, er farangur eða varningur var boðinn viðtakanda til umráða.

Tilkynningu skal skrá á flutningsskírteini eða senda bréflega, áður en frestur er liðinn.

123. gr.

Nú er tjón eigi tilkynnt, áður liðnir séu frestir þeir, sem í 122. gr. getur, og fellur niður sérhver krafa á hendur flytjanda, nema hann hafi farið sviksamlega að ráði sínu.

124. gr.

Skaðabótamál skal höfða annaðhvort fyrir dómi á þeim stað, þar sem flytjandi býr eða hefur aðalskrifstofu sína eða útibú það, sem gerði flutningssamninginn, eða á ákvörðunarstaðnum.

Nú tekur Varsjársáttmálinn yfir flutninginn, og verður skaðabótamál einungis höfðað fyrir íslenzkum dómstól eða dómstól í ríki, sem gerzt hefur aðili að nefndum sáttmála.

125. gr.

Réttur til skaðabóta eftir ákvæðum þessa kafla fellur niður, ef mál er eigi höfðað, áður en tvö ár eru liðin frá því er loftfar kom á ákvörðunarstað eða frá þeim degi, er loftfar skyldi koma þangað, eða frá því er flutningur stöðvaðist.

126. gr.

Nú eiga fleiri en einn flytjandi, hver á eftir öðrum, að annast flutning, sem ber samkvæmt flutningssamningi eða flutningssamningum að telja einn og sama flutning, og er hver þeirra, þá er hann tekur við farþegum, innrituðum farangri eða varningi, ábyrgur fyrir þeim hluta flutningsstarfans, sem hann á að inna af hendi.

Nú er um að tefla flutning á innrituðum farangri eða varningi, og getur sendandi einnig beint kröfum sínum gegn fyrsta flytjanda, og sá, sem á rétt til afhendingar, gegn síðasta flytjanda, þótt tjón eða seinkun hafi orðið, meðan varningurinn var í vörzlu annars flytjanda.

Ef fleiri flytjendur eru ábyrgir samkvæmt þessu, bera þeir óskipta ábyrgð.

Flutningur með fleiri en eins konar flutningstækjum.

127. gr.

Nú fer flutningur að nokkru fram með loftfari og að nokkru með öðru flutningstæki, og taka ákvæði laga þessara einungis til loftflutningsins.

Taka má upp í loftflutningsskjalið skilmálana fyrir hinum greinum flutningsins.

Önnur ákvæði.

128. gr.

Ógildir skulu vera fyrirvarar í flutningssamningi og samningar, gerðir áður en tjón verður, þar sem aðilar víkja frá ákvæðunum um þau lög, sem fara skal eftir, eða ákvæðum um varnarþing.

Gerðardómssamningar, gerðir áður en tjón verður, eru einungis gildir, að því er varðar flutning á munum, enda sé gerðardómur háður á einhverjum þeim stað, sem er löglegt varnarþing eftir 124. gr., og sé málið útkljáð samkvæmt ákvæðum Varsjársáttmálans, að því leyti sem ákvæði hans taka til þess.

129. gr.

Nú er loftflutningaskjal gert utan Íslands eða varðar loftflutninga milli ríkja, og er viðvörun samkvæmt 99. gr. 1 c., 100. gr. 1 c og 104. gr. c. nægilega framkvæmd, ef skjalið ber það greinilega með sér, að flutningurinn geti hlítt Varsjársáttmálanum og að hann takmarki að jafnaði ábyrgð flytjanda í þeim tilvikum, sem viðkomandi ákvæði tekur til.

Nú er um að tefla loftflutning milli ríkja, sem Varsjársáttmálinn tekur eigi yfir, og getur flytjandi borið fyrir sig takmörkun ábyrgðar samkvæmt 118. gr., jafnvel þótt flutningsskjalið geymi eigi viðvörun þá, sem í 1. málsgrein getur.

130. gr.

Nú er um að tefla loftferðir innanlands og eigi samið um viðkomu utan lands, og er flugmálaráðherra rétt að gera undantekning frá ákvæðum 1. mgr. 99. gr., 1. mgr. 100. gr. 1. mgr. 104. gr. um farseðla, farangursmiða og flugfarmbréf.

131. gr.

Þá er rætt er um Varsjársáttmálann í lögum þessum, er átt við sáttmála þann um alþjóðaloftflutninga, sem gerður var í Varsjá 12. október 1929, með þeim breytingum, sem á honum urðu samkvæmt sáttmálaauka, undirrituðum í Haag 28. september 1955.

Ákvæði kafla þessa skal eigi beita um milliríkja loftflutninga, sem framkvæmd ir eru samkvæmt áskilnaði, gerðum með heimild í viðbótar-bókun við 2. gr. Varsjársáttmálans frá 12. október 1929 eða XXVI. gr. Haag-sáttmálaaukans frá 28. september 1955.

132. gr.

Ákvæði laga þessara hrófla eigi við Varsjársáttmálanum frá 12. október 1929, að svo miklu leyti sem hann heldur gildi sínu í milliríkjaskiptum Íslands og annarra ríkja, sem eigi hafa fullgilt eða játast undir sáttmálaaukann, sem gerður var í Haag 28. september 1955.

X. KAFLI

Skaðabætur.

133. gr.

Nú hlýzt af notkun loftfars skaði á mönnum eða hlutum, sem eru utan loftfarsins, og er eigandi þess eða, eftir því sem við á, aðili sá, sem það er rekið á kostnað hans, skyldur að bæta skaðann fé.

Skaðabótaskyldan fellur niður, ef sannað er, að sá, sem fyrir skaða verður, hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú verður maður fyrir meiðslum eða heilsutjóni, og er rétt að krefjast fébóta fyrir þjáningar og lýti. Ef sá, sem á rétt til bóta, hefur að nokkru eða öllu misst starfskrafta sína, á hann rétt á skaðabótum fyrir varanlegan missi á starfshæfni. Nú andast sá, sem fyrir slysi verður, af völdum þess, og getur sá, sem misst hefur vegna dauða hans framfæranda, krafizt fébóta fyrir það tjón, sem ætla má, að hann hafi beðið.

Sá, sem kostað hefur útförina, getur krafið kostnaðinn af henni bættan, að svo miklu leyti sem hann fer eigi fram úr því, sem hæfilegt má teljast.

134. gr.

Nú er um að tefla tjón, sem verða á mönnum eða hlutum innan marka viðurkennds flugvallar, og skal eigi beita ákvæðum 1. mgr. 133. gr.

Nú verður tjón á loftfari eða farmi við árekstur milli loftfara, og skal beita ákvæðum siglingalaga um árekstur skipa.

Nú verður við árekstur tveggja eða fleiri loftfara tjón, sem hver þeirra, er bera kostnaðinn af rekstri loftfaranna, á að greiða samkvæmt ákvæði 1. mgr. 133. gr., og eru þeir allir samskulda. Dómstólar skera úr með hliðsjón af ástæðum, hversu mikinn hluta goldinna skaðabóta hver þeirra megi framkrefja úr hendi þess eða þeirra, sem samábyrgir eru.

135. gr.

Ákvæði 133. og 134. gr. takmarka að engu þann rétt til skaðabóta, sem leiðir af almennum reglum.

136. gr.

Nú verður maður, sem starf hefur á hendi í loftfari, skaðabótaskyldur fyrir tjón, sem verður við loftferðir og er af völdum mistaka eða vanrækslu hans við starfann, og geta dómstólar fært skaðabótafjárhæð niður með hliðsjón af sök hans, stærð tjónsins og aðstæðum að öðru leyti. Ákvæði þessu má einnig beita um skaðabótaverk manna, sem inna af hendi utan loftfars starf, sem mikilvægt er fyrir flugöryggi.

137. gr.

Eigandi loftfars, sem nota skal til loftferða samkvæmt lögum þessum, skal taka og halda við vátryggingu eða tryggingu, er örugg telst, til greiðslu skaðabóta, sem falla kunna á hann eða umráðanda loftfarsins vegna tjóns, er verður á mönnum og hlutum utan loftfarsins og stafar af notkun þess. Leita skal viðurkenningar flugmálaráðherra á vátryggingarfélagi og tryggingu.

Nú fellur vátrygging úr gildi, og ber vátryggingarfélag gagnvart þriðja aðilja ábyrgð á tjóni samkvæmt hljóðan vátryggingarskírteinis í tvo mánuði, frá því er það tilkynnti flugmálaráðherra, að vátryggingin væri niður fallin, enda hafi loftfarið eigi á þeim tíma verið strikað af skrá eða flugleyfi samkvæmt 3. gr. c. afturkallað.

Rétt er flugmálaráðherra að kveða á um vátryggingu eða aðra tryggingu gegn tjóni á mönnum eða hlutum í loftfari eða við för eða flutning þeirra í loftfar eða úr því og svo gegn tjóni á innrituðum farangri og varningi, meðan flytjandi ber ábyrgð á honum samkvæmt IX. kafla.

Flugmálaráðherra er rétt að setja nánari reglur um vátryggingu eða tryggingu, þar á meðal um afleiðingar þess, að vátryggingu eða tryggingu er eigi haldið í gildi.

XI. KAFLI

Flugslys.

Bjargþjónusta.

138. gr.

Flugmálaráðherra setur reglur um leit og bjargráð, þau er viðhafa skal, þá er loftfars er saknað, því hlekkist á eða það ferst, þar á meðal um aðstoð þá, sem einstaklingum og fyrirtækjum er skylt að veita við leit og bjargstörf, og um þóknun fyrir slíka aðstoð.

Kostnað, sem ríkissjóður hefur af leit að loftfari, sem er saknað, er flugmálaráðherra rétt að leggja að nokkru eða öllu leyti á eiganda eða umráðanda loftfarsins, enda hnígi rök til þess og það fari eigi í bág við milliríkjasamninga. Sama gildir um kostnað af bjargstarfa, að því leyti sem hann greiðist eigi með bjarglaunum.

Björgun loftfara.

139. gr.

Nú bjargar maður eða stuðlar að björgun á loftfari, sem hlekkzt hefur á eða er statt í háska, farangri eða varningi, sem í því er, eða nokkru því, sem telst til slíks loftfars, farangurs eða varnings, og á hann, hvort heldur bjargað er í lofti, á láði eða legi, rétt til bjarglauna samkvæmt gildandi reglum um björgun skipa og varnings, sem til þeirra telst. Nú bjargar maður eða stuðlar að björgun á mannslífum úr þeim háska, sem tilefni til björgunar varð, og á hann kröfu til hlutdeildar í bjarglaununum.

Nú hefur maður stofnað til óvenjulegra útgjalda, sem nauðsynleg voru til varðveizlu á loftfari eða varningi úr því, og á hann rétt til, að honum séu endurgreidd nefnd útgjöld, enda hafi hann eigi breytt gegn beinu og réttmætu banni flugstjóra þess, sem í hlut á.

Krafa um bjarglaun eða endurgjald fyrir téð óvenjuleg útgjöld má eigi fara fram úr verðmæti því, sem bjargað var, svo sem loftfari ásamt flutningsgjaldi fyrir farangur, varning og farþega.

140. gr.

Eigandi bjargaðs varnings ábyrgist einungis með verðmæti þess, sem bjargað var. Krafa um bjarglaun er tryggð með veði í loftfari, farangri og varningi, sem gengur fyrir öllum öðrum veðböndum. Veðkrafa, sem stafar af síðari atburði, gengur fyrir veðkröfu, sem stafar af fyrri atburði.

Nú er farangur eða varningur af hendi látinn, og fellur þá veðrétturinn niður. Veðréttur í loftfari fellur niður eftir þrjá mánuði, ef hann er eigi þinglesinn og fjárhæð hans samþykkt eða mál höfðað til staðfestu veðrétti. Mál má höfða þar sem bjargstarfa lauk eða þar sem loftfar og varningur er.

Rannsókn á flugslysum.

141. gr.

Nú ferst maður, sem staddur er í loftfari eða utan þess, í flugslysi eða hlýtur mikil meiðsl, eða loftfar eða hlutir utan þess verða fyrir miklum spjöllum, og skal flugmálastjórnin láta fara fram rannsókn á flugslysinu.

Slíka rannsókn skal og hefja, þá er legið hefur við flugslysi eða ástæða er til að ætla, að loftfari, flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna.

Skylt er flugmálaráðherra að skipa rannsóknarnefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslyss, ef manntjón hefur orðið.

142. gr.

Nú verður maður þess vís, að flugslys er orðið, og skal hann tafarlaust tilkynna það næsta lögreglustjóra eða flugmálastjórn, enda sé honum eigi rétt að ætla, að yfirvöld viti þegar um slysið. Sama gildir um þann, sem finnur loftfar eða aðra hluti við aðstæður, er benda til þess, að flugslys hafi orðið.

143. gr.

Nú hefur flugslys orðið á íslenzku yfirráðasvæði, og má hvorki hreyfa né nema á brott loftfarið, hluta þess, innihald þess né verksummerki slyssins, unz rannsókn er lokið, enda hafi lögregla í samráði við rannsóknaraðila eigi leyft það.

Án slíks leyfis má þó hreyfa, flytja til eða nema á brott loftfarið, hluta þess eða innihald, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt reynist til að frelsa menn eða dýr, ná pósti úr loftfari, afstýra spjöllum af eldi eða öðrum orsökum eða koma í veg fyrir, að loftfarið, hlutar þess eða innihald valdi háska eða almenningi miklum baga.

144. gr.

Starfsmönnum flugmálastjórnar er heimilt að fara á slysstað til rannsóknar á loftfari eða flaki þess, jafnvel þótt um stað í einkaeign sé að tefla, og svo að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru í því skyni.

Rétt er starfsmönnum flugmálastjórnar að krefjast framlagningar á bókum og öðrum skjölum, er varða flugfarið og áhöfn þess, taka skýrslur af eiganda eða umráðanda (notanda) loftfarsins, áhöfn þess og hverjum öðrum, sem ætla má, að kunni að geta veitt vitneskju, er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyssins.

Krefja má lögreglu um aðstoð við rannsóknina, eftir því sem þurfa þykir. Nú er ástæða til, og getur lögregla þá framkvæmt þá eftirgrennslan, sem ákæruvaldið telur nauðsynlega, og krafizt við hana aðstoðar flugmálastjórnar. Rétt er flugmálaráðherra í samráði við dómsmálaráðherra að setja nánari reglur um samstarf og verkaskiptingu lögreglu og flugmálastjórnar.

Eiganda loftfars, umráðanda (notanda) og öðrum, sem í hlut eiga, skal kynna það, sem rannsóknin leiðir í ljós, og veita skal þeim færi á því að krefjast framhaldsrannsóknar. Rétt er aðiljum þessum að vera við rannsóknina, ef flugmálastjórnin leyfir.

145. gr.

Þá er rannsókn er lokið, skal, svo fljótt sem verða má, semja skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar og senda hana flugmálaráðherra, saksóknara og dómsmálaráðherra. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins, auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir, sem gera má til þess að afstýra áframhaldandi slysum af sömu eða líkum orsökum.

Með skýrslunni skal einnig fylgja yfirlýsing um, hvort ástæða sé til að ætla, að brotnar hafi verið réttarreglur eða starfsreglur.

Nú telur flugmálastjórnin, að rannsókn flugslyss leiði í ljós, að skírteinishafi hafi í sambandi við slysið orðið sekur um atferli, er veiti tilefni til að svipta hann skírteininu, og skal hún gera tillögur þess efnis.

Flugmálaráðherra er rétt að kveða svo á, að birta skuli skýrslu um rannsókn á flugslysi.

146. gr.

Um rannsókn á flugslysum fer annars samkvæmt lögum nr. 82/1961, um meðferð opinberra mála.

147. gr.

Flugmálaráðherra er rétt í samráði við dómsmálaráðherra að setja nánari reglur um vörzlu og brottnám loftfars, sem í slysi hefur lent. Nema má brott á kostnað eiganda eða umráðanda flak loftfars, sem er til trafala umferð eða baga, enda hafi aðili eigi orðið við kröfu yfirvalds um brottnám innan hæfilegs frests.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

148. gr.

Nú er ástæða til að ætla, þá er loftfar ætlar á loft, að það sé eigi lofthæft eða tilhlýðilega áhöfn skipað eða það muni verða notað andstætt ákvæðum laga þessara eða reglum, settum samkvæmt þeim, og er þeim handhafa valds, sem í hlut á, rétt að leggja bann við för loftfarsins og, beri nauðsyn til, aftra, að það hefji sig upp af flugvelli, unz úr er bætt. Flugmálastjórnin eða sá, sem hún til þess veitir vald, tekur ákvörðun í þessu efni. Ákvörðun skal tafarlaust leggja fyrir flugmálastjórnina, ef hún sjálf hefur eigi tekið hana.

149. gr.

Réttum umráðanda flugvallar, sem er heimill almenningi, er rétt að aftra för loftfars af flugvellinum, unz eftirgjald eftir síðustu lendingu og notkun loftfarsins af vellinum er greitt eða trygging sett fyrir greiðslu þess.

150. gr.

Rétt er flugmálaráðherra til aukins öryggis við loftferðir að setja reglur um meðferð, geymslu og afhending brennis (eldsneytis) og annars, sem til búnaðar loftfara þarf, og um eftirlit með því, að reglurnar séu haldnar.

151. gr.

Eigandi eða notandi loftfars og réttur umráðandi viðurkennds flugvallar eða annars loftferðavirkis er skyldur að láta í té þá vitneskju, sem flugmálastjórnin krefst til að geta rækt störf sín. Sömu skyldu hefur forráðandi viðurkenndrar starfsemi samkvæmt 33. gr. eða annarrar starfsemi, sem rekin er samkvæmt viðurkenningu eftir lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

Rétt er flugmálastjórninni að skýra þriðja aðilja frá vitneskju, sem hún hefur fengið með framangreindum hætti, að því leyti sem það er nauðsynlegt samkvæmt alþjóðasamningi. Að öðru leyti er rétt að skýra frá slíkri vitneskju eða birta hana almenningi, enda sé eigi um að tefla viðskipta- eða rekstrarhuliðsmál. Nú hefur sá, sem telur sig eiga rétt til launungar, mótmælt því, að vitneskja fari lengra eða sé birt, og verður það einungis samkvæmt úrskurði flugmálaráðherra.

Nú hefur maður fengið greinda vitneskju í starfa sínum, og hefur hann þagnarskyldu, að því leyti sem vitneskjan eigi má fara lengra eða hana má eigi birta.

152. gr.

Flugmálaráðherra kveður á um gjöld, sem inna ber af hendi fyrir stjórnvaldsgerðir, sem framkvæmdar eru eftir lögum þessum.

Rétt er flugmálaráðherra að ákveða, að sá, sem hefur hag af gerðum þeim, sem í 1. mgr. segir, greiði kostnað af þeim.

Gjöld samkvæmt grein þessari má heimta með lögtaki.

XIII. KAFLI
Refsiákvæði.

153. gr.

Nú notar eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars, sem eigi er íslenzkt og eigi hefur erlent þjóðerni með þeim hætti, er í b-lið 3. gr. segir, loftfarið án sérstaks leyfis til loftferða yfir íslenzku yfirráðasvæði eða skeytir eigi skilyrðum fyrir veittu leyfi, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

154. gr.

Nú veitir maður rangar eða ófullnægjandi skýrslur, þá er hann a) tilkynnir loftfar til skrásetningar, b) æskir þess, að það sé af skrá strikað, c) sækir um leyfi samkvæmt síðustu mgr. 7. gr. eða b-lið 13. gr., og skal hann sæta sektum eða varðhaldi. Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem leiðir hjá sér að tilkynna skrásetningarstjóra eitthvert það atriði, sem boðið er í lögum þessum, eða tilkynnir eitthvert atriði ranglega eða ófullnægjandi.

155. gr.

Nú nemur maður ranglega af loftfari þjóðernismerki eða skrásetningar eða annað lögmælt merki eða setur rangt merki á loftfar, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Sömu refsingu skal eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars sæta, ef hann notar loftfar til lofterða, þótt það vanti þjóðernismerki eða skrásetningar eða hafi röng merki.

156. gr.

Nú notar eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars það til loftferða, þótt það sé eigi lofthæft eða tilhlýðilega áhöfn skipað, tygjað eða fermt til þeirrar farar, sem því er ætlað að fara, eða það er af öðrum ástæðum eigi þannig búið, að það fullnægi nauðsynlegum öryggiskröfum, og eigi er veitt leyfi til notkunarinnar samkvæmt lögum þessum, og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

157. gr.

Ef maður hefur í frammi óhæfilegt atferli við smíð loftfars, fylgitækja þess og varahluta eða við viðhald þess, viðgerð eða breytingar á því, og veldur með því hættu á því, að loftfarið verði tekið í notkun, án þess að fullnægt sé kröfum til öryggis, skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem viðhefur með nefndum hætti óhæfilegt atferli við búnað loftfars, fermingu eða aðra tygjun.

158. gr.

Nú notar eigandi eða umráðandi (notandi) loftfar það til loftferða, þótt eigi sé fyrir hendi lögmælt vátrygging eða önnur trygging, er það varðar samkvæmt 137. gr., og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Nú notar hann loftfarið, án þess að fyrir hendi séu flugskjöl, sem boðin eru í lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 8 mánuðum.

159. gr.

Flugstjóri, sem hefur á hendi stjórn loftfars í loftferð, þá er svo stendur á sem segir í 153. gr., 2. mgr. 155. gr., 156. gr. eða 158. gr., skal sæta sömu refsingu sem eigandi eða umráðandi (notandi).

160. gr.

Nú innir maður af hendi starfa í loftfari, án þess hann hafi gilt skírteini eða leyfi, sem lög þessi mæla, eða sé slíks skírteinis eigi krafizt, án þess að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um starfann, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

161. gr.

Ef flugverji hlýðir eigi við starfann skipunum yfirboðara síns, skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum.

Nú hefur hann með neitun sinni um hlýðni stofnað loftfari eða mannslífi í hættu eða hann neitar að hlýða, þrátt fyrir það þótt skipan sé endurtekin, eða séu sakir mjög miklar, og má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

162. gr.

Nú innir maður af hendi starfa í loftfari eða reynir það andstætt ákvæðum 1. mgr. 52. gr., og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Ef hann framkvæmir starfa með áhrifum áfengis eða annars æsandi eða deyfandi lyfs eða hann hefur brotið gegn ákvæði 3. mgr. 52. gr., skal beita varðhaldi eða fangelsi.

163. gr.

Nú brýtur maður gegn reglum, sem flugmálaráðherra hefur sett til að afstýra árekstri milli loftfara eða öðrum flugslysum eða til að tryggja fólk gegn hættum og trafala af loftferðum, og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

Nú víkur maður af flugleið, sem ákveðin er samkvæmt 90. gr., eða brýtur gegn reglum, sem flugmálaráðherra setur loftförum, er fljúga inn á íslenzkt yfirráðasvæði, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

164. gr.

Nú hefur maður á hendi stjórn loftfars á loftbraut eða öðru svæði, þar sem flugumferð hlítir sérstakri skipan, en fer eigi eftir eða brýtur gegn leiðbeiningum flugumferðarstjórnar, sem honum er skylt að hlýða, og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

Sömu refsingu skal sé flugstjóri sæta, sem brýtur gegn ákvæðum 91. gr. um lendingarskyldu.

165. gr.

Ef eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars brýtur gegn ákvæðum 1. mgr. 91. gr. um flutning hergagna eða reglum, sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. sömu greinar um flutning annars varnings, skal hann sæta sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Sömu refsingu skal flugstjóri sæta, sem stjórnar loftfari, þá er það er notað til ólöglegra flutninga, þeirra er í 1. mgr. þessarar greinar getur.

166. gr.

Nú brýtur maður gegn boði forseta Íslands samkvæmt 4. gr. og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

167. gr.

Nú lendir loftfar í háska, og flugstjóri gerir eigi allt, sem honum er unnt til að bjarga loftfari, mönnum og varningi, sem í því er, eða gerir eigi annað það, sem honum er skylt samkvæmt 49. gr., og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

168. gr.

Nú veldur flugverji því með smygli eða með öðru athæfi, sem brýtur í bág við starfsskyldur hans, að yfir loftfari eða varningi vofir kyrrsetning eða hald af hendi íslenzkra eða erlendra yfirvalda, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

169. gr.

Ef flugstjóri eða annar flugverji lætur fyrir farast að gera skyldu sína um gerð, íritun eða geymslu flugskjala eða um vist flugskjala, skírteina eða annarra skjala í loftfari, skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 5 mánuðum.

Nú framkvæmir hann ranga íritun í flugskjöl eða veldur því á annan hátt, að efni slíks skjals er rangt, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

170. gr.

Nú vanrækir flugstjóri eða flugverji starfsskyldur sínar með ítrekuðum eða óhæfilegum hætti eða fremur annars konar óhæfu í starfa sínum, án þess þó að ákvæði 153. til 169. gr. taki til, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

171. gr.

Ef umráðandi flugvallar eða annars flugvirkis lætur það vera í notkun, þótt það fullnægi eigi settum skilyrðum eða hafi eigi viðurkenningu flugmálastjórnar, þá er slíkrar viðurkenningar er krafizt, skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Nú brýtur hann gegn ákvæðum 79. gr., og skal hann sæta sektum.

172. gr.

Nú hlítir sá, sem í hlut á, eigi forræðisskerðingu samkvæmt 66., 67., 71., 72., 73., 74. og 75. gr., og skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári. Refsa skal fyrir tilraun sem fullframið brot.

173. gr.

Nú stundar maður loftferðastarfsemi eða aðra starfsemi án sérleyfis, leyfis eða viðurkenningar, sem krafizt er í lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

174. gr.

Ef maður brýtur bann samkvæmt 148. gr. við för loftfars af flugvelli, skal hann sæta sektum eða varðhaldi. Refsa skal fyrir tilraun sem fullframið brot.

175. gr.

Ef maður tálmar framkvæmd skoðunar, eftirlits eða annarrar rannsóknar samkvæmt lögum þessum, eða reglum, settum samkvæmt þeim, eða veitir eigi aðstoð við slíka rannsókn, þá er þess er krafizt með heimild í lögum eða reglunum, skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem andstætt ákvæðum 143. gr. hróflar við loftfari, flaki af því eða öðru eftir flugslys. Fyrir tilraun skal refsa sem fullframið brot.

176. gr.

Nú er manni boðið samkvæmt 138. gr. að veita aðstoð sína við leit og bjargstörf, en hann veitir eigi þá þjónustu eða rækir annars eigi skyldur sínar, og skal hann sæta sektum

177. gr.

Nú lætur maður í öðrum tilvikum en í 154. gr. getur farast fyrir að veita tilkynningu, sem boðin er í lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, eða hann veitir ranga eða ófullnægjandi tilkynningu eða skýrslur, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Brot gegn ákvæðum IX. kafla varðar eigi refsingu samkvæmt þessari grein.

178. gr.

Nú vanrækir maður að afhenda þjóðernis- eða skrásetningarskírteini, lofthæfnisskírteini eða annað skírteini eða skjal, sem afhenda skal samkvæmt lögum þessum eða reglum, settum eftir þeim, og skal hann sæta sektum.

179. gr.

Ef maður brýtur gegn reglum, settum samkvæmt lögum þessum, skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum, enda taki eigi önnur refsiákvæði þessa kafla yfir atferlið.

180. gr.

Nú hlýzt af broti, sem lýst er í 156., 157., 159., 161.—164., 167. og 170.—172. gr., mannslát eða tjón til mikilla muna á líkama manns, heilsu eða eign, og má beita fangelsi allt að 5 árum.

Þessari auknu refsingu má einnig beita fyrir brot gegn 158. gr., ef maður verður fyrir fjártjóni til mikilla muna, sökum þess að eigi hefur verið fyrir hendi lögmælt vátrygging eða önnur trygging.

181. gr.

Ef brot, sem lýst er í 153.—179. gr., er framið af gáleysi, skal beita sektum eða varðhaldi allt að 1 ári, þó þannig, að aldrei má beita þyngri refsingu en fyrir ásetningsbrot.

182. gr.

Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild skal beita.

Nú taka hegningarákvæði þessa kafla til eiganda eða umráðanda (notanda) loftfars, umráðanda flugvallar eða annars flugvirkis eða til starfsherra samkvæmt 173. gr., og skulu undirmenn látnir sæta refsingu samkvæmt þeim, þá er þeir gerast brotlegir með þeim hætti, er í hegningarákvæðunum segir. Hegningarákvæðin taka með samsvarandi hætti yfir stjórnarmenn og aðra trúnaðarmenn félaga og annarra lögaðilja.

183. gr.

Nú hefur maður, sem er í fyrirsvari félags, stofnunar, samtaka eða annars lögaðilja, framið athæfi, sem refsivert er samkvæmt kafla þessum, og er rétt að dæma nefndum lögaðilja fésekt og missi starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta lögaðiljanum eða hann hafi haft ágóða til muna af brotinu.

Um sviptingu réttinda.

184. gr.

Svipta skal flugstjóra eða flugverja með dómi rétti til að starfa í loftfari, þá er hann hefur rækt starfa sinn á mjög vítaverðan hátt eða telja verður með hliðsjón af eðli mistaka hans eða atferli við starfann varhugavert af öryggisástæðum, að hann starfi í loftfari.

Nú brýtur maður gegn ákvæðum 52. gr. og starfar síðan eða reynir að starfa í loftfari, og skal svipta hann með dómi rétti til slíkra starfa.

Svipting réttar skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 6 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Svipting réttar samkvæmt 2. mgr. skal þó að jafnaði eigi vera styttri en 1 ár. Nú hefur maður verið sviptur rétti um stundarsakir samkvæmt ákvæðum 5. mgr. hér á eftir, og skal ákveða í dómi, hvort sá tími dragist frá endanlegum sviptingartíma.

Nú hefur maður verið sviptur rétti til að starfa í loftfari eða til að öðlast hann um lengri tíma en 3 ár, og má bera undir þann dómstól, sem dæmt hafði til fullnaðar sviptingu réttar, kröfu um endurheimtu hans, þótt sviptingartíminn sé eigi runninn út. Mál skal reka að hætti opinberra mála, þó þannig að hinn dóm-

felldi er sóknaraðili, en ákæruvaldið varnaraðili. Slíkt málskot má í fyrsta lagi verða, þá er 3 ár eru liðin frá uppsögu fullnaðardóms um sviptingu réttar. Réttur verður einungis endurheimtur, þá er sérstakar ástæður mæla með því. Nú hefur sóknaraðili áður verið sviptur með dómi rétti til að starfa í loftfari, og verður rétturinn í undantekningartilvikum einungis dæmdur honum aftur og í fyrsta lagi, þá er 6 ár eru liðin frá uppsögu þess dóms, er svipti hann réttindum.

Nú telur flugmálastjórnin, að efni séu til að svipta mann rétti til að starfa í loftfari, og er henni rétt að svipta hann réttinum til bráðabirgða, þó svo að dómari sá, sem málið ber undir, getur, hvenær sem er og áður málið er dæmt til fullnaðar, ógilt ákvörðun flugmálastjórnar.

Nú er kveðinn upp sýknudómur í héraði og ákæruvaldið áfrýjar honum, og er því rétt í kærumáli að æskja dóms Hæstaréttar, að ákærði sé sviptur réttindum, meðan á áfrýjun stendur, enda séu gildar ástæður til.

Nú er maður sviptur rétti til starfa í loftfari til bráðabirgða eða með dómi til fullnaðar, og skal flugmálastjórnin taka skírteini hans í sínar vörzlur.

Nú hefur manni, sem hefur íslenzkt ríkisfang eða íslenzkt heimilisfang, verið refsað erlendis fyrir atferli, sem leitt hefði samkvæmt grein þessari til sviptingar á rétti til að starfa í loftfari, ef mál hefði dæmt verið eftir lögum þessum, og er rétt að krefjast slíkrar sviptingar á réttindum í opinberu máli hér á landi. Ákvæðum greinar þessarar skal þá beita með samsvarandi hætti.

Ákvæðum 1.—7. mgr. skal með samsvarandi hætti beita um menn, sem starfa þann hafa á hendi, er í 81. gr. getur.

XIV. KAFLI
Sérreglur.

185. gr.

Flugmálaráðherra er rétt að undanþiggja ákvæðum laga þessara eða setja sérreglur um loftför, sem eigi hafa stjórnanda innan borðs eða eigi eru knúin fram af hreyfli eða eru annars sérstakrar tegundar, enda sé öryggi loftferða eigi teflt í tvísýnu né gildar ástæður standi í vegi. Þó verður eigi með þessum hætti gerð breyting á ákvæðum einkaréttarlegs eðlis né refsiákvæðum.

Flugmálaráðherra er og rétt að setja reglur um tæki, sem ætluð eru til að hreyfast um loftið, en eru eigi loftför.

186. gr.

Flugmálaráðherra er rétt að ákveða, að erlend loftför, sem íslenzkur aðili notar eða ræður yfir, skuli lúta tilteknum ákvæðum í lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, sem varða íslenzk loftför.

Rétt er ráðherra, þá er skilyrðum 1. mgr. er fullnægt, að ákveða, að loftfarið skuli teljast íslenzkt eftir 2. tl. 4. gr. laga nr. 19/1940.

187. gr.

Flugmálaráðherra ákveður, hverjir fari með vald flugmálastjórnar eftir lögum þessum, að því leyti sem sérlög skipa eigi því efni.

188. gr.

Flugmálaráðherra er rétt að setja reglugerð til nánari fyllingar lögum þessum

XV. KAFLI

189. gr.

Ákvæði 137 gr. taka eigi til loftfara íslenzka ríkisins.

Flugmálaráðherra er rétt að undanþiggja loftför þessi öðrum ákvæðum laganna, þó hvorki ákvæðum einkaréttarlegs eðlis né refsiákvæðum.

190. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32/1929 og lög nr. 24/1945. Þó skulu halda gildi sínu 1. mgr. 27. gr., 30. gr., 36. gr. og 40. gr. laga nr. 32/1929, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 49/1947.

Nd. 468. Frumvarp til laga [128. mál]

um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. apríl.)

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórnum Akureyrar, Hafnarfjarðar og Kópavogs er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjárhald á þessum stöðum.

Með búfjárhaldi er átt við nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt.

Þó er reiðhestahald undanþegið ákvæðum laga þessara, ef það er á vegum hestamannafélaga og þau hafa sett um það reglur, sem hlutaðeigandi bæjarráð (borgarráð) staðfestir.

2. gr.

Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé algerlega bannað í kaupstaðnum (borginni), takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan bæjarlandsins (borgarlandsins). Algert bann við tilteknu búfjárhaldi skal tilkynnt búfjáreigendum með a. m. k. eins árs fyrirvara, miðað við 1. október.

3. gr.

Ákveða má í reglugerð, að hver sá, sem búfjárhald vill stunda innan kaupstaðarins (borgarinnar), skuli sækja um leyfi til slíks og sé búfjárhald óheimilt án slíks leyfis. Skylt skal umsækjanda að gera grein fyrir því, hvernig geymslu búfjárins skuli hagað, og láta í té aðrar þær upplýsingar, sem bæjarráð (borgarráð) telur nauðsynlegar. Leyfi skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda. Einnig má binda það við ákveðinn tíma eða ákveða, að það sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án leyfis, skal heimilt að taka það búfé og selja á uppboði eða slátra því.

Ef leyfishafi fylgir ekki settum reglum, er bæjarráði (borgarráði) heimilt að svipta hann leyfi til búfjárhalds og fara svo með búfé hans sem um ræðir í 1. mgr.

5. gr.

Nú verður aðili fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, og skal þá greiða bætur úr bæjarsjóði (borgarsjóði).

6. gr.

Í reglugerð má ákveða gjald fyrir leyfi til búfjárhalds, allt að kr. 1000.00 á ári, og rennur það í bæjarsjóð (borgarsjóð).

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 469. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nokkrar umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt hafa borizt nefndinni, síðan málið var afgreitt í neðri deild.

Nefndin hefur athugað umsóknirnar og leggur einróma til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Demetz, Vincenzo Maria, söngkennari í Reykjavík, f. á Ítalíu 11. okt. 1912.
2. Németh, Berta, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rúmeníu 30. maí 1927.
3. Németh, Wilmos, járnsmiður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 11. febr. 1928.
4. Timmermann, Björk Sigrún, kennari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 16. ágúst 1942.

Alþingi, 15. apríl 1964.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Ólafur Jóhannesson. Hermann Jónasson.

Sþ. 470. Tillaga til þingsályktunar [215. mál]

um sjónvarp frá Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Gunnar Guðbjartsson, Bergur Sigurbjörnsson, Alfreð Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að þær tæknibreytingar verði nú þegar gerðar á sjónvarpsútsendingum frá Keflavíkurflugvelli, að ekki sé mögulegt að ná sjónvarpsdagskránni í viðtökutæki utan flugvallarsvæðisins.

Greinargerð.

Sextíu þjóðkunnir Íslendingar, núverandi og fyrrverandi forustumenn þjóðarinnar á sviði menningarmála og félagsmála, hafa sent Alþingi erindi, þar sem bent er á og varað við þeirri margvíslegu hættu, sem þjóðinni stafar af einhliða útlendum sjónvarpsútsendingum á framandi tungu eins og þeim, sem nú fara fram frá herbækistöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Ljóst er af nöfnum þeirra, sem undir þetta erindi rita, að þetta mál er hafið yfir öll einstrengingsleg flokkasjónarmið og afstaðan til þess, með eða móti, því ekki stefnumál neins eins flokks. Fullvíst má telja, að meiri hluti alþingiskjósenda sé andvígur því, að erlendur aðili, hver svo sem hann er, hafi aðstöðu til að nota þetta skæða áróðurstæki í íslenzku þjóðfélagi. Þegar svo er í pottinn búið, hlýtur það að teljast óviðunandi með öllu, að Alþingi hlutist ekki til um það nú þegar, að á þessu vandamáli verði skjót bót ráðin.

Sá mikli vandi, sem íslenzkri þjóð hefur að höndum borið með sjónvarpsútsendingum frá Keflavíkurflugvelli, hefur verið ræddur svo mikið að undanförnu, m. a. í aðalmálgagni ríkissjórnarinnar, að þarflaust virðist að fjölyrða um það í greinargerð. Hins vegar þykir flutningsmönnum rétt að birta erindi hinna sextíu þjóðkunnu borgara til Alþingis sem fylgiskjal með þessari þáltill.

Leitað var til þingmanna úr Sjálfstæðisflokknum og Alþýðuflokknum um stuðning við flutning á tillögu þessari, en sá stuðningur fékkst ekki.

Fylgiskjal.

Eftirfarandi áskorun til Alþingis Íslendinga undirrituðu sextíu alþingiskjósendur dagana 20. febrúar til 12. marz, og var hún send forseta sameinaðs Alþingis 13. marz 1964. Að sjálfsögðu hafa þeir, sem undir skjalið rituðu, gert það sem einstaklingar, en ekki í embættisnafni né fyrir hönd stofnana þeirra eða samtaka, sem þeir starfa fyrir.

Vér undirritaðir alþingiskjósendur teljum á ýmsan hátt varhugavert, auk þess sem það er vansæmandi fyrir Íslendinga sem sjálfstæða menningarþjóð, að heimila einni erlendri þjóð að reka hér á landi sjónvarpsstöð, er nái til meiri hluta landsmanna. Með stofnun og rekstri íslenzks sjónvarps teljum vér, að ráðizt sé í svo fjárfrekt og vandasamt fyrirtæki með örfámennri þjóð, að nauðsynlegt sé, að það mál fái þróazt í samræmi við vilja og getu þjóðarinnar, án þess að knúið sé fram með óeðlilegum hætti.

Af framangreindum ástæðum viljum vér hér með skora á háttvirt Alþingi að hlutast til um, að heimild til rekstrar erlendrar sjónvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli sé nú þegar bundin því skilyrði, að sjónvarp þaðan verði takmarkað við herstöðina eina.

Alexander Jóhannesson fyrrv. háskólarektor.
Auðólfur Gunnarsson stud. med., form. stúdentaráðs Háskóla Íslands.
Benedikt Tómasson skólayfirlæknir.
Séra Bjarni Jónsson vígslubiskup.
Broddi Jóhannesson skólastjóri Kennaraskóla Íslands.
Brynjólfur Jóhannesson leikari.
Einar Ól. Sveinsson prófessor, forstöðum. Handritastofnunar Íslands.
Séra Eiríkur J. Eiríksson þjóðgarðsvörður, sambandsstjóri Ungmennafélags Íslands.
Finnur Sigmundsson landsbókavörður.
Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri.
Guðmundur Daníelsson rithöfundur.
Guðmundur G. Hagalín rithöfundur, bókafulltrúi ríkisins.
Guðrún P. Helgadóttir skólastjóri Kvennaskólans í Reykjavík.
Gunnar Einarsson prentsmiðjustjóri, form. Bóksalafélags Íslands.
Gunnar Guðbjartsson bóndi á Hjarðarfelli, form. Stéttarsambands bænda.
Gunnar Gunnarsson rithöfundur.
Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari.
Halldór Laxnes rithöfundur.
Hannes Pétursson skáld.
Haraldur Björnsson leikari.
Helga Magnúsdóttir húsfreyja á Blikastöðum, form. Kvenfélagasambands Íslands.
Helgi Elíasson fræðslumálastjóri.
Hreinn Benediktsson prófessor.
Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur.
Jóhann Hannesson prófessor.
Jón Gíslason skólastjóri Verzlunarskóla Íslands.
Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri, form. Sjómannasambands Íslands.
Jón Þórarinsson tónskáld, form. Bandalags ísl. listamanna.
Klemenz Tryggvason hagstofustjóri.
Kristinn Ármannsson rektor.

Kristján Eldjárn þjóðminjavörður.
Kristján Karlsson rithöfundur.
Lára Sigurbjörnsdóttir frú, form. Kvenréttindafélags Íslands.
Leifur Ásgeirsson prófessor.
Magnús Ástmarsson forstjóri Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg.
Magnús Magnússon prófessor.
Ólafur Þ. Kristjánsson skólastjóri, stórtemplar.
Óskar Þórðarson yfirlæknir, form. Læknafélags Íslands.
Páll Ísólfsson tónskáld.
Páll V. G. Kolka fyrrv. héraðslæknir.
Ragnar Jónsson forstjóri Helgafells.
Herra Sigurbjörn Einarsson biskup.
Sigurður Guðmundsson framkvæmdastjóri, form. Sambands ungra jafnaðarmanna.
Sigurður Líndal dómarafulltrúi.
Sigurður A. Magnússon rithöfundur.
Sigurður Nordal prófessor, fyrrv. ambassador.
Sigurjón Björnsson sálfræðingur, forstöðum. Geðverndardeildar barna.
Símon Jóh. Ágústsson prófessor.
Stefán Júlíusson rithöfundur, forstöðum. Fræðslumyndasafns ríkisins.
Stefán Pétursson þjóðskjalavörður.
Steingrímur Hermannsson framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, form. Félags ungra Framsóknarmanna.
Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor.
Styrmir Gunnarsson stud. jur., form. Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna.
Sveinn Einarsson leikhússtjóri.
Sverrir Hermannsson viðskiptafræðingur, form. Landssambands íslenzkra verzlunarmanna.
Tómas Guðmundsson skáld.
Trausti Einarsson prófessor.
Vigdís Jónsdóttir skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands.
Þórhallur Vilmundarson prófessor.
Þorsteinn Sigurðsson bóndi á Vatnsleysu, form. Búnaðarfélags Íslands.

Sþ. 471. Breytingartillaga [208. mál]

við till. til þál. um stofnun og starfrækslu tunnuverksmiðju á Skagaströnd.

Frá Ragnari Arnalds.

Í stað orðanna „svo fljótt sem við verður komið“ komi: og verði við það miðað, að rekstur verksmiðjunnar geti hafizt ekki síðar en í ársbyrjun 1965.

Ed. 472. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað umsagnar um málið frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sambandi ísl. tryggingafélaga og íslenzku landhelgisgæzlunni.

Tveir hinir fyrrnefndu aðilar mæla með samþykkt frumvarpsins, en landhelgisgæzlan telur, að flest bendi til þess, að það sé ekki fjárhagslega heppilegt fyrir landhelgisgæzluna að taka á sig auknar skuldbindingar í þessum efnum.

Það er álit nefndarinnar, að öll íslenzk fiskiskip eigi að leggja að jöfnu um aðstoð frá íslenzkum björgunarskipum, sem eru í almenningseign, sem og varðskipum ríkisins, og leggur því einróma til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 16. apríl 1964.

Jón Árnason, form., frsm.	Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.	Helgi Bergs.
	Ólafur Jóhannesson.	

Nd. 473. Breytingartillögur [68. mál]

við frv. til l. um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

Frá iðnaðarmálaráðherra.

1. Við 1. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „sem þau hafa ráðizt í á árunum 1957—1961“ komi: sem þau hafa ráðizt í á árunum 1957—1962.
2. 2. og 3. gr. verði ein grein (2. gr.), svo hljóðandi:
   Lán samkv. lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum og vélum iðnfyrirtækja. Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því, að hún varð til.
   Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu áliti stjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarmálaráðherra.
3. 5. gr. orðist svo:
   Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og skilyrði fyrir lánveitingum, svo sem ákvæði um lánstíma og hámark veðskulda af matsverði veðs að höfðu samráði við bankana.

Nd. 474. Breytingartillaga [68. mál]

við brtt. á þskj. 473 [Lausaskuldir iðnaðarins].

Frá Einari Ágústssyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 3. brtt. Aftan við tillögugreinina bætist:

Hámarkslánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár og lán út á vélar 10 ár.

Nd. 475. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, og mun minni hl. nefndarinnar (EÁ og SkG) skila sérálíti.

Bönkum í Reykjavík, svo og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, var sent frv. til umsagnar. Svör hafa borizt frá Seðlabanka Íslands, sem er frv. meðmæltur, svo og frá Verzlunarbanka Íslands og Iðnaðarbanka Íslands, en þeir mæla báðir gegn samþykkt þess.

1. gr. þessa frumvarps kveður á um heimild til bindingar hluta sparifjár innlánsstofnana í Seðlabankanum, svo og á hvern hátt því fé skuli ráðstafað.

Með lögum nr. 33 1957, um breyting á lögum um Landsbanka Íslands, var Seðlabankanum heimilað að ákveða, að bankar og sparisjóðir skyldu eiga innstæður í bankanum á bundnum reikningi, og skyldi reglugerð sett um framkvæmdina.

Í lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 10 frá 1961, var þessari heimild haldið, en hún þá látin ná til allra innlánsstofnana. Jafnframt var ákveðið í lögunum, að hámarkið skyldi vera 15% af sparisjóðsinnstæðum og 20% af innstæðum, sem ávísa má með tékka.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til að hækka fyrrgreint hámark í 25% af öllum innstæðum.

Ákvæði þetta var algert nýmæli í lögum nr. 33 1957. Í greinargerð fyrir því frv., er þá var lagt fram, var sagt, að slík binding gæti verið svo þýðingarmikill þáttur í þróun peningamála landsins, að nauðsynlegt væri, að stjórn Seðlabankans hefði heimild til slíkrar bindingar.

Hér var vissulega rétt athugað, því að á árinu 1960 var talið nauðsynlegt að beita þessu ákvæði og peningastofnanirnar skyldaðar til þess að eiga hinn lögákveðna hluta af innstæðum sínum á bundnum reikningi í Seðlabankanum. Þessi ráðstöfun hefur haft mikilvæg áhrif við myndun gjaldeyrisvarasjóðs, svo og auðveldað Seðlabankanum endurkaup á afurðavíxlum án þess að auka um of seðlaveltuna.

Þar sem endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum hafa orðið veigamikill þáttur í útlánastarfsemi hans, svo og síauknar kröfur bornar fram um aukin endurkaup á afurðavíxlum, er eðlilegt, að í lögin sé sett ákvæði um megintilgang innlánsbindingarinnar, svo og aukin heimildin til bindingar innstæðufjár úr 15% og 20% í 25%.

Í 2. gr. frv. er nýtt ákvæði, þar sem Seðlabanka Íslands er veitt heimild til þess að gefa út verðbréf innanlands með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og vextir séu bundnir gengi erlends gjaldeyris.

Er hér um nauðsynlegt heimildarákvæði að ræða, sem rétt er að Seðlabankinn hafi og geti gripið til í samráði við ríkisstjórnina, ef talin er ástæða til.

Efnahagsráðstafanirnar 1960 báru tilætlaðan árangur. Sparifjáraukningin hefur verið mjög mikil. Heildarinnstæður landsmanna í bönkum og sparisjóðum voru 31/12 1959 2646 millj. kr., en 31/12 1963 5365 millj. kr., eða aukning rúml. 100%.

Vonandi heldur þessi þróun áfram. En þar sem nokkuð hefur dregið úr hinni hröðu aukningu sparifjár síðustu mánuði, þykir rétt að hafa möguleika til þess að bregðast við þeim vanda, sem að kann að steðja í þessum efnum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. apríl 1964.

Davíð Ólafsson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen, frsm.

Nd. 476. Nefndarálit [165. mál]

um frumvarp til laga um ferðamál.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 17. apríl 1964.

Sigurður Bjarnason, form. Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm. Sigurvin Einarsson.
Björn Pálsson. Sverrir Hermannsson.

Sþ. 477. Nefndarálit [44. mál]

um till. til þál. um nýja héraðsskóla o. fl.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls, og skilum við séráliti og leggjum til, að tillagan verði samþykkt.

Leitað var álits fræðslumálastjóra og fjórðungssambandanna, og bárust umsagnir frá: a) formanni Fjórðungssambands Norðlendinga, Magnúsi E. Guðjónssyni bæjarstjóra á Akureyri, b) formanni Fjórðungssambands Vestfirðinga, Sturlu Jónssyni oddvita á Suðureyri við Súgandafjörð, c) Helga Elíassyni fræðslumálastjóra.

Báðir ofangreindir formenn fjórðungssambandanna mæla með samþykkt tillögunnar. Segir Magnús E. Guðjónsson í áliti sínu, að tillagan sé „mjög í anda" samþykkta Fjórðungsþings Norðlendinga í skóla- og fræðslumálum, en kveðst persónulega álíta, að einnig sé þörf þess að kanna aðstæður unglinga í sveitum og þorpum til iðnskólanáms. Sturla Jónsson segir í umsögn sinni, að hann álíti, að hér sé á ferð mikið nauðsynjamál og að allir, sem fylgzt hafa með fræðslumálum, viti, að aðsókn að héraðsskólum sé langt umfram það, sem skólarnir taki. Fræðslumálastjóri virðist hins vegar vera þess sinnis, að þess sé tæplega þörf, að þingkjörin nefnd rannsaki ástand skólamála dreifbýlisins og þorpanna. Ofangreindar umsagnir birtast hér með sem fylgiskjöl.

Undirritaður minni hl. hefur kynnt sér eftir föngum þau rök, sem liggja að baki flutningi tillögunnar. Vill minni hl. einkum taka undir það, sem flutningsmenn hafa rækilega bent á, að námsaðstaða sé orðin ójöfn í landinu og halli í því efni verulega á sveitir og smærri þorp. Á þetta fyrst og fremst við um framhaldsmenntunina (gagnfræða- eða héraðsskólanám), en einnig um framkvæmd þeirrar barna- og unglingafræðslu, sem gert er ráð fyrir í lögum. Einn megintilgangur fræðslulöggjafarinnar frá 1946 var tvímælalaust sá að samræma fræðslukerfið og jafna námsaðstöðu barna og unglinga. Minni hl. virðist sem þessum tilgangi sé ekki náð eftir um það bil 18 ára gildistíma fræðslulaganna. Þörf landsmanna fyrir nýja héraðsskóla er ótvíræð, og vill minni hl. sérstaklega undirstrika nauðsyn þess, að henni verði fullnægt svo fljótt sem verða má.

Okkur þykir skylt að benda á það, að fræðsluyfirvöldin, og þá ekki sízt námsstjórar, hafa unnið þarft verk frá upphafi með því að auka almennan skilning á nauðsyn fastra skóla og sameiningu sveita í skólahverfi, þar sem slíkt hentar. Hins vegar skortir stórlega á, að fyrirliggjandi tillögur um þessi efni séu komnar til framkvæmda, og má vera, að þær þurfi endurskoðunar við. Á hinn bóginn

viljum við minna á það, að nauðsynlegt er að gera stórátak í sambandi við byggingu nýrra barnaskóla í sveitum, og ber þá að hafa í huga, hvort heppilegra sé að reisa heimavistarskóla eða heimangönguskóla. Telur minni hl. bæði æskilegt og nauðsynlegt, að þingkjörin nefnd kanni framkvæmd skyldunáms í sveitum og þorpum, ásamt héraðsskólamálinu, með þeim hætti, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Alþingi hefur frá öndverðu verið forgönguaðili í skóla- og fræðslumálum, enda augljóst, að þau eru eitt hið mikilvægasta löggjafaratriði, sem snertir bæði menningar- og fjárhagsafkomu þjóðarinnar í ríkum mæli. Ber Alþingi að sjálfsögðu að fylgjast með framkvæmd fræðslulöggjafarinnar á hverjum tíma og gera sitt til þess að bæta úr þeim ágöllum, sem sýnilegir eru á löggjöf eða framkvæmd.

Eitt hið augljósasta við ástand fræðslu- og skólamála landsins nú er hin ójafna námsaðstaða, sem ræðst af því, hvar börn og unglingar eiga heima á landinu. Það er þjóðfélagsleg skylda að jafna þennan mismun að því marki, sem kostur er, enda er hann í algeru ósamræmi við tilgang fræðslulöggjafarinnar og eðli máls.

Tillaga sú, sem hér um ræðir, fjallar um nokkur brýnustu vandamál skólafræðslunnar um þessar mundir.

Minni hl. n. leggur til, að tillagan verði samþykkt, en minnir á, að þegar er tímabært að endurskoða námsefni og kennslutilhögun í skólum landsins.

Alþingi, 13. apríl 1964.

Einar Ágústsson, frsm. Gísli Guðmundsson. Ragnar Arnalds.

Fylgiskjal I.

Akureyri, 29. janúar 1964.

Hef móttekið bréf yðar, dags. 18. þ. m., ásamt till. til þál. um nýja héraðsskóla o. fl., þar sem beiðzt er álits Fjórðungssambands Norðlendinga um téða þál.

Ekki hefur tekizt að ná saman stjórnarfundi í fjórðungssambandinu til að fjalla um þetta mál. Hins vegar tel ég, að sú könnun og athugun, sem ráðgerð er í þáltill. þessari, sé mjög í anda þeirra samþykkta, sem þing fjórðungssambandsins hafa gert á undanförnum árum í skóla- og fræðslumálum, sbr. t. d. lið 3., d. í þingfundargerð 1962, er ég sendi yður hér með.

Persónulega tel ég, að ályktunin þyrfti að vera *viðtækari,* þ. e. að einnig þyrfti að kanna aðstæður unglinga í sveitum og þorpum *til iðnnáms,* og að athuga þyrfti í því sambandi m. a. þann möguleika að koma upp í landinu fáum, en vel búnum heimavistariðnskólum, sem hefðu möguleika til að veita fullkomna iðnmenntun, sem litlu skólarnir geta aldrei veitt vegna smæðar sinnar og vegna skorts á sérmenntuðum kennurum í fámennum byggðarlögum. Kæmi þá jafnvel til greina að veita nemendum úr dreifbýlinu ókeypis skólavist og uppihald í slíkum skólum, enda mundu ríkissjóði með þessu móti sparast veruleg útgjöld við rekstur litlu iðnskólanna. Allmörg dæmi eru þess, að iðnskólum sé haldið uppi með 7—18 nemendum, sem að jafnaði skiptast á margar iðngreinir. Núverandi fyrirkomulag iðnfræðslunnar hefur tálmað mjög allri þróun í þessari grein fræðslumálanna, þannig að við stöndum nú að baki flestum þjóðum í iðnfræðslu. Er því brýnna úrbóta þörf á þessu sviði.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Fjórðungssambands Norðlendinga,

Magnús E. Guðjónsson, form.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Suðureyri, 26. jan. 1964.

Allsherjarnefnd sameinaðs þings, Rvík.

Ég hef f. h. Fjórðungssambands Vestfirðinga meðtekið frá yður tillögu til þingsályktunar um nýja héraðsskóla o. fl. til umsagnar.

Ég lít svo á, að hér sé mikið nauðsynjamál á ferð. Allir, sem eitthvað fylgjast með fræðslumálum, vita, að aðsókn að héraðsskólum er langt umfram það, er skólarnir taka. Þess vegna er hin brýnasta þörf á að fjölga þeim. Slíkir skólar í byggðum landsins eiga fyrst og fremst að vera handa þeim, sem búa í dreifbýlinu, en vitað er, að til þeirra sækir fjöldi nemenda úr höfuðstaðnum.

Fjórðungsþing Vestfjarða 1963, er haldið var s. l. haust í Bjarkalundi, samþykkti eftirfarandi tillögu varðandi þessi mál:

„Fjórðungsþing Vestfjarða 1963 telur brýna nauðsyn, að komið verði á fót héraðsskóla á Reykhólum, og skorar á þingmenn Vestfjarðakjördæmis að vinna að framgangi málsins á Alþingi.“ — Samþ. samhljóða.

Þar sem ég mun ekki að þessu sinni hafa sent Alþingi ályktanir síðasta fjórðungsþings um héraðs- og þjóðmálin, læt ég fylgja hér með yfirlit um það, sem gerðist.

Þingmenn okkar Vestfirðinga eiga allir að hafa fengið slíkt yfirlit. Við Vestfirðingar höfum gengið á sjónarhól til yfirlits. Hvar stöndum við, hvert stefnum við o. s. frv.?

Þetta er og hlutverk alþingismanna gagnvart þjóðinni í heild. Það er vissulega margt í hættu nú til dags, þrátt fyrir hina miklu sókn síðustu áratuga. Hvað sem fjármagni og framkvæmdum líður, má þjóðin aldrei glata sókn til dáða og drengskapar og í menningarátt.

Alþingismönnum ber að marka stefnuna og fylgja henni í fremstu línu, þá mun alþýðan á eftir koma.

Ég tel, að tillaga þessi geti verið spor í áttina til lausnar þjóðlegu vandamáli.

Virðingarfyllst,

f. h. Fjórðungssambands Vestfirðinga,

Sturla Jónsson.

Fylgiskjal III.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 18. febrúar 1964.

Vegna þingsályktunartillögu, er borin hefur verið fram í sameinuðu þingi um nýja héraðsskóla o. fl. og send var hingað til umsagnar, skal tekið fram eftirfarandi:

1. Hin mikla aðsókn að héraðsskólunum á síðari árum og auknar óskir um unglingafræðslu í þorpum og sveitum stafar bæði af auknum fjárráðum fólks almennt og skilningi á gagnsemi og þörf aukinnar menntunar til flestra starfa. Rýmri fjárhagur fólks í bæjum hefur m. a. orðið til þess, að sótt hefur verið um skólavist í héraðsskóla fyrir unglinga, þótt völ hafi verið á gagnfræðastigsskóla á staðnum.
2. Áður en hafizt verður handa um byggingu nýrra héraðsskóla, tel ég eiga að gera þá skóla, sem fyrir eru, svo vel úr garði, m. a. með viðbyggingu, sem þarf, til þess að þeir geti tekið þann nemendafjölda, sem hæfilegur getur talizt í slíkum skólum, þ. e. allt að 150 nem. Þess skal getið, að í athugun er hjá fræðsluráði N.-Þingeyjarsýslu að nota einn af heimavistarbarnaskólunum við Axarfjörð til miðskólahalds, og ráðagerðir eru uppi um það í innanverðum Eyjafirði að koma þar upp unglingaskóla, er geti síðar orðið héraðsskóli, ef henta þykir.

3. Það eru hart nær 30 ár síðan farið var að vinna að því fyrir atbeina fræðslumálastjórnarinnar að sameina sem flesta hreppa í sveitum landsins um hæfilega stóra heimavistarbarnaskóla, þ. e. að þar verði hæfilegt starf fyrir 3—5 fasta kennara. Námsstjórar barnafræðslunnar hafa unnið mjög mikilvæg störf á þessu sviði og þá einkum eftir að fræðslulöggjöfin frá 1946 kom til skjalanna. Má nú segja, að fyrir liggi áætlun um skipan hreppa á öllu landinu í skólahverfi, og hafa þegar verið byggðir 6 skólar, sem hver um sig er fyrir 3—7 hreppa, og fé þegar veitt til 4 „sameiningaskóla" að auki. Og von er á fleiri sams konar skólum á næstu árum.
4. Með byggingu heimavistarbarnaskóla, er rúma 50—60 nem. í einu (þ. e. 100—120 nem. yfir veturinn), er gert ráð fyrir því, að unnt verði að annast þar þá barna- og unglingafræðslu, sem nær til 15 ára aldurs. Í fámennari skólum verður þetta erfitt, en þar þarf til að koma mjög aukinn styrkur til þeirrar unglingafræðslu, sem styrkt hefur verið með sérstakri fjárveitingu úr ríkissjóði (sbr. fjárl. 1964, 14. gr. B. XIII, 30).

Með framanrituðu vildi ég sýna fram á, að um margra ára skeið hefur verið unnið að flestu því, sem milliþinganefnd skv. þingsályktunartillögunni er ætlað að gera, og meginniðurstöður um þessi mál eru ýmist þegar fyrir hendi eða nærtækar.

Helgi Elíasson.

Ed. 478. Frumvarp til laga [68. mál]

um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

(Eftir 3. umr. í Nd., 17. apríl.)

1. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum iðnfyrirtækja, sem skylt er að greiða iðnlánasjóðsgjald, samkvæmt ákvæðum laga nr. 45 3. apríl 1963, og hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í á árunum 1957—1962, að báðum árum meðtöldum.

Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar, sem Iðnlánasjóður stofnar til samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og takmarkast ábyrgðin eigi af ákvæðum 1. mgr. 6. gr. laga um Iðnlánasjóð.

2. gr.

Lán samkv. lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum og vélum iðnfyrirtækja. Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því, að hún varð til.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu áliti stjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarmálaráðherra.

3. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði laga nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

4. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og skilyrði fyrir lánveitingum, svo sem ákvæði um lánstíma og hámark veðskulda af matsverði veðs að höfðu samráði við bankana.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **479. Frumvarp til laga** [216. mál]

um hækkun ríkisframlags til hafnargerða.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Valtýr Guðjónsson, Gunnar Guðbjartsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Fr. Björnsson, Sigurvin Einarsson, Björn Pálsson.

1. gr.

Framlag ríkissjóðs til hafnargarða (öldubrjóta), bátakvía, einnar afgreiðslubryggju með allt að 150 metra legukanti í hverri höfn, dýpkunar á siglingaleið í hafnarmynni og að bryggju hafnarsjóðs og enn fremur til fyrstu framkvæmda á hverjum stað, á meðan ekki er varið til þeirra meira fé en 3 millj. kr., skal vera 65% af kostnaði. Þessi ákvæði gilda um hafnir og lendingarbætur, sem ríkissjóður leggur fram fé til samkv. lögum nr. 29 23. apríl 1946.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á 35% af kostnaði við þær framkvæmdir, sem nefndar eru í 1. málsl. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, eru taldir upp 113 hafnarstaðir, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram fé til hafnarframkvæmda. Fram til ársloka 1960 hafði ríkissjóður lagt fram fé til framkvæmda nál. 90 af þessum 113 stöðum (sums staðar þó mjög lágar upphæðir), og hefur víst engin teljandi breyting orðið á þeirri tölu síðan. Þessum 113 stöðum, sem taldir eru upp í lögunum, er skipt í tvo flokka. Á 35 stöðum eru kallaðar hafnir, en á 78 stöðum lendingarbætur. Ríkisframlagið er í lögunum ákveðið 40% af framkvæmdakostnaði, nema um sé að ræða „lendingarbót“, sem hefur ekki kostað meira en 1.6 millj. kr., þá er ríkisframlagið 50%. En þegar kostnaður við lendingarbót er kominn yfir 1.6 millj. kr., lækkar ríkisframlagið niður í 40% af þeim kostnaði, sem er fram yfir 1.6 millj. kr. Ríkisstjórninni er heimilað að ábyrgjast lán allt að þeirri upphæð, sem hafnar- og lendingarbótasjóði ber að greiða, þ. e. 50 eða 60% af stofnkostnaðinum. Þegar hér á eftir verður rætt um hafnarsjóði í þessari greinargerð, er einnig átt við lendingarbótasjóðina, enda er þar raunverulega yfirleitt enginn munur á. Og þegar rætt verður um hafnir hér á eftir, er einnig átt við lendingarbætur.

Lengst af hafa flestir hafnarsjóðir orðið að taka lán til að greiða sinn hluta framkvæmdakostnaðar að mestu eða öllu leyti, enda er hér nú yfirleitt um svo háar upphæðir að ræða, að engin von er til, að hægt sé að greiða nema þá mjög lítinn hluta þeirra af tekjum sveitarfélaga, þegar framkvæmdir eiga sér stað. Slík lán eru tekin með ríkisábyrgð. Við þetta bætist svo, að ríkissjóður hefur ekki haft tök á að standa skil á sínum hluta að fullu jafnóðum, og hafa þá safnazt skuldir til bráðabirgða, sem engin ríkisábyrgð er fyrir, en bráðabirgðalán tekin út á væntanlegt lögboðið ríkisframlag.

Sá möguleiki er auðvitað fyrir hendi, án tillits til hafnalaga, að koma afgreiðslu fjárlaga í það horf, að ekki standi á greiðslu ríkisframlagsins, og hafa öðru hverju verið gerðar ráðstafanir, sem miða í þá átt. En auðsætt er nú, að þetta nægir ekki. Öllum þorra hafnarsjóðanna, eða sveitarfélaganna, sem að þeim standa, er það ofviða að standa straum af lánum, sem nema 60% af framkvæmdakostnaði, eða jafnvel þótt ekki sé nema 50%. Höfnunum er yfirleitt hvergi nærri lokið og hafa því ekki enn þá tekjuöflunarmöguleika, sem þær kunna að hafa síðar, þegar

áhrifa af hafnargerðinni er farið að gæta á þróun atvinnulífs og íbúafjölda. Gangur málsins er þá sá, að hafnarsjóðirnir hafa komizt í vanskil vegna lána, sem fyrirsjáanlega voru þeim um megn, og ríkissjóður, eða sú deild hans, sem nú er kölluð ríkisábyrgðasjóður, hefur orðið að greiða vexti og afborganir. Nýlega var gerð gangskör að því að semja við hafnarsjóðina um vanskilaskuldir við ríkissjóð, sem þannig hafa myndazt. Var sumt af skuldunum gefið eftir, en hafnarsjóðir eða sveitarfélög látin greiða eftirstöðvarnar með skuldabréfum, sem þau auðvitað geta ekkert fremur staðið straum af en öðrum lánum. Vanskilaskuldir eru því nú þegar byrjaðar að safnast á nýjan leik, eins og við mátti búast, enda þótt nokkuð hafi að sögn verið gert að því að taka jöfnunarsjóðsfé sveitarfélaganna upp í greiðslu af hafnarlánum. Sú aðferð er raunar ekki alls kostar æskileg, þar sem þetta fé er ætlað sveitarfélögum til almennra þarfa.

Til eru svonefndar landshafnir, sem ríkið sjálft byggir og greiðir allan stofnkostnað við. Til sumra annarra mannvirkja á einstökum stöðum hefur ríkið tekið lán og greiðir af þeim vexti og afborganir án tillits til hafnalaga, enda varla um annað að ræða til að gera þær framkvæmdir mögulegar.

Þegar á allt þetta er litið, verður að dómi flm. ekki lengur hjá því komizt að viðurkenna, að ákvæði hafnalaga um ríkisframlag til hafnargerða eru úrelt orðin. Þau verða að hækka til mikilla muna. Þá fyrst kann að verða von til þess, að hafnarsjóðir geti staðið straum af lánum sínum. Þetta er nauðsynja- og sanngirnismál, eins og nú er ástatt, og þolir ekki bið.

Árið 1958 fól Alþingi ríkisstjórninni að láta endurskoða hafnalögin og lög um hafnarbótasjóð, gera 10 ára áætlun um hafnargerðir. Þessu verki var lokið haustið 1961 og frumvarp til nýrra hafnalaga afhent ríkisstjórninni. Þar er það enn í athugun, og hefur ekki verið tilkynnt neitt um það, að slíkt frv. verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr.

Að því hlýtur þó að koma, að Alþingi setji ný hafnalög. En þó að beðið sé eftir nýjum hafnalögum, er hægt að setja ákvæði til bráðabirgða til lagfæringar á fjármálum hafnanna. Þá leið vilja flm. þessa frv. fara. Í frv. er lagt til, að ríkisframlag til ýmissa helztu hafnarmannvirkja, þeirra sem að jafnaði eru mest aðkallandi og dýrust, verði hækkað upp í 65% af framkvæmdakostnaði. Hér er um að ræða aðalskjólgarða hafnanna og bátakvíar í höfninni, aðalafgreiðslubryggjur (legukanta) fyrir kaupskip og fiskiskip, svo og nauðsynlegustu dýpkanir. Að slíkum mannvirkjum er nú unnið mjög víða, og sums staðar er framkvæmd þeirra í þann veginn að hefjast eða skammt á veg komin. Ef frv. verður að lögum, tekur ríkissjóður að sér 25% af framkvæmdakostnaðinum fyrir utan það, sem hann greiðir nú samkv. gildandi lögum. Hlutaðeigandi hafnarsjóður þyrfti þá yfirleitt að standa straum af 35% kostnaðar í stað 60% nú.

Þörf er á að breyta gildandi lögum um hafnarbótasjóð og koma á fót sjálfstæðri lánastarfsemi fyrir hafnarsjóði. Það fyrirkomulag, sem nú er í þessum efnum, er ekki viðunandi til frambúðar. Um það mál eru þó ekki gerðar tillögur að þessu sinni. Og margt er það annað í gildandi löggjöf um hafnamál, sem æskilegt er að breyta og sennilega verður breytt, þegar ný hafnalög verða sett.

Nd. 480. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en nefndarmenn hafa ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Meiri hluti n. (DÓ, SI, MÁM) leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, en undirritaðir nm. leggja til, að það verði fellt.

Frumvarpið var sent nokkrum aðilum til umsagnar, og bárust svör frá Iðnaðar-

banka Íslands h.f., Verzlunarbanka Íslands h.f. og Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn leggur til, að frv. verði samþykkt, en Iðnaðarbankinn og Verzlunarbankinn leggja til, að frv. verði vísað frá, og eru umsagnir hinna síðartöldu prentaðar sem fylgiskjöl með nál. þessu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir tveim meginbreytingum á gildandi lögum um Seðlabanka Íslands. Hin fyrri er sú, að heimilt skuli að binda á reikningi í Seðlabankanum allt að 25% af heildarinnstæðufé hjá hverri innlánsstofnun, í stað þess að nú er heimilt að binda á þennan hátt 15% af sparisjóðsinnstæðum og 20% af hlaupareikningsinnstæðum. Síðari breytingin er fólgin í því, að Seðlabankanum er með frv. heimilað að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og/eða vextir sé bundið gengi erlends gjaldeyris. Skal nú gerð grein fyrir afstöðu minni hl. til hvors þessara meginatriða um sig.

Heimild fyrir Seðlabankann að ákveða, að bankar og sparisjóðir skyldu eiga innstæður í bankanum á bundnum reikningi, var fyrst lögleidd með l. nr. 33 frá 1957, um breyting á lögum um Landsbanka Íslands. Heimild þessi var þó eigi notuð fyrr en á árinu 1960, en þá ákvað núverandi ríkisstjórn að skylda innlánsstofnanir til að binda verulegan hluta af innstæðuaukningunni á þennan hátt í Seðlabankanum. Jafnframt var lögunum breytt á þann veg, að umrædd skylda var einnig látin ná til Söfnunarsjóðs Íslands og innlánsdeilda samvinnufélaganna. Augljóst er, að þessar ráðstafanir hlutu að torvelda viðkomandi peningastofnunum að gegna hlutverkum sínum og að of langt var í upphafi gengið á þeirri braut að svipta þær ráðstöfunarrétti yfir starfsfé sínu. Auk þess var bundna féð innheimt hjá ýmsum svo smáum innlánsstofnunum, að þeirra tillag gat engu máli skipt um þróun peningamála í landinu, en framkvæmdin var viðkomandi stofnunum engu að síður talverður fjötur um fót.

Á árinu 1961 var slakað nokkuð á bindiskyldunni, og vonuðu þá margir, að ríkisstjórnin mundi sjá að sér og afnema lánsfjárhöftin í áföngum. Þær vonir eru að engu orðnar, þar eð nú er ráðgert að herða tökin enn til mikilla muna.

Í frumvarpinu segir, að megintilgangur innlánsbindingar sé að afla fjár frá bankakerfinu í heild til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þar á meðal endurkaupum afurðavíxla. Þar eru þó engin ákvæði um það, hversu háum hundraðshluta endurkaup afurðavíxla sjávarútvegs og landbúnaðar skuli nema, eftir að lagaákvæðin taka gildi, og við 1. umræðu málsins á Alþingi fengust engin svör við framkomnum spurningum þessa efnis. Ekki eru heldur nein ákvæði um, að Seðlabankanum skuli skylt að endurkaupa afurðavíxla iðnaðarins. Er þó nauðsynlegt, að þessi atriði liggi ljóst fyrir, til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir áhrifum frumvarpsins, ef að lögum verður, á aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, því að geta viðskiptabankanna til að veita þeim nauðsynlega fyrirgreiðslu minnkar fyrirsjáanlega til muna við ráðstafanir af þessu tagi.

Eins og fyrr segir, hefur frá því á árinu 1960 verið framkvæmd mjög umfangsmikil innstæðubinding í Seðlabankanum. Um s. l. áramót voru þannig 785 millj. kr. af starfsfé banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga bundnar á þennan hátt. Gerir slík skerðing á ráðstöfunarrétti yfir innstæðufé þessum stofnunum að sjálfsögðu mjög miklu erfiðara en ella mundi að gegna því hlutverki, sem þeim er ætlað og eðlilegt er að á þeim hvíli í nútímaþjóðfélagi. Kemur þetta að sjálfsögðu mjög illa við alla aðila, sem lagaákvæðin taka til, en þó einkum þá, sem samkvæmt lögum frá Alþingi hefur verið falið alveg sérstakt verkefni, en svo er um alla viðskiptabankana til dæmis. Slík framkvæmd er ekki í anda þeirra laga, sem Alþingi hefur nýlega sett um bankastofnanir til eflingar ýmissa atvinnugreina, svo sem til dæmis iðnaðar og verzlunar, og rýrir verulega þær hagsbætur, sem Alþingi hefur ætlazt til að af því leiddi, að stofnaðir hafa verið bankar í umræddum tilgangi.

Þeir viðskiptabankar, sem sent hafa umsögn um frumvarpið, leggja ríka áherzlu á það, að með þeirri innstæðubindingu, sem framkvæmd hefur verið, hafi rekstrarafkomu lánastofnana, einkum þeirra, sem ungar eru að árum og hafa takmarkað eigið fjármagn, verið stefnt í beinan voða. Þeir minna á, að vextir, sem Seðlabankinn

greiðir af bundnum innstæðum, eru aðeins rúmlega 7% p. a. Vextir þeir, sem bankarnir greiða sparifjáreigendum eru hins vegar, eins og kunnugt er, allt upp 9½% p. a., og útlánsvextir eru í flestum tilfellum einnig 9½% p. a. Í umsögn Verzlunarbanka Íslands h.f. segir svo um þetta: „Ef frumvarpið verður að lögum, heimilar það Seðlabankanum að ganga lengra en nú er í innstæðubindingu. Verður þá sífellt vaxandi hluti innstæðna vorra bundinn þar og vaxtakjör um 20% lægri en hinn almenni lánamarkaður tekur. Það gefur auga leið, að slíkri þróun mála er ekki hægt að taka með þögn. Hvort tveggja er, að starfsfé vort þolir eigi þá skerðingu, sem hin háa innstæðubinding hefur í för með sér, og eins er algerlega óþolandi að hlíta þeim vaxtakjörum, sem bundið innstæðufé sætir."

Minni hlutinn telur, að hér hafi forráðamenn Verzlunarbanka Íslands h.f. á réttu að standa.

Um síðari meginbreytinguna, sem í frumvarpinu felst, telur minni hlutinn, að sú ákvörðun að heimila Seðlabankanum einum útgáfu gengistryggðra verðbréfa muni verða til þess að auka enn erfiðleika annarra peningastofnana í landinu. Ljóst er, að sparifjáreigendur, sem að undanförnu hafa séð fjármuni sína rýrna í verði dag frá degi vegna vaxandi verðbólgu og dýrtíðar, muni nota sér þann möguleika, sem þarna gæti myndazt til þess að forða sparifé sínu frá verðhruni. Fjármagnið mun því færast yfir til Seðlabankans úr bönkum og sparisjóðum, sem einnig á þennan hátt verður gert erfiðara að tryggja viðskiptamönnum sínum nauðsynlega fyrirgreiðslu, ekki sízt þegar stór hluti af fjármagni þeirra er samhliða tekinn af þeim með aukinni bindiskyldu.

Minni hlutinn telur óhjákvæmilegt að verðtryggja sparifé í landinu og minnir á í því sambandi, að fyrir Alþingi liggur nú þingsályktunartillaga frá fjórum þingmönnum Framsóknarflokksins þar að lútandi, og tillögur í sömu átt hafa einnig verið fluttar á mörgum undanfarandi þingum. En minni hlutinn álítur, að slíka verðtryggingu verði að framkvæma á víðtækum grundvelli, en ekki á þann hátt, sem hér er ráðgerður, að einum aðila sé veitt leyfi til verðtryggingar og þar með forréttindaaðstaða, sem líklegt er að valdi því, að aðrar lánastofnanir fjarlægist enn að miklum mun það takmark að geta veitt viðskiptamönnum sínum viðhlítandi þjónustu.

Í umsögn Verzlunarbanka Íslands h.f. segir um þetta atriði: „Ekki er með öllu óeðlilegt, að sparifjáreigendur séu verndaðir fyrir þeirri verðbólgu, sem hér ríkir og hefur ríkt. En sú lausn, sem í frumvarpinu er farið inn á, gengur allt of skammt, og er hætt við, að hún mundi hafa í för með sér, að sparifé flyttist úr hinum almennu peningastofnunum beint til Seðlabankans. Slík þróun er óæskileg."

Iðnaðarbanki Íslands h.f., segir: „Verði þessi heimild notuð, svo að nokkru nemi, má ganga út frá því, að sparifé leiti úr bönkunum í þessi bréf, og teljum vér, að mjög varlega verði að fara í útgáfu slíkra bréfa."

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, leggur minni hl. til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 20. apríl 1964.

Einar Ágústsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

IÐNAÐARBANKI ÍSLANDS H.F.

Reykjavík, 24. febrúar 1964.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Vér höfum móttekið bréf nefndarinnar, dags. 20. febrúar, þar sem óskað er umsagnar vorrar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10 1961, um Seðlabanka Íslands.

Vér teljum, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, hafi í för með sér stórfellda skerðingu á möguleikum Iðnaðarbankans til þess að gegna hlutverki sínu

fyrir iðnaðinn, og munum hér á eftir í stuttu máli gera grein fyrir afleiðingum þess fyrir bankann.

Fyrri grein frumvarpsins hefur að geyma ákvæði, sem heimilar Seðlabankanum að binda allt að 25% af heildarinnstæðum banka og sparisjóða, í stað þess að nú er heimilt að binda 15% af sparisjóðsinnstæðum og 20% af hlaupareikningsinnstæðum.

Heimild þessari var beitt þannig á árunum 1961—1962, að bundið var í Seðlabankanum 30% af sameiginlegri aukningu spariinnlána og veltiinnlána í hverri lánastofnun. Bindingarskylda þessi var lækkuð frá 1. jan. 1963 í 25%, en um sama leyti urðu bankarnir við þeim tilmælum ríkisstjórnarinnar, er nálguðust valdboð, að skuldbinda sig til þess að kaupa íbúðarlánabréf fyrir 15% aukningarinnar, þannig að samanlögð binding á s. l. ári nam 40% af heildarinnstæðuaukningu.

Í lögum um Iðnaðarbankann er svo ákveðið, að meginhlutverk hans og markmið skuli vera að styðja verksmiðju- og handiðn landsmanna, og þar sem þessi tilgangur er alkunnur, er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir því, að meginhlutinn af því sparifé, sem bankinn hefur fengið til varðveizlu, sé þangað kominn, vegna þessa tilgangs hans. Það gefur auga leið, að því stærri hluti sem bundinn verður af innstæðuaukningu bankans, þeim mun minni verður hvöt þeirra, sem styrkja vilja iðnaðinn með því að fela bankanum sparifé sitt til ráðstöfunar.

Núgildandi innstæðubinding svo og kaup skuldabréfa til húsnæðismála og annarra framkvæmda, sem bankinn hefur ætíð verið þátttakandi í, ásamt hinum bönkunum, hafa reynzt bankanum svo erfið, að hann hefur oft ekki getað staðið í skilum með þessar greiðslur á réttum tíma, og virðist oss alls ekki hægt að ganga lengra í því efni en nú er.

Undanfarin ár hefur Seðlabankinn sífellt þrengt kosti peningastofnana með vaxtaákvörðunum sínum.

Á þessu ári lækkaði Seðlabankinn vexti þá, sem hann greiðir af hinum bundnu innstæðum, úr 9% p. a. í vexti, sem eiga að vera 1% hærri en meðalvextir þeir, sem við greiðum af hinum mismunandi tegundum innstæðufjár, og reyndist vaxtagreiðsla Seðlabankans til Iðnaðarbankans af bundnum innstæðum á s. l. ári 7.4%, þ. e. vextir af bundnu innstæðunni lækkuðu um 1.6%.

Með vaxtaákvörðun 20. febr. 1960 var vaxtamunur útlánsvaxta og innlánsvaxta lækkaður um ½%, úr 2½ í 2%.

Hinn 28. des. 1960 var bætt við nýjum flokki innlána, þ. e. innstæðum með 12 mánaða uppsagnarfresti, og eru vextir af þeim flokki innlána þeir sömu og útlánsvextir. Sparifé hefur allmikið leitað þessara vaxtakjara hjá oss, svo að nú nemur þessi tegund innlána um ⅛ hluta af sparisjóðsinnstæðum hjá oss.

Verðbréf þau, sem bankinn hefur keypt nauðugur viljugur fyrir milligöngu Seðlabankans, eru flest með vaxtakjörum, sem ekki eru fyrir ofan meðalvexti þá, sem bankinn verður að greiða af innstæðum.

Það er auðsætt, að allar þessar ákvarðanir stefna rekstrarafkomu banka, sem hefur til umráða mjög lítið eigið fé og nærri eingöngu vaxtatekjur af útlánum, í beinan voða.

Í 2. gr. fyrrgreinds frumvarps er Seðlabankanum heimiluð útgáfa gengistryggðra verðbréfa. Verði þessi heimild notuð, svo að nokkru nemi, má ganga út frá því, að sparifé leiti úr bönkunum í þessi bréf, og teljum vér, að mjög varlega verði að fara í útgáfu slíkra bréfa.

Rekstrarfjárþörf iðnaðar fer sívaxandi, m. a. vegna tilkomu nýrra iðnfyrirtækja og nýrra iðngreina, og skortir mikið á, að vér getum leyst hana svo sem vera þyrfti. Vér hljótum því að leggja til, að frumvarpi þessu verði vísað frá.

Virðingarfyllst,

Iðnaðarbanki Íslands h.f.,

Sveinn B. Valfells. Guðm. Ólafs.

Fylgiskjal II.

VERZLUNARBANKI ÍSLANDS H.F.

Reykjavík, 31. marz 1964.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Vér höfum móttekið bréf yðar, dags. 20. febrúar s. l., þar sem óskað er eftir umsögn bankans varðandi frv., sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi um breyting á lögum nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Ákvæði nefnds frumvarps, ef að lögum verður, eru tvíþætt. Annars vegar að kalla eftir meira fé frá bönkum og öðrum innlánsstofnunum inn til Seðlabankans í formi innstæðubindingar og hins vegar að heimila Seðlabankanun útgáfu gengistryggðra verðbréfa til sölu á innlendum markaði.

Skal nú vikið nánar að þessum tveimur þáttum málsins:

Á undanförnum árum hefur verið framkvæmd mjög umfangsmikil innstæðubinding í Seðlabankanum, sem tekin hefur verið af starfsfé peningastofnana. Hefur fé þessu verið varið til þess að standa undir endurkaupum Seðlabankans á afurðalánum til landbúnaðar og sjávarútvegs og eins til þess að standa undir gjaldeyrisvarasjóði landsmanna. Vafalaust má telja, að innstæðubindingin hafi haft veruleg áhrif í þá átt að auka gjaldeyrisforða þjóðarinnar og hafi þannig komið að miklum notum. Hins er þó að gæta, að Seðlabankinn taldi sig knúinn til þess á síðastliðnu ári að lækka vexti þá, er hann greiðir af hinu bundna fé, um tæp 20%, og hefur það gert þeim bönkum, sem einskorða starfsemi sína við innlend bankaviðskipti, allan rekstur fjárhagslega erfiðari, þar sem allstór upphæð af heildarinnstæðum þeirra er bundin í Seðlabankanum. Ef frumvarp það, sem hér er gert að umtalsefni, verður að lögum, heimilar það Seðlabankanum að ganga lengra en nú er í innstæðubindingu. Verður þá sífellt vaxandi hluti innstæðna vorra bundinn þar og vaxtakjör um 20% lægri en hinn almenni lánamarkaður tekur. Það gefur auga leið, að slíkri þróun mála er eigi hægt að taka með þögn. Hvort tveggja er, að starfsfé vort þolir eigi þá skerðingu, sem hin háa innstæðubinding hefur í för með sér, og eins er algerlega óþolandi að hlíta þeim vaxtakjörum, sem bundið innstæðufé sætir.

Skoðun vor er því sú, að hið háa Alþingi ætti, ef því sýnist nauðsynlegt, að frumvarp þetta nái fram að ganga, að ákveða vexti þá, sem Seðlabankanum sé skylt að greiða af bundnu innstæðufé, og miða þá við hina almennu útlánsvexti, svo að peningastofnanir verði þá a. m. k. skaðlausar vegna innstæðubindingar, og væri reyndar nauðsynlegt, að slíkt ákvæði yrði lögbundið, enda þótt frumvarpi þessu yrði vísað frá í því formi, sem það nú er, en sú afgreiðsla málsins væri að voru mati æskilegust.

Hinn þáttur frumvarps þessa snýr að því að heimila Seðlabankanum útgáfu gengistryggðra verðbréfa til sölu á innlendum markaði. Ekki er með öllu óeðlilegt, að sparifjáreigendur séu verndaðir fyrir verðbólguþróun þeirri, sem hér ríkir og hefur ríkt. En sú lausn, sem í frumvarpinu er farið inn á, gengur allt of skammt, og er hætt við, að hún mundi hafa í för með sér, að sparifé flyttist úr hinum almennu peningastofnunum beint til Seðlabankans. Slík þróun er óæskileg. Réttara væri, að komið yrði á almennri verðtryggingu sparifjár í formi lánavísitölu, þannig að þjóðfélagsþegnarnir geti aldrei hagnazt á skuldasöfnun og sparifjáreigendur tapað verðgildi peninga sinna sökum verðbólgu í þjóðfélaginu. Með því mundi vinnast stórfelldur áfangi í baráttu þjóðarinnar við verðbólguna.

Vér mundum geta rætt mál þetta ýtarlegar, en sjáum eigi ástæðu til þess að sinni. Sjónarmið vort er, að ákvæði frumvarps þessa eigi ekki erindi inn í íslenzka

löggjöf, þar sem þau leysi ekki aðsteðjandi vandamál, og því beri að vísa frumvarpinu frá.

Allra virðingarfyllst,

Verzlunarbanki Íslands h.f.,

Egill Guttormsson. Höskuldur Ólafsson.

Nd. 481. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til laga um vaxtalækkun o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpi þessu var vísað til fjárhagsnefndar 28. okt. s. l.

Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni hafa lýst sig andvíga frv., en undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að það verði samþykkt.

Efni frv. er:

1. Útlánsvextir verði lækkaðir, þannig, að þeir verði ekki hærri en þeir voru um áramótin 1959—1960.
2. Bundnar innstæður innlánsstofnana hjá Seðlabankanum verði ekki hækkaðar frá því, sem þær voru við gildistöku laga þessara.

Vaxtahækkunin, sem ákveðin var af ríkisstjórninni snemma árs 1960, hefur átt gildan þátt í vexti dýrtíðarinnar. Hún hefur aukið stofnkostnað og rekstrarkostnað atvinnufyrirtækja og valdið hækkun á vöruverði. Vaxtahækkunin hefur einnig orðið sérstaklega þungbær því fólki, sem á síðustu árum hefur komið sér upp íbúðarhúsum og stofnað til skulda í því sambandi. Hún hefur aukið framfærslukostnaðinn til mikilla muna og á því sinn þátt í eðlilegum kröfum manna um kaupgjaldshækkanir.

Sagt var, að hækkun vaxtanna mundi draga úr eftirspurn eftir lánsfé. Sú kenning reyndist röng. Lánsfjáreftirspurnin er nú meiri en nokkru sinni áður, enda hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, og þar á meðal vaxtahækkunin, aukið þörfina fyrir stofnlán og rekstrarlán stórkostlega.

Innlánsvextir voru hækkaðir um leið og vextir af útlánum, og var talið, að það yrði til að bæta hag sparifjáreigenda. Svo hefur þó ekki orðið, að hagur þeirra hafi batnað síðustu árin, heldur hefur hann stórversnað. Þeir hafa tapað öllum vöxtum af innstæðum sínum og hluta af höfuðstólnum að auki í sívaxandi logum dýrtíðarinnar. Þannig hefur efnahagsmálastefna núverandi ríkisstjórnar valdið sparifjáreigendum stórfelldu tjóni. Reynslan hefur sannað, að hagsmunir þeirra verða ekki tryggðir með háum vöxtum, ef dýrtíðin fer sívaxandi. Það skiptir mestu máli fyrir innstæðueigendur, að sparifé haldi gildi sínu.

Með efnahagslögunum frá 1960 aflaði ríkisstjórnin sér heimildar til að ákveða vexti og lánstíma hjá stofnlánasjóðum landbúnaðar og sjávarútvegs, íbúðarlánasjóðum og raforkusjóði. Stjórnin notaði þessa heimild þegar í stað til að stórhækka vexti af lánum frá sjóðunum. Áður voru fyrirmæli um vexti og lánakjör hjá sjóðum þessum í lögum frá Alþingi, og í frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að svo verði einnig í framtíðinni. Jafnframt er lagt til að lækka vextina, svo að þeir verði eins og þeir voru fyrir 1960. Þess er brýn þörf að styðja fólk til atvinnurekstrar og stofnunar heimila með hagstæðari lánum en nú eru fáanleg, og möguleikar hins opinbera til að veita slíkan stuðning, t. d. með því að leggja fram fé til lækkunar á stofnlánavöxtum, eru áreiðanlega ekki minni nú en fyrir nokkrum áratugum.

Annað aðalatriði frumvarpsins er ákvæði um að stöðva frystingu innlánsfjár hjá Seðlabankanum. Um síðustu áramót nam heildarupphæð bundna fjárins þar 785 millj. króna. Fé þetta hefur verið tekið af viðskiptabönkunum og öðrum inn-

lánsstofnunum, þar á meðal frá sparisjóðum og innlánsdeildum, sem hafa svo lítið fjármagn í sínum vörzlum, að binding á hluta af því hefur engin áhrif á þróun peningamála í þjóðfélaginu. Slíkar fjárkröfur á hendur litlum innlánsstofnunum um land allt bera vott um takmarkaðan skilning á þörfum héraðanna, þar sem þessar stofnanir eiga heima og þar sem tilfinnanlegur skortur er á lánsfé til framkvæmda og atvinnurekstrar.

Árið 1963 varð aukning innlánsfjár hjá bönkum og sparisjóðum miklu minni en 2 næstu árin þar á undan, og hlutfallslega minni en á árunum 1957 og 1958. M. a. vegna þess, að þannig hefur dregið úr vexti sparifjárins, mundi áframhaldandi fjárbinding koma mjög illa við innlánsstofnanir og gera þeim stórum erfiðara að bæta úr þörfum viðskiptamanna sinna fyrir lánsfé. Er vissulega mál, að linni fjárbindingarkröfum Seðlabankans á hendur innlánsstofnunum. Útlán sparifjárins hafa enga verðbólguhættu í för með sér.

Eins og áður segir, er það tillaga minni hluta fjárhagsnefndar, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 20. apríl 1964.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson.

Ed. 482. Frumvarp til laga [15. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Altmann, Walburga Maria Hedwig Theodora, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. desember 1926.
2. Ågestad, Gudmund, vélvirki á Selfossi, f. í Noregi 7. júní 1928.
3. Bagutti, Sonja Jolanda (Ólafsson), húsmóðir að Syðstu-Mörk í V.-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, f. í Sviss 12. okt. 1935.
4. Bat-Yosef, Miriam Hellerman, listmálari á Kirkjubæ I, Kirkjubæjarhreppi, f. í Ísrael 31. janúar 1931.
5. Demetz, Vincenzo Maria, söngkennari í Reykjavík, f. á Ítalíu 11. okt. 1912.
6. Grashoff, Christina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Hollandi 26. marz 1926.
7. Jansen, Ruth Erna Margarethe, húsmóðir á Selfossi, f. í Þýzkalandi 10. ágúst 1934.
8. Jensen, Trond, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. september 1901.
9. Joensen, Frida, húsmóðir í Múla, Aðaldælahreppi, f. í Færeyjum 16. desember 1938.
10. Kidson, Peter George William, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Englandi 24. maí 1919.
11. Klein, Siglinde Eleonore, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 30. janúar 1937. (Fær réttinn 23. júní 1964).
12. Kroll, Marga, húsmóðir í Króki í Grafningshreppi, f. í Þýzkalandi 13. desember 1934.
13. Larsen, Benny Heinrich, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 23. ágúst 1936.
14. Mooney, Carll Ingvar, nemandi í Ytri-Njarðvík, f. í Bandaríkjunum 17. nóvember 1945.
15. Neffe, Harald Albert, skósmíðanemi í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 13. janúar 1942.
16. Németh, Berta, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rúmeníu 30. maí 1927.

17. Németh, Wilmos, járnsmiður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 17. febr. 1928.
18. Olesen, Jörgen Faurholt, garðyrkjumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 10. nóv. 1926. (Fær réttinn 30. apríl 1964).
19. Pedersen, Reidar Gunnar, skrifstofumaður í Reykjavík, f. á Íslandi 21. desember 1942.
20. Peschel, Ida Anna, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 20. desember 1918.
21. Peschel, Viktor Paul Walter, útvarpsvirki í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 12. maí 1944.
22. Rasmussen, Finn, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Danmörku 15. nóv. 1937.
23. Simonsen, Bjarnfrida, húsmóðir á Þingeyri, f. í Færeyjum 9. júlí 1924.
24. Stö, Asbjörn, garðyrkjumaður á Þórustöðum í Ölfushreppi, f. í Noregi 22. febrúar 1920.
25. Sönderskov, Harry, vélvirki í Hafnarfirði, f. í Danmörku 17. desember 1927.
26. Timmermann, Björk Sigrún, kennari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 16. ágúst 1942.
27. Östlund, Pétur Davíð, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 3. desember 1943.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 483. Lög [96. mál]

um breyting á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952.

(Afgreidd frá Ed. 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 268.

Ed. 484. Frumvarp til laga [217. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

Mörk lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar skulu vera: Að norðan: landamörk jarðanna Innstavogs og Óss um Blautós og síðan Berjadalsá frá sjó og yfir fyrir land jarðarinnar Garða. Að austan: landamörk jarðarinnar Garða frá Berjadalsá eftir Lönguásum í Tannaberg og þaðan í sjó við Leyni.

2. gr.

Akraneskaupstaður tekur að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Innri-Akraneshreppi, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á landi því, er samkvæmt lögum þessum fellur undir lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar.

3. gr.

Bætur fyrir tekjurýrnun Innri-Akraneshrepps, er leiðir af lögum þessum, skulu ákveðnar af gerðardómi, skipuðum þremur mönnum. Tilnefna aðilar sinn

manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðili eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Akraness. Er talið óhjákvæmilegt að stækka lögsagnarumdæmið, svo sem hér greinir.

Mestur hluti þess landssvæðis, sem hér er um að ræða, er landareign Garða, en jörð sú hefur um langan tíma verið í eigu Akraneskaupstaðar. Árið 1939 gerðu hreppsnefndir Innri- og Ytri-Akraneshrepps með sér sérstakan samning, þar sem kveðið var á um það, að mestur hluti Garða skyldi tilheyra Ytri-Akraneshreppi, á sama hátt og um eitt og sama lögsagnarumdæmi væri að ræða.

Þá má á það benda, að jörðin Kalmansvík, sem liggur næst bæjarmörkum kaupstaðarins að norðan, er eign Akraneskaupstaðar, og er nú ráðgert að taka land jarðarinnar til skipulagningar og hefja þar byggingarframkvæmdir í næstu framtíð.

Að sjálfsögðu ber að bæta Innri-Akraneshreppi þá tekjurýrnun, sem leiðir af lögum þessum. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skulu bæturnar ákveðnar af gerðardómi, skipuðum þremur mönnum.

Ed. 485. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og notið til þess aðstoðar tollskrárnefndarinnar, er undirbjó frv. Allmörg erindi hafa nefndinni borizt frá ýmsum aðilum, er gert hafa athugasemdir við breytingar þær, er í frv. felast, og borið fram óskir um viðtækari breytingar á tollskránni. Hefur n. leitað umsagnar tollskrárnefndarinnar um öll þessi erindi. Hefur sú umsögn borizt, að því er flest erindin varðar, en fáein erindi eru þó enn til meðferðar hjá tollskrárnefnd, en umsögn hennar um þau er væntanleg, áður en málið kemur til 3. umr. í deildinni.

Nefndin flytur á sérstöku þingskjali brtt. við frv. í samræmi við þá afstöðu, er tollskrárnefndin hefur tekið til erindanna. Er hér um sameiginlegar till. fjhn. að ræða.

Að öðru leyti mælir meiri hl. n. með því, að frv. verði samþ. með þessum brtt., en tveir nm., þeir KK og HB, áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt. og munu skila séráliti.

Alþingi, 21. apríl 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Sþ. 486. Fyrirspurnir. [218. mál]

I. Til fjármálaráðherra um stóreignaskatt.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

a. Hve miklu nam álagður stóreignaskattur samkv. l. nr. 44 3. júní 1957?
b. Hve mikið hefur verið innheimt af skattinum og hve mikið á árunum 1961, 1962 og 1963 hverju um sig?
c. Hve mikið af þessu fé hefur þegar verið afhent byggingarsjóði ríkisins vegna íbúðarhúsalána?

II. Til félagsmálaráðherra um lánveitingar úr byggingarsjóði ríkisins.

Frá Geir Gunnarssyni.

a. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að afla byggingarsjóði ríkisins fjár til íbúðalána á þessu ári?
b. Hve hárri upphæð má búast við að sjóðurinn geti úthlutað í ár og hvenær á árinu?

III. Til félagsmálaráðherra varðandi úthlutun byggingarlána.

Frá Ingvari Gíslasyni.

a. Hvenær má næst vænta úthlutunar byggingarlána á vegum húsnæðismálastjórnar?
b. Hversu há upphæð verður þá til úthlutunar?

Ed. 487. Breytingartillögur [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Við 2. 19.02.09 orðist svo:
      09 Aðrar 80%
   b. Við 2. Nýir liðir:
      1. 19.07 00 Í stað „125%“ komi: 80%.
      2. 19.08 00 Í stað „125%“ komi: 80%.
   c. Við 12.
      1. Í stað orðsins „tvö“ komi: fjögur.
      2. Aftan við liðinn bætist:
         16 Hvatar til iðnaðarframleiðslu 35%
         17 Naftanöt 35%
   d. Við 19.
      1. 39.07.44 falli niður.
      2. Á eftir 65 komi nýtt númer:
         66 Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó 4%

e. Við 22. Liðurinn orðist svo:
40.11 01 orðist svo:
01 Hjólbarðar á bifreiðar og bifhjól, nýir 40%
Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:
02 Hjólbarðar hvers konar, notaðir 35%
f. Við 24.
1. Í stað orðsins „nýtt“ komi: tvö ný.
2. Aftan við liðinn bætist:
06 Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó 4%
g. Við 29. Upphaf liðarins orðist svo:
48.07 22 orðist svo:
22 Pappír og pappi vaxborinn eða plastborinn 30%
h. Við 36. 58.07.02 orðist svo:
02 Garn og kaðlar þess konar úr syntetiskum trefjum, sem vegur 0.5 g metrinn eða meira, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 4%
i. Við 36. Nýr liður:
58.10 00 Í stað „100%“ komi 80%
j. Við 46. Orðið „venjulegir“ í 64.02.02 falli niður.
k. Við 62. Síðari liðurinn, nýtt númer, 02, falli niður.
l. Við 75. Í stað „35%“ kemur 50%
m. Við 88. Nýr liður:
95.08 00 orðist svo:
95.08 **Mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, steríni, kolvetnisgúmmíi úr jurtaríkinu, náttúrlegum harpixum (t. d. kópal eða kólófóníum) eða mótunardeigi, svo og aðrar mótaðar eða útskornar vörur, ót. a.; unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín, er telst til nr. 35.03) og vörur úr óhertu gelatíni:**
01 Gelatínbelgir utan um lyf 15%
09 Annað 100%

2. Við 2. gr.
a. Við 3. tölulið. Í stað orðanna „að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis“ komi: að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.
b. Við 4. tölulið.
1. Í stað orðsins „tveir“ komi: þrír.
2. Aftan við liðinn bætist:
37. Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, sem flutt eru til landsins af Blindravinafélaginu og Blindrafélaginu til að koma á fót kennslubókasafni.

Ed. 488. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til skipulagslaga.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „ganga frá skipulagsuppdráttum“ í upphafi 3. málsgr. komi: dæma um skipulagsuppdrætti.
2. Við 2. gr. Á eftir 1. málsl. greinarinnar komi nýr málsliður, svofelldur: Skipulagsstjóri skal vera sérmenntaður í skipulagsmálum.
3. Ný grein, 3. gr., komi á eftir 2. gr., og breytist töluröð síðari greina í samræmi við það. Nýja greinin orðist svo:
Heimilt er sveitarstjórn að annast skipulagsmál sveitarfélagsins undir umsjón skipulagsstjórnar. Skipulagsnefnd sveitarfélags hefur það hlutverk að vera

ráðgefandi um skipulagsmál sveitarfélagsins, annast undirbúning og gerð skipulagsuppdrátta og fylgjast með störfum byggingarnefndar.

Ákvarðanir sveitarstjórnar í skipulagsmálum skulu sendar skipulagsstjórn ríkisins til staðfestingar.

4. Við 5. gr. Síðari málsgrein falli niður.
5. Við 33. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að standa straum af kostnaði, er leiðir af framkvæmd skipulagsmála samkvæmt lögum þessum, skal í reglugerð ákveðin innheimta sérstaks gjalds, skipulagsgjalds, sem nema má allt að 3‰ af brunabótaverði hverrar nýbyggingar, sem reist verður á skipulagsskyldum stað, og fellur það í gjalddaga, þegar brunabótavirðing hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með lögtaki.

6. Við 34. gr. Greinin orðist þannig:

Skipulagsgjöld skulu renna í sérstakan sjóð, sem skipulagsstjórn ríkisins, að fengnum tillögum stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga, ráðstafar til skipulagsstarfsins.

7. Við 35. gr. Greinin orðist svo:

Ef kostnaður vegna undirbúnings og gerðar skipulagsuppdrátta í sveitarfélagi (sveitarfélögum) fer fram úr upphæð skipulagsgjalda þar, skal það, sem umfram er, greitt að jöfnu úr ríkissjóði og sveitarsjóði (sveitarsjóðum).

Nú annast sveitarstjórn fyrir eigin reikning undirbúning og gerð skipulagsuppdrátta undir umsjón skipulagsstjórnar, og skal þá greiða kostnaðinn með skipulagsgjöldum sveitarfélagsins, á meðan þau hrökkva til, en að jöfnu úr ríkissjóði og sveitarsjóði það, sem umfram skipulagsgjöldin kann að vera.

Ef ágreiningur verður um greiðslu kostnaðar samkvæmt þessari grein, sker ráðherra úr.

Ed. 489. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum og átt viðræður við þá embættismenn, sem undirbúið hafa málið. Er nefndin sammála um að bera fram nokkrar breytingartillögur, og eru þær brtt. á sérstöku þskj., en auk þess viljum við, fulltrúar framsóknarmanna í fjárhagsnefnd, gera á frv. talsverðar breytingar, aðallega í þá átt að lækka tolla á vélum og tækjum til atvinnuveganna og á heimilistækjum.

Í tollskrá þeirri, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, var fólgin gagnger formbreyting, en engar verulegar breytingar á heildarfjárhæð tolla að öðru leyti en því, að bráðabirgðasöluskattur í innflutningi var felldur inn í hinn nýja verðtoll og þannig gerður varanlegur. Tollar voru jafnaðir, þannig að þeir hæstu voru lækkaðir og ýmsir lægri tollar hækkaðir á móti. Nýja tollskráin hafði þannig síður en svo áhrif í þá átt að draga úr heildartollheimtunni, sem hefur farið ört hækkandi í tíð núverandi ríkisstjórnar, eins og sjá má af því, að aðflutningsgjöld hafa verið áætluð í þeim fjárlögum, sem sett hafa verið á þessu tímabili, sem hér segir:

Í fjárlögum fyrir	1960	677	millj. kr.
— — —	1961	814	— —
— — —	1962	914	— —
— — —	1963	1190	— —
— — —	1964	1337	— —

Við þetta bætist svo söluskatturinn alræmdi, en á þessu ári er áætlað, að hann nemi 623 millj. kr. (þar af 552 millj. til ríkissjóðs), og fjölmargir aðrir skattar og gjöld. Er heildarskattheimta ríkissjóðs nú orðin yfir 3000 millj. kr. á ári, og eiga þessar gífurlegu álögur drjúgan þátt í því dýrtíðarflóði, sem er að setja allt efnahagslíf þjóðarinnar úr skorðum.

Háar tollagreiðslur af vélum og tækjum útflutningsatvinnuveganna rýra stórlega samkeppnisgetu þeirra, enda munum við Íslendingar vera einir um það meðal þjóða að leggja slíkar byrðar á útflutningsframleiðsluna. Einstöku sinnum bregður þó fyrir eins og óvart skilningi á þessu vandamáli. Þannig er t. d. gert ráð fyrir að heimila ríkisstjórninni að semja um að gefa eftir tolla af vélum til kísilgúrverksmiðjunnar, en í grg. með frumvarpi um hana segir m. a.:

„Athugun hefur leitt í ljós, að miðað við núgildandi reglur mundu aðflutningsgjöld af innfluttum vörum til byggingar kísilgúrverksmiðju að líkindum hækka heildarbyggingarkostnað verksmiðjunnar um 20% og t. d. nema nál. 41% af fobverði véla, en nál. 11% af heildarverði bygginga og um 26% af heildarverði flutningatækja og námavinnslutækja. Þótt tölur þessar séu áætlunartölur, má telja fullvíst, að þær séu ekki fjarri sanni. Slík tollun vara til stofnsetningar iðjuvera til útflutningsiðnaðar mun naumast nokkurs staðar þekkjast utan Íslands og getur því ráðið úrslitum um samkeppnishæfni iðjuvers, sem reist er hér á landi til framleiðslu á vörum til útflutnings."

Tímabært er að gera sér ljóst, að þessi sjónarmið eiga auðvitað víðar við en í sambandi við kísilgúrframleiðslu.

Sams konar áhrif hefur óhófleg tollheimta af byggingarefni og öðrum nauðsynjum til heimilisstofnunar. Hátt verðlag á þessu spennir upp almennan framfærslukostnað og á þátt í hinni óheillavænlegu dýrtíðarþróun.

Þetta tollskrárfrv. felur ekki í sér neinar stefnubreytingar í sambandi við það, sem hér hefur verið talið, og raunar engar þær breytingar á tollalöggjöfinni, sem verulegu máli skipta fyrir verðlag í landinu. Í frv. eru fyrst og fremst fólgnar lagfæringar á þeim ágöllum, sem komið hafa í ljós við framkvæmd nýju tollskrárinnar, og auk þess samræming á ýmsu ósamræmi í tollskránni. Þessar samræmingar eru flestar til lækkunar, en einnig sumar til hækkunar, og hvorugt skiptir máli, hvorki fyrir ríkissjóð né neytendur, því að breytingarnar eru smávægilegar og ná til mjög takmarkaðra vöruflokka.

Hér er því fyrst og fremst um að ræða tæknilegar leiðréttingar, en enga stefnubreytingu í þá átt að minnka álögurnar né ráða bót á þeim alvarlegu ágöllum, sem eru á tollastefnunni og hér hefur að nokkru verið á bent.

Á þessu þykir okkur nauðsynlegt að leitast við að ráða nokkra bót með því að flytja allmargar breytingartillögur á sérstöku þskj. Þessar brtt. eru aðallega tvenns konar. Annars vegar leggjum við til, að vélar og tæki til framleiðsluatvinnuveganna lækki almennt í 4% toll, en nú eru þessar vörur yfirleitt í 35% tolli. Hins vegar leggjum við til, að rafknúin heimilistæki, sem nú eru í 80% tolli, lækki í 50% toll, en það er sama breyting og frv. gerir ráð fyrir að því er lýtur að varahlutum í þessi tæki. Virðist eðlilegt, að tækin sjálf og varahlutir til þeirra séu í sama tollflokki, en þessi tæki verður nú orðið að líta á sem nauðsynjavöru hvers heimilis.

Fátt hefur meiri áhrif á almennan framfærslukostnað í landinu en hár húsnæðiskostnaður. Í því skyni að draga úr þeim áhrifum, sem tollheimtan hefur til hækkunar byggingarkostnaði, leggjum við til, að ríkissjóður endurgreiði húsbyggjendum aðflutningsgjöld, sem nema 110 kr. pr. rúmmetra í allt að 360 m^3 íbúð. Gert er ráð fyrir, að þetta nemi að meðaltali á íbúð um 35 000 kr. og sé nál. þrír fjórðu hlutar tollgreiðslna af efni til íbúðarinnar.

Á þskj. 316 flytur Daníel Ágústínusson brtt., sem lúta að því að heimila fjármálaráðuneytinu að fella niður tolla af hljóðfærum til notkunar í skólum og af kvikmyndasýningarvélum fyrir félagsheimili og skóla. Mælum við með samþykkt þeirra.

Ýmsar fleiri breytingar virðist okkur æskilegt að gera á tollskránni í lækkunarátt, þó að við berum ekki fram tillögur um það að sinni, enda eru í þessu sambandi allmörg atriði, sem nefndin á eftir að taka afstöðu til og bíða 3. umr.

Að öðru leyti mælum við með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 22. apríl 1964.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson.

Ed. 490. Breytingartillögur [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (KK og HB).

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir 75. lið komi tveir nýir töluliðir, svo hljóðandi:
      1. 84.06.22 orðist svo:
         22 Dísilhreyflar og hreyflar með þrýstikveikju, 200 hestöfl og stærri 4%
      2. 84.11.01 orðist svo:
         01 Heyblásarar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 4%
   b. 76. liður orðist svo:
      84.15 breytist svo:
         11 Kæli- og frystivélasamstæður 4%
         19 Hlutar til kæli- og frystivélasamstæðna, ót. a. 4%
         20 Kælitæki, einkum til heimilisnota, ekki rafmagnsknúin 50%
         30 Kælitæki, einkum til heimilisnota, rafmagnsknúin 50%
   c. Á eftir 76. lið komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
      Eftirtalin númer í 84.17 breytist svo:
         11 Eimarar og þéttar til kæli- og frystivéla 4%
         12 Vélar til fiskiðnaðar og hvalvinnslu 4%
         13 Mjólkurvinnsluvélar (þó ekki skilvindur) 4%
   d. 77. liður orðist svo:
      84.18 Hér breytast eftirtalin númer svo:
         11 Mjólkurskilvindur, einkum til heimilisþarfa 4%
         21 Þeytivélar til þurrkunar á þvotti, einkum til heimilisnotkunar 50%
         23 Lýsisskilvindur 4%
   e. 78. liður orðist svo:
      84.19.01 orðist svo:
         01 Uppþvottavélar, einkum til heimilisþarfa 50%
   f. 79. liður orðist svo:
      84.23.04 falli burt, en í staðinn komi tvö ný númer, svo hljóðandi:
         04 Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 4%
         05 Heyblásarar (til að færa til hey), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 4%
   g. Á eftir 79. lið komi nýir liðir, svo hljóðandi:
      1. 84.24 Númerin breytist svo:
         01 Plógar 4%
         02 Herfi 4%
         03 Áburðardreifarar 4%
         09 Aðrar jarðræktarvélar 4%

2. 84.25 Eftirtalin númer breytist svo:
   02 Aðrar sláttuvélar 4%
   03 Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti 4%
   04 Rakstrar- og snúningsvélar 4%
   05 Flokkunarvélar 4%
3. 84.26 orðist svo:
   84.26 Mjólkurbúsvélar og mjaltavélar:
   01 Mjaltavélar 4%
   02 Mjólkurvinnsluvélar 4%
   09 Aðrar 4%
4. 84.36 Í stað „35%“ komi: 4%.
5. 84.37 breytist sem hér segir:
   01 Prjónavélar 4%
   09 Aðrar 4%

h. 80. liður orðist svo:
   84.40 Á númerunum í þessum lið verði eftirfarandi breytingar:
   12 Strokvélar, einkum til heimilisnotkunar 50%
   20 Fataþvottavélar, einkum til heimilisnotkunar 50%

i. 83. liður orðist svo:
   85.06 Á númerunum í þessum lið verði eftirfarandi breytingar:
   01 Ryksugur 50%
   02 Hrærivélar 50%
   03 Aðrar rafknúnar eldhúsvélar 50%
   09 Önnur 50%

j. 84. liður orðist svo:
   85.07 Eftirtalin númer breytist svo:
   02 Rakvélar með innbyggðum rafmagnshreyfli 50%
   09 Aðrar 35%

k. 85. liður orðist svo:
   85.12 Í stað „80%“ í öllum númerum í þessum lið komi: 50%.

l. Á eftir 86. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   87.01 breytist sem hér segir:
   11 Almennar hjóladráttarvélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 4%

2. Við 2. gr. Við 4. lið bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
   37. Að endurgreiða hluta aðflutningsgjalda á byggingarefni í íbúðarhús eftir stærð þeirra. Skal endurgreiðslan nema 110 krónum á hvern rúmmetra íbúðar. Endurgreiðslan nær þó ekki til þess hluta íbúðar, sem er umfram 360 rúmmetra.

Sþ. 491. Þingsályktun [90. mál]

um athugun á sem hagkvæmastri skipan og um aukningu stofnlánasjóða sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 103.

Nd. 492. Lög [165. mál]

um ferðamál.

(Afgreidd frá Nd. 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 443 (sbr. 301).

Nd. 493. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og átt viðræður við dr. Sigurð Sigurðsson landlækni og Elías Elíasson deildarstjóra. Enn fremur átti nefndin viðræður við Björgvin Sæmundsson bæjarstjóra, formann Landssambands sjúkrahúsa, en þessir menn sömdu frumvarp þetta til breytinga á sjúkrahúsalögum.

Nefndin hefur aflað sér ýtarlegra upplýsinga um sjúkrahúsmálin, sérstaklega um rekstur sjúkrahúsa sveitarfélaga.

Í gildandi sjúkrahúsalögum, nr. 93/1953, eru þau ákvæði, að ríkissjóður greiði bæjarfélögum allt að ⅖ kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að ⅔ kostnaðar við að reisa sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, en með þessu frumvarpi er því breytt í ⅗ kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, og þykir það vera eðlilegast og sanngjarnast, að öll almenn sjúkrahús njóti sama byggingarstyrks. Styrkur til að reisa héraðslæknisbústaði verður þó sami og er í núgildandi lögum. Nefndin leggur til í breytingartillögum sínum við frumvarpið, að ráðherra sé heimilt að greiða ⅗ hluta kostnaðar við að reisa bústaði fyrir yfirlækna við sjúkrahús í fámennari byggðarlögum, þegar það er talið óhjákvæmilegt til þess að tryggja nauðsynlega læknisþjónustu. Enn fremur leggur nefndin til, að framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsabygginga nái einnig til helztu skurðstofutækja. Varðandi þessar breytingartillögur var haft samráð við heilbrigðismálaráðherra.

Það er nýmæli í þessu frumvarpi, að ekki er heimilt að hefja framkvæmdir við byggingu sjúkrahúsa eða læknisbústaða, fyrr en Alþingi hefur ákveðið fyrstu fjárveitingu á stofnkostnaðarframlagi og hvernig áframhaldandi framlögum verði háttað. Einnig eru ákvæði um, á hve löngum tíma ríkissjóður skal greiða framlag sitt.

Þá er einnig það nýmæli tekið upp með þessu frumvarpi, að rekstrarstyrkir til sjúkrahúsa verði ákveðnir í reglugerð og miðað við flokkun sjúkrahúsa og legudagafjölda, en í núgildandi lögum er tiltekin ákveðin upphæð. Enn fremur leggur nefndin til í breytingartillögum sínum, að styrkur ríkissjóðs vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sé greiddur hálfsárslega eftir á, og skal síðari greiðsla innt af hendi, þegar sjúkrahús hefur skilað tilskildum ársskýrslum um reksturinn ásamt rekstrarreikningi. Í gildandi lögum er rekstrarstyrkur ríkissjóðs til sjúkrahúsa greiddur árlega eftir á.

Nefndin telur rétt að birta með þessu nefndaráliti yfirlit yfir rekstrarafkomu nokkurra sjúkrahúsa árið 1962.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum við frumvarpið, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 24. apríl 1964.

Guðlaugur Gíslason, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Matthías Bjarnason, frsm.

Ágúst Þorvaldsson. Jón Skaftason.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir rekstrarafkomu nokkurra sjúkrahúsa árið 1962.

Nafn	Legudaga-fjöldi	Kostn. pr. legud.	Halli pr. legud. kr.	Halli pr. legud. %	Halli alls kr.
Borgarspítali, Reykjavík	22121	304.67	111.71	36.66	2 471 249.08
Hvítabandið, Reykjavík	15014	328.69	119.32	36.30	1 791 436.41
Farsóttahús, Reykjavík	10456	279.14	124.59	44.63	1 302 739.47
Sjúkrahús Akraness	14225	277.52	54.05	19.48	768 861.25
Sjúkrahús Patreksf.	5753	232.92	31.96	13.72	183 888.58
Sjúkrahús Ísafirði	12688	266.16	41.39	15.55	525 114.38
Sjúkrahús Sauðárkr.	13144	230.52	37.05	16.07	486 990.87
Sjúkrahús Akureyri	53158	206.64	14.59	7.06	775 660.94
Sjúkrahús Húsavík	6520	240.43	57.38	23.86	374 128.97
Sjúkrahús Neskaupst.	13220	298.90	78.18	26.15	1 033 519.92
Sjúkrahús Selfossi	10708	289.27	90.90	31.42	973 346.96
Sjúkrahús Keflavík	9367	314.37	79.66	25.34	746 156.27
Sólvangur, Hafnarf.	47761	160.69	14.89	9.27	711 298.93
Landsspítalinn	58862	466.47	306.55	65.72	18 044 146.10

Nd. 494. Breytingartillögur [110. mál]

við frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein, er orðist þannig:
   Heimilt er ráðherra að greiða ⅗ hluta kostnaðar við að reisa yfirlæknisbústaði við sjúkrahús í fámennari byggðarlögum, ef það er óhjákvæmilegt til þess að tryggja nauðsynlega læknisþjónustu.
   b. 2. málsgr. (verður 3. málsgr.) orðist þannig:
   Þegar framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsa er ákveðið, skal það miðað við eðlilegan kostnað af að reisa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja aðalröntgentæki, helztu skurðstofutæki, meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, aðalþvottavélar í þvottahúsi, þegar um er að ræða sjúkrahús, sem rúmar fleiri en 20 sjúklinga, enda sé búnaður allur við hæfi sjúkrahússins.
2. Við 4. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Úr ríkissjóði greiðist sérstakur styrkur vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga. Styrkurinn skal greiddur hálfsárslega eftir á, og skal síðari greiðsla innt af hendi, þegar sjúkrahús hefur skilað tilskildum ársskýrslum um reksturinn ásamt rekstrarreikningi, sem gerður skal úr garði samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar.

Ed. 495. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í upphafi ferils síns boðaði núverandi ríkisstjórn nýja stefnu í skattamálum. Óbeinir neyzluskattar skyldu í vaxandi mæli koma í stað beinna skatta. Í stað stórfelldrar hækkunar á óbeinum sköttum lofaði ríkisstjórnin að lækka tekjuskatt og afnema hann með öllu á þurftartekjum.

Hækkun óbeinu skattanna lét ekki standa á sér, og það gerðu breytingar á tekjuskattslöggjöfinni raunar ekki heldur, því að í apríl 1960 voru samþykkt lög nr. 18 1960, um breytingar á lögunum um tekju- og eignarskatt, og var þá lögleiddur sá persónufrádráttur, sem enn er í gildi: 50 000 kr. fyrir einstakling, 70 000 kr. fyrir hjón og 10 000 kr. fyrir hvert barn innan 16 ára. Lög þessi tóku gildi svo snemma á árinu 1960, að þeim var beitt við álagningu á tekjur ársins 1959, en það ár voru meðaltekjur verka-, sjó- og iðnaðarmanna samkv. úrtaki hagstofunnar 74 900 kr. Framfærsluvísitalan var, þegar lögin voru sett, 104, en vísitala vöru og þjónustu var 106.

Með lögum nr. 18 frá apríl 1960 ákvað Alþingi einnig skattstigann fyrir persónulegan tekjuskatt, og síðan hefur Alþingi ekki endurskoðað álagningarreglurnar. En óðaverðbólgan hefur gerbreytt öllum þessum reglum, sem Alþingi setti, og afskræmt þær. Um leið og krónurnar rýrna, fjölgar þeim, og hafi þurftartekjur fyrir 4—5 árum verið lítið hærri en persónufrádrátturinn, þá eru þurftartekjur nú í allháu þrepi skattstigans. Þannig hefur óðaverðbólgan skapað ástand í skattamálum, sem er ekki í samræmi við vilja Alþingis, eins og hann kom síðast fram í apríl 1960.

Þegar ákvæði þessa frv. eru metin, verða þau því ekki borin saman við það ástand, sem nú ríkir og óðaverðbólgan hefur skapað, heldur við það, sem Alþingi ákvað, þegar núgildandi lög voru sett.

Árið 1962 voru meðaltekjur samkv. úrtakinu 103 600 kr., og með tilliti til þeirra launahækkana og aflabragða, sem urðu á s. l. ári, eru þær sjálfsagt varlega áætlaðar 115 000 kr. árið 1963 og hafa því hækkað um 53.4%, síðan núv. persónufrádrætti var fyrst beitt. Vísitala framfærslukostnaðar er nú 161 og hefur hækkað um 54.8%, síðan persónufrádrátturinn var ákveðinn með lögum, og vísitala vöru og þjónustu er nú 184 og hefur hækkað um 73.6%.

Tilgangur þessa frv. er sagður vera fyrst og fremst sá að leiðrétta persónufrádráttinn í samræmi við breytt verðgildi peninga. Væri það ætlunin, er ljóst af því, sem að framan er sagt, að hann hefði átt að hækka um a. m. k. 55%, ef ekki 74%, eftir því, hvora vísitöluna menn vilja miða við. En frv. gerir ráð fyrir að hækka hann um 30%, og yrði hann því nú allmiklu lægri í hlutfalli við tekjur og verðlag en seinast þegar hann var ákveðinn. Í þessu er því raunverulega fólgin veruleg aukning beinu skattanna umfram það, sem Alþingi gerði ráð fyrir seinast, þegar það setti reglur um þetta efni.

En það er meira í þessu frv. en þetta. Samkv. 5. gr. þess er skattabyrðin þyngd enn meir, einkum á hinum betri miðlungstekjum. Í þeirri grein er gert ráð fyrir að lögleiða nýjan skattstiga. Þessi nýi skattstigi er þannig, að öll stighækkun skattaprósentunnar er tekin út á fyrstu 50 000 krónum skattskyldra tekna í stað 90 000 króna áður, þannig að samkv. þessu hafa menn náð hámarkstekjuskattsprósentu með skattskyldar tekjur yfir 50 000 kr. í stað 90 000 kr. áður.

Þetta kemur harðast niður á þeim, sem hafa miðlungstekjur, þ. e. fremur lágar skattskyldar tekjur, en er framhald þeirrar stefnu, sem komið hefur fram við fyrri skattabreytingar núv. ríkisstjórnar, að hlífa þeim tekjuhæstu.

Eftirfarandi tafla sýnir áhrif nýja skattstigans, ef að lögum yrði:

Hækkun tekjuskatts miðað við skattskyldar tekjur samkv. frumvarpinu.

Skattskyldar tekjur:	Tekjuskattur skv. gild. lögum	Tekjusk. skv. frv.	Hækkun %
10 000 kr.	500 kr.	1 000 kr.	100%
30 000 —	2 500 —	3 000 —	20%
50 000 —	5 500 —	7 000 —	27%
70 000 —	9 500 —	13 000 —	37%
90 000 —	14 500 —	19 000 —	31%
110 000 —	20 500 —	25 000 —	22%
130 000 —	26 500 —	31 000 —	17%
150 000 —	32 500 —	37 000 —	14%
200 000 —	47 500 —	52 000 —	9%
250 000 —	62 500 —	67 000 —	7%

Í þessu er fólgin mjög veruleg breyting í rangláta átt, alveg sérstaklega þegar á það er litið, að launamismunur í landinu hefur aukizt á undanförnum árum og er því sízt ástæða til að ívilna þeim tekjuhæstu sérstaklega nú. Á þessa breytingu verður því ekki með neinu móti fallizt, og berum við því fram breytingartillögu um, að 5. gr. falli niður, svo að núgildandi skattstigi haldi gildi sínu. Vonum við, að hv. þm. geti fallizt á þetta sem algert sanngirnismál.

Þó að þessi breytingartillaga yrði samþykkt, er samt um að ræða aukningu beinu skattanna miðað við þann grundvöll, sem lagður var með skattalagasetningunni árið 1960, sökum þess, hvað persónufrádrátturinn hækkar lítið, eins og gerð er grein fyrir hér að framan. Þessi breyting beinu skattanna er vitanlega fráhvarf frá þeirri skattastefnu stjórnarinnar, sem lýst var í upphafi þessa máls, og munum við ekki gera athugasemdir við það í sjálfu sér, en munum í þess stað fylgja því eftir, að þessari aukningu beinu skattanna fylgi a. m. k. tilsvarandi lækkun óbeinu skattanna, og helzt miklu meiri, með tilliti til þess, hvað heildarskattabyrðin er nú orðin þjóðinni óbærilega þung.

Á hinn bóginn er það alveg óviðunandi, að óðadýrtíðin, sem ríkisstjórnin sýnir enga viðleitni til að hafa hemil á, rýri sífellt persónufrádráttinn og raski þannig þeim skattstiga, sem Alþingi hefur ákveðið, eins og gerzt hefur undanfarin ár. Það er ekki heldur hollt að gera dýrtíðina að eins konar tekjulind fyrir ríkissjóð með því að láta gjaldendur sjálfkrafa færast upp í hærri þrep skattstigans, eftir því sem dýrtíðin rýrir þær krónur, sem þeir fá laun sín greidd í. Þess vegna leggjum við til, að raungildi persónufrádráttarins verði betur tryggt með því að tengja hann verðlaginu, leggjum til, að hann breytist í hlutfalli við framfærsluvísitölu.

Þegar ríkisstjórnin boðaði á árunum þá skattstefnu, sem lagði höfuðáherzlu á innheimtu óbeinna skatta, var aðalröksemdin sú, að vegna þess, hvað mikil brögð væru að skattsvikum, kæmu beinu skattarnir óréttlátlega niður. Framsóknarmenn lögðu þá til, að hert væri á eftirliti með skattframtölum. Nú um leið og ríkisstjórnin ætlar að auka beinu skattana á ný, virðist hún einnig komin á þá skoðun, að herða þurfi eftirlitið, og er ekki nema gott um það að segja. Í frv. þessu eru ýmis ákvæði, sem lúta að því að auka þetta eftirlit og viðurlög við brotum. Vald ríkisskattstjóra er aukið og sett upp við embætti hans sérstök rannsóknardeild. Óþarft virðist okkur þó í þessu sambandi að stytta kærufresti svo sem gert er ráð fyrir í 9. og 10. gr. frv. og rýra með því rétt þeirra, sem að ósekju kunna að verða fyrir óréttri af hálfu skattayfirvalda.

Við mælum með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem við flytjum tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. apríl 1964.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson.

Ed. 496. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (KK og HB).

1. Við 4. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Verði vísitala framfærslukostnaðar hærri eða lægri en 161 í aprílmánuði það ár, sem skattur er á lagður, breytast frádráttarupphæðir þessarar greinar í réttu hlutfalli við breytingu framfærsluvísitölunnar.
2. Við 5. gr. Greinin falli burt.

Nd. 497. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá Einari Ágústssyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Við 2. efnismálsgrein bætist:
Við útreikning á þeim upphæðum, sem skylt er að afhenda Seðlabankanum inn á bundinn reikning, skal þó aðeins reikna hundraðshluta af þeim innstæðum, sem eru umfram 15 millj. kr. hjá hverri innlánsstofnun.

Ed. 498. Breytingartillaga [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Birni Jónssyni og Gils Guðmundssyni.

Við 11. gr. Á eftir 1. málsgr. komi 2 nýjar málsgr., svo hljóðandi:
Skylt skal þó ríkisskattstjóra að láta árlega fara fram ýtarlega rannsókn á 5% af framtölum þeirra aðila, sem hafa einhverja tegund rekstrar með höndum og bókhaldsskyldir eru, og á 2% af öðrum framtölum. Skulu þessi framtöl valin með útdrætti eftir reglum, sem Hagstofa Íslands setur, og skal hún hafa útdráttinn með höndum.
Framtöl þeirra aðila, sem þannig eru valin með útdrætti, skulu athuguð gaumgæfilega, bókhald þeirra rannsakað og upplýsinga leitað um allt, sem gefið getur vitneskju um sannleiksgildi framtalanna fyrir viðkomandi ár og framtala næstu 5 ár á undan, ef þurfa þykir.

Ed. 499. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og m. a. rætt við annan höfund þess, Tómas Helgason prófessor. Enn fremur hefur nefndin kynnt sér sérstaklega, á hvern hátt það hefur borið að í reynd, þegar drykkjusjúkir menn hafa verið settir á hæli. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingartillögum við 1., 11. og 12. grein þess, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Karl Kristjánsson var fjarverandi, er nál. var undirritað.

Alþingi, 27. apríl 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Einar Guðfinnsson.

Ásgeir Bjarnason.

Ed. 500. Breytingartillögur [14. mál]

við frv. til laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. 1. málsgr. hljóði svo:
   Þegar lögreglan tekur mann höndum sakir ölvunar, skal hún tilkynna nánustu vandamönnum hans aðgerðir sínar, ef um mann undir 21 árs aldri er að ræða. Sé maður handtekinn vegna ölvunar tvisvar sinnum eða oftar með skömmu millibili, skal lögreglan tilkynna nafn hans til áfengisvarnaráðunauts eða áfengisvarnanefndar, sem heldur spjaldskrá í þessu skyni.
2. Við 11. gr. Greinin hljóði svo:
   Til hælisvistar skv. 9. og 10. gr. verða teknir:
   1. Þeir, sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar vistar í allt að sex mánuði. Umsóknin skal undirrituð af umsækjanda í viðurvist tveggja vitundarvotta, sem staðfesta, að undirskriftin sé gerð af fúsum og frjálsum vilja og að umsækjandi hafi verið vel fær um að gera sér grein fyrir þeirri skuldbindingu, er í umsókninni fólst.
   2. Þeir, sem sviptir eru sjálfræði vegna drykkjusýki.
   3. Þeir, sem undirgangast fyrir sakadómi að sæta hælisvist allt að sex mánuði.
   4. Þeir, sem dæmdir eru til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940.

   Tekið skal fram í umsókn, sbr. tl. 1, og yfirlýsingu fyrir dómi, sbr. tl. 3, að umsækjandi gangist undir að virða í einu og öllu þær reglur, sem um hælisvist eru settar.
3. Við 12. gr. Greinin hljóði svo:
   Sá, sem fengið hefur hælisvist skv. 1.—3. tl. 11. gr., skal dvelja á hælinu svo lengi sem læknir þess ákveður. Þó skal sjúklingur, er hlotið hefur hælisvist skv. 1. eða 3. tl. 11. gr., aldrei dveljast lengur á hæli en hann hefur skuldbundið sig til með umsókn, þ. e. í mesta lagi sex mánuði, nema samþykki hans komi til að nýju.

   Sá, sem dæmdur hefur verið til hælisvistar skv. 4. tl. 11. gr., skal hlíta vistinni svo lengi sem segir í 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940.

Nú fer sá, sem fengið hefur hælisvist skv. ákvæðum þessara laga, heimildalaust af hæli, þar sem hann dvelst, og er þá heimilt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, í vistina á ný og til að hlíta henni, unz lokið er þeim tíma, sem segir í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar.

Ed. 501. Breytingartillaga [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá Birni Jónssyni og Alfreð Gíslasyni.

1. Í stað „150“ í 3. lið 2. gr. komi: 250.
2. Við 3. lið 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Eftirgefin aðflutningsgjöld skulu afskrifast á 6 árum, og skulu þeir, sem eftirgjafar hafa notið, koma til greina með nýja eftirgjöf að þeim tíma liðnum.

Ed. 502. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 27. apríl 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Helgi Bergs.	Magnús Jónsson.

Ed. 503. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hluti n., KK og ÁB, mun skila séráliti, en meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr., frsm.	Einar Guðfinnsson.

Sþ. 504. Nefndarálit [177. mál]

um till. til þál. um endurskoðun á reglum um unglingafræðslu utan kaupstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Að lokinni athugun og með tilvísun til umsagnar fræðslumálastjóra, sem prentuð er með nál. sem fylgiskjal, leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 27. apríl 1964.

Jón Þorsteinsson, form. Matthías Bjarnason, fundaskr. Gísli Guðmundsson, frsm.
Sverrir Júlíusson. Pétur Sigurðsson. Einar Ágústsson. Ragnar Arnalds.

Fylgiskjal.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 8. apríl 1964.

Vegna bréfs allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 30. marz s. l., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á reglum um unglingafræðslu utan kaupstaða, skal eftirfarandi tekið fram:

Um nokkurra ára skeið hefur verið tvö hundruð þúsund króna fjárveiting til unglingafræðslu í þeim skólahverfum, þar sem fræðsluskyldu lýkur við 14 ára aldur. Venjulega hafa verið starfandi 10—12 unglingaskólar, sem hafa hlotið styrk þennan. Meiri hluti skólanna hefur starfað í beinu sambandi við barnaskóla viðkomandi staða, en nokkrir hafa verið einkaskólar, svo sem skólar, sem fáeinir prestar hafa haft á heimilum sínum.

Aðsókn að héraðsskólum landsins hefur verið mjög mikil á síðustu árum, og hafa þeir orðið að synja mörgum nemendum um skólavist. Augljóst er því, að mikil þörf er á að bæta aðstöðu til unglingafræðslu í ýmsum byggðarlögum landsins.

Í greinargerð fyrir þingsályktunartillögunni koma fram helztu atriði, sem taka þarf til athugunar í þessu sambandi, og sé ég því ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Ég mæli með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Helgi Elíasson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Ed. 505. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að frv. verði samþykkt með einni breytingu, er fjhn. sem heild flytur till. um á sérstöku þskj., en tveir nm. KK og HB, áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt. og skila séráliti.

Alþingi, 27. apríl 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Ed. **506. Frumvarp til laga** [148. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. apríl.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1.	15.12	orðist svo:		
	15.12	**Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu, hert, einnig hreinsuð, en ekki frekar unnin:**		
		01	Sojabaunaolía	10%
		02	Baðmullarfræsolía	10%
		03	Aðrar olíur úr jurtaríkinu	30%
		09	Olíur úr dýraríkinu	35%
2.	19.02	00 orðist svo:		
	19.02	**Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:**		
		01	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%
		09	Aðrar	80%
3.	19.07	00 Í stað „125%“ komi		80%
4.	19.08	00 Í stað „125%“ komi		80%
5.	21.07	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		03	Neyðarmatvæli, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	20%
		04	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%
6.	25.01	orðist svo:		
	25.01	**Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt), hreint natríumklóríd, saltupplausnir og sjór:**		
		01	Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt) í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	5%
		02	Fóðursalt	0
		09	Annað 1000 kg	1 kr.
7.	27.10	Nr. 70 falli niður. Í þess stað komi þrjú númer, svo hljóðandi:		
		Aðrar:		
		71	Íburðarefni í veiðarfæri	2%
		72	Ryðvarnarefni og ryðolía	35%
		79	Annars	15%
8.	30.03	00 orðist svo:		
	30.03	**Lyf, einnig til dýralækninga:**		
		01	Sælgæti (medicated sweets)	125%
		09	Annað	15%
9.	32.09	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Prentþynnur	40%
10.	34.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		04	Slípimassi	35%
11.	35.03	00 orðist svo:		
	35.03	**Gelatín (þar með talið gelatín í ferhyrndum plötum, einnig þótt þær séu litaðar eða unnar á yfirborðinu) og gelatín-**		

			derivatar; lím unnið úr beinum, húðum, sinum eða öðru þess háttar, fiskilím; matarlím:	
		01	Lím annað en matarlím	50%
		09	Annað	100%
12.	36.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Kveikipappír í mótora	35%
13.	38.13	00 orðist svo:		
	38.13		**Bæs fyrir málma; bræðsluefni og önnur hjálparefni til notkunar við lóðun málma og logsuðu, lóð- og logsuðuduft ásamt lóð- og logsuðupasta úr málmi og öðrum efnum; efni til að þekja eða fylla logsuðu- eða rafsuðuþráð:**	
		01	Lóðningar- og logsuðuefni	20%
		09	Annað	35%
14.	38.19	Hér komi inn fjögur ný númer, svo hljóðandi:		
		14	Kol til kolburstagerðar	30%
		15	Prófefni (reagenser)	35%
		16	Hvatar til iðnaðarframleiðslu	35%
		17	Naftanöt	35%
15.	39.01	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		07	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		09	**orðist svo:**	
		09	Annað	40%
16.	39.02	orðist svo:		
	39.02		**Efni orðin til fyrir pólymerisation og kópólymerisation (t. d. pólyetylen, pólytetrahalógenetylen, pólyísóbúten, pólystyren, pólyvínylklóríd, pólyvínylacetat, pólyvínylklóridacetat og aðrir pólyvínylderivatar, pólyacrylsýru- og pólymetacrylsýruderivatar, kúmarónindenharpix):**	
		81	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
		82	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
		83	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir	35%
		84	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	30%
		85	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
		86	Límbönd	35%
		87	Gólfdúkur og gólfflísar	35%
		88	Plötur til myndamótagerðar	15%
		91	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		99	Annað	40%
17.	39.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		27	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		29	**orðist svo:**	
		29	Annars	40%
18	39.04	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		03	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		09	orðist svo:	
		09	Annað	40%

19.	39.05		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		04	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		09	orðist svo:	
		09	Annað	40%
20.	39.06	09	orðist svo:	
		09	Annað	40%
21.	39.07		orðist svo:	
	39.07		**Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01—39.06:**	
		31	Netjakúlur og netjakúlupokar, nótaflotholt	2%
		32	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar	4%
		33	Lóðabelgir	4%
		34	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
		35	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		36	Mjólkurbrúsar 10 lítra og stærri	10%
		37	Pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélaþéttingar	35%
		38	Boltar, rær, undirlög (skinnur) o. þ. h.	50%
		39	Vatnsfergingarútbúnaður	35%
		41	Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
		43	Pokar til vélþökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
		45	Lampar, lampaskermar og lýsingatæki	90%
		46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0.01 m^3 og stærri	50%
		48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar, ót. a.	60%
		51	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
		52	Verkfæri, ót. a.	35%
		53	Pokar, ót. a.	50%
		54	Hreinlætistæki	80%
		55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fataframleiðslu o. þ. h.	90%
		56	Fatnaður	90%
		58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra	100%
		61	Tunnur	35%
		62	Gluggar, gluggakarmar og hurðir	50%
		63	Veggplötur, formsteyptar	40%
		64	Úraglös	50%
		65	Rúður	50%
		66	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%
		89	Aðrar vörur úr plasti	100%
22.	40.08	02	orðist svo:	
		02	Annað svampgúmmí, þó ekki bönd, stengur og þræðir	50%
23.	40.09	00	orðist svo:	
	40.09	**00**	**Pípur og slöngur úr toggúmmíi**	35%
24.	40.11	01	orðist svo:	
		01	Hjólbarðar á bifreiðar og bifhjól, nýir	40%
			Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		02	Hjólbarðar hvers konar, notaðir	35%
25.	40.13		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		03	Röntgenklæðnaður með blýinnleggi	35%
26.	40.14	03	orðist svo:	
		03	Hringir í niðursuðudósir	35%

Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

	05	Aðrar vörur til tækninota	35%
	06	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%

27. 44.25 orðist svo:

44.25		**Verkfæri, áhöld og hlutar til þeirra úr trjáviði (handföng, sköft og þess háttar), burstatré, sköft og handföng úr trjáviði fyrir bursta og kústa; skósmíðaleistar og blokkir úr tré, fyrir skósmíði:**	
	01	Burstatré	35%
	02	Skósmíðaleistar	35%
	03	Sköft og handföng	35%
	09	Annað	35%

28. 44.28 orðist svo:

44.28		**Aðrar vörur úr trjáviði, ót. a.:**	
	81	Botnvörpuhlerar og bobbingar	2%
	82	Hjólklafar (blakkir)	35%
	83	Merkispjöld	35%
	84	Árar	50%
	85	Stýrishjól	35%
	86	Hnakkvirki og aktygjaklafar	70%
	87	Glugga- og dyratjaldastengur	80%
	88	Herðatré	100%
	91	Hefilbekkir	35%
	92	Skápa- og hurðahandföng	70%
	93	Tréteinar (drýlar)	50%
	99	Annars	100%

29. 45.04 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	05	Korkur í flöskuhettur	50%

30. 46.03 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	02	Töskuhöldur úr fléttiefnum	70%

31. 48.07 22 orðist svo:

	22	Pappír og pappi vaxborinn eða plastborinn	30%
		Í stað „límbönd“ í nr. 25 komi: Límborinn pappír	30%
		Hér koma inn þrjú ný númer, svo hljóðandi:	
	26	Veggfóður	35%
	27	Einangrunarplötur	40%
	28	Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun	4%

32. 48.15 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	06	Hólkar (umbúðir úr pappír)	35%

33. 48.16 Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

	06	Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	4%
	07	Pappírspokar, margfaldir, utan um fiskafurðir til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	2%

34. 48.21 Í stað „lampaskermar“ í 03 komi: Lampar og lampaskermar 90%

Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

	05	Pappír í dýptarmæla	4%
	06	Umbúðakassar og öskjur úr pappírsmassa eða sellulósavatti	50%

35. 56.01 orðist svo:

56.01		**Stuttar tilbúnar trefjar, hvorki kembdar, greiddar né að öðru leyti undirbúnar undir spuna:**	

			Úr syntetiskum trefjum:	
		11	Til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
		19	Annað	20%
		20	*Úr uppkembdum trefjum*	20%
36.	57.04	orðist svo:		
	57.04		**Önnur spunaefni úr jurtaríkinu, óunnin eða tilreidd, þó ekki spunnin; ruddi og úrgangur úr þessum spunaefnum (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar):**	
		10	*Trefjar úr sisalhampi og öðrum agavategundum og ruddi og úrgangur úr þeim*	0
			Annað:	
		21	Húsgagnatróð í plötum	35%
		29	Annars	0
37.	58.05	00 orðist svo:		
	58.05		**Ofin bönd og bönd búin til úr samanlímdu samhliða garni eða trefjum (þó ekki vörur, er teljast til nr. 58.06):**	
		01	Borðar til umbúða	35%
		09	Annað	65%
38.	58.07	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		02	Garn og kaðlar þess konar úr syntetiskum trefjum, sem vegur 0.5 g metrinn eða meira, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
		03	Netateinar með sökkum eða flotholtum	20%
39.	58.10	00 Í stað „100%“ komi		80%
40.	59.04	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Garn úr syntetiskum trefjum, sem vegur yfir 1 gr. metrinn, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
41.	59.09	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Einangrunarbönd	35%
42.	59.15	09 orðist svo:		
		09	Aðrar	35%
43.	60.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Sjúkrasokkar	35%
44.	60.05	00 orðist svo:		
	60.05		**Ytri fatnaður og aðrar vörur prjónaðar eða heklaðar, ekki teygjanlegar eða gúmmíbornar:**	
		01	Kjötpokar	2%
		09	Annað	90%
45.	60.06	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Hanzkar	90%
46.	61.08	00 Í stað orðsins „blússur“ komi: brjóst.		
47.	62.05	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		02	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		03	Öryggisbelti	35%
48.	64.01	orðist svo:		
	64.01		**Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmíi eða plasti:**	
		01	Vaðstígvél með lágum hæl (ekki ætluð utan yfir aðra skó), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
		02	Skór hliðstæðir þeim, sem falla undir nr. 64.02.01 og 64.02.09	80%
		09	Annar	50%

49. 64.02 orðist svo:

64.02		**Skófatnaður með ytri sóla úr leðri eða leðurlíkisdúk, skófatnaður (þó ekki skófatnaður, sem telst til nr. 64.01) með ytri sóla úr gúmmíi eða plasti:**	
	01	Kvenskór og barnaskór, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	80%
	02	Vinnuskór með yfirhluta úr vefnaði, inniskór venjulegir með yfirhluta úr vefnaði eða flóka, allt með gúmmí- eða plastsóla og mismun á mestu hælþykkt og minnstu botnþykkt undir 1 cm, svo og skóhlífar og kuldaskór með yfirhluta úr vefnaði með gúmmí- eða plastsóla, allt eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
	09	Annar	100%

50. 65.05 00 orðist svo:

65.05	**00**	**Hattar og annar höfuðfatnaður (þar með talin hárnet) úr prjóna- eða heklvoð eða úr laufaborðum, knipplingum, flóka eða öðrum spunaefnum (þó ekki úr samfléttingum, böndum eða ræmum), einnig fóðrað og/eða bryddað**	90%

51. 65.06 09 orðist svo:

	09	Annars	90%

52. 68.04 00 orðist svo:

68.04	**00**	**Kvarnasteinar, hverfisteinar, slípihjól o. þ. h. (þar með talin speldi, hnúðar, skífur og oddar til mölunar, slípunar, fágunar, réttingar og skurðar) úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímt), úr samanlímdum eða tilbúnum slípiefnum og úr leir, einnig með skafti, öxli og öðru þess háttar úr öðrum efnum, en þó ekki sett á grind; sneiðar og aðrir fullunnir hlutar af slíkum steinum og hjólum úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímdum), úr samanlímdum náttúrlegum eða tilbúnum slípiefnum eða úr leir**	35%

53. 68.05 00 orðist svo:

68.05	**00**	**Brýni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h. úr náttúrlegum steintegundum, úr samanlímdum náttúrlegum og tilbúnum slípiefnum eða úr leir**	35%

54. 68.06 00 orðist svo:

68.06	**00**	**Náttúrlegt og tilbúið slípiefni sem duft eða korn, fest á vefnað, pappír, pappa eða annað efni, einnig skorið til, saumað saman og fest saman á annan hátt**	35%

55. 68.12 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	02	Þakplötur báraðar	15%

56. 68.16 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	03	Jurtapottar til gróðursetningar (sem eyðast í jörðu)	35%

57. 69.13 00 orðist svo:

69.13		**Leirstyttur og aðrar vörur til skeytingar, skrauthlutir til persónulegra nota; húsgögn:**	
	01	Lampar og lýsingartæki	90%
	09	Annað	125%

58. 70.14 Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

	02	Glös fyrir olíulampa	35%
	03	Luktagler og endurskinsgler fyrir ökutæki	35%

59.	73.18	Nr. 30 falli niður. Í stað þess komi ný númer, svo hljóðandi:		
		Annað:		
		31	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
		39	Annars	35%
60.	73.38	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		23	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
61.	73.40	45 orðist svo:		
		45	Hjólklafar og hjól í þá, svo og handfæravindur	35%
			Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		48	Jarðstrengsmúffur og tengidósir fyrir raflagnir	35%
62.	74.05	00 orðist svo:		
	74.05		**Koparþynnur, sem eru í mesta lagi 0.15 mm að þykkt (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar:**	
		01	Þynnur í vatnskassaelement	15%
		09	Annað	35%
63.	74.07	00 orðist svo:		
	74.07		**Pípur, pípuefni og holar stengur, úr kopar:**	
		01	Úr fosfór bronze-legumálmi óunnum	15%
		09	Annað	35%
64.	74.19	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
65.	76.04	01 orðist svo:		
		01	Efni í hettur á mjólkurflöskur	20%
66.	76.16	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		06	Einangrunarplötur	40%
		07	Hettur á mjólkurflöskur	20%
67.	78.04	00 orðist svo:		
	78.04		**Blýþynnur, sem vega ekki meira en 1,7 kg/m² (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar; blýduft og blýflögur:**	
		01	Blýduft	15%
		09	Annað	35%
68.	82.01	09 orðist svo:		
		09	Annað	35%
69.	82.02	00 orðist svo:		
	82.02	00	**Handsagir og sagarblöð fyrir handsagir og vélsagir (einnig tannlaus sagarblöð)**	35%
70.	82.03	00 orðist svo:		
	82.03	**00**	**Eftirtalin handverkfæri: Naglbítar, klippitengur, griptengur og aðrar slíkar tengur, einnig til að klippa eða skera; gatjárn og gattengur; pípuskerar; boltaskerar og annað þess háttar, málmklippur; skrúflyklar; þjalir og raspar**	35%
71.	82.04	00 orðist svo:		
	82.04	**00**	**Handverkfæri og handáhöld (þar með talin samsett glerskurðartæki), sem teljast ekki til einhvers annars númers þessa kafla; blásturslampar, steðjar; skrúfstykki og þvingur (þó ekki vélskrúfstykki); færanlegar smiðjur og slípisteinar með umbúnaði (hand- eða fótsnúnir)**	35%

72. 82.05 00 orðist svo:

82.05	**00**	**Skiptiverkfæri í handverkfæri, mekanísk handverkfæri og -smíðavélar (t. d. til að pressa, stansa, bora, snitta, fræsa, skera, snúa, víkka, þrengja og skrúfa), hér með talin mót til að draga málmþráð og pressa heita málma, einnig stjörnur á grjótbora**	**35%**

73. 82.06 orðist svo:

82.06	**00**	**Hnífar og skurðarblöð í vélar og mekanísk tæki**	**35%**

74. 82.07 00 orðist svo:

82.07	**00**	**Plötur, stengur og oddar og aðrir þess konar lausir hlutar í verkfæri, úr hálfbræddum málmkarbídum (t. d. karbíd úr wolfram, molybden og vanadíum)**	**35%**

75. 82.10 00 orðist svo:

82.10	**00**	**Hnífablöð**	**35%**

76. 82.15 00 orðist svo:

82.15	**00**	**Sköft úr ódýrum málmi til vara þeirra, er teljast til nr. 82.09, 82.13 og 82.14**	**35%**

77. 83.05 00 orðist svo:

83.05		**Smávarningur og útbúnaður fyrir lausblaðabindi, bréfabindi, bókhaldsbækur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum; bréfahaldarar, bréfaklemmur, heftiklemmur, merki í spjaldskrár og aðrar svipaðar vörur til notkunar í skrifstofum, úr ódýrum málmum:**	
	01	Stifti í heftivélar	50%
	09	Annað	80%

78. 83.07 Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

	04	Götuljósker, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
	05	Flúrskinslampar	70%

79. 84.15 Nr. 30 falli niður. Í stað þess komi tvö númer, svo hljóðandi:

		Kælitæki, einkum til heimilisnotkunar, rafmagnsknúin:	
	31	Kælitæki	80%
	39	Varahlutir í kælitæki (þó ekki fylgihlutir), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%

80. 84.18 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	24	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þau og tæki, sem falla undir nr. 84.18. 21, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%

81. 84.19 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	03	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í uppþvottavélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%

82. 84.22 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	05	Heyblásarar (til að færa til hey), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%

83. 84.40 Á þessu númeri verði eftirtaldar breytingar:

		Inn komi nýtt númer, svo hljóðandi:	
	14	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 84.40. 12	50%
		20 falli niður. Í stað þess komi ný númer, svo hljóðandi:	
		Fataþvottavélar, einkum til heimilisnotkunar:	
	21	Fataþvottavélar	80%
	29	Varahlutir í þær	50%

84.	85.04	00	orðist svo:	
	85.04		**Rafgeymar:**	
		01	Efni í rafgeyma	30%
		09	Annað	40%
85.	85.05	00	orðist svo:	
	85.05	**00**	**Handverkfæri með innbyggðum rafmagnshreyfli**	**35%**
86.	85.06		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		04	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 85.06	50%
87.	85.07		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		03	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í rafmagnsrakvélar	50%
88.	85.12		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		07	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þær, sem falla undir nr. 85.12	50%
89.	85.15		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		33	Neyðartalstöðvar, viðurkenndar sem slíkar af Skipaskoðun ríkisins	4%
90.	90.16	00	orðist svo:	
	90.16	00	**Tæki til teiknunar, afmörkunar og útreiknings (t. d. pantógrafar, teiknifæri, reglustikur, reiknistokkar, reiknisklfur o. fl.), tæki og áhöld til mælinga, endurmælinga og prófana, enda falli þau ekki undir annað númer þessa kafla (t. d. míkrómeter, rennimál, málbönd, mælistikur og jafnvægistæki (balancing machines)) og prófílprójektörar**	35%
91.	92.03	00	orðist svo:	
	92.03		**Pípu- og tunguorgel, þar með talin harmóníum og önnur svipuð hljóðfæri:**	
		01	Orgel til notkunar í kirkjum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
		09	Önnur	30%
92.	95.08	00	orðist svo:	
	95.08		**Mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, steríni, kolvetnisgúmmíi úr jurtaríkinu, náttúrlegum harpixum (t. d. kópal eða kólófóníum) eða mótunardeigi, svo og aðrar mótaðar eða útskornar vörur, ót. a.; unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín, er telst til nr. 35.03) og vörur úr óhertu gelatíni:**	
		01	Gelatínbelgir utan um lyf	15%
		09	Annað	100%
93.	96.02	03	orðist svo:	
		03	Burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum	35%
94.	97.04	09	orðist svo:	
		09	Önnur	90%
95.	98.02	00	orðist svo:	
	98.02		**Rennilásar og hlutar til þeirra:**	
		01	Málmstykki til framleiðslu á rennilásum	50%
		09	Annað	70%

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 16. liður orðist svo:

Að fella niður gjöld af umbúðum, ef umbúðirnar eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.

2. **18. liður orðist svo:**
   Að lækka gjöld af filmum og ljósnæmum plötum til ljósprentunar og myndamótagerðar til samræmis við gjöld af prentletri.
3. **1. mgr. 27. liðs orðist svo:**
   Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 150 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 70 þús. kr.
4. Á eftir 34. lið komi þrír nýir liðir, svo hljóðandi:
   35. Að endurgreiða gjöld af efni til framleiðslu á pappírspokum, sem telst nr. 48.01.30 og 48.01.52 í tollskrá, sem svari því, að af efni þessu sé greiddur 15% verðtollur.
   Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
   36. Að endurgreiða gjöld af tækjum til vísindarannsókna, sem svari því, að af þeim sé greiddur 35% verðtollur.
   37. Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, sem flutt eru til landsins af Blindravinafélaginu og Blindrafélaginu til að koma á fót kennslubókasafni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 507. Breytingartillaga [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. Orðin „en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna“ í niðurlagi greinarinnar falli niður.

Nd. 508. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin samþykkir að mæla með frv. óbreyttu.

Alþingi, 28. apríl 1964.

Guðlaugur Gíslason, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Ágúst Þorvaldsson.
Jón Skaftason. Matthías Bjarnason.

Nd. 509. Breytingartillögur [200. mál]

við frumvarp til laga um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 1. gr.

a. Aftan við 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar (á eftir orðunum „sem skattur er greiddur") komi: og gildir það einnig um árið 1964.

b. Á eftir 3. mgr. greinarinnar (sem endar á orðunum „færðar hafa verið sönnur á greiðslur fyrrnefndra gjalda") komi ný málsgrein:

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld af bifreiðinni séu greidd til næstu áramóta.

Nd. 510. Frumvarp til laga [200. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. apríl.)

1. gr.

91. gr. laganna orðist þannig:

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í 87. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, þó 15. apríl árið 1964, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu skrásetningarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur, og gildir það einnig um árið 1964. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal sleppt. Lækka skal eða endurgreiða skatt samkvæmt 87. gr., að réttri tiltölu, ef skattskyld bifreið hefur ónýtzt eða skrásetningarmerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði, þannig að meira en hálfur mánuður reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt. Kröfur um endurgreiðslu samkvæmt framansögðu skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

Greiðsluskyldan hvílir á þeim, sem skráður er eigandi bifreiðarinnar í ársbyrjun, svo og þeim, sem síðar á skattárinu kunna að verða eigendur hennar.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni þungaskattur fyrir yfirstandandi skattár, svo og skoðunargjald og vátryggingargjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skrásetningarmerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld af bifreiðinni séu greidd til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöld af henni ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu svo sem að framan segir.

Bifreiðaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og vátryggingargjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu þeir, sem greitt hafa þungaskatt af bifreiðum sínum eða bifhjólum fyrir skattárið 1963, eiga rétt á að fá þann skatt dreginn

frá þungaskatti, sem þeim ber að greiða fyrir skattárið 1964, samkvæmt lögum þessum, eða fá hann endurgreiddan, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 511. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um Ljósmæðraskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 28. apríl 1964.

Guðlaugur Gíslason, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson. frsm.
Jón Skaftason. Matthías Bjarnason.

Sþ. 512. Fyrirspurn [219. mál]

til ríkisstjórnarinnar um frestun verklegra framkvæmda á árinu 1964.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hyggst ríkisstjórnin nota heimild í 6. gr. laga nr. 1 1964 til þess að fresta framkvæmdum, sem fé er veitt til á fjárlögum 1964? Sé svo, þá hvaða framkvæmdum?

Nd. 513. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum.

Iðnaðarmálaráðherra mætti á fundi hjá nefndinni og svaraði allmörgum fyrirspurnum, sem til hans var beint.

Einnig mættu hjá nefndinni Baldur Líndal efnaverkfræðingur og Steingrímur Hermannsson, form. rannsóknaráðs ríkisins. Gáfu þeir nefndinni ýmsar upplýsingar.

Nefndin gengur út frá því, eins og kom fram í ræðu iðnaðarmálaráðherra við 1. umræðu, að sölusamningur við erlent félag, ef til kemur, verði tímabundinn og uppsegjanlegur.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Sveitarfélög á Norðurlandi skulu hafa rétt til að gerast hluthafar í félögunum og að vera meðal fullgildra stofnenda þeirra.

2. Við 6. gr. Aftan við gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Fulltrúar ríkissjóðs í stjórn hlutafélags skv. 1. gr. skulu kosnir á Alþingi.

Tveir nm., GíslG og ÞÞ, áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frv.

Alþingi, 28. apríl 1964.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Sigurður Ágústsson.
Þórarinn Þórarinsson. Gísli Guðmundsson.

Nd. 514. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. apríl.)

1. gr.

3. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:
Ef sjúkrahús er í fleiri en einni deild, skal sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverri deild.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:
Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum þrjá fimmtu hluta kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús og sömu aðilum tvo þriðju hluta kostnaðar við að reisa héraðslæknabústaði samkvæmt lögum þessum.
Heimilt er ráðherra að greiða ⅗ hluta kostnaðar við að reisa yfirlæknisbústaði við sjúkrahús í fámennari byggðarlögum, ef það er óhjákvæmilegt til þess að tryggja nauðsynlega læknisþjónustu.
Þegar framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsa er ákveðið, skal það miðað við eðlilegan kostnað af að reisa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja aðalröntgentæki, helztu skurðstofutæki, meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, aðalþvottavélar í þvottahúsi, þegar um er að ræða sjúkrahús, sem rúmar fleiri en 20 sjúklinga, enda sé búnaður allur við hæfi sjúkrahússins.

3. gr.

Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, sem verður 11. gr. og hljóði svo:
Ríkisframlag til bygginga almennra sjúkrahúsa, sem rekin eru af sveitarfélögum, og héraðslæknisbústaða eru bundin þeim skilyrðum, að allur undirbúningur slíkra bygginga fari fram í samráði við ráðherra þann, er fer með heilbrigðismál, svo og landlækni, og að kostnaðaráætlun og fullnaðaruppdrættir að mannvirkjunum hafi hlotið samþykki þeirra og húsameistara ríkisins.
Alþingi ákveður hverju sinni, til hvaða sjúkrahúsa eða læknisbústaða stofnkostnaðarframlög eru veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi. Nú hefur Alþingi samþykkt slíka fjárveitingu og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu á framlögum sínum til hverrar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 5 ára, frá því að fyrsta framlag var innt af hendi, ef sjúkrahús vistar ekki yfir 20 sjúklinga, sbr. 5. gr., og innan 8 ára, ef sjúkrahús vistar fleiri sjúklinga. Ríkisframlag til héraðslæknisbústaða skal með sama hætti inna af hendi innan 5 ára, frá því að fyrsta framlag var greitt. Ákvæði þau, sem hér

að framan greinir, taka þó aðeins til framkvæmda, sem ákveðnar eru eftir að lög þessi taka gildi.

Ef hafnar eru framkvæmdir, án þess að framangreindum skilyrðum sé fullnægt, er stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

4. gr.

Í stað 11. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 12. gr. og orðast svo:

Úr ríkissjóði greiðist sérstakur styrkur vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga. Styrkurinn skal greiddur hálfsárslega eftir á, og skal síðari greiðsla innt af hendi, þegar sjúkrahús hefur skilað tilskildum ársskýrslum um reksturinn ásamt rekstrarreikningi, sem gerður skal úr garði samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar.

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst 3 deildum, lyflæknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild. Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar læknisþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu. Ráðherra er heimilt að skipta sjúkrahúsum í I., II. og III. flokki í undirflokka, að fengnum tillögum landlæknis. Styrkhæð miðast við flokkun sjúkrahúsa og legudagafjölda og ákvarðast nánar í reglugerð innan marka fjárveitinga í fjárlögum.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almenn daggjöld af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

5. gr.

12. gr. laganna verður 13. gr. og 13. gr. verður 14. gr.

6. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og greiðist rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt þeim í fyrsta skipti fyrir árið 1963, en samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1964, og þannig áfram.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 36 4. apríl 1956, lög nr. 56 5. júní 1957 og lög nr. 31 25. maí 1960, öll um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella 1. til 4. gr. þeirra inn í meginmál sjúkrahúsalaga, nr. 93 31. desember 1953, og breyta númerum á 12. og 13. gr. og gefa þau út að nýju.

Ed. 515. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 452 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

4. gr. orðist svo:

Börn innan 16 ára aldurs, sem eru á framfæri foreldra sinna (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra) eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra

með tekjum foreldra, að undanskildum vöxtum af eignarskattfrjálsum innstæðum, sbr. 2. mgr. 21. gr. Ef hreinar tekjur barns nema meira en 13000 kr., er þó skattstjóra heimilt að ákveða því skatt sem sjálfstæðum skattþegni, enda komi fram tilmæli um það frá foreldrum. Hjá foreldrum skal þó alltaf telja til tekna 13000 kr. af tekjum barnsins, en hjá barninu það, sem umfram er.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

Eignir barna innan 16 ára aldurs teljast með eignum foreldra (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra) að undanskildum eignarskattfrjálsum innstæðum, sbr. 1. mgr. 21. gr. Heimilt er þó skattstjóra að ákveða börnum sérstaklega eignarskatt, ef tilmæli koma fram um það frá foreldrum.

Ed. 516. Breytingartillögur [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 9. Nýr liður:
   34.02 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:
   02 Efnivörur til sútunar og málningagerðar 35%
2. Við 60. Nýr liður:
   73.40 41 orðist svo:
   41 Veiðarfæralásar, sigurnaglar, bobbingar, hleraskór, netjakúlur og sökkur 2%
3. Við 63. Nýr liður:
   74.18 00 orðist svo:
   74.18 **Önnur áhöld til heimilishalds, hreinlætistæki til notkunar innanhúss, og hlutar til þessara tækja og vara úr kopar:**
   01 Hreinlætistæki til innanhússnota og hlutar til þeirra .. 80%
   09 Annað 100%
4. Við 65. Nýr liður:
   76.06 00 orðist svo:
   76.06 **Pípur, pípuefni og holar stengur úr alúmíni:**
   01 Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 15%
   09 Annað 35%
5. Við 89. Liðurinn orðist svo:
   85.15 Nýtt númer:
   33 Neyðartalstöðvar af þeirri gerð, sem notaðar eru í gúmmíbjörgunarbátum, viðurkenndar sem slíkar af Skipaskoðun ríkisins 4%

Nd. 517. Frumvarp til laga [220. mál]

um ávöxtun fjár tryggingafélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Með tryggingafélögum er í lögum þessum átt við þá, sem tryggingastarfsemi reka hér á landi. Lögin taka þó ekki til:

a) almannatrygginga,
b) atvinnuleysistrygginga,
c) lífeyrissjóða, sem stofnaðir eru með lögum eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt,
d) tryggingastarfsemi, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, svo sem sjúkrasjóða stéttarfélaga o. þ. l. Leiki vafi á, hvort tryggingastarfsemi fellur undir ákvæði laga þessara, sker félagsmálaráðherra úr.

2. gr.

Tryggingasjóður líftrygginga skal ávaxtaður á eftirfarandi hátt:

1) Í ríkisskuldabréfum.
2) Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3) Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
4) Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem félagsmálaráðherra tilnefnir.
5) Í fasteign, sem félagið á og hefur aðalskrifstofur sínar í, svo og í íbúðarhúsum. Fasteignir samkvæmt þessum lið skulu aldrei metnar hærra en sem svarar ¾ húsverðs samkvæmt brunabótamati og ¾ fasteignamatsverðs eignarlóðar.
6) Í lánum, tryggðum með veði í tryggingum félagsins, allt að endurkaupsverðmæti þeirra.

Með tryggingasjóði, samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, er átt við samanlagt verðmæti allra gildra trygginga að viðbættum gjaldföllnum tryggingarupphæðum og tilkynntum, en ógreiddum, bónusupphæðum.

3. gr.

Fé tryggingafélaga, annað en lífeyrissjóður líftrygginga samkvæmt 2. gr., skal, að svo miklu leyti sem unnt er, ávaxtað samkvæmt ákvæðum 1.—5. töluliðs 2. gr., og jafnan skulu a. m. k. ¾ samanlagðrar verðbréfa- og víxlaeignar vera ávaxtaðir á þann hátt, sem um ræðir í 1., 2. og 4. tölulið 2. gr., og í skuldabréfum sveitarfélaga.

4. gr.

Árlega skal verja 25% af ráðstöfunarfé tryggingasjóðs líftrygginga til kaupa á íbúðalánabréfum af Húsnæðismálastofnun ríkisins. Enn fremur getur félagsmálaráðherra ákveðið fyrirfram fyrir eitt ár í senn, að 25% af öðrum verðbréfa- og víxlakaupum tryggingafélaga skuli vera með sama hætti.

Með ráðstöfunarfé samkvæmt þessari grein er átt við hreina aukningu að viðbættum afborgunum og útdregnum bréfum.

Kaupverð bréfa þeirra, sem tryggingafélög kaupa samkvæmt 1. málsgrein, skal miðast við hæstu lögleyfða fasteignalánsvexti á þeim tíma, er kaup fara fram. Skuldabréf með vísitölutryggingu afborgana og vaxta skal þó kaupa við nafnverði.

5. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd skuldabréfakaupa samkvæmt 1. málsgr. 4. gr., sem eiga skulu sér stað eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, og hlutast að öðru leyti til um framkvæmd laga þessara.

Verði dráttur á skuldabréfakaupum umfram það, sem heimilt er samkvæmt reglum félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. málsgr., er ráðuneytinu heimilt að beita sektum, allt að 1% af þeirri fjárhæð, sem vantar á tilskilin kaup fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem drátturinn nemur.

6. gr.

Nú gegna fyrirsvarsmenn tryggingafélags eigi skyldum þeim, sem á þá eru lagðar með lögum þessum, og getur félagsmálaráðherra þá lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

7. gr.

Nú eru í lögum ákvæði um ávöxtun fjár einstakra tryggingafélaga, og skulu þau þá halda gildi sínu að því leyti, sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú er fé tryggingafélags við gildistöku laga þessara ekki ávaxtað í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr., og skal þá félagsmálaráðherra veita félaginu frest til að koma þessum málum í lag. Lengd frestsins skal ákveða með hliðsjón af samsetningu verðbréfaeignar við gildistöku laganna, enda skuldbindi félagið sig til að fylgja ákveðinni áætlun í þessu efni.

Félagsmálaráðherra getur fyrir 1. júlí 1964 ákveðið kaup íbúðalánabréfa, sbr. 2. málslið 1. mgr. 4. gr., á síðari árshelmingi 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Almennar athugasemdir.

Allmikill sparnaður á sér stað hér á landi innan vébanda tryggingafélaga, enda þótt verðbólguþróunin undanfarinn aldarfjórðung hafi valdið því, að líftryggingar og lífeyristryggingar hjá tryggingafélögum eru nú aðeins brot af því, sem eðlilegt gæti talizt og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Bæði frá þjóðhagslegu sjónarmiði og sjónarmiði hinna tryggðu, sem átt geta öryggi sitt undir getu tryggingafélaga til að standa við skuldbindingar sínar, skiptir því verulegu máli, hvernig fé félaganna er ávaxtað. Í því sambandi skal á það bent, að á undanförnum árum hafa tryggingafélög haft tilhneigingu til að tengja lánastarfsemi sína að verulegu leyti öflun trygginga á þann hátt, að óheppilegt getur talizt.

Á undanförnum árum hefur verið leitað til tryggingafélaga um kaup skuldabréfa, m. a. vegna hins almenna veðlánakerfis. Hefur árangur orðið minni en til var ætlazt og þátttaka ekki orðið almenn í skuldabréfakaupum þessum. Það er ætlun ríkisstjórnarinnar að afla á næstu árum lánsfjár hjá tryggingafélögum til íbúðalána, og er því með frumvarpinu lagt til, að lögfest verði ákvæði svipuð þeim, sem um lífeyrissjóði gilda samkvæmt reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt. Miðað við núverandi lánastarfsemi tryggingafélaga má áætla að ríkisstjórnin fengi með samþykkt frumvarpsins ráðstöfunarrétt á sem svarar 20 millj. króna lánsfé á ári, þar af ¼ frá tryggingasjóðum líftrygginga. Lenging lánstíma frá því, sem nú tíðkast um lán þessara aðila, gæti þó valdið nokkrum samdrætti á næstu árum.

B. Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þar eð vandkvæði eru á að skilgreina til fulls, hvaða tryggingastarfsemi skuli talin falla undir ákvæði frumvarpsins, er lagt til, að þau taki til þeirra aðila, sem tryggingastarfsemi reka hér á landi, með þeim undantekningum, sem upp eru taldar.

Um 2. gr.

Tryggingasjóður líftrygginga er hliðstæða við fé lífeyrissjóða, og virðist því ástæða til, að svipuð ákvæði gildi um ávöxtun. Ákvæði 1.—4. töluliðs eru samhljóða ákvæðum þeim, sem gilda um lífeyrissjóði þá, sem viðurkenningu fá hjá fjármálaráðuneytinu. Lán tryggð með veði í líftryggingum eru mikilvægur þáttur í starfsemi líftryggingafélaga, og enn fremur virðist eðlilegt að veita tryggingafélögum nokkra möguleika á að eignast fasteignir, sem veita verulega verðtryggingu og gætu haft í för með sér hagsbætur fyrir hina tryggðu.

Um 3. gr.

Ekki þykir fært að gera að öllu leyti jafnstrangar kröfur í sambandi við ávöxtun á fé tryggingafélaga almennt og gerðar eru í 2. gr. um tryggingasjóð líftrygginga. Er því lagt til, að tryggingafélögum séu veittar nokkru frjálsari hendur um ávöxtun samkvæmt þessari grein.

Um 4. gr.

Um ákvæði þessarar greinar skírskotast til þess, sem í almennum athugasemdum segir.

Um 5.—9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 518. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Bjartmari Guðmundssyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein:

Fyrir orðin „þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum s. l. ár“ í 20. gr. laganna komi: þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins.

Sþ. 519. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um heimild til aðildar Íslands að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og er sammála um að leggja til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1964.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.	Emil Jónsson, fundaskr.	Davíð Ólafsson.
Helgi Bergs.	Þórarinn Þórarinsson.	Einar Olgeirsson.
	Jóhann Hafstein.	

Ed. 520. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta er hið þriðja í röðinni um tekjustofna sveitarfélaga, sem flutt er af núverandi ríkisstjórn síðan á árinu 1960. Lög nr. 43 9. júní 1960 voru fyrstu lögin, þar sem fyrir var mælt um fasta útsvarsstiga. Samkvæmt þessum lögum var sérstakur útsvarsstigi fyrir Reykjavík, annar fyrir bæjarfélög og þriðji fyrir önnur sveitarfélög. Þessir misjöfnu útsvarsstigar þóttu ekki heppilegir, og voru þeir afnumdir með núgildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en þau eru nr. 69 frá 28. apríl 1962 og eiga því tveggja ára afmæli í dag. Og nú er þeim lögum óbreyttum ekki ætlaður lengri aldur, þar sem þetta frv. er fram komið.

Í þessu frv. er þó ekki um stefnubreytingu að ræða, þar sem haldið er áfram á þeirri braut, sem mörkuð var 1960. Augljóst er, að útsvarsgreiðendum fækkar, þar sem persónufrádráttur er upp tekinn í stað sérstaks frádráttar frá útsvari. Þetta virðist vera til hagræðis fyrir þá, sem hafa fyrir barnmörgum fjölskyldum að sjá, en hins vegar getur hér orðið um að ræða erfitt viðfangsefni í fámennum sveitarfélögum, þar sem tekjur eru lágar og byrðarnar leggjast á mjög fáa gjaldendur.

Það liggur í augum uppi, að útgjöld sveitarfélaga hljóta að stórhækka á þessu ári miðað við s. l. ár. Þar á sinn ríka þátt hin gífurlega dýrtíðaraukning, sem virðist vera óviðráðanleg hjá núverandi ríkisstjórn. Hækkandi tekjur fólks vega ekki á móti hækkandi dýrtíð. Ekki stafar þetta af slæmu árferði eða aflaleysi, því að undanfarin ár hafa verið mjög hagstæð til lands og sjávar. Örðugleikar almennings stafa að verulegu leyti frá stjórnarfarinu, sem hvorki er í anda gefinna loforða um „bætt lífskjör“ fólksins né í samræmi við getu og þarfir þjóðarinnar. Vömb „Viðreisnarinnar“ er stór og gleypir mikið.

Enda þótt ég sem minni hl. nefndar mæli með samþykkt frv. með breytingum, tel ég eigi að síður, að betur þyrfti að gera í þessum efnum, því að margt er það í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem þarf endurskoðunar við.

Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þarf að efla til muna, svo að hann geti dregið verulega úr því misræmi, sem nú ríkir á milli útsvarsbyrða í einstökum bæjum og sveitarfélögum miðað við ástæður. Það er vitað mál, að þarfir sveitarfélaganna eru mjög misjafnar. Reykjavíkurborg, bæjarfélög og sveitarfélög, sem mynduð eru í þéttbýli, sinna ýmsum málefnum íbúa sinna, sem útilokað er fyrir strjálbýl sveitarfélög að sinna. Þess vegna er það réttlætanlegt, að útsvör séu yfirleitt hærri í þéttbýli, þar sem komið er til móts við almenning með margháttuðum framkvæmdum, sem sjálfsagðar þykja, svo sem vatnsleiðslum, skólpleiðslum, hitaveitum, rafmagni og félagslegri starfsemi ýmiss konar. Sveitarfélögin í strjálbýlinu geta ekki veitt sams konar þjónustu. Þar verður hvert heimili að sjá sér fyrir ýmsu því, sem hin þéttbýlli sveitarfélög hafa aðstöðu til að framkvæma á félagslegum grundvelli. Flest útgjöld sveitarfélaganna eru lögbundin og koma engu síður við þá, sem búa í hinum fámennari sveitarfélögum. Þess vegna þarf að efla jöfnunarsjóð sveitarfélaga, svo að hægt verði að auka framlög hans til fámennra og illa staddra sveitarfélaga. Tekjur hans þurfa því að vaxa, eins og breytingartillögur minni hl. nefndarinnar þess efnis bera með sér.

Það virðist mjög eðlilegt, að allar þær sveitarstjórnir, þar sem skattstjóri hefur ekki búsetu, reikni sjálfar út útsvörin. Þetta er miklu eðlilegra en fela þessi verkefni reiknivélum, sem geta ekki tekið tillit til aðstæðna manna. Fráleit hugsun er það að ætla sér að láta bæjar- og sveitarfélög greiða skattyfirvöldum fé fyrir störf í þágu sveitarfélaganna. Þegar yfir- og undirskattanefndir voru lagðar niður, átti það að áliti fjármálaráðherra að vera sparnaður fyrir ríkissjóð. Hefur sá sparn-

aður orðið í reynd, eða hefur hið nýja fyrirkomulag jafnvel leitt til svo mikils kostnaðar, að nauðsynlegt þyki að velta einhverju af honum yfir á sveitarfélögin?

Allt fram undir 1960 var sveitarstjórnum í sjálfsvald sett, hverjar reglur þær notuðu við niðurjöfnun útsvara. Kjarni laga nr. 66 frá 1945 var sá, að „útsvar skal leggja á eftir efnum og ástæðum". Yfirleitt gáfust þessar reglur vel, og enn þá virðist erfitt að ganga fram hjá þeim undirstöðuatriðum, sem í þeim felast.

Breytingartillögur minni hl. nefndarinnar eru bornar fram á sérstöku þingskjali.

Einn nefndarmanna, Karl Kristjánsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefnd.

Alþingi, 28. apríl 1964.

Ásgeir Bjarnason.

Ed. 521. Breytingartillögur [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (ÁB).

1. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (3. gr.) Aftan við 17. gr. laganna bætist nýr stafliður:
      d. Bankar, sbr. 18. gr. d.
   b. (4. gr.) Aftan við 18. gr. laganna bætist nýr stafliður:
      d. Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu frá ársbyrjun 1964 greiða í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis, sbr. 12. gr. laga nr. 4/1960. Frá sama tíma hættir gjald þetta að renna í ríkissjóð.
2. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   45. gr. laganna orðist svo:
   Í sveitarfélögum, þar sem skattstjóri er ekki búsettur, er sveitarstjórn (í bæjum framtalsnefnd) heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té afrit af skattskrá sveitarfélagsins til afnota við álagninguna. Sveitarstjórn (eða framtalsnefnd) gerir síðan skrá um álagninguna, sem skal vera lokið fyrir 20. júní ár hvert. Að öðru leyti gilda um álagninguna ákvæði laga þessara.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   65. gr. laganna fellur niður.

Sþ. 522. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]

um uppsetningu radarspegla á suðurströnd landsins.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram athugun á því, hvort unnt sé að að auka öryggi sjófarenda við suðurströnd landsins með því að merkja hana með radarspeglum, þar sem hún er lægst. Reynist sú athugun jákvæð, verði slík radarmerki sett upp hið allra fyrsta.

Greinargerð.

Um langan aldur hefur verið reynt að auka öryggi sjófarenda með því að staðsetja ljósvita og önnur leiðarmerki á sjávarströndum. Á þann hátt hefur mörgu

sjóslysi verið forðað. Nútímatækni hefur aukið mjög öryggi þeirra, sem sigla með ströndum fram, og koma þar einkum til afnot radartækja, sem sýna stjórnendum skipa strandlínuna og önnur kennileiti ofar í landinu. Þó koma þessi tæki ekki að fullu haldi, þar sem svo hagar til, að ströndin er mjög lág. Þar sem strönd Íslands er lægst og aðgrynni mikið, hafa hlotizt miklir skipsskaðar og manntjón, en á þeim slóðum koma radartækin ekki að sama gagni og annars staðar. Líklegt er, að stórlega mætti auka not stjórnenda skipa af radartækjum sínum með því að merkja þessa hættulegu strönd stöngum með sérstökum radarspeglum, sem koma fram á sjónskífum radara, þótt ströndin geri það ekki. Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að hið fyrsta verði rannsakað, hvort slíkir radarspeglar kæmu að haldi til slysavarna, og þeir settir upp, ef athugun reynist jákvæð.

Sþ. 523. Nefndarálit [49. mál]

um till. til þál. um æskulýðsmálaráðstefnu.

Frá allsherjarnefnd.

Eftir að tillaga þessi kom fram á Alþingi, eða nánar tiltekið hinn 20. des. s. l., skipaði menntamálaráðherra tíu manna nefnd til að semja frumvarp til laga um æskulýðsmál, þar sem sett séu ákvæði um skipulagðan stuðning hins opinbera við æskulýðsstarfsemi, er meðal annars miði að því að veita æskufólki þroskandi viðfangsefni í tómstundum. Allsherjarnefnd leggur því til, að þingsályktunartillögu þessari verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að tíu manna nefndin taki það til athugunar í sambandi við lausn á verkefni sínu að kalla saman æskulýðsmálaráðstefnu á svipuðum grundvelli og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

Alþingi, 29. apríl 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Einar Ágústsson, frsm.
Ragnar Arnalds.	Gísli Guðmundsson.	Pétur Sigurðsson.
	Sverrir Júlíusson.	

Sþ. 524. Tillaga til þingsályktunar [222. mál]

um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um, að á vegum jarðhitasjóðs verði hið fyrsta hafizt handa um nauðsynlegar frumathuganir á jarðhitasvæðum víðs vegar um landið.

Að því loknu verði framkvæmdar tilraunaboranir. Skal fyrst hefja framkvæmdir á þeim jarðhitasvæðum, þar sem helzt er að vænta góðs árangurs og þar sem aðstaða að öðru leyti er bezt til hagnýtingar orkunnar.

Greinargerð.

Fyrir síðasta þingi lágu allmargar tillögur um jarðhitaleit á ýmsum stöðum á landinu. Fjárveitinganefnd, sem hafði tillögurnar til athugunar og umsagnar, var þá

á einu máli um, að ályktun Alþingis í þessum efnum bæri að miða við landið í heild. Nefndin flutti því sjálfstæða tillögu um málið, og gekk hún í sömu átt og ofanrituð tillaga, en vegna þess, hve tillagan kom seint fram á þinginu, hlaut hún eigi fullnaðarafgreiðslu. — Nú hafa þingmenn Vesturlandskjördæmis endurflutt tillögu sína um jarðhitarannsóknir í Borgarfjarðarhéraði. Með hliðsjón af framansögðu vill fjárveitinganefnd leggja til, að Alþingi afgreiði málið með því að samþykkja þessa tillögu nefndarinnar.

Nd. 525. Breytingartillaga [110. mál]

við frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 13. des. 1953.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Við 3. gr. Í stað orðsins „héraðslæknisbústaða“ á tveimur stöðum í greininni komi: læknisbústaða.

Nd. 526. Breytingartillaga [200. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá Sigurvin Einarssyni og Birni Pálssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Við 88. gr. laganna bætist:
Sé um jeppabifreið að ræða, sem brennir benzíni, skal endurgreiða innflutningsgjald af því benzíni, er hún notar, þannig að endurgreiðslan verði samtals jafnhá upphæð og til jeppabifreiða, er annað eldsneyti nota.

Sþ. 527. Nefndarálit [72. mál]

um till. til þál. um nýja rafvæðingaráætlun.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Afgreiðsla þessarar tillögu um nýja rafvæðingaráætlun hefur dregizt lengur en æskilegt væri. Tillögunni var útbýtt á Alþingi 19. nóv., en var ekki tekin til umræðu á þingfundi fyrr en 5. febr. Þann dag var henni vísað til nefndar. Síðan hefur hún verið til meðferðar í nefndinni nokkuð á þriðja mánuð, en var loks afgreidd 25. apríl, eftir að hún hafði verið send raforkumálastjóra til umsagnar og svar borizt frá honum. Þess ber að geta, að nefndin hefur nú síðustu mánuðina haft fjölda mála til meðferðar og seinagangur á byrjunarafgreiðslu mála á þingfundum hefur tafið störf hennar.

Hinn langi afgreiðsludráttur, sem bitnað hefur á þessu máli, eins og fleiri þingmálum, sem flutt hafa verið á þessu þingi til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, veldur því nú, að þau ákvæði till. eru úrelt orðin, að áætlun, sem þar er fjallað um, verði lokið fyrir 31. marz 1964. Tregða þingmeirihlutans við að afgreiða málið hefur sem sé gert að engu möguleikann til að vinna verkið á s. l. vetri, og verður ekki við því gert, eins og nú er komið, en af þessu leiðir, að breyta þarf því ákvæði till., sem að þessu lýtur.

Þegar gengið var til afgreiðslu málsins í nefndinni, kom það í ljós, sem þegar mátti ráða af afgreiðsludrættinum, að meiri hl. n. var því andvígur, að till. yrði samþykkt, en lagði til, að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Minni hlutinn leggur til, að till. verði samþykkt með þeirri óhjákvæmilegu breytingu, sem af afgreiðsludrættinum stafar.

Af hálfu Framsóknarflokksins hafa hvað eftir annað verið fluttar till. til þál. um, að gerð verði heildaráætlun um rafvæðingu allra byggða á landinu, sem farið yrði eftir, þegar 10 ára áætlunartímabilinu væri lokið, en ekki hefur fengizt til þess samþykki þingmeirihluta, enda þótt þessar tillögur framsóknarmanna kunni að hafa haft nokkur óbein áhrif á gang mála.

Samkvæmt upplýsingum, sem þingmönnum hafa borizt frá raforkumálastjóra, hefur á s. l. og yfirstandandi ári verið unnið að gerð tveggja áætlana um rafvæðingu, og eru báðar ófullnægjandi að dómi minni hl. n. Í fyrri áætluninni er miðað við meðalvegalengd allt að 1½ km, en í síðari áætluninni við meðalvegalengd 1½—2 km. Þessar tvær áætlanir taka til nál. 770 býla samtals til viðbótar við þau, sem áður höfðu verið tekin á áætlun 1964—65. Enn hefur ekkert verið birt um það opinberlega, hvenær rafvæðing þessara 770 býla eigi að verða lokið, og raforkumálastjóri segir í bréfi sínu til nefndarinnar, að engin „tímaáætlun“ hafi verið gerð um það efni. En þó að þessi býli fái öll samveiturafmagnið, eru samt að líkindum eftir eitthvað yfir 1000 býli, eða nál. fimmta hvert býli á landinu, sem fá ekkert rafmagn samkv. þessum áætlunum og hafa ekki vatnsaflsstöðvar til frambúðar.

Það er álit minni hl. n., að rafvæðing landsins sé nú komin á það stig, að Alþingi beri að taka um það fullnaðarákvörðun eigi síðar en á næsta vetri, hvenær og á hvern hátt henni skuli lokið. Ef framkvæmdum yrði lokið árið 1968, eins og gert er ráð fyrir í tillögunni, eru nú 5 ár til stefnu, 1964—68, að meðtöldu því ári, sem nú er byrjað.

Áætlun sú, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, mundi skiptast í þrjá hluta:

1. Áætlun um samveitu, þar sem meðalvegalengd er allt að 2½ km. Sú áætlun yrði mun víðtækari en hinar fyrrnefndu áætlanir, sem unnið hefur verið að á vegum raforkumálastjórnarinnar, því að þar er í fyrri áætluninni aðeins gert ráð fyrir 1½ km meðalvegalengd og í hinni síðari eigi meira en 2 km meðalvegalengd. En mörg býli mundu bætast við samveiturnar, ef 2 km meðalvegalengdin, sem nú er í síðari áætlun raforkumálastjórnarinnar, væri aukin upp í 2½ km, eins og verða mundi, ef tillaga sú, sem hér liggur fyrir, verður samþykkt á Alþingi.

2. Áætlun um samveitur, þar sem meðalvegalengd er 2½—3 km. Ef slík áætlun yrði framkvæmd, yrði að líkindum allur þorrinn af sveitabýlum landsins búinn að fá samveiturafmagn, en þó ekki öll. Í samþykkt tillögunnar fælist í rauninni yfirlýstur vilji Alþingis um samveitur með allt að 2½ km meðalvegalengd (1. tölul.), en slegið á frest, þangað til áætlun liggur fyrir, að ákveða, hvort hækka skuli meðalvegalengd úr 2½ km upp í 3 km.

3. Áætlun um rafvæðingu með heimilisrafstöðvum (dísilstöðvum, vatnsaflsstöðvum) með þeim stuðningi af hálfu þjóðfélagsins, að þeir, sem verða að láta sér nægja slíka rafvæðingu, hafi ekki ástæðu til að telja sig verulega afskipta í samanburði við samveitusvæðin. Fjöldi þeirra býla, sem byggju við slíkar stöðvar, færi eftir því, hvort ráðlegt þætti að lokinni áætlunargerð að rafvæða frá samveitum þau svæði, þar sem meðalvegalengd er 2½—3 km, sbr. það, sem um þau hefur verið sagt hér að framan.

Í sambandi við heimilisrafstöðvarnar er í tillögunni ætlazt til, að gerð verði áætlun um tvær leiðir: að ríkisrafveiturnar komi upp heimilisrafstöðvunum og leigi bændum þær með sanngjörnum kjörum (dísilstöð) eða að raforkusjóður veiti til þeirra lán, sem teljast megi sambærileg við það, að ríkisrafveiturnar eigi stöðvarnar (vatnsaflsstöð). Hvort tveggja virðist sanngjarnt með hliðsjón af þeim kostnaði, sem hið opinbera hefur af samveitunum, og með hliðsjón af notagildi. Ef um

dísilstöð er að ræða, má sennilega gera ráð fyrir, að sérstakur súgþurrkunarhreyfill yrði heppilegri en raforkuframleiðsla til súgþurrkunarinnar, og teldist hann þá til dísilstöðvar. En hvort sem um ríkiseign (og leigu) eða sambærilegt lán er að ræða, er fullkomlega sanngjarnt, að séð verði fyrir súgþurrkunarmöguleikum á sama hátt og raforku til heimilisnota og hliðstætt samveitunum. Ríkisstofnun (landssíminn) leigir fiskiflotanum talstöðvar, og verðmæti þeirra er ekki mjög fjarri verðmæti algengra dísilstöðva í sveitum. Það er því hæpið að halda því fram, að bændum sé ekki treystandi til að gæta slíkra hluta, ef þeir hafa þá á leigu.

Eins og nú er komið, virðist rétt að gera ráð fyrir, að fullnaðaráætluninni um rafvæðingu allra býla, samkv. þessari tillögu, ef hún hlýtur samþykki, verði lokið, þegar Alþingi kemur saman á næsta hausti, og að Alþingi taki þá ákvörðun um það, — eftir því, hverjar niðurstöður áætlunarinnar verða, — hvernig ljúka skuli rafvæðingunni fyrir árslok 1968.

Ef Alþingi fellir þessa tillögu, vísar henni til ríkisstjórnarinnar eða lætur hana verða óafgreidda, verður enn um hríð ríkjandi óvissa um það hjá fjölda fólks í sveitum þessa lands, hvers það megi vænta og hvenær í þessum málum. Slík óvissa er mjög óheppileg fyrir þróun byggðarinnar í landinu, svo að ekki sé meira sagt.

Minni hl. nefndarinnar leggur til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „31. marz“ komi: 30. sept.

RA áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 27. apríl 1964.

Gísli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson. Ragnar Arnalds.

Sþ. 528. Þingsályktun [59. mál]

um varnir byggðanna í Álftaveri og Vík í Mýrdal gegn hugsanlegu tjóni af völdum Kötluhlaups.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 62.

Nd. 529. Lög [15. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 482.

Nd. **530. Frumvarp til laga** [148. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1.	15.12	orðist svo:		
	15.12		**Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu, hert, einnig hreinsuð, en ekki frekar unnin:**	
		01	Sojabaunaolía	10%
		02	Baðmullarfræsolía	10%
		03	Aðrar olíur úr jurtaríkinu	30%
		09	Olíur úr dýraríkinu	35%
2.	19.02	00 orðist svo:		
	19.02		**Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:**	
		01	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%
		09	Aðrar	80%
3.	19.07	00 Í stað „125%“ komi		80%
4.	19.08	00 Í stað „125%“ komi		80%
5.	21.07	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		03	Neyðarmatvæli, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	20%
		04	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%
6.	25.01	orðist svo:		
	25.01		**Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt), hreint natríumklóríd, saltupplausnir og sjór:**	
		01	Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt) í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	5%
		02	Fóðursalt	0
		09	Annað 1000 kg	1 kr.
7.	27.10	Nr. 70 falli niður. Í þess stað komi þrjú númer, svo hljóðandi:		
			Aðrar:	
		71	Íburðarefni í veiðarfæri	2%
		72	Ryðvarnarefni og ryðolía	35%
		79	Annars	15%
8.	30.03	00 orðist svo:		
	30.03		**Lyf, einnig til dýralækninga:**	
		01	Sælgæti (medicated sweets)	125%
		09	Annað	15%
9.	32.09	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Prentþynnur	40%
10.	34.02	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Efnivörur til sútunar og málningagerðar	35%
11.	34.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		04	Slípimassi	35%
12.	35.03	00 orðist svo:		
	35.03		**Gelatín (þar með talið gelatín í ferhyrndum plötum, einnig þótt þær séu litaðar eða unnar á yfirborðinu) og gelatín-**	

			derivatar; lím unnið úr beinum, húðum, sinum eða öðru þess háttar, fiskilím; matarlím:	
		01	Lím annað en matarlím	50%
		09	Annað	100%
13.	36.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Kveikipappír í mótora	35%
14.	38.13	00 orðist svo:		
	38.13		**Bæs fyrir málma; bræðsluefni og önnur hjálparefni til notkunar við lóðun málma og logsuðu, lóð- og logsuðuduft ásamt lóð- og logsuðupasta úr málmi og öðrum efnum; efni til að þekja eða fylla logsuðu- eða rafsuðuþráð:**	
		01	Lóðningar- og logsuðuefni	20%
		09	Annað	35%
15.	38.19	Hér komi inn fjögur ný númer, svo hljóðandi:		
		14	Kol til kolburstagerðar	30%
		15	Prófefni (reagenser)	35%
		16	Hvatar til iðnaðarframleiðslu	35%
		17	Naftanöt	35%
16.	39.01	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		07	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		09	orðist svo:	
		09	Annað	40%
17.	39.02	orðist svo:		
	39.02		**Efni orðin til fyrir pólymerisation og kópólymerisation (t. d. pólyetylen, pólytetrahalógenetylen, pólyísóbúten, pólystyren, pólyvínylklóríd, pólyvínylacetat, pólyvínylklóridacetat og aðrir pólyvínylderivatar, pólyacrylsýru- og pólymetacrylsýruderivatar, kúmarónindenharpix):**	
		81	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
		82	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
		83	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir	35%
		84	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	30%
		85	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
		86	Límbönd	35%
		87	Gólfdúkur og gólfflísar	35%
		88	Plötur til myndamótagerðar	15%
		91	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		99	Annað	40%
18.	39.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		27	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		29	orðist svo:	
		29	Annars	40%
19.	39.04	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		03	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		09	orðist svo:	
		09	Annað	40%

20.	39.05		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		04	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		09	orðist svo:	
		09	Annað	40%
21.	39.06	09	orðist svo:	
		09	Annað	40%
22.	39.07	orðist svo:		
	39.07		**Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01—39.06:**	
		31	Netjakúlur og netjakúlupokar, nótaflotholt	2%
		32	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar	4%
		33	Lóðabelgir	4%
		34	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
		35	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		36	Mjólkurbrúsar 10 lítra og stærri	10%
		37	Pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélaþéttingar	35%
		38	Boltar, rær, undirlög (skinnur) o. þ. h.	50%
		39	Vatnsfergingarútbúnaður	35%
		41	Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
		43	Pokar til vélpökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
		45	Lampar, lampaskermar og lýsingatæki	90%
		46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0.01 m^3 og stærri	50%
		48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar, ót. a.	60%
		51	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
		52	Verkfæri, ót. a.	35%
		53	Pokar, ót. a.	50%
		54	Hreinlætistæki	80%
		55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fataframleiðslu o. þ. h.	90%
		56	Fatnaður	90%
		58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra	100%
		61	Tunnur	35%
		62	Gluggar, gluggakarmar og hurðir	50%
		63	Veggplötur, formsteyptar	40%
		64	Úraglös	50%
		65	Rúður	50%
		66	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%
		89	Aðrar vörur úr plasti	100%
23.	40.08	02	orðist svo:	
		02	Annað svampgúmmí, þó ekki bönd, stengur og þræðir	50%
24.	40.09	00	orðist svo:	
	40.09	**00**	**Pípur og slöngur úr toggúmmíi**	35%
25.	40.11	01	orðist svo:	
		01	Hjólbarðar á bifreiðar og bifhjól, nýir	40%
			Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		02	Hjólbarðar hvers konar, notaðir	35%
26.	40.13		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		03	Röntgenklæðnaður með blýinnleggi	35%
27.	40.14	03	orðist svo:	
		03	Hringir í niðursuðudósir	35%

Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

	05	Aðrar vörur til tækninota	35%
	06	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%

28. 44.25 orðist svo:

44.25		**Verkfæri, áhöld og hlutar til þeirra úr trjáviði (handföng, sköft og þess háttar), burstatré, sköft og handföng úr trjáviði fyrir bursta og kústa; skósmíðaleistar og blokkir úr tré, fyrir skósmíði:**	
	01	Burstatré	35%
	02	Skósmíðaleistar	35%
	03	Sköft og handföng	35%
	09	Annað	35%

29. 44.28 orðist svo:

44.28		**Aðrar vörur úr trjáviði, ót. a.:**	
	81	Botnvörpuhlerar og bobbingar	2%
	82	Hjólklafar (blakkir)	35%
	83	Merkispjöld	35%
	84	Árar	50%
	85	Stýrishjól	35%
	86	Hnakkvirki og aktygjaklafar	70%
	87	Glugga- og dyratjaldastengur	80%
	88	Herðatré	100%
	91	Hefilbekkir	35%
	92	Skápa- og hurðahandföng	70%
	93	Tréteinar (drýlar)	50%
	99	Annars	100%

30. 45.04 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	05	Korkur í flöskuhettur	50%

31. 46.03 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	02	Töskuhöldur úr fléttiefnum	70%

32. 48.07 22 orðist svo:

	22	Pappír og pappi vaxborinn eða plastborinn	30%
		Í stað „límbönd“ í nr. 25 komi: Límborinn pappír	30%
		Hér koma inn þrjú ný númer, svo hljóðandi:	
	26	Veggfóður	35%
	27	Einangrunarplötur	40%
	28	Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun	4%

33. 48.15 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	06	Hólkar (umbúðir úr pappír)	35%

34. 48.16 Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

	06	Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	4%
	07	Pappírspokar, margfaldir, utan um fiskafurðir til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	2%

35. 48.21 Í stað „lampaskermar“ í 03 komi: Lampar og lampaskermar 90%
Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

	05	Pappír í dýptarmæla	4%
	06	Umbúðakassar og öskjur úr pappírsmassa eða sellulósavatti	50%

36. 56.01 orðist svo:

56.01		**Stuttar tilbúnar trefjar, hvorki kembdar, greiddar né að öðru leyti undirbúnar undir spuna:**	

			Úr syntetiskum trefjum:	
		11	Til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
		19	Annað	20%
		20	*Úr uppkembdum trefjum*	20%
37.	57.04	orðist svo:		
	57.04		**Önnur spunaefni úr jurtaríkinu, óunnin eða tilreidd, þó ekki spunnin; ruddi og úrgangur úr þessum spunaefnum (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar):**	
		10	*Trefjar úr sisalhampi og öðrum agavategundum og ruddi og úrgangur úr þeim*	0
			Annað:	
		21	Húsgagnatróð í plötum	35%
		29	Annars	0
38.	58.05	00 orðist svo:		
	58.05		**Ofin bönd og bönd búin til úr samanlímdu samhliða garni eða trefjum (þó ekki vörur, er teljast til nr. 58.06):**	
		01	Borðar til umbúða	35%
		09	Annað	65%
39.	58.07	Hér komi inn tvö númer, svo hljóðandi:		
		02	Garn og kaðlar þess konar úr syntetiskum trefjum, sem vegur 0.5 g metrinn eða meira, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
		03	Netateinar með sökkum eða flotholtum	20%
40.	58.10	00 Í stað „100%“ komi		80%
41.	59.04	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Garn úr syntetiskum trefjum, sem vegur yfir 1 gr. metrinn, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
42.	59.09	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Einangrunarbönd	35%
43.	59.15	09 orðist svo:		
		09	Aðrar	35%
44.	60.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Sjúkrasokkar	35%
45.	60.05	00 orðist svo:		
	60.05		**Ytri fatnaður og aðrar vörur prjónaðar eða heklaðar, ekki teygjanlegar eða gúmmíbornar:**	
		01	Kjötpokar	2%
		09	Annað	90%
46.	60.06	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Hanzkar	90%
47.	61.08	00 Í stað orðsins „blússur“ komi: brjóst.		
48.	62.05	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		02	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		03	Öryggisbelti	35%
49.	64.01	orðist svo:		
	64.01		**Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmíi eða plasti:**	
		01	Vaðstígvél með lágum hæl (ekki ætluð utan yfir aðra skó), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
		02	Skór hliðstæðir þeim, sem falla undir nr. 64.02.01 og 64.02.09	80%
		09	Annar	50%

50. 64.02 orðist svo:

64.02		**Skófatnaður með ytri sóla úr leðri eða leðurlíkisdúk, skófatnaður (þó ekki skófatnaður, sem telst til nr. 64.01) með ytri sóla úr gúmmíi eða plasti:**	
	01	Kvenskór og barnaskór, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	**80%**
	02	Vinnuskór með yfirhluta úr vefnaði, inniskór venjulegir með yfirhluta úr vefnaði eða flóka, allt með gúmmí- eða plastsóla og mismun á mestu hælþykkt og minnstu botnþykkt undir 1 cm, svo og skóhlífar og kuldaskór með yfirhluta úr vefnaði með gúmmí- eða plastsóla, allt eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
	09	Annar	**100%**

51. 65.05 00 orðist svo:

65.05	**00**	**Hattar og annar höfuðfatnaður (þar með talin hárnet) úr prjóna- eða heklvoð eða úr laufaborðum, knipplingum, flóka eða öðrum spunaefnum (þó ekki úr samfléttingum, böndum eða ræmum), einnig fóðrað og/eða bryddað**	**90%**

52. 65.06 09 orðist svo:

	09	**Annars**	**90%**

53. 68.04 00 orðist svo:

68.04	**00**	**Kvarnasteinar, hverfisteinar, slípihjól o. þ. h. (þar með talin speldi, hnúðar, skífur og oddar til mölunar, slípunar, fágunar, réttingar og skurðar) úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímt), úr samanlímdum eða tilbúnum slípiefnum og úr leir, einnig með skafti, öxli og öðru þess háttar úr öðrum efnum, en þó ekki sett á grind; sneiðar og aðrir fullunnir hlutar af slíkum steinum og hjólum úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímdum), úr samanlímdum náttúrlegum eða tilbúnum slípiefnum eða úr leir**	**35%**

54. 68.05 00 orðist svo:

68.05	**00**	**Brýni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h. úr náttúrlegum steintegundum, úr samanlímdum náttúrlegum og tilbúnum slípiefnum eða úr leir**	**35%**

55. 68.06 00 orðist svo:

68.06	**00**	**Náttúrlegt og tilbúið slípiefni sem duft eða korn, fest á vefnað, pappír, pappa eða annað efni, einnig skorið til, saumað saman og fest saman á annan hátt**	**35%**

56. 68.12 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	02	**Þakplötur báraðar**	**15%**

57. 68.16 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	03	**Jurtapottar til gróðursetningar** (sem eyðast í jörðu) ..	**35%**

58. 69.13 00 orðist svo:

69.13		**Leirstyttur og aðrar vörur til skeytingar, skrauthlutir til persónulegra nota; húsgögn:**	
	01	Lampar og lýsingartæki	**90%**
	09	Annað	**125%**

59. 70.14 Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

	02	**Glös fyrir olíulampa**	**35%**
	03	Luktagler og endurskinsgler fyrir ökutæki	35%

60.	73.18	Nr. 30 falli niður. Í stað þess komi ný númer, svo hljóðandi:		
		Annað:		
		31	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
		39	Annars	35%
61.	73.38	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		23	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
62.	73.40	41 orðist svo:		
		41	Veiðarfæralásar, sigurnaglar, bobbingar, hleraskór, netjakúlur og sökkur	2%
63.	73.40	45 orðist svo:		
		45	Hjólklafar og hjól í þá, svo og handfæravindur	35%
			Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		48	Jarðstrengsmúffur og tengidósir fyrir raflagnir	35%
64.	74.05	00 orðist svo:		
	74.05		**Koparþynnur, sem eru í mesta lagi 0.15 mm að þykkt (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar:**	
		01	Þynnur í vatnskassaelement	15%
		09	Annað	35%
65.	74.07	00 orðist svo:		
	74.07		**Pípur, pípuefni og holar stengur, úr kopar:**	
		01	Úr fosfór bronze-legumálmi óunnum	15%
		09	Annað	35%
66.	74.18	00 orðist svo:		
	74.18		**Önnur áhöld til heimilishalds, hreinlætistæki til notkunar innanhúss, og hlutar til þessara tækja og vara úr kopar:**	
		01	Hreinlætistæki til innanhússnota og hlutar til þeirra	80%
		09	Annað	100%
67.	74.19	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
68.	76.04	01 orðist svo:		
		01	Efni í hettur á mjólkurflöskur	20%
69.	76.06	00 orðist svo:		
	76.06		**Pípur, pípuefni og holar stengur úr alúmíni:**	
		01	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
		09	Annað	35%
70.	76.16	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		06	Einangrunarplötur	40%
		07	Hettur á mjólkurflöskur	20%
71.	78.04	00 orðist svo:		
	78.04		**Blýþynnur, sem vega ekki meira en 1,7 kg/m² (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar; blýduft og blýflögur:**	
		01	Blýduft	15%
		09	Annað	35%
72.	82.01	09 orðist svo:		
		09	Annað	35%
73.	82.02	00 orðist svo:		
	82.02	00	**Handsagir og sagarblöð fyrir handsagir og vélsagir (einnig tannlaus sagarblöð)**	35%

74. 82 03 00 orðist svo:

82.03	**00**	**Eftirtalin handverkfæri: Naglbítar, klippitengur, griptengur og aðrar slíkar tengur, einnig til að klippa eða skera; gatjárn og gattengur; pípuskerar; boltaskerar og annað þess háttar, málmklippur; skrúflyklar; þjalir og raspar**	35%

75. 82.04 00 orðist svo:

82.04	**00**	**Handverkfæri og handáhöld (þar með talin samsett glerskurðartæki), sem teljast ekki til einhvers annars númers þessa kafla; blásturslampar, steðjar; skrúfstykki og þvingur (þó ekki vélskrúfstykki); færanlegar smiðjur og slípisteinar með umbúnaði (hand- eða fótsnúnir)**	35%

76. 82.05 00 orðist svo:

82.05	**00**	**Skiptiverkfæri í handverkfæri, mekanísk handverkfæri og -smíðavélar (t. d. til að pressa, stansa, bora, snitta, fræsa, skera, snúa, víkka, þrengja og skrúfa), hér með talin mót til að draga málmþráð og pressa heita málma, einnig stjörnur á grjótbora**	35%

77. 82.06 orðist svo:

82.06	**00**	**Hnífar og skurðarblöð í vélar og mekanísk tæki**	35%

78. 82.07 00 orðist svo:

82.07	**00**	**Plötur, stengur og oddar og aðrir þess konar lausir hlutar í verkfæri, úr hálfbræddum málmkarbídum (t. d. karbíd úr wolfram, molybden og vanadíum)**	35%

79. 82.10 00 orðist svo:

82.10	**00**	**Hnífablöð**	35%

80. 82.15 00 orðist svo:

82.15	**00**	**Sköft úr ódýrum málmi til vara þeirra, er teljast til nr. 82.09, 82.13 og 82.14**	35%

81. 83.05 00 orðist svo:

83.05		**Smávarningur og útbúnaður fyrir lausblaðabindi, bréfabindi, bókhaldsbækur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum; bréfahaldarar, bréfaklemmur, heftiklemmur, merki í spjaldskrár og aðrar svipaðar vörur til notkunar í skrifstofum, úr ódýrum málmum:**	
	01	Stifti í heftivélar	50%
	09	Annað	80%

82. 83.07 Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

	04	Götuljósker, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
	05	Flúrskinslampar	60%

83. 84.15 Nr. 30 falli niður. Í stað þess komi tvö númer, svo hljóðandi:

		Kælitæki, einkum til heimilisnotkunar, rafmagnsknúin:	
	31	Kælitæki	80%
	39	Varahlutir í kælitæki (þó ekki fylgihlutir), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%

84. 84.18 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	24	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þau og tæki, sem falla undir nr. 84.18. 21, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%

85. 84.19 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	03	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í uppþvottavélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%

86. 84.22 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	05	Heyblásarar (til að færa til hey), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%

87. 84.40 Á þessu númeri verði eftirtaldar breytingar:
Inn komi nýtt númer, svo hljóðandi:
14 Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 84.40. 12 ..... 50%
20 falli niður. Í stað þess komi ný númer, svo hljóðandi:
Fataþvottavélar, einkum til heimilisnotkunar:
21 Fataþvottavélar 80%
29 Varahlutir í þær 50%

88. 85.04 00 orðist svo:
85.04 Rafgeymar:
01 Efni í rafgeyma 30%
09 Annað 40%

89. 85.05 00 orðist svo:
85.05 00 Handverkfæri með innbyggðum rafmagnshreyfli 35%

90. 85.06 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:
04 Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 85.06 ..... 50%

91. 85 07 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:
03 Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í rafmagnsrakvélar 50%

92. 85.12 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:
07 Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þær, sem falla undir nr. 85.12 ..... 50%

93. 85.15 Nýtt númer:
33 Neyðartalstöðvar af þeirri gerð, sem notaðar eru í gúmmíbjörgunarbátum, viðurkenndar sem slíkar af Skipaskoðun ríkisins 4%

94. 90.16 00 orðist svo:
90.16 00 Tæki til teiknunar, afmörkunar og útreiknings (t. d. pantógrafar, teiknifæri, reglustikur, reiknistokkar, reikniskífur o. fl.), tæki og áhöld til mælinga, endurmælinga og prófana, enda falli þau ekki undir annað númer þessa kafla (t. d. míkrómeter, rennimál, málbönd, mælistikur og jafnvægistæki (balancing machines)) og prófílprójektörar 35%

95. 92.03 00 orðist svo:
92.03 Pípu- og tunguorgel, þar með talin harmóníum og önnur svipuð hljóðfæri:
01 Orgel til notkunar í kirkjum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 0
09 Önnur 30%

96. 95.08 00 orðist svo:
95.08 Mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, steríni, kolvetnisgúmmíi úr jurtaríkinu, náttúrlegum harpixum (t. d. kópal eða kólófóníum) eða mótunardeigi, svo og aðrar mótaðar eða útskornar vörur, ót. a.; unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín, er telst til nr. 35.03) og vörur úr óhertu gelatíni:
01 Gelatínbelgir utan um lyf 15%
09 Annað 100%

97. 96.02 03 orðist svo:
03 Burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum 35%

98. 97.04 09 orðist svo:
09 Önnur 90%

99. 98.02 00 orðist svo:

98.02		**Rennilásar og hlutar til þeirra:**	
	01	Málmstykki til framleiðslu á rennilásum	50%
	09	Annað	70%

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. **16. liður orðist svo:**
   Að fella niður gjöld af umbúðum, ef umbúðirnar eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.
2. **18. liður orðist svo:**
   Að lækka gjöld af filmum og ljósnæmum plötum til ljósprentunar og myndamótagerðar til samræmis við gjöld af prentletri.
3. **1. mgr. 27. liðs orðist svo:**
   Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 150 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 70 þús. kr.
4. Á eftir 34. lið komi þrír nýir liðir, svo hljóðandi:
   35. Að endurgreiða gjöld af efni til framleiðslu á pappírspokum, sem telst nr. 48.01.30 og 48.01.52 í tollskrá, sem svari því, að af efni þessu sé greiddur 15% verðtollur.
   Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
   36. Að endurgreiða gjöld af tækjum til vísindarannsókna, sem svari því, að af þeim sé greiddur 35% verðtollur.
   37. Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, sem flutt eru til landsins af Blindravinafélaginu og Blindrafélaginu til að koma á fót kennslubókasafni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 531. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. desember 1953.

(Eftir 3. umr. í Nd., 29. apríl.)

1. gr.

3. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ef sjúkrahús er í fleiri en einni deild, skal sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverri deild.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum þrjá fimmtu hluta kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús og sömu aðilum tvo þriðju hluta kostnaðar við að reisa héraðslæknabústaði samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er ráðherra að greiða ⅗ hluta kostnaðar við að reisa yfirlæknisbústaði við sjúkrahús í fámennari byggðarlögum, ef það er óhjákvæmilegt til þess að tryggja nauðsynlega læknisþjónustu.

Þegar framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsa er ákveðið, skal það miðað við eðlilegan kostnað af að reisa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð.

Með múr- og naglföstu skal telja aðalröntgentæki, helztu skurðstofutæki, meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, aðalþvottavélar í þvottahúsi, þegar um er að ræða sjúkrahús, sem rúmar fleiri en 20 sjúklinga, enda sé búnaður allur við hæfi sjúkrahússins.

3. gr.

Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, sem verður 11. gr. og hljóði svo:

Ríkisframlag til bygginga almennra sjúkrahúsa, sem rekin eru af sveitarfélögum, og læknisbústaða eru bundin þeim skilyrðum, að allur undirbúningur slíkra bygginga fari fram í samráði við ráðherra þann, er fer með heilbrigðismál, svo og landlækni, og að kostnaðaráætlun og fullnaðaruppdrættir að mannvirkjunum hafi hlotið samþykki þeirra og húsameistara ríkisins.

Alþingi ákveður hverju sinni, til hvaða sjúkrahúsa eða læknisbústaða stofnkostnaðarframlög eru veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi. Nú hefur Alþingi samþykkt slíka fjárveitingu og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu á framlögum sínum til hverrar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 5 ára, frá því að fyrsta framlag var innt af hendi, ef sjúkrahús vistar ekki yfir 20 sjúklinga, sbr. 5. gr., og innan 8 ára, ef sjúkrahús vistar fleiri sjúklinga. Ríkisframlag til læknisbústaða skal með sama hætti inna af hendi innan 5 ára, frá því að fyrsta framlag var greitt. Ákvæði þau, sem hér að framan greinir, taka þó aðeins til framkvæmda, sem ákveðnar eru eftir að lög þessi taka gildi.

Ef hafnar eru framkvæmdir, án þess að framangreindum skilyrðum sé fullnægt, er stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

4. gr.

Í stað 11. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 12. gr. og orðast svo:

Úr ríkissjóði greiðist sérstakur styrkur vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga. Styrkurinn skal greiddur hálfsárslega eftir á, og skal síðari greiðsla innt af hendi, þegar sjúkrahús hefur skilað tilskildum ársskýrslum um reksturinn ásamt rekstrarreikningi, sem gerður skal úr garði samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar.

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst 3 deildum, lyflæknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild. Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar læknisþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu. Ráðherra er heimilt að skipta sjúkrahúsum í I., II. og III. flokki í undirflokka, að fengnum tillögum landlæknis. Styrkhæð miðast við flokkun sjúkrahúsa og legudagafjölda og ákvarðast nánar í reglugerð innan marka fjárveitinga í fjárlögum.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almenn daggjöld af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

5. gr.

12. gr. laganna verður 13. gr. og 13. gr. verður 14. gr.

6. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og greiðist rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt þeim í fyrsta skipti fyrir árið 1963, en samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1964, og þannig áfram.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 36 4. apríl 1956, lög nr. 56 5. júní 1957 og lög nr. 31 25. maí 1960, öll um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella 1. til 4. gr. þeirra inn í meginmál sjúkrahúsalaga, nr. 93 31. desember 1953, og breyta númerum á 12. og 13. gr. og gefa þau út að nýju.

Nd. 532. Breytingartillaga [200. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1964.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „15 apríl 1964“ í 1. mgr. komi: 15. maí 1964.

Ed. 533. Frumvarp til laga [200. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

(Eftir 3. umr. í Nd., 29. apríl.)

1. gr.

91. gr. laganna orðist þannig:

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í 87. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, þó 15. maí árið 1964, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu skrásetningarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur, og gildir það einnig um árið 1964. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal sleppt. Lækka skal eða endurgreiða skatt samkvæmt 87. gr., að réttri tiltölu, ef skattskyld bifreið hefur ónýtzt eða skrásetningarmerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði, þannig að meira en hálfur mánuður reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt. Kröfur um endurgreiðslu samkvæmt framansögðu skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

Greiðsluskyldan hvílir á þeim, sem skráður er eigandi bifreiðarinnar í ársbyrjun, svo og þeim, sem síðar á skattárinu kunna að verða eigendur hennar.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni þungaskattur fyrir yfirstandandi skattár, svo og skoðunargjald og vátryggingargjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skrásetningarmerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld af bifreiðinni séu greidd til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöld af henni ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu svo sem að framan segir.

Bifreiðaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og vátryggingargjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu þeir, sem greitt hafa þungaskatt af bifreiðum sínum eða bifhjólum fyrir skattárið 1963, eiga rétt á að fá þann skatt dreginn frá þungaskatti, sem þeim ber að greiða fyrir skattárið 1964, samkvæmt lögum þessum, eða fá hann endurgreiddan, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 534. Nefndarálit [144. mál]

um till. til þál. um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd sendi tillögu þessa biskupi og kirkjuráði til umsagnar, og mæla þessir aðilar með samþykkt tillögunnar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. apríl 1964.

Jónas G. Rafnar, form.
Birgir Finnsson, fundaskr.
Gunnar Gíslason, frsm.
Halldór E. Sigurðsson.
Ingvar Gíslason.
Guðl. Gíslason.
Halldór Ásgrímsson.
Jón Árnason.

Ed. 535. Breytingartillögur [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „Fyrir hjón 35000 kr.“ komi: Fyrir hjón 40000 kr.
   b. Málsliðurinn, sem hefst á orðunum „Fyrir hvert barn“, orðist svo:
      Fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda samkvæmt því, sem hér greinir: Fyrir 1. barn 6000 kr., fyrir 2. barn 6500 kr., fyrir 3. barn 7000 kr. og þannig áfram, að frádrátturinn hækki um 500 kr. fyrir hvert barn.
2. Við 6. gr. Liður A. 1 orðist þannig:
   A. Af útsvarsskyldum tekjum samkv. 31. gr. greiða:
      1. Einstaklingar og hjón:
         Af fyrstu 30000 kr. 10%.
         Af 30—40 þús. kr. 3000 kr. af 30 þús. kr. og 15% af afgangi.
         — 40—50 — — 4500 — — 40 — — — 20% — —
         — 50—60 — — 6500 — — 50 — — — 25% — —
         — 60 þús. kr. og þar yfir 9000 kr. af 60 þús. kr. og 30% af afgangi.

Heimilt er að fella niður útsvarsálagningu á tekjur, sem lægri eru en svo, að útsvar af þeim nemi 2000 kr.

Nd. 536. Breytingartillögur [195. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „veðdeild Búnaðarbanka Íslands“ í 1. mgr. komi: Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands.

b. 2. málsl. 4. mgr. orðist svo:

Þeir, sem lagt hafa fé í stofnlánadeild landbúnaðarins og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr Stofnlánadeildinni, enda verði þau lán veitt með sams konar visitölutryggingu og hin visitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar.

Sþ. 537. Þingsályktun [53. mál]

um umferðarmál í Kópavogi og Garðahreppi.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta svo fljótt sem auðið er hefjast handa um undirbúning að staðsetningu og lagningu tvöfaldrar akbrautar frá Reykjavík um Kópavog og Garðahrepp til Hafnarfjarðar og lagningu nýs vegar ofan við núverandi byggð í Kópavogi og Garðahreppi í því skyni að beina umferðinni sem mest fram hjá þéttbýlinu.

Sþ. 538. Þingsályktun [121. mál]

um fiskiðnskóla.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd í samráði við fiskmat ríkisins, fiskmatsráð og helztu samtök fiskiðnaðarins til þess að gera fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur um stofnun og starfstilhögun almenns fiskiðnskóla í landinu. Skal nefndin m. a. kynna sér eftir föngum skipan fræðslumála fiskiðnaðarins í öðrum löndum.

Sþ. 539. Þingsályktun [177. mál]

um endurskoðun á reglum um unglingafræðslu utan kaupstaða.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 335.

Ed. 540. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er flutt í neðri deild og var samþykkt þar ágreiningslaust. Nefndin hefur haft frumv. til athugunar á nokkrum fundum og kynnt sér málið eftir

föngum. Lítill ágreiningur er um, að rétt sé að breyta 36. og 37. gr. búfjárræktarlaganna á þá leið í aðalatriðum, sem frumv. gerir ráð fyrir í 1. og 2. gr. En ÁB og PÞ telja varhugavert að breyta 39. gr. á þann veg, sem lagt er til í 3. gr. frumvarpsins. Benda þeir á, að lög um búfjárrækt séu í endurskoðun, og telja ótímabært að breyta ákvæðum 39. gr., eins og sakir standa. Munu þeir því skila séráliti.

Meiri hluti n. telur hins vegar, að rétt muni vera að breyta lögunum til samræmis við samkomulag, er fjallskilastjórar á svæðinu milli Blöndu og Héraðsvatna og stjórn Hrossaræktarfélags Norðurlands gerðu með sér á fundi í Húnaveri 12. júní 1963. En samkomulag það gekk mjög í sömu átt og 3. gr. þessa frumv.

Vitað er nú, að frumv. til nýrra búfjárræktarlaga verður hér eftir ekki afgreitt á þessu þingi. En breytingartillögur þær, sem hér um ræðir við búfjárræktarlögin, eru fluttar til að leysa úr óþægilegum ágreiningi um meðferð stóðhesta í Húnavatnssýslu og Skagafirði og snerta þau héruð sérstaklega. Þar virðist og samstaða fyrir hendi um, að 39. gr. þurfi breytinga við, sem ekki megi bíða eftir afgreiðslu nýrra búfjárræktarlaga, sem ekki er enn vitað, hvenær verður.

Að þessu öllu athuguðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1964.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Þorsteinsson.

Ed. 541. Breytingartillaga [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við 4. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verði meðalvísitala vöru og þjónustu á því ári, sem tekna er aflað, hærri eða lægri en meðalvísitala vöru og þjónustu á árinu 1963, skulu frádráttarupphæðir samkvæmt þessari grein breytast í réttu hlutfalli við þá vísitölubreytingu.

Ed. 542. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta var flutt í neðri deild og fékk þar venjulega meðferð í nefnd. M. a. var þar leitað umsagnar Landnáms ríkisins og Jarðeignadeildar ríkisins, sem mæltu með því, að sala jarðarinnar yrði heimiluð.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. apríl 1964.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.

Ásgeir Bjarnason. Jón Þorsteinsson.

Nd. 543. Frumvarp til laga [201. mál]

um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju við Mývatn og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu, til þess að vinna markaðshæfan kísilgúr úr botnleðju Mývatns. Í því skyni er henni heimilt:

1. Að leggja fram allt að kr. 50 millj. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi. Einnig er henni heimilt að taka lán í þessu skyni og til greiðslu undirbúningskostnaðar.
2. Að selja verksmiðjunni hráefni úr kísilgúrnámunni í Mývatni utan netlaga eða leigja hlutafélaginu afnot hennar.
3. Að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðnæði við Mývatn og Námaskarð eftir því, sem þarfir hennar krefjast og ríkið á eða kann að eignast samkvæmt 7. gr.
4. Að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu, er ríkisstjórnin lætur reisa og reka og m. a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til reksturs síns.
5. Að semja um lækkun aðflutningsgjalda af vörum til byggingar verksmiðjunnar.

2. gr.

Áður en framleiðslufélag er stofnað samkvæmt 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka þátt í stofnun sérstaks hlutafélags til bráðabirgða, er annist skipulagningu kísilgúrverksmiðjunnar og annan undirbúning að byggingu og rekstri hennar, enda sé stefnt að því, að framleiðslufélagið taki við af slíku undirbúningsfélagi.

Um hlutafjárframlag ríkisins til undirbúningsfélagsins skal heimilt að beita 1. tölulið 1. gr., enda öðlist ríkissjóður endurgjaldslaust hlutabréf í framleiðslufélaginu við stofnun þess, er að nafnverði samsvari hlutafjáreign hans í undirbúningsfélaginu, sem þá verði slitið.

3. gr.

Stofnun hlutafélaga skv. 1. og 2. gr. skal bundin eftirtöldum skilyrðum:

1. Hlutafélagið greiði ríkissjóði, annaðhvort í peningum eða hlutabréfum, allan kostnað, sem hann hefur haft af undirbúningsrannsóknum og áætlunum vegna kísilgúrverksmiðjunnar.
2. Hlutabréf séu skráð á nafn.

4. gr.

Fjöldi stofnenda hlutafélags skv. 1. og 2. gr. skal vera óháður ákvæði 1. málsliðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög. Sama máli gegnir um hluthafa þess að því er snertir 38. gr. hlutafélagalaganna.

Íslenzka ríkinu og þeim erlenda aðila, sem samvinna verður höfð við um stofnun hlutafélaganna, skal heimilt að vera meðal fullgildra stofnenda þeirra.

Sveitarfélög á Norðurlandi skulu hafa rétt til að gerast hluthafar í félögunum og að vera meðal fullgildra stofnenda þeirra.

5. gr.

Af hlutafé félaga, sem stofnuð verða skv. 1. og 2. gr., skal ekki minna en 51% vera í eigu íslenzka ríkisins.

Ákvæði 2. málsliðs 2. mgr. 31. gr. laga nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félögunum.

6. gr.

Hlutafélagi skv. 1. gr. skal heimilt að festa kaup á hlutabréfum í erlendu hlutafélagi, sem stofnað kann að verða til að annast sölu og dreifingu á framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar erlendis.

Fulltrúar ríkissjóðs í stjórn hlutafélags skv. 1. gr. skulu kosnir á Alþingi.

7. gr.

Krefjist framkvæmd 1. gr. kaupa á jarðnæði og annarri aðstöðu í eigu annarra en ríkisins, án þess að samningar náist um kaup þessara réttinda, skal ríkisstjórninni heimilt að taka þau eignarnámi gegn bótum eftir mati óvilhallra manna. Um eignarnámið skal farið að lögum nr. 61 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms.

8. gr.

Þar til gerður hefur verið tvísköttunarsamningur við það land eða þau lönd, þar sem erlendis búsettir hluthafar í félagi skv. 1. gr. eru skattskyldir, skal um skatta- og útsvarsgreiðslur af arði af hlutabréfum þeirra heimilt að fara eftir 10. gr. í tillögum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) að milliríkjasamningi um tvísköttun.

9. gr.

Iðnaðarmálaráðherra fer með mál, er snerta eignarhlutdeild ríkisins í kísilgúrverksmiðjunni.

Ráðherra raforkumála fer með mál varðandi hitaveituna, og setur hann nánari reglur um stofnun hennar og rekstur.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 544. Nefndarálit [70. mál]

um till. til þál. um tilraun til að hefja skipulagðar ferðir með skriðbíl yfir Skeiðarársand.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft till. til athugunar og leggur til, að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 30. apríl 1964.

Jónas G. Rafnar, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Guðlaugur Gíslason, frsm.
Jón Árnason.	Gunnar Gíslason.	Halldór Ásgrímsson.
Halldór E. Sigurðsson.	Ingvar Gíslason.	Geir Gunnarsson.

Sþ. 545. Nefndarálit [184. mál]

um till. til þál. um sjómannatryggingar.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa á fundum sínum, og mælir einróma með samþykkt hennar með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna nefnd, sem athugi til hlítar, hvort ekki sé unnt að breyta núverandi sjómannatryggingum í eina

heildartryggingu. Nefndin verði skipuð einum tryggingafræðingi, er ráðherra skipar, einum manni tilnefndum af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, einum manni tilnefndum af Sjómannasambandi Íslands, einum manni tilnefndum af Vinnuveitendasambandi Íslands og einum manni tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands. — Jafnhliða verði athugað, ef slík breyting telst framkvæmanleg, hvort ekki sé grundvöllur fyrir, að heildartryggingin verði boðin út á frjálsum markaði.

Alþingi, 1. maí 1964.

Jónas G. Rafnar, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Guðlaugur Gíslason.	Gunnar Gíslason.	Halldór E. Sigurðsson.
Halldór Ásgrímsson.	Geir Gunnarsson.	Ingvar Gíslason.

Ed. 546. Frumvarp til laga [14. mál]

um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. apríl.)

I. KAFLI
Um meðferð ölvaðra manna.

1. gr.

Þegar lögreglan tekur mann höndum sakir ölvunar, skal hún tilkynna nánustu vandamönnum hans aðgerðir sínar, ef um mann undir 21 árs aldri er að ræða. Sé maður handtekinn vegna ölvunar tvisvar sinnum eða oftar með skömmu millibili, skal lögreglan tilkynna nafn hans til áfengisvarnaráðunauts eða áfengisvarnanefndar, sem heldur spjaldskrá í þessu skyni.

Þegar um ítrekaðar handtökur er að ræða, eða grunur leikur á, að hinn handtekni sé haldinn drykkjusýki, eða yfirvofandi drykkjusýki, skal lögreglan, að fengnu læknisvottorði, flytja hinn handtekna í sjúkrahús, er veitt getur slíkum sjúklingi viðtöku.

Nú er ekki völ á rúmi í sjúkrahúsi í þessu skyni, og skal þá veita hlutaðeigandi sjúklingi læknismeðferð, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Ölvaða menn, sem sæta meðferð samkvæmt ákvæðum 1. greinar, skal hafa í gæzlu, unz af þeim er runnið, og allt að tveimur sólarhringum til læknisrannsóknar, eftir því sem ástæða þykir til samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

3. gr.

Læknir, sem stundar ölvaða menn samkvæmt ákvæðum 1. og 2. greinar, skal sjá um, að hlutaðeigandi sjúklingi sé látin í té viðeigandi aðhlynning, en auk þess gerir hann sér far um að kynna sér líkamlegt og andlegt ásigkomulag þeirra, svo og allar aðstæður með tilliti til drykkjuhneigðar þeirra og drykkjuskapar. Komist hann að raun um, að um drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki sé að ræða, tilkynnir hann hlutaðeiganda sjálfum, eða aðstandendum hans, eftir því sem við á, niðurstöður sínar og er til ráðuneytis um, hvernig við skuli bregðast.

4. gr.

Auka skal svo fljótt sem verða má sjúkrahúskost til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr. Kostnaður við byggingu slíkra sjúkrahúsa eða sjúkrahúsadeilda skal greiðast úr gæzluvistarsjóði eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálastjórnarinnar.

5. gr.

Ákvæði 1.—3. greinar raska ekki ákvæðum laga um viðurlög við ölvunarbrotum, enda mega ákvæði þessara laga ekki verða því til hindrunar, að þeim viðurlögum verði komið fram.

6. gr.

Kostnaður af dvöl á sjúkrahúsi skv. 2. gr. greiðist á sama hátt og annar sjúkrahúskostnaður.

7. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—3. greinar, með sérstöku tilliti til þess, ef um endurtekin tilfelli, drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki er að ræða, að hlutaðeigendum gefist kostur á sem fullkomnustum leiðbeiningum og aðstoð sér til viðréttingar, og þá sérstaklega, ef unglingar eiga í hlut.

II. KAFLI

Um meðferð drykkjusjúkra manna.

8. gr.

Meðferð drykkjusjúkra skal vera í höndum lækna, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, eða annarra stofnana, sem til þess hafa hlotið sérstakt leyfi heilbrigðisstjórnarinnar og háðar eru eftirliti hennar.

Stofnanir eða einstakir læknar, sem hafa drykkjusjúklinga til meðferðar, skulu senda landlækni, eða þeim, er hann ákveður, upplýsingar á þar til gerðum eyðublöðum, er skrifstofa landlæknis lætur í té.

9. gr.

Á geðsjúkrahúsi ríkisins og síðar á móttökudeild þess, er byggð verður, skal vera unnt að veita drykkjusjúklingum meðferð og framkvæma á þeim nauðsynlegar rannsóknir. Í þessu skyni skal auka sjúkrarými stofnananna, svo að unnt verði að vista þar drykkjusjúka til skammrar sjúkrahúsmeðferðar. Í tengslum við geðsjúkrahúsið eða móttökudeild þess skal reka lækningastöð fyrir þá, sem ekki þarfnast innlagningar, svo og til eftirmeðferðar þeirra, sem innlagðir hafa verið. Í tengslum við geðsjúkrahúsið skal enn fremur reisa og reka sérstök hæli til meðferðar þeirra, sem ekki er talið að veitt verði viðhlítandi meðferð á annan hátt; hér með talin deild á sjúkrahúsinu fyrir þá, sem haldnir eru psychoses alcoholicae eða alcoholismus symptomaticus in aliis psychosibus.

Til þess að mæta hinum auknu störfum, sem ákvæði þessarar greinar leggja á geðsjúkrahúsið, skal ráða sérstakan aðstoðaryfirlækni, er hafi m. a. með höndum meðferð drykkjusjúkra í sjúkrahúsinu og fyrir- og eftirmeðferð í lækningastöð. Annað starfslið, sem nauðsynlegt kann að þykja til að fullnægja þessum störfum, skal heimilt að ráða eftir þörfum.

10. gr.

Vilji bæjarfélag eða samtök, sem starfa að bindindis- eða líknarmálum og fengið hafa leyfi heilbrigðismálastjórnarinnar, reisa og reka á sinn kostnað lækningastöð eða hæli til aðhlynningar og lækningar drykkjusjúku fólki, er heimilt að veita til þess styrk úr gæzluvistarsjóði, að því tilskildu, að heilbrigðismálastjórn staðfesti reglugerð slíkra stofnana, enda séu þær háðar eftirliti hennar.

11. gr.

Til hælisvistar skv. 9. og 10. gr. verða teknir:

1. Þeir, sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar vistar í allt að sex mánuði. Umsóknin skal undirrituð af umsækjanda í viðurvist tveggja vitundar-

votta, sem staðfesta, að undirskriftin sé gerð af fúsum og frjálsum vilja og að umsækjandi hafi verið vel fær um að gera sér grein fyrir þeirri skuldbindingu, er í umsókninni fólst.
2. Þeir, sem sviptir eru sjálfræði vegna drykkjusýki.
3. Þeir, sem undirgangast fyrir sakadómi að sæta hælisvist allt að sex mánuði.
4. Þeir, sem dæmdir eru til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940.

Tekið skal fram í umsókn, sbr. tl. 1, og yfirlýsingu fyrir dómi, sbr. tl. 3, að umsækjandi gangist undir að virða í einu og öllu þær reglur, sem um hælisvist eru settar.

12. gr.

Sá, sem fengið hefur hælisvist skv. 1.—3. tl. 11. gr., skal dvelja á hælinu svo lengi sem læknir þess ákveður. Þó skal sjúklingur, er hlotið hefur hælisvist skv. 1. eða 3. tl. 11. gr., aldrei dvelja lengur á hæli en hann hefur skuldbundið sig til með umsókn, þ. e. í mesta lagi sex mánuði, nema samþykki hans komi til að nýju.

Sá, sem dæmdur hefur verið til hælisvistar skv. 4. tl. 11. gr., skal hlíta vistinni svo lengi sem segir í 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940.

Nú fer sá, sem fengið hefur hælisvist skv. ákvæðum þessara laga, heimildarlaust af hæli, þar sem hann dvelst, og er þá heimilt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, í vistina á ný og til að hlíta henni, unz lokið er þeim tíma, sem segir í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar.

13. gr.

Hælisvist fylgir vinnuskylda, eftir því sem yfirlæknir hælisins segir fyrir um eða aðstoðarlæknar hans eða aðrir í hans umboði.

14. gr.

Hver sá, er gefur eða veitir áfengi þeim, sem honum vitanlega er í meðferð vegna drykkjusýki, eða aðstoðar hann við útvegun áfengis, skal sæta sektum.

15. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna hælisvistar fer eftir lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

16. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð drykkjusjúkra manna skv. lögum þessum, þar á meðal með hverjum skilyrðum þeim verði veitt hælisvist, rekstur hæla skv. 9. gr., vist þar, vinnu vistmanna, svo og aðrar skyldur þeirra og réttindi.

III. KAFLI
Um gæzluvistarsjóð.

17. gr.

Af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins skal greiða 7½ milljón krónur ár hvert í sérstakan sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara, og þá fyrst og fremst að auka og reisa stofnanir þær, sem um getur í 4. og 9. gr. laganna.

Af tekjum sjóðsins skal árlega verja a. m. k. 2%, tveim af hundraði, til rannsókna á orsökum, eðli og meðferð drykkjusýki.

Heilbrigðisstjórn er heimilt að ákveða til allt að fimm ára í senn, að verja megi nokkrum hluta af tekjum sjóðsins til að styrkja starfsemi félaga, sem reka

á sinn kostnað hæli eða aðrar stofnanir til lækninga drykkjusjúku fólki, enda fari öll sú starfsemi fram skv. reglugerðum, sem heilbrigðisstjórnin staðfestir, og sé háð eftirliti hennar.

IV. KAFLI

Um meðferð þeirra, er misnota önnur slævandi eða örvandi efni.

18. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að lög þessi taki einnig til þeirra, sem misnota önnur slævandi eða örvandi efni, að því leyti, sem við getur átt, og skal þá sérstök reglugerð sett þar um.

V. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eftir því sem skilyrði verða fyrir hendi til að fullnægja ákvæðum þeirra. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, svo og síðari breytingar á þeim lögum.

Nd. 547. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Ed., 30. apríl.)

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

2. gr.

10. gr. b. og c. orðist svo:

b. Allt að 1% af rekstri verzlunarskipa og af fiskiðnaði.
c. Allt að 1½% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum.

2. mgr. 10. gr. falli niður.

3. gr.

19. gr. orðist svo:

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara samkv. 17.—18. gr. Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin, samkv. gjaldskrá, sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

4. gr.

Fyrir orðin „þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum s. l. ár“ í 20. gr. laganna komi: þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins.

5. gr.

26. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um álagningu, áfrýjun úrskurða, gjalddaga og innheimtu landsútsvara, samkv. 17.—19. gr.

6. gr.

31. gr. orðist svo:

Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr.

Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær samkv. 32. gr.

Fyrir einstaklinga 25000 kr.

Fyrir hjón 35000 kr.

Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda, 5000 kr.

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

7. gr.

A-liður 32. gr. orðist svo:

A. Af útsvarsskyldum tekjum samkv. 31. gr. greiða:

1. Einstaklingar og hjón:
   Af fyrstu 40000 kr. 20%.
   Af 40000 kr. og þar yfir 8000 kr. af 40000 kr. og 30% af afgangi.
2. Félög:
   Af fyrstu 75000 kr. 20%.
   Af 75000 kr. og þar yfir kr. 15000 af 75000 kr. og 30% af afgangi.

8. gr.

34. gr. 2. mgr. orðist svo:

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 20 hundraðshlutum.

9. gr.

65. gr. orðist svo:

Sveitarstjórnum ber að endurgreiða skattayfirvöldum allan beinan útlagðan kostnað, sem leiðir af starfi þeirra fyrir sveitarfélögin, samkv. lögum þessum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um endurgreiðslu kostnaðar, samkv. 1. mgr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1964.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra, ásamt ákvæðum laga nr. 42/1963 og nr. 43/1963, inn í meginmál laga nr. 69/1962 og gefa lögin um tekjustofna sveitarfélaga út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur hundraðshluti veltuútsvars af fiskiðnaði verið lægri á árinu 1961 í einhverju sveitarfélagi en hámarkshundraðshluti aðstöðugjalds er af slíkri starfsemi, samkv. 2. gr. laga þessara, og má þá hundraðshluti aðstöðugjalds aðeins hækka árlega um þriðjung mismunarins á árunum 1964, 1965 og 1966.

Ed. 548. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta var flutt snemma á þessu þingi, og felur það í sér nokkrar breytingar á þeim kafla búfjárræktarlaga, er snertir hrossaræktina.

Búfjárræktarlögin voru í endurskoðun hjá Búnaðarfélagi Íslands á s. l. ári, og lá sú endurskoðun fyrir búnaðarþingi í vetur, og var frv. afgreitt þar og hefur verið sent til landbúnaðarráðuneytisins til frekari fyrirgreiðslu. Þess verður að vænta, að frv. þetta verði lagt fyrir næsta Alþingi og hljóti þá afgreiðslu þar. Það er því ekki aðkallandi mál að afgreiða þetta frv. um breytingar á búfjárræktarlögunum, enda eru sumar þessar breytingar mjög vafasamar, t. d. 3. gr. frv.

Tvær fyrstu greinar frv. fela ekki í sér neinar efnisbreytingar, en kveða skýrar á um viss atriði varðandi framkvæmd búfjárræktarlaganna. 3. gr. frv. er hins vegar efnisbreyting frá gildandi lögum. Sú breyting er mjög vafasöm, þar sem lagt er til að fela sýslunefndum æðsta vald í hrossakynbótum í hverri sýslu um sig. Það verður að teljast eðlileg þróun mála, að Búnaðarfélag Íslands, sem hefur á að skipa sérfróðum mönnum í hrossarækt, eins og á öllum öðrum sviðum búnaðarmála, hafi bezta aðstöðu til að leysa vandamál hrossaræktarinnar af víðsýni og þekkingu. Það er því ekki ástæða til að rýra vald þess og fela það öðrum, sem hafa ekki á að skipa sérfræðiþekkingu á þessum sviðum. Breyting í þessum efnum er því mjög hæpin, svo að ekki sé meira sagt. Það hefur ekki heldur verið upplýst, að Búnaðarfélag Íslands hafi misbeitt valdi sínu á þessu sviði.

Við í minni hl. landbn. leggjum til, að 3. gr. frv. falli niður, og afstaða okkar til frv. miðast við það, hvort sú breytingartillaga verður samþykkt.

Alþingi, 30. apríl 1964.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Páll Þorsteinsson.

Ed. 549. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 3. gr. Greinin falli niður.

Ed. 550. Breytingartillaga [200. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við 88. gr. laganna bætist:

Sé um jeppabifreið að ræða, sem brennir benzíni, skal endurgreiða innflutningsgjald af því benzíni, er hún notar, þó aldrei hærri fjárhæð en svo, að endurgreiðslan verði samtals jafnhá upphæð og til jeppabifreiða, er annað eldsneyti nota.

Nd. **551. Frumvarp til laga** [223. mál]

um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Gunnarsson, Jón Skaftason, Birgir Finnsson.

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

A. 1. Bein lína úr „Balaklöpp" við vesturenda Skerseyrarmalar í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. 2. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum. 3. Þaðan bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark frá Vífilsstöðum. 4. Þaðan í vörðu í Stórakrók. 5. Þaðan í vörðu í neðstu jarðbrú í Kaplakrika. 6. Eftir Kaplalæk í vörðu við hraunjaðarinn, beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rétt norðan við Baggalágar, vestur af Setbergslandi. 7. Þaðan bein lína í stíflugarð rafstöðvarinnar. 8. Eftir stíflugarðinum, yfir tjörnina. 9. Upp með rafstöðvartjörninni að sunnan, þar til kemur að nýju Reykjanesbrautinni. 10. Meðfram norðurbrún nýju Reykjanesbrautarinnar, þar til hún sker eignarmarkalínu Setbergs og Hafnarfjarðar, sem er úr stíflugarðinum í markaþúfu við gömlu sandgryfjurnar, þ. e. um miðja lóðina nr. 3 við Stekkjarkinn. 11. Þá lína í markaþúfu við gömlu sandgryfjurnar. 12. Þaðan í Lækjarbotna. 13. Þá í Gráhellu. 14. Þaðan í miðjan Ketshelli. 15. Eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðsvegi í Kaplatór (Strandartorfur). 16. Þaðan bein lína í Markraka. 17. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakagil) að Krýsuvíkurvegi. 18. Þaðan bein lína í Markhelluhól. 19. Þaðan í Hraunkrossstapa. 20. Þá í Miðkrossstapa. 21. Þá í Hólbrunnshæð. 22. Þá í Stóra-Grænhól. 23. Þá í Skógarhól. 24. Og í Markaklett við Hraunsnes.

B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 33/1929, ásamt breytingu á þeim lögum, nr. 31/1959, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, svo og 3. tl. 1. gr. laga nr. 11/1936.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði og sveitarstjórnin í Garðahreppi hafa með bréfi, dags. 27/4 1964, sem prentað er sem fylgiskjal hér á eftir, óskað eftir því, að frumvarp til laga um breytingu á lögsagnarumdæmi þessara sveitarfélaga verði flutt og samþykkt á yfirstandandi þingi.

Eins og fram kemur í bréfinu, er hér náð endanlegu samkomulagi um þessi mál, en á undanförnum árum hefur mál þetta verið á dagskrá þessara sveitarfélaga.

Fylgiskjal.

Hafnarfirði, 27. apríl 1964.

Hr. alþingismaður,
Matthías Á. Mathiesen,
Hafnarfirði.

Að undanförnu hafa farið fram viðræður á milli fulltrúa frá Hafnarfjarðarkaupstað og Garðahreppi um breytingu á lögsagnarumdæmismörkum milli sveitarfélaganna, svo og eftirgjöf á réttindum þeim yfir landi úr fornu Garðatorfunni í Garðahreppi, Gullbringusýslu, er Hafnarfjarðarkaupstaður öðlaðist með leigusamningi við landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins, dags. 14. nóv. 1940.

Niðurstöður þessara viðræðna hafa orðið þær, að samkomulag hefur náðst, sem staðfest hefur verið af hreppsnefnd Garðahrepps á fundi hennar þann 1. apríl s. l. með eftirfarandi samþykkt:

„Hreppsnefnd Garðahrepps samþykkir fyrir sitt leyti, að lögsagnarumdæmismörkum Hafnarfjarðarkaupstaðar verði breytt þannig, að það land, sem nú er sunnan Hafnarfjarðar og innan lögsagnarumdæmis Garðahrepps, þ. e. svokallaðar hraunajarðir, verði framvegis innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar.

Samþykkt þessi er bundin því skilyrði, að Hafnarfjarðarbær afsali til Garðahrepps þeim landsspildum, sem bærinn hefur á leigu frá jarðeignadeild ríkisins og eru innan lögsagnarumdæmis Garðahrepps.

Jafnframt verði tryggt, að Garðahreppur fái fullan umráðarétt yfir þessum landsspildum, með leigusamningi við jarðeignadeild ríkisins, enda verði þau ákvæði laga nr. 11/1936, sem varða umræddar landsspildur, felld úr gildi."

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar gerði á fundi sínum þann 21. þ. m. um málið svo hljóðandi ályktun:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir fyrir sitt leyti, að lögsagnarumdæmismörkum milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðahrepps verði breytt á þá lund, að hluti Garðahrepps, sem liggur sunnan við Hafnarfjörð, verði framvegis innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar.

Jafnframt lýsir bæjarstjórn því yfir, að hún er reiðubúin til þess að falla frá leigurétti sínum að ræktunarspildum úr landi jarðeignadeildar ríkisins á Hraunsholti og við Arnarnesveg skv. leigusamningi, dags. 14. — 11. — 1940, þegar er framangreind breyting á lögsagnarumdæmismörkunum hefur átt sér stað.

Leigusamningar við einstaka aðila, sem stoð eiga í greindum samningi, skulu þó áfram vera í gildi.

Samþykkt þessi er gerð með því skilyrði, að Garðahreppur falli frá öllum kröfum, er hann kann að eiga til bóta fyrir lögsagnarumdæmisbreytinguna."

Með hliðsjón af ofangreindu samkomulagi leyfum vér oss að fara þess á leit við yður, herra alþingismaður, að þér hlutizt til um, að flutt verði á Alþingi því, er nú situr, frumvarp til laga um breytingu lögsagnarumdæmis þessara sveitarfélaga, er samrýmist ofangreindum samþykktum sveitarfélaganna.

Virðingarfyllst,

Ólafur G. Einarsson.
Sveitarstjórinn
í Garðahreppi.

Hafsteinn Baldvinsson.
Bæjarstjórinn
í Hafnarfirði.

Sþ. 552. Breytingartillaga [188. mál]

við till. til þál. um athugun á áfengisvandamálinu.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Á eftir orðunum „skal nefndin“ komi: í samráði við áfengisvarnaráð og starfandi félagssamtök gegn áfengisbölinu.

Sþ. 553. Nefndarálit [163. mál]

um till. til þál. um, að gerð verði áætlun um stofnkostnað og rekstur fóðuriðnaðarverksmiðju á Norðausturlandi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin sendi atvinnudeild háskólans, Búnaðarfélagi Íslands og landnámsstjóra tillöguna til umsagnar. Í svörum, sem bárust, kemur m. a. fram, að grundvöllur er fyrir hendi hér á landi til framleiðslu heymjöls og heyköggla í stórum stíl. Hins vegar er enn ekki fengin næg reynsla varðandi fjárhagshliðina.

Fjárveitinganefnd leggur til, að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu, sem tilgreind er á þingskjali 445.

Alþingi, 4. maí 1964.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson.
Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason. Guðl. Gíslason.
Jón Árnason. Geir Gunnarsson.

Sþ. 554. Nefndarálit [76. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um lánveitingar til íbúðabygginga.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og mun minni hl. nefndarinnar skila séráliti.

Till. var send húsnæðismálastjórn til umsagnar, og í bréfi hennar frá 17. apríl 1964 er upplýst, að húsnæðismálastjórn hafi undanfarna mánuði unnið að endurskoðun lagaákvæða og nýjum tillögum í húsnæðismálum og nú nýlega skilað tillögum um þessi mál til ríkisstjórnarinnar.

Að fengnum þessum upplýsingum leggjum við til, að þáltill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 1. maí 1964.

Jónas G. Rafnar, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Gunnar Gíslason.
Guðl. Gíslason. Jón Árnason.

Ed. 555. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og samþykkir að mæla með því óbreyttu.

Alþingi, 4. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Einar Guðfinnsson.
Karl Kristjánsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 556. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur kynnt sér efni frumvarpsins og mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Einar Guðfinnsson.
Karl Kristjánsson. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 557. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er komið frá efri deild, og voru þar gerðar á því nokkrar breytingar. Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið, og komu fram nokkrar athugasemdir, sem eru til athugunar hjá tollskrárnefndinni, er undirbjó frv. Mun þeirri athugun verða lokið, áður en málið kemur til 3. umr. í deildinni, en meiri hluti nefndarinnar mælir með, að frv. verði samþykkt, en áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Tveir nm., þeir EÁ og SkG, munu skila séráliti.

Alþingi, 4. maí 1964.

Davíð Ólafsson, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Matthías Á. Mathiesen, frsm.

Nd. 558. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 16. apríl 1962, um breyt. á l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leitað umsagnar Seðlabanka Íslands, sem mælir gegn því, að frumvarpið verði samþykkt.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 4. maí 1964.

Davíð Ólafsson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen, frsm.

Nd. 559. Frumvarp til laga [224. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

3. Á meðan Kjararannsóknarnefnd starfar, skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í sambandi við lausn vinnudeilnanna í júní 1963 varð samkomulag um það milli deiluaðila, samtaka launþega og atvinnuveitenda, að setja á stofn nefnd, sem hefði með höndum gagnaöflun og rannsóknir, sem auðveldað gætu gerð kjarasamninga.

Síðan á s. l. sumri hefur starfað að þessu verkefni nefnd undir nafninu Kjararannsóknarnefnd, og eru í henni fulltrúar fyrir launþega, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, og vinnuveitenda, tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, Félagi ísl. iðnrekenda og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Leitað hefur verið álita þessara aðila, og hafa þeir allir tjáð sig samþykka því, að kostnaður við störf nefndarinnar verði greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði.

Ed. 560. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til laga um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir með samþykkt þess eins og það liggur nú fyrir. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

Alþingi, 4. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Jón Árnason, fundaskr. Bjartmar Guðmundsson.
Páll Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 561. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til skipulagslaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og m. a. leitað álits Zóphóníasar Pálssonar skipulagsstjóra um nokkur atriði, en hann mætti á einum fundi nefndarinnar.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með tilteknum brtt., sem hún flytur á sérstöku þskj.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. og fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

ÁB var fjarverandi, er frv. var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 4. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Einar Guðfinnsson.
Karl Kristjánsson.

Ed. 562. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til skipulagslaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Síðasti málsl. 3. mgr. orðist svo:
   Ef ágreiningur verður milli aðila, sem fara með stjórn skipulagsmála, þ. e. skipulagsstjórnar ríkisins og sveitarstjórnar, sker ráðherra úr, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í lögum þessum.
2. Við 2. gr. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo:
   Skipulagsstjóri sér um mælingar, gerð skipulagsuppdrátta og endurskoðun þeirra í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er að gera skipulagsuppdrætti að öllum kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem búa 100 íbúar eða fleiri.
   Ráðherra getur, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, úrskurðað, að ákvæði laga þessara nái til annarra staða en um ræðir í 1. mgr.
   Ráðherra getur, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.
   Úrskurður ráðherra um skipulagsskyldu er fullnaðarúrskurður. Úrskurð um skipulagsskyldu skal birta í Stjórnartíðindum og tilgreina þar mörk hins skipulagsskylda svæðis.
4. Við 15. gr. Í stað orðanna „lokið við“ í 1. málsl. komi: samþykkt.

Nd. 563. Breytingartillaga [201. mál]

við frv. til laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 10. gr. frv. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Nú þykir ríkisstjórninni að rannsökuðu máli tvísýnt að hefja byggingu kísilgúrverksmiðju, og heimilast ríkisstjórn þá að taka engu að síður lán allt að 150 millj. króna og verja því láni, sem hér segir:

Ríkisstjórnin kallar saman ráðstefnu fulltrúa bæjarstjórna og sýslufélaga norðanlands. Skal vera einn fulltrúi frá hverju sýslufélagi og hverri bæjarstjórn. Ríkisstjórnin gefur síðan þessari ráðstefnu kost á að fá handa bæjunum og sýslunum lán, alls að upphæð 150 millj. kr., til þess að koma upp nýjum verksmiðjum víða norðanlands samkvæmt nánari áætlun, er ríkisstjórn og þessir aðilar gera í sameiningu.

Ed. 564. Breytingartillögur [20. mál]

við frv. til l. um loftferðir.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Við 52. gr.
   a. Niðurlag 3. mgr. frá orðinu „hann“ orðist svo: fengið aðvörun um það, áður en vakttíma hans lýkur, að ástæða sé til að ætla, að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Þyki ástæða til að ætla, að flugverji hafi brotið ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, er lögreglumönnum heimilt að færa hann til læknis til rannsóknar. Verði flugverja tekið blóð, skal honum ekki heimilt að hefja flug næstu 12 klst. á eftir, þó að rannsókn vegna meints brots á 1. mgr. þessarar greinar leiði í ljós, að hann sé ekki sekur.
2. Á eftir 53. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Hámarkstími, sem flugverji má starfa um borð í loftfari hverju sinni, skal vera sem hér segir:

1 flugmaður í áhöfn	12 klst.
2 flugmenn í áhöfn	14 —
2 flugmenn o. fl.	16 —
3 flugmenn o. fl.	24 —

Vari flug lengur en 16 klst., skulu a. m. k. tveir flugmannanna hafa flugstjóraréttindi og vera hvíla um borð fyrir einn flugmann.

Sé flugvélastjóri í áhöfn og flug varir lengur en 16 klst., skal honum séð fyrir hvílu.

Flugverja er óheimilt að fljúga fleiri flugstundir en 125 á hverjum 30 dögum.

Lágmarkshvíldartími flugverja skal vera sem hér segir:

Eftir	10	klst.	flug	.....	10	klst. hvíld.
	11—12	—	—	.....	12	— —
	12—13	—	—	.....	13	— —
	13—14	—	—	.....	14	— —
	14—15	—	—	.....	15	— —
	15—16	—	—	.....	16	— —
	16—17	—	—	.....	18	— —
	17—18	—	—	.....	20	— —
	18—19	—	—	.....	22	— —
	19—20	—	—	.....	24	— —
	20—21	—	—	.....	26	— —
	21—22	—	—	.....	28	— —
	22—23	—	—	.....	30	— —
	23—24	—	—	.....	32	— —

Sá tími, sem nær ekki 7 klst., telst ekki hvíldartími.

Vakttími flugverja skal að hámarki vera þannig:

1—2 flugmenn	.....	18 klst.
2 flugmenn o. fl.	.....	20 —
3 flugmenn o. fl.	.....	28 —

3. Fyrirsögn á undan 141. gr. hljóði svo:

Um loftferðadómstól og rannsókn á flugslysum.

4. 141. gr. orðist svo:

Skipaður skal loftferðadómstóll. Dómsmálaráðherra skipar menn í dóminn.

Skal dómurinn skipaður til 4 ára í senn. Formaður dómsins og varaformaður skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Auk formanns og varaformanns skulu skipaðir í loftferðadómstólinn 5 menn, sem hafa sérþekkingu á starfsgreinum í flugi og flugmálefnum.

Við dómstörf skulu 2 hinna sérfróðu manna starfa með formanni dómsins, og skal við val þeirra tekið tillit til þess, hvert verkefnið er og hverrar sérþekkingar helzt er þörf.

5. Á eftir 141. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Verkefni loftferðadómstóls eru:

1. Að rannsaka og dæma í málum vegna flugslysa.
2. Að rannsaka og dæma mál, þar sem ástæða þykir að ætla, að flugslys hafi legið nærri; einnig ef alvarleg bilun hefur komið fram á loftfari eða ástæða er til að ætla, að flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna.

6. 144. gr. orðist svo:

Loftferðadómstóll hefur yfirstjórn rannsóknar vegna flugslyss.

Dómstólnum er heimilt að fela starfsmönnum flugmálastjórnarinnar að aðstoða við rannsókn á flugslysi, og skal að öðru jöfnu fela þeim það, nema ástæða sé til að ætla, að rekja megi flugslys til yfirsjónar hjá starfsmanni flugmálastjórnarinnar eða bilana í tækjum og mannvirkjum, sem flugmálastjórnin sér um rekstur á.

Krefja má lögreglu til aðstoðar við rannsóknina, eftir því sem þurfa þykir.

Þeir, sem að rannsókn starfa, skulu jafnan eiga frjálsan aðgang að slysstað.

Eiganda loftfars, umráðanda og öðrum, sem hlut eiga að máli, skal kynna það, sem rannsókn leiðir í ljós, og leyfa að vera viðstaddir rannsóknina, nema loftferðadómstóll ákveði annað.

7. 145. gr. orðist svo:

Þegar rannsókn er lokið, skal loftferðadómstóll senda flugmálaráðherra, saksóknara og dómsmálaráðherra skýrslu um niðurstöðu rannsóknar. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins, auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir, sem gera má til þess að afstýra áframhaldandi slysum af sömu eða líkum orsökum.

Saksóknari ákveður síðan, hvort mál skuli höfðað.

Sþ. 565. Nefndarálit [106. mál]

um till. til þál. um fækkun og stækkun sveitarfélaga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Efni tillögunnar er að skora á ríkisstjórnina að láta gera tillögur um nýja skiptingu landsins í sveitarfélög, enda miði þessar tillögur að því að sameina hina fámennari hreppa. Ef Alþingi samþykkir þá viljayfirlýsingu, sem í þessu felst, og ríkisstjórnin lætur síðan gera slíkar tillögur, kynni þess að verða skammt að bíða, að hún legði þær fyrir Alþingi til lögfestingar.

Nefndin sendi sýslunefndum tillöguna til umsagnar svo og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Hafa svör borizt frá sambandinu og sjö sýslunefndum eða oddvitum þeirra. Fulltrúaráð og stjórn sveitarfélagasambandsins mælir með tillögunni, en umsagnir sýslunefndanna eða sýslunefndaroddvitanna, þær sem borizt hafa, eru nokkuð mismunandi að þessu leyti, en þó flestar að meira eða minna leyti neikvæðar gagnvart efni tillögunnar.

Í gildandi sveitarstjórnarlögum frá 1961 markaði Alþingi stefnu í þessu máli. Samkv. 4. gr. laganna ber félagsmálaráðuneytinu að sameina hreppa eða breyta hreppamörkum, ef hlutaðeigandi sýslunefnd og hreppsnefndir mæla með því. Það getur og með nánar tilgreindum skilyrðum skipt hreppi, ef hreppsnefnd óskar og sýslunefnd samþykkir. Ef kauptún eða þorp hefur 300 íbúa eða fleiri og hinn hluti hrepps a. m k. 200 íbúa, hefur hvor hlutinn um sig rétt til að verða sérstakt sveitarfélag. Ef sveitarfélag hefur í 5 ár samfleytt haft lægri íbúatölu en 100 og hlutaðeigandi sýslunefnd gerir tillögu um að sameina það nágrannasveitarfélagi, er ráðuneytinu samkv. 5. gr. heimilt að framkvæma sameininguna.

Samkvæmt 42. gr. laganna er tveim eða fleiri sveitarfélögum, sem hafa samtals fleiri en 500 íbúa, heimilt að ráða sér sveitarstjóra sameiginlega. Þannig er þessum sveitarfélögum gert kleift að hafa sameiginlega framkvæmdastjórn án þess að sameinast í eitt sveitarfélag.

Stefna sveitarstjórnarlaganna er því sú, að til þess að sameina hreppa, skipta hreppi eða breyta hreppamörkum skuli þurfa frumkvæði eða meðmæli hreppsnefnda og sýslunefnda. Lögin mæla fyrir um sameiningu eða heimila hana, þegar svo stendur á, og skapa hreppsfélögum jafnframt í 42. gr. möguleika til að vinna saman án þess að sameinast, ef þau kjósa þá leið. Vel má vera, að einhver sveitarfélög óski sameiningar eða hlutaðeigandi sýslunefnd telji hana nauðsynlega, þar sem fámennt sveitarfélag á í hlut, og er þá ekkert því til fyrirstöðu, að hún komi til framkvæmda. Samband ísl. sveitarfélaga virðist vera réttur vettvangur til að menn beri þar saman ráð sín um þessi mál, og ef sá félagsskapur í heild vill vinna að fækkun og stækkun

sveitarfélaga, hefur hann aðstöðu til þess að koma skoðunum sínum og ráðleggingum á framfæri við sveitarfélögin. Hitt virðist meiri hl. n. óþarft, að ríkisvaldið hafi uppi tillögugerð og beiti áróðursmætti sínum til þess að fá sveitarfélög til að láta af hendi sjálfstæði sitt. Ekki liggja fyrir gögn um það, að sveitarsjóðir hinna minni hreppa hafi orðið hjálparþurfi, svo að áberandi sé eða umfram aðra. Með þessu er ekki verið að andmæla því, að sameining sveitarfélaga geti verið eðlileg. En sé hún framkvæmd, fer bezt á því, að það gerist með eðlilegum hætti á grundvelli sveitarstjórnarlaganna, en ekki vegna áhrifa eða fyrirmæla frá ríkisvaldinu.

Á fundi í allsherjarnefnd, þegar málið var tekið til afgreiðslu, vildu 3 nefndarmenn (JÞ, PS og SvJ) mæla með samþykkt tillögunnar, en gerðu jafnframt ráð fyrir að flytja breytingartillögu, sem haggar þó ekki fyrrnefndri viljayfirlýsingu um nýja skiptingu landsins í sveitarfélög og afnám hinna fámennari hreppa eða áformuðu frumkvæði ríkisvaldsins um tillögugerð þar að lútandi. En undirritaður meiri hl. leggur til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með tilvísun til 4., 5. og 42. gr. sveitarstjórnarlaga og með því að telja verður Samband íslenzkra sveitarfélaga réttan vettvang til umræðna og ráðagerða um skiptingu landsins í sveitarfélög, telur Alþingi ekki þörf á því nú, að það hafi afskipti af því máli, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. maí 1964.

Matthías Bjarnason, fundaskr.
Gísli Guðmundsson, frsm.
Einar Ágústsson.
Ragnar Arnalds.

Ed. 566. Lög [196. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 396.

Ed. 567. Lög [68. mál]

um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samsljóða þskj. 478.

Nd. 568. Frumvarp til laga [225. mál]

um áburðarverksmiðju ríkisins.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Einar Ágústsson, Björn Fr. Björnsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins og lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess í lögum.

2. gr.

Áburðarverksmiðjan framleiðir eftirtalin áburðarefni: ammoníak úr vatni og lofti, ammoníum-nítrat, ammoníum-fosfat, og önnur áburðarefni, eftir því sem henta þykir.

Framleiðslunni skal hagað á þann hátt, er ódýrastan má telja, en þó hagkvæman fyrir íslenzka jarðrækt. Jafnframt skal höfð hliðsjón af almennri þörf landsins og notum fyrir þau hráefni, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar.

3. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins tekur við öllum réttindum og eignum, skuldum og ábyrgðum Áburðarverksmiðjunnar h/f og kemur að öllu leyti í hennar stað. Leggur ríkissjóður áburðarverksmiðjunni til sem stofnfé hreina eign hlutafélagsins áburðarverksmiðjunnar, enda innleysir ríkissjóður hlutabréf þess samkvæmt 13.—17. gr. þessara laga. Hættir þá Áburðarverksmiðjan h/f að vera til sem sjálfstæð stofnun, en rennur inn í áburðarverksmiðju ríkisins, er tekur samkvæmt framansögðu við starfsemi hlutafélagsins og hlutverki.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til greiðslu á stofnkostnaði og byggingarframkvæmdum áburðarverksmiðjunnar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er það fé óafturkræft. Ef fjárveitingar á fjárlögum hrökkva ekki til greiðslu stofnkostnaðar og byggingarframkvæmda verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka fé það, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstjórnarinnar og ábyrgð ríkissjóðs. Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum þessara lána.

5. gr.

Stjórn áburðarverksmiðjunnar skal skipuð fimm mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Verksmiðjustjórnin hefur á hendi stjórn verksmiðjunnar undir yfirumsjón landbúnaðarráðherra. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og ræður starfsfólk, en hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum Til þess að skuldbinda áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift þriggja stjórnarnefndarmanna.

7. gr.

Endurskoðendur áburðarverksmiðjunnar eru þrír, tveir kjörnir með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til tveggja ára í senn, en hinn þriðja skipar landbúnaðarráðherra til sama tíma eftir tilnefningu búnaðarþings. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun endurskoðenda, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.

8. gr.

Áburðarverksmiðjan selur áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórnin áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

9. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkv. II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

10. gr.

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir: a) Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. b) Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

11. gr.

Reikningsár áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikninga skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

13. gr.

Ríkisstjórnin tekur eignarnámi hlutabréf þau í Áburðarverksmiðjunni h/f, sem eru í einkaeign. Kemur eignarnámið til framkvæmda þegar við gildistöku laga þessara.

14. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, falla hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f úr gildi sem hlutabréf. Eigendur hlutabréfa geta þá þegar í stað framvísað bréfum og krafizt bóta samkvæmt mati. Skal verð bréfanna metið af þriggja manna nefnd, er hæstiréttur tilnefnir. Skipar hæstiréttur einn þessara formann, er vera skal lögfræðingur. Nefndin skal miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna við gildistöku laganna og veita eigendum bréfanna kost á að gæta hagsmuna sinna við matið.

15. gr.

Úrskurðir matsnefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir um bætur til handa hlut-höfum vegna eignarnáms hlutabréfanna, og er hluthöfum skylt að afhenda bréf sín gegn greiðslu matsverðsins auk 7% ársvaxta af matsverðinu frá gildistöku laganna til greiðsludags.

16. gr.

Matsnefndin hefur heimild til að stefna eigendum hlutabréfa fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaði, er birt sé þrisvar sinnum. Gefi einhverjir eigendur sig ekki fram innan 4 vikna frá birtingu síðustu innköllunar að telja, falla kröfur til endurgjalds fyrir hlutabréfin niður. Gefi þeir sig fram innan fjögurra ára og sanni eignarheimild sína, er þó heimilt að greiða þeim andvirði bréfanna.

17. gr.

Ríkissjóður greiðir kaupverð bréfanna.

18. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, hættir Áburðarverksmiðjan h/f að starfa, en áburðarverksmiðja ríkisins tekur þá við starfsemi hlutafélagsins og öllum eignum þess og skuldbindingum, hverju nafni sem nefnast. Eftir að hlutafélagið er hætt störfum, er öllum, sem eiga eitthvert tilkall eða kröfur á hendur því, skylt að snúa sér með þær til áburðarverksmiðjunnar. Kemur hún eftir það í öllum greinum í stað Áburðarverksmiðjunnar h/f.

19. gr.

Áburðarverksmiðjan tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjóra Áburðarverksmiðjunnar h/f, er hlutafélagið hættir störfum.

20. gr.

Allar bækur og skjöl Áburðarverksmiðjunnar h/f skulu renna til áburðarverksmiðjunnar.

21. gr.

Umboð stjórnar Áburðarverksmiðjunnar h/f fellur niður, um leið og hlutafélagið hættir störfum.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40 23. maí 1949 og lög nr. 47 21. apríl 1962.

Greinargerð.

Samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, hefur áburðarverksmiðjan í Gufunesi verið rekin sem hlutafélag. Við undirbúning þeirra laga og í frv. að þeim var þó gert ráð fyrir, að verksmiðjan væri sjálfseignarstofnun á vegum ríkisins, sem ríkið eitt legði fram og útvegaði fé til. Í öllum þeim umræðum, sem fram höfðu farið, virðast allir hafa gert ráð fyrir, að verksmiðjan yrði ríkisfyrirtæki.

Það var ekki fyrr en á síðasta stigi málsins á Alþingi, að fram var lögð tillaga um, að ríkisstjórninni væri heimilað að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar. Eins og frá lögunum var gengið, skyldi ríkissjóður leggja fram það, sem á vantaði, að hlutafé yrði 10 millj. kr., ef framlög einstaklinga og félaga næmu a. m. k. 4 millj. kr.

Ljóst er af þeim umræðum, sem fram fóru á Alþingi á sínum tíma, að fyrir þeim, sem að þessari tillögu stóðu, vakti tvennt: annars vegar vantrú á ríkisfyrirtækjum og sú skoðun, að verksmiðjunni yrði betur stjórnað, ef þar kæmu til menn, sem ættu einkahagsmuna að gæta, og hins vegar, að með þessu móti væri verulegum fjárhagsbyrðum létt af ríkissjóði, með því að gert var ráð fyrir, að allt að fjórðungur stofnkostnaðar yrði lagður fram af öðrum en ríkinu. Stofnkostnaður var þá áætlaður um 40 millj. kr.

Um hvorugt þessara atriða varð tillögumönnum að von sinni. Þetta fyrirkomulag létti ekki fjárhagsbyrðar ríkissjóðs að neinu ráði. Stofnkostnaður verksmiðjunnar mun hafa orðið um 130 millj. kr. og með síðari viðbótum kominn yfir 200 milljónir. Í hlutafé söfnuðust aðeins 4 millj. kr. frá öðrum en ríkinu, en að öðru leyti hefur ríkið lagt fram eða útvegað fé til verksmiðjunnar, en allt þetta fé greiða svo notendur áburðarins í gegnum verðlagningu hans. Framlag annarra hluthafa en ríkisins virðist því næsta lítið til að réttlæta hlutdeild þeirra í verksmiðjunni.

Flm. þessa frv. telja ríkisrekstur hvorki æskilegt né eftirsóknarvert rekstrarform í sjálfu sér, þar sem öðru verður með eðlilegum hætti við komið. Á hinn bóginn er markaður okkar þjóðfélags svo lítill, að stórfyrirtæki, sem framleiðir fyrir innlendan markað, hlýtur oftast að sitja að honum eitt án alls aðhalds af eðlilegri samkeppni. Slíkt fyrirtæki nýtur því algerrar einokunaraðstöðu, sem ekki er eðlilegt að sé í höndum annarra en ríkisheildarinnar, allra síst eftir að því hefur verið falið að sjá um alla áburðarsöluna, eins og verið hefur undanfarið.

Áburðarverksmiðjan í Gufunesi framleiðir fyrst og fremst áburð fyrir innlendan markað, og innflutningur áburðar er takmarkaður við það magn, sem verksmiðjan annar ekki að framleiða, og þær tegundir, sem hún framleiðir ekki. Þannig nýtur verksmiðjan algerrar einkaaðstöðu á áburðarmarkaðinum í landinu.

Með tilliti til þessa telja flm. það fyrirkomulag, sem nú er á rekstri áburðarverksmiðjunnar, alveg óeðlilegt, og það er skoðun þeirra, að tímabært sé, að ríkið leysi til sín hlutabréf annarra hluthafa í verksmiðjunni og taki rekstur hennar að fullu í sínar hendur, og miðar frv. þetta að því.

Gert er ráð fyrir því í frv. að setja á stofn áburðarverksmiðju ríkisins sem sjálfstæða stofnun í eigu ríkisins, sem lúti sérstakri stjórn, sem kosin sé af Alþingi. Áburðarverksmiðja ríkisins taki við öllum eignum og réttindum, skuldum og

ábyrgðum Áburðarverksmiðjunnar h/f og komi að öllu leyti í hennar stað. Hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru í eigu annarra en ríkisins, skulu tekin eignarnámi samkvæmt mati þriggja manna, sem hæstiréttur tilnefnir.

Sþ. 569. Nefndarálit [137. mál]

um till. til þál. um áætlun um þörf atvinnuveganna fyrir tæknimenntað fólk.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin sendi tillöguna til umsagnar Hagstofu Íslands, Iðnaðarmálastofnun Íslands, Félagi tæknimenntaðra manna og Verkfræðingafélagi Íslands. Svör hafa borizt frá flestum þessara aðila og eru öll á þann veg, að eindregið er mælt með samþykkt tillögunnar.

Þeir, sem umsagnir hafa sent, eru allir á einu máli um það, að hér sé hreyft mjög þýðingarmiklu máli.

Hagvöxtur og framþróun eru í vaxandi mæli háð tækni og vísindum, en frumskilyrði er hér, að ávallt sé nægilegt framboð af tæknimenntuðu fólki. Mikið skortir á, að þessu sé til að dreifa hér á landi, og í samanburði við aðrar þjóðir erum við illa á vegi staddir að þessu leyti.

Það er skoðun nefndarinnar, að hér þurfi að bæta úr hið bráðasta og að sú athugun, sem þáltill. gerir ráð fyrir, sé nauðsynleg frumaðgerð í þessu mikla nauðsynjamáli.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því, að athugun og áætlun verði lokið, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman. Þar eð hér er um umfangsmikla athugun að ræða, þykir nefndinni varlegra að fella tímamörkin úr tillögunni.

Með hliðsjón af framansögðu leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman“ komi: svo fljótt sem verða má.

Alþingi, 4. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Einar Ágústsson, frsm.
Pétur Sigurðsson.	Ragnar Arnalds.	Gísli Guðmundsson.
	Sverrir Júlíusson.	

Sþ. 570. Nefndarálit [193. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til að hraða meðferð dómsmála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill. og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 4. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Einar Ágústsson, frsm.
Pétur Sigurðsson.	Ragnar Arnalds.	Gísli Guðmundsson.
	Sverrir Júlíusson.	

Nd. **571. Nefndarálit** [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar á nokkrum fundum.

Með lögum nr. 7 frá 1963 var gagngerð formbreyting gerð á tollskránni, en engar verulegar breytingar á heildarfjárhæð tolla. Tollar voru jafnaðir þannig, að þeir hæstu voru nokkuð lækkaðir, en lægri tollar hækkaðir á móti.

Þó var sú breyting gerð, að bráðabirgðasöluskattur í innflutningi, sem innheimtur hafði verið nokkur undanfarin ár, var felldur inn í hinn nýja verðtoll og þar með gerður varanlegur. Þannig hefur tollheimta til ríkissjóðs farið ört vaxandi á undanförnum árum og er nú meiri en nokkru sinni fyrr.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, felur ekki í sér neina stefnubreytingu varðandi tollheimtuna, heldur er hér fyrst og fremst um tæknilega leiðréttingu að ræða á þeim ágöllum, sem í ljós hafa komið á tollskrá þeirri, er samþykkt var á síðasta Alþingi, og enn fremur leiðréttingar á ósamræmi. Þessar breytingar munu flestar til bóta, svo langt sem þær ná, en hafa mjög óveruleg áhrif á heildartollheimtuna.

Minni hluti fjárhagsnefndar efri deildar (KK og HB) leitaðist við að fá fram nokkrar leiðréttingar á tollheimtunni með því að bera fram ýmsar tillögur til úrbóta. er aðallega stefndu að tvennu: Annars vegar að lækka toll af vélum og tækjum til framleiðsluatvinnuveganna almennt í 4%, en yfirleitt er innheimtur 35% tollur af vörum þessum nú. Hins vegar að lækka toll af rafknúnum heimilistækjum úr 80% í 50%, og er það sama breyting og frv. gerir ráð fyrir að því er lýtur að varahlutum í þessi tæki. Enda þótt gild rök væru færð að nauðsyn þessara breytinga, voru tillögurnar allar felldar, og virðist minni hl. því þýðingarlaust að bera þær fram á ný í neðri deild.

Minni hl. vill þó freista þess að taka upp þá breytingartillögu minni hl. fjárhagsnefndar efri deildar, að ríkissjóður endurgreiði húsbyggjendum aðflutningsgjöld, sem nema 110 kr. pr. rúmmetra í allt að 360 m^3 íbúð. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fátt hefur meiri áhrif á framfærslukostnaðinn í landinu en hár húsnæðiskostnaður og að ástandið í húsbyggingarmálunum er nú þannig, að óhjákvæmilega verða róttækar úrbætur til að koma. Gert er ráð fyrir, að sú lagfæring, sem með þessu móti fengist, nemi að meðaltali á íbúð um 35000 kr. og sé nálega þrír fjórðu hlutar tollgreiðslna af efni til íbúðarinnar.

Þá flytur minni hl. breytingartillögu um, að heimilað verði að endurgreiða innflutningstolla af jarðýtum og skurðgröfum til ræktunarsambanda. Er á þann hátt komið til móts við óskir fulltrúafundar ræktunarsambanda, sem haldinn var í Reykjavík 12. og 13. febrúar s. l., en ályktanir fundarins hafa verið sendar Alþingi.

Minni hl. telur, að óhjákvæmilegt sé, að meiri háttar lagfæringar verði gerðar á tollskránni, er miði að því að draga úr hinni óhæfilegu tollheimtu, einkum á framleiðsluatvinnuvegina, og til leiðréttingar misræmis, þótt ekki séu fluttar um það breytingartillögur nú, af ástæðum, sem að framan greinir.

Það er því tillaga minni hl., að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. maí 1964.

Einar Ágústsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Alþt. 1963. A. (84. löggjafarþing). 158

Nd. 572. Breytingartillögur [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EÁ og SkG).

Við 2. gr. Við 4. lið bætist tveir nýir töluliðir, þannig:

38. Að endurgreiða hluta aðflutningsgjalda á byggingarefni í íbúðarhús eftir stærð þeirra. Skal endurgreiðslan nema 110 krónum á hvern rúmmetra íbúðar. Endurgreiðslan nær þó ekki til þess hluta íbúðar, sem er umfram 360 rúmmetra.
39. Að endurgreiða ræktunarsamböndum aðflutningsgjöld af skurðgröfum og jarðýtum.

Sþ. 573. Nefndarálit [188. mál]

um till. til þál. um athugun á áfengisvandamálinu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillögu til þingsályktunar á þskj. 372 og rætt hana á tveim fundum.

Allir nefndarmenn styðja samþykkt tillögunnar, en einn nefndarmanna, Gísli Guðmundsson, áskildi sér rétt til þess að flytja viðbótartillögu.

Með tilvísun til framanritaðs leggur nefndin til, að þingsályktunartillagan á þskj. 372 verði samþykkt.

Alþingi, 4. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Sverrir Júlíusson, frsm.
Pétur Sigurðsson.	Ragnar Arnalds.	Einar Ágústsson.
	Gísli Guðmundsson.	

Sþ. 574. Nefndarálit [145. mál]

um till. til þál. um aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með, að hún verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 5. maí 1964.

Jónas G. Rafnar, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jón Árnason.
Guðl. Gíslason.	Einar Ingimundarson.	Ingvar Gíslason, með fyrirvara.
Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.	Halldór E. Sigurðsson, með fyrirvara.	

Ed. 575. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 3. gr. Síðari málsl. 2. málsgr. orðist svo:
Leita skal álits hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands, og skulu undanþágur þessar eigi veittar nema að fengnu samþykki hans og aldrei lengur en til eins árs í senn.

Sþ. 576. Fyrirspurn [226. mál]

til landbúnaðarráðherra um Áburðarverksmiðjuna h/f.

Frá Gils Guðmundssyni og Birni Jónssyni.

1. Hafa tilraunir til að auka kornastærð Kjarnaáburðar borið árangur?
2. Hafa rannsóknir leitt í ljós, að Kjarnaáburður sé of kalksnauður fyrir íslenzkan jarðveg?
3. Eru á því tæknilegir erfiðleikar að auka kalkinnihald áburðarins?
4. Eru uppi ráðagerðir um stækkun áburðarverksmiðjunnar?
5. Hefur farið fram athugun á því, hvort æskilegt þyki og tiltækilegt, að ríkið kaupi eignarhluta fyrirtækja og einstaklinga í verksmiðjunni?
6. Hefur það leitt til sparnaðar að fela Áburðarverksmiðjunni h/f rekstur Áburðarsölu ríkisins?

Ed. 577. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi náð samstöðu um afgreiðslu þess. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en þeir KK og HB tjá sig frv. andvíga og munu skila séráliti.

Alþingi, 5. maí 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Ed. 578. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt málið. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt, en tveir nefndarmenn, KK og ÁB, áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögu eða fylgja þeim breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 5. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 579. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um Ljósmæðraskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt málið. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 5. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 580. Nefndarálit [211. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1964.

Frá fjárveitinganefnd.

Við afgreiðslu fjárlaganna í vetur var heildarfjárveitingum á 13. gr. A, til vega- og brúargerða, ekki skipt niður á einstakar framkvæmdir. Ástæðan var sú, að þá hafði verið ákveðin ný skipan vegamálanna og m. a. stórfelld fjáröflun til þeirra.

Ný vegalög voru samþykkt á Alþingi þann 20. desember, daginn áður en fjárlög voru afgreidd.

Í 10. gr. vegalaga segir: „Vegamálastjóri semur tillögu að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til 4 ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á hverjum tíma, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra."

Í 11. gr. laganna er tekið fram, að í vegáætlun skuli taldir allir þjóðvegir, svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda, enn fremur áætlaður kostnaður til vegaviðhalds og annar kostnaður vegagerðar ríkisins á sama tíma.

Um málsmeðferðina segir svo í 14. gr. laganna, að leggja skuli fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun samtímis frv. til fjárlaga og áætlunin öðlist gildi, þegar Alþingi hafi samþykkt hana.

Þar sem vegalögin voru samþykkt samtímis fjárlögum, voru sett í þau ákvæði til bráðabirgða um, að svo fljótt sem auðið væri skyldi leggja fyrir Alþingi tillögu til bráðabirgðaáætlunar, er gildi fyrir árið 1964.

Þann 14. apríl s. l. var lögð fram tillaga til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árið 1964, og var henni vísað til fjárveitinganefndar tveimur dögum síðar. Nefndin hefur rætt tillöguna á mörgum fundum og haft samráð við vegamálastjóra.

Nefndin stendur sameiginlega að áliti þessu, en einstakir nefndarmenn hafa áskilið sér rétt til þess að flytja og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Efni tillögunnar verður hér ekki rakið, en henni fylgir ýtarleg greinargerð og upplýsingar og útreikningar á 10 fylgiskjölum.

Nefndin flytur ekki breytingartillögur við tekjuáætlunina.

Varðandi I. lið útgjaldahliðar flytur nefndin ekki till., en leggur til, að viðhaldskostnaður þjóðvega undir II. lið verði lækkaður um 5 millj. kr. Samkv. tillögum nefndarinnar fer þessi upphæð til nýrra þjóðvega og í brúargerðir.

Aðalverkefni nefndarinnar var að skipta niður fé til hraðbrauta, þjóðbrauta, landsbrauta og aðalfjallvega, einnig til brúargerða. Á sérstöku þingskjali er lýst tillögum nefndarinnar. Í framsögu verður gerð nánari grein fyrir þeim.

Fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins í nefndinni bentu á, að samkv. ákvæðum 10. og 11. gr. ætti að taka nú á vegáætlun framkvæmdir þær í vegamálum, sem gera ætti fyrir lánsfé, og lögðu áherzlu á, að það yrði gert við næstu vegáætlun.

Við VI.—XII. lið gjaldabálks eru ekki fluttar breytingartillögur af nefndarinnar hálfu.

Með vegáætluninni fyrir árið 1964 hefur verið unnið mikið verk, sem kemur til endurskoðunar, er vegáætlun fyrir árin 1965—1968 verður lögð fram á hausti komanda. Þá verður unnt að byggja á fenginni reynslu og leiðrétta annmarka, sem fram hafa komið, m. a. varðandi flokkun og upptalningu vega.

Með nýju vegalögunum hafa stórauknar tekjur verið tryggðar til samgöngumálanna á landi. Er ástæða til þess að fagna þeirri þróun.

Alþingi, 5. maí 1964.

Jónas G. Rafnar, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason.
Jón Árnason.	Guðl. Gíslason.	Einar Ingimundarson.
Geir Gunnarsson.	Halldór Ásgrímsson.	Halldór E. Sigurðsson.

Ed. 581. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá samgöngumálanefnd.

Frumvarp þetta er flutt af samgöngumálanefnd neðri deildar og fjallar um þungaskatt af bifreiðum, en talið er, að í vegalögunum séu ákvæði um gjalddaga skattsins óljós. Úr því er frumv. ætlað að bæta. — Jón Árnason var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins í nefnd. En viðstaddir nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins. Tveir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram brtt.

Alþingi, 5. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Bjartmar Guðmundsson, frsm.	Páll Þorsteinsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. 582. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá samgöngumálanefnd.

Frumv. þetta er flutt af samgöngumálanefnd neðri deildar að ósk samgöngumálaráðherra, og fjallar það um breytingu á gjalddaga á þungaskatti af bifreiðum og skoðunargjöldum.

Samgöngumálanefnd er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins. — Jón Árnason var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 5. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form. Bjartmar Guðmundsson, frsm. Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 583. Nefndarálit [164. mál]

um till. til þál. um þyrilvængjur í þjónustu landhelgisgæzlunnar, samgöngubóta og sjúkraflugs á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með því, að hún verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort ekki væri heppilegt, að fest yrðu kaup á þyrlu til aðstoðar landhelgisgæzlunni svo og til farþegaflugs, póstflutnings og sjúkraflugs, einkum með tilliti til Vestfjarða.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um þyrlu í þjónustu landhelgisgæzlunnar, samgöngubóta og sjúkraflugs.

Alþingi, 5. maí 1964.

Jónas G. Rafnar, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Geir Gunnarsson, frsm.
Guðlaugur Gíslason. Jón Árnason. Halldór Ásgrímsson.
Einar Ingimundarson. Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason.

Sþ. 584. Nefndarálit [115. mál]

um till. til þál. um almennan lífeyrissjóð.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd mælir með því, að tillaga þessi verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna til hlítar, hvort ekki sé tímabært að setja löggjöf um almennan lífeyrissjóð, sem allir landsmenn, sem eru ekki nú þegar aðilar að lífeyrissjóðum, geti átt aðgang að.

Alþingi, 5. maí 1964.

Jónas G. Rafnar, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Halldór E. Sigurðsson, frsm.
Halldór Ásgrímsson. Jón Árnason. Ingvar Gíslason.
Guðl. Gíslason. Einar Ingimundarson. Geir Gunnarsson.

Ed. 585. Frumvarp til laga [195. mál]

um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd., 5. maí.)

1. gr.

10. grein laganna orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, er safnað hefur fé í sjóð samkvæmt 1. mgr., hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal hann eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti 50000 kr.

Sérhverjum skal heimilt að leggja til hliðar í þessu skyni hærri hluta launa sinna en 15%, byrja sparnaðinn fyrr en tilskilið er og halda honum áfram lengur. Þeir, sem lagt hafa fé í Stofnlánadeild landbúnaðarins og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr Stofnlánadeildinni, enda verði þau lán veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar. Heimilt er Búnaðarbanka Íslands og húsnæðismálastjórn að semja um, að réttindi þessi verði gagnkvæm.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 9. grein, skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 586. Breytingartillögur [211. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1964.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við II, II. 1. (Viðhaldskostnaður þjóðvega).
   Fyrir „85 000 000“ kemur ..... kr. 80 000 000

2. Við II, III. Liðurinn orðist svo:
Til nýrra þjóðvega.

1.	Til hraðbrauta:		
1.	Reykjanesbraut (A. 2)	6 778 000	
2.	Þrengslavegur (G. 2)	3 222 000	
			kr. 10 000 000
2.	Til þjóðbrauta:		
1.	Vesturlandsvegur (B. 1):		
	a. Um Þyril 1 900 000		
	b. Í Gilsfirði 835 000		
		2 735 000	
2.	Ólafsvíkurvegur (B. 40)	4 220 000	
3.	Grundarfjarðarvegur (B. 45) ...	1 245 000	
4.	Vestfjarðavegur (C. 1):		
	a. Eiði—Mjóafj.botn . 800 000		
	b. Kinn—Kerlingarh. 600 000		
		1 400 000	
5.	Barðastrandarvegur (C. 10)	500 000	
6.	Strandavegur (C. 36)	500 000	
7.	Norðurlandsvegur (D. 1, E. 1):		
	a. Í Langadal 140 000		
	b. Í Reykjadal 150 000		
	c. Á Mývatnsheiði 160 000		
	d. Við Helluvaðsá ... 300 000		
		750 000	
8.	Siglufjarðarvegur (D. 38)	1 500 000	
9.	Ólafsfjarðarvegur (D. 53):		
	a. Hjá Ketilósi 150 000		
	b. Um Ólafsfj.múla . 1 350 000		
	c. Í Arnarneshreppi . 150 000		
		1 650 000	
10.	Þingeyjarsýslubraut (E. 23):		
	a. Sunnan Húsavíkur 500 000		
	b. Á Tjörnesi 500 000		
	c. Kelduhv.—Þórsh. . 750 000		
	d. Á Ytrihálsi 400 000		
		2 150 000	
11.	Austurlandsvegur (F. 1):		
	a. Í Möðrudal 800 000		
	b. Á Jökuldal 100 000		
	c. Um Hróarstungu .. 500 000		
	d. Í Skriðdal 500 000		
	e. Í Breiðdal 450 000		
	f. Í Berufirði 600 000		
	g. Í Geithellnahr. 400 000		
	h. Í Lóni 300 000		
		3 650 000	
12.	Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (F. 2):		
	Á Hellisheiði	600 000	
13.	Norðfjarðarvegur (F. 31):		
	a. Um Fagradal 430 000		
	b. Í Eskifirði 250 000		
	c. Í Reyðarfirði 400 000		
		1 080 000	

14.	Suðurfjarðavegur (F. 39)	750 000	
15.	Suðurlandsvegur (G. 1):		
	a. Í Mýrdal 500 000		
	b. Í Holtum 900 000		
		1 400 000	
16.	Þingvallavegur (G. 3)	600 000	
			kr. 24 730 000
3.	Til landsbrauta:		
1.	Grindavíkurvegur (A. 6)	300 000	
2.	Kjósarskarðsvegur (A. 24)	265 000	
3.	Skorradalsvegur (B. 3)	250 000	
4.	Dragavegur (B. 2)	250 000	
5.	Lundarreykjadalsvegur (B. 10)	200 000	
6.	Reykdælavegur (B. 14)	150 000	
7.	Svínadalsvegur (B. 4)	50 000	
8.	Melasveitarvegur (B. 8)	145 000	
9.	Þverárhlíðarvegur (B. 18)	200 000	
10.	Norðurárdalsvegur (B. 17)	100 000	
11.	Ferjubakkavegur (B. 16)	180 000	
12.	Álftaneshreppsvegur (B. 26) ..	45 000	
13.	Hraunhreppsvegur (B. 27) ...	400 000	
14.	Staðarhraunsvegur (B. 30)	45 000	
15.	Kolviðarnesvegur (B. 34)	100 000	
16.	Útnesvegur (B. 42)	130 000	
17.	Framsveitarvegur (B. 46)	50 000	
18.	Skógarstrandarvegur (B. 50) ..	800 000	
19.	Heydalsvegur (B. 32)	480 000	
20.	Hlíðarvegur (B. 54)	175 000	
21.	Hörðudalsvegur (B. 52)	100 000	
22.	Laxárdalsvegur (B. 56)	175 000	
23.	Klofningsvegur (B. 59)	920 000	
24.	Kollsvíkurvegur (C. 14)	150 000	
25.	Suðureyrarvegur (C. 16)	100 000	
26.	Bíldudalsvegur (C. 15): Í frh. af Mikladalsvegi	200 000	
27.	Bíldudalsvegur (C. 15): Trostansfjarðarvegur	1 500 000	
28.	Svalvogavegur (C. 19)	115 000	
29.	Ingjaldssandsvegur (C. 21)	120 000	
30.	Valþjófsdalsvegur (C. 22)	60 000	
31.	Flateyrarvegur (C. 23)	200 000	
32.	Súgandafjarðarvegur (C. 24) ..	400 000	
33.	Djúpvegur (C. 28) ..... Þar af 1 300 000 kr. í Fjarðarveg og 700 000 kr. í Ögurveg.	2 000 000	
34.	Snæfjallastrandarvegur (C. 33)	200 000	
35.	Vatnsfjarðarvegur (C. 29)	350 000	
36.	Strandavegur (C. 36)	700 000	
37.	Drangsnesvegur (C. 40)	375 000	
38.	Vatnsnesvegur (D. 7)	310 000	
39.	Miðfjarðarvegur (D. 4)	330 000	
40.	Vesturárdalsvegur (D. 5)	70 000	
41.	Heggsstaðanesvegur (D. 3)	145 000	
42.	Fitjavegur (D. 6)	55 000	

43.	Vatnsdalsvegur (D. 12)	375 000	
44.	Reykjabraut (D. 15)	70 000	
45.	Svartárdalsvegur (D. 22)	230 000	
46.	Svínadalsvegur (D. 19)	300 000	
47.	Skagavegur (D. 23)	285 000	
48.	Skagafjarðarvegur (D. 30)	450 000	
49.	Reykjastrandarvegur (D. 27) ..	300 000	
50.	Efribyggðarvegur (D. 31)	50 000	
51.	Kjálkavegur (D. 35)	250 000	
52.	Ólafsfjarðarvegur eystri (E. 2)	170 000	
53.	Hörgárdalsvegur (E. 8)	250 000	
54.	Eyjafjarðarbraut (E. 12)	600 000	
55.	Svalbarðsstrandarvegur (E. 15)	470 000	
56.	Fnjóskadalsvegir (E. 16—17) ..	500 000	
57.	Útkinnarvegur (E. 20)	80 000	
58.	Bárðardalsvegir (E. 21—22) ..	330 000	
59.	Hólsfjallavegur (E. 36)	500 000	
60.	Langanesvegur (E. 42)	200 000	
61.	Vopnafjarðarvegir (F. 5—9) ..	1 100 000	
62.	Jökuldalsvegur efri (F. 12)	480 000	
63.	Hróarstunguvegur eystri (F. 15)	380 000	
64.	Upphéraðsvegur (F. 19)	600 000	
65.	Seyðisfjarðarvegur (F. 24)	460 000	
66.	Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F. 25)	1 000 000	
67.	Loðmundarfjarðarvegur (F. 30)	100 000	
68.	Mjóafjarðarvegur (F. 32)	100 000	
69.	Dalavegur í Fáskrúðsf. (F. 41)	80 000	
70.	Axarvegur (F. 45)	150 000	
71.	Austurlandsvegur í Skaftafellssýslu (F. 1)	520 000	
72.	Suðurlandsvegur (G. 1):		
	a. Eldhraun að austanverðu ..	400 000	
	b. Eldhraun að vestanverðu ..	300 000	
73.	Biskupstungnabraut (G. 10) ..	400 000	
74.	Grafningsvegur (G. 11)	150 000	
75.	Geysisvegur (G. 20)	500 000	
76.	Auðsholtsvegur (G. 28)	190 000	
77.	Gaulverjabæjarvegur (G. 41) ..	200 000	
78.	Bugavegur (G. 48)	200 000	
79.	Þykkvabæjarvegur (G. 49)	100 000	
80.	Árbæjarvegur (G. 54)	200 000	
81.	Rangárvallavegur (G. 55)	220 000	
82.	Út-Landeyjavegur (G. 62)	400 000	
83.	Álftaversvegur (G. 83)	60 000	
84.	Meðallandsvegur (G. 86)	520 000	
85.	Prestbakkavegur (G. 90)	50 000	
		kr. 27 160 000	
			kr. 61 890 000

3. Við II, IV. 1. Liðurinn orðist svo:
Til aðalfjallvega:

1.	Kaldadalsvegur	kr. 80 000	
2.	Kjalvegur	— 130 000	
3.	Sprengisandsleið	— 1 000 000	
4.	Fjallabaksvegur nyrðri	— 90 000	
			— 1 300 000

4. Við II, V 1. Liðurinn orðist svo:
Til stórbrúa:

1. Mórilla í Kaldalóni	—	2 100 000	
2. Miðfjarðará á Norðurlandsvegi	—	1 480 000	
3. Blanda hjá Blönduósi	—	200 000	
4. Hofsá í Vopnafirði	—	2 620 000	
5. Steinavötn í Suðursveit	—	4 800 000	
6. Hólmsá í Skaftártungu	—	200 000	
7. Tungufljót hjá Snæbýli	—	1 600 000	
			kr. 13 000 000

5. Við II, V. 2. Liðurinn orðist svo:
Til brúa 10 m og lengri:

1. Brákarsundsbrú	kr.	440 000	
2 Kaldá	—	320 000	
3. Núpsá	—	600 000	
4 Hörðudalsá	—	800 000	
5. Grjótá í Gilsfirði	—	985 000	
6. Tunguá hjá Tröllatungu	—	420 000	
7. Kaldbaksós	—	200 000	
8. Norðdalsá í Bitru	—	200 000	
9. Reyðarlækur hjá Bjarghúsum	—	505 000	
10 Svartá hjá Steiná	—	200 000	
11. Svínadalsá hjá Rútsstöðum	—	530 000	
12. Gauksstaðaá á Skaga	—	555 000	
13 Fossá á Skaga	—	900 000	
14. Fjarðará í Siglufirði	—	250 000	
15. Kaldakvísl á Sprengisandi	—	390 000	
16. Helluvaðsá	—	450 000	
17 Gilsbakkaá í Norður-Þingeyjarsýslu	—	530 000	
18. Klifárgil á Héraði	—	1 450 000	
19. Kotá í Öræfum	—	1 125 000	
20. Eldvatnskvísl í Eldhrauni	—	560 000	
21 Landbrotsvatn	—	425 000	
22. Klifandi hjá Felli	—	400 000	
23. Eystri-Rangá hjá Keldum	—	470 000	
			— 12 705 000

Sþ. 587. Breytingartillaga [145. mál]

við till. til þál. um aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins.

Frá Gísla Guðmundssyni, Helga Bergs og Karli Kristjánssyni.

Aftan við tillögugreinina bætist: svo og aðra möguleika til fjáröflunar í sama tilgangi, innanlands og utan.

Nd. 588. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Sigurvin Einarssyni og Gísla Guðmundssyni.

Við 3. gr. Við greinina bætist:
Áfengir drykkir skulu ekki veittir á kostnað ríkisins eða ríkisstofnana.

Ed. 589. Frumvarp til skipulagslaga. [33. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

I. KAFLI
Um stjórn skipulagsmála.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með stjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum.

Ráðuneytinu til aðstoðar eru skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri. Í skipulagsstjórn ríkisins eiga sæti 5 menn: Húsameistari ríkisins, vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri, svo og tveir menn skipaðir af ráðherra til fjögurra ára eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, annar eftir tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, en hinn án tilnefningar. Varamenn hinna tveggja síðasttöldu skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara til fjögurra ára í senn.

Verkefni skipulagsstjórnar er að ganga frá skipulagsuppdráttum, er berast til staðfestingar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu, þar sem hún telur þess þörf, vera opinberum aðilum til ráðuneytis um allt, sem skipulagsmál varðar, og fara að öðru leyti með stjórn skipulagsmála eftir því, sem segir í lögum þessum. Ef ágreiningur verður milli aðila, sem fara með stjórn skipulagsmála, þ. e. skipulagsstjórnar ríkisins og sveitarstjórnar, sker ráðherra úr, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í lögum þessum.

Ráðherra ákveður skipulagsstjórn laun, sem greiðast ásamt öllum kostnaði við störf hennar, úr ríkissjóði.

2. gr.

Ráðherra skipar skipulagsstjóra ríkisins að fengnum tillögum skipulagsstjórnar. Hann fer í umboði ráðuneytisins og skipulagsstjórnar með framkvæmdir í skipulagsmálum eftir því, sem lög þessi ákveða.

Skipulagsstjóri sér um mælingar, gerð skipulagsuppdrátta og endurskoðun þeirra í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Hann getur þó leyft, að slíkar mælingar og gerð skipulagsuppdrátta séu falin sérmenntuðum mönnum, er starfi í samráði við hann. Hann ákveður í samráði við skipulagsstjórn, að hvaða skipulagsverkefnum skuli unnið hverju sinni.

Skipulagsstjóri hefur umsjón með því, að hvarvetna sé farið eftir gildandi skipulagi. Hann skal fylgjast með störfum byggingarnefnda. Skipulagsstjóri skal sitja fundi skipulagsstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Honum er heimilt með sama hætti að sitja fundi byggingarnefnda.

Nú telur skipulagsstjóri, að byggingarleyfi brjóti í bága við samþykkt eða fyrirhugað skipulag, og skal hann þá leita úrskurðar ráðherra um, hvort það skuli fellt úr gildi. Ef skipulagsstjóri leitar úrskurðar samkvæmt framansögðu, er óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum samkvæmt nefndu byggingarleyfi, unz úrskurður ráðherra liggur fyrir, en leita skal ráðherra áður umsagnar skipulagsstjórnar og viðkomandi sveitarstjórnar, sem skulu senda umsagnir sínar innan hæfilegs frests, sem ráðherra tiltekur.

Skipulagsstjórn og skipulagsstjóri skulu árlega gefa ráðuneytinu skýrslu um störf sín.

Laun skipulagsstjóra, svo og annar kostnaður við störf hans, svo sem laun starfsmanna hans, skrifstofu- og ferðakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Nú hagar svo til, að skipulag í einu sveitarfélagi er, að dómi skipulagsstjórnar, svo háð skipulagi í nærliggjandi sveitarfélagi, eða í fleiri nærliggjandi sveitarfélög-

um, að nauðsyn beri til þess að gera að einhverju leyti sameiginlegt skipulag fyrir þessi sveitarfélög, og getur ráðherra þá ákveðið, að samvinnunefnd verði skipuð til þess að gera tillögur um skipulag, sem að þessu leyti er sameiginlegt fyrir sveitarfélögin.

Sveitarstjórnir þær, er hlut eiga að máli, skipa hvor eða hver um sig tvo menn í samvinnunefnd, en skipulagsstjórn skipar einn mann í nefndina, og skal hann vera formaður hennar.

Skipulagsstjórn skal aðstoða nefndina við störf sín eftir þörfum.

Samvinnunefnd getur með samþykki skipulagsstjórnar leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar, sem þörf krefur.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur og ákveður kjörtíma hennar, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

II. KAFLI

Um skipulagsskyldu og eftirlit með framkvæmd hennar.

4. gr.

Skylt er að gera skipulagsuppdrætti að öllum kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem búa 100 íbúar eða fleiri.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, úrskurðað, að ákvæði laga þessara nái til annarra staða en um ræðir í 1. mgr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.

Úrskurður ráðherra um skipulagsskyldu er fullnaðarúrskurður. Úrskurð um skipulagsskyldu skal birta í Stjórnartíðindum og tilgreina þar mörk hins skipulagsskylda svæðis.

5. gr.

Á skipulagsskyldu svæði skulu allar byggingar og önnur mannvirki gerð í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt. Þess skal og gætt, að öllum lögnum rafmagnsveitna, síma, vatnsveitna o. s. frv. sé hagað í samræmi við hann. Sveitarstjórn (byggingarnefnd) ber að sjá um, að svo sé gert.

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi um skipulagsskyldan stað eða aðeins til um hluta hans, og getur þá skipulagsstjórn, að fengnum meðmælum sveitarstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt, enda telji hún, að þær geti samrýmzt væntanlegu skipulagi, sbr. og 2. mgr. 12. gr.

6. gr.

Nú er bygging eða gerð mannvirkis hafin á skipulagsskyldu svæði, án þess að tilskilin leyfi séu fengin, eða á annan hátt byggt en leyfi stendur til og skipulag gerir ráð fyrir, og skal sveitarstjórn (byggingarnefnd) þá hlutast til um, að framkvæmdir verði þegar stöðvaðar og fjarlægt það, sem byggt kann að hafa verið án leyfis. Gerist þess þörf, skal leitað til hlutaðeigandi yfirvalds, og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd yfirvalds, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Sveitarsjóður á forgangsveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í því efni, sem komið er í hina ólöglegu byggingu.

Nú kemur í ljós, að skipulagsákvæði eru brotin, og sveitarstjórn beitir ekki valdi sínu til að leiðrétta það, og skal þá ráðuneytið, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, hlutast til um, að mannvirki, sem tvímælalaust brjóta í bág við gildandi skipulag, verði fjarlægð á kostnað sveitarsjóðs.

III. KAFLI
Um mælingar skipulagsskyldra staða.

7. gr.

Á öllum skipulagsskyldum stöðum skal mæla svæði það, sem byggð nær yfir, og eigi minna land umhverfis en ætla má, að fullnægi eðlilegum vexti byggðarinnar næstu 25 ár.

Skipulagsstjóri ákveður í samráði við skipulagsstjórn, hvar mælingar og endurskoðun eldri mælinga skuli fram fara hverju sinni.

8. gr.

Eigendum (umráðamönnum) lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum umferð um lönd og lóðir eftir því, sem þörf krefur, vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki (hæðarmerki á hús og merki á jörðu), þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

9. gr.

Um gerð og frágang uppdrátta samkvæmt þessum kafla fer eftir reglugerð, sem ráðherra setur.

IV. KAFLI
Um gerð skipulagsuppdrátta.

10. gr.

Á skipulagsuppdrætti, samkvæmt 4. gr., skal sýna aðalumferðaræðar, skiptingu fyrirhugaðrar byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, hafnarhverfi og opin svæði, svo og staðsetningu nauðsynlegra bygginga til almenningsþarfa o. s. frv. Þar skal einnig gera grein fyrir nýtingarhlutfalli, sbr. 13. gr.

Heimilt er skipulagsstjórn með samþykki sveitarstjórnar að fresta ákvörðun um skipulagningu hluta af landssvæði skipulagsskylds staðar, og skal þá auðkenna slíkt svæði sérstaklega. Slík ákvörðun getur gilt allt að 10 ár í senn, en að loknum þeim tíma skal tekið til nýrrar athugunar, hvort ráðizt skuli í skipulagningu þessa svæðis að nokkru eða öllu leyti.

Ef ekki næst samkomulag milli skipulagsstjórnar og sveitarstjórnar um það, hvort nota skuli heimild til frestunar, samkvæmt 2. mgr., sker ráðherra úr, en leita skal hann áður umsagnar beggja aðila.

Sveitarstjórn skal láta þinglýsa slíkum ákvörðunum sem kvöðum á þær eignir, sem ákvarðanirnar taka til. Slík skjöl skulu undanþegin gjöldum í ríkissjóð og sveitarsjóð.

11. gr.

Þar sem gerður hefur verið skipulagsuppdráttur, samkvæmt 10. gr., skal, þar sem þörf krefur, einnig gera séruppdrætti að skipulagi einstakra bæjarhverfa.

Á séruppdrætti skal gerð nánari grein fyrir skipulaginu í einstökum atriðum, svo sem legu og breidd gatna, breidd akbrauta og gangstétta, lóðamörkum, staðsetningu bygginga, stærð þeirra og hæð. Þar má og kveða nánar á um gerð húsa og útlit eftir því, sem ástæða þykir til.

Á séruppdrætti er heimilt að víkja nokkuð frá meginreglum skipulagsuppdráttar, samkvæmt 10. gr., að því er varðar einstök atriði skipulags, þó því aðeins, að með því verði ekki raskað að verulegu leyti nýtingarhlutfalli því, sem ákveðið hefur verið í hverfinu, samkvæmt 13. gr.

12. gr.

Nú er ákveðið að beita ákvæðum 3. gr. um svæðaskipulagningu, og skal þá gera uppdrátt af því svæði, sem um er að ræða, svo sem fyrir er mælt í 10. gr., eftir því sem þörf krefur.

Ef talið er æskilegt að fresta um tiltekið árabil, þó ekki lengur en 10 ár í senn, ákvörðun um skipulagningu hluta af svæðinu, skal auðkenna það sérstaklega á uppdrætti. Er þá óheimilt að reisa á svæðinu nokkur varanleg mannvirki, nema sérstök heimild skipulagsstjórnar komi til. Heimilt er þó sveitarstjórn í samráði við skipulagsstjóra að leyfa byggingar á svæðinu, ef hún telur slíkt nauðsynlegt vegna atvinnurekstrar, sem þar er fyrir. Binda má leyfi því skilyrði, að umrætt mannvirki verði fjarlægt sveitarsjóði að kostnaðarlausu, þegar þess verður krafizt.

Þinglýsa má slíkum ákvörðunum sem kvöðum á þeim eignum, sem ákvarðanir taka til. Skulu slík skjöl undanþegin gjöldum í ríkissjóð og sveitarsjóð.

Samvinnunefndin skal sérstaklega auðkenna þau svæði, sem hún telur heppilegast að skipulögð verði endanlega og gerð byggingarhæf á næstu 10 árum frá því, að uppdrátturinn tekur gildi.

Í reglugerð má kveða nánar á um gerð slíkra uppdrátta, sbr. og 13. gr.

13. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, setja reglugerð um gerð skipulagsuppdrátta, samkvæmt 10. og 11. gr.

Þar skal m. a. ákveðið um mælikvarða og frágang uppdrátta, og hver greinargerð fylgja skuli uppdrætti. Einnig skal þar ákveðið, hvaða lágmarkskröfur gera skuli um fjölda opinna bifreiðastæða, er fylgja hverju húsi eða byggingarreit, og skal í því efni miða við notkun þess, svo og um stærð leiksvæða fyrir börn á lóðum íbúðarhúsa og athafnasvæði fyrir íbúa að öðru leyti. Enn fremur skal þar kveðið á um lágmarksfjarlægð milli húsa, og skal í því efni við það miðað, að í íbúðarhverfum njóti fullnægjandi birtu á aðalsólarhlið húss. Þá skal og kveða þar á um nýtingarhlutfall í hinum ýmsu hverfum, en nýtingarhlutfall er hlutfallið milli samanlagðs gólffletar húss og lóðarstærðar. Ákveða má, að auðkenndir skuli sérstaklega á uppdrætti þeir staðir, sem eru áberandi, t. d. við torg og aðalgötur, og sé leyfi til byggingar þar bundið samþykki skipulagsstjórnar.

14. gr.

Skipulagsstjórn getur með samþykki ráðherra látið fram fara opinbera samkeppni um skipulag ákveðins sveitarfélags, hluta þess eða svæðis, sem nær að nokkru leyti eða öllu yfir tvö sveitarfélög eða fleiri. Áður en slík samkeppni er ákveðin, skal skipulagsstjórn leita umsagnar þeirra sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.

Um samkeppnina skal fara eftir þeim samkeppnisreglum, er skipulagsstjórn samþykkir, en að öðru leyti sker ráðherra úr vafaatriðum, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

15. gr.

Þegar skipulagsstjórn hefur samþykkt tillögu að skipulagsuppdrætti, samkvæmt 10. gr. (svo og 11. gr. að því leyti, sem slíkt er nauðsynlegt), skal tillagan send viðkomandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum) til umsagnar. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn sína innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé settur. Ef umsögn berst ekki innan tiltekins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

16. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur lokið tillögu um skipulag ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni, skal hún senda málið til meðferðar skipulagsstjórnar.

Nú fellst skipulagsstjórn á skipulagstillöguna og skal tillagan þá send til umsagnar þeirra sveitarfélaga, sem hún tekur til. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé veittur. Ef umsögn berst ekki innan tilskilins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

Ef sveitarstjórn gerir breytingartillögur og samvinnunefnd getur ekki á þær fallizt, þá skal skipulagsstjóri boða til fundar samvinnunefndar og fulltrúa þeirra sveitarstjórna, sem um málið hafa fjallað að því leyti, sem málið geti varðað viðkomandi sveitarstjórn. Náist ekki samkomulag þar, ákveður skipulagsstjórn, hvort tillagan skuli lögð fram.

Nú hefur verið gerður skipulagsuppdráttur og ákveður skipulagsstjórn þá, hvort taka skuli athugasemdir sveitarstjórna til greina að einhverju eða öllu leyti.

V. KAFLI

Um framlagningu skipulagstillagna, samþykkt þeirra og staðfestingu.

17. gr.

Nú ákveður skipulagsstjórn að leggja skipulagstillögu, samkvæmt 15. og 16. gr., fram opinberlega, og skal hún þá auglýsa slíkt á þann hátt, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á umræddum stað. Skal þar tilgreint yfir hvaða svæði tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hve lengi, en það má eigi vera skemur en 6 vikur, hvert skila skuli athugasemdum við tillöguna og innan hvers frests, en hann má eigi vera skemmri en 8 vikur frá birtingu auglýsingar, og jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem eigi geri athugasemdir innan tilskilins frests, teljist samþykkja tillöguna.

Skipulagsstjórn getur falið sveitarstjórn að annast framlagningu tillagna og auglýsinga, samkvæmt 1. mgr.

18. gr.

Athugasemdum við skipulagstillögu skal skilað til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal innan 8 vikna, nema skipulagsstjórn ákveði lengri frest, senda skipulagsstjórn athugasemdir þær, er borizt hafa, ásamt umsögn sinni um hverja athugasemd og endanlega umsögn um uppdráttinn.

Hafi samvinnunefnd fjallað um skipulagstillöguna, skal leitað umsagnar hennar um athugasemdirnar.

Skipulagsstjórn gengur síðan endanlega frá uppdrættinum og sendir hann ráðherra til staðfestingar.

Þegar ráðherra hefur staðfest uppdrátt, skal það birt í Stjórnartíðindum ásamt greinargerð skipulagsstjórnar um mörk hins skipulagða svæðis og annað, er hún telur máli skipta.

19. gr.

Nú telur skipulagsstjórn eða sveitarstjórn, að endurskoða eða breyta þurfi staðfestum skipulagsuppdrætti, og fer þá um málsmeðferð, samkvæmt 15.—18. gr., eftir því, sem við á hverju sinni.

Byggingarframkvæmdir á þeim svæðum, sem óskað er breytingar skipulags á, eru þá háðar ákvæðum 2. mgr. 5. gr., sbr. 6. gr., unz endurskoðun eða breytingu skipulagsins er lokið.

Nú óskar sveitarstjórn, að gerðar verði breytingar á staðfestum skipulagsuppdrætti, er séu það óverulegar, að ekki sé talin ástæða til meðferðar, samkvæmt 1. mgr., og skal þá gera tillögu til skipulagsstjórnar um breytingarnar.

Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um það, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Ef skipulagsstjórn fellst á breytinguna, staðfestir hún hana, tilkynnir hana ráðuneytinu, sem sér um, að frá henni verði skýrt í Stjórnartíðindum.

20. gr.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar að fresta um ákveðið árabil, þó ekki lengur en 10 ár í senn, staðfestingu skipulagsuppdráttar ákveðins

svæðis, samkvæmt 10. (og 11. gr.), enda sé land það, sem uppdrátturinn tekur til, að öllu leyti í eigu sveitarfélagsins eða aðila, sem samþykkja þá tilhögun.

Þá er sveitarstjórn með sama hætti heimilt að fresta staðfestingu, ef sérstök óvissa ríkir um þýðingarmikil atriði, sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

Þegar svo stendur á, sem í 1. mgr. segir, er heimilt að falla frá þeirri opinberu auglýsingu og birtingu skipulagstillagna, sem um ræðir í þessum kafla.

Þótt uppdráttur hljóti ekki staðfestingu, samkvæmt 1. mgr., er sveitarstjórn (byggingarnefnd) skylt að fara eftir honum, og verður honum ekki breytt, nema gætt sé reglna 19. gr., eftir því sem við á.

21. gr.

Nú hefur skipulag hlotið staðfestingu, en lóðaskipting á tilteknum byggingarreit eða hluta hans er að dómi skipulagsstjórnar svo óhentug, að miklum erfiðleikum er bundið eða ekki unnt að byggja samkvæmt því, nema breyting á lóðamörkum komi til, og skal hún þá gera tillögu um nýja lóðaskiptingu. Ef sveitarstjórn samþykkir lóðaskiptinguna, skal hún leita samkomulags við lóðaeigendur um nauðsynlegar breytingar.

Ef ekki næst samkomulag, getur sveitarstjórn látið fram fara eignarnám í samræmi við ákvörðun sína.

22. gr.

Nú er lóð á skipulögðum reit að dómi skipulagsstjórnar svo óheppilega löguð eða svo lítil, að ekki megi nýta til bygginga samkvæmt skipulagi, og má þá ákveða, að hún verði lögð við aðra lóð eða lóðir.

Ef eigendur verða ekki ásáttir um eignarhlutdeild í hinni nýju lóð, skal úr þeim ágreiningi skorið með mati dómkvaddra manna.

VI. KAFLI

Um framkvæmd skipulags eldri hverfa.

23. gr.

Nú telur sveitarstjórn rétt að beita sér fyrir því, að hafizt verði handa um endurbyggingu byggingarreits eða hluta af honum í samræmi við staðfest skipulag, og skal þá gerð um það sérstök ályktun.

Ályktun þessi skal tilkynnt skriflega eigendum (umráðamönnum) fasteigna á umræddu svæði. Nú telur sveitarstjórn vafa leika á því, hverjum tilkynna skuli, og skal þá jafnframt birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði einu sinni. Skulu aðilar innan frests, sem sveitarstjórn ákveður og eigi má vera skemmri en fjórar vikur, tilkynna skriflega, hvort þeir óski að taka að sínu leyti þátt í endurbyggingunni og hefjast handa innan þess tíma, sem sveitarstjórn tiltekur.

Þegar sveitarstjórn hefur kynnt sér, hverjar undirtektir ályktunin hefur fengið, ákveður hún, hvort málinu skuli haldið áfram að sinni.

Ef ákveðið verður að halda áfram, skal tilkynna aðilum þá ákvörðun og jafnframt boða til sameiginlegs fundar þeirra. Skal í þeirri tilkynningu tekið fram, að verði af félagsstofnun um málið, megi þeir, sem ekki gerast þátttakendur, vænta þess, að fasteign (fasteignir) þeirra á svæðinu verði tekin eignarnámi af sveitarstjórn.

Heimilt er sveitarstjórn að binda eignarnám því skilyrði, að þeir, sem eru aðilar, skuldbindi sig til að kaupa viðkomandi eignir fyrir það verð, er sveitarsjóður verður að hlíta, þannig að hann verði skaðlaus.

Skylt er sveitarstjórn að bjóða aðilum, sem tjáð hafa sig fylgjandi félagsstofnun, forkaupsrétt. Ef fleiri en einn óska að neyta forkaupsréttar, sker sveitarstjórn úr,

hverjum selja skuli. Ef forkaupsréttur er ekki notaður, getur sveitarsjóður selt hverjum þeim, sem gengst undir skuldbindingar um þátttöku í endurbyggingu með þeim skilmálum, sem sveitarstjórn setur.

24. gr.

Þegar þannig hefur verið gengið frá, að allir eigendur fasteigna á viðkomandi byggingarreit eða hluta byggingarreits hafa lýst sig reiðubúna að hefja byggingarframkvæmdir, skal fara fram mat, framkvæmt af dómkvöddum matsmönnum, ef eigendur verða ekki sammála um verð eignanna.

Kostnaður við matið skal greiddur úr sveitarsjóði, en heimilt er að endurkrefja eigendur viðkomandi fasteigna um helming kostnaðarins miðað við eignarhluta hvers um sig. Um framkvæmd mats fer eftir reglum laga nr. 61/1917.

25. gr.

Ef aðilar verða ekki ásáttir um annað félagsform, skal stofnað hlutafélag, og hefur sveitarstjórn forgöngu um þá stofnun.

Hlutdeild hvers um sig í hlutafélaginu skal miða við það lóðarandvirði (matsverð), sem hann leggur fram. Andvirði mannvirkja, sem á reitnum eru, og nauðsynlegt verður að fjarlægja, svo og niðurrifskostnað, skal telja til byggingarkostnaðar, nema öðruvísi semjist milli aðila.

VII. KAFLI

Um forkaupsrétt, eignarnám og skaðabætur.

26. gr.

Sveitarstjórn getur með sérstakri samþykkt áskilið sveitarfélagi forkaupsrétt að lóðum og öðrum fasteignum innan sveitarfélagsins, ef hún telur slíkt nauðsynlegt af skipulagsástæðum. Um meðferð slíkra mála fer eftir ákvæðum laga nr. 22/1932.

27. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki ráðherra, að taka eignarnámi landssvæði (fasteignir) innan sveitarfélagsins, ef skipulagsstjórn telur það nauðsynlegt vegna fyrirsjáanlegrar og eðlilegrar þróunar sveitarfélagsins.

28. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að taka einstakar fasteignir eða hluta fasteignar eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn vegna framkvæmda á staðfestu skipulagi.

29. gr.

Skaðabætur vegna framkvæmda á skipulagi skulu því aðeins greiddar, að um eignarnám sé að ræða, samkvæmt lögum þessum, eða svo sé ástatt, sem segir í grein þessari.

Nú gerir staðfest skipulag ráð fyrir því, að lóð rýrni svo mjög, að hún verði illa nothæf til byggingar, að dómi dómkvaddra manna, og skal þá greiða bætur, ef eigandi (umráðamaður) getur sýnt fram á, að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum. Bætur mega nema heildarandvirði eignarinnar, ef krafizt verður, að sveitarfélag taki við henni allri, en slíkt er þó því aðeins skylt, að sá hluti lóðar, sem eftir verður, sé að dómi dómkvaddra manna ónothæfur til byggingar.

Nú er ákveðin á staðfestum skipulagsuppdrætti tiltekin lega götu eða vegar eða að tiltekið svæði skuli tekið til almenningsnota, og slíkt veldur því, að dómi dómkvaddra manna, að eigandi fasteignar getur ekki nýtt hana eins og eðlilegt er miðað við allar aðstæður, m. a. hagnýtingu fasteigna í næsta nágrenni, og á hann þá rétt á bótum. Ef eigandi krefst, er sveitarstjórn skylt að kaupa eignina fullu verði.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem þær hafa í för með sér á viðkomandi eign. Ef talið er, að verðhækkunin sé jafnmikil eða meiri en bótaskylt tjón, skal engar bætur greiða. Enn fremur ber að miða við eftirtalin atriði í sambandi við ákvörðun bóta: Hvort nýtt skipulag hefur áhrif nú þegar eða síðar á verðmæti eignarinnar, hverjar kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna, opin svæði o. s. frv., að því er snertir sambærilegar eignir, enn fremur hvort skipulagið gerir viðhorf fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðara eða óhagstæðara en áður var o. s. frv. Þá ber og að miða við þann arð, sem telja má, að eðlileg notkun eignarinnar gefi af sér.

Sá, sem telur sig eiga rétt á bótum, samkvæmt þessari grein, skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar innan tilskilins frests, sem sveitarstjórn ber að auglýsa með þeim hætti, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á hverjum stað. Fresturinn má ekki vera skemmri en 8 vikur.

Sveitarstjórn annast um, að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur samkvæmt þessari grein. Allar bætur samkvæmt lögum þessum skulu greiddar úr sveitarsjóði. Um framkvæmd mats fer samkvæmt lögum nr. 61/1917.

30. gr.

Nú er land í einkaeign og eigandi óskar, að því eða hluta þess verði breytt í byggingarlóðir, samkvæmt gildandi skipulagi, og skal sveitarstjórn slíkt heimilt, enda láti landeigandi endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið til almenningsþarfa, t. d. gatna, leikvalla o. s. frv., sem svarar ⅓ af heildarflatarmáli þeirra byggingarlóða, sem heimild sveitarstjórnar nær til. Ef landeigandi ræður ekki yfir nægu landi umfram lóð eða lóðir, getur sveitarstjórn heimilað, að hann leysi sig undan kvöð þessari með því að greiða andvirði þess, sem á vantar, samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Sveitarstjórn getur frestað því að nota heimild, samkvæmt 1. mgr., þar til gerðar hafa verið fullnægjandi götur og holræsi, þannig að lóðir séu byggingarhæfar. Hún getur bundið slíka heimild því skilyrði, að greitt verði tiltekið gjald í sveitarsjóð, og fer um upphæð gjaldsins eftir gjaldskrá, er sveitarstjórn semur og ráðherra staðfestir. Skal upphæðin við það miðuð, að landeigandi greiði allt að ⅘ áætlaðs kostnaðar við gerð gatna og holræsa. Þegar þeir, sem hlut eiga að máli, hafa greitt gjaldið, er sveitarstjórn skylt að hefja framkvæmdir og ljúka þeim innan hæfilegs tíma. Greiðslur samkvæmt þessari gjaldskrá má innheimta með lögtaki, ef þörf krefur.

VIII. KAFLI

Um lóðaskrá o. fl.

31. gr.

Óheimilt er á skipulagsskyldum stöðum að skipta löndum og lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum, nema samþykki sveitarstjórnar komi til, og getur hún krafizt þess, að gerður sé fullnægjandi uppdráttur af landi, er skipta skal.

32. gr.

Ráðuneytið getur ákveðið, að sveitarstjórn á skipulagsskyldum stað láti á kostnað sveitarsjóðs gera lóðaskrá, þar sem tilgreind skulu öll lönd og lóðir innan sveitarfélagsins eða tiltekins hluta þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um gerð lóðaskrár.

IX. KAFLI
Um greiðslu kostnaðar o. fl.

33. gr.

Kostnaður við mælingar, sem skipulagsstjóri framkvæmir, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða helming slíks kostnaðar vegna mælinga, sem framkvæmdar eru í þess þágu.

Ef sveitarfélag annast mælingar, skal kostnaður við þær mælingar greiddur úr sveitarsjóði, en skylt er ríkissjóði að endurgreiða helming slíks kostnaðar, enda hafi skipulagsstjórn samþykkt, að sveitarfélagið annaðist mælingarnar. Ef ágreiningur verður um skiptingu kostnaðar, samkvæmt þessari grein, sker ráðherra úr.

34. gr.

Kostnaður við skipulagningu, sem skipulagsstjórn annast, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða helming slíks kostnaðar vegna skipulagningar, sem framkvæmd er í þess þágu. Sama gildir um kostnað samvinnunefndar, samkvæmt 3. gr. Verði ágreiningur á milli sveitarfélaga um skiptingu kostnaðar, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

Nú hefur sveitarstjórn annast fyrir eigin reikning undirbúning og gerð skipulagsuppdrátta í sínu sveitarfélagi með samþykki skipulagsstjórnar og undir yfirstjórn hennar, og er þá ráðherra heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði helming kostnaðar sveitarstjórnar við slíkar framkvæmdir, þó eigi hærri fjárhæð en nemur helmingi þeirra gjalda, sem greiðast af gjaldskyldum eignum í sveitarfélaginu, samkvæmt 35. gr. laga þessara.

35. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði ríkissjóðs af framkvæmd skipulagsmála, samkvæmt lögum þessum, er ráðherra heimilt að ákveða með sérstakri reglugerð, að innheimt skuli í ríkissjóð sérstakt gjald, skipulagsgjald, sem nema má allt að 3‰ af brunabótaverði hverrar nýbyggingar, sem reist verður á skipulagsskyldum stað, og fellur það í gjalddaga, þegar brunabótavirðing hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með lögtaki.

X. KAFLI
Refsiákvæði o. fl.

36. gr.

Brot gegn lögum þessum skulu varða sektum allt að 100000 krónum, sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem honum er skylt að vinna samkvæmt lögum þessum, eða það er unnið á annan hátt en fyrir er mælt, getur skipulagsstjórn lagt fyrir hann að vinna það á tilskilinn hátt að viðlögðum allt að 1000 króna dagsektum, er renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með lögtaki.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, lög nr. 64 11. júní 1938 og lög nr. 18 14. febrúar 1951, um breyting á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Ed. 590. Breytingartillögur [20. mál]

við frv. til l. um loftferðir.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli burt.
2. Við 14. gr. Í stað orðanna „afmáning af skrá“ komi: afskráning.
3. Við 104. gr. Í stað orðanna „hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans að lögum“ í staflið c komi: hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans eða lögum.
4. Við 108. gr. Í stað orðanna „og raknar þá við ráðstöfunarréttur sendanda á varningnum“ í lok greinarinnar komi: og öðlast þá sendandi á ný ráðstöfunarrétt á varningnum.
5. Við 134. gr. Í stað orðanna „árekstur milli loftfara“ í 2. málsgr. komi: árekstur loftfara.
6. Við 150. gr. Í stað orðanna „afhending brennis (eldsneytis)“ komi: afhending eldsneytis.
7. Við 151. gr. Í stað orðanna „viðskipta- og rekstrarhuliðsmál“ komi: trúnaðarmál.
8. Við 163. gr. Í stað „árekstri milli loftfara“ komi: árekstri loftfara.

Ed. 591. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv. þetta, haldið um það tvo fundi og átt um það viðræður við dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóra. Ekki hefur nefndin orðið sammála um afgreiðslu frv. Vill meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, samþykkja það óbreytt, en við leggjum til, að það verði fellt.

Frumvarpið gerir í fyrsta lagi ráð fyrir því, að sparifjárbindingin, sem þegar hefur valdið viðskiptabönkum og sparisjóðum stórfelldu tjóni, verði aukin stórlega. Hámark bindingarinnar, sem nú er 15% af spariinnlánum og 20% af veltiinnlánum, verði hér eftir 25% af öllum innlánum. Sparifjárbindingin nemur nú um 860 millj. kr., en getur samkv. frv. farið upp í 1400 millj. kr. að óbreyttum innlánum, og auðvitað meira með auknum innlánum.

Fjárhagsnefnd Nd. leitaði umsagnar viðskiptabankanna um frv. og fékk svar frá tveimur þeirra, sem báðir lögðust eindregið gegn aukinni bindingu og töldu, að hún mundi rýra alvarlega möguleika þeirra til að gegna þeim hlutverkum, sem þeim eru ætluð.

Í frv. segir, að megintilgangur sparifjárbindingarinnar sé að afla fjár til að standa undir endurkaupum afurðavíxla. Engin ákvæði eru þó í frv., sem tiltaka, hversu háan hluta afurðaverðsins bankinn skuli lána út á með þessum hætti, og þetta hefur ekki fengizt upplýst við meðferð málsins í Nd. Meðan þetta liggur ekki fyrir, er allt á huldu um það, hver áhrif það, sem frv. felur í sér, hefði fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar. Ljóst er aðeins, að möguleikar viðskiptabankanna til að veita þeim fyrirgreiðslu mundu skerðast stórlega við þessar ráðstafanir.

Það skýtur raunar skökku við fyrri yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, að bindingin eigi fyrst og fremst að standa undir endurkaupunum, því að fram að þessu hefur því alltaf verið haldið fram, að hún eigi að standa undir gjaldeyrisforðanum. Þetta skiptir þó að sjálfsögðu minnstu máli. Það er hvort eð er ekki hægt að þekkja

í sundur í hvora rásina hver krónan fer. En þetta er ljós vottur þess orðhengilsháttar, sem ríkisstjórnin á nú einan eftir til að punta upp á áform sín.

Bindingin og afurðalánin.

Það er eðlilegt hlutverk viðskiptabankanna að veita atvinnuvegunum nauðsynleg rekstrarlán. Afurðalánin eru einn mikilvægasti þátturinn í því.

Það var einkum eftir að verðbólgan tók að herja þetta þjóðfélag, að viðskiptabankarnir gátu ekki til fulls valdið þessu hlutverki, og varð því Seðlabankinn að koma til sögunnar í vaxandi mæli og leggja fram fé til þess með því að endurkaupa afurðavíxlana. Þetta leiddi að sjálfsögðu til skuldasöfnunar viðskiptabankanna hjá Seðlabankanum. Með öðrum hætti gat Seðlabankinn ekki aðstoðað við úrlausn þessa vanda en að þola slíka skuldasöfnun. Bankar geta ekki lánað fé án þess, að einhverjir skuldi það.

Í grg. með frv. segir:

„Það var eitt af meginatriðum þeirra peningalegu ráðstafana, sem gerðar voru í sambandi við efnahagsaðgerðirnar í febrúar 1960, að aukning endurkaupa yrði stöðvuð og þar með sú skuldasöfnun bankakerfisins við Seðlabankann, sem henni hafði fylgt.“

Var þá ætlunin, að Seðlabankinn hætti að aðstoða viðskiptabankana með því að láta þeim í té fjármagn til afurðalánanna? Svarið er að finna síðar í grg. Þar segir:

„Það má segja, að nú láti nærri, að innistæðubindingin nægi til að standa undir þeim útlánum Seðlabankans, sem í endurkaupunum felast. Annað ráðstöfunarfé Seðlabankans, en það er einkum seðlaveltan og eigið fé bankans, er þá til ráðstöfunar til að standa undir gjaldeyrisforðanum.“

Í framhaldi af þessu á svo að auka bindinguna til þess — að sagt er — að geta aukið afurðalánin.

Hlutverk Seðlabankans í úrlausn þess mikla vanda, sem lánsfjárþörf aðalatvinnuveganna skapar, er þá ekki orðið annað en að taka fé af viðskiptabönkum og sparisjóðum og afhenda þeim það aftur í lítið eitt öðrum hlutföllum. Hann bætir engu fé við frá sér. Tilgangurinn er því sá að gera Seðlabankann að eins konar fjárhaldsmanni viðskiptabankanna, sem getur ekki komið til af öðru en því, að þeim sé ekki treyst.

Þannig birtist „viðskiptafrelsi“ viðreisnarinnar á því sviði.

Bindingin og gjaldeyrisforðinn.

Hlutdeild Seðlabankans í úrlausn vandans er þá þannig komið, að hann leggur ekkert annað fé fram til hennar en það fé, sem tekið er af viðskiptabönkunum sjálfum, og gert er ráð fyrir, að svo verði framvegis samkv. frv.

Öðru ráðstöfunarfé Seðlabankans, seðlaveltu og eigin fé, er ætlað annað hlutverk. Þeir fjármunir eiga ekki að notast til úrlausnar stórfelldri lánsfjárþörf íslenzkra atvinnuvega. Það fé á að ávaxtast erlendis.

Þó að flest hafi farið úrskeiðis af því, sem núv. ríkisstjórn ætlaði að gera íslenzkum efnahagsmálum gott, þá hefur hún haldið áfram að leggja megináherzlu á að auka gjaldeyrisforðann, og er hann nú talinn nema 1300—1400 millj. kr. Þessi forði er þó að því leyti alveg falskur, að hin mikla fjársöfnun erlendis hefur leitt til svo ferlegrar lánsfjárkreppu hér innanlands, að íslenzk atvinnufyrirtæki hafa orðið að taka stórfelld rekstrarlán erlendis. Má þar fyrst nefna, að verzlunin hefur tekið stutt vörukaupalán erlendis, sem nema nú rúmlega 400 millj. kr. Ýmis stærri fyrirtæki hafa orðið að taka stór erlend lán til að forða rekstri sínum frá algerri stöðvun. En þó kastar fyrst tólfunum, þegar viðskiptabankar, þrautpíndir af bindingunni, hafa orðið að taka skyndilán í erlendum bönkum til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar, meðan Seðlabankinn geymir 1300—1400 millj. kr. í er-

lendum bönkum og verðbréfum. Með þessum hætti er verið að flytja hluta af eðlilegri starfsemi íslenzkra viðskiptabanka til útlanda. Og öll eru þessi erlendu rekstrarlán tekin með mun hærri vöxtum en Seðlabankinn fær af sínum erlendu innistæðum, og veldur þessi vaxtamismunur þjóðinni miklu tjóni.

Sízt skal hér dregið úr nauðsyn þess, að þjóðbankinn ráði yfir hæfilegum gjaldeyrisforða, og með tilliti til þeirra gjaldeyrisskuldbindinga, sem í rekstrarlánunum felast, er hann varla nema 700—800 millj. kr. nettó, og verður það sízt talið of mikið. Þó er okkur nær að halda, að það sé einsdæmi, að þjóðbanki geymi allt eigið fé, allt andvirði seðlaveltunnar og meira til í erlendum bönkum og verðbréfum, meðan fjárskortur innanlands veldur atvinnuvegunum ómældu tjóni.

Þetta sýnir aðeins það, að sparifjárforðinn í landinu er ófullnægjandi og nægir verr en nokkru sinni fyrr til að mæta þörfum þjóðarinnar og atvinnuvega hennar. Sú tilkostnaðaraukning, sem leitt hefur af dýrtíðarstefnu ríkisstjórnarinnar, er svo mikil, að þrátt fyrir talsverða sparifjáraukningu á undanförnum árum stendur bankakerfið verr að vígi en fyrr til að fullnægja þörfum þjóðarinnar. Tilfærslur á peningum innan bankakerfisins eru engin lausn á þessum vanda. Aukin sparifjármyndun ein getur leyst hann. En til þess þarf nýja stjórnarstefnu, sem endurvekur traust á krónunni og tryggir sparifjáreigendum vörn gegn áföllum áframhaldandi dýrtíðar.

Gengistrygging sparifjár.

Annað meginatriði þessa frv. er heimild fyrir Seðlabankann til að gefa út verðbréf með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og/eða vextir sé bundið gengi erlends gjaldeyris. Á þetta sjálfsagt að vera tilraun til þess að gefa sparifjáreigendum færi á að verjast dýrtíðarflóðinu.

En hér eru mikil missmíði á. Þó að það megi vera eðlilegt, að Seðlabankinn, sem getur litið á gjaldeyrisforða sinn sem baktryggingu slíkra bréfa, miði við erlent gengi, þá er það aðeins takmörkuð vörn fyrir sparifjáreigandann. Síðan gengi var seinast breytt, hefur verðlag vöru og þjónustu hækkað um 81%. Fyrir það fengi eigandi slíkra bréfa engar bætur.

Meðan ekki er kostur annarrar verðtryggingar, má þó gera ráð fyrir, að sparifjáreigendur tækju þessa tryggingu fram yfir enga.

Verðtrygging sparifjár er hið mesta nauðsynjamál. Engir hafa borið eins skarðan hlut frá borði í verðbólguþróun undanfarinna ára og sparifjáreigendur. Á það ekki sízt við nú undanfarin ár, eftir að vextir voru hækkaðir, en jafnframt hefur dýrtíðin verið aukin, svo að hlutur sparifjáreigenda hefur verið gerður enn lakari en nokkru sinni áður. Háu vextirnir hafa með engu móti nægt til að mæta rýrnun höfuðstólsins.

Þingmenn Framsóknarflokksins hafa oftsinnis bent á nauðsyn verðtryggingar og borið fram tillögur um hana á Alþingi, en þeim tillögum hefur ekki verið sinnt.

Nú er lagt til, að Seðlabankinn fái einkarétt á útgáfu gengistryggðra bréfa, og væntanlega hafa menn gert sér ljóst, að þörfin fyrir einhverja verðtryggingu sparifjár meðal þjóðarinnar er orðin svo brýn, að slík verðbréfaútgáfa Seðlabankans gæti vel leitt til útstreymis eða a. m. k. minnkandi sparifjáraukningar hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, þótt ófullkomin sé.

Það er skoðun okkar, að það sé ekki hlutverk Seðlabankans að keppa við viðskiptabankana og sparisjóðina um spariféð, hvorki með því að taka af þeim ráðstöfunarfé þeirra með bindingu né með því að afla sér einkaaðstöðu til þeirrar tegundar innlána, sem gera má ráð fyrir að almenningi þyki einna fýsilegust í náinni framtíð. Við getum því ekki fallizt á þetta ákvæði frv., en leggjum í þess stað til, að þessi mál verði tekin þeim tökum, sem lagt er til í tillögum þingmanna Framsóknarflokksins um verðtryggingu sparifjár á almennari grundvelli.

Hlutverk Seðlabankans.

Bæði meginatriði þessa frv. miða að því, að Seðlabankinn fari í veigamiklum atriðum inn á starfssvið viðskiptabankanna. Það hvarflar jafnvel að manni, að hér sé að því stefnt, að hann komi alveg í þeirra stað.

Bankakerfi okkar litlu þjóðar er orðið ákaflega viðamikið. Auk Seðlabankans, sem gegnir hlutverki þjóðbanka, eru hér þrír stórir ríkisbankar, þrír einkabankar, allir með sívaxandi fjölda útibúa, og fjöldi sparisjóða, og auk þess fjórði ríkisbankinn, sem þó gegnir ekki venjulegu hlutverki viðskiptabanka.

Sé það ætlunin að stefna að því, að Seðlabankinn geri þessar stofnanir óþarfar og komi í þeirra stað, þá má vafalaust færa að því ýmis rök, að það geti verið hagkvæmt, þó að önnur rök hnígi hins vegar í gagnstæða átt. En eigi að stefna að því, þá er nauðsynlegt að gera það með öðrum hætti en þeim að láta Seðlabankann smátt og smátt taka að sér hlutverk þeirra, því að það mundi leiða til þess, að þær vesluðust upp, og þá fleira með þeim. Vilji menn breyta stórlega uppbyggingu bankakerfisins, þá er nauðsynlegt að taka það mál upp á breiðum, almennum grundvelli. En meðan tillögur eru ekki uppi um það, þá verður að gera ráð fyrir, að bankakerfið þróist í meginatriðum eins og verið hefur. Hlutverk Seðlabankans í því kerfi er skarplega skilgreint í 3. gr. laga nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Í ljósi þess ástands, sem orðið er í efnahagsmálum þjóðarinnar, geta menn sjálfsagt orðið sammála um, að Seðlabankanum hafi ekki tekizt eins vel og skyldi að rækja hlutverk sitt.

En hér er ekki við stjórn Seðlabankans að sakast. Þau örlagaríku mistök, sem orðið hafa í stjórn efnahagsmála, eru pólitísk, og Seðlabankinn hefur ekki haft skilyrði til að ráða við þau vegna ákvæða í 4. gr. fyrrnefndra laga, sem fá ríkisstjórninni öll völd í hendur yfir bankanum.

Það er ekki samrýmanlegt hlutverki Seðlabankans, að hann heimti fé af viðskiptabönkum og sparisjóðum til þess að taka að sér hlutverk þeirra. Þar með er ekki sagt, að einhver sparifjárbinding á vegum Seðlabankans geti ekki verið réttlætanleg. En þó getur hún því aðeins verið það, að það sé nauðsynlegt til þess að afla fjár til verkefna, sem eru þjóðarnauðsyn og liggja utan eðlilegs starfssviðs viðskiptabanka og sparisjóða. Má í því sambandi m. a. nefna íbúðabyggingar, raforkuframkvæmdir, ýmsa nauðsynlega uppbyggingu atvinnuveganna o. fl.

Viðskiptabönkunum veitir ekki af að hafa sparifé sitt í umferð til að geta gegnt því hlutverki sínu að veita atvinnuvegunum nauðsynleg rekstrarlán, og höfum við framsóknarmenn því lagt til, að sparifjárbindingunni verði hætt í því formi, sem hún er, og í stað þess veiti Seðlabankinn viðskiptabönkunum þá aðstoð, sem nauðsynleg er vegna afurðalánanna, af öðru ráðstöfunarfé sínu, enda séu raunhæfar ráðstafanir gerðar til þess að auka sparifjármyndun.

Vaxtalækkun og verðtrygging.

Ákvæði þessa frv. miða ekki að því að auka sparifjármyndun, jafnvel þvert á móti, því að með þeim eru sparifjáreigendur að verulegu leyti sviptir ákvörðunarvaldi um það, í hvaða banka fé þeirra er ávaxtað. Við teljum það ekki verkefni Seðlabankans að vera að ráðsmennskast í því. Veigamesta verkefni hans nú er að vinna að því að koma í veg fyrir áframhaldandi verðbólguþróun, sem er fyrsta forsenda þess, að sparifé geti aukizt, svo að viðunandi sé.

Við teljum, að allt of hár fjármagnskostnaður í landinu sé ein veigamesta orsök dýrtíðarinnar. Þess vegna hafa framsóknarmenn lagt fram frumvarp um vaxtalækkun á þskj. 25. Það er skoðun okkar, að vaxtalækkun yrði verulegur þáttur í því að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar, en að það takist er einnig miklu meira hagsmunamál fyrir sparifjáreigendur heldur en háir vextir. Það eru raun-

vextirnir, sem skipta þá máli. Verðtrygging sparifjárins mundi að sjálfsögðu einnig auðvelda vaxtalækkun, en framsóknarmenn hafa einnig lagt fram tillögu í því máli.

Samkvæmt framansögðu leggjum við til, að hv. Alþingi felli þetta frv., en snúi sér í þess stað að því að afgreiða efnahagsmálatillögur þm. Framsóknarflokksins nú fyrir þinglokin.

Alþingi, 5. maí 1964.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson.

Ed. 592. Frumvarp til laga [20. mál]

um loftferðir.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

Samhljóða þskj. 467 með þessum breytingum:

14. gr. hljóðar svo:

Nú er skráð haft á loftfari, og skal eigi fella loftfar niður af þjóðernisskrá, nema rétthafi samþykki. Í þess stað skal gera í skránni athugasemd um það tilvik, sem leiða hefði átt til niðurfellingar af skrá. Slík athugasemd hefur engin áhrif á haftið, en hefur að öðru sömu verkun sem afskráning.

Nú er loftfar fellt af þjóðernisskrá eða í hana er skráð slík athugasemd, sem í 1. mgr. getur, og skal tilkynna það til réttindaskrár.

108. gr. hljóðar svo:

Nú fullnægir sendandi skuldbindingum sínum samkvæmt flutningssamningi, og er honum, flytjanda eða öðrum sendendum að meinfangalausu, rétt að ráðstafa varningi þann veg, að hann endurheimtir hann á brottfarar- eða ákvörðunarflugvelli, stöðvar flutning hans, þá er lent er á leiðinni, lætur afhenda hann á ákvörðunarstað eða á leiðinni öðrum aðila en þeim, sem tilgreindur er í flugfarmbréfi sem viðtakandi, eða krefst þess, að hann sé fluttur aftur til brottfararflugvallar. Sendandi skal þó greiða kostnað af þessum ráðstöfunum. Nú er eigi unnt að framkvæma fyrirmæli sendanda, og skal flytjandi tilkynna honum það þegar í stað.

Nú fer flytjandi eftir fyrirmælum sendanda, án þess að lagt sé fram eintak það af farmbréfi, sem sendanda var skilað, og er flytjandi ábyrgur fyrir tjóni, sem réttur handhafi flugfarmbréfs bíður við það, en framkröfur á flytjandi þó á hendur sendanda.

Réttur sendanda fellur niður, um leið og réttur viðtakanda hefst samkvæmt 109. gr Nú neitar viðtakandi að taka við flugfarmbréfi eða varningi eða verður fundi hans eigi náð, og öðlast þá sendandi á ný ráðstöfunarrétt á varningnum.

134. gr. hljóðar svo:

Nú er um að tefla tjón, sem verða á mönnum eða hlutum innan marka viðurkennds flugvallar, og skal eigi beita ákvæðum 1. mgr. 133. gr.

Nú verður tjón á loftfari eða farmi við árekstur loftfara, og skal beita ákvæðum siglingalaga um árekstur skipa.

Nú verður við árekstur tveggja eða fleiri loftfara tjón, sem hver þeirra, er bera kostnaðinn af rekstri loftfaranna, á að greiða samkvæmt ákvæði 1. mgr. 133. gr., og eru þeir allir samskulda. Dómstólar skera úr með hliðsjón af ástæðum, hversu mikinn hluta goldinna skaðabóta hver þeirra megi framkrefja úr hendi þess eða þeirra, sem samábyrgir eru.

150. gr. hljóðar svo:
Rétt er flugmálaráðherra til aukins öryggis við loftferðir að setja reglur um meðferð, geymslu og afhending eldsneytis og annars, sem til búnaðar loftfara þarf, og um eftirlit með því, að reglurnar séu haldnar.

151. gr. hljóðar svo:
Eigandi eða notandi loftfars og réttur umráðandi viðurkennds flugvallar eða annars loftferðavirkis er skyldur að láta í té þá vitneskju, sem flugmálastjórnin krefst til að geta rækt störf sín. Sömu skyldu hefur forráðandi viðurkenndrar starfsemi samkvæmt 33. gr. eða annarrar starfsemi, sem rekin er samkvæmt viðurkenningu eftir lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.
Rétt er flugmálastjórninni að skýra þriðja aðilja frá vitneskju, sem hún hefur fengið með framangreindum hætti, að því leyti sem það er nauðsynlegt samkvæmt alþjóðasamningi. Að öðru leyti er rétt að skýra frá slíkri vitneskju eða birta hana almenningi, enda sé eigi um að tefla trúnaðarmál. Nú hefur sá, sem telur sig eiga rétt til launungar, mótmælt því, að vitneskja fari lengra eða sé birt, og verður það einungis samkvæmt úrskurði flugmálaráðherra.
Nú hefur maður fengið greinda vitneskju í starfa sínum, og hefur hann þagnarskyldu, að því leyti sem vitneskjan eigi má fara lengra eða hana má eigi birta.

Ed. 593. Lög [111. mál]

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 197.

Nd. 594. Breytingartillögur [150. mál]

við frv. til l. um afnám l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og laga nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög.

Frá fjárhagsnefnd.

1. 1. gr. frv. orðist svo:
Ríkisendurskoðunin skal annast eftirlit með sjóðum þeim í landinu, sem hlotið hafa staðfestingu forseta (konungs) á skipulagsskrá, svo og öðrum hliðstæðum sjóðum, sem stofnaðir hafa verið með framlögum einstaklinga, félaga eða stofnana.
Rísi ágreiningur um það, hvort sjóður skuli háður eftirliti samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr.
Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins.
2. 2. gr. frv. orðist svo:
Lög þessi taka gildi 1. janúar 1965. Þá falla jafnframt úr gildi lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og lög nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög.
3. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um eftirlit með opinberum sjóðum.

Nd. 595. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til laga um ávöxtun fjár tryggingafélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og kynnt sér ábendingar Sambands íslenzkra tryggingafélaga um breytingar á frumvarpinu og fallizt á að taka sumar þeirra til greina.

Mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem prentaðar eru á þskj. 596.

Alþingi, 6. maí 1964.

Guðl. Gíslason, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Matthías Bjarnason.

Jón Skaftason. Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 596. Breytingartillögur [220. mál]

við frv. til l. um ávöxtun fjár tryggingafélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir c-lið komi nýr liður, d-liður:
   Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélaga.
2. Við 2. gr. Í 5. lið, þar sem stendur „aðalskrifstofur", komi: skrifstofur.
3. Við 4. gr., 1. málsgr., 2. málslið. Í stað orðanna „að 25% af öðrum verðbréfa- og víxlakaupum" komi: að allt að 25% af öðrum verðbréfa- og víxlakaupum.
4. Við 5. gr., 1. málsgr. Í stað orðsins „ársfjórðungslega" komi: missirislega.

Nd. 597. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 29. marz 1961, um breyt. á l. nr. 24 17. marz 1954, um breyt. á l. nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþ. með breytingu, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. maí 1964.

Matthías Á. Mathiesen, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Ragnar Jónsson, frsm.

Einar Ágústsson. Jón Kjartansson.

Nd. 598. Breytingartillögur [205. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 29. marz 1961, um breyt. á l. nr. 24 17. marz 1954, um breyt. á l. nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:
   Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, allt að 100.00 kr. á ári, eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Þó má hækka gjaldið í allt að 250.00 kr. á ári, að fengnu samþykki kirkjumálaráðherra. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.
2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 24 17. marz 1954 og lög nr. 43 29. marz 1961.
3. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

Nd. 599. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er komið frá efri deild, sem gerði á því eina breytingu. Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Minni hl. (EÁ og JK) leggur til, að á því verði gerðar breytingar, og gefur út sérálit. Meiri hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 6. maí 1964.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Ragnar Jónsson.

Nd. 600. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um vaxtalækkun o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og mun minni hl. (EÁ og SkG) skila séráliti.

Frv. um sama efni hefur verið flutt á tveimur undanförnum þingum af þingmönnum Framsóknarflokksins í Nd. og verið fellt. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að þetta frv. verði fellt. Með lögunum um efnahagsmál, 20. febr. 1960, voru gerðar margvíslegar ráðstafanir til viðreisnar efnahagslífinu, og í kjölfar laganna fylgdu einnig ýmiss konar aðgerðir, er miðuðu að því sama.

Frv. þetta miðar að því að breyta vissum þáttum í þeim heildaraðgerðum á sviði efnahagsmálanna, sem framkvæmdar hafa verið á undanförnum árum, m. a. lækkun vissra tiltekinna útlánsvaxta.

Menn getur greint á um það, hver hæð vaxta skuli vera, en ef litið er á þróun efnahagsmála hér á landi undanfarið og ástandið, eins og það er í dag, getur það vart orkað tvímælis, að sú breyting, sem frv. gerir ráð fyrir, mundi ýta undir þá verðbólguþróun, sem nú er í landinu, en ekki draga úr henni, eins og flutningsmenn frv. halda fram.

Meiri hl. nefndarinnar vill ekki eiga hlut að slíku og leggur því til, eins og áður segir, að frv. verði fellt.

Alþingi, 2. maí 1964.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.

Sþ. 601. Þingsályktun [79. mál]

um ráðstafanir til eflingar byggðar á Reykhólum.

(Afgreidd frá Sþ. 6. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara nýjar athuganir á því, hvernig hagnýta megi hið forna höfuðból Reykhóla á Reykjanesi þannig, að byggð þar eflist og verði jafnframt nálægum sveitum til stuðnings.

Í þessu sambandi skal sérstaklega athuga möguleika á eftirfarandi:

1) Auknum stuðningi við hagnýtingu jarðhita á staðnum til gróðurhúsaræktunar.
2) Uppbyggingu iðnaðar, t. d. mjólkuriðnaðar og þangvinnslu.
3) Umbótum í skólamálum, t. d. með bættri aðstöðu til unglingafræðslu og stofnun héraðsskóla.
4) Lendingarbótum á Stað á Reykjanesi eða á öðrum þeim stað, sem hentugur yrði talinn.

Ríkisstjórnin skal skipa fimm manna nefnd til þess að gera tillögur um framkvæmdir á Reykhólum og hvernig stuðla megi að aukinni byggð þar. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af hreppsnefnd Reykhólahrepps, annar af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu, þriðji af fjórðungsþingi Vestfirðinga, en hinir tveir skipaðir án tilnefningar.

Sþ. 602. Nefndarálit [132. mál]

um till. til þál. um hægri handar akstur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og aflað sér umsagna vegamálastjóra, Félags ísl. bifreiðaeigenda, Landssambands vörubifreiðastjóra og umferðarnefndar Reykjavíkur. Allir þessir aðilar lýsa yfir stuðningi sínum við hægri handar akstur. Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 6. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.
Einar Ágústsson, með fyrirvara.	Pétur Sigurðsson.	Sverrir Júlíusson.
	Ragnar Arnalds.	

Ed. 603. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til laga um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Fyrri mgr. falli niður.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1965. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 46 13. apríl 1963, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Alþingi, 6. maí 1964.

Eggert G. Þorsteinsson, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Nd. 604. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Frv. var sent til umsagnar eftirtöldum aðilum: Skógræktarfélagi Íslands og Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Leggja báðir aðilar til, að frv. verði samþykkt.

Þá barst nefndinni erindi Páls A. Pálssonar forstöðumanns Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum, þar sem hann skýrir frá því, að samþykkt frv. óbreytts muni valda tilraunastöðinni erfiðleikum.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem tillögur eru fluttar um á þskj. 605.

Alþingi, 6. maí 1964.

Guðl. Gíslason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jón Skaftason, frsm.
	Ágúst Þorvaldsson.	

Nd. 605. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l. um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Sveitarstjórn í kaupstað, eða kauptúni með 1000 íbúa eða fleiri, er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjárhald í kaupstaðnum eða kauptúninu. Með slíkum reglum má þó ekki skerða rétt tilraunastöðvarinnar að Keldum eða annarrar hliðstæðrar tilraunastöðvar til búfjárhalds.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

Sþ. 606. Nefndarálit [113. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd Sþ. hefur haft þetta mál til meðferðar og sent það til umsagnar að venju.

Nefndinni hafa borizt þær upplýsingar frá iðnaðarmálaráðherra, að ríkisstjórnin hafi að undanförnu látið fara fram athugun á gildandi lögum um atvinnurekstrarréttindi útlendinga hér á landi, svo og lögum um réttindi þeirra til að öðlast hér eignarrétt og afnotarétt að fasteignum. Athuganir þessar hafa verið gerðar af stóriðjunefndinni með hliðsjón af hugsanlegri erlendri aðild að stóriðjuframkvæmdum hér á landi. Hafa þær m. a. beinzt að því, hvort og eftir atvikum hvaða breytingar væru nauðsynlegar á íslenzkri löggjöf vegna slíkrar fjárfestingar erlendra aðila hér. Á vegum viðskiptamálaráðuneytisins fór einnig fram athugun á þessu máli í sambandi við hugsanlega aðild að Efnahagsbandalaginu.

Að þessum athugunum er nú unnið áfram á vegum stóriðjunefndar. Eðli málsins samkvæmt er hér um að ræða lögfræðilega athugun og álitsgerðir, sem á síðara stigi þess koma til álita við hugsanlegar breytingar á íslenzkri löggjöf á umræddu sviði, eftir því sem nauðsynlegt kynni að teljast. Á því stigi málsins yrði það lagt fyrir Alþingi.

Með skírskotun til framanritaðs telur meiri hluti nefndarinnar ekki bera nauðsyn til að kjósa 5 manna nefnd til athugunar á þessum málum og leggur því til, að málinu sé **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.

Sverrir Júlíusson.

Ed. 607. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar, þeir EggÞ, MJ, ÓB, mælir með samþykkt frv. Við undirritaðir leggjum hins vegar til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 6. maí 1964.

Ólafur Jóhannesson, frsm.	Hermann Jónasson.

Nd. 608. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leggur einróma til, að það verði samþykkt með eftirfarandi breytingu. Tveir nefndarmenn, þeir JSk og ÁÞ, áskilja sér þó rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

BREYTINGARTILLAGA:

Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

45. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnum (framtalsnefndum) er þó heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té framtöl skattgreiðenda (framteljenda) í sveitarfélaginu til hliðsjónar við álagninguna. Sveitarstjórn (framtalsnefnd) gerir síðan skrá um álagninguna, sem skal vera lokið 20. júní ár hvert. Að öðru leyti gilda um álagningu sveitarstjórna ákvæði laga þessara.

Alþingi, 6. maí 1964.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Jón Skaftason. Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 609. Frumvarp til laga [150. mál]

um eftirlit með opinberum sjóðum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

1. gr.

Ríkisendurskoðunin skal annast eftirlit með sjóðum þeim í landinu, sem hlotið hafa staðfestingu forseta (konungs) á skipulagsskrá, svo og öðrum hliðstæðum sjóðum. sem stofnaðir hafa verið með framlögum einstaklinga, félaga eða stofnana.

Rísi ágreiningur um það, hvort sjóður skuli háður eftirliti samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1965. Þá falla jafnframt úr gildi lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og lög nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög.

Nd. 610. Lög [14. mál]

um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 546.

Nd. 611. Frumvarp til laga [220. mál]

um ávöxtun fjár tryggingafélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

1. gr.

Með tryggingafélögum er í lögum þessum átt við þá, sem tryggingastarfsemi reka hér á landi. Lögin taka þó ekki til:

a) almannatrygginga,
b) atvinnuleysistrygginga,
c) lífeyrissjóða, sem stofnaðir eru með lögum eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt,
d) Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélaga,
e) tryggingastarfsemi, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, svo sem sjúkrasjóða stéttarfélaga o. þ. l. Leiki vafi á, hvort tryggingastarfsemi fellur undir ákvæði laga þessara, sker félagsmálaráðherra úr.

2. gr.

Tryggingasjóður líftrygginga skal ávaxtaður á eftirfarandi hátt:

1) Í ríkisskuldabréfum.
2) Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3) Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
4) Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem félagsmálaráðherra tilnefnir.
5) Í fasteign, sem félagið á og hefur skrifstofur sínar í, svo og í íbúðarhúsum. Fasteignir samkvæmt þessum lið skulu aldrei metnar hærra en sem svarar ¾ húsverðs samkvæmt brunabótamati og ¾ fasteignamatsverðs eignarlóðar.
6) Í lánum, tryggðum með veði í tryggingum félagsins, allt að endurkaupsverðmæti þeirra.

Með tryggingasjóði, samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, er átt við samanlagt verðmæti allra gildra trygginga að viðbættum gjaldföllnum tryggingarupphæðum og tilkynntum, en ógreiddum, bónusupphæðum.

3. gr.

Fé tryggingafélaga, annað en lífeyrissjóður líftrygginga samkvæmt 2. gr., skal, að svo miklu leyti sem unnt er, ávaxtað samkvæmt ákvæðum 1.—5. töluliðs 2. gr., og jafnan skulu a. m. k. ¾ samanlagðrar verðbréfa- og víxlaeignar vera ávaxtaðir á þann hátt, sem um ræðir í 1., 2. og 4. tölulið 2. gr., og í skuldabréfum sveitarfélaga.

4. gr.

Árlega skal verja 25% af ráðstöfunarfé tryggingasjóðs líftrygginga til kaupa á íbúðalánabréfum af Húsnæðismálastofnun ríkisins. Enn fremur getur félagsmálaráðherra ákveðið fyrirfram fyrir eitt ár í senn, að allt að 25% af öðrum verðbréfa- og víxlakaupum tryggingafélaga skuli vera með sama hætti.

Með ráðstöfunarfé samkvæmt þessari grein er átt við hreina aukningu að viðbættum afborgunum og útdregnum bréfum.

Kaupverð bréfa þeirra, sem tryggingafélög kaupa samkvæmt 1. málsgrein, skal miðast við hæstu lögleyfða fasteignalánsvexti á þeim tíma, er kaup fara fram. Skuldabréf með visitölutryggingu afborgana og vaxta skal þó kaupa við nafnverði.

5. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd skuldabréfakaupa samkvæmt 1. málsgr. 4. gr., sem eiga skulu sér stað eigi sjaldnar en missirislega, og hlutast að öðru leyti til um framkvæmd laga þessara.

Verði dráttur á skuldabréfakaupum umfram það, sem heimilt er samkvæmt reglum félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. málsgr., er ráðuneytinu heimilt að beita sektum, allt að 1% af þeirri fjárhæð, sem vantar á tilskilin kaup fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem drátturinn nemur.

6. gr.

Nú gegna fyrirsvarsmenn tryggingafélags eigi skyldum þeim, sem á þá eru lagðar með lögum þessum, og getur félagsmálaráðherra þá lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

7. gr.

Nú eru í lögum ákvæði um ávöxtun fjár einstakra tryggingafélaga, og skulu þau þá halda gildi sínu að því leyti, sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú er fé tryggingafélags við gildistöku laga þessara ekki ávaxtað í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr., og skal þá félagsmálaráðherra veita félaginu frest til að koma þessum málum í lag. Lengd frestsins skal ákveða með hliðsjón af samsetningu verðbréfaeignar við gildistöku laganna, enda skuldbindi félagið sig til að fylgja ákveðinni áætlun í þessu efni.

Félagsmálaráðherra getur fyrir 1. júlí 1964 ákveðið kaup íbúðalánabréfa, sbr. 2. málslið 1. mgr. 4. gr., á síðari árshelmingi 1964.

Ed. 612. Breytingartillaga [110. mál]

við frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá Karli Kristjánssyni, Ásgeiri Bjarnasyni og Ólafi Jóhannessyni.

Aftan við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða:

Gagnvart bæjarfélögum og öðrum sveitarfélögum, sem eru með sjúkrahús í smíðum við gildistöku laga þessara og hafa færri íbúa en 3000, gilda áfram ákvæði 10. gr. sjúkrahúsalaganna —,lögtekin 1957 — um, að ríkissjóður greiði tvo þriðju hluta kostnaðar við þær byggingar.

Ed. 613. Lög [91. mál]

um breyting á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 104.

Ed. 614. Lög [207. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 446.

Ed. 615. Lög [200. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 533.

Nd. 616. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í skattalögunum, er sett voru árið 1954, var ákveðið, að umreikna skyldi tekjutölur skattstigans og persónufrádrátt til samræmis við kaupgjaldsvísitölu, eins og hún breyttist frá 1953. Með þessu ákvæði var komið í veg fyrir, að tekjuskattsbyrðin þyngdist af völdum aukinnar dýrtíðar, og var því tekjuskatturinn raunverulega óbreyttur, meðan lögin frá 1954 voru í gildi. En árið 1960 beitti núverandi ríkisstjórn sér fyrir breytingu á skattalögunum, og var þá settur nýr skattstigi, en fyrirmælin um umreikning eftir vísitölubreytingum numin úr lögum. Þetta hefði ekki komið að sök, ef ríkisstjórnin hefði staðið við fyrirheit sitt um að halda dýrtíðinni í skefjum. En alkunnugt er, hvernig fór um efndirnar á því loforði. Vöxtur dýrtíðarinnar hefur orðið langtum meiri á valdatíma núverandi stjórnar heldur en nokkru sinni áður. Afleiðingin af því hefur meðal annars orðið sú, að tekjuskatturinn hefur stöðugt verið að þyngjast síðan 1960 vegna stighækkunar skattsins og vegna þess, að umreikningurinn var felldur niður. Og samkvæmt frumvarpinu, sem hér liggur fyrir, verður tekjuskatturinn raunverulega miklu hærri en hann var árið 1960. Þetta má glöggt sjá af þeim dæmum, sem birt eru hér á eftir.

1. dæmi: Einhleypur maður með 75 þús. kr. nettótekjur árið 1963.

Ef tekjuskattur hans væri reiknaður eftir lögunum frá 1960, með umreikningi samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, væri upphæð skattsins árið 1964 ..... kr. 405.00
En samkvæmt frumvarpinu verður tekjuskatturinn ..... — 1000.00
Hækkunin er því 147%.

2. dæmi: Hjón með 100 þús. kr. nettótekjur árið 1963.

Ef tekjuskattur þeirra væri reiknaður eftir lögunum frá 1960, með umreikningi samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, væri upphæð skattsins árið 1964 ..... — 315.00
En samkvæmt frumvarpinu verður tekjuskatturinn ..... — 900.00
Hækkunin er því 186%.

3. dæmi: Hjón með 2 börn og 130 þús. kr. nettótekjur árið 1963.

Ef tekjuskattur þeirra væri reiknaður eftir lögunum frá 1960, með umreikningi samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, væri upphæð skattsins ..... kr. 485.00
En samkvæmt frumvarpinu verður tekjuskatturinn ..... — 1300.00
Hækkunin er því 169%.

Eins og þessi dæmi sýna, verður tekjuskatturinn árið 1964 samkvæmt frumvarpinu raunverulega miklu hærri en hann var árið 1960. Og ef þessi væntanlegu lagaákvæði gilda óbreytt næsta ár, þyngist tekjuskatturinn enn verulega árið 1965, þar sem vísitala framfærslukostnaðar, sem var að meðaltali 134.66 stig árið 1963, er nú komin upp í 161 stig.

Minni hl. telur rétt, að tekjuskatturinn verði nú lækkaður þannig, að hann verði ekki þyngri en hann var ákveðinn með skattalagabreytingunni, sem gerð var árið 1960. Auðveldast verður að framkvæma þetta á þann hátt að gera þetta tvennt: taka aftur upp umreikning á tekjutölum skattstiga og persónufrádrætti, til samræmis við vísitölubreytingar síðan 1959, og fella 5. gr. frv., sem hér liggur fyrir, þar sem í henni eru breytingar á skattstiganum, sem valda hækkun á skatti miðað við skattskyldar tekjur, eins og sýnt er fram á í nál. minni hluta fjárhagsnefndar Ed. (HB og KK) á þingskjali 495.

Eins og áður segir, var miðað við kaupgjaldsvísitölu við umreikning á tekjutölum skattstiga og persónufrádrætti samkvæmt skattalögunum frá 1954. Þetta er ekki mögulegt nú, því að kaupgjaldsvísitalan er úr sögunni fyrir löngu. Kemur þá til álita, við hvaða vísitölu eigi að miða, ef umreikningurinn verður tekinn upp á ný. Þegar frv. þetta var til afgreiðslu í hv. Ed., bar minni hl. fjárhagsnefndar þar (HB og KK) fram breytingartillögu um að taka inn í frv. ákvæði um umreikning á persónufrádrætti, og skyldi hann miðast við breytingar á framfærsluvísitölunni. Eftir að sú tillaga hafði verið felld, bar sami minni hl. fram tillögu um að umreikna persónufrádráttinn eftir meðalvísitölu vöru og þjónustu. Sú till. var líka felld í Ed. En hér verður gerð tilraun til að fá lögfest ákvæði um umreikning á tekjutölum skattstiga og persónufrádrætti til samræmis við vísitölu framfærslukostnaðar, og eru dæmin, sem birt eru hér að framan, reiknuð samkvæmt því.

Í frv. er lagt til, að persónufrádráttur hækki um 30%. Ekki vegur þetta á móti hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, en hún var að meðaltali 33.96% hærri árið 1963 en 1959. Og auk þess sem hækkunin á persónufrádrættinum er þannig of lítil, fylgir sá böggull skammrifi, að í 5. gr. er lagt til að lögfesta nýjan skattstiga, sem veldur verulegri hækkun á tekjuskattinum. Þar sem hækkunin á persónufrádrættinum eyðist þó ekki að fullu með hækkun skattsins, mun minni hl. greiða atkvæði með frv.

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, er það tillaga minni hl., að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 3. málsgr. 16. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Nú breytist vísitala framfærslukostnaðar til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1959, og skal þá framangreindum frádráttarupphæðum breytt í réttu hlutfalli við vísitölubreytingarnar. Brot úr hundraði skal fella niður af útkomu, þegar reiknaðar eru út frádráttarupphæðir.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Við I. lið 25. gr. bætist:
   Nú breytist vísitala framfærslukostnaðar til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1959, og skal þá tekjutölum framangreinds skattstiga breytt í réttu hlutfalli við það. Brot, sem nemur minna en hálfu

þúsundi, falli niður við útreikning tekjutalna, en stærra brot hækki í þúsund. Hundraðstölur (%) skattstigans breytast ekki, þótt vísitala raskist.

Alþingi, 8. maí 1964.

Einar Ágústsson, frsm. Jón Kjartansson.

Nd. 617. Breytingartillaga [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 11. gr. Á eftir 1. málsgr. komi 2 nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Skylt skal þó ríkisskattstjóra að láta árlega fara fram ýtarlega rannsókn á 5% af framtölum þeirra aðila, sem hafa einhverja tegund rekstrar með höndum og bókhaldsskyldir eru, og á 2% af öðrum framtölum. Skulu þessi framtöl valin með útdrætti eftir reglum, sem Hagstofa Íslands setur, og skal hún hafa útdráttinn með höndum.

Framtöl þeirra aðila, sem þannig eru valin með útdrætti, skulu athuguð gaumgæfilega, bókhald þeirra rannsakað og upplýsinga leitað um allt, sem gefið getur vitneskju um sannleiksgildi framtalanna fyrir viðkomandi ár og framtala næstu 5 ár á undan, ef þurfa þykir.

Nd. 618. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundum sínum.
Sýslunefnd Gullbringusýslu hefur mælt með samþykkt frv.
Eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 8. maí 1964.

Guðl. Gíslason, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason, frsm.
Matthías Bjarnason. Ágúst Þorvaldsson.

Sþ. 619. Nefndarálit [72. mál]

um till. til þál. um nýja rafvæðingaráætlun.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Þar sem verið er að ljúka við gerð nýrrar rafvæðingaráætlunar á vegum ríkisstjórnarinnar, er grundvallast á því annars vegar að halda áfram rafvæðingu sveit-

anna og hins vegar því, hvað sé fjárhagslega kleift og skynsamlegt, telur undirritaður meiri hluti nefndarinnar rétt að **vísa tillögu þessari til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. | Matthías Bjarnason, fundaskr. | Pétur Sigurðsson.

Sverrir Júlíusson.

Sþ. 620. Nefndarálit [106. mál]

um till. til þál. um fækkun og stækkun sveitarfélaga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa og m. a. sent hana til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og mælir sambandið með samþykkt hennar. Undirritaður minni hluti nefndarinnar álítur hin takmörkuðu ákvæði sveitarstjórnarlaganna um sameiningu hreppa eigi geta verið því til fyrirstöðu, að ríkisvaldið hafi á hendi nauðsynlegt frumkvæði í þessum málum í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og sýslufélögin. Hlýtur Alþingi að vera réttur vettvangur til umræðna og ráðagerða um skiptingu landsins í sveitarfélög, þótt málið þurfi vitanlega að bera undir fleiri aðila, áður en endanleg stefna er mörkuð.

Minni hluti nefndarinnar telur ríka nauðsyn til bera, að athugun fari fram á nýrri skiptingu landsins í sveitarfélög, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga og sýslunefndirnar nýja skiptingu landsins í sveitarfélög, er miði að fækkun þeirra og stækkun.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um athugun á nýrri skiptingu landsins í sveitarfélög.

Alþingi, 6. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. | Pétur Sigurðsson. | Sverrir Júlíusson.

Sþ. 621. Breytingartillaga [211. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1964.

Frá Sigurvin Einarssyni, Hannibal Valdimarssyni og Hermanni Jónassyni.

Við I. A. 4. Liðurinn orðist svo:

Aðrar tekjur af benzínskatti	kr. 59 800 000

Þar af kr. 3 800 000 til vegabóta á Vestfjörðum, er þingmenn Vestfjarðakjördæmis skipta til þjóðbrauta og landsbrauta í samráði við vegamálastjóra.

Sþ. 622. Þingsályktun [100. mál]

um heimild til aðildar Íslands að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

(Afgreidd frá Sþ. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 127.

Nd. 623. Nefndarálit [217. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 8. maí 1964.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson.
Matthías Bjarnason. Jón Skaftason.

Nd. 624. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og orðið sammála um að leggja til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að hún láti fram fara athugun á málinu fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 8. maí 1964.

Guðl. Gíslason, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Matthías Bjarnason, frsm.
Jón Skaftason. Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 625. Breytingartillögur [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr.
   a) 12.05.00 Í stað „30%“ komi: 20%
   b) 19.07.00 Í stað „80%“ komi: 100%
   c) 19.08.00 Í stað „80%“ komi: 100%
   d) 83.07.05 Í stað „60%“ komi: 70%
   e) 87.02 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:
      38 Sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru lögreglubifreiðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 40%

2. Við 2. gr.
   a) Á eftir 3. tölulið komi nýr tölul., svo hljóðandi:
      30. liður 3. gr. orðist svo:
      Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur. Sama gildir um hverfla og þrýstivatnspípur til raflýsingar á sveitabæjum.
      Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
   b) Aftan við 5. tölul. komi 2 nýir liðir, þannig:
      38 Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings.
      39 Að ákveða, að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps.

Ed. 626. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir með samþykkt þess. Tveir nefndarmenn, KK og ÁB, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 8. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form. — Auður Auðuns, fundaskr. — Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm.

Ásgeir Bjarnason. — Karl Kristjánsson.

Ed. 627. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 8. maí 1964.

Eggert G. Þorsteinsson, form. — Þorvaldur Garðar Kristjánsson, fundaskr. — Magnús Jónsson, frsm.

Gils Guðmundsson. — Hermann Jónasson.

Ed. 628. Breytingartillögur [197. mál]

við frv. til l. um Ljósmæðraskóla Íslands.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Skólinn heitir Ljósmæðraskóli Íslands og starfar undir yfirstjórn menntamálaráðherra.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr., og breytist röð síðari greina í samræmi við það. Greinin orðist þannig:
   Stjórn skólans annast skólanefnd þriggja manna, sem ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Ljósmæðrafélags Íslands, annan samkvæmt tillögu Læknafélags Íslands og hinn þriðja án tilnefningar, og skal hann vera sérfróður um skólamál. Nefndin kýs sjálf formann sinn. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólanefndar.

Nd. 629. Skipulagslög. [33. mál]

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 589.

Nd. 630. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. maí.)

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn og sker þá ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

2. gr.

10. gr. b og c orðist svo:

b. Allt að 1% af rekstri verzlunarskipa og af fiskiðnaði.
c. Allt að 1½% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum.

2. mgr. 10. gr. falli niður.

3. gr.

19. gr. orðist svo:
Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara samkv. 17.—18. gr. Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin, samkv. gjaldskrá, sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

4. gr.

Fyrir orðin „þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum s. l. ár“ í 20. gr. laganna komi: þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins.

5. gr.

26. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um álagningu, áfrýjun úrskurða, gjalddaga og innheimtu landsútsvara, samkv. 17.—19. gr.

6. gr.

31. gr. orðist svo:

Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr.

Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær samkv. 32. gr.:

Fyrir einstaklinga 25000 kr.

Fyrir hjón 35000 kr.

Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda, 5000 kr.

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

7. gr.

A-liður 32. gr. orðist svo:

A. Af útsvarsskyldum tekjum samkv. 31. gr. greiða:

1. Einstaklingar og hjón:
   Af fyrstu 40000 kr. 20%.
   Af 40000 kr. og þar yfir 8000 kr. af 40000 kr. og 30% af afgangi.
2. Félög:
   Af fyrstu 75000 kr. 20%.
   Af 75000 kr. og þar yfir kr. 15000 af 75000 kr. og 30% af afgangi.

8. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnum (framtalsnefndum) er þó heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té framtöl skattgreiðenda (framteljenda) í sveitarfélaginu til hliðsjónar við álagninguna. Sveitarstjórn (framtalsnefnd) gerir síðan skrá um álagninguna, sem skal vera lokið 20. júní ár hvert. Að öðru leyti gilda um álagningu sveitarstjórna ákvæði laga þessara.

9. gr.

34. gr. 2. mgr. orðist svo:

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 20 hundraðshlutum.

10. gr.

65. gr. orðist svo:

Sveitarstjórnum ber að endurgreiða skattayfirvöldum allan beinan útlagðan kostnað, sem leiðir af starfi þeirra fyrir sveitarfélögin, samkv. lögum þessum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um endurgreiðslu kostnaðar, samkv. 1. mgr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1964.

12. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra, ásamt ákvæðum laga nr. 42/1963 og nr. 43/1963 inn í meginmál laga nr. 69/1962 og gefa lögin um tekjustofna sveitarfélaga út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur hundraðshluti veltuútsvars af fiskiðnaði verið lægri á árinu 1961 í einhverju sveitarfélagi en hámarkshundraðshluti aðstöðugjalds er af slíkri starfsemi, samkv. 2. gr. laga þessara, og má þá hundraðshluti aðstöðugjalds aðeins hækka árlega um þriðjung mismunarins á árunum 1964, 1965 og 1966.

Ed. 631. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

(Eftir 3. umr. í Nd., 8. maí.)

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, allt að 100.00 kr. á ári, eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Þó má hækka gjaldið í allt að 250.00 kr. á ári, að fengnu samþykki kirkjumálaráðherra. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 24 17. marz 1954 og lög nr. 43 29. marz 1961.

Nd. 632. Lög [210. mál]

um breyting á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 515 (sbr. 452).

Ed. 633. Lög [197. mál]

um Ljósmæðraskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 400.

Nd. 634. Lög [110. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 531.

Nd. 635. Frumvarp til laga [128. mál]

um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. maí.)

1. gr.

Sveitarstjórn í kaupstað, eða kauptúni með 1000 íbúa eða fleiri, er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjárhald í kaupstaðnum eða kauptúninu. Með slíkum reglum má þó ekki skerða rétt tilraunastöðvarinnar að Keldum eða annarrar hliðstæðrar tilraunastöðvar til búfjárhalds.

Með búfjárhaldi er átt við nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt.

Þó er reiðhestahald undanþegið ákvæðum laga þessara, ef það er á vegum hestamannafélaga og þau hafa sett um það reglur, sem hlutaðeigandi bæjarráð (borgarráð) staðfestir.

2. gr.

Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé algerlega bannað í kaupstaðnum (borginni), takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan bæjarlandsins (borgarlandsins). Algert bann við tilteknu búfjárhaldi skal tilkynnt búfjáreigendum með a. m. k. eins árs fyrirvara, miðað við 1. október.

3. gr.

Ákveða má í reglugerð, að hver sá, sem búfjárhald vill stunda innan kaupstaðarins (borgarinnar), skuli sækja um leyfi til slíks og sé búfjárhald óheimilt án slíks leyfis. Skylt skal umsækjanda að gera grein fyrir því, hvernig geymslu búfjárins skuli hagað, og láta í té aðrar þær upplýsingar, sem bæjarráð (borgarráð) telur nauðsynlegar. Leyfi skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda. Einnig má binda það við ákveðinn tíma eða ákveða, að það sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án leyfis, skal heimilt að taka það búfé og selja á uppboði eða slátra því.

Ef leyfishafi fylgir ekki settum reglum, er bæjarráði (borgarráði) heimilt að svipta hann leyfi til búfjárhalds og fara svo með búfé hans sem um ræðir í 1. mgr.

5. gr.

Nú verður aðili fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, og skal þá greiða bætur úr bæjarsjóði (borgarsjóði).

6. gr.

Í reglugerð má ákveða gjald fyrir leyfi til búfjárhalds, allt að kr. 1000.00 á ári, og rennur það í bæjarsjóð (borgarsjóð).

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 636. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Karl Kristjánsson. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 637. Tillaga til þingsályktunar [227. mál]

um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar.

Flm.: Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um framtíðarstaðsetningu hinna ýmsu sérskóla og annarra menningarstofnana, sem ætla má að þjóðin þarfnist. — Skal m. a. að því miðað að efla Akureyri sem skólabæ og stefnt að því, að háskóli taki þar til starfa í náinni framtíð.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur frændþjóðum okkar á Norðurlöndum orðið tíðrætt um hinn öra vöxt og útþenslu höfuðborga sinna. Hefur sú þróun þó fram undir þetta verið látin afskiptalítil, að höfuðborgirnar soguðu til sín fólk, fjármagn og áhrifastofnanir, en nú sjá menn, að óðum stefnir í öngþveiti. Ofvöxtur höfuðborga er að verða alþjóðlegt vandamál, sem reynt er að spyrna gegn með ýmsu móti. M. a. eru uppi tillögur um það á Norðurlöndum, og raunar víðar, að dreifa þurfi ríkisstofnunum meira um löndin en verið hefur.

Nú s. l. vetur, til dæmis að taka, skilaði norsk þingkjörin nefnd áliti um þessi mál og mælir með því að flytja nær 20 ríkisstofnanir frá Ósló. Að vísu hefur komið fram viss andstaða gegn flutningi þessara ríkisstofnana í Noregi, einkum frá viðkomandi starfsmönnum. Halda andstöðumenn því m. a. fram, að flutningur stofnananna hafi í för með sér þá annmarka, að örðugra verði að fá hæft starfsfólk utan Óslóarborgar, einkum ýmiss konar aukavinnufólk, og auk þess sé verið að slíta stofnanirnar úr eðlilegum tengslum við aðrar ríkisstofnanir. Ekki skal frekar rætt um þetta að sinni, en í sambandi við þá þingsályktunartillögu, sem hér er fram borin, þykir okkur rétt að geta þess, að hin norska þingnefnd telur næsta lítil vandkvæði á að flytja ýmsar menntastofnanir, og þá sérstaklega sérskóla, frá höfuðborginni og staðsetja þá í öðrum bæjum eða borgum Noregs. Helzta vandamálið gæti orðið það, að skortur yrði hæfra stundakennara, en nefndin telur bezt fyrir slíkt girt með því að koma upp sérstökum „skólamiðstöðvum“, þ. e. skólabæjum, þar sem fleiri skólar en einn yrðu starfandi og staðsettir.

Við flutningsmenn erum þeirrar skoðunar, að Íslendingum sé ekki síður en nágranna- og frændþjóðum nauðsyn að gefa gaum því víðtæka vandamáli, sem fylgir ofvexti einnar borgar. Er enda augljóst, að ef Ósló er orðin Noregi of stór

höfuðborg, þá er Reykjavík Íslendingum ofvaxin. Við teljum því brýna nauðsyn bera til þess, að m. a. verði farið að vinna að því af alvöru að dreifa um landið opinberum skrifstofum og stofnunum, fyrst og fremst í þjónustuskyni og til hagsbóta fyrir almenning og atvinnuvegi úti um land, en einnig til þess að létta á höfuðborginni sem slíkri, enda takmörk fyrir því, hversu mikill vöxtur henni er hollur Einkum ber að hafa þetta sjónarmið í huga, þegar um er að ræða nýjar ríkisstofnanir eða endurskipulagningu ríkisstofnana.

Um það ætti tæpast að geta orðið verulegur ágreiningur, að engin knýjandi nauðsyn sé á því, að sérskólar séu endilega staðsettir í höfuðborgum. Mun reynsla annarra þjóða sízt styðja slíkt fyrirkomulag, og Íslendingar hafa sjálfir nokkra reynslu í þessu efni, sem sannar, að skólastarf fer ekki síður vel úr hendi utan Reykjavíkur en innan. Á næstu árum og áratugum mun skólakerfi Íslendinga, ef að líkum lætur, fara stórvaxandi og spanna yfir víðara svið en verið hefur hingað til. Allar þjóðir, stórar og smáar, fátækar og auðugar, líta á það sem einn nauðsynlegasta þáttinn í framförum og atvinnuuppbyggingu að efla skólahald í margs konar myndum. Þær þjóðir, sem enn eru aftur úr í efnahagslegu tilliti, eiga ekki við verra vandamál að etja en menntunarleysið, sem hamlar því, að þær geti fært sér í nyt þá möguleika, sem nútímaþekking og tækni býður fram. Meðal stórþjóðanna, t. d. Bandaríkjamanna, er menntunarleysið aðalorsök fátæktar og umkomuleysis stórra þjóðarbrota, svo að bandarískir stjórnmálamenn telja það einn svartasta blettinn á þjóðlífi sínu, sem nauðsynlegt sé að bæta úr með hröðum aðgerðum og miklu fjármagni. Sem betur fer eigum við Íslendingar ekki við nein slík vandamál að stríða sem hinar nýsjálfstæðu þjóðir í austri og suðri né einstök þjóðabrot í Ameríku. Miðað við aðrar þjóðir er almenn menntun á háu stigi á Íslandi og áreiðanlega sambærileg við það, sem gerist á Norðurlöndum, í Vestur-Evrópu og Englandi. En þessar þjóðir telja þó flest standa til bóta í skólamálum sínum. Það er ekki lengur markmið þeirra að binda sig við það eitt að gera alla læsa og skrifandi. Því marki er löngu náð, svo sem er hér á landi. Nú er það hins vegar keppikefli að veita sem flestum framhaldsmenntun og sérfræðimenntun á ýmsum sviðum. Þessar háþróuðu þjóðir í almennri menntun og verkkunnáttu (sem yfirleitt fer saman) telja einsýnt, að „bókvitið verði látið í askana“. Það kemur alltaf betur og betur í ljós, að atvinnuvegirnir hafa ört vaxandi þörf fyrir sérmenntað fólk. Skortur á slíkum starfsmönnum stendur ævinlega í vegi fyrir framförum í atvinnulegu tilliti og efnahagslegum vexti. Þessar staðreyndir verða Íslendingar einnig að gera sér ljósar, enda mun varla vera ágreiningur um það í sjálfu sér meðal þeirra, sem leiða hugann að þessum málum og þeirri framtíð, sem okkar ætti að bíða.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin láti gera áætlun um framtíðarstaðsetningu hinna ýmsu sérskóla og fleiri menningarstofnana, sem ætla má að þjóðin þarfnist fyrr eða síðar, og í því sambandi verði miðað að því að efla Akureyri sem skólabæ og stefnt að því, að þar verði reistur háskóli í náinni framtíð. Eins og ljóst má vera, liggur sá höfuðtilgangur að baki þessari tillögu, að skólum og menntastofnunum verði dreift um landið framar því, sem nú er, og einkum þó að Akureyri og hennar grennd verði efld sem skólasvæði. Er æskilegt, að sú stefna verði mörkuð í tæka tíð, enda munu fáir eða engir staðir hafa betri skilyrði til þess að verða skólamiðstöðvar en Akureyri. Menntaskólinn yrði að sjálfsögðu aðalvaxtarbroddur slíkrar þróunar, en skjótlega mætti efla þar aðra skóla og efna til nýrra, ef rétt er á haldið, m. a. ýmiss konar iðnskóla, tækniskóla, tónlistarskóla, verzlunarskóla, sjómannaskóla o. fl. Loks þarf að stefna að því, eins og tillagan fjallar um, að koma upp háskóla á Akureyri með meiri eða minni deildaskiptingu.

Því fyrr sem þjóðin og ráðamenn hennar gera sér grein fyrir framtíðarþróun og stefnu í þessum málum, því betra. Með það í huga er þessi tillaga fram borin.

Sþ. 638. Nefndarálit [199. mál]

um till. til þál. um að varðveita Björnsstein á Rifi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 9. maí 1964.

Jónas G. Rafnar, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Halldór E. Sigurðsson.	Guðl. Gíslason.	Herm. Þórarinsson.
Geir Gunnarsson.	Ingvar Gíslason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.

Sþ. 639. Þingsályktun [211. mál]

um vegáætlun fyrir árið 1964.

(Afgreidd frá Sþ. 9. maí.)

Alþingi ályktar, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða og III. kafla vegalaga, nr. 71 20. desember 1963, að árið 1964 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM TEKJUR

A. Benzínskattur:			
1. Óráðstafaðar tekjur brúasjóðs frá 1963	kr.	9 800 000	
2. Óráðstafaðar tekjur vegasjóðs frá 1963	—	3 700 000	
3. Tekjur af 147 aura gjaldi: 57.5 millj., l. á kr. 1.47	—	84 500 000	
4. Tekjur af 130 aura gjaldi: 75% af 57.5 millj., l. á kr. 1.30	—	56 000 000	
			kr. 154 000 000
B. Gúmmígjald:			
1. Áætlaðar tekjur af 6.0 kr./kg gjaldi	kr.	6 700 000	
2. Áætlaðar tekjur af 3.0 kr./kg gjaldi	—	3 300 000	
			— 10 000 000
C. Þungaskattur:			
1. Áætlaðar tekjur skv. eldri lögum	kr.	21 000 000	
2. Áætlaðar tekjur af hækkun skv. vegalögum ..	—	10 000 000	
			— 31 000 000
D. Ríkisframlag skv. 89. gr. vegalaga			— 47 100 000
		Samtals	kr. 242 100 000

II. SKIPTING ÚTGJALDA

I. Stjórn og undirbúningur.				
1. Launagreiðslur		kr. 4 167 000		
2. Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. verkstjóra og ekkna þeirra		— 600 000		
3. Skrifstofukostnaður		— 1 600 000		
4. Verkfræðilegur undirbúningur framkv.		— 2 500 000		
			kr.	8 867 000
II. Viðhald þjóðvega.				
1. Viðhaldskostnaður þjóðvega		kr. 80 000 000		
2. Vegmerkingar skv. umferðarlögum		— 1 000 000		
			—	81 000 000
III. Til nýrra þjóðvega.				
1. Til hraðbrauta:				
1. Reykjanesbraut (A. 2)	6 778 000			
2. Þrengslavegur (G.2)	3 222 000			
		kr. 10 000 000		
2. Til þjóðbrauta:				
1. Vesturlandsvegur (B. 1):				
a. Um Þyril	1 900 000			
b. Í Gilsfirði	835 000			
		2 735 000		
2. Ólafsvíkurvegur (B. 40)		4 220 000		
3. Grundarfjarðarvegur (B. 45)		1 245 000		
4. Vestfjarðavegur (C. 1):				
a. Eiði—Mjóafj.botn	800 000			
b. Kinn—Kerlingarh.	600 000			
		1 400 000		
5. Barðastrandarvegur (C. 10)		500 000		
6. Strandavegur (C. 36)		500 000		
7. Norðurlandsvegur (D. 1, E. 1):				
a. Í Langadal	140 000			
b. Í Reykjadal	150 000			
c. Á Mývatnsheiði	160 000			
d. Við Helluvaðsá	300 000			
		750 000		
8. Siglufjarðarvegur (D. 38)		1.500 000		
9. Ólafsfjarðarvegur (D. 53):				
a. Hjá Ketilósi	150 000			
b. Um Ólafsfj.múla	1 350 000			
c. Í Arnarneshreppi	150 000			
		1 650 000		
10. Þingeyjarsýslubraut (E. 23):				
a. Sunnan Húsavíkur	500 000			
b. Á Tjörnesi	500 000			
c. Kelduhv.—Þórsh.	750 000			
d. Á Ytrihálsi	400 000			
		2 150 000		
11. Austurlandsvegur (F. 1):				
a. Í Möðrudal	800 000			
b. Á Jökuldal	100 000			

c. Um Hróarstungu ..	500 000		
d. Í Skriðdal	500 000		
e. Í Breiðdal	450 000		
f. Í Berufirði	600 000		
g. Í Geithellnahr.	400 000		
h. Í Lóni	300 000		
		3 650 000	
12. Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (F. 2):			
Á Hellisheiði		600 000	
13. Norðfjarðarvegur (F. 31):			
a. Um Fagradal	430 000		
b. Í Eskifirði	250 000		
c. Í Reyðarfirði	400 000		
		1 080 000	
14. Suðurfjarðavegur (F. 39)		750 000	
15. Suðurlandsvegur (G. 1):			
a. Í Mýrdal	500 000		
b. Í Holtum	900 000		
		1 400 000	
16. Þingvallavegur (G. 3)		600 000	
			kr. 24 730 000
3. Til landsbrauta:			
1. Grindavíkurvegur (A. 6)		300 000	
2. Kjósarskarðsvegur (A. 24)		265 000	
3. Skorradalsvegur (B. 3)		250 000	
4. Dragavegur (B. 2)		250 000	
5. Lundarreykjadalsvegur (B. 10)		200 000	
6. Reykdælavegur (B. 14)		150 000	
7. Svínadalsvegur (B. 4)		50 000	
8. Melasveitarvegur (B. 8)		145 000	
9. Þverárhlíðarvegur (B. 18)		200 000	
10. Norðurárdalsvegur (B. 17)		100 000	
11. Ferjubakkavegur (B. 16)		180 000	
12. Álftaneshreppsvegur (B. 26) ..		45 000	
13. Hraunhreppsvegur (B. 27) ...		400 000	
14. Staðarhraunsvegur (B. 30)		45 000	
15. Kolviðarnesvegur (B. 34)		100 000	
16. Útnesvegur (B. 42)		130 000	
17. Framsveitarvegur (B. 46)		50 000	
18. Skógarstrandarvegur (B. 50) ..		800 000	
19. Heydalsvegur (B. 32)		480 000	
20. Hlíðarvegur (B. 54)		175 000	
21. Hörðudalsvegur (B. 52)		100 000	
22. Laxárdalsvegur (B. 56)		175 000	
23. Klofningsvegur (B. 59)		920 000	
24. Kollsvíkurvegur (C. 14)		150 000	
25. Suðureyrarvegur (C. 16)		100 000	
26. Bíldudalsvegur (C. 15):			
Í frh. af Mikladalsvegi		200 000	
27. Bíldudalsvegur (C. 15):			
Trostansfjarðarvegur		1 500 000	
28. Svalvogavegur (C. 19)		115 000	

29.	Ingjaldssandsvegur (C. 21)	120 000
30.	Valþjófsdalsvegur (C. 22)	60 000
31.	Flateyrarvegur (C. 23)	200 000
32.	Súgandafjarðarvegur (C. 24) ..	400 000
33.	Djúpvegur (C. 28)	2 000 000
	Þar af 1 300 000 kr. í Fjarðarveg og 700 000 kr. í Ögurveg.	
34.	Snæfjallastrandarvegur (C. 33)	200 000
35.	Vatnsfjarðarvegur (C. 29)	350 000
36.	Strandavegur (C. 36)	700 000
37.	Drangsnesvegur (C. 40)	375 000
38.	Vatnsnesvegur (D. 7)	310 000
39.	Miðfjarðarvegur (D. 4)	330 000
40.	Vesturárdalsvegur (D. 5)	70 000
41.	Heggsstaðanesvegur (D. 3)	145 000
42.	Fitjavegur (D. 6)	55 000
43.	Vatnsdalsvegur (D. 12)	375 000
44.	Reykjabraut (D. 15)	70 000
45.	Svartárdalsvegur (D. 22)	230 000
46.	Svínadalsvegur (D. 19)	300 000
47.	Skagavegur (D. 23)	285 000
48.	Skagafjarðarvegur (D. 30)	450 000
49.	Reykjastrandarvegur (D. 27) ..	300 000
50.	Efribyggðarvegur (D. 31)	50 000
51.	Kjálkavegur (D. 35)	250 000
52.	Ólafsfjarðarvegur eystri (E. 2)	170 000
53.	Hörgárdalsvegur (E. 8)	250 000
54.	Eyjafjarðarbraut (E. 12)	600 000
55.	Svalbarðsstrandarvegur (E. 15)	470 000
56.	Fnjóskadalsvegir (E. 16—17) ..	500 000
57.	Útkinnarvegur (E. 20)	80 000
58.	Bárðardalsvegir (E. 21—22) ..	330 000
59.	Hólsfjallavegur (E. 36)	500 000
60.	Langanesvegur (E. 42)	200 000
61.	Vopnafjarðarvegir (F. 5—9) ..	1 100 000
62.	Jökuldalsvegur efri (F. 12)	480 000
63.	Hróarstunguvegur eystri (F. 15)	380 000
64.	Upphéraðsvegur (F. 19)	600 000
65.	Seyðisfjarðarvegur (F. 24)	460 000
66.	Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F. 25)	1 000 000
67.	Loðmundarfjarðarvegur (F. 30)	100 000
68.	Mjóafjarðarvegur (F. 32)	100 000
69.	Dalavegur í Fáskrúðsf. (F. 41)	80 000
70.	Axarvegur (F. 45)	150 000
71.	Austurlandsvegur í Skaftafellssýslu (F. 1)	520 000
72.	Suðurlandsvegur (G. 1):	
	a. Eldhraun að austanverðu ..	400 000
	b. Eldhraun að vestanverðu ..	300 000
73.	Biskupstungnabraut (G. 10) ..	400 000
74.	Grafningsvegur (G. 11)	150 000
75.	Geysisvegur (G. 20)	500 000

76. Auðsholtsvegur (G. 28)	190 000		
77. Gaulverjabæjarvegur (G. 41) ..	200 000		
78. Bugavegur (G. 48)	200 000		
79. Þykkvabæjarvegur (G. 49)	100 000		
80. Árbæjarvegur (G. 54)	200 000		
81. Rangárvallavegur (G. 55)	220 000		
82. Út-Landeyjavegur (G. 62)	400 000		
83. Álftaversvegur (G. 83)	60 000		
84. Meðallandsvegur (G. 86)	520 000		
85. Prestbakkavegur (G. 90)	50 000		
		kr. 27 160 000	
			kr. 61 890 000

IV. Til fjallvega, reiðvega og ferjuhalds.

1. Til aðalfjallvega:			
1. Kaldadalsvegur	kr.	80 000	
2. Kjalvegur	—	130 000	
3. Sprengisandsleið	—	1 000 000	
4. Fjallabaksvegur nyrðri	—	90 000	
2 Til annarra fjallvega	—	800 000	
3. — reiðvega	—	200 000	
4. — ferjuhalds	—	15 000	
			— 2 315 000

V. Til brúargerða.

1. Til stórbrúa:			
1. Mórilla í Kaldalóni	kr.	2 100 000	
2. Miðfjarðará á Norðurlandsvegi	—	1 480 000	
3. Blanda hjá Blönduósi	—	200 000	
4. Hofsá í Vopnafirði	—	2 620 000	
5. Steinavötn í Suðursveit	—	4 800 000	
6. Hólmsá í Skaftártungu	—	200 000	
7. Tungufljót hjá Snæbýli	—	1 600 000	
2. Til brúa 10 m og lengri:			
1. Brákarsundsbrú	—	440 000	
2. Kaldá	—	320 000	
3. Núpsá	—	600 000	
4. Hörðudalsá	—	800 000	
5. Grjótá í Gilsfirði	—	985 000	
6. Tunguá hjá Tröllatungu	—	420 000	
7. Kaldbaksós	—	200 000	
8. Norðdalsá í Bitru	—	200 000	
9. Reyðarlækur hjá Bjarghúsum	—	505 000	
10. Svartá hjá Steiná	—	200 000	
11. Svínadalsá hjá Rútsstöðum	—	530 000	
12. Gauksstaðaá á Skaga	—	555 000	
13. Fossá á Skaga	—	900 000	
14. Fjarðará í Siglufirði	—	250 000	
15. Kaldakvísl á Sprengisandi	—	390 000	
16. Helluvaðsá	—	450 000	
17. Gilsbakkaá í Norður-Þingeyjarsýslu	—	530 000	
18. Klifárgil á Héraði	—	1 450 000	
19. Kotá í Öræfum	—	1 125 000	
20. Eldvatnskvísl í Eldhrauni	—	560 000	
21. Landbrotsvatn	—	425 000	

	22. Klifandi hjá Felli	kr.	400 000		
	23. Eystri-Rangá hjá Keldum	—	470 000		
3.	Til smábrúa (4—9 m)	—	6 000 000		
				kr.	31 705 000
VI.	Til sýsluvegasjóða			—	10 000 000
VII.	**Til vega í kaupstöðum og kauptúnum**			—	30 262 500
VIII.	**Til véla- og áhaldakaupa.**				
	1. Til véla- og verkfærakaupa	kr.	11 000 000		
	2. — bókasafns verkamanna	—	20 000		
				—	11 020 000
IX.	**Til tilrauna við vega- og gatnagerð**			—	1 210 500
X.	**Iðgjald til slysatrygginga**			—	560 000
XI.	**Gjöld skv. lögum um orlof verkamanna**			—	3 000 000
XII.	**Atvinnuleysistryggingargjöld**			—	270 000
				Samtals kr.	242 100 000

III. FLOKKUN VEGA

1. Þjóðvegir, eftir kjördæmum.

A. Reykjaneskjördæmi.

a. Almennir þjóðvegir.

A 1 **Vesturlandsvegur:** Af Suðurlandsvegi innan við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, að sýslumörkum Borgarfjarðarsýslu við Botnsá.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

G 1 **Suðurlandsvegur:** Frá Reykjavík um Selás og Lögberg að sýslumörkum Árnessýslu ofan Sandskeiðs.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 2 **Reykjanesbraut:** Frá Reykjavík ofan við Hafnarfjörð um Vatnsleysustrandarheiði, Keflavík, Gerða, Sandgerði og að Stafnesi.
Aths.: Eins og í vegal. 1955, með þeim breytingum, að vegurinn liggur nú ofan við, en ekki um Hafnarfjörð og yfir Vatnsleysustrandarheiði, en ekki um Vatnsleysuströnd.

A 3 **Þingvallabraut:** Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvísl að sýslumörkum Árnessýslu austan Leirvogsvatns.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 4 **Krýsuvíkurvegur:** Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krýsuvík að sýslusteini í Herdísarvíkurhrauni.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 5 **Vatnsleysustrandarvegur:** Af Reykjanesbraut við Kúagerði um Vatnsleysuströnd og Voga á Reykjanesbraut austan Vogastapa.
Aths.: Nýr vegur. Var áður hluti af Reykjanesbraut.

A 6 **Grindavíkurvegur:** Af Reykjanesbraut á Vogastapa um Grindavík að Reykjanesvita.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 7 **Ísólfsskálavegur:** Af Grindavíkurvegi ofan Grindavíkur á Krýsuvíkurveg hjá Krýsuvík.
Aths.: Nýr vegur. Var áður sýsluvegur að nokkrum hluta.

A 8 **Hafnavegur:** Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum hjá Kirkjuvogi í Höfnum að Reykjanesvita.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 9 **Miðnesheiðarvegur:** Frá Keflavík um Miðnesheiði til Sandgerðis.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 10 **Garðskagavegur:** Af Reykjanesbraut nálægt Útskálum að Garðskagavita.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 11 **Álftanesvegur:** Af Reykjanesbraut hjá Engidal að Bessastöðum.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 12 **Nesvegur:** Hringvegur af Álftanesvegi við Bessastaðahlið um Sviðholt og Landakot á Álftanesveg við Bessastaðahlið.
Aths.: Var sýsluvegur að Sviðholti, hreppavegur þaðan.

A 13 **Garðavegur:** Frá Hafnarfirði um Garða á Álftanesveg hjá Selskarði.
Aths.: Var áður sýsluvegur.

A 14 **Vífilsstaðavegur:** Af Reykjanesbraut um Vífilsstaði á Elliðavatnsveg ofan Vífilsstaða.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 15 **Elliðavatnsvegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaði á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 16 **Útvarpsstöðvarvegur:** Af Suðurlandsvegi skammt innan við Reykjavík hjá útvarpsstöð á Vatnsenda á Elliðavatnsveg.
Aths.: Eins og í vegal. 1955, að viðbættum kaflanum frá útvarpsstöð á Elliðavatnsveg.

A 17 **Heiðmerkurvegur:** Af Suðurlandsvegi að Heiðmerkurhliði.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 18 **Gufunesvegur:** Af Vesturlandsvegi vestan Grafarholts að Gufunesi.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 19 **Keldnavegur:** Af Vesturlandsvegi vestan Grafarholts að Keldum.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 20 **Úlfarsárvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Korpúlfsstaðaá hjá Úlfarsfelli á Reykjaveg.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 21 **Reykjavegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan við Álafoss um Reykjahverfi hjá Miðdal og á Suðurlandsveg hjá Geithálsi, með álmu að Reykjalundi.
Aths.: Eins og í vegal. 1955, nema nú liggur vegurinn sunnan við, en ekki gegnum Álafoss.

A 22 **Kjalarnesvegur innri:** Af Vesturlandsvegi skammt vestan við Varmadal um Skeggjastaði á Þingvallabraut hjá Seljabrekku.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 23 **Eyrarfjallsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Blönduholti.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 24 **Kjósarskarðsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Skorá um Möðruvelli og Fellsenda á Þingvallabraut hjá Syðri-Stíflisdal.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

A 25 **Reynivallavegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Reynivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegar hjá Möðruvöllum.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

b. Hliðarvegir vegna undanþáguákvæða 12. gr. um kirkjustaði, félagsheimili, opinbera skóla eða heilsuhæli, fullgerð raforkuver, kauptún með færri en 300 íbúa, eða tengiveg milli aðalleiða.

Nr.	Vegur að:	Athugasemdir
A 1—1	Lágafellskirkju	Var einkavegur
A 1—2	Brúarlandsskóla	— einkavegur
A 1—3	Varmárskóla	— einkavegur
A 1—4	Félagsheimilinu Hlégarði	— einkavegur
A 1—5	Klébergsskóla	— einkavegur

Nr.	Vegur að:	Athugasemdir
A 1—6	Brautarholtskirkju og Arnarholtshæli	Var hreppavegur
A 1—7	Saurbæjarkirkju	— hreppavegur
A 1—8	Félagsheimilinu Félagsgarði	— einkavegur
A 2—1	Kálfatjarnarkirkju	— hreppavegur
A 2—2	Barnaskóla Brunnastaðahverfis	— hreppavegur
A 2—3	Hvalneskirkju	— hreppavegur
A 3—1	Mosfellskirkju	— hreppavegur
A 8—1	Kirkjuvogskirkju	— hreppavegur
A 8—2	Skóla í Höfnum	— hreppavegur
A 10—1	Útskálakirkju	— hreppavegur
A 12—1	Skóla á Bjarnastöðum	— einkavegur
A 13—1	Garðakirkju	— einkavegur
A 13—2	Samkomuhúsi við Garða	— einkavegur
A 14—1	Skóla við Vífilsstaðaveg	— hreppavegur
A 20—1	Úlfarsárhæli	— einkavegur
A 25—1	Skóla við Reynivallaveg	— hreppavegur
A 25—2	Reynivallakirkju	— einkavegur

B. Vesturlandskjördæmi.

a. Almennir þjóðvegir.

B 1 **Vesturlandsvegur:** Frá Botnsá í Hvalfirði um Leirársveit, Andakíl, brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á vegamót Borgarnesbrautar, norðan Eskiholts, um Norðurárdal, Bjarnardal, Miðdali, Búðardal, Svínadal, að Saurbæ í Gilsfjarðarbotni.

Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 2 **Dragavegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd, um Ferstikluháls, Svínadal, Geldingadraga, vestan Skorradalsvatns um Hesthál, Andakíl að Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum.

Aths.: Eins og í vegal. 1955, hét Draghálsvegur.

B 3 **Skorradalsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Andakílsá um Fossabæi, norðan Skorradalsvatns, um Sarp vestan Eiríksvatns á Uxahryggjaveg nálægt Vörðufelli, með álmu yfir Fitjabrú og sunnan vatns á Dragaveg hjá Stóru-Drageyri.

Aths.: Eins og í vegal. 1955, að viðbættum sýsluveginum Sarpsvegi á Uxahryggjaveg.

B 4 **Svínadalsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri, á Dragaveg gegnt Geitabergi.

Aths.: Eins og í vegal. 1955, að viðbættum hluta af Leirársveitarvegi meðfram Laxá.

B 5 **Leirársveitarvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú um Leirá að Svínadalsvegi vestan við Hól.

Aths.: Eins og í vegal. 1955, að frádregnum kaflanum Laxá—Miðfell.

B 6 **Akranesvegur:** Frá Akranesi að Vesturlandsvegi hjá Lambhaga.

Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 7 **Akrafjallsvegur:** Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall hjá Klafastöðum um Innra-Hólm á Akranesveg ofan við kaupstaðinn.

Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 8 **Melasveitarvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti um Melasveit á Vesturlandsveg sunnan við Höfn.

Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 9 **Mófellsstaðavegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan við Andakílsá um Hreppa og Mófellsstaði á Dragaveg sunnan við Vatnsósinn.

Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 10 **Lundarreykjadalsvegur:** Af Dragavegi á Götuás, inn Lundarreykjadal, sunnan ár, yfir Grímsárbrú hjá Brautartungu út Lundarreykjadal norðan ár á Bæjarsveitarveg hjá Fossatúni.

Aths. Eins og vegal. 1955, en sameinaðir Skálpastaðavegur og Lundarreykjadalsvegur, nema kaflinn Brautartunga—Gilstreymi, er leggst við Uxahryggjaveg.

B 11 **Uxahryggjavegur:** Frá Grímsárbrú hjá Brautartungu, fram dal, um Uxahryggi og Brunna til Þingvalla.

Aths. Uxahryggjavegur, sem var fjallvegur, að viðbættum hluta af Lundarreykjadalsvegi.

B 12 **Bæjarsveitarvegur:** Af Dragavegi skammt vestan við Götuás, um Bæjarsveit á Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum í Reykholtsdal, með álmum að Þingnesi og flugvelli á Kálfanesmelum.

Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 13 **Flókadalsvegur:** Af Bæjarsveitarvegi hjá Steðja, inn Flókadal hjá Skógum, um brú á Geirsá hjá Brennistöðum á Bæjarsveitarveg hjá Litla-Kroppi.

Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 14 **Reykdælavegur:** Af Bæjarsveitarvegi hjá Kleppjárnsreykjum, inn Reykholtsdal, yfir Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum, fram hjá Giljum og á Borgarfjarðarbraut við brú á Deildargili, hjá Hraunsási, með álmu frá Steindórsstöðum um Rauðsgil að Auðsstöðum.

Aths.: Eins og vegal. 1955 að viðbættum sýsluvegi frá Giljum að Deildargili.

B 15 **Borgarfjarðarbraut:** Af Vesturlandsvegi hjá Haugum, um Stafholtstungur yfir Hvítárbrú hjá Kljáfossi um Reykholtsdal, yfir Úlfsstaðaháls um Hálsasveit að Hvítársíðuvegi við Hvítárbrú hjá Kalmanstungu.

Aths.: Eins og vegal. 1955, að undanskildum vegi frá brú á Hvítá að Lambá, sem fylgir nú Kaldadalsvegi.

B 16 **Borgarnesbraut:** Frá Borgarnesi, að Vesturlandsvegi við vegamót norðan Eskiholts.

Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 16b **Ferjubakkavegur:** Af Borgarnesbraut hjá Brennistöðum um Ferjubakka, á Vesturlandsveg vestan Ferjukotssíkis.

Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 17 **Norðurárdalsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts um Einifell, um Veiðilæk, Glitstaði og Hákonsstaði, á Norðurlandsveg um brú á Norðurá hjá Króki, með álmu að Varmalandsskólum.

Aths. Eins og vegal. 1955, Varmaland að Einifelli, þaðan 1.5 km í engum vegaflokki. Síðan Veiðileysuvegur, Skarðshamravegur og Króksvegur (þjóðvegur).

B 18 **Þverárhlíðarvegur:** Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt, Arnbjargarlæk og Norðtungu á Borgarfjarðarbraut norðan Kljáfoss.

Aths.: Eins og vegal. 1955 að frádr. álmu: Högnastaðir að Hermundarstöðum, er verður Grjóthálsvegur.

B 19 **Hvítársíðuvegur:** Af Þverárhlíðarvegi um Hvítársíðu yfir Skeljaháls um Kalmanstungu á Borgarfjarðarbraut, sunnan brúar á Hvítá með álmu yfir Hvítá hjá Bjarnastöðum.

Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 20 **Grjóthálsvegur:** Af Þverárhlíðarvegi hjá Högnastöðum um Hermundarstaði, Grjóthálsi, á Norðurlandsveg hjá Króki.

Aths.: Nýr vegur um Grjóthálsi, áður í engum vegaflokki, að viðbættum hluta af Þverárhlíðarvegi frá Högnastöðum til Hermundarstaða.

B 21 **Glitstaðavegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Grábrók um brýr á Norðurá að Glitstöðum.

Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 22 **Stafholtsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts um Stafholt að Flóðatanga.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 23 **Valbjarnarvallavegur:** Af Vesturlandsvegi ofan Galtarholts að Valbjarnarvöllum.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 24 **Stykkishólmsvegur:** Af Borgarnesbraut fyrir ofan Borgarnes, um Mýrar, Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 25 **Þursstaðavegur:** Af Stykkishólmsvegi vestan Borgar að Þursstöðum.
Aths.: Var sýsluvegur, hluti Rauðanesvegar.

B 26 **Álftaneshreppsvegur:** Af Stykkishólmsvegi, vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Stykkishólmsveg hjá Arnarstapa, með álmu frá Krossnesi að Álftárósi.
Aths.: Eins og vegal. 1955, en Álftaneshreppsvegur og Þverholtavegur sameinaðir og bætt við þeim hluta Hraunhreppsvegar, sem var í Álftaneshreppi.

B 27 **Hraunhreppsvegur:** Af Stykkishólmsvegi hjá Fiflholtum, um Einholt, Stóra-Kálfalæk, Akra, Vog, Kolás, Hundastapa, Jaðar, Saura á Stykkishólmsveg á Raftási, með álmu frá Jaðri, að Álftaneshreppsvegi sunnan brúar á Álftá hjá Hrafnkelsstöðum.
Aths.: Eins og vegal. 1955, en Hraunhreppsvegur og Sauravegur sameinaðir, en felldur burtu sá hluti Hraunhreppsvegar, sem var í Álftaneshreppi.

B 28 **Álftanesvegur:** Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að Álftanesi.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 29 **Grímsstaðavegur:** Af Stykkishólmsvegi hjá Urriðaárbrú að Grímsstöðum.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 30 **Staðarhraunsvegur:** Af Stykkishólmsvegi á Raftási að Staðarhrauni.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 31 **Skógavegur:** Af Stykkishólmsvegi nálægt Brúarhrauni að Skógum.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 32 **Heydalsvegur:** Af Stykkishólmsvegi hjá Kolbeinsstöðum um Hnappadal og Heydal á Skógarstrandarveg vestan Bildhóls.
Aths.: Eins og vegal. 1955, en sleppt Hlíðarálmu, hét Hnappadalsvegur.

B 33 **Hlíðarvatnsvegur:** Af Heydalsvegi norðan við brú á Hraunholtaá að Hallkelsstaðahlíð.
Aths.: Samkv. vegal. 1955 álma frá Hnappadalsvegi.

B 34 **Kolviðarnesvegur:** Af Stykkishólmsvegi vestan Gerðubergslækjar í Eyjahreppi að Kolviðarnesi.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 35 **Hítarnesvegur:** Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Hítarnesi.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 36 **Skógarnesvegur:** Af Stykkishólmsvegi sunnan Stóru-Þúfu, um Miklholt, Ytra-Skógarnes, Syðra-Skógarnes og Hausthús á Stykkishólmsveg vestan við Rauðkollsstaði.
Aths.: Eins og vegal. 1955 að viðbættum sýsluvegunum Hausthúsavegi og Syðri-Skógarnesvegi.

B 37 **Krossavegur:** Af Ólafsvíkurvegi austan Hofstaða um Stakkhamar og Mel á Ólafsvíkurveg austan Mosstaðabyrgis, með álmu frá Mel að Krossum.
Aths.: Eins og vegal. 1955, að viðbættum þjóðv. Stakkhamarsvegi.

B 38 **Ölkelduvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Slitvindastöðum.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 39 **Lýsuhólsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 40 **Ólafsvíkurvegur:** Af Stykkishólmsvegi austan við Straumfjarðará, um Staðarsveit, Fróðárheiði, um Ólafsvík og Rif til Hellissands.
Aths.: Eins og vegal. 1955, að viðbættum Rifsvegi og hluta Hellissandsvegar.

B 41 **Hellissandsvegur:** Frá Hellissandi á Ólafsvíkurveg nálægt Sveinsstöðum.
Aths.: Hluti af Hellissandsvegi skv. vegal. 1955.

B 42 **Útnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar um Breiðuvík að Hellissandi.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 43 **Búðavegur:** Af Útnesvegi sunnan Hraunhafnarár til Búða.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 44 **Hellnavegur:** Af Útnesvegi að Hellnum.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 45 **Grundarfjarðarvegur:** Af Stykkishólmsvegi norðan Kerlingarskarðs um Berserkjahraun, Mjósund, Grafarnes, Búlandshöfða á Ólafsvíkurveg austan við Fróðá.
Aths.: Nafni breytt, var Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur.

B 46 **Framsveitarvegur:** Af Grundarfjarðarvegi hjá Vindási um Setberg út fyrir Eyrarfjall á Grundarfjarðarveg hjá Eiði.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 47 **Bjarnarhafnarvegur:** Af Helgafellssveitarvegi í Berserkjahrauni til Bjarnarhafnar.
Aths.: Skv. vegal. 1955 lá vegurinn af Eyrarsveitarvegi.

B 48 **Helgafellssveitarvegur:** Af Stykkishólmsvegi á móts við Drápuhlíð um Kóngsbakka og Hraunháls á Grundarfjarðarveg í Berserkjahrauni.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 49 **Borgarlandsvegur:** Af Stykkishólmsvegi hjá Borgarlandi að Þingvöllum.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 50 **Skógarstrandarvegur:** Af Stykkishólmsvegi norðan Drápuhlíðar, fyrir Álftafjörð um Skógarströnd yfir Hörðudal, á Vesturlandsveg í Miðdölum.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 51 **Langadalsvegur:** Af Skógarstrandarvegi austan Setbergsár að Litla-Langadal.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 52 **Hörðudalsvegur:** Af Skógarstrandarvegi vestan Hörðudalsár um Seljaland og Tungu, á Skógarstrandarveg hjá Hörðubóli, með álmu frá Tungu að Fremri-Vífilsdal.
Aths.: Eins og í vegal. 1955, að viðbættum sýsluvegi, vestan Hörðudalsár.

B 53 **Hálsabæjarvegur:** Af Skógarstrandarvegi við Snóksdalslæk um Bæ og Hundadal á Vesturlandsveg sunnan brúar á Reykjadalsá.
Aths.: Áður sýsluvegir: Hálsabæjarvegur og Hundadalsvegur.

B 54 **Hlíðarvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Tunguár um Kringlu og Kolsstaði á Vesturlandsveg hjá Fellsenda.
Aths.: Eins og vegal. 1955. Hét Miðdalavegur.

B 55 **Haukadalsvegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal inn á móts við Kross.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 56 **Laxárdalsvegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan Laxár í Dölum, um Laxárdal og Laxárdalsheiði á Strandaveg utan Borðeyrar.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 57 **Hjarðarholtsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Búðardals um Hjarðarholt, Gillastaði og yfir brú á Laxá á Dönustaðagrjótum á Laxárdalsveg.
Aths.: Eins og vegal. 1955, að viðbættum hluta af sýsluvegi norðan Laxár.

B 58 **Sælingsdalsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Leysingjastaða að Sælingsdal, með álmu að Sælingsdalslaug.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 59 **Klofningsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vesturlandsveg í Saurbæ, með álmu að Skarðsstöð.
Aths.: Eins og vegal. 1955, hét áður: Klofnings- og Skarðsstrandarvegur.

B 60 **Efribyggðarvegur:** Af Klofningsvegi hjá Helluá, um Túngarð og Stóru-Tungu, á Klofningsveg nálægt Kjarlaksstöðum.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 61 **Salthólmavíkurvegur:** Af Klofningsvegi hjá Tjaldanesi í Saurbæ til verzlunarstaðarins í Salthólmavík.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

B 62 **Staðarhólsvegur:** Af Klofningsvegi við Kirkjuhvol í Saurbæ um Staðarhól að Hvammsdal.
Aths.: Eins og í vegal. 1955.

b. Hliðarvegir vegna undanþáguákvæða 12. gr. um kirkjustaði, félagsheimili, opinbera skóla eða heilsuhæli og fullgerð raforkuver.

Nr.	Vegur að:	Athugasemdir
B 1— 1	Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðarströnd	Var hreppavegur
B 2— 2	Hlöðum, félagsheimili Hvalfjarðarströnd	— hreppavegur
B 7— 3	Innrahólmskirkju á Akranesi	— hreppavegur
B 7— 4	Heynesi, félagsheimili á Akranesi	— hreppavegur
B 7— 5	Fannahlíð, félagsheimili í Skilmannahreppi	— hreppavegur
B 5— 6	Leirárlaugum, félagsh. í Leirár- og Melahreppi	— sýsluvegur
B 5— 7	Leirárkirkju	— sýsluvegur
B 5— 8	Leirárskóla	— sýsluvegur
B 1— 9	Hvanneyri, kirkju og skóla	— einkavegur
B 3—10	Fitjakirkju í Skorradal	— einkavegur
B 3—11	Andakílsárorkuveri	— einkavegur
B 10—12	Lundarkirkju í Lundarreykjadal	— einkavegur
B 12—13	Bæ og Brún, kirkju og félagsheimili í Bæjarhreppi	— sýsluvegur
B 12—14	Kleppjárnsreykjaskóla	— einkavegur
B 15—15	Reykholti, kirkju og skóla	— einkavegur
B 15—16	Stóraáskirkju	— einkavegur
B 14—17	Logalandi, félagsheimili í Reykholtsdal	— einkavegur
B 10—18	Brautartungu, félagsheimili í Lundarreykjadal	— einkavegur
B 19—19	Gilsbakkakirkju	— sýsluvegur
B 19—20	Síðumúlakirkju	— einkavegur
B 18—21	Norðtungukirkju	— einkavegur
B 18—22	Hjarðarholtskirkju	— einkavegur
B 22—23	Stafholtskirkju	— einkavegur
B 17—24	Varmalandsskóla	— þjóðvegur
B 1—25	Hvammskirkju í Norðurárdal	— hreppavegur
B 16—26	Brennistöðum, félagsheimili, Borgarfirði	— einkavegur
B 24—27	Borgarkirkju á Mýrum	— einkavegur
B 28—28	Álftaneskirkju	— einkavegur
B 24—29	Arnarstapa, félagsheimili á Mýrum	— einkavegur
B 27—30	Akrakirkju	— einkavegur

Nr.	Vegur að:	Athugasemdir
B 24—31	Álftártungukirkju	Var sýsluvegur
B 30—32	Staðarhraunskirkju	— einkavegur
B 32—33	Kolbeinsstaðakirkju	— sýsluvegur
B 24—34	Lindartungu, félagsheimili	— einkavegur
B 24—35	Rauðamelskirkju	— sýsluvegur
B 36—36	Miklaholtskirkju	— sýsluvegur
B 24—37	Fáskrúðarbakkakirkju	— einkavegur
B 24—38	Fáskrúðarbakka, félagsheimili	— einkavegur
B 40—39	Staðarstaðarkirkju	— sýsluvegur
B 43—40	Búðakirkju	— einkavegur
B 44—41	Hellnakirkju	— einkavegur
B 42—42	Arnarstapa, félagsheimili	— sýsluvegur
B 41—43	Ingjaldshólskirkju	— sýsluvegur
B 40—44	Fossárorkuveri	— einkavegur
B 45—45	Brimilsvallakirkju	— sýsluvegur
B 47—46	Bjarnarhafnarkirkju	— einkavegur
B 24—47	Helgafellskirkju	— sýsluvegur
B 50—48	Narfeyrarkirkju	— einkavegur
B 50—49	Breiðabólstaðarkirkju	— sýsluvegur
B 47—50	Seljum, eyðibýli	— þjóðvegur
B 1—51	Sauðafellskirkju	— einkavegur
B 53—52	Snóksdalskirkju	— einkavegur
B 55—53	Vatnshornskirkju	— einkavegur
B 1—54	Búðardal, félagsheimili	— sýsluvegur
B 57—55	Hjarðarholtskirkju	— einkavegur
B 59—56	Hvammskirkju	— sýsluvegur
B 59—57	Staðarfelli, skóla og kirkju	— einkavegur
B 59—58	Dagverðarneskirkju (ekki bílf.)	— sýsluvegur
B 59—59	Skarðskirkju	— sýsluvegur
B 59—60	Staðarhólskirkju og félagsheimili	— sýsluvegur

C. Vestfjarðakjördæmi.

a. Almennir þjóðvegir.

B 1 **Vesturlandsvegur:** Úr Gilsfjarðarbotni um Geiradal og Króksfjörð í Þorskafjarðarbotn.

C 1 **Vestfjarðavegur:** Af Vesturlandsvegi í Þorskafjarðarbotni, um Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes, um Hjarðarnes, fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð um Breiðadalsheiði til Ísafjarðar.

Aths.: Nýtt nafn. Sameinaðir þjóðv. Gufudalsv., Litlanesv., hluti Barðastrandarv., Arnarfjarðarv., Þingeyrarv., Dýrafjarðarv., Ísafjarðarv. og hreppav. Kjálkafjarðar- og Uppsalav.

C 2 **Steinadalsvegur:** Af Vesturlandsvegi í Gilsfjarðarbotni um Steinadalsheiði á Strandaveg í Kollafirði.

Aths.: Eins og vegal. 1955.

C 3 **Króksfjarðarnesvegur:** Af Vesturlandsvegi í Geiradal í Króksfjarðarnes.

Aths.: Eins og vegal. 1955.

C 4 **Tröllatunguheiði:** Af Vesturlandsvegi sunnan Geiradalsár, nálægt Bakka hjá Valshamri um Tröllatunguheiði, hjá Tröllatungu, á Strandaveg hjá Húsavík.

Aths.: Við fjallveg er bætt sýsluvegunum Valshamarsvegi og Tröllatungvegi og hluta af Gautsdalsvegi.

C 5 **Borgarlandsvegur:** Af Vesturlandsvegi vestan Hríshóls að Hafrafelli.
Aths.: Nýr vegur, hluti af samnefndum sýsluvegi.

C 6 **Reykhólasveitarvegur:** Af Vesturlandsvegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla, Stað, Laugaland og Hofstaði á Vesturlandsveg hjá Kinnarstöðum.
Aths.: Eins og vegal. 1955, að viðbættum hreppavegi milli Hlíðar og Laugalands.

C 7 **Kvígindisfjarðarvegur:** Af Vestfjarðavegi á Kletthálsi, um Kvígindisfjörð að Kirkjubóli, að Bæ, með álmu vestan Kvígindisfjarðar að Svínanesi.
Aths.: Eins og vegal. 1955.

C 8 **Fjarðarhlíðarvegur:** Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð, um Fjörð að Skálmarnesmúla.
Aths.: Eins og vegal. 1955.

C 9 **Þingmannaheiði:** Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð um Þingmannaheiði og Þingmannadal á Vestfjarðaveg austan brúar á Vatnsdalsá í Vatnsfjarðarbotni.
Aths.: Eins og vegal. 1955.

C 10 **Barðastrandarvegur:** Af Vestfjarðavegi norðan brúar á Peningsdalsá, hjá Hellu í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði til Geirseyrar við Patreksfjörð.
Aths.: Eins og vegal. 1955, nema vegur styttur frá Kletti að Hellu, sem nú er Vestfjarðavegur.

C 11 **Siglunesvegur:** Frá Vestfjarðavegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
Aths.: Hluti af samnefndum sýsluvegi.

C 12 **Rauðasandsvegur:** Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi.
Aths.: Eins og vegal. 1955.

C 13 **Örlygshafnarvegur:** Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum.
Aths.: Eins og vegal. 1955.

C 14 **Kollsvíkurvegur:** Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls, Kollsvík um Breið á Örlygshafnarveg hjá Breiðuvík.
Aths.: Eins og vegal. 1955 að viðbættum sýsluvegi frá Gjögrum til Kollsvíkur og þjóðvegi, Gjögur—Geitagil.

C 15 **Bíldudalsvegur:** Af Barðastrandarvegi á Geirseyri við Patreksfjörð, um Mikladal fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdán til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
Aths.: Eins og vegal. 1955, en tveir vegir sameinaðir, þ. e. Bíldudals- og Patreksfjarðarvegur og Suðurfjarðavegur.

C 16 **Suðureyrarvegur:** Af Bíldudalsvegi sunnan Tálknafjarðar að Lambeyri.
Aths.: Eins og vegal. 1955, auk hluta af samnefndum sýsluvegi.

C 17 **Tálknafjarðarvegur:** Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Sellátrum.
Aths.: Eins og vegal. 1955.

C 18 **Ketildalavegur:** Frá Bíldudal út með Arnarfirði um Bala að Selárdal.
Aths.: Eins og vegal. 1955. Hét áður Dalahreppsvegur.

C 19 **Svalvogavegur:** Af Vestfjarðavegi utan við Hrafnseyri um Álftamýri, Lokinhamra, Svalvoga, Keldudal og Haukadal til Þingeyrar.
Aths.: Álftamýrarvegur eins og vegal. 1955, auk þess sýsluv. Stapadalsv., hreppav. Hrafnabjargav. og þjóðv. Haukadalsv.

C 20 **Múlavegur:** Af Svalvogavegi utan Sandár að Múla.
Aths.: Nýr vegur: Hluti af Hofsvegi, sýsluv.

G 61 **Vallarvegur:** Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
Aths.: Óbreyttur.

G 62 **Út-Landeyjavegur:** Af Suðurlandsvegi sunnan við Þverárbrú niður með Þverá og Hólsá um Skúmsstaði, Sigluvík og Akurey, á Suðurlandsveg við Hemlu, með álmu um brú á Hólsá hjá Ártúni á Þykkvabæjarv.
Aths.: Var Bakkabæjarvegur, Hólsárvegur (sýsluv.), Út-Landeyjavegur og hluti Landeyjav. syðri.

G 63 **Púfuvegur:** Af Út-Landeyjavegi vestan Fróðárholts, um Púfu á Út-Landeyjaveg vestan Skúmsstaða.
Aths.: Var hluti Út-Landeyjavegar.

G 64 **Fíflholtsvegur:** Af Út-Landeyjavegi móts við Kálfsstaði að Gerðum í Fíflholtshverfi.
Aths.: Var sýsluvegur.

G 65 **Landeyjavegur syðri:** Af Út-Landeyjavegi nálægt Álfhólahjáleigu, um Arnarhól yfir Affallsbrú, um Úlfsstaði, austur Landeyjar, um Lágafell, Miðey og Vomúlastaði á Suðurlandsveg austan við Affall.
Aths.: Óbreyttur frá Út-Landeyjavegi.

G 66 **Hólmavegur:** Af Landeyjavegi syðri hjá Búðarhóli að Bakka.
Aths.: Óbreyttur.

G 67 **Hólmabæjavegur:** Af Landeyjavegi syðri nálægt Sandtjörn, um Svanavatn, Borgareyrar og Dalsel á Suðurlandsveg á Markarfljótsaurum.

G 68 **Dímonarvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg nálægt Eyvindarmúla.
Aths.: Nýr vegur.

G 69 **Þórsmerkurvegur:** Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Stóru-Mörk inn með Markarfljóti í Húsadal í Þórsmörk.
Aths.: Nýr frá Stóru-Mörk.

G 70 **Sandhólmavegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Fitjamýri um Nýjabæ og Lambhúshól á Suðurlandsveg austan við Hvamm.
Aths.: Óbreyttur.

G 71 **Skálavegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Hvamm um Skálabæi á Suðurlandsveg vestan við Efstu-Grund.
Aths.: Óbreyttur.

G 72 **Hverfisvegur:** Af Suðurlandsvegi austan Írár, um Holtshverfi á Suðurlandsveg vestan við Holtsá.
Aths.: Var sýsluvegur.

G 73 **Leirnavegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Steina, um Leirnahverfi og Rauðsbakka á Suðurlandsveg vestan við Svaðbælisá.
Aths.: Var sýsluvegur.

G 74 **Raufarfellsvegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Svaðbælisá, um Raufarfellsbæi á Suðurlandsveg vestan Kaldaklifsár.
Aths.: Var sýsluvegur.

G 75 **Eyvindarhólavegur:** Af Suðurlandsv. vestan við Hrútafell að Eyvindarhólum.
Aths.: Var sýsluvegur.

G 76 **Skógaskólavegur:** Af Suðurlandsvegi austan Skógár að Skógaskóla.
Aths.: Óbreyttur.

G 77 **Péturseyjarvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Péturseyjar um Eyjarhóla og Pétursey á Suðurlandsveg austan Péturseyjar.
Aths.: Var sýsluvegur.

G 78 **Dyrhólavegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsali að Dyrhólaey.
Aths.: Óbreyttur.

G 79 **Reynishverfisvegur.** Af Suðurlandsv. á Fossholtum að Görðum í Reynishverfi.
Aths.: Óbreyttur.

G 80 **Þórisholtsvegur:** Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reyni.
Aths.: Var sýsluvegur.

G 81 **Heiðardalsvegur:** Af Suðurlandsvegi norðan við Reynisfjall um Rofamýri að Litlu-Heiði.
Aths.: Óbreyttur.

G 82 **Kerlingardalsvegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Fagradal, inn með Kerlingardalsá, yfir brú á Kerlingardalsá að heimreið í Kerlingardal.
Aths.: Nýr; var hluti þjóðvegar yfir Höfðabrekkuheiði.

G 83 **Álftaversvegur:** Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Hraunbæ, Þykkvabæjarklaustur og Jórvíkurhryggi á Álftaversveg nálægt Holti.
Aths.: Óbreyttur.

G 84 **Búlandsvegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu um Búland að Skaftárdal.
Aths.: Óbreyttur að Búlandi, var þaðan sýsluvegur.

G 85 **Ljótarstaðavegur:** Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að heimreið að Snæbýli.
Aths.: Var sýsluvegur.

G 86 **Meðallandsvegur:** Af Suðurlandsvegi í Skaftártungu um Ásabrú, Leiðvöll og Langholt í Meðallandi um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.
Aths.: Óbreyttur.

G 87 **Suður-Meðallandsvegur:** Af Meðallandsvegi nálægt Strönd, um Strönd og Kotey á Meðallandsveg hjá Efriey.
Aths.: Var sýsluvegur.

G 88 **Holtsvegur á Síðu:** Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú hjá Heiði að Holti.
Aths.: Óbreyttur.

G 89 **Kirkjubæjarklaustursvegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.
Aths.: Óbreyttur.

G 90 **Prestsbakkavegur:** Af Suðurlandsvegi í Prestsbakkavelli um Prestsbakka að Mörtungu.
Aths.: Óbreyttur.

G 91 **Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum:** Frá vegamótum ofan við kirkjuna um Ofanleitishverfi suður að vita á Stórhöfða.
Aths.: Óbreyttur.

b. Hliðarvegir vegna undanþáguákvæða 12. gr. um kirkjustaði, félagsheimili, opinbera skóla eða heilsuhæli og fullgerð raforkuver.

Nr.	Vegur að:	Athugasemdir
G 1— 1	Kotstrandarkirkju og skóla	Var einkavegur
G 1— 2	Kapellu að Laugardælum	— hreppavegur
G 1— 3	Skeggjastaðaskóla	— einkavegur
G 1— 4	Kálfholtskirkju	— sýsluvegur
G 1— 5	Skóla á Hellu	— sýsluvegur
G 1— 6	Strandarskóla	— hreppavegur
G 1— 7	Hvoli (félagsheimili)	— einkavegur
G 1— 8	Stóra-Dalskirkju	— sýsluvegur
G 1— 9	Seljalandsskóla	— hreppavegur
G 1—10	Kapellu á Ytri-Sólheimum í Mýrdal	— sýsluvegur
G 1—11	Kirkju og skóla í Litla-Hvammi	— einkavegur
G 1—12	Múlakotsskóla	— einkavegur
G 1—13	Kálfafellskirkju	— einkavegur
G 5— 1	Strandarkirkju í Selvogi	— einkavegur
G 6— 1	Barnaskóla í Þorlákshöfn	— einkavegur
G 6— 2	Hjallakirkju í Ölfusi	— einkavegur
G 10— 1	Kirkju að Stóru-Borg í Grímsnesi	— einkavegur
G 10— 2	Félagsheimili að Stóru-Borg	— hreppavegur
G 10— 3	Mosfellskirkju	— hreppavegur
G 10— 4	Torfastaðakirkju	— hreppavegur
G 10— 5	Félagsheimili og skóla í Aratungu	— einkavegur
G 11— 1	Kirkju á Úlfljótsvatni	— hreppavegur
G 12— 1	Skóla á Ljósafossi	— einkavegur

Nr.	Vegur að:	Athugasemdir
G 12— 2	Steingrímsstöð	Var einkavegur
G 13— 1	Búrfellskirkju	— einkavegur
G 14— 1	Skólum á Laugarvatni	— s. og einkav.
G 14— 2	Kirkju í Miðdal	— einkavegur
G 14— 3	Úthlíð í Biskupstungum (kirkjustaður)	— einkavegur
G 20— 1	Haukadalskirkju	— einkavegur
G 22— 1	Hraungerðiskirkju	— einkavegur
G 25— 1	Félagsheimili og skóla í Brautarholti	— einkavegur
G 25— 2	Skálholtskirkju	— einkavegur
G 28— 1	Hrepphólakirkju	— hreppavegur
G 30— 1	Flúðaskóla	— hreppavegur
G 33— 1	Stóranúpskirkju	— sýsluvegur
G 33— 2	Ásaskóla	— einkavegur
G 41— 1	Kirkju í Gaulverjabæ	— einkavegur
G 41— 2	Skóla í Gaulverjabæ	— hreppavegur
G 45— 1	Kirkju í Villingaholti	— einkavegur
G 45— 2	Skóla í Villingaholti	— einkavegur
G 49— 1	Skóla í Þykkvabæ	— einkavegur
G 51— 1	Laugalandsskóla	— sýsluvegur
G 51— 2	Kirkju í Marteinstungu	— sýsluvegur
G 51— 3	Kirkju á Skarði	— einkavegur
G 52— 1	Hagakirkju	— einkavegur
G 54— 1	Árbæjarkirkju	— einkavegur
G 55— 1	Kirkju að Keldum	— sýsluvegur
G 60— 1	Kirkju og skóla á Stórólfshvoli	— sýsluvegur
G 60— 2	Breiðabólstaðarkirkju	— sýsluvegur
G 60— 3	Barnaskóla í Fljótshlíð	— einkavegur
G 60— 4	Hlíðarendakirkju	— sýsluvegur
G 62— 1	Akureyjarkirkju	— sýsluvegur
G 62— 2	Njálsbúð (félagsheimili)	— sýsluvegur
G 65— 1	Gunnarshólma (félagsheimili)	— sýsluvegur
G 65— 2	Kirkju á Krossi	— sýsluvegur
G 65— 3	Kapellu að Vomúlastöðum	— sýsluvegur
G 71— 1	Ásólfsskálakirkju	— sýsluvegur
G 76— 1	Barnaskóla að Skógum	— hreppavegur
G 79— 1	Reyniskirkju í Mýrdal	— einkavegur
G 79— 2	Eyrarlandi, félagsheimili í Mýrdal	— einkavegur
G 83— 1	Þykkvabæjarklausturskirkju	— einkavegur
G 85— 1	Grafarkirkju í Skaftártungu	— einkavegur
G 86— 1	Skóla hjá Efri-Ey í Meðallandi	— einkavegur
G 86— 2	Langholtskirkju í Meðallandi	— einkavegur
G 86— 3	Skóla í Þykkvabæ í Landbroti	— hreppavegur
G 89— 1	Félagsheimili á Kirkjubæjarklaustri	— einkavegur
G 90— 1	Prestsbakkakirkju	— einkavegur

2. Flokkun þjóðvega, skv. III, 1, í undirflokka.

1. Hraðbrautir A og B:

A 1 Vesturlandsvegur. — Reykjavík—vegamót Þingvallavegar.
A 2 Reykjanesbraut. — Reykjavík—Keflavík.
E 1 Norðurlandsvegur. — Akureyri—vegamót Ólafsfjarðarvegar.
C 1 Suðurlandsvegur. — Reykjavík—Selfoss.

2. **Þjóðbrautir:**

A 1, B 1 Vesturlandsvegur. — Vegamót Þingvallavegar—Vegamót Vestfjarðavegar.
A 2 Reykjanesbraut. — Annað en hraðbraut.
A 9 Miðnesheiðarvegur.
A 3, G 3 Þingvallabraut.
B 6 Akranesvegur.
B 16 Borgarnesbraut.
B 24 Stykkishólmsvegur.
B 40 Ólafsvíkurvegur.
B 45 Grundarfjarðarvegur.
C 1 Vestfjarðavegur.
C 10 Barðastrandarvegur.
C 36 Strandavegur. — Vegamót Norðurlandsvegar—Hólmavík.
D 1, E 1 Norðurlandsvegur. — Annað en hraðbraut.
D 28 Sauðárkróksbraut.
D 37 Út-Blönduhlíðarvegur.
D 38 Siglufjarðarvegur.
D 53 Ólafsfjarðarvegur.
E 18 Kinnarvegur.
E 23 Þingeyjarsýslubraut.
F 1 Austurlandsvegur. — Vegamót Norðurlandsvegar—Vegamót Hafnarvegar.
F 2 Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur.
F 31 Norðfjarðarvegur.
F 39 Suðurfjarðavegur.
F 50 Hafnarvegur.
G 1 Suðurlandsvegur. — Vík—Selfoss.
G 10 Biskupstungnabraut. — Vegamót Suðurlandsvegar—Vegamót Sogsvegar.
G 12 Sogsvegur.
G 38 Eyrarbakkavegur.
G 7 Hafnarskeiðsvegur.

3. **Aðrir þjóðvegir eru landsbrautir.**

3. Aðalfjallvegir.

1. **Kaldadalsvegur:**
Af Uxahryggjavegi (B 11) í Brunnum um Kaldadal á Hvítársíðuveg (B 19) hjá Húsafelli.

2. **Kjalvegur:**
Af Geysisvegi (G 20) hjá Gullfossi um Hvítanes, Hveravelli á Kjalveg (D 20) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal.

3. **Fjallabaksvegur nyrðri:**
Af Landvegi (G 51) hjá Galtalæk um Rangárbotna, Dómadalsháls, Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (G 84) hjá Búlandi.

4. **Sprengisandsleið:**
Af Fjallabaksvegi nyrðri í Rangárbotnum um Tungnaá hjá Haldi, Búðaháls, Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalsveg (E 14) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði. Enn fremur með álmu norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (E 21) hjá Mýri í Bárðardal.

Nd. 640. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l. um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Við 2. gr.
   a. Fyrir orðin „kaupstaðnum (borginni)“ komi: kaupstað (borg) eða kauptúni.
   b Á eftir orðunum „bæjarlandsins (borgarlandsins)“ komi: eða kauptúnsins.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „kaupstaðarins (borgarinnar)“ komi: eða kauptúnsins.
   b. Á eftir orðunum „bæjarráð (borgarráð)“ komi: eða hreppsnefnd.
3. Við 4. gr. Á eftir orðunum „bæjarráði (borgarráði)“ í 2. málsgr. komi: eða hreppsnefnd.
4. Við 5. gr. Fyrir orðin „bæjarsjóði (borgarsjóði)“ komi: sveitarsjóði.
5. Við 6. gr. Fyrir orðin „bæjarsjóð (borgarsjóð)“ komi: sveitarsjóð.

Nd. 641. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin „bæjarráð (borgarráð)“ í 3. málsgr. komi: sveitarstjórn.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir orðin „kaupstaðnum (borginni)“ komi: kaupstað (borg) eða kauptúni.
   b Á eftir orðunum „bæjarlandsins (borgarlandsins)“ komi: eða kauptúnsins.
3. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „kaupstaðarins (borgarinnar)“ komi: eða kauptúnsins.
   b. Fyrir orðin „bæjarráð (borgarráð)“ komi: sveitarstjórn.
4. Við 4. gr. Fyrir orðin „bæjarráði (borgarráði)“ í 2. málsgr. komi: sveitarstjórn.
5. Við 5. gr. Fyrir orðin „bæjarsjóði (borgarsjóði)“ komi: sveitarsjóði.
6. Við 6. gr. Fyrir orðin „bæjarsjóð (borgarsjóð)“ komi: sveitarsjóð.

Nd. 642. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til laga um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Við 2. gr.
a. Niður falli orðin „algerlega bannað í kaupstaðnum (borginni)“.
b. Síðari málsgrein falli niður.

Til vara:

3. málsgr. 1. gr. orðist svo:

Þó er reiðhestahald og sauðfjárhald undanþegið ákvæðum laga þessara, ef það er á vegum hestamannafélaga og fjáreigendafélaga og þau hafa sett um það reglur, sem hlutaðeigandi bæjarráð (borgarráð) staðfestir.

Ed. **643. Frumvarp til laga** [148. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd., 9. maí.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1.	12.05	00	Í stað 30% komi	20%
2.	15.12		orðist svo:	
	15.12		**Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu, hert, einnig hreinsuð, en ekki frekar unnin:**	
		01	Sojabaunaolía	10%
		02	Baðmullarfræsolía	10%
		03	Aðrar olíur úr jurtaríkinu	30%
		09	Olíur úr dýraríkinu	35%
3.	19.02	00	orðist svo:	
	19.02		**Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:**	
		01	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%
		09	Aðrar	80%
4.	19.07	00	Í stað „125%“ komi	100%
5.	19.08	00	Í stað „125%“ komi	100%
6.	21.07		Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:	
		03	Neyðarmatvæli, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	20%
		04	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%
7.	25.01		orðist svo:	
	25.01		**Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt), hreint natríumklóríd, saltupplausnir og sjór:**	
		01	Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt) í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	5%
		02	Fóðursalt	0
		09	Annað 1000 kg	1 kr.
8.	27.10		Nr 70 falli niður. Í þess stað komi þrjú númer, svo hljóðandi:	
			Aðrar:	
		71	Íburðarefni í veiðarfæri	2%
		72	Ryðvarnarefni og ryðolía	35%
		79	Annars	15%
9.	30.03	00	orðist svo:	
	30.03		**Lyf, einnig til dýralækninga:**	
		01	Sælgæti (medicated sweets)	125%
		09	Annað	15%
10.	32.09		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		02	Prentþynnur	40%
11.	34.02		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		02	Efnivörur til sútunar og málningagerðar	35%
12.	34.05		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		04	Slípimassi	35%

13. 35.03 00 orðist svo:

35.03		**Gelatín (þar með talið gelatín í ferhyrndum plötum, einnig þótt þær séu litaðar eða unnar á yfirborðinu) og gelatínderivatar; lím unnið úr beinum, húðum, sinum eða öðru þess háttar, fiskilím; matarlím:**	
	01	Lím annað en matarlím	50%
	09	Annað	100%

14. 36.05 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	02	Kveikipappír í mótora	35%

15. 38.13 00 orðist svo:

38.13		**Bæs fyrir málma; bræðsluefni og önnur hjálparefni til notkunar við lóðun málma og logsuðu, lóð- og logsuðuduft ásamt lóð- og logsuðupasta úr málmi og öðrum efnum; efni til að þekja eða fylla logsuðu- eða rafsuðuþráð:**	
	01	Lóðningar- og logsuðuefni	20%
	09	Annað	35%

16. 38.19 Hér komi inn fjögur ný númer, svo hljóðandi:

	14	Kol til kolburstagerðar	30%
	15	Prófefni (reagenser)	35%
	16	Hvatar til iðnaðarframleiðslu	35%
	17	Naftanöt	35%

17. 39.01 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	07	**Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál**	4%
	09	**orðist svo:**	
	09	**Annað**	40%

18. 39.02 orðist svo:

39.02		**Efni orðin til fyrir pólymerisation og kópólymerisation (t. d. pólyetylen, pólytetrahalógenetylen, pólyísóbúten, pólystyren, pólyvínylklóríd, pólyvínylacetat, pólyvínylklóridacetat og aðrir pólyvínylderivatar, pólyacrylsýru- og pólymetacrylsýruderivatar, kúmarónindenharpix):**	
	81	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	82	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
	83	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir	35%
	84	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	30%
	85	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
	86	Límbönd	35%
	87	Gólfdúkur og gólfflísar	35%
	88	Plötur til myndamótagerðar	15%
	91	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
	99	Annað	40%

19. 39.03 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	27	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
	29	orðist svo:	
	29	Annars	40%

20.	39.04		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		03	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		09	orðist svo:	
		09	Annað	40%
21.	39.05		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		04	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
		09	orðist svo:	
		09	Annað	40%
22.	39.06	09	orðist svo:	
		09	Annað	40%
23.	39.07		orðist svo:	
	39.07		**Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01—39.06:**	
		31	Netjakúlur og netjakúlupokar, nótaflotholt	2%
		32	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar	4%
		33	Lóðabelgir	4%
		34	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
		35	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		36	Mjólkurbrúsar 10 lítra og stærri	10%
		37	Pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélaþéttingar	35%
		38	Boltar, rær, undirlög (skinnur) o. þ. h.	50%
		39	Vatnsfergingarútbúnaður	35%
		41	Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
		43	Pokar til vélpökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
		45	Lampar, lampaskermar og lýsingatæki	90%
		46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0.01 m^3 og stærri	50%
		48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar, ót. a.	60%
		51	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
		52	Verkfæri, ót. a.	35%
		53	Pokar, ót. a.	50%
		54	Hreinlætistæki	80%
		55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fataframleiðslu o. þ. h.	90%
		56	Fatnaður	90%
		58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra	100%
		61	Tunnur	35%
		62	Gluggar, gluggakarmar og hurðir	50%
		63	Veggplötur, formsteyptar	40%
		64	Úraglös	50%
		65	Rúður	50%
		66	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%
		89	Aðrar vörur úr plasti	100%
24.	40.08	02	orðist svo:	
		02	Annað svampgúmmí, þó ekki bönd, stengur og þræðir	50%
25.	40.09	00	orðist svo:	
	40.09	**00**	**Pípur og slöngur úr toggúmmíi**	35%
26.	40.11	01	orðist svo:	
		01	Hjólbarðar á bifreiðar og bifhjól, nýir	40%
			Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		02	Hjólbarðar hvers konar, notaðir	35%

27.	40.13	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		03	Röntgenklæðnaður með blýinnleggi	35%
28.	40.14	03 orðist svo:		
		03	Hringir í niðursuðudósir	35%
		Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		05	Aðrar vörur til tækninota	35%
		06	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%
29.	44.25	orðist svo:		
	44.25		**Verkfæri, áhöld og hlutar til þeirra úr trjáviði (handföng, sköft og þess háttar), burstatré, sköft og handföng úr trjáviði fyrir bursta og kústa; skósmíðaleistar og blokkir úr tré, fyrir skósmíði:**	
		01	Burstatré	35%
		02	Skósmíðaleistar	35%
		03	Sköft og handföng	35%
		09	Annað	35%
30.	44.28	orðist svo:		
	44.28		**Aðrar vörur úr trjáviði, ót. a.:**	
		81	Botnvörpuhlerar og bobbingar	2%
		82	Hjólklafar (blakkir)	35%
		83	Merkispjöld	35%
		84	Árar	50%
		85	Stýrishjól	35%
		86	Hnakkvirki og aktygjaklafar	70%
		87	Glugga- og dyratjaldastengur	80%
		88	Herðatré	100%
		91	Hefilbekkir	35%
		92	Skápa- og hurðahandföng	70%
		93	Tréteinar (drýlar)	50%
		99	Annars	100%
31.	45.04	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Korkur í flöskuhettur	50%
32.	46.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Töskuhöldur úr fléttiefnum	70%
33.	48.07	22 orðist svo:		
		22	Pappír og pappi vaxborinn eða plastborinn	30%
		Í stað „límbönd“ í nr. 25 komi: Límborinn pappír		30%
		Hér koma inn þrjú ný númer, svo hljóðandi:		
		26	Veggfóður	35%
		27	Einangrunarplötur	40%
		28	Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun	4%
34.	48.15	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		06	Hólkar (umbúðir úr pappír)	35%
35.	48.16	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		06	Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	4%
		07	Pappírspokar, margfaldir, utan um fiskafurðir til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	2%
36.	48.21	Í stað „lampaskermar“ í 03 komi: Lampar og lampaskermar		90%
		Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		05	Pappír í dýptarmæla	4%
		06	Umbúðakassar og öskjur úr pappírsmassa eða sellulósavatti	50%

37. 56.01 orðist svo:

56.01		**Stuttar tilbúnar trefjar, hvorki kembdar, greiddar né að öðru leyti undirbúnar undir spuna:**	
		Úr syntetiskum trefjum:	
	11	Til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	**0**
	19	**Annað**	**20%**
	20	*Úr uppkembdum trefjum*	**20%**

38. 57.04 orðist svo:

57.04		**Önnur spunaefni úr jurtaríkinu, óunnin eða tilreidd, þó ekki spunnin; ruddi og úrgangur úr þessum spunaefnum (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar):**	
	10	*Trefjar úr sisalhampi og öðrum agavategundum og ruddi og úrgangur úr þeim*	0
		Annað:	
	21	**Húsgagnatróð í plötum**	**35%**
	29	**Annars**	**0**

39. 58.05 00 orðist svo:

58.05		**Ofin bönd og bönd búin til úr samanlímdu samhliða garni eða trefjum (þó ekki vörur, er teljast til nr. 58.06):**	
	01	**Borðar til umbúða**	**35%**
	09	**Annað**	**65%**

40. 58.07 Hér komi inn tvö númer, svo hljóðandi:

	02	Garn og kaðlar þess konar úr syntetiskum trefjum, sem vegur 0.5 g metrinn eða meira, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
	03	**Netateinar með sökkum eða flotholtum**	**20%**

41. 58.10 00 Í stað „100%“ komi 80%

42. 59.04 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	05	Garn úr syntetiskum trefjum, sem vegur yfir 1 gr. metrinn, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	**0**

43. 59.09 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	02	**Einangrunarbönd**	**35%**

44. 59.15 09 orðist svo:

	09	**Aðrar**	**35%**

45. 60.03 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	05	**Sjúkrasokkar**	**35%**

46. 60.05 00 orðist svo:

60.05		**Ytri fatnaður og aðrar vörur prjónaðar eða heklaðar, ekki teygjanlegar eða gúmmíbornar:**	
	01	**Kjötpokar**	**2%**
	09	**Annað**	**90%**

47. 60.06 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	02	**Hanzkar**	**90%**

48. 61.08 00 Í stað orðsins „**blússur**“ komi: **brjóst.**

49. 62.05 Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

	02	**Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins**	**20%**
	03	**Öryggisbelti**	**35%**

50. 64.01 orðist svo:

64.01		**Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmíi eða plasti:**	
	01	**Vaðstígvél með lágum hæl (ekki ætluð utan yfir aðra skó), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins**	**35%**

		02	Skór hliðstæðir þeim, sem falla undir nr. 64.02.01 og 64.02.09	80%
		09	Annar	50%
51.	64.02	orðist svo:		
	64.02		**Skófatnaður með ytri sóla úr leðri eða leðurlíkisdúk, skófatnaður (þó ekki skófatnaður, sem telst til nr. 64.01) með ytri sóla úr gúmmíi eða plasti:**	
		01	Kvenskór og barnaskór, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	80%
		02	Vinnuskór með yfirhluta úr vefnaði, inniskór venjulegir með yfirhluta úr vefnaði eða flóka, allt með gúmmí- eða plastsóla og mismun á mestu hælþykkt og minnstu botnþykkt undir 1 cm, svo og skóhlífar og kuldaskór með yfirhluta úr vefnaði með gúmmí- eða plastsóla, allt eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
		09	Annar	100%
52.	65.05	00 orðist svo:		
	65.05	**00**	**Hattar og annar höfuðfatnaður (þar með talin hárnet) úr prjóna- eða heklvoð eða úr laufaborðum, knipplingum, flóka eða öðrum spunaefnum (þó ekki úr samfléttingum, böndum eða ræmum), einnig fóðrað og/eða bryddað**	90%
53.	65.06	09 orðist svo:		
		09	Annars	90%
54.	68.04	00 orðist svo:		
	68.04	**00**	**Kvarnasteinar, hverfisteinar, slípihjól o. þ. h. (þar með talin speldi, hnúðar, skífur og oddar til mölunar, slípunar, fágunar, réttingar og skurðar) úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímt), úr samanlímdum eða tilbúnum slípiefnum og úr leir, einnig með skafti, öxli og öðru þess háttar úr öðrum efnum, en þó ekki sett á grind; sneiðar og aðrir fullunnir hlutar af slíkum steinum og hjólum úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímdum), úr samanlímdum náttúrlegum eða tilbúnum slípiefnum eða úr leir**	35%
55.	68.05	00 orðist svo:		
	68.05	**00**	**Brýni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h. úr náttúrlegum steintegundum, úr samanlímdum náttúrlegum og tilbúnum slípiefnum eða úr leir**	35%
56.	68.06	00 orðist svo:		
	68.06	**00**	**Náttúrlegt og tilbúið slípiefni sem duft eða korn, fest á vefnað, pappír, pappa eða annað efni, einnig skorið til, saumað saman og fest saman á annan hátt**	35%
57.	68.12	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Þakplötur báraðar	15%
58.	68.16	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		03	Jurtapottar til gróðursetningar (sem eyðast í jörðu)	35%
59.	69.13	00 orðist svo:		
	69.13		**Leirstyttur og aðrar vörur til skeytingar, skrauthlutir til persónulegra nota; húsgögn:**	
		01	Lampar og lýsingartæki	90%
		09	Annað	125%
60.	70.14	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		02	Glös fyrir olíulampa	35%
		03	Luktagler og endurskinsgler fyrir ökutæki	35%

61.	73.18	Nr. 30 falli niður. Í stað þess komi ný númer, svo hljóðandi:		
		Annað:		
		31	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
		39	Annars	35%
62.	73.38	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		23	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
63.	73.40	41 orðist svo:		
		41	Veiðarfæralásar, sigurnaglar, bobbingar, hleraskór, netjakúlur og sökkur	2%
64.	73.40	45 orðist svo:		
		45	Hjólklafar og hjól í þá, svo og handfæravindur	35%
			Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		48	Jarðstrengsmúffur og tengidósir fyrir raflagnir	35%
65.	74.05	00 orðist svo:		
	74.05		**Koparþynnur, sem eru í mesta lagi 0.15 mm að þykkt (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar:**	
		01	**Þynnur í vatnskassaelement**	**15%**
		09	**Annað**	**35%**
66.	74 07	00 orðist svo:		
	74.07		**Pípur, pípuefni og holar stengur, úr kopar:**	
		01	Úr fosfór bronze-legumálmi óunnum	15%
		09	**Annað**	**35%**
67.	74.18	00 orðist svo:		
	74.18		**Önnur áhöld til heimilishalds, hreinlætistæki til notkunar innanhúss, og hlutar til þessara tækja og vara úr kopar:**	
		01	Hreinlætistæki til innanhússnota og hlutar til þeirra	80%
		09	Annað	100%
68.	74.19	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
69.	76.04	01 orðist svo:		
		01	Efni í hettur á mjólkurflöskur	20%
70.	76.06	00 orðist svo:		
	76.06		**Pípur, pípuefni og holar stengur úr alúmíni:**	
		01	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
		09	Annað	35%
71.	76.16	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		06	Einangrunarplötur	40%
		07	Hettur á mjólkurflöskur	20%
72.	78.04	00 orðist svo:		
	78.04		**Blýþynnur, sem vega ekki meira en 1,7 kg/m² (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar; blýduft og blýflögur:**	
		01	Blýduft	15%
		09	Annað	35%
73.	82.01	09 orðist svo:		
		09	Annað	35%

74.	82.02	00	orðist svo:	
	82.02	**00**	**Handsagir og sagarblöð fyrir handsagir og vélsagir (einnig tannlaus sagarblöð)**	**35%**
75.	82.03	00	orðist svo:	
	82.03	**00**	**Eftirtalin handverkfæri: Naglbítar, klippitengur, griptengur og aðrar slíkar tengur, einnig til að klippa eða skera; gatjárn og gattengur; pípuskerar; boltaskerar og annað þess háttar, málmklippur; skrúflyklar; þjalir og raspar**	**35%**
76.	82.04	00	orðist svo:	
	82.04	**00**	**Handverkfæri og handáhöld (þar með talin samsett glerskurðartæki), sem teljast ekki til einhvers annars númers þessa kafla; blásturslampar, steðjar; skrúfstykki og þvingur (þó ekki vélskrúfstykki); færanlegar smiðjur og slípisteinar með umbúnaði (hand- eða fótsnúnir)**	**35%**
77.	82.05	00	orðist svo:	
	82.05	**00**	**Skiptiverkfæri í handverkfæri, mekanísk handverkfæri og -smíðavélar (t. d. til að pressa, stansa, bora, snitta, fræsa, skera, snúa, víkka, þrengja og skrúfa), hér með talin mót til að draga málmþráð og pressa heita málma, einnig stjörnur á grjótbora**	**35%**
78.	82.06		orðist svo:	
	82.06	**00**	**Hnífar og skurðarblöð í vélar og mekanísk tæki**	**35%**
79.	82.07	00	orðist svo:	
	82.07	**00**	**Plötur, stengur og oddar og aðrir þess konar lausir hlutar í verkfæri, úr hálfbræddum málmkarbídum (t. d. karbíd úr wolfram, molybden og vanadíum)**	**35%**
80.	82.10	00	orðist svo:	
	82.10	**00**	**Hnífablöð**	**35%**
81.	82.15	00	orðist svo:	
	82.15	**00**	**Sköft úr ódýrum málmi til vara þeirra, er teljast til nr. 82.09, 82.13 og 82.14**	**35%**
82.	83.05	00	orðist svo:	
	83.05		**Smávarningur og útbúnaður fyrir lausblaðabindi, bréfabindi, bókhaldsbækur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum; bréfahaldarar, bréfaklemmur, heftiklemmur, merki í spjaldskrár og aðrar svipaðar vörur til notkunar í skrifstofum, úr ódýrum málmum:**	
		01	**Stifti í heftivélar**	**50%**
		09	**Annað**	**80%**
83.	83.07		Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:	
		04	Götuljósker, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
		05	Flúrskinslampar	70%
84.	84.15		Nr 30 falli niður. Í stað þess komi tvö númer, svo hljóðandi:	
			Kælitæki, einkum til heimilisnotkunar, rafmagnsknúin:	
		31	Kælitæki	80%
		39	Varahlutir í kælitæki (þó ekki fylgihlutir), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
85.	84.18		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		24	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þau og tæki, sem falla undir nr. 84.18. 21, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%

86. 84.19 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:
03 Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í uppþvottavélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 50%

87. 84.22 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:
05 Heyblásarar (til að færa til hey), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 10%

88. 84.40 Á þessu númeri verði eftirtaldar breytingar:
Inn komi nýtt númer, svo hljóðandi:
14 Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 84.40. 12 ..... 50%
20 falli niður. Í stað þess komi ný númer, svo hljóðandi:
Fataþvottavélar, einkum til heimilisnotkunar:
21 Fataþvottavélar 80%
29 Varahlutir í þær 50%

89. 85.04 00 orðist svo:
85.04 Rafgeymar:
01 Efni í rafgeyma 30%
09 Annað 40%

90. 85.05 00 orðist svo:
85.05 00 Handverkfæri með innbyggðum rafmagnshreyfli 35%

91. 85.06 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:
04 Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 85.06 ..... 50%

92. 85.07 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:
03 Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í rafmagnsrakvélar 50%

93. 85.12 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:
07 Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þær, sem falla undir nr. 85.12 ..... 50%

94. 85.15 Nýtt númer:
33 Neyðartalstöðvar af þeirri gerð, sem notaðar eru í gúmmíbjörgunarbátum, viðurkenndar sem slíkar af Skipaskoðun ríkisins 4%

95. 87.02 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:
38 Sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru lögreglubifreiðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 40%

96. 90.16 00 orðist svo:
90.16 00 Tæki til teiknunar, afmörkunar og útreiknings (t. d. pantógrafar, teiknifæri, reglustikur, reiknistokkar, reikniskífur o. fl.), tæki og áhöld til mælinga, endurmælinga og prófana, enda falli þau ekki undir annað númer þessa kafla (t. d. míkrómeter, rennimál, málbönd, mælistikur og jafnvægistæki (balancing machines)) og prófílprójektörar 35%

97. 92.03 00 orðist svo:
92.03 Pípu- og tunguorgel, þar með talin harmóníum og önnur svipuð hljóðfæri:
01 Orgel til notkunar í kirkjum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 0
09 Önnur 30%

98. 95.08 00 orðist svo:
95.08 Mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, steríni, kolvetnisgúmmíi úr jurtaríkinu, náttúrlegum harpixum (t. d. kópal eða kólófóníum) eða mótunardeigi, svo og aðrar mótaðar eða útskornar vörur, ót. a.;

			unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín, er telst til nr. 35.03) og vörur úr óhertu gelatíni:	
		01	**Gelatínbelgir utan um lyf**	**15%**
		09	**Annað**	**100%**
99.	96.02	03	**orðist svo:**	
		03	**Burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum**	**35%**
100.	97.04	09	**orðist svo:**	
		09	**Önnur**	**90%**
101.	98.02	00	**orðist svo:**	
	98.02		**Rennilásar og hlutar til þeirra:**	
		01	**Málmstykki til framleiðslu á rennilásum**	**50%**
		09	**Annað**	**70%**

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. **16. liður orðist svo:**
   Að fella niður gjöld af umbúðum, ef umbúðirnar eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.
2. **18. liður orðist svo:**
   Að lækka gjöld af filmum og ljósnæmum plötum til ljósprentunar og myndamótagerðar til samræmis við gjöld af prentletri.
3. **1. mgr. 27. liðs orðist svo:**
   Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 150 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 70 þús. kr.
4. 30. liður orðist svo:
   Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur. Sama gildir um hverfla og þrýstivatnspípur til raflýsingar á sveitabæjum.
   Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
5. Á eftir 34. lið komi fimm nýir liðir, svo hljóðandi:
   35. Að endurgreiða gjöld af efni til framleiðslu á pappírspokum, sem telst nr. 48.01.30 og 48.01.52 í tollskrá, sem svari því, að af efni þessu sé greiddur 15% verðtollur.
   Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
   36. Að endurgreiða gjöld af tækjum til vísindarannsókna, sem svari því, að af þeim sé greiddur 35% verðtollur.
   37. Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, sem flutt eru til landsins af Blindravinafélaginu og Blindrafélaginu til að koma á fót kennslubókasafni.
   38. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings.
   39. Að ákveða, að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 644. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til laga um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 9. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Ásgeir Bjarnason. Karl Kristjánsson.

Ed. 645. Frumvarp til laga [128. mál]

um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 9. maí.)

1. gr.

Sveitarstjórn í kaupstað, eða kauptúni með 1000 íbúa eða fleiri, er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjárhald í kaupstaðnum eða kauptúninu. Með slíkum reglum má þó ekki skerða rétt tilraunastöðvarinnar að Keldum eða annarrar hliðstæðrar tilraunastöðvar til búfjárhalds.

Með búfjárhaldi er átt við nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt.

Þó er reiðhestahald undanþegið ákvæðum laga þessara, ef það er á vegum hestamannafélaga og þau hafa sett um það reglur, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn staðfestir.

2. gr.

Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé algerlega bannað í kaupstað (borg) eða kauptúni, takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan bæjarlandsins (borgarlandsins) eða kauptúnsins. Algert bann við tilteknu búfjárhaldi skal tilkynnt búfjáreigendum með a. m. k. eins árs fyrirvara, miðað við 1. október.

3. gr.

Ákveða má í reglugerð, að hver sá, sem búfjárhald vill stunda innan kaupstaðarins (borgarinnar) eða kauptúnsins, skuli sækja um leyfi til slíks og sé búfjárhald óheimilt án slíks leyfis. Skylt skal umsækjanda að gera grein fyrir því, hvernig geymslu búfjárins skuli hagað, og láta í té aðrar þær upplýsingar, sem sveitarstjórn telur nauðsynlegar. Leyfi skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda. Einnig má binda það við ákveðinn tíma eða ákveða, að það sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án leyfis, skal heimilt að taka það búfé og selja á uppboði eða slátra því.

Ef leyfishafi fylgir ekki settum reglum, er sveitarstjórn heimilt að svipta hann leyfi til búfjárhalds og fara svo með búfé hans sem um ræðir í 1. mgr.

5. gr.

Nú verður aðili fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, og skal þá greiða bætur úr sveitarsjóði.

6. gr.

Í reglugerð má ákveða gjald fyrir leyfi til búfjárhalds, allt að kr. 1000.00 á ári, og rennur það í sveitarsjóð.

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 646. Lög [20. mál]

um loftferðir.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 592 (sbr. 467).

Ed. 647. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá viðskiptamálaráðherra.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Aftan við 10. gr. laganna komi ný málsgr., þannig:
   Nú óskar innlánsstofnun að setja á stofn útibú eða umboðsskrifstofu, og skal hún þá sækja um leyfi til þess til Seðlabankans. Leggur hann leyfisumsókn ásamt áliti sínu fyrir ráðherra þann, sem fer með mál viðkomandi stofnunar, og tekur þá ráðherra ákvörðun um, hvort leyfi skuli veitt.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Aftan við 16. gr. laganna bætist:
   Er honum heimilt í því sambandi að taka að sér innheimtu ávísana, sem innlánsstofnanir hafa keypt og ónóg innstæða er fyrir, og áskilja innheimtugjald frá útgefanda, samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.

Ed. 648. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá Helga Bergs og Karli Kristjánssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Í stað 2. og 3. málsgreinar o. s. frv.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Heildarupphæð bundinna innistæðna samkvæmt þessari grein skal þó aldrei fara fram úr 1000 milljónum króna.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.

Ed. 649. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 9. maí 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Helgi Bergs.
Karl Kristjánsson.
Magnús Jónsson.

Sþ. 650. Nefndarálit [208. mál]

um till. til þál. um stofnun og starfrækslu tunnuverksmiðju á Skagaströnd.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með samþykkt hennar með eftirfarandi breytingu. Einn nefndarmanna, Gísli Guðmundsson, áskilur sér þó rétt til að flytja frekari breytingartillögur og fylgja öðrum tillögum, er fram kynnu að koma.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, hvort heppilegt sé að reisa tunnuverksmiðju á Skagaströnd til að bæta úr hinu ótrygga atvinnuástandi þar og auka jafnframt á þann hátt tunnusmíði innanlands. Skal athuguninni lokið fyrir næstu áramót.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um athugun á því að reisa tunnuverksmiðju á Skagaströnd.

Alþingi, 9. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.
Matthías Bjarnason, fundaskr.
Pétur Sigurðsson, með fyrirvara.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Sverrir Júlíusson, með fyrirvara.
Einar Ágústsson.
Gísli Guðmundsson.

Ed. 651. Lög [150. mál]

um eftirlit með opinberum sjóðum.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 609.

Ed. 652. Lög [209. mál]

um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 630.

Ed. 653. Breytingartillaga [195. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá Karli Kristjánssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna í 4. málsgr. „enda verði þau lán veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar“ komi: enda verði þau lán veitt að sama hluta með vísitölutryggingu og lán húsnæðismálastjórnar til skyldusparnaðarfólks.

Ed. 654. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um ávöxtun fjár tryggingafélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 9. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm.

Ásgeir Bjarnason. Karl Kristjánsson.

Nd. 655. Frumvarp til laga [228. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

1. töluliður 2. gr. laganna orðist svo:

Að gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma, að fengnum upplýsingum húsnæðisnefnda, og gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með minnstum tilkostnaði. Félagsmálaráðherra er heimilt í þessu skyni að fela húsnæðismálastjórn, í samvinnu við sveitarstjórnir, fasteignamat ríkisins og Hagstofuna, að koma upp spjaldskrá um allt íbúðarhúsnæði í landinu. Húsnæðismála-

stjórn ákveður skiptingu lánsfjár milli sveitarfélaga og hve mikill hluti skuli renna til hinna almennu byggingarsamvinnufélaga, sem stofnuð eru samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna bætist þrjár nýjar greinar, er verði 3.—5. gr.:

a. (3. gr.) Í hverju sveitarfélagi skal sveitarstjórn kjósa húsnæðisnefnd skipaða 5 mönnum. Hlutverk húsnæðisnefnda er:
   a. Að gera árlega áætlanir um byggingarþörf í sveitarfélaginu og senda húsnæðismálastofnun ríkisins áætlun fyrir næsta ár eigi síðar en í lok júnímánaðar.
   b. Að taka á móti lánaumsóknum íbúðabyggjenda í sveitarfélaginu og aðstoða þá við útvegun teikninga, framkvæmdaáætlana og fjárhagsáætlana.
   c. Að senda húsnæðismálastofnun ríkisins teikningar og áætlanir og fá umsögn húsnæðismálastjórnar um lánshæfni væntanlegra byggingarframkvæmda.
   d. Að halda skrá um lélegar eða heilsuspillandi íbúðir í sveitarfélaginu og gera tillögur um útrýmingu þeirra.
   e. Að gera tillögur um, í hvaða röð umsækjendur í viðkomandi sveitarfélagi skuli fá lán úr byggingarsjóði ríkisins.

b. (4. gr.) Húsnæðismálastjórn skal beita sér fyrir því, að í hverju sveitarfélagi verði stofnað eitt almennt byggingarsamvinnufélag, er gert verði kleift að annast verulegan hluta íbúðabygginga á hverjum stað. Íbúar tveggja eða fleiri sveitarfélaga geta þó sameinazt í eitt byggingarsamvinnufélag, ef betur þykir henta. Leita skal eftir samvinnu við sveitarstjórnir um stofnun félaganna og stofnframlag til þeirra, svo og við byggingarfélög, sem starfandi eru á staðnum. Í lögum hinna almennu byggingarsamvinnufélaga skulu vera eftirfarandi atriði:
   a. Stjórnir félaganna skulu kosnar árlega á almennum félagsfundum. Viðkomandi sveitarstjórnum skal þó heimilt að tilnefna einn fulltrúa í hverja félagsstjórn, og skal valdsvið hans tilgreint í reglugerð.
   b. Íbúðir þær, sem félögin byggja, hvort heldur er í einbýlis- eða fjölbýlishúsum, skulu seldar einstökum félagsmönnum eða húseignarfélögum þeirra á kostnaðarverði, og skulu lán úr byggingarsjóði ríkisins til byggingarinnar yfirfærast á húseignarfélögin eða þá einstaklinga, sem verða beinir eigendur.
   c. Félögin skulu bjóða út öll meiri háttar verk. Óski væntanlegur kaupandi að annast framkvæmd byggingarinnar, skal gerður við hann samningur, eins og um venjulegan verktaka væri að ræða, og þar með ákveðið bókfært verð byggingarinnar varðandi lánveitingu og endursölu.
   d. Hús félaganna skulu reist á lóðum, sem sveitarfélög eða ríkið eiga eða leigja. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi ríki eða sveitarfélag ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal sveitarfélaginu skylt, ef eigi fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. lögum nr. 61 14. nóv. 1917.
   e. Félagið skal annast kaup og sölu íbúða fyrir félagsmenn sína. Söluverð slíkra íbúða má ekki vera hærra en síðasta kaupverð að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverð þeirra endurbótum, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Leiga á íbúðum er aðeins heimil um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og með samþykki stjórnar félagsins, sem ákveður, hve há leigan megi vera. Leigan skal ákveðast með mati og miðast við raunverulegan kostnað eiganda af íbúðinni eða þeim hluta hennar, sem leigður er.

c. (5 gr.) Reglur um viðhald húsa, sem hin almennu byggingarsamvinnufélög láta byggja, skulu settar af félagsmálaráðuneytinu, og skal kostnaður við viðhald þeirra hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra í hverri íbúð skal eigandi — í sameignarfélagi notandi hennar — greiða. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerð.

Vilji byggingarsamvinnufélag koma upp mannvirki til félagslegra afnota, t. d. leikvelli eða dagheimili, á það rétt á lánveitingum hjá byggingarsjóði ríkisins til slíkra framkvæmda eftir sömu reglum og gilda um lánveitingar til íbúðarhúsa.

Reglugerðir félaganna um íbúðaúthlutun skulu gefnar út af félagsmálaráðuneytinu.

Löggerningar hinna almennu byggingarsamvinnufélaga við íbúðareigendur eða húseignarfélög skulu undanþegnir stimpilgjaldi.

3. gr.

a-liður 4. töluliðs 3. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Við 5. gr. laganna bætist:

E. Árlegt óendurkræft gjald, er leggst á atvinnurekendur og nemi 1% af öllum greiddum vinnulaunum í landinu.

F. Árlegt óendurkræft framlag úr ríkissjóði, er nemi 3% af heildartekjum ríkissjóðs, skv. ríkisreikningi næsta árs á undan.

G. Árlegt óendurkræft gjald, er nemi 1% af fasteignamatsverði húsa og lóða, annarra en þeirra, sem undanþegin eru fasteignagjaldi til bæjar- og sveitarfélaga samkv. lögum.

H. Árlegt óendurkræft gjald frá bönkum, er nemi 20% af árlegri eignaaukningu þeirra, miðað við næsta ár á undan greiðslu.

I. Bönkum og sparisjóðum skal skylt að kaupa skuldabréf byggingarsjóðs ríkisins fyrir 15% af árlegri sparifjáraukningu.

J. Tryggingafélögum skal skylt að kaupa skuldabréf byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af árlegri eignaaukningu.

K. Atvinnuleysistryggingasjóði skal skylt að kaupa skuldabréf byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af árlegri eignaaukningu.

L. Öllum lífeyrissjóðum skal skylt að kaupa skuldabréf byggingarsjóðs fyrir upphæð, er nemi ⅔ hlutum þeirrar fjárhæðar, sem þeir verja árlega til lánastarfsemi.

Óendurkræfum framlögum í byggingarsjóð ríkisins skal verja til A-lána samkv. 7. gr., en öðru fjármagni, sem tilgreint er í A—E-liðum, skal varið til B-lána samkv. sömu grein.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Útlánareglur húsnæðismálastjórnar skulu vera þessar:

1. Lánaflokkar byggingarsjóðs ríkisins til nýbygginga skulu vera tveir: A-lán, jafngreiðslulán, til 35 ára með 3% vöxtum. Lán þessi séu veitt af eigin tekjum sjóðsins og mega nema allt að 75% byggingarkostnaðar til íbúða, sem byggðar eru á vegum hinna almennu byggingarsamvinnufélaga, en allt að 67% af byggingarkostnaði annarra íbúða. B-lán, sem veitt eru af því fé, er byggingarsjóður ríkisins tekur að láni, skulu veitt til 25 ára með sömu vöxtum og sjóðurinn greiðir af þeim.

B-lán mega nema þeirri upphæð til einstakra íbúða, sem á vantar, að lán úr A-flokki nemi 75% byggingarkostnaðar til íbúða, sem byggðar eru á vegum hinna almennu byggingarfélaga, en 67% af byggingarkostnaði annarra íbúða.

Heimilt er að veita umsækjanda með mörg börn á framfæri hærra hlutfall A-lána af samanlögðum A- og B-lánum en almennt er veitt á hverjum tíma.

Lánin skulu tryggð með 1. veðrétti í viðkomandi húseign.

2. Lán til kaupa á gömlum íbúðum.

Heimilt skal byggingarsjóði að gefa út skuldabréf með sömu kjörum og gilda um A-lánaflokk til kaupa á íbúðum, sem nýbyggingalán ná ekki til.

Skilyrði fyrir slíkri lánveitingu eru:

a. Að lántaki sé að festa kaup á húseign og noti lánið til lúkningar kaupverði.
b. Að lántaki hafi áður gerzt meðlimur í hinu almenna byggingarfélagi staðarins og kaupin gerist fyrir milligöngu þess.
c. Að kaupverðið sé ekki hærra en matsverð óvilhallra dómkvaddra manna, og sé matsverðið miðað við byggingarkostnað sambærilegra húsa á þeim tíma, þegar kaupin gerast, og tillit sé tekið til hæfilegrar fyrningar og viðhalds.
d. Hámarksstærð íbúðar má ekki fara meira en 25% fram úr hámarksstærð nýbyggingar, miðað við samsvarandi aðstæður (fjölskyldustærð).
e. Skuldabréfalán mega nema allt að ¾ kaupverðs. Greiðsla með þessum bréfum sé affallalaus.
f. Kaupandi má ekki samtímis eiga aðrar íbúðar, og seljandi viðkomandi íbúðar getur öðlazt rétt til kaupa á íbúð hjá almennu byggingarsamvinnufélagi og má greiða áhvílandi lán frá byggingarsjóði með affallalausum skuldabréfum, sem hann hefur fengið fyrir hina seldu íbúð.

Heimilt skal byggingarsamvinnufélagi að nota allt að 20% hinna nýbyggðu íbúða til ráðstöfunar til þeirra, er skipta vilja á gamalli íbúð og nýrri.

Félagsmálaráðherra skal að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar setja með reglugerð nánari ákvæði um veitingu lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggi, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lántökumöguleikum o. fl. Enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til.

Við skiptingu lánsfjárins milli byggðarlaga skal tekið tillit til nauðsynlegs jafnvægis í byggð landsins.

Meðan ekki er unnt að fullnægja lánsfjárþörf til íbúðarhúsabygginga, skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu sitja fyrir, er byggja minni íbúðir, enda fullnægi íbúðarstærðin þörfum viðkomandi fjölskyldu að dómi húsnæðismálastjórnar. Þá er húsnæðismálastjórn heimilt að veita á hverjum tíma hlutfallslega hærri lán til þeirra íbúða, er hún telur af hóflegri stærð, miðað við fjölskyldustærð umsækjanda.

Ákveðið skal í reglugerð, hver skilríki umsækjandi skuli láta fylgja umsókn sinni, og um önnur almenn skilyrði fyrir lánveitingu.

Heimilt er að setja sem skilyrði fyrir láni, að bygging skuli hafin á tilsettum tíma árs, að bygging sé ekki hafin, áður en skriflegt lánsloforð er gefið, nema leyfi húsnæðismálastjórnar komi til, og að bygging sé undirbúin með þeim hætti, sem húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegt.

6. gr.

Í stað „6%“ í 1. málsgr. 10. gr. laganna komi: 12%.

7. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skulu lög nr. 42 1. júní 1957, með áorðnum breytingum, gefin út með fyrirsögninni: Lög um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, almenn byggingarsamvinnufélög og sparnað til íbúðabygginga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Húsnæðismálin eru nú tvímælalaust orðin eitt torleystasta vandamál almennings. Með þessu frumvarpi er leitazt við að veita nokkuð aukna aðstoð til lausnar þessara vandamála.

Meginefni frumvarpsins er tvíþætt: Að færa sem mest af byggingu íbúðarhúsnæðis á félagslegan grundvöll og koma þannig í veg fyrir, að milliliðir og braskarar geri íbúðarhúsnæðið miklu dýrara en vera þarf. Og í annan stað að afla fjár í byggingarsjóð ríkisins, svo að hann verði þess megnugur að veita hærri byggingarlán en nú eru veitt, svo og með lengri lánstíma og lægri vöxtum.

Grundvöllurinn, sem byggt er á, eru lögin um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl. Reynslan sýnir, að þau eru í öllum aðalatriðum hæfur grundvöllur, en þó skortir mikið á, að byggingarsjóði ríkisins hafi verið séð fyrir því fjármagni, sem nauðsynlegt er, til þess að fólk með venjulegar launatekjur geti eignazt eigin íbúð. Efnahagslegan grundvöll byggingarsjóðs verður því að efla stórlega, og munu flestir sammála um það. Um hitt skilja leiðir, hvernig teknanna skuli aflað.

Byggingarkostnaður hefur, eins og allir vita, vaxið gífurlega á seinustu árum, en við það bætist, að með aukinni eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði hækkar verðið sífellt meir og meir **umfram raunverulegan byggingarkostnað.** Milliliðir og braskarar taka vaxandi hlut af hverri íbúð. Og verður að játa þá sorglegu staðreynd, að í mörgum tilfellum nemur þessi upphæð nú frá 100—150 þús. kr. á íbúð. En það þýðir raunar — svo óskemmtilegt sem það er að verða að játa það — að allt lánið, sem húsnæðismálastofnun ríkisins veitir, lendir hjá bröskurunum, en eftir stendur húsbyggjandinn, eða íbúðarkaupandinn, með **allan** byggingarkostnaðinn á eigin herðum.

Mundu nú ekki flestir sammála um, að slíkan ófögnuð verður að stöðva?

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að í hverju sveitarfélagi verði stofnað eitt almennt byggingarsamvinnufélag, sem verði gert kleift að annast verulegan hluta íbúðabygginga á hverjum stað. Þessum félögum er sérstaklega ætlað það hlutverk að koma í veg fyrir brask með íbúðarhúsnæði.

Félagið skal bjóða út meiri háttar byggingarframkvæmdir. Það skal annast kaup og sölu íbúða fyrir félagsmenn sína. Söluverð slíkra íbúða má ekki hærra vera en síðasta kaupverð að viðbættri verðhækkun, sem skv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Við söluverð skal þó bætast virðingarverð þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja eftir mati dómkvaddra manna.

Íbúðarhúsnæði byggt af byggingarsamvinnufélagi skal eiga rétt á lánum er nema mega allt að 75% byggingarkostnaðar, móti 67% til annarra íbúða.

Ýmsir telja, að réttasti mælikvarðinn á það, hvort byggingarstarfsemi fari vaxandi eða minnkandi, sé tala þeirra íbúða, sem verið sé að byggja á hverjum tíma.

Flm. hafa athugað þetta á árunum 1957—1962 að því er Reykjavík varðar, og líta þær tölur þannig út:

Ár	Íbúðir í byggingu
1957	1598
1958	1243
1959	1145
1960	1000
1961	850
1962	844

Sé þessi mælikvarði réttur, gefur hann ekki glæsilega mynd af endurnýjun íbúðarhúsnæðis í höfuðborginni.

Með tilliti til fólksfjölgunar þyrftu þessar tölur a. m. k. að hækka um 3% á ári, aðeins til þess að ástand húsnæðismálanna færi ekki versnandi. En á þessu sex ára tímabili hefur tala íbúða í byggingu í Reykjavík hins vegar lækkað nálega um helming. Það er næsta ófögur saga. — En látum fleiri tölur tala.

Opinberar skýrslur sýna allgreinilega þróunina í húsnæðismálum á ýmsum tímum. Til dæmis má í Fjármálatíðindum Landsbankans sjá, hve margar íbúðir eru fullgerðar ár hvert í Reykjavík og öðrum kaupstöðum.

Lítum hér á tímabilið frá 1947 til 1962. Sú tafla lítur þannig út:

Fullgerðar íbúðir.

Ár	Rvík	Aðrir kaupst.	Samt. í kaupstöðunum
1947	468	331	799
1948	491	223	714
1949	366	244	610
1950	410	145	555
1951	282 (lágmark)	116	398
1952	329	131	460
1953	349	229	578
1954	487	199	686
1955	564	338	902
1956	705	382	1087
1957	935 (hámark)	347	1282
1958	865	263	1128
1959	740	430	1170
1960	642	451	1093
1961	541	376	917
1962	598	389	987

Af töflunni er augljóst, að ástandið í húsnæðismálunum á árabilinu 1947—1951 er ömurlegt. Fullgerðum íbúðum bæði í Reykjavík og hinum kaupstöðunum fækkar ár frá ári. Á árinu 1951 er aðeins lokið við 282 íbúðir í Reykjavík og einar 116 íbúðir í öllum hinum kaupstöðunum til samans. Þetta eru samtals aðeins 398 íbúðir í öllum kaupstöðunum að Reykjavík meðtalinni, móti 799 árið 1947. Á þessum 5 árum fækkar fullgerðum íbúðum á ári um helming.

Það er sem sé ljóst, að eftir gengisfellinguna 1950 lokast mönnum almennt allar leiðir í húsnæðismálum. Heita má, að bygging íbúðarhúsnæðis stöðvist með öllu eftir þá aðgerð í efnahagsmálum.

Hér rofar nokkuð til á næstu 4 árum. Fullgerðum íbúðum fjölgar smátt og smátt bæði í Reykjavík og hinum kaupstöðunum. Árið 1955 er lokið við 564 íbúðir í Reykjavík og 338 í öðrum kaupstöðum landsins. Samtals er lokið við 902 íbúðir í öllum kaupstöðunum að Reykjavík meðtalinni á árinu 1955. Á þessum árum eru líka sett lögin um lán til smáíbúða og á árinu 1955 lögin um hið almenna veðlánakerfi.

Rétt þykir hér að vekja sérstaklega athygli á tölum Fjármálatíðinda um fullgerðar íbúðir á árunum 1956, 1957 og 1958, þ. e. á árum vinstri stjórnarinnar. Hefur því oft verið haldið fram af málgögnum og stuðningsmönnum núverandi stjórnarflokka, að þau ár hafi ástandið verið hvað verst í húsnæðismálunum og lítið sem ekkert gert til úrbóta á því sviði. En hvað segja nú Fjármálatíðindi um þetta?

Árið 1956 er lokið við 705 íbúðir í Reykjavík móti 564 íbúðum árið áður, það ár er lokið við 382 íbúðir í öðrum kaupstöðum móti 338 árið 1955, eða fulllokið 1087 íbúðum í kaupstöðunum til samans. Er það í fyrsta sinn, sem tala fullgerðra íbúða í kaupstöðunum á einu ári kemst yfir 1000.

Næsta ár — árið 1957 — er lokið 935 íbúðum í Reykjavík, og hefur aldrei, hvorki fyrr né síðar, verið lokið við svo margar íbúðir í Reykjavík á einu ári. — Þetta ár var tala fullgerðra íbúða í kaupstöðunum öllum 1282, og er það einnig hæsta tala íbúða, sem byggðar hafa verið í kaupstöðunum á einu ári.

Á árinu 1958 voru fullgerðar 865 íbúðir í Reykjavík, en alls í kaupstöðunum 1128 íbúðir.

Síðan hafa þessar tölur farið lækkandi, þrátt fyrir verulega fjölgun íbúa í höfuðborginni. Árið 1959 var lokið við 740 íbúðir í Reykjavík, árið 1960 642, árið 1961 541 íbúð, og árið 1962 var aðeins lokið við 598 íbúðir.

Árið 1960 var lokið 1093 íbúðum í öllum kaupstöðum landsins, en bæði árin 1961 og 1962 fór sú tala aftur niður fyrir 1000 — var 917 fyrra árið og 987 seinna árið.

Hvaða ástæður liggja nú til þess, að bygging íbúðarhúsnæðis örvast á árunum 1956—1958?

Til þess liggja þær ástæður, að á árinu 1956 voru gerðar sérstakar ráðstafanir til að útvega veðlánakerfinu nokkurt viðbótarfjármagn til útlána.

Á árinu 1957 voru svo sett lögin um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl.

Með þessum lögum má segja, að fyrst væri lagður grundvöllur að eigin tekjuuppbyggingu lánakerfis til lausnar húsnæðismálunum.

Þá voru byggingarsjóði ríkisins tryggðar fastar tekjur af skyldusparnaði, sem þá var algert nýmæli í lögum. Það var þá fordæmt af stjórnarandstöðunni, en nú er hækkaður skyldusparnaður orðinn viðreisnarbjargráð.

Með þessari lagasetningu afhenti ríkissjóður líka allt það fé, sem hann hafði lagt fram til smáíbúðalánanna og til veðlánakerfisins, **sem eign byggingarsjóðs ríkisins.** Þessi stofnsjóður var fast við 100 millj. kr.

Einnig fékk byggingarsjóður ríkisins nú árlegan hundraðshluta af tolltekjum ríkisins sem eigið framlag.

Þá var byggingarsjóði ríkisins einnig ætlað að fá til eignar ⅔ af stóreignaskatti, sem þá var á lagður með sérstakri löggjöf.

Hefur núverandi ríkisstjórn, sem kunnugt er, gengið slælega fram í því að innheimta skatt þennan, en hann hefði undir öllum kringumstæðum getað skilað nokkrum tugum milljóna í byggingarsjóðinn, og hefði um það munað verulega sem eignaauka. — Þetta, sem nú var talið, jók byggingarframkvæmdirnar á árunum 1956—1958.

Ástæður þess, að **dregið hefur úr** byggingu íbúðarhúsnæðis eftir 1958, eru einnig augljósar.

Erfiðleikar húsbyggjenda hafa farið árvaxandi. Dýrtíðarholskeflan hefur sífellt risið hærra og hærra, byggingarkostnaður hækkað risaskrefum, en fjárhagsgrundvöllur húsnæðismálastofnunar og byggingarsjóðs ríkisins ekki verið treystur eða efldur að sama skapi. Í því efni þarf nú að gera stórátak.

Í ritinu, „Úr þjóðarbúskapnum", sem Framkvæmdabanki Íslands gefur út, sést, að á árinu 1962 var meðalstærð þeirra íbúða, sem byggðar voru í Reykjavík, 391 rúmmetri.

Samkvæmt byggingarvísitölu Hagstofunnar hefði slík íbúð í febrúarmánuði 1960, um það leyti sem núverandi stjórnarstefna var grundvölluð, kostað 500 þús. kr.

En hvað mundi slík íbúð kosta nú? Samkvæmt sömu heimild mundi jafnstór íbúð í febrúar 1964 hafa kostað 766500 kr.

Þannig sjáum við, að **hækkun** byggingarkostnaðar slíkrar íbúðar af meðalstærð mundi á þessum fjórum árum hafa numið 266500 kr.

Á sama tíma hefur hámark húsnæðislána hjá húsnæðismálastofnun ríkisins hækkað úr 100 þús. í 150 þús. kr., eða aðeins um 50 þús. kr.

Hér hallar illa á húsbyggjendur, og verður þar harðast úti unga fólkið, sem er að stofna heimili.

Húsbyggjandinn stendur nú mun verr að vígi en þótt hann hefði ekkert lán fengið 1958.

Svo er komið, að manni með venjulegar launatekjur eru allar dyr lokaðar í húsnæðismálum.

Af 700 þús. kr. verði íbúðar fást aðeins 150 þús. kr. að láni í smápörtum og smám saman á löngum tíma. Eftir eru 550 þúsundir, sem hvergi fást í nokkurri lánastofnun. Eigin vinna hrekkur skammt til að brúa þetta breiða bil. — Málið er sem sagt óleysanlegt.

Nokkru betur standa þeir að vígi, sem einnig geta fengið lán úr lífeyrissjóðum. En samt leyfir engu af að þeir geti leyst vandann. Þeirra aðstöðu má því með engu móti skerða.

En er þá nokkurt neyðarúrræði að leysa vandann með leiguhúsnæði? kynni einhver að spyrja.

Nei, víst væri það lausn, út af fyrir sig, ef nokkurt leiguhúsnæði væri að fá. En því er ekki að heilsa. Svo lítið er framboðið á leiguhúsnæði, að fæstir geta leyst vanda sinn með því móti.

Flestir eru sammála um, að byggja þurfi hér á landi um 1500 íbúðir á ári.

Segjum nú, að á vegum byggingarsjóðs verkamanna og til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis séu árlega byggðar 150 íbúðir. Segjum enn fremur, að byggingarsjóður sveitanna byggi um 100 íbúðir árlega. Og gerum loks ráð fyrir, að fjársterkir einstaklingar byggi fyrir eigið fé um 100 íbúðir. Er það þó sennilega hærri tala en efni standa til. Eftir eru þá 1150 íbúðir, sem húsnæðismálastofnun ríkisins þyrfti að geta veitt sómasamleg lán til.

Óraunhæft væri að áætla byggingarkostnað meðalíbúðar í landinu lægra en 700 þús. kr. Miðað við það, mundu 1150 íbúðir kosta rúmar 800 millj. kr. Full þörf væri á að geta veitt 75% byggingarlán, en það mundi kosta 600 milljónir. Væri markið hins vegar ekki sett hærra en það, að lánin næmu helmingi byggingarkostnaðar, þyrfti húsnæðismálastofnunin samt að geta veitt 400 millj. kr. samtals í lán á ári.

Fjögur hundruð milljónir króna eru því algert lágmark þess fjár, sem afla þarf, til þess að nokkur veruleg bót verði ráðin á þeim óyfirstíganlegu vandamálum, sem húsbyggjendur eiga nú við að stríða.

Talið er, að eigin tekjur byggingarsjóðs ríkisins séu nú um 53 millj. kr. á ári.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að eigin tekjur byggingarsjóðs ríkisins verði margfaldaðar.

Þar er í fyrsta lagi lagt til, að innheimt verði í byggingarsjóð árlegt óendurkræft gjald, er leggist á atvinnurekendur og nemi 1% af öllum greiddum vinnulaunum. Mætti ætla, að þetta gæfi um 70—80 millj. kr.

Í annan stað er lagt til, að byggingarsjóður ríkisins fái árlegt óendurkræft framlag úr ríkissjóði, er nemi 3% af heildartekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi næsta árs á undan. Sá tekjustofn gæti numið um 70 millj. kr., en færi, ef að líkum lætur, hækkandi ár frá ári.

Í þriðja lagi er lagt til í þessu frumvarpi, að byggingarsjóður ríkisins fái árlegt óendurkræft gjald, er nemi 1% af fasteignamatsverði allra húsa og lóða, annarra en þeirra, sem undanþegin eru fasteignagjaldi til bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt lögum. Er ekki ólíklegt, að þessi tekjustofn gefi um 30—40 millj. kr.

Í fjórða lagi er svo lagt til í frumvarpinu, að byggingarsjóður ríkisins fái árlegt óendurkræft gjald frá bönkum, er nemi 20% af árlegri eignaaukningu þeirra, miðað við næsta reikningsár á undan greiðslu. Mun ekki fjarri lagi, að sá tekjuliður nemi 20 milljónum á ári.

Með þessu móti gæti byggingarsjóður ríkisins haft um það bil 250 millj. kr. eigin tekjur á ári.

Reiknað hefur verið út, að útlánageta slíks sjóðs, miðað við annuitets-lán með 3% vöxtum og lánstíma 35 ár (þ. e. ársgreiðslu 4.65%), yrði sem hér segir frá ári til árs næstu 20 ár:

Ár	Lánageta í millj. kr.
1.	250.0
2.	261.5
3.	273.7
4.	286.5
5.	300.0
6.	314.0
7.	328.5
8.	344.0
9.	359.7
10.	376.7
11.	394.2
12.	412.5
13.	431.7
14.	452.0
15.	473.0
16.	495.0
17.	518.2
18.	542.2
19.	567.5
20.	595.0

Í útreikningi þessum er að sjálfsögðu ekki tekið tillit til hugsanlegra verðbreytinga gjaldmiðils.

Ef byggingarsjóði ríkisins væri tryggt eigið fé samkvæmt framangreindum tillögum, mundi hann, eins og taflan sýnir, fljótlega vaxa að styrkleika, verða óháðari hinum almenna peningamarkaði, ráða að verulegu leyti yfir því, hvaða vaxtakjör væru veitt húsbyggjendum o. s. frv. Þannig yrði aðstaða hans allt önnur en nú, þegar meginfjárráð hans byggjast á lánsfé með háum vöxtum.

Auk þeirra tekna, sem byggingarsjóður ríkisins hefur nú af skyldusparnaði, er lagt til í þessu frumvarpi:

1. Að bönkum og sparisjóðum verði skylt að kaupa skuldabréf byggingarsjóðs ríkisins fyrir 15% af árlegri sparifjáraukningu.
2. Að tryggingafélögum skuli skylt að kaupa skuldabréf byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af árlegri eignaaukningu sinni.
3. Að atvinnuleysistryggingasjóði skuli skylt að kaupa skuldabréf byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af árlegri eignaaukningu.
4. Að öllum lífeyrissjóðum skuli skylt að kaupa skuldabréf byggingarsjóðs ríkisins fyrir upphæð, er nemi ⅔ hlutum þeirrar fjárhæðar, sem þeir árlega verja til lánastarfsemi.

Fengjust þessar tillögur fram, mundi verulega rofa til fyrir unga fólkinu í landinu og öðrum húsbyggjendum.

Myndarleg lausn húsnæðismálanna mundi tvímælalaust hafa verðbólgusefandi áhrif í þjóðfélaginu og jafnvel stuðla nokkuð að lausn hinna viðkvæmu og torleystu kaupgjaldsmála.

Aukning eigin tekna byggingarsjóðs ríkisins á að gera honum það mögulegt að veita lán með lágum vöxtum og til alllangs tíma.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að lán þau, sem veitt eru af eigin fé sjóðsins, verði jafngreiðslulán til 35 ára með 3% vöxtum.

Hins vegar verða þau lán, sem veitt eru af því fé, sem byggingarsjóður fær sjálfur að láni, aðeins til 25 ára og með sömu vöxtum og sjóðurinn greiðir af þeim. — Ber að stefna að því, að sjóðurinn geti byggt meginhluta lánastarfsemi sinnar á eigin fjármagni, enda er slík fjáröflun til byggingarsjóðs ríkisins meginefni þessa frumvarps. Og verður að vænta þess, að Alþingi hafi skilning á, hvílíka grundvallarþýðingu það hefur fyrir lausn húsnæðismálanna til frambúðar.

Nd. 656. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Undirritaður minni hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt, en áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 9. maí 1964.

Gísli Guðmundsson.

Nd. 657. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta, sem komið er frá Ed., á nokkrum fundum og kynnt sér ýmis gögn, sem fyrir liggja varðandi málið.

Jón Jónsson fiskifræðingur mætti á einum fundi nefndarinnar og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna.

Nefndarmennirnir BF, PS, SvJ og JSk leggja til, að frumvarpinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Einn nefndarmanna, GíslG, mun skila séráliti.

Dragnótaveiðar hér við land hafa lengi verið umdeildar, m. a. á Alþingi. Er óþarft að rekja þá sögu, en minna má á, að á tímabilinu frá 1930—1950 höfðu dragnótaveiðar verulega þýðingu fyrir hraðfrystihúsin víða um land, og um skeið byggðu sum þeirra afkomu sína að verulegu leyti á vinnslu flatfisks, sem veiddur var í dragnót. Erlendir menn munu þó jafnan hafa veitt meira af flatfiskinum en Íslendingar, og loks var svo komið, að stofnarnir þoldu ekki álagið. Var þá hafizt handa um friðunaraðgerðir á grundvelli laganna frá 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og heita má, að fiskveiðar í dragnót hafi verið algerlega bannaðar innan landhelginnar frá 1952 til 1960, en síðan hafa verið leyfðar takmarkaðar veiðar með þessari veiðiaðferð á grundvelli l. nr. 40 frá 1960.

Takmarkanirnar á veiðunum eru þessar helztar:

1. Enginn má stunda fiskveiðar í dragnót, nema hann hafi fengið til þess leyfi sjávarútvegsmálaráðherra. Leyfin eru aðeins veitt fyrir eitt ár í senn.

2. Áður en ráðherra veitir slíkt veiðileyfi, skal hann leita tillagna atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands um veiðisvæði, og eru veiðileyfin tímabundin við 15. júní til 31. október eða skemmri tíma.

3. Áður en Fiskifélag Íslands gerir tillögur til ráðherra um opnun veiðisvæða, skal það leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði, og er ráðherra því aðeins heimilt að opna veiðisvæði, eða hluta þess, að álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd.

4. Eigi má veita veiðileyfi fyrir stærri skip en 45 brúttó-rúmlestir, og heimilt er að takmarka skipastærðina við 25 rúmlestir.

Þessi ströngu ákvæði, sem á ýmsan hátt eru flókin og vandasöm í framkvæmd, hafa leitt til þess, að mjög takmörkuð svæði hafa verið opnuð fyrir fiskveiðar í dragnót og þátttaka í veiðunum hefur orðið tiltölulega lítil.

Þannig hafa t. d. mörg beztu flatfiskmiðin við landið verið lokuð, og flatfiskmagnið í dragnótaaflanum orðið tiltölulega lítið af þeirri ástæðu.

Afmörkun svæðanna er einnig á sumum stöðum þannig, að eftirlit landhelgisgæzlunnar með veiðiskipunum er lítt framkvæmanlegt, og væri vissulega ástæða til að endurskoða lögin með það fyrir augum að afnema þessa svæðaskiptingu.

Samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands var fjöldi skipa og skipverja við dragnótaveiðar árið 1962 sem hér segir:

	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.
Fjöldi skipa	113	121	136	131	116
Fjöldi skipverja	547	602	665	640	568

Aflinn 1962 varð þessi eftir tegundum, miðað við óslægðan fisk:

Þorskur, lestir	4 376.2
Ýsa, lestir	9 955.3
Steinbítur, lestir	832.0
Skarkoli, lestir	3 384.9
Þykkvalúra, lestir	872.6
Annar flatfiskur, lestir	190.2
Annar fiskur, lestir	177.1
Samtals lestir	19 788.3

Mestur var dragnótaaflinn 1962 á þessum stöðum:

Reykjavík	5 915.2	lestir
Keflavík	3 931.0	—
Vestmannaeyjar	3 334.5	—
Þorlákshöfn	917.7	—
Hornafjörður	840.9	—
Ólafsvík	794.4	—
Sandgerði	726.8	—
Stokkseyri	564.6	—
Patreksfjörður	456.8	—
Tálknafjörður	353.3	—
Vogar	311.6	—
Bíldudalur	266.0	—
Akranes	234.8	—
Stykkishólmur	234.5	—

Árið 1961 var aflinn í dragnót alls 16 919.8 lestir og árið 1960 9 951.2 lestir, en skýrslur fyrir s. l. ár eru enn þá ekki fullgerðar.

Jón Jónsson, forstöðumaður fiskideildar atvinnudeildar háskólans, hefur í nýútkomnum Ægi ritað skýrslu um „Áhrif dragnótarveiði á ýsu- og þorskstofnana hér við land.“

Þar kemst hann m. a. að þessari niðurstöðu:

„Í stuttu máli má því segja, að hingað til hefur ekkert það komið fram í viðbrögðum þorsk- og ýsustofnanna gagnvart dragnótarveiðinni, er bendir til þess, að þeim sé meiri hætta búin af þessari veiðiaðferð en öðrum veiðum. Við verðum að nýta þessa fiskistofna svo sem þeir framast þola. Við höfum ekki ráð á því að láta fiskinn verða ellidauðan, eða lenda í höndum útlendinga, af því að við tökum hann ekki sjálfir.“

Einnig bendir fiskifræðingurinn á þá staðreynd, að heildarsóknin á fiskistofna okkar á grunnmiðum er í dag á engan hátt sambærileg við það, sem var, áður en landhelgin var færð út og meðan útlendir togarar stunduðu veiðar inn að þrem mílum.

Á fundi þeim, sem Jón Jónsson fiskifræðingur mætti á hjá nefndinni, upplýsti hann, að fiskifræðingar teldu sig hafa sannprófað með tilraunum, að veiðarfæri eins og dragnót og botnvarpa séu ekki skaðlegri fyrir ungfisk en önnur veiðarfæri, ef möskvastærðin í netunum er sú, sem nú er fyrir mælt í reglugerðum, þ. e. a. s. 110 mm, ef um gerviefni er að ræða, en slík efni eru eingöngu notuð í dragnót. Áður var möskvastærðin 50—60 mm.

Eftirlit með því, að gildandi fyrirmælum um möskvastærð sé framfylgt, er í höndum landhelgisgæzlunnar og annarra þeirra, sem löggæzlu annast, og er mjög áríðandi, að fyrirmælum þessum sé framfylgt og komið sé í veg fyrir, að menn sniðgangi fyrirmælin um möskvastærðina.

Af hálfu þeirra aðila, sem mest eru á móti dragnótinni, er stundum talað og ritað eins og þetta veiðarfæri sé hættulegra fiskistofnunum en önnur veiðarfæri, og ekki séu aðrar ástæður fyrir fiskileysi en misnotkun dragnótarinnar.

Slík röksemdafærsla er auðvitað fjarri lagi. Aðrar veiðiaðferðir geta einnig verið skaðlegar fiskistofnunum, sé þeim beitt í óhófi, og enn fremur eru það önnur öfl en fiskveiðarnar, sem valda því, að veiðimagn er breytilegt.

Þannig verður dragnótinni t. d. með engu móti kennt um aflaleysi það, sem undanfarið hefur verið fyrir öllu Norðurlandi, því að dragnótaveiði hefur hvergi verið leyfð þar.

Í grein Jóns Jónssonar fiskifræðings í tímaritinu Ægi, sem áður var vitnað til, eru m. a. athyglisverðar upplýsingar um tilraunaveiði á ýsu í Garðsjó á árunum 1954—1963. Sýna þær upplýsingar glögglega (mynd 5 með greininni), að verulegar sveiflur eiga sér stað á ýsumagninu frá ári til árs, áður en dragnótaveiði var leyfð á ný árið 1960. Einnig koma þarna fram áhrif dragnótaveiðinnar, en þau telur fiskifræðingurinn ekki það mikil, að ýsustofninum sé nein hætta búin af þeim sökum. Hann bendir enn fremur á, að sveiflur eiga sér stað á ýsu- og þorskveiðinni á stöðum, þar sem dragnótaveiði er bönnuð, og telur, að þar séu að verki kraftar, sem við ráðum ekki við.

Allt þetta teljum við benda til þess, að ekki sé hættulegra að leyfa dragnótaveiði en ýmsar aðrar veiðiaðferðir. Landsmenn eiga mikið af fiskibátum 15—45 rúmlesta, sem nú orðið verða ekki mikið notaðir til annars, ef þeim verður meinað að stunda dragnótaveiðar. Þetta frv. fjallar að vísu eingöngu um það að banna dragnótina í Faxaflóa, en við erum þeirrar skoðunar, að tímabærara væri að veita leyfi fyrir dragnótaveiði víðar en nú er gert, og erum því frumvarpinu andvígir.

Dragnótaveiði sú, sem leyfð er í Faxaflóa, er mjög takmörkuð og er ekki að dómi fiskideildar atvinnudeildar háskólans hættuleg fiskistofnunum þar.

Við viljum treysta því, að fiskifræðingar okkar séu þess umkomnir að gera aðvart í tæka tíð, ef svo kynni að fara, að nauðsynlegt reyndist að banna dragnótaveiði á ný í Faxaflóa eða annars staðar.

Einnig leggjum við áherzlu á, að reglugerðarákvæðum um möskvastærð og annað það, er lýtur að veiðiútbúnaði, sé stranglega framfylgt.

Í framhaldi af því, sem rakið hefur verið hér að framan, leggjum við til, að frumvarpinu verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að dragnótaveiði í Faxaflóa, með þeim takmörkunum, sem nú eru í gildi, er ekki að dómi fiskifræðinga, sem annast vísindalegt eftirlit með veiðinni, talin vera hættuleg fiskistofnum, telur deildin ekki ástæðu til að samþykkja algert bann við fiskveiði með dragnót í Faxaflóa fremur en annars staðar þar, sem dragnótaveiði er nú leyfð, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. maí 1964.

Birgir Finnsson, form., frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr. Sverrir Júlíusson.
Jón Skaftason, með fyrirvara.

Nd. 658. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga og Barnavinafélaginu Sumargjöf.

Svar hefur enn þá ekki borizt frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, en í svarbréfi Sumargjafar, dags. 4. þ. m., segir:

„Því miður höfum við ekki getað athugað frumvarpið nægilega vegna annríkis nú um sumarmálin til þess að gefa fullnægjandi svar um innihald þess, að okkar dómi. En nú höfum við sett þetta í athugun innan stjórnar Sumargjafar, og jafnframt til skólastjóra Fóstruskólans, og vonumst til að geta síðar látið álit okkar í ljós.“

Nefndin telur, að með frumvarpi þessu sé hreyft merku og þörfu máli, en álítur hins vegar, að það þurfi nánari athugunar og undirbúnings við.

Þess vegna leggur nefndin til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 11. maí 1963.

Guðlaugur Gíslason, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Matthías Bjarnason.
Jón Skaftason. Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 659. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Mál þetta er komið frá Ed. Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum, en varð ekki sammála. Nefndarmennirnir BF og PS vilja fella frumvarpið, en þeir SvJ og JSk leggja til, að það verði samþykkt. JSk áskilur sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum við frv. GíslG var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Nefndin hefur fengið umsagnir Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og auk þess kynnt sér umsagnir, er lágu fyrir sjávarútvegsnefnd Ed. og getið er um á þskj. 472.

FFSÍ mælir á móti samþykkt frv., en Samábyrgðin sér ekki ástæðu til að gera athugasemd við frumvarpið.

Þau mótmæli gegn frv., er fyrir liggja, virðast fyrst og fremst beinast gegn því, að hluti varðskipanna og skipverja þeirra verði skertur, þegar um björgun er að ræða.

Að sjálfsögðu er það oft matsatriði, hvort um aðstoð eða björgun er að ræða um skip, sem í háska eru stödd. Í frumvarpi því, er fyrir liggur, er gert ráð fyrir, að ef háski sá, sem fiskiskipið er í, er stórkostlegur, svo sem eldsvoði eða strand, þá megi krefjast björgunarlauna eftir reglum siglingalaganna.

Hér er því um að ræða að stilla í hóf kröfum um aðstoð, er varðskipin veita hluta af íslenzka fiskiskipaflotanum. Reglur þessar eru í gildi gagnvart öllum fiskiskipum undir 100 rúmlestir. Það verður því að telja eðlilegt, að öll íslenzk fiskiskip njóti sama réttar hjá íslenzku landhelgisgæzlunni, þegar þau leita aðstoðar hennar, og ekki sé farið eftir, hvort þau eru undir eða yfir 100 rúmlestir.

Það verður ekki annað séð en í frv. sé séð fyrir, að skipverjum varðskipanna verði greidd sanngjörn þóknun fyrir vinnu við veitta aðstoð, þar eð ráð er fyrir gert, að meðal annarra geri stéttarfélög bæði yfir- og undirmanna á varðskipunum tillögur um greiðslu fyrir veitta aðstoð, er dómsmálaráðherra ákveður.

Með tilvísun til framanritaðs leggja undirritaðir til, að frumvarpið á þskj. 214 verði samþykkt.

Alþingi, 11. maí 1964.

Sverrir Júlíusson, frsm. Jón Skaftason.

Sþ. 660. Nefndarálit [204. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um félagsheimili og eflingu félagsheimilasjóðs.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur til, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara endurskoðun á gildandi lögum um félagsheimili með það fyrir augum, að félagsheimilasjóður verði efldur og að eðlileg skilyrði heilbrigðs félags- og menningarlífs verði sköpuð í sem flestum byggðarlögum landsins. Jafnframt verði athugaðir möguleikar til að ráða fram úr þeim vandræðum, sem fjárskortur félagsheimilasjóðs hefur valdið einstökum héruðum. Stefnt verði að því í hinni fyrirhuguðu löggjöf um félagsheimili, að forráðamönnum þeirra verði framvegis gert kleift að efla menningarlega fræðslu- og skemmtistarfsemi í ríkara mæli en unnt hefur verið fram að þessu. Endurskoðuninni skal lokið fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis.

Alþingi, 9. maí 1964.

Jón Þorsteinsson, form. Matthías Bjarnason, fundaskr. Gísli Guðmundsson, frsm.

Einar Ágústsson Sverrir Júlíusson. Ragnar Arnalds.

Pétur Sigurðsson.

Ed. 661. Frumvarp til laga [229. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á flugvél, sem aðallega væri notuð á flugleiðum innanlands. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði flugvélar með fylgifé, þó eigi fyrir hærri fjárhæð en 32 millj. kr. Ríkissjóður fái 1. veðrétt í vélinni og fylgifé og að öðru leyti þær tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Flugfélag Íslands hefur í hyggju að festa kaup á nýrri flugvél af fullkominni gerð, en hún mun ásamt fylgifé kosta um 40 millj. króna. Er fyrirhugað, að vél þessi verði aðallega notuð á flugleiðum innanlands, en brýna nauðsyn ber nú til, að félagið geti endurnýjað flugvélakost sinn á þessum leiðum. Vél sú, sem félagið hefur augastað á, er mun hagkvæmari í rekstri en hinar eldri vélar, og mun það draga úr tapi því, sem verið hefur á innanlandsflugi félagsins, en ein meginástæða taprekstursins hefur verið sú, hve hlutaðeigandi vélar eru gamlar orðnar og viðhaldsfrekar. Þá verður og um stórbætta þjónustu að ræða við farþega með tilkomu hinnar nýju vélar.

Ríkisstjórnin vill fyrir sitt leyti stuðla að því, að Flugfélag Íslands geti með þeim hætti, sem hér hefur verið lýst, bætt þjónustu sína á flugleiðum innanlands, og fer því með frumvarpi þessu fram á heimild Alþingis til þess að veita umbeðna ríkisábyrgð, en Flugfélagið telur hana forsendu fyrir því, að úr þessum flugvélakaupum geti orðið.

Ed. 662. Lög [128. mál]

um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 645.

Ed. 663. Lög [195. mál]

um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 585.

Ed. 664. Lög [201. mál]

um kísilverksmiðju við Mývatn.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 543.

Nd. **665. Nefndarálit** [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar hefur haft mál þetta, sem komið er frá Ed., til meðferðar og kynnt sér þau gögn, er fyrir lágu í málinu.

Málið var sent til umsagnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, sem sá ekki ástæðu til að gera athugasemd við frv.

Enn fremur var óskað eftir umsögnum þeirra aðila, sem fara með hagsmunamál sjómanna. Þær óskir voru svo síðla fram bornar, að aðeins Farmanna- og fiskimannasamband Íslands svaraði í tíma. Mælti FFSÍ eindregið gegn samþykkt frumvarpsins. Einnig var haft samband við formann Sjómannasambands Íslands, er tjáði undirrituðum, að Sjómannasambandið mundi eindregið leggjast gegn samþykkt frv.

Pétur Sigurðsson forstjóri landhelgisgæzlunnar mætti einnig á fundi nefndarinnar og skýrði fyrir nefndinni ýmis þau atriði, er varða björgunarstarfsemi og aðstoð íslenzku varðskipanna.

Ekkert hefur komið fram í málinu, sem tryggir lægri tryggingariðgjöld fiskiskipa, stærri en 100 rúmlestir, þótt frv. verði samþykkt.

Verði frv. hins vegar samþykkt, er fiskiskipum stærri en 100 rúmlestir veitt mikil sérstaða umfram fiskiskip undir 100 rúmlestum, þar eð frv. gerir ekki ráð fyrir skyldu stærri skipanna til að aðstoða hvert annað, en slík gagnkvæm skylda hvílir á öllum skipum, sem tryggð eru hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Skv. upplýsingum, sem landhelgisgæzlan hefur aflað frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Þýzkalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum, tíðkast það í nágrannalöndum okkar, að um skip í eigu hins opinbera gilda sömu reglur, þegar um björgunarlaun er að ræða, og um öll önnur skip.

Vegna þess, hversu siglingar og fiskveiðar eru alþjóðleg starfsemi, eru alþjóðleg lög og reglur einstakra ríkja, að því er snertir björgunarlaun, mjög samræmd, og eru engin sérstök rök fyrir því, að þessar reglur eigi að vera öðruvísi hér á landi en annars staðar.

Að síðustu vilja undirritaðir nefndarmenn benda á þá þungu áherzlu, sem samtök sjómanna hér á landi leggja á björgunarlaun sem lið í auknu öryggi sjófarenda, eins og gert er um allan heim.

Virðist sízt ástæða fyrir Alþingi Íslendinga að setja lög, er gætu orðið til þess að draga úr öryggi á hafinu, einkum ef hliðsjón er höfð af tíðum skipstöpum síðari ára, legu landsins og erfiðum sjósóknarskilyrðum, sem eru ekki síður erfið og hættuleg þeim, sem við björgunarstörf fást.

Sjávarútvegsnefnd hefur klofnað í málinu. Mæla þeir Sverrir Júlíusson og Jón Skaftason með samþykkt þess, en undirritaðir leggja til, að það verði fellt. GíslG var fjarverandi.

Alþingi, 11. maí 1964.

Birgir Finnsson, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr., frsm.

Fylgiskjal.

ÍSLENZKA LANDHELGISGÆZLAN

Niðurlag bréfs, dags. 8. apríl 1963, til sjútvn. Ed. frá forstjóra Landhelgisgæzlunnar.

Að þessu athuguðu má gera ráð fyrir, að samþykkt frumvarpsins muni hafa eftirfarandi áhrif á rekstur Landhelgisgæzlunnar:

a) Allmiklu minni tekjur fyrir Landhelgissjóð.
b) Nokkru meiri tekjur fyrir aðstoð.
c) Auknar kröfur um sérstök björgunarskip á ákveðnum svæðum.
d) Nokkra tekjurýrnun fyrir áhafnir varðskipanna, er geti orsakað kröfur um hærra kaup.

Flest bendir því til þess, að það sé fjárhagslega heppilegast fyrir Landhelgisgæzluna, að ríkið taki ekki á sig auknar skuldbindingar í þessum efnum. Að mínum dómi mundi það jafnvel verða til stórra bóta, að frekar yrði dregið úr þeim. Það mundi gefa innlendum björgunarfélögum möguleika til þess að þróast hér á eðlilegan hátt eins og annars staðar í frjálsum löndum. Almenn varðskip geta og eiga eðlilega að veita alla þá aðstoð við íslenzka fiskiflotann, sem þau mega, en hins vegar tel ég rétt, að hún sé veitt með sömu kjörum og aðrir gætu eða vildu framkvæma hana, en ekki á óeðlilegu undirverði.

Pétur Sigurðsson.

Sþ. 666. Nefndarálit [76. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um lánveitingar til íbúðabygginga.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Meiri hl. leggur til, að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en við undirritaðir mælum með því, að hún verði **samþykkt óbreytt.**

Með tillögu þessari er gert ráð fyrir, að Alþingi kjósi 5 manna nefnd til að endurskoða öll gildandi lög um lánveitingar til íbúðabygginga í landinu og geri tillögur til nýrrar löggjafar í þessum efnum, er hafi m. a. það markmið: **að** lánað verði til hóflegra íbúða sem svarar ⅔ af byggingarkostnaði, **að** jafna aðstöðu manna til lánsfjár, **að** greiða fyrir þeim, sem ætla að endurbæta íbúðir eða kaupa íbúðir til eigin nota, **að** lækka byggingarkostnað.

Flestum mun bera saman um, að skipulagi húsbygginga sé mjög ábótavant í ýmsum greinum. Stöndum við þar að baki flestum eða öllum sambærilegum menningarþjóðum, og það m. a. eftirtektarvert, að nýting þess fjármagns, sem árlega er lagt í íbúðabyggingar, er stórum lakari hér en í öðrum löndum, sem að langmestu stafar af skipulagsleysi í lánastarfsemi og byggingarháttum. Veldur það margs konar vandkvæðum, en umfram allt sóun verðmæta, sem er því tilfinnanlegri, bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélagið í heild, sem þörf Íslendinga fyrir íbúðabyggingastarfsemi er gífurlega mikil. Kemur það m. a. af því, að þjóðinni fjölgar ört og húsakostur frá fyrri tímum lítill og yfirleitt lélegur. Í opinberum skýrslum og álitsgerðum hefur verið gert ráð fyrir, að nauðsynlegt sé að byggja 1500 íbúðir á ári næstu ár til þess að fullnægja með sæmilegum hætti þörfum þjóðarinnar á þessu sviði.

Hér er um mikilsverða staðreynd að ræða, sem ríkisvaldið verður að gefa náinn gaum að. Húsnæði er slík frumþörf hverrar fjölskyldu, að á því veltur meira en flestu öðru efnaleg afkoma og lífshamingja fólksins. Þó að atvinnuskilyrðum sé fullnægt, tryggingum og heilbrigðisþjónustu, menntamálum og öðrum menningarmálum sé sæmilega fyrir komið, þá er almenn afkoma í landinu léleg í raun og veru, ef húsnæðisskortur ríkir eða húsaleiga er svo há, að almenningur getur ekki risið undir sómasamlegu húsnæði.

Það er einnig kunnara en frá þurfi að segja, að bygging íbúðar er svo fjárfrekt fyrirtæki, að óhugsandi er, að einstaklingar geti yfirleitt komið sér upp húsnæði af eigin fé. Þjóðfélagið verður, ef vel á að vera, að leggja til meginhluta

þess fjár, sem þarf til íbúðabygginga, með hagstæðum lánum, sem dreifist á langt árabil, þannig að lánabyrðin leggist ekki með ofurþunga á efnahag alþýðu manna, sem yfirleitt má gera ráð fyrir að hafi aðeins venjulegar launatekjur sér til framfæris.

Að réttu ber að miða stefnuna í húsnæðismálunum við þetta. Við undirritaðir teljum hins vegar, að ástand húsnæðismálanna, einkum lánakerfið, sé þveröfugt við það, sem ætti að vera. Segja má, að „hið almenna veðlánakerfi“ sé óstarfhæft langtímum saman og alls óvíst, að húsbyggjendur geti treyst því að fá þar þau lán, sem heimilt er að veita, enda algengast, að umsækjendur verði að bíða árum saman eftir fullu láni. Er þó sannast sagna, að „fullt lán“ frá húsnæðismálastjórn er mjög lágt í hlutfalli við byggingarkostnað. Ber að sjálfsögðu brýna nauðsyn til þess að hækka nú þegar lánsheimildina og færa hana til samræmis við hækkun byggingarkostnaðar. En umfram allt er nauðsynlegt, eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir, að taka upp nýtt skipulag byggingarmála og lánastarfsemi, þar sem miðað verði við það, að byggðar séu hóflegar íbúðir með hagkvæmum vinnuaðferðum og að lánað verði til slíkra íbúða til langs tíma og með hagstæðum vöxtum sem svarar a. m. k. ⅔ byggingarkostnaðar. Þetta á að vera hægt, ef skipulega er að unnið og hið opinbera fæst til að leggja nýskipan lánakerfisins það lið, sem nauðsynlegt er.

Þegar um þetta er rætt, er svarið oft á þá leið, að það vanti fjármagn til íbúðalánastarfseminnar, vandinn sé að útvega fjármagnið. Þetta er þó ekki rétt nema að vissu marki. Íslendingar eyða tiltölulega miklu fjármagni í húsbyggingar, en leið þessa fjármagns er ærið krókótt. Það er því ekki fjármagnsskortur út af fyrir sig né efnaleysi þjóðarheildarinnar, sem er orsök getuleysis hins almenna veðlánakerfis hér á landi, heldur er um að kenna óstjórn á fjármagninu. Fjárins er aflað eftir ýmsum krókaleiðum, sem þó eru ekki öllum jafnauðrataðar.

Húsbyggingastarfsemi hér á landi er að verulegu leyti reist á svo veikum fjárhagsgrunni, að hún gæti ekki þrifizt nema í sjúku efnahagskerfi. En á hitt verður að líta, — og er mikilvægt, að ráðamenn þjóðarinnar geri sér þá staðreynd ljósa, — að stjórnleysi húsbyggingamálanna orkar mjög til hins verra að því er tekur til verðbólguþróunarinnar. Er um hin óheillavænlegustu víxláhrif að ræða milli verðbólgu og braskkenndrar íbúðabyggingastarfsemi, sem er m. a. fólgin í voninni um að geta greitt byggingarskuldir með verðminni peningum og okri á íbúðasölu.

Miðað við það, hve íbúðabyggingar hljóta lengstum að vera gildur þáttur í þjóðarbúskap okkar og íbúðakostnaðurinn mikilvægur fyrir afkomu heimilanna, þá skiptir afar miklu máli í sambandi við stöðvun verðbólgu og dýrtíðar að koma eðlilegu skipulagi á lánamál húsbyggjenda. Jafnvel þótt ríkissjóður yrði að leggja allmikið óafturkræft fé til veðlánakerfisins, einkum fyrstu árin, meðan verið er að byggja upp kerfið, þá mundi það fljótlega vinnast upp vegna þeirra stöðvunaráhrifa, sem vænta má í sambandi við verðbólgu- og dýrtíðarvöxtinn.

Að þessu athuguðu og með frekari skírskotun til greinargerðar flutningsmanna leggur minni hlutinn til, að tillagan verði samþykkt. Geir Gunnarsson hefur þó áskilið sér fyrirvara varðandi tölu væntanlegra nefndarmanna og önnur atriði, sem fram kynnu að koma.

Alþingi, 8. maí 1964.

Ingvar Gíslason, frsm.
Halldór E. Sigurðsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.
Geir Gunnarsson, með fyrirvara.

Sþ. 667. Nefndarálit [143. mál]

um till. til þál. um stórvirkjunar- og stóriðjumál.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd er ósammála um afgreiðslu tillögunnar, og leggjum við undirritaðir til, að hún **verði samþykkt.**

Meginatriði tillögunnar er, að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til að kynna sér niðurstöður þeirra rannsókna stórvirkjunarmöguleika, er fram hafa farið á vegum raforkumálastjórnarinnar, og athugana stóriðjunefndar á möguleikum til stóriðju.

Hinn 5. febr. s. l. upplýsti iðnaðarmálaráðherra í fyrirspurnartíma á Alþingi ýmis atriði varðandi undirbúningsathuganir á möguleikum til stórvirkjana og stóriðju hér á landi. Hafa þessar athuganir farið fram á vegum svonefndrar stóriðjunefndar, sem er stjórnskipuð, og raforkumálastjórnarinnar. Athuganir þessar hafa, að því er virðist, aðallega beinzt að: a) stórvirkjun við Búrfell, b) byggingu alúmíníumverksmiðju, c) byggingu olíuhreinsunarstöðvar, allt í meiri eða minni samvinnu við erlenda aðila og erlent áhættufjármagn. M. ö. o.: hér er um algert nýmæli að ræða í íslenzkri framkvæmdasögu og verið að opna erlendum fyrirtækjum leið inn í íslenzkt atvinnulíf.

Þegar um svo afdrifaríkt nýmæli er að ræða, er eðlilegt, að vel og vandlega sé unnið að athugunum og undirbúningi og stefnan tekin í samræmi við það. Væri illa farið, ef rasað væri um ráð fram í svo mikils háttar máli. Ekki ættu að vera á því nein tvímæli, að Alþingi er hinn rétti aðili hvað snertir mótun stefnunnar í þessu máli og nauðsynlegt er, að það hafi hér eftir aðstöðu til þess að fylgjast með málinu á öllum stigum viðræðna og undirbúnings. Það er því rétt leið, sem lagt er til að farin verði samkvæmt ákvæðum þessarar þáltill., að allir flokkar á Alþingi eigi fulltrúa í þingkjörinni nefnd, sem hafi með höndum athugun þessara mála.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að sjónarmiðin í þessum málum eru margs konar og á þeim ýmsar hliðar, sem þurfa gagngerrar athugunar við. Auk þess mundi slík nefndarskipun fremur en flest annað verða til þess að eyða tortryggni, sem eðlilega hlýtur að skapast í kringum svo afdrifaríkt mál, ef það er unnið einhliða af hálfu ríkisstjórnarinnar og nefnda eða einstaklinga, sem hún velur án nokkurs samráðs við Alþingi í heild.

Að þessu athuguðu og með tilvísun til greinargerðar fyrir tillögunni leggjum við til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1964.

Ingvar Gíslason, frsm. Halldór E. Sigurðsson. Geir Gunnarsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Sþ. 668. Nefndarálit [46. mál]

um till. til þál. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin er ósammála um afgreiðslu tillögunnar, og leggjum við undirritaðir til, að hún verði **samþykkt óbreytt.**

Sex ár eru liðin síðan Sveinn Guðmundsson í Héðni, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, flutti tillögu, sem að þessu lýtur, og var hún samþykkt að efni til sem ályktun Alþingis hinn 3. júní 1958. Vinstri stjórnin fór frá völdum í desember sama ár, áður en henni ynnist tími til að koma málinu fram. Síðan hafa núverandi

stjórnarflokkar farið með stjórn landsins, en reynzt ófáanlegir til þess að taka upp þá stefnu, sem mörkuð var með tillögu Sveins Guðmundssonar.

Minni hl. fjárveitinganefndar telur eðlilegt, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarins, ekki sízt ýmissa þeirra iðngreina, sem eiga í erfiðleikum vegna slæmrar samkeppnisaðstöðu við erlendan iðnað, og að sjálfsögðu alls útflutningsiðnaðar.

Mælum við því með samþykkt tillögunnar á þskj. 47.

Alþingi, 8. maí 1964.

Ingvar Gíslason, frsm. Halldór E. Sigurðsson. Geir Gunnarsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 669. Breytingartillaga [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá Gils Guðmundssyni og Alfreð Gíslasyni.

39. töluliður 2. gr. falli niður.

Ed. 670. Frumvarp til laga [36. mál]

um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. maí.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum aðilum en ríkinu. Dómurinn skal einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu, hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu, samkvæmt launakerfi því, er gildir frá 1. júlí 1963.

Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu, skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955 og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar.

3. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stéttarfélags verkfræðinga, sem nú eru háð.

4. gr.

Nú fellir kjaradómur úrskurð samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og skulu þá kjör verkfræðinga samkvæmt gerðardómi, dags. 28. okt. 1963, breytast til samræmis við úrskurð kjaradóms um kjör hliðstæðra ríkisstarfsmanna.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1965. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 46 13. apríl 1963, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Ed. 671. Lög [148. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 643.

Ed. 672. Lög [205. mál]

um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 631.

Ed. 673. Lög [223. mál]

um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 551.

Ed. 674. Lög [224. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 559.

Ed. 675. Lög [220. mál]

um ávöxtun fjár tryggingafélaga.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 611.

Nd. 676. Frumvarp til laga [83. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 11. maí.)

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna komi ný málsgr., þannig:

Nú óskar innlánsstofnun að setja á stofn útibú eða umboðsskrifstofu, og skal hún þá sækja um leyfi til þess til Seðlabankans. Leggur hann leyfisumsókn ásamt

áliti sínu fyrir ráðherra þann, sem fer með mál viðkomandi stofnunar, og tekur þá ráðherra ákvörðun um, hvort leyfi skuli veitt.

2. gr.

Í stað 2. til 4. málsgreinar 11. greinar laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, komi eftirfarandi málsgreinar:

Enn fremur skulu innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein, eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum, svo sem fyrir er mælt í 3. til 5. málsgrein þessarar greinar. Megintilgangur innlánsbindingar er að afla fjár frá bankakerfinu í heild til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þar á meðal endurkaupum afurðavíxla.

Seðlabankinn getur ákveðið, að fyrrgreindar innlánsstofnanir skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð, er nemi tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubindingin má hæst nema 25% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem um ræðir í 3. málsgrein.

Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd innlánsbindingar samkvæmt 3. og 4. málsgr., en bindiskyldan skal vera sú sama fyrir allar stofnanir.

3. gr.

Eftirfarandi viðbótarákvæði komi við 2. málsgrein 15. gr. sömu laga:

Seðlabankanum er heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og/eða vextir sé bundið gengi erlends gjaldeyris. Skulu slík verðbréf og vextir af þeim undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 70 1962.

4. gr.

Aftan við 16. gr. laganna bætist:

Er honum heimilt í því sambandi að taka að sér innheimtu ávísana, sem innlánsstofnanir hafa keypt og ónóg innstæða er fyrir, og áskilja innheimtugjald frá útgefanda, samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 677. Lög [217. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 484.

Nd. 678. Lög [229. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 661.

Nd. 679. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

Frá Einari Ágústssyni.

1. Við 1. gr. 2. málsliður 1. málsgreinar falli niður.
2. Við 2. gr. Síðari málsgreinin falli niður.

Sþ. 680. Nefndarálit [37. mál]

um till. til þál. um heyverkunarmál.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls.

Undirritaður minni hluti lítur svo á, að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða.

Heyverkunin er enn einn veikasti hlekkurinn í landbúnaðarframleiðslunni. Ræktun og tilbúinn áburður tryggir grasvöxtinn. Vélakosturinn gerir mögulegt að losa og flytja í geymslur mikið magn fóðurs á skömmum tíma. Hins vegar skortir mjög á það, að aðstaða sé fyrir hendi til þess að verka töðuna á öruggan hátt í erfiðu árferði.

Úrbætur í þessum efnum hafa gengið hægar en skyldi. Ýmis atriði hafa ekki heldur verið könnuð til neinnar hlítar.

Við leggjum því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1964.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason.

Nd. 681. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá Einari Ágústssyni.

Við 1. gr. Greinin falli niður.

Nd. 682. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 2. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Í stað 2. og 3. málsgreinar o. s. frv.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Heildarupphæð bundna fjárins skal þó ekki fara fram úr 1000 milljónum króna.

Sþ. **683. Tillaga til þingsályktunar** [230. mál]

um sjónvarpsmál.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að stöðva fyrst um sinn, á meðan unnið er að álitsgerð og áætlun samkv. 2. og 3. tölul., sölu sjónvarpsviðtækja í landinu.
2. Að láta, í samráði við fræðslumálastjórnina, samtök kennara og sálfræðinga, Háskóla Íslands, þjóðkirkjuna og Bandalag íslenzkra listamanna, semja og birta opinberlega álitsgerð um menningarleg áhrif sjónvarps, með hliðsjón af reynslu annarra þjóða.
3. Að láta endurskoða framkvæmdaáætlun útvarpsráðs um sjónvarpskerfi, sem allir landsmenn geti haft afnot af á heimilum sínum, þ. á m. um stofn- og rekstrarkostnað sjónvarpsstöðva, eða sjónvarpsstöðvar, og sjónvarpsnotenda.

Greinargerð.

Vegna stækkunar hinnar útlendu sjónvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli hefur sjónvarpstækjum við sunnanverðan Faxaflóa fjölgað mjög í seinni tíð, enda hefur engin hindrun verið á sölu þessara tækja og þau meira að segja verið seld á vegum ríkisins. Hér er lagt til, að þessi sala sjónvarpstækja verði stöðvuð. Sú stöðvun er á valdi ríkisstjórnarinnar, þar sem sjónvarpstæki teljast einkasöluvara. Mundi sjónvarpseigendum þá ekki fjölga í bili umfram það, sem nú er.

Ýmsir hafa nú áhuga á því að koma upp íslenzku sjónvarpi, — og sumir vilja, að því verði hraðað sem allra mest. Þeir álíta, að stofnun íslenzks sjónvarps mundi draga úr notkun útlenda sjónvarpsins og vera tákn íslenzks sjálfstæðis á því sviði. Sú skoðun er þó einnig uppi, að sjónvarp, hvort sem það er rekið af innlendri eða útlendri stofnun, sé vafasamur menningarauki og að íslenzkt sjónvarp verði svo dýrt, bæði fyrir notendur og hið opinbera, að önnur aðkallandi verkefni eigi að sitja fyrir. Gert er ráð fyrir, að íslenzkt sjónvarp, þótt komið yrði á fót, yrði fyrst um sinn aðeins fyrir takmarkaðan hluta af landsbyggðinni og mundi þá enn auka aðstöðumun, sem þegar er of mikill. Þá er því nú haldið fram af fróðum mönnum, að ný sjónvarpstækni muni innan skamms gerbreyta viðhorfi á þessu sviði og ekki sé ástæða til að leggja fram stórfé úr vasa almennings og hins opinbera til þess að eignast sjónvarpskerfi, sem fljótlega yrði úrelt.

Æskilegt er, að fengnir verði hinir færustu menn á sviði menningarmála til að gera álitsgerð um þetta efni. Jafnframt þarf þjóðin að fá sem allra áreiðanlegastar upplýsingar um tæknilega möguleika til sjónvarps, er allir landsmenn geti fengið afnot af samtímis, og stofnkostnað og rekstrarkostnað í sambandi við væntanlegt sjónvarp. Bráðabirgðaáætlanir um þetta efni hafa nýlega verið birtar, en rétt er að endurskoða þær áætlanir.

Sextíu þjóðkunnir menn hafa nýlega flutt Alþingi erindi um þessi mál. Með hliðsjón af efni þessa ávarps og ýmsu öðru, sem fram hefur komið opinberlega um sjónvarpsmál í seinni tíð, er tillagan flutt.

Um réttmæti ýmissa skoðana, sem getið hefur verið, skal ekki rætt hér. En sjónvarpsmálið er, eins og sakir standa, viðkvæmt ágreiningsmál hér á landi. Virðist nú fara bezt á því að gera þá bráðabirgðaráðstöfun, sem hér er um að ræða, til að hindra frekari útbreiðslu útlenda sjónvarpsins, en gefa þjóðinni jafnframt með því ráðrúm til að kynna þau sjónarmið og ræða, sem fram hafa komið í sjónvarpsmálum almennt. Til þess þarf tíma, en almenningur í byggðum landsins, sem hefur reynslu í því að bíða eftir nauðsynlegum framkvæmdum, mun ekki telja þeim tíma illa varið.

Út af fyrir sig verður það að teljast varhugavert að flytja inn í landið, eins og nú á sér stað, þá gerð sjónvarpsviðtækja, sem ætla má, að ekki yrðu nothæf til viðtöku á sjónvarpi íslenzkrar stöðvar, ef til kemur. Talið er að vísu, að hægt sé að breyta tækjunum þannig, að þau verði nothæf fyrir íslenzkt sjónvarp. En einhvern kostnað mundu menn af því hafa auk fyrirhafnar, og er þá a. m. k. hugsanlegt, að ýmsir létu það ógert og héldu sig við útlenda sjónvarpið, ef það verður þá enn til staðar. Einnig af þessari ástæðu fer bezt á því, að sjónvarpsviðtækjum hér á landi fjölgi ekki í bili umfram það, sem orðið er.

Nd. **684. Lög** [36. mál]

um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 670.

Nd. **685. Lög** [83. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 29. marz 1691, um Seðlabanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 676.

Sþ. **686. Þingsályktun** [115. mál]

um almennan lífeyrissjóð.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna til hlítar, hvort ekki sé tímabært að setja löggjöf um almennan lífeyrissjóð, sem allir landsmenn, sem eru ekki nú þegar aðilar að lífeyrissjóðum, geti átt aðgang að.

Sþ. **687. Þingsályktun** [132. mál]

um hægri handar akstur.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 237.

Sþ. **688. Þingsályktun** [137. mál]

um áætlun um þörf atvinnuveganna fyrir tæknimenntað fólk.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma athugun á þörf atvinnuvega landsins fyrir tæknimenntað fólk og áætlun, þar sem m. a. komi fram þessi atriði:

1. Þörf atvinnuvega landsins fyrir raunvísindamenn, verkfræðinga, tæknifræðinga og iðnfræðinga á næstu 10 árum.
2. Áætlað framboð slíkra manna á sama tímabili.

3. Skrá um fjölgun slíkra sérfræðinga hér á landi á síðustu 10 árum og um það, hve margir tæknimenntaðir Íslendingar starfa erlendis.
4. Samanburður við svipaðar áætlanir, sem gerðar hafa verið í nágrannalöndunum. Athugun þessari og áætlun skal lokið svo fljótt sem verða má.

Sþ. 689. Þingsályktun [163. mál]

um, að gerð verði áætlun um stofnkostnað og rekstur fóðuriðnaðarverksmiðja á Norðurlandi.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fá nú þegar sérfróða menn til þess að gera áætlun um kostnað við að koma upp og reka á hentugum stað á Norðausturlandi heymjöls- og/eða heykögglaverksmiðju, sem miðuð sé við það, að hún geti einnig hagnýtt sjófang til vinnslu og fóðurblöndunar.

Jafnframt hafi verksmiðjan það verkefni, ef samrýmanlegt þykir, að vinna vörur til manneldis úr gróðurhúsagrænmeti eða öðrum skjótræktanlegum manneldisjurtum.

Þá verði og á sama hátt gerð áætlun um kostnað við að reisa og reka slíka verksmiðju á Skagaströnd eða öðrum hentugum stað á vestanverðu Norðurlandi.

Sþ. 690. Þingsályktun [164. mál]

um þyrlu í þjónustu landhelgisgæzlunnar, samgöngubóta og sjúkraflugs.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort ekki væri heppilegt, að fest yrðu kaup á þyrlu til aðstoðar landhelgisgæzlunni svo og til farþegaflugs, póstflutnings og sjúkraflugs, einkum með tilliti til Vestfjarða.

Sþ. 691. Þingsályktun [184. mál]

um sjómannatryggingar.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna nefnd, sem athugi til hlítar, hvort ekki sé unnt að breyta núverandi sjómannatryggingum í eina heildartryggingu. Nefndin verði skipuð einum tryggingafræðingi, er ráðherra skipar, einum manni tilnefndum af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, einum manni tilnefndum af Sjómannasambandi Íslands, einum manni tilnefndum af Vinnuveitendasambandi Íslands og einum manni tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands. — Jafnhliða verði athugað, ef slík breyting telst framkvæmanleg, hvort ekki sé grundvöllur fyrir, að heildartryggingin verði boðin út á frjálsum markaði.

Sþ. 692. Þingsályktun [193. mál]

um ráðstafanir til að hraða meðferð dómsmála.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 388.

Sþ. 693. Þingsályktun [188. mál]

um athugun á áfengisvandamálinu.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 372.

Sþ. 694. Þingsályktun [199. mál]

um að varðveita Björnsstein á Rifi.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 418.

Sþ. 695. Þingsályktun [204. mál]

um endurskoðun laga um félagsheimili og um eflingu félagsheimilasjóðs.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara endurskoðun á gildandi lögum um félagsheimili með það fyrir augum, að félagsheimilasjóður verði efldur og að eðlileg skilyrði heilbrigðs félags- og menningarlífs verði sköpuð í sem flestum byggðarlögum landsins. Jafnframt verði athugaðir möguleikar til að ráða fram úr þeim vandræðum, sem fjárskortur félagsheimilasjóðs hefur valdið einstökum héruðum. Stefnt verði að því í hinni fyrirhuguðu löggjöf um félagsheimili, að forráðamönnum þeirra verði framvegis gert kleift að efla menningarlega fræðslu- og skemmtistarfsemi í ríkara mæli en unnt hefur verið fram að þessu. Endurskoðuninni skal lokið fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis.

Sþ. 696. Þingsályktun [208. mál]

um athugun á því að reisa tunnuverksmiðju á Skagaströnd.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, hvort heppilegt sé að reisa tunnuverksmiðju á Skagaströnd til að bæta úr hinu ótrygga atvinnuástandi þar og auka jafnframt á þann hátt tunnusmíði innanlands. Skal athuguninni lokið fyrir næstu áramót.

Sþ. 697. Þingsályktun [222. mál]

um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 524.

Sþ. 698. Þingsályktun [144. mál]

um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 261.

Sþ. 699. Nefndaskipun.

(84. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi.

1. *Fjárveitinganefnd:*
   Jónas G. Rafnar, formaður,
   Halldór Ásgrímsson,[1])
   Guðlaugur Gíslason,
   Jón Árnason,
   Halldór E. Sigurðsson,[2])
   Geir Gunnarsson,
   Gunnar Gíslason,[3])
   Birgir Finnsson, fundaskrifari,[4])
   Ingvar Gíslason.[5])

   Mál, er til nefndarinnar var vísað:

   A. Lagafrumvörp:
   1. Fjárlög 1964 (1, n. 134 (meiri hl.), n. 135 (1. minni hl.), n. 137 (2. minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Jónas G. Rafnar.
      Frsm. 1. minni hl.: Halldór E. Sigurðsson.
      Frsm. 2. minni hl.: Geir Gunnarsson.
   2. Fjáraukalög 1962 (122, n. 142).
      Frsm.: Birgir Finnsson.

   B. Þingsályktunartillögur:
   1. Heyverkunarmál (37, n. 680 (minni hl.)).
      Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
      Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
   2. Ráðstafanir til, að hlunnindajarðir haldist í ábúð (41, n. 421).
      Frsm.: Jón Árnason.
   3. Vesturlandsvegur (35).
      Nefndarálit kom ekki.
   4. Varnir gegn tjóni af völdum Kötluhlaups (62, n. 366).
      Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
   5. Samgöngubætur á Fjallabaksleið (63).
      Nefndarálit kom ekki.
   6. Jarðhitarannsóknir í Borgarfjarðarhéraði (51).
      Nefndarálit kom ekki.
   7. Tvöföld akbraut milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar (54, n. 442).
      Frsm.: Jónas G. Rafnar.
   8. Ferðir með skriðbíl yfir Skeiðarársand (76, n. 544).
      Frsm.: Guðlaugur Gíslason.

---

1) Í fjarveru hans, frá 8. maí til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Vilhjálmur Hjálmarsson.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 6. til 19. apríl, tók sæti hans í nefndinni Gunnar Guðbjartsson.
3) Í fjarveru hans, frá 5. maí til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Hermann Þórarinsson, en Einar Ingimundarson sat fundi nefndarinnar 4. og 5. maí.
4) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 6. til 19. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Unnar Stefánsson.
5) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 26. nóv. til 16. des., tók sæti hans í nefndinni Hjörtur E. Þórarinsson.

Fastanefndir Sþ.: Fjárveitinganefnd.

9. Listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur (49).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Kaup Seðlabankans á víxlum iðnaðarins (47, n. 668 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Ingvar Gíslason.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
11. Iðnrekstur í kauptúnum og kaupstöðum (107, n. 361).
    Frsm.: Gunnar Gíslason.
12. Efling útflutningsiðnaðar (90).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Vegasamband milli Fljótshverfis og Suðursveitar (99).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Atvinnuástand á Norðurlandi vestra (198).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Lánveitingar til íbúðabygginga (83, n. 554 (meiri hl.), n. 666 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Birgir Finnsson.
    Frsm. minni hl.: Ingvar Gíslason.
16. Almennur lífeyrissjóður (201, n. 584).
    Frsm.: Halldór E. Sigurðsson.
17. Fræðslu- og listaverkamiðstöðvar (204).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Verðlaunaveiting fyrir menningarafrek vegna afmælis lýðveldisins (253).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Stórvirkjunar- og stóriðjumál (260, n. 667 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Ingvar Gíslason.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
20. Tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands (261, n. 534).
    Frsm.: Gunnar Gíslason.
21. Landfundir Íslendinga í Vesturheimi (289).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Fóðuriðnaðarverksmiðja á Norðausturlandi (299, n. 553).
    Frsm.: Jónas G. Rafnar.
23. Þyrilvængjur til landhelgisgæzlu o. fl. (300, n. 583).
    Frsm.: Geir Gunnarsson.
24. Vegáætlun 1964 (453, n. 580).
    Frsm.: Jónas G. Rafnar.
25. Aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins (265, n. 574 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jónas G. Rafnar.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
26. Sjómannatryggingar (344, n. 545).
    Frsm.: Jón Árnason.
27. Ráðstafanir gegn tóbaksreykingum (356).
    Nefndarálit kom ekki.
28. Tekjustofnar sveitarfélaga (380).
    Nefndarálit kom ekki.
29. Markaðsrannsóknir í þágu útflutningsatvinnuveganna (415).
    Nefndarálit kom ekki.
30. Björnssteinn á Rifi (418, n. 638).
    Frsm.: Jón Árnason.

Þingsályktunartillaga, er nefndin flutti:

Jarðhitarannsóknir (524).
Frsm.: Jón Árnason.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjarnefnd.

2. *Allsherjarnefnd:*

Pétur Sigurðsson,
Einar Ágústsson,
Matthías Bjarnason, fundaskrifari,[1])
Sverrir Júlíusson,
Gísli Guðmundsson,
Ragnar Arnalds,
Jón Þorsteinsson, formaður.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Viðgerð fiskileitartækja (18, n. 243).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
2. Örorku- og dánarbætur sjómanna (19, n. 314).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
3. Endurskoðun laga um Bjargráðasjóð (24).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Búfjártryggingar o. fl. (29).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Tryggingarsjóður landbúnaðarins (31).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Hefting sandfoks við Þorlákshöfn (67, n. 346).
   Frsm.: Pétur Sigurðsson.
7. Héraðsskólar (45, n. 456 (meiri hl.), n. 477 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Þorsteinsson.
   Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
8. Stofnlánasjóðir sjávarútvegsins (103, n. 364).
   Frsm.: Matthías Bjarnason.
9. Efling skipasmíða (106, n. 348).
   Frsm.: Sverrir Júlíusson.
10. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (70).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Kal í túnum (71, n. 233).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
12. Geðveikralög (46, n. 350).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.
13. Efling byggðar á Reykhólum (86, n. 461).
    Frsm.: Matthías Bjarnason.
14. Afurða- og rekstrarlán fyrir landbúnaðinn (48, n. 459 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
15. Rafvæðingaráætlun (79, n. 527 (minni hl.), n. 619 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
    Frsm. meiri hl.: Jón Þorsteinsson.
16. Æskulýðsmálaráðstefna (50, n. 523).
    Frsm.: Einar Ágústsson.
17. Strandferðir norðanlands (85).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Símagjöld á Suðurnesjum (95).
    Nefndarálit kom ekki.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 30. okt. til 24. nóv., tók sæti hans í nefndinni Ragnar Jónsson.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjarnefnd.

19. Endurskoðun raforkulaga (102).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Byggingasjóður fyrir ríkið (105).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Hámarksvinnutími barna og unglinga (202).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Hægri handar akstur (237, n. 602).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
23. Heildarskipulag Suðurlandsundirlendis (151).
    Nefndarálit kom ekki.
24. Fækkun og stækkun sveitarfélaga (171, n. 565 (meiri hl.), n. 620 minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Gísli Guðmundsson.
    Frsm. minni hl.: Jón Þorsteinsson.
25. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna (199, n. 606 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Pétur Sigurðsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
26. Úthlutun listamannalauna (341, n. 397).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
27. Embætti lögsögumanns (338).
    Nefndarálit kom ekki.
28. Fiskiðnskóli (207, n. 450).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
29. Fjölgun tannlækna (216).
    Nefndarálit kom ekki.
30. Ábyrgðartryggingar atvinnurekenda á starfsfólki þeirra (234).
    Nefndarálit kom ekki.
31. Ferjubryggjur í Norður-Ísafjarðarsýslu (246).
    Nefndarálit kom ekki.
32. Þörf atvinnuveganna fyrir tæknimenntað fólk (245, n. 569).
    Frsm.: Einar Ágústsson.
33. Unglingafræðsla utan kaupstaða (335, n. 504).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
34. Eftirlit með fyrirtækjasamtökum (319).
    Nefndarálit kom ekki.
35. Félagsheimili (434, n. 660).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
36. Efling byggðar í Selvogi (320).
    Nefndarálit kom ekki.
37. Vinnuaðstaða og sumarhvíld barna og unglinga (329).
    Nefndarálit kom ekki.
38. Bankaútibú á Sauðárkróki (304).
    Nefndarálit kom ekki.
39. Tæknistofnun sjávarútvegsins (310).
    Nefndarálit kom ekki.
40. Áfengisvandamálið (372, n. 573).
    Frsm.: Sverrir Júlíusson.
41. Meðferð dómsmála (388, n. 570).
    Frsm.: Einar Ágústsson.
42. Tunnuverksmiðja á Skagaströnd (449, n. 650).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
43. Bindindisfélög unglinga (389).
    Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjar-, utanríkismála-, kjörbréfa- og þingfararkaupsnefndir.

Þingsályktunartillaga, er nefndin flutti:
Tryggingar gegn uppskerubresti og afurðatjóni í landbúnaði (255).
Frsm.: Jón Þorsteinsson.

3. *Utanríkismálanefnd:*
Jóhann Hafstein,
Hermann Jónasson,
Sigurður Bjarnason, formaður,
Davíð Ólafsson,
Þórarinn Þórarinsson,
Einar Olgeirsson,
Emil Jónsson, fundaskrifari.

Varamenn:
Magnús Jónsson,
Ólafur Jóhannesson,
Matthías Á. Mathiesen,
Þorvaldur G. Kristjánsson,
Helgi Bergs,
Gils Guðmundsson,
Gylfi Þ. Gíslason.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:
1. Bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn (128, n. 247).
Frsm.: Sigurður Bjarnason.
2. Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna (127, n. 519).
Frsm.: Sigurður Bjarnason.
3. Vináttuheimsókn fulltrúa Alþingis til Grænlendinga (336).
Nefndarálit kom ekki.

4. *Kjörbréfanefnd:*
Einar Ingimundarson, formaður,
Ólafur Jóhannesson,
Matthías Á. Mathiesen,
Eggert G. Þorsteinsson, fundaskrifari,
Björn Fr. Björnsson.

Nefndin athugaði kjörbréf Sveins Guðmundssonar, 4. (vara)þm. Reykv., Ragnars Jónssonar, 11. landsk. (vara)þm., Axels Jónssonar, 3. (vara)þm. Reykn., Jóns Kjartanssonar, 5. (vara)þm. Norðurl. v., Friðjóns Skarphéðinssonar, 4. landsk. (vara)þm., Hjartar E. Þórarinssonar, 5. (vara)þm. Norðurl. e., Unnars Stefánssonar, 4. landsk. (vara)þm., Katrínar Smára, 6. (vara)þm. Reykv., Kristjáns Jónssonar, 2. (vara)þm. Vestf., Daníels Ágústínussonar, 1. (vara)þm. Vesturl., Óskars Jónssonar, 4. (vara)þm. Sunnl., Kristjáns Thorlacius, 5. (vara)þm. Reykv., Matthíasar Ingibergssonar, 2. (vara)þm. Sunnl., Halldórs Kristjánssonar, 1. (vara)þm. Vestf., Ásgeirs Péturssonar, 2. (vara)þm. Vesturl., Gunnars Guðbjartssonar, 3. (vara)þm. Vesturl., Steinþórs Gestssonar, 5. (vara)þm. Sunnl., Sverris Hermannssonar, 3. (vara)þm. Austf., Valtýs Guðjónssonar, 4. (vara)þm. Reykn., Bergs Sigurbjörnssonar, 3. (vara)þm. Reykv., Péturs Péturssonar, 4. landsk. (vara)þm., Steingríms Pálssonar, 5. (vara)þm. Vestf., Einars Guðfinnssonar, 4. (vara)þm. Vestf., Hermanns Þórarinssonar, 2. (vara)þm. Norðurl. v., og Vilhjálms Hjálmarssonar, 2. (vara)þm. Austf., og lét uppi munnleg álit um þau.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*
Einar Ingimundarson,
Halldór Ásgrímsson,
Jónas Pétursson, fundaskrifari,
Eggert G. Þorsteinsson, formaður,
Halldór E. Sigurðsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhagsnefnd.

B.

Í efri deild:

1. *Fjárhagsnefnd:*
   Ólafur Björnsson, formaður,[1])
   Karl Kristjánsson,
   Magnús Jónsson,[2])
   Jón Þorsteinsson, fundaskrifari,
   Helgi Bergs.

   Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
   1. Bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga (21, n. 44).
      Frsm.: Ólafur Björnsson.
   2. Bústofnslánasjóður (42).
      Nefndarálit kom ekki.
   3. Framleiðnilánadeild (56).
      Nefndarálit kom ekki.
   4. Launamál o. fl. (57, n. 64 (minni hl.), n. 65 (meiri hl.)).
      Frsm. minni hl.: Karl Kristjánsson.
      Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   5. Lífeyrissjóður barnakennara (74, n. 96).
      Frsm.: Ólafur Björnsson.
   6. Stofnlánadeild landbúnaðarins (80).
      Nefndarálit kom ekki.
   7. Ríkisreikningurinn 1962 (121, n. 129).
      Frsm.: Magnús Jónsson.
   8. Afnám laga um verðlagsskrár (194, n. 230).
      Frsm.: Ólafur Björnsson.
   9. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. (217, n. 220 (meiri hl.), n. 222 (minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
      Frsm. minni hl.: Helgi Bergs.
   10. Sparifjársöfnun ungmenna (238).
       Nefndarálit kom ekki.
   11. Tollskrá o. fl. (269, n. 485 (meiri hl.), n. 489 (minni hl.).
       Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
       Frsm. minni hl.: Helgi Bergs.
   12. Aukatekjur ríkissjóðs (270, n. 293).
       Frsm.: Ólafur Björnsson.
   13. Eftirlit með opinberum sjóðum (271, n. 294).
       Frsm.: Ólafur Björnsson.
   14. Þingfararkaup alþingismanna (266, n. 302).
       Frsm.: Ólafur Björnsson.
   15. Laun forseta Íslands (275, n. 303).
       Frsm.: Ólafur Björnsson.
   16. Söluskattur (311).
       Nefndarálit kom ekki.
   17. Tekjuskattur og eignarskattur (452, n. 495 (minni hl.), n. 505 (meiri hl.)).
       Frsm. minni hl.: Helgi Bergs.
       Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 11. til 21. des., tók sæti hans í nefndinni Sveinn Guðmundsson og gegndi jafnframt formannsstörfum sama tíma.

2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 17. til 25. febr., tók sæti hans í nefndinni Þorvaldur G. Kristjánsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

18. Lausaskuldir iðnaðarins (478, n. 502).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
19. Seðlabanki Íslands (91, n. 577 (meiri hl.), n. 591 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
    Frsm. minni hl.: Helgi Bergs.
20. Sóknargjöld (631, n. 649).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:
Lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa (661).
Frsm.: Ólafur Björnsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*
   Bjartmar Guðmundsson,
   Páll Þorsteinsson,
   Jón Árnason, fundaskrifari,
   Jón Þorsteinsson, formaður,
   Ásgeir Bjarnason.[1])

   Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
   1. Vegalög (162 (sbr. 113), n. 166).
      Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
   2. Ferðamál (301, n. 428).
      Frsm.: Jón Þorsteinsson.
   3. Girðingalög (268, n. 455).
      Frsm.: Jón Þorsteinsson.
   4. Loftferðir (467, n. 560).
      Frsm.: Jón Þorsteinsson.
   5. Vegalög (533, n. 581).
      Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
   6. Almannatryggingar (446, n. 582).
      Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
      Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 163 (frsm.: Sigurður Bjarnason).

3. *Landbúnaðarnefnd:*
   Bjartmar Guðmundsson, formaður,
   Ásgeir Bjarnason,
   Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskrifari,[2])
   Jón Þorsteinsson,
   Páll Þorsteinsson.

   Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
   1. Sala Litlagerðis í Grýtubakkahreppi (28, n. 138).
      Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
   2. Eyðing refa og minka (100, n. 248 (meiri hl.), n. 257 (minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Bjartmar Guðmundsson.
      Frsm. minni hl.: Ásgeir Bjarnason.
   3. Stofnlánadeild landbúnaðarins (160).
      Nefndarálit kom ekki.
   4. Samvinnubúskapur (290).
      Nefndarálit kom ekki.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 17. febr. til 8. marz, tók sæti hans í nefndinni Daníel Ágústínusson.

2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 6. til 19. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Steinþór Gestsson.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar-, sjávarútvegs-, iðnaðar- og heilbr.- og félagsmálanefndir.

5. Búfjárrækt (104, n. 540 (meiri hl.), n. 548 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bjartmar Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Ásgeir Bjarnason.
6. Stofnlánadeild landbúnaðarins (339, n. 403 (meiri hl.), n. 409 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bjartmar Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Páll Þorsteinsson.
7. Jarðræktarlög (362, n. 404 (meiri hl.), n. 411 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bjartmar Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Ásgeir Bjarnason.
8. Sala jarðarinnar Áss í Hafnarfirði (396, n. 542).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:
Sala hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi (209).
Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*
   Jón Árnason, formaður,
   Helgi Bergs,
   Þorvaldur G. Kristjánsson,
   Eggert G. Þorsteinsson, fundaskrifari,
   Ólafur Jóhannesson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
1. Mat á matjessíld og skozkverkaðri síld (84).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Siglingalög (68, n. 164).
   Frsm.: Jón Árnason.
3. Varðskip landsins og skipverjar á þeim (214, n. 472).
   Frsm.: Jón Árnason.
4. Dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi (256, n. 430).
   Frsm.: Jón Árnason.

5. *Iðnaðarnefnd:*
   Magnús Jónsson,
   Hermann Jónasson,
   Þorvaldur G. Kristjánsson, fundaskrifari,
   Eggert G. Þorsteinsson, formaður,
   Gils Guðmundsson.

Lagafrumvarp, er til nefndarinnar var vísað:
Kísilgúrverksmiðja við Mývatn (543, n. 627).
Frsm.: Magnús Jónsson.

6. *Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.*
   Auður Auðuns, fundaskrifari,
   Karl Kristjánsson,
   Þorvaldur G. Kristjánsson,[1])
   Jón Þorsteinsson, formaður,
   Ásgeir Bjarnason.[2])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
1. Almannatryggingar (30).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 21. apríl til 4. maí, tók sæti hans í nefndinni Einar Guðfinnsson.

2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 17. febr. til 8. marz, tók sæti hans í nefndinni Daníel Ágústínusson.

Fastanefndir Ed.: Heilbrigðis- og félagsmála- og menntamálanefndir.

2. Lækningaleyfi o. fl. (13, n. 123).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
3. Lóðakaup í Hveragerðishreppi (82, n. 330).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
4. Aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa (59, n. 124).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
5. Hækkun á bótum almannatryggingaana (88, n. 115 (meiri hl.), n. 116 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Auður Auðuns.
   Frsm. minni hl.: Karl Kristjánsson.
6. Hækkun á bótum almannatrygginga (193).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Búfjárhald í Reykjavík (232, n. 431).
   Frsm.: Auður Auðuns.
8. Hækkun á bótum almannatrygginga (195, n. 259).
   Frsm.: Auður Auðuns.
9. Lyfsölulög (197, n. 555).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
10. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra (14, n. 499).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
11. Orlof (326).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Skipulagslög (408 (sbr. 33), n. 561).
    Frsm.: Auður Auðuns.
13. Tekjustofnar sveitarfélaga (451, n. 503 (meiri hl.), n. 520 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Auður Auðuns.
    Frsm. minni hl.: Ásgeir Bjarnason.
14. Lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar (484, n. 556).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
15. Sjúkrahúsalög (531, n. 578).
    Frsm.: Þorvaldur G. Kristjánsson.
16. Ljósmæðraskóli Íslands (400, n. 579).
    Frsm.: Þorvaldur G. Kristjánsson.
17. Húsnæðismálastofnun o. fl. (585, n. 626).
    Frsm.: Þorvaldur G. Kristjánsson.
18. Atvinnuleysistryggingar (559, n. 636).
    Frsm.: Auður Auðuns.
19. Ávöxtun fjár tryggingafélaga (611, n. 654).
    Frsm.: Þorvaldur G. Kristjánsson.
20. Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar (551, n. 644).
    Frsm.: Auður Auðuns.

7. *Menntamálanefnd:*
   Auður Auðuns, formaður,
   Páll Þorsteinsson,
   Ólafur Björnsson, fundaskrifari,
   Jón Þorsteinsson,
   Gils Guðmundsson.

   Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
   1. Náttúruvernd (149, n. 169).
      Frsm.: Jón Þorsteinsson.
   2. Skemmtanaskattur (287, n. 360).
      Frsm.: Auður Auðuns.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd.

8. *Allsherjarnefnd:*
Magnús Jónsson,
Ólafur Jóhannesson,
Ólafur Björnsson, fundaskrifari,
Eggert G. Þorsteinsson, formaður,
Hermann Jónasson.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:
1. Þinglýsingar (2).
Nefndarálit kom ekki.
2. Ættaróðul og erfðaábúð (3).
Nefndarálit kom ekki.
3. Nauðasamningar (4).
Nefndarálit kom ekki.
4. Landskipti (5).
Nefndarálit kom ekki.
5. Kyrrsetning og lögbann (6).
Nefndarálit kom ekki.
6. Lögræði (7).
Nefndarálit kom ekki.
7. Aðför (8).
Nefndarálit kom ekki.
8. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna (9).
Nefndarálit kom ekki.
9. Lögtak og fjárnám (10).
Nefndarálit kom ekki.
10. Landamerki o. fl. (11).
Nefndarálit kom ekki.
11. Bæjanöfn o. fl. (12).
Nefndarálit kom ekki.
12. Innlend endurtrygging o. fl. (39, n. 101).
Frsm.: Eggert G. Þorsteinsson.
13. Landamerki o. fl. (55).
Nefndarálit kom ekki.
14. Fullnusta norrænna refsidóma (98 (sbr. 16), n. 120).
Frsm.: Magnús Jónsson.
15. Stækkun Mosfellshrepps í Kjósarsýslu (342).
Nefndarálit kom ekki.
16. Lausn kjaradeilu verkfræðinga (340, n. 603 (meiri hl.), n. 607 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
Frsm. minni hl.: Ólafur Jóhannesson.
17. Ríkisborgararéttur (391, n. 469).
Frsm.: Eggert G. Þorsteinsson.

B. Þingsályktunartillaga:
Rannsóknarnefnd til rannsóknar á verðbréfa- og víxlakaupum (40, n. 262 (meiri hl.), n. 263 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
Frsm. minni hl.: Ólafur Jóhannesson.

C.

Í neðri deild:

1. *Fjárhagsnefnd:*
   Davíð Ólafsson, formaður,[1])
   Skúli Guðmundsson,[2])
   Matthías Á. Mathiesen,[3])
   Sigurður Ingimundarson, fundaskrifari,[4])
   Einar Ágústsson.

   Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
   1. Jafnvægi í byggð landsins (23, n. 381 (minni hl.), n. 407 (meiri hl.).
      Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
      Frsm. meiri hl.: Davíð Ólafsson.
   2. Seðlabanki Íslands (26, n. 399 (minni hl.), n. 558 (meiri hl.)).
      Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
      Frsm. meiri hl.: Matthías Á. Mathiesen.
   3. Vaxtalækkun o. fl. (25, n. 481 (minni hl.), n. 600 (meiri hl.)).
      Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
      Frsm. meiri hl.: Davíð Ólafsson.
   4. Launamál o. fl. (57, n. 60 (meiri hl.), n. 61 (minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Davíð Ólafsson.
      Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
   5. Bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga (21, n. 77).
      Frsm.: Sigurður Ingimundarson.
   6. Áburðarverksmiðja (43).
      Nefndarálit kom ekki.
   7. Lausaskuldir iðnaðarins (73, n. 401).
      Frsm.: Sigurður Ingimundarson.
   8. Lífeyrissjóður barnakennara (74, n. 189).
      Frsm.: Davíð Ólafsson.
   9. Ríkisreikningurinn 1962 (121, n. 155 (meiri hl.), n. 159 (minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Matthías Á. Mathiesen.
      Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
   10. Seðlabanki Íslands (91, n. 475 (meiri hl.), n. 480 (minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Matthías Á. Mathiesen.
      Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
   11. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. (205, n. 210 (minni hl.), n. 212 (meiri hl.)).
      Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
      Frsm. meiri hl.: Davíð Ólafsson.
   12. Afnám laga um verðlagsskrár (230, n. 298).
      Frsm.: Unnar Stefánsson.
   13. Laun forseta Íslands (275, n. 280).
      Frsm.: Davíð Ólafsson.
   14. Þingfararkaup alþingismanna (266, n. 279).
      Frsm.: Matthías Á. Mathiesen.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 4. maí til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Ragnar Jónsson, en Matthías Á. Mathiesen gegndi formannsstörfum sama tíma.

2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 6. maí til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Jón Kjartansson.

3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 31. okt. til 13. nóv., tók sæti hans í nefndinni Axel Jónsson.

4) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 12. til 26. febr., tók sæti hans í nefndinni Unnar Stefánsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags- og samgöngumálanefndir.

15. Efnahagsmál (223).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Virkjun Svartár í Skagafirði (288).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Aukatekjur ríkissjóðs (270, n. 386).
    Frsm.: Davíð Ólafsson.
18. Eftirlit með opinberum sjóðum (271, n. 374).
    Frsm.: Sigurður Ingimundarson.
19. Sóknargjöld (436, n. 597).
    Frsm.: Ragnar Jónsson.
20. Tollskrá o. fl. (530, n. 557 (meiri hl.), n. 571 (minni hl.).
    Frsm. meiri hl.: Matthías Á. Mathiesen.
    Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
21. Tekjuskattur og eignarskattur (515 (sbr. 452), n. 599 (meiri hl.), n. 616 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Matthías Á. Mathiesen.
    Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*
   Sigurður Bjarnason, formaður.
   Björn Pálsson,[1])
   Jónas Pétursson,[2])
   Benedikt Gröndal, fundaskrifari,
   Sigurvin Einarsson.

   Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
   1. Loftferðir (20, n. 347).
      Frsm.: Sigurður Bjarnason.
   2. Vegalög (69).
      Nefndarálit kom ekki.
   3. Strandferðaskip fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn (72).
      Nefndarálit kom ekki.
   4. Vegalög (113, n. 139).
      Frsm.: Sigurður Bjarnason.
   5. Girðingalög (118, n. 250).
      Frsm.: Benedikt Gröndal.
   6. Jarðgöng gegnum Breiðadalsheiði (240).
      Nefndarálit kom ekki.
   7. Vestfjarðaskip (284).
      Nefndarálit kom ekki.
   8. Ferðaskrifstofa ríkisins (291).
      Nefndarálit kom ekki.
   9. Ferðaskrifstofur (292).
      Nefndarálit kom ekki.
   10. Ferðamál (443 (sbr. 301), n. 476).
       Frsm.: Benedikt Gröndal.

   Lagafrumvörp, er nefndin flutti:
   1. Vegalög (424).
      Frsm.: Sigurður Bjarnason.

---

1) Í fjarveru hans, frá 1. til 18. nóv., tók sæti hans í nefndinni Jón Kjartansson.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 6. til 19. apríl, tók sæti hans í nefndinni Sverrir Hermannsson.

Fastanefndir Nd.: Samgöngumála-, landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

2. Almannatryggingar (446).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
   Um samvinnu við samgmn. Ed. sjá bls. 1386.

3. *Landbúnaðarnefnd:*
   Gunnar Gíslason, formaður,
   Ágúst Þorvaldsson,[1])
   Jónas Pétursson,
   Benedikt Gröndal, fundaskrifari,
   Björn Pálsson.

   Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
   1. Hefting sandfoks (66).
      Nefndarálit kom ekki.
   2. Búfjárrækt (104, n. 254).
      Frsm.: Gunnar Gíslason.
   3. Jarðræktarlög (125).
      Nefndarálit kom ekki.
   4. Sala Litlagerðis í Grýtubakkahreppi (28, n. 264 (meiri hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Jónas Pétursson.
      Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
   5. Stofnlánadeild landbúnaðarins (89).
      Nefndarálit kom ekki.
   6. Búnaðarmálasjóður (208).
      Nefndarálit kom ekki.
   7. Stofnlánadeild landbúnaðarins (235, n. 305 (meiri hl.), n. 306 (minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Jónas Pétursson.
      Frsm. minni hl.: Ágúst Þorvaldsson.
   8. Eyðing refa og minka (278, n. 357).
      Frsm.: Gunnar Gíslason.
   9. Jarðræktarlög (236, n. 308 (meiri hl.), n. 312 (minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Gunnar Gíslason.
      Frsm. minni hl.: Ágúst Þorvaldsson.
   10. Sala hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi (209, n. 390).
       Frsm.: Jónas Pétursson.
   11. Sala jarðarinnar Áss í Hafnarfirði (396, n. 457).
       Frsm.: Gunnar Gíslason.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*
   Sverrir Júlíusson,
   Gísli Guðmundsson,
   Pétur Sigurðsson, fundaskrifari,
   Birgir Finnsson, formaður,
   Jón Skaftason.

   Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
   1. Atvinna við siglingar (352).
      Nefndarálit kom ekki.
   2. Stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum (454).
      Nefndarálit kom ekki.
   3. Dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi (256, n. 656 (minni hl.), n. 657 (meiri hl.)).
      Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
      Frsm. meiri hl.: Birgir Finnsson.

1) Í fjarveru hans, frá 2. til 17. marz, tók sæti hans í nefndinni Matthías Ingibergsson.

Fastanefndir Nd.: Sjávarútvegs-, iðnaðar- og heilbrigðis- og félagsmálanefndir.

4. Varðskip landsins (214, n. 659 (1. minni hl.), n. 665 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Sverrir Júlíusson.
   Frsm. 2. minni hl.: Pétur Sigurðsson.
5. Hafnargerðir (479).
   Nefndarálit kom ekki.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:
Siglingalög (68).
Frsm.: Birgir Finnsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*
   Jónas G. Rafnar, formaður,
   Þórarinn Þórarinsson,
   Sigurður Ágústsson,
   Sigurður Ingimundarson, fundaskrifari,
   Gísli Guðmundsson.

Lagafrumvarp, er til nefndarinnar var vísað:
Kísilgúrverksmiðja við Mývatn (425, n. 513).
Frsm.: Jónas G. Rafnar.

6. *Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:*
   Matthías Bjarnason,[1])
   Jón Skaftason,[2])
   Guðlaugur Gíslason, formaður,
   Birgir Finnsson, fundaskrifari,[3])
   Ágúst Þorvaldsson.[4])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
1. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra (14, n. 130).
   Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
2. Skipulagslög (33, n. 382).
   Frsm.: Birgir Finnsson.
3. Aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa (59, n. 75).
   Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
4. Aðstoð til vatnsveitna (52, n. 624).
   Frsm.: Matthías Bjarnason.
5. Hækkun á bótum almannatryggingana (88, n. 109).
   Frsm.: Birgir Finnsson.
6. Bygging leiguhúsnæðis (78).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Hækkun á bótum almannatrygginga (195, n. 225).
   Frsm.: Birgir Finnsson.
8. Lyfsölulög (197, n. 226).
   Frsm.: Matthías Bjarnason.
9. Lækningaleyfi o. fl. (13, n. 224).
   Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
10. Sjúkrahúsalög (196, n. 493).
    Frsm.: Matthías Bjarnason.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 30. okt. til 24. nóv., tók sæti hans í nefndinni Ragnar Jónsson.

2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 6. til 19. apríl, tók sæti hans í nefndinni Valtýr Guðjónsson.

3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 6. til 19. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Unnar Stefánsson.

4) Í fjarveru hans, frá 2. til 17. marz, tók sæti hans í nefndinni Matthías Ingibergsson.

Fastanefndir Nd.: Heilbrigðis- og félagsmála- og menntamálanefndir.

11. Barnaheimili og fóstruskólar (215, n. 658).
    Frsm.: Birgir Finnsson.
12. Húsnæðismálastofnun o. fl. (393, n. 508).
    Frsm.: Birgir Finnsson.
13. Ljósmæðraskóli Íslands (400, n. 511).
    Frsm.: Ágúst Þorvaldsson.
14. Landsspítali Íslands (385).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Vinnuvernd o. fl. (427).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Búfjárhald í Reykjavík (468, n. 604 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jón Skaftason.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
17. Ávöxtun fjár tryggingafélaga (517, n. 595).
    Frsm.: Birgir Finnsson.
18. Tekjustofnar sveitarfélaga (547, n. 608).
    Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
19. Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar (551, n. 618).
    Frsm.: Jón Skaftason.
20. Lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar (484, n. 623).
    Frsm.: Guðlaugur Gíslason.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Atvinnuleysistryggingar (559).
Frsm. var ekki kosinn.

7. *Menntamálanefnd:*
   Einar Ingimundarson,
   Sigurvin Einarsson,
   Gunnar Gíslason, fundaskrifari,
   Benedikt Gröndal, formaður,
   Björn Fr. Björnsson.[1])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Náttúruvernd (149, n. 161).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
2. Menntaskólar (147, n. 367 (meiri hl.), n. 426 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Benedikt Gröndal.
   Frsm. minni hl.: Óskar Jónsson.
3. Menntaskóli Vestfirðinga (252, n. 368 (meiri hl.), n. 419 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Benedikt Gröndal.
   Frsm. minni hl.: Sigurvin Einarsson.
4. Menntaskóli Austurlands (317, n. 369 (meiri hl.), n. 420 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Benedikt Gröndal.
   Frsm. minni hl.: Sigurvin Einarsson.
5. Skemmtanaskattur (287, n. 440).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
6. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna (383).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Náttúrurannsóknir (458).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Í fjarveru hans, frá 24. febr. til 11. marz, tók sæti hans í nefndinni Óskar Jónsson.

8. *Allsherjarnefnd:*
Einar Ingimundarson, formaður,
Björn Fr. Björnsson,[1])
Matthías Bjarnason,[2])
Sigurður Ingimundarson, fundaskrifari,[3])
Skúli Guðmundsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Ríkisborgararéttur (15, n. 353).
   Frsm.: Einar Ingimundarson.
2. Fullnusta norrænna refsidóma (16, n. 87).
   Frsm.: Einar Ingimundarson.
3. Áfengislög (17, n. 282 (meiri hl.), n. 286 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Einar Ingimundarson.
   Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
4. Áfengisvarnasjóður (32).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Lausn kjaradeilu verkfræðinga (36, n. 325 (meiri hl.), n. 331 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Einar Ingimundarson.
   Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
6. Bann gegn botnvörpuveiðum (92).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Innlend endurtrygging o. fl. (108, n. 281).
   Frsm.: Matthías Bjarnason.
8. Lögtak (203).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Skipströnd og vogrek (273).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Skipulag miðbæjarins í Reykjavík (277).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Lóðakaup í Hveragerðishreppi (345, n. 398).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
12. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands (276).
    Nefndarálit kom ekki.

D.

Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.*

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er prentuð var og útbýtt meðal þingmanna.

---

1) Í fjarveru hans, frá 24. febr. til 11. marz, tók sæti hans í nefndinni Óskar Jónsson.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 30. okt. til 24. nóv., tók sæti hans í nefndinni Ragnar Jónsson.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 12. til 22. febr., tók sæti hans í nefndinni Unnar Stefánsson.

Sþ. **700. Erindaskrá.**

— *Raðað eftir stafrófsröð.* —

Aðflutningsbann á áfengi. Ingimundur Stefánsson umdæmistemplar sendir ályktun haustþings Umdæmisstúkunnar nr. 6 frá 27. okt., þar sem skorað er á Alþingi að setja löggjöf um aðflutningsbann á áfengi. — Símskeyti 29. okt. (Db. 242).

Aðflutningsgjöld af jarðskjálftamælingatækjum, sjá Eftirgjöf.

Aðflutningsgjöld af norðurljósamyndavélum. Menntmrn. sendir og mælir með erindi Þorsteins Sæmundssonar, þar sem farið er fram á, að á fjárl. 1964 verði veittar 100 þús. kr. til greiðslu á innflutningstollum af norðurljósamyndavélum, sem notaðar verða við rannsóknir á svonefndu sólkyrrðarári. — Bréf 16. des. (Db. 667).

Aðflutningsgjöld af sjúkrabifreið fyrir Djúpavog, sjá Eftirgjöf.

